Bækur.is
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Titill
Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenzkum málum.

Bindi
4.bindi (1890-1894)

Ár
1886

https://baekur.is/bok/001194492/4/Landsyfirrettardomar_og_Bindi_4
22.02.2019 19:11

EX-LIBRIS

Landsyfirrjettardómar

og

hæstarjettardómar

í íslenzkum málum.

IV. bindi.

Frá 1890—1894.

Reykjavík.
Ísafoldarprentsmiðja
1895.

Registur

við

dómasöfnin 1890—1894.

Nafnaskrá.

A. Einkamál.

Bls.

Abúandi Stóru-Hámundarstaða 146
Ábyrgðarfjelag, hið eyfirzka 205
A. F. van Amstell 381
A. Jörgensen 186
Alex. Mc. Glashan & Son 17
Andersen, H. 553
Andreas Jespersen 55
Anna Björnsdóttir 336
Anna Þorsteinsdóttir 474
Anton Sigurðsson 203
Árni Eyþórsson 338
Árni Gíslason 404
Árni Jónsson, læknir 241
Árni Jónsson, prestur 611

Bls.
Árni Pjetursson 125
Arnljótur Ólafsson 515

Baldwinsson, B. L. 409
Benedikt Eyjólfsson, prestur 575
Benedikt Kristjánsson í Reykjavík 111, 315
Benedikt Kristjánsson á Grenjaðarstað 623
Beneficiarius Helgafellsstaðar 128
Beneficiarius Presthólastaðar 120
Biflíufjelagið íslenzka 590
Bjarnanesskirkja 193, 239
Bjarnason, Br. H. 3
Bjarnason, Jóhanna Kr. 17
Bjarnason, Lárus 193, 239, 260
Bjarni Arngrímsson 69
Bjarni Eyjólfsson 556, 612, 633
Bjarni Siggeirsson 143
Björn Bjarnarson 595, 598
Björn Bjarnarson sýslum. 599, 608
Björn Hermannsson 496
Björn Jónsson 74, 75, 229, 466
Björn Þorláksson 496, 534, 558, 569
B. L. Baldwinsson 409
B. Muus & Co 149, 201, 272, 461
Bóksalafjelagið í Reykjavík 600
Breiðfjörð, Jón J. 354
Breiðfjörð, W. Ó. 199, 234, 338
Br. H. Bjarnason 3
Búnaðarskólinn á Hólum 626
Bæjarstjórn Reykjavíkur 89, 92, 114, 156, 159, 172, 207, 346, 349

Bls.
Chr. Duus 165, 194
Christen Havsteen 144
Christjane Thomsen 63
Claessen, Valgard 521

Dánarbú Engilmaríu Auðunsdóttur 63
Dánarbú Ingibjargar Þórarinsdóttur 556
Dánarbú Kristins Ólafssonar 585
Dánarbú Magnúsar Jónssonar 585
Dánarbú P. F. Eggerz 523, 594
Dánarbú Þorsteins Jónssonar 365
Dómkirkjan í Reykjavík 111
Duus, Chr. 165, 194

Eggert Laxdal 125
Egill Egilsson 58, 234, 284, 333, 338, 354, 409, 411, 466, 639
Eigendur Geirastaða 611
Eigendur Gullberastaða 539
Eigendur Hofs í Öræfum 456
Eigendur Mýlaugsstaða 623
Eigendur Skarða 27
Eigendur Víðivalla ytri og Klúku 33
Einar Jónsson, Eyrarbakka 104
Einar Jónsson, Garðhúsum 324
Einar Magnússon 192, 635
Einar Thorlacíus 295, 528, 578
Eiríkur Jóhannsson 566
Eiríkur Ketilsson 324
Eiríkur Magnússon 229, 466
Elías B. Muus 201
Eller & Co 617

Bls.
Endresen, O. S. 260
Engilmaría Auðunsdóttir 63
Erfingjar Jóns Snorrasonar 80
Erlendur Árnason 295, 578
Erlendur Guðmundsson 222, 336
Ernst. H. J. 142, 143, 186
E. Th. Jónassen 169
Eyjólfur Eyjólfsson 556, 612, 633
Eyjólfur Jónsson 236, 556, 612, 633
Eyjólfur Símonarson 336

F. A. Löve 58
Filippus Filippusson 48
Filippus Þorsteinsson 48
Fischers verzlun í Reykjavík 152
Fjárhaldsmaður barna Páls Eggerz 594
Fjöreigendur í Hvamms- og Dyrhólahreppum . . 478
Forstöðunefnd kvennaskólans á Ytri-Ey . . 293, 471
Franz Siemsen 156, 159, 236, 284, 333, 365, 556, 585, 612, 633
Friðrik Jóhannsson 295, 578
Friedlænder, S. 391

Gísli Eiríksson 298
Gísli Gíslason 156, 159, 162
Gísli Þorkelsson 63
Gránufjelagsverzlun 144
Grenjaðarstaðarkirkja 623
Guðbjartur Þórðarson 553
Guðbrandur Finnbogason 152
Guðlaugur Guðmundsson 478
Guðmundur Einarsson 152

Bls.
Guðmundur Gíslason 543
Guðmundur Gunnarsson 222
Guðmundur Ísleifsson 104
Guðmundur Magnússon 207
Guðmundur Oddsson 599, 608
Guðmundur Símonarsson 414
Guðmundur Sveinsson 599, 608
Gunnar Halldórsson 211
Guttormur Vigfússon 178

Haldorsen, O. J. 30, 306
Halldór Bjarnarson 120, 629
Halldór Bjarnason 146
Halldór Briem 9
Halldór Daníelsson 63, 461, 466, 505, 523, 564, 585, 613
Halldór Jónsson 156, 159
Halldór Pétursson 69
Halldór Sigurðsson 120
H. Andersen 553
Hannes Hafstein 17, 594
Hannes Thorarensen 319
Hannes Þorsteinsson 409, 411, 564
Hansen, J. M. 295, 578
Hans Guðmundsson 72
Havsteen, Christen 144
Havsteen, J. amtm. 418
Havsteen, J. V. 205, 331
Helgi Hálfdánarson 225
H. J. Ernst 142, 143, 186
Hóla búnaðarskóli 626
Hreppsnefnd Arnarneshrepps 9
Hreppsnefnd Garðahrepps 236

Bls.
Hreppsnefnd Hólahrepps 226
Hreppsnefnd Hrafnagilshrepps 331, 389
Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps 207, 225
Hreppsnefnd Skefilstaðahrepps 521
Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps . . . 313, 471
Hreppsnefnd Hvamms- og Dyrhólahreppa . . 328, 396
Hreppsnefnd Vindhælishrepps 293, 471
H Th A Thomsen 89, 92, 156, 159, 346, 349, 613

Ingibjörg Eyjólfsdóttir 556, 612, 633
Ingibjörg Þórarinsdóttir . . . 236, 556, 612, 633
Ingjaldur Sigurðsson 114, 172, 222, 336
Ingvar Ingvarsson 165
Ísleifur Einarsson 505

Jakob Hálfdánarson 313
Jakob Helgason 102
Jakob Rósinkarsson 211
J. E. Jensen 272
Jensen, J. E. 272
Jensen, Jörgen 102
Jespersen, Andreas 55
J. Havsteen 418
J. M. Hansen 295, 578
Jóhanna Kr. Bjarnason 17
Johannessen, M. 30, 306
Johansen, Sigurd 414 427
Johnsen, Jón. 295, 600
Jónassen, E. Th. 169
Jónassen, S. D. 199
Jónas Jónasson 97
Jónas Th. Stephensen 142

Bls,
Jón Andrjesson 45
Jón Antonsson 203
Jón Árnason 45
Jón Bjarnason 593
Jón Einarsson, Ísafjarðarsýslu 211
Jón Einarsson, Víðivöllum ytri 139
Jón Erlendsson 169
Jón Eyjólfsson 556, 612, 633
Jón Gíslason 4
Jón Guðmundsson prestur 295, 578
Jón Hallsson 241
Jón J. Breiðfjörð 354, 639
Jón Jóhannesson, eigandi Hóla 318
Jón Jóhannesson 152
Jón Johnsen 295, 600
Jón Jónsson Austmann 74, 75
Jón Jónsson, eigandi Gullberustaða 539
Jón Jónsson, Hafsteinsstöðum 241
Jón Jónsson, Jófríðarstöðum 117
Jón Jónsson, prófastur 193, 239
Jón Jónsson, Sleðbrjót 178
Jón Laxdal Gíslason 543
Jón O. V. Jónsson, dánarbú hans 461
Jón Magnússon 201, 585
Jón Sigurðsson 313
Jón Pjetursson, fyrrum háyfirdómari 590
Jón Snorrason 80
Jón Tómasson 539
Jón Torfason 97
Jón Þórðarson 274
J. V. Havsteen 205, 331
Jörgen Jensen 102

Bls.
Jörgensen, A. 186
Katrín Eyjólfsdóttir 556, 612, 633
Kaupfjelag Þingeyinga 313
Konráð Hjálmarsson 427, 597
Kristín Bjarnadóttir 192
Kristín Jakobsdóttir 266
Kristján Hallgrímsson 295, 578
Kristinn Olafsson 474, 585
Kristján Sigurðsson 210
Kr. Ó. Þorgrímsson 55, 132, 381, 391
Kvennaskólinn á Ytri-ey 293, 471
Landsbankinn 4, 149, 461
Landshöfðinginn 203, 608
Landssjóður 308
Lárus Bjarnason . 193, 239, 260, 381, 391, 599, 608
Lárus Pálsson 132
Laxdal, Eggert 125
Lefolii, J. R. B. 104
Lied, Ole 144
Linnet, H. A. 612, 633
Lucas, W. 333
Lögerfingjar Filippusar Þorsteinssonar 48
Löve, F. A. 58
Magnús Jónsson 263
Magnús Magnússon 324
Magnús P. Joensen 295, 578
Magnús Vilhjálmsson 298
Marie Thomsen 63
Marteinn Þorgrímsson 24
Matt. Jóhannessen 30, 306
Mattías Mattíasson 319

Bls.

Muus, B., & Co 149, 201, 272, 461
Möðruvallaklausturskirkja 203

Nielsen, P. 104
N. Zimsen 365

Ó. A. Olavsen 3, 194
Oddur Sigurðsson 511
Oddur Thorarensen 266
Oddur V. Gíslason 324
O. J. Haldorsen 30, 306
Ólafur Árnason 566
Ólafur Davíðsson 274
Ólafur Halldórsson 635
Ólafur Magnússon, prestur 456
Ólafur Oddsson 72
Ólafur Ólafsson 539
Ólafur Þórðarson 260
Olavsen, Ó. A 3, 194
Ole Lied 144
O. S. Endresen 260

Páll Einarsson 263
Páll Hafliðason 635
Páll Halldórsson 599, 608
Páll Jóakimsson 24
Páll Ólafsson 139
Pálmi Pálmason 295, 578
Paterson, W. G Spence 295, 578, 617
Pjetur Guðmundsson 181
Pjetur M. Þorsteinsson 188
P. Nielsen 104

Bls.
Presthólakirkja 629

Ragnheiður Jónsdóttir 315

S D. Jónassen 199
S. Friedlænder 391
Sigfús Eymundsson 128, 482
Sigfús G. Sveinbjarnarson 595, 597, 598
Sigríður Eggerz 523
Sigríður Guttormsdóttir 515
Sigríður Jónsdóttir frá Bjólu 48
Sigríður Jónsdóttir í Eyjafjarðarsýslu 80
Sigurd Johansen 414, 427
Sigurður Andrjesson (þrotabú) 3
Sigurður Eiríksson 558
Sigurður Jónsson, kaupm. Rvík 319, 482
Sigurður Jónsson, Lækjamóti 315
Sigurður Jónsson, Vestdalseyri 511
Sigurður Kristófersson 411
Sigurður Stefánsson 211
Sigurður Þórðarson 274
Sigurður Þorsteinsson 595
Sigurlaug Sveinsdóttir 593
Sigurpáll Árnason 27
Skapti Jósepsson 418, 528, 595, 597, 598
Skiptaráðandinn í Eyjafjarðarsýslu 80
Skiptaráðandinn í Ísafjarðarsýslu 211
Skiptaráðandinn í Kjósar- og Gullbr.sýslu 3, 328, 556
Skiptaráðandinn í Norður-Múlasýslu . . . 295, 578
Skiptaráðandinn í Reykjavík 523
Skiptaráðandinn í Suður-Múlasýslu 295
Skúli Thoroddsen 211, 401

Bls.
Soffía Magnúsdóttir 365
Sóknarnefnd Mosfellssveitar 162
Stefán Einarsson 210
Stefán Halldórsson 210
Stefán Thorarensen 111, 117, 318
Stjórn hins eyfirzka ábyrgðarfjelags 205
Stjórn hins ísl. bifliufjelags 590
Sturla Jónsson 617
Sveinn Sigfússon 295, 578
Sæmundur Jónsson 324

Teitur Th. Ingimundarson 389
Thomsen, Christjane 63
Thomsen, H. Th. A. 89, 92, 156, 159, 346, 349, 613
Thomsen, Marie 63
Thorarensen, Oddur 266
Thorarensen, St. 111, 117, 318
Thoroddsen, Skúli 211, 401
Thoroddsen, Þórður J. 194
Tryggvi Gunnarsson 69

Umboðsmaður Skriðuklausturs og Suður-Múlas.-jarða 33

Valgarður Breiðfjörð 199, 234, 338
Valgard Claessen 521
Vigfús Þórarinsson 328, 396
Vilhjálmur Árnason 534, 569

W. G. Spence Paterson 295
W. Lucas 333

Zimsen, N. 365

Bls.
Zophonías Halldórsson 626

Þjóðjörðin Brekka 263
Þórarinn Benjamínsson 629
Þórarinn Böðvarsson 247
Þórarinn Eyjólfsson 556, 612 633
Þórarinn Guðmundsson 295, 578
Þórarinn Þórarinsson 404
Þórður Guðjohnsen 181
Þórður Guðmundsson 156, 159
Þórður Jónsson 152, 401
Þórður J. Thoroddsen 194
Þórður Runólfsson 156, 159
Þórður Ögmundsson 595
Þorkell Jónsson 295, 578
Þorleifur Jónsson 188, 247
Þorsteinn Jónsson 295, 578
Þorsteinn Thorlacius 318
Þorsteinn Þórarinsson, prestur 575
Þorvaldur Jónsson 211, 308, 401
Þrotabú Ásmundar Sveinssonar 613
Þrotabú Jóns Einarssonar 593
Þrotabú Sigurðar Andrjessonar 3
Þrotabú W. G. Spence Patersons 295, 578

Örum & Wulffs-verzlun 102, 181

B. Opinber mál.

Ámundi Filippusson 52
Andreas Dahl Guðbrandsson 277
Andrjes Andrjesson 379

Bls.
Andrjes Guðmundur Jóhannesson 300, 459
Árni Árnason 250
Árni Á. Þorkelsson 361
Á. Thorsteinsen 138
Axel Tulinius 379

Barnett, John 77
Benedikt Pálsson 475
Bjarni Davíðsson 40
Bjarni Magnússon 36
Bjarni Siggeirsson 620
Bjarni Sveinn Stefánsson 359
Björn Þorláksson 99
Breiðfjörð, Jón J. 290

Christjan Michelsen 42

Daníel Jakob Gaard 42
Daníel Þorsteinsson 37

Edílon Stefánsson 67
Eggert Laxdal 15
Eigendur Bakkakirkju í Öxnadal 387
Einar Jónsson 85
Elías Jónsson 520, 601

Finnur Finnsson 101
Frímann Björnsson 361

Gaard, Daníel Jakob 42
Gísli Jónsson 475
Guðbjörg Guðmundsdóttir 536

Bls.
Guðmundur Ásgeirsson 124
Guðmundur Björnsson 356
Guðmundur Gíslason 107, 305
Guðmundur Guðmundsson 536
Guðmundur Þórðarson 406
Guðni Jónsson 219
Guðrún Guðmundsdóttir 22
Guðrún Sigurðardóttir 368, 637

Halldór Gestsson 245
Hansen, Johannes 475
Helgi Árnason 252

Jakobína Sigríður Jakobsdóttir 34
Jensen, Jóhannes 42
Jóhann Jónasson 367
Jóhann Magnússon 1
Jóhann Vilhjálmsson 256
Johannes Hansen 475
Johannes Jensen 42
Jóhannes Magnússon 13
Jóhannes Sigurðsson 492
John Barnett 77
Jón Ásgeirsson 502
Jón Brandsson 303, 604
Jón Ívarsson 254
Jón J. Breiðfjörð 290
Jón Jónasson 387
Jón Ólafsson 280
Jón Sigurðsson 95

Bls.

Jón Sigurðsson 184, 227, 286, 458
Jón Ögmundsson 341

Kristinn Sigurðsson 603
Krüger, N. S. 11

Laxdal, Eggert 15

Magnús Magnússon 95
Magnús Ólafsson 477, 562
Michelsen, Christjan 42
Morten F. Nielsen 42

N. B. Nielsen 379
Nielsen, Morten F. 42
Nielsen, N. B. 379
Nielsen, Tomas P. 42
Nikulás Guðmundsson 19
N. S. Krüger 11

Ólafur Ingimundarson 282
Ólafur Ólafsson 548
Ólafur Þorsteinsson 60

Pálmi Björnsson 603
Pjetur Nielsson 501
Pjetur Pjetursson 361

Rannveig Jóelsdóttir 421
Rögnvaldur Guðmundsson 216

Sigríður Þorsteinsdóttir 377

Bls.

Sigtryggur Ísleifsson 44, 81
Sigtryggur Þorgrímsson 83
Sigurður Bjarnason 269
Sigurður Guðmundsson 375
Sigurður Hallgrímsson 572
Sigurður Jónasson 387
Sigurður Magnússon 290
Sigurjón Einarsson 371
Skúli Thoroddsen 432, 640
Stefán Árnason 344
Stefán Ólafsson 110, 176
Steinunn Sigurðardóttir 604
Steinvör Einarsdóttir 501
Sveinn Brynjólfsson 423

Teitur Ingimundarson 375
Tomas P. Nielsen 42
Tómas Tómasson 399, 507
Thoroddsen, Skúli 432, 640
Thorsteinsen, A. 138

Þiðrik Þorsteinsson 368, 637
Þórður Guðmundsson, Glasgow 463
Þórður Guðmundsson, Hálsi 463
Þorsteinn Gíslason 258
Þorsteinn Helgason 322
Þorsteinn Jónsson 352
Þorsteinn Marías Pálsson 546
Þorsteinn Stefánsson 628
Þórunn Guðmundsdóttir 300, 459
Þorvaldur Björnsson 134
Þorvaldur Jónsson 454, 551

Efnisskrá.

Ábúð.
Ábyrgð.
Afbrot móti skírlífi.
Afrjettartollur.

Blóðskömm (sbr. afbrot á móti skírlífi).

Dómarar.

Eignarrjettur.
Embættismenn og sýslunarmenn.

Fals.
Fiskiveiðar.
Fógetagjörðir.
Frávísun.

Gjöld.
Gripdeild.

Heimvísun.
Hjú.
Hvalreki.

Kaup og sala.
Kirkjur.
Kostur og tæring.

Landaþrætumál.
Lyfjaverzlun, sbr. verzlun.

Meinsæri og skyldir glæpir.
Misþyrming á skepnum.
Morð.

Nauðgun.

Ofbeldi og líkamlegar meiðingar.
Ólögleg lausamennska og húsmennska.
Ólögmæt meðferð á fundnu fje.
Ómerkingardómar.

Rekarjettur.

Samningar.
Sektir.
Skaðabætur.
Skiptamál.
Skulda- og reikningsmál.
Svik.

Uppboðsgjörðir.
Úrskurðir.
Útflutningar.

Valdstjórn og allsherjarregla (brot gegn þeim).

Veð.
Veiðilög.
Vegir.
Verzlun (sbr. lyfjaverzlun, vínveitingar).
Vínveitingar.
Vitni, vitnaleiðsla.

Þjófnaður og hlutdeild í þjófnaði.

Ærumeiðingar og skammir.

Ábúð.

Bls.

Mál út af útbyggingu af jörð 222, 336
Spurning um ábúð á jörð eða jarðarhluta sem skilyrði fyrir útsvarsskyldu utanhreppsmanns 225, 331
Ábúandi dæmdur til að greiða eptirgjald eptir jarðarpart, er hann hafði haft til ábúðar 396
Ábúandi álitinn skyldur að víkja af ábúðarjörð sinni samkvæmt skuldbinding konu hans, er hann hafði falið öll umráð yfir búi sínu , ... 496
Mál milli prestsekkju og viðtakandi prests um skiptingu á dúntekjunni á prestssetri 515
Álitið að maður, sem hafði selt jörð, en áskilið sjer þó byggingarumráð yfir henni meðan hann lifði, gæti eigi byggt jörðina til lengri tíma en meðan hann lifði. 523

Ábyrgð.

Hæstarjettardómur um gildi sjálfskuldarábyrgðarskjals (sbr. dómas. III. b. bls. 328) 201
Hæstarjettardómur um greiðslu ábyrgðarupphæðar af hendi skipaábyrgðarfjelags (sbr. dómas. III. b. bls. 276.) 205

Afbrot á móti skírlífi.

Sifjaspell metin eptir 164. gr hegningarlaganna . 245

Bls.

Blóðskömm og nauðgun heimfært undir 169. gr., 1. og 162 gr. hegningarlaganna 300
Hæstarjettardómur í því máli 459
177. sbr. 174. gr. hegningarlaganna beitt fyrir saurlifnaðarverk 356
Kvennmaður dæmd fyrir sifjaspell með stjúpföður eptir 163. gr. hegningarlaganna, svo og fyrir ranga barnsfaðernislýsing samkv. 180. gr. sömu laga, hann aptur á móti sýknaður 368
Dómur hæstarjettar í sama máli, er krefst nýrra upplýsinga í málinu 637
165. og 187. sbr. 55. og 47. gr. hegningarlaganna beitt fyrir blóðskömm og hlutdeild í barnsmorði 371
Fyrir holdlegt samræði við vitskertan kvennmann beitt 171. gr. hegningarlaganna 601
164. gr., sbr 163. gr. hegningarlaganna beitt fyrir barngetnað í meinum 604

Afrjettartollur.

Spurning um skyldu manns að greiða afrjettartoll, þó að hann eigi hefði notað afrjettina 315

Dómarar.

Dómari dæmdur til að greiða kostnað við áfrýjun sakamáls 184
Dómari skyldaður að greiða hluta málskostnaðar fyrir drátt á sakamáli 286
Dómari sektaður fyrir drátt á opinberu máli . . 423
Dómari sektaður fyrir drátt á dómsuppsögn í einkamáli 511
Dómari skyldaður til að víkja sæti 569
Dómari sektaður fyrir drátt á sakamáli 604

Bls.

Eignarrjettur.

Spurning um eignarrjett að ½ húsi eða bæ . . . 4
Eignartilkall til nokkurra lausafjármuna eigi álitið sannað 45
Eignartilkall til lóðar undir húsi álitið eigi á rökum byggt 63
Hæstarjettardómur um útvísun lóðar í verzlunarstað til verzlunarafnota að fornspurðum eiganda (sbr. dómas. III. b. bls, 40.) 102
Hæstarjettardómur um lögmæti forboðs gegn því að setja niður hafnarfestar í Eyrarbakkahöfn (sbr. dómas. III. b. bls. 447.) 104
Hæstarjettardómur um eignarrjett að lóðarspildu í kaupstað (sbr. dómas. III. b. bls. 236.) . . . 199

Embættismenn og sýslunarmenn.

Kennari eigi álitinn skyldur að gjalda þar til sveitar, er hann var kennari, með því að hann átti heimili í öðru sveitarfjelagi 9
Lögregluþjónn sektaður samkv. 129. gr. sbr. 145. gr. hegningarlaganna 134
Málsfærslumaður sektaður fyrir ósæmilegan rithátt 178
Dómari dæmdur til að greiða kostnað við áfrýjun sakamáls 184
Prestar álitnir enn undanþegnir lausafjártíund til kirkju 239
Utanrjettarúrskurði sýslumanns vísað frá dómi . . 293
Hæstarjettardómur og dómur landsyfir-, hirð- og staðarrjettarins í Kaupmannahöfn um rjett embættismanns til launaþóknunar 308
Dómari skyldaður að greiða hluta málskostnaðar fyrir drátt á sakamáli 286

Bls.

Þrír sóknarnefndarmenn sektaðir samkv. 143. sbr. 145. gr. hegningarlaganna fyrir tráss og vanrækslu í stöðu sinni 361
Dómari sektaður fyrir drátt á opinberu máli . . 423
Sýslumaður sektaður fyrir hirðuleysi í embættisrekstri samkvæmt 144. gr. hegningarlaganna 432
Hæstarjettardómur í því máli 640
Dómari sektaður fyrir drátt á dómsuppsögn í einkamáli 511
Dómari skyldaður til að víkja dómarasæti . . . 569
Hreppstjóri sektaður og dæmdur frá sýslan fyrir tíundarsvik 572
Málsfærslumaður sektaður fyrir að hafa eigi í tæka tíð notað uppreistarleyfi til áfrýjunar í gjafsóknarmáli 593
Dómari sektaður fyrir drátt á sakamáli 604
Maður, sem gegndi eigi kosningu safnaðar til að vera sóknarnefndarmaður, sýknaður af kæru um brot samkv. 143. og 145. gr. hegningarlaganna 620

Fals.

270. gr. hegningarlaganna beitt fyrir falsaðar ávísanir á verzlanir 13, 562

Fiskiveiðar o. fl.

Maður sýknaður af kæru um brot á fiskiveiðasamþykkt 83
Mál út af fiskiveiðum á helgum degi dæmt ómerkt sakir formgalla 95
Sekt fyrir brot á fiskiveiðasamþykkt 250, 252, 254, 256, 258, 280, 282, 290

Bls.
3 menn sýknaðir fyrir fiskiveiðar á sunnudegi . . 379
Sektardómur fyrir ólöglega laxveiði í sjó fyrir framan ármynni 463, 502

Fógetagjörðir.

Fjárnámsgjörð fyrir veðskuld í húsi staðfest . . 4
Fjárnám fyrir skaðabótum staðfest, nema fjárnámskostnaðurinn færður niður 30
Fógetarjettarúrskurður, er synjaði um lögtak fyrir aukaútsvari, staðfestur 9
Fógetarjettarúrskurður um skyldu manns að greiða kirkjugjald af húseign, felldur úr gildi 111
Fógetarjettarúrskurður, sem lagði fyrir að framkvæma lögtak á niðurjöfnuðu peningagjaldi til að borga timburgirðingu um kirkjugarð, felldur úr gildi . 162
Hæstarjettardómur um lögmæti lögtaks fyrir kirkjutíundargjaldi (sjá dómas. III b. bls. 347) . . 203
Fógetaúrskurður um skyldu prests til að greiða kirkju lausafjártíund staðfestur 239
Hæstarjettardómur um lögmæti lögtaksgjörðar fyrir sveitarútsvari hjá kaupfjelagi (sjá dómas. III. b. bls. 364) 313
Lögtaksgjörð fyrir sveitarútsvari, staðfest 331
Fógetarjettarúrskurðir, sem neituðu um framkvæmd á fjárnámi á dómskuld, felldir úr gildi . . . 338
Löghaldsgjörð til lúkningar dómskuld ómerkt . . 414
Fógetaúrskurður um synjun lögtaks fyrir sveitarútsvari á kvennaskóla staðfestur 471
Útburðargjörð staðfest 496
Fjárnámsgjörð samkvæmt veðskuldabrjefi staðfest . 284
Áfrýjað máli til staðfestingar fógetaforboði um afnot jarðarparts 336

Bls.

Fógetarjettarúrskurður um lögtak á tekjuskatti af atvinnu staðfestur 505

Lögtaksgjörð á sveitarútsvari af salthúsi og fisktöku utanhreppsmanns í hreppnum staðfest 521

Lögtaksgjörð og undanfarinn fógetaúrskurður felldur úr gildi sökum ólöglegrar málasamsteypu . . 626

Frávísun.

Máli vísað frá yfirdómi sökum ófullnægjandi undirrjettardómsgjörða 3

Í hjúamáli, þar sem áfrýjandi var sýknaður fyrir kröfum stefnda um skaðabætur fyrir brottrekstur úr vist, sökum þess að stefndi gat eigi sannað að hann hefði verið vistráðið hjú áfrýjanda, frávísað frá lögreglurjettinum kröfu stefnda út af líkamlegri árás og meiðslum 24

Máli frávísað fyrir þá sök að leyfi til uppreisnar eigi var notað í tæka tíð . . . . , 80, 210, 593

Meiðyrðamáli vísað frá yfirdómi sökum þess að sönnun vantaði fyrir birting stefnunnar fyrir undirdómaranum 143

Áfrýjunarstefnu í einkamáli vísað frá dómi sökum vantandi sönnunar fyrir birtingu hennar fyrir stefnda, er eigi mætti 193

Frávísað máli sakir þess hreppsnefndaroddvita einum var stefnt fyrir hreppsnefndarinnar hönd . 286

Utanrjettarúrskurði sýslumanns vísað frá dómi . . 293

Landaþrætumáli vísað frá undirrjetti 318

Máli út af skiptum á búi frávísað 328

Landamerkjamáli frávísað, með því að áfrýjunarfrestur var útrunninn 456

Frávísunarkröfu hrundið með sjerstökum úrskurði . 534

Bls.
Stefnu í landamerkjamáli frávísað að nokkru leyti 539
Skiptamáli frávísað fyrir þá sök að rjettum málsaðilum hafði eigi verið stefnt 556
Frávísað skiptarjettarúrskurði, er áfrýjað var samkvæmt uppreistarleyfi, með því að leyfið eigi var notað í tæka tíð 593
Skiptamáli frávísað sökum ófullkominna undirrjettargjörða 594
Áfrýjunarstefnu í meiðyrðamáli frávísað með því að rjettum málsaðilum eigi var stefnt . 595, 597, 598
Áfrýjunarstefnu frávísað sökum ófullnægjandi birtingarvottorðs 600
Áfrýjunarstefnu í 2 sakamálum frávísað til nýrrar og löglegri birtingar 603
Frávísun á meiðyrðamáli álitin ólögmæt . . . 608
Frávísað áfrýjunarstefnu í landamerkjamáli, sökum ófullnægjandi vottunar um birting hennar . . 611
Frávísað sakamáli sökum þess að dómara þeim er hafði ransakað það og gefið út stefnu í því í hjeraði, var eigi stefnt 628
Frávísað máli sökum vantandi löggildingar til að mæta í yfirdóminum 635
Frávísun máls frá hæstarjetti vegna ofstutts fyrirvara til stefnda 639

Gjöld (opinber).

Kennari ekki álitinn skyldur að greiða þar sveitarútsvar, er hann var kennari, með því að hann átti annarsstaðar heimili 9
Húseign í kaupstað, sem notuð er við ábúð á jörð, álitin undanþegin kirkjugjaldi 111
Fógetaúrskurður, sem bauð að taka lögtaki niður-

Bls.

jafnaðan kostnað af timburgirðingu um kirkjugarð, felldur úr gildi 162
Hæstarjettardómur um lögmæti lögtaks fyrir kirkjutíundargjaldi (sjá dómas III. b. bls. 347) . . 203
Spurning um útsvarsskyldu utanhreppsmanns fyrir ábúð á jörð í hreppnum 225, 331
Prestar álitnir enn undanþegnir lausafjártíund til kirkju 239
Hæstarjettardómur um lögmæti lögtaks fyrir sveitarútsvari hjá kaupfjelagi (sjá dómas. III. b. bls. 364) 313
Kvennaskóli álitinn eigi skyldur að greiða útsvar til sveitar 471
Ákvörðun skattanefndar um tekjuupphæð manns álitin fullnaðarákvörðun, þar eð hann eigi hafði kært yfir henni á lögboðin hátt 505
Kaupmaður álitinn skyldur að greiða sveitarútsvar af salthúsi og fisktöku, er hann hafði í öðrum hreppi en hann átti heimili í 521

Gripdeild.

Heimildarlaus taka og brúkun á hrossi metin eptir 238. gr. hegningarlaganna 19

Heimvísun.

Landamerkjadómi heimvísað 27, 89, 92, 156, 159, 207, 404
Heimvísun sakamáls til löglegri meðferðar 36, 184, 227, 548
Heimvísun á skaðabótamáli út af raski á merkjasteinum 114
Meiðyrðamáli heimvísað 418, 608

Bls.

Helgidagsbrot, sbr. verzlun og fiskiveiðar.

Maður sektaður fyrir verzlun á sunnudegi . . . 11
Mál út af fiskiveiðum á helgum degi dæmt ómerkt sakir formgalla 95
3 menn, sem höfðu verið ákærðir fyrir brot gegn tilsk. 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald, sýknaðir 379
Sektardómur fyrir brot gegn helgidagatilskipuninni 475

Hjú.

Mál út af brottrekstri úr vist; vistarráð eigi álitin sönnuð 24
Stuldur á peningum úr læstri hirzlu húsbónda . . 34
Barsmíð á hjúi álitin eptir atvikum ekki heyra undir 29. gr. 1. í vinnuhjúatilskipuninni . . . 97
Húsbóndi dæmdur til að greiða hjúi, er hann hafði rekið úr vist, kaup og matarverð 266
Vinnumaður, er hlaupið hafði úr vist, dæmdur til að greiða húsbónda sínum skaðabætur samkvæmt hjúalögunum 543

Hvalreki.

Spurning um hvort uppróinn hval bæri að skoða sem rekahval eða flutningshval 324

Kaup og sala.

Mál út af kaupverði húss 194
Mál út af kaupum á gufubát 482

Kirkjur.

Mál út af veiðirjetti kirkju í á 128

Bls.
Lögtak á niðurjöfnuðu peningagjaldi til að borga timburgirðingu um kirkjugarð 162
Hæstarjettardómur um lögmæti lögtaks fyrir kirkjutíundargjaldi (sbr. dómas. III. b. bls. 347) . 203
Prestar enn álitnir undanþegnir kirkjutíund af lausafje 239
Eigendur bændakirkju, sem án leyfis frá kirkjustjórninni höfðu selt gamla mynd, sem kirkjan átti, sýknaðir 387
Mál út af úttekt á stað og kirkju 575

Kostur og tæring.

Áfrýjandi dæmdur í kost og tæring sökum þess að hann hafði ekki framlagt fullnægjandi rjettargjörðir 3
Áfrýjandi, sem ekki mætti á stefnudegi, dæmdur í kost og tæring 74

Landaþrætumál.

Merkjadómur ómerktur og málinu heimvísað 27, 89, 92, 156, 159, 207, 404
Landamerkjamál dæmt ómerkt sakir ólöglegrar sáttatilraunar 33
Merkjadómur staðfestur 117, 128, 146, 241, 263, 274, 346, 349, 539, 623
ndamerkjadómur ómerktur sakir þess að málshöfðandi hafði eigi umboð til að höfða málið nema frá eiganda hálfrar jarðarinnar 192
Merkjadómi frávísað sökum þess að uppreistarleyfi til áfrýjunar hafði eigi verið notað í tæka tíð . 210
Landaþrætumál ómerkt fyrir þá sök að það hafði eigi verið meðhöndlað eprir landamerkjalögunum 318

Bls.

Lyfjaverzlun, sbr. verzlun.

Verzlunarstjóri sektaður fyrir óleyfilega lyfjasölu . 15

Meinsæri og skyldir glæpir.

Maður sýknaður í sakamáli fyrir rangan framburð fyrir rjetti af því að hann gat haft ástæðu til að ætla að málið varðaði sjálfan hann 107

Hæstarjettardómur í sama máli 305

156. gr. hegningarlaganna beitt 375

Beitt hegningarlaganna 148. gr. 1. lið, en refsingin álitin afplánuð með ástæðulausu gæzluvarðhaldi 507

Ómerkingar- og heimvísunardómur í meinsærismáli 548

Misþyrming á skepnum.

Maður sýknaður fyrir illa meðferð á hrossi sökum vantandi sannana 60

Morð.

Maður dæmdur fyrir morð samkvæmt 191. gr. hegningarlaganna til lífláts 286

Hæstarjettardómur í því máli 458

Fyrir barnsmorð beitt 193. gr. 2. lið hegningarlaganna 421

Nauðgun.

Maður dæmdur fyrir að hafa nauðgað dóttur sinni 300

Hæstarjettardómur í því máli 459

Ofbeldi og líkamlegar meiðingar.

Maður ákærður fyrir að hafa veitt öðrum manni

Bls.

áverka, en dæmdur sýkn af ákæru sóknarans í málinu 40
Gestgjafi, er stefnt var fyrir barsmíð og ærumeiðingar gegn manni, er hann rak út úr veitingastofu sinni, sýknaður 55
Drápstilraun álitin ósönnuð, en annað líkamlegt ofbeldi heimfært undir 205. gr. hegningarlaganna 77

Ólögleg lausamennska og húsmennska

Maður kærður fyrir ólöglega húsmennsku, en sýknaður í yfirdómi 322

Ólögmæt meðferð á fundnu fje o. þvl.

Manni refsað samkvæmt 250. gr. hegningarlaganna fyrir óheimildartöku á kind 52, 124
Maður dæmdur sýkn af ákæru sóknarans um brot samkvæmt sömu grein hegningarlaganna . . . 176
249. gr. hegningarlaganna beitt fyrir töku á óskila lambi 359
Unglingur, sem sakaður var fyrir ólögmæta meðferð á fundnu fje, sýknaður 219

Ómerkingardómar.

Landamerkjadómur dæmdur ómerkur 27, 33, 89, 92, 156, 159, 192, 207, 404
Ómerking og heimvísun sakamáls fyrir þá sök að stefna var eigi löglega birt 36
Skiptaúrskurður að nokkru leyti ómerktur, með því að skiptaráðandi áleizt hafa farið þar út yfir vald sitt 48
Sakamálsdómur ómerktur að því leyti ákærði var dæmdur samkvæmt annari hegningarlagagrein en

Bls.

dómstefnan með skýrskotun til málshöfðunarskipunar amtsins tiltók 81
Mál út af fiskiveiðum á helgum degi dæmt ómerkt sökum formgalla 95
Ómerktur dómur í máli til sekta og skaðabóta fyrir röskun markasteina 114
Ómerktur dómur í meiðyrðamáli meðal annars sökum leiðbeiningarleysis af undirdómarans hendi . 142
Ómerkingar- og heimvísunardómur í morðsmáli 184, 227
Ómerkingardómur í skuldamáli sakir ólögmætrar sáttatilraunar 298
Dómur í landaþrætumáli ómerktur fyrir þá sök að eigi var farið með málið samkvæmt landamerkjalögunum 318
Skiptarjettarúrskurður dæmdur ómerkur 365
Ómerkingar- og heimvísunardómur í meiðyrðamáli 418 569, 608
Ómerkingar- og heimvísunardómur í meinsærismáli 548
Ómerkt lögtaksgjörð og undanfarinn fógetaúrskurður sökum ólöglegrar málasamsteypu 626

Rekarjettur.

Mál um rjett til »landgagna« á kirkjureka . . 120
Vogrek heimfært undir 2. gr. í op. br. 4. maí 1778 478

Samningar.

Ópinglesinn leigusamningur á lóð undir húsi eigi álitinn bindandi fyrir síðari eiganda hússins, er keypti það á uppboði, nema að svo miklu leyti sem ákvæði leigusamningsins voru tekin upp í uppboðsskilmálana 165

Bls.
Maður dæmdur í 50 kr. gabbsbætur fyrir samningsrof 181
Mál út af samningsskuld 234
Mál til skaðabóta fyrir rof á samningi um vöruútvegun 427
Mál út af rofi á námssamningi 553

Sektir.

Málsfærslumaður sektaður fyrir ósæmilegan rithátt 178
Dómari sektaður fyrir drátt á opinberu máli . . 423
Dómari sektaður fyrir drátt á dómsuppsögn í einkamáli 511
Málsfærslumaður sektaður fyrir að nota eigi uppreistarleyfi til áfrýjunar í tæka tíð 593
Dómari sektaður fyrir drátt á sakamáli 604

Skaðabætur.

Fjárnám fyrir tildæmdum skaðabótum staðfest . . 30
Mál til skaðabóta og sekta fyrir röskun á landamerkjasteinum 114, 172
Maður dæmdur í 50 kr. »gabbsbætur«, eptir ákvæðum samnings, fyrir samningsrof 181
Mál til skaðabóta fyrir útbygging af jörð . . 222, 496
Hæstarjettardómur í máli um skaðabætur fyrir strand þilskips (sbr. Dómas. III. bls. 539) . . 306
Skaðabótakrafa fyrir samningsrof ekki tekin til greina 427
Námspiltur, sem hlaupið hafði úr námsvist, sýknaður fyrir skaðabótakröfu meistarans 553
Gjaldkeri fjelags, er lánað hafði úr fjelagssjóði gegn fasteignarveði fje, er síðar tapaðist, eigi álitinn skaðabótaskyldur 590

Bls.

Skiptamál.

Skiptarjettarúrskurður felldur úr gildi og honum breytt að nokkru leyti, en dæmdur ómerkur að öðru leyti með því skiptaráðandi áleizt þar hafa farið út yfir vald sitt 48
Skiptaráðandi í þrotabúi (fjelags) skyldaður til að skila búinu aptur í hendur hlutaðeiganda (fjelagsstjórninni) 211
2 skiptarjettarúrskurðum áfrýjað, annar felldur úr gildi, en stefnunni frávísað að því er hinn snertir 236
Tveir skiptarrjettarúrskurðir staðfestir 272
Skiptarjettarúrskurður, sem neitaði að draga fjármuni nokkra undir skiptin, staðfestur 295
Skiptamáli frávísað, sökum þess, að áfrýjandi var álitinn að hafa viljað una við skiptin eins og þau voru leidd til lykta fyrir skiptarjettinum . 328
Skiptarjettarúrskurður um rjettmæti skuldar í dánarbúi, ómerktur 365
Nokkrir menn, sem álitu sig hafa rjett til að halda nokkrum eigum tilheyrandi þrotabúi einu, dæmdir til að borga andvirði þeirra inn í búið . 578
Krafa af hendi dánar og þrotabús um ógildingu gjafabrjefs, þar sem hinn dáni hafði gefið börnum sínum mestallar eigur sínar 585
Skiptarjettarúrskurði frávísað, af því að uppreistarleyfi til áfrýjunar ekki var notað í tæka tíð . 593
Skiptamáli frávísað sökum ófullkominna undirrjettargjörða 594
Skiptagjörð áfrýjað sjerstaklega til að vefengja forgangsrjett skuldar samkv. 83. gr. a. skiptalaganna 613

Bls.
Úrskurði, er áfrýjað var með skiptagjörð, álitið ofseint áfrýjað, og skiptagjörðin því staðfest . . 633

Skulda- og reikningsmál.

Mál út af verzlunarskuld 17, 58, 132, 144, 152, 260, 381, 391, 414, 427, 511, 566, 617
Mál til greiðslu eptirstöðva af húsverði 194
Hæstarjettardómur í máli út af sjálfsskuldarábyrgð (sbr. Dómas. III. b. bls. 328) 201
Hæstarjettardómur um greiðslu ábyrgðarupphæðar af hendi skipaábyrgðarfjelags (sbr. Dómas. III b. bls. 276) 205
Mál út af skuld eptir samningi 234, 338
Maður dæmdur til að skila aptur peningum, er afhentir höfðu verið honum til hlutabrjefskaupa í gufuskipi 319
Mál út af skuldainnheimtu 333
Mál út af uppboðsskuld 354
Hæstarjettar frávísunardómur í því máli 639
Maður dæmdur til að endurgjalda gamla sveitarskuld 389
Mál um meðlagsgreiðslu af hreppsfje 396
Sýknukrafa stefnda í skuldamáli, sem áfrýjað var til staðfestingar, eigi tekin til greina með því að hann eigi hafði gagnáfrýjað 474
Skuldamál út af kaupum og viðgjörð m. m. á gufubát 482
Skuldakrafa viðtakandi prests á hendur prestsekkju 515
Mál út af úttekt á stað og kirkju 575
Gjaldkeri fjelags, er lánað hafði gegn fasteignarveði fje úr fjelagssjóði, er síðar tapaðist, eigi álitinn skyldur til að bæta fjelaginu tjónið 590

Bls.
Spurning um forgangsrjett skuldar samkvæmt 83. gr. a, í skiptalögunum 613
Mál til innheimtu skuldar út af kirkjufjárhaldi . 629

Svik.

Maður dæmdur samkvæmt 255. gr. hegningarl. fyrir »traustatak« á smjöri, er honum var trúað fyrir til flutnings 37
Maður, sem ásakaður var fyrir að hafa selt lögtekna hryssu, sýknaður 81
Maður, sem dæmdur hafði verið í hjeraði fyrir sviksamlegt athæfi samkvæmt 258 gr. hegningarlaganna, sýknaður að öllu leyti 216
Hreppstjóri dæmdur fyrir tíundarsvik 572

Uppboðsgjörðir.

Uppboðsgjörð á húsi til lúkningar veðskuld staðfest 4
Uppboðsgjörð á húsi með lóð tilheyrandi dánarbúi staðfest 63
Mál út af uppboðsskuld 354
Uppboðsrjettarúrskurður um rjett til vogreka felldur úr gildi 478
Uppboðsrjettarúrskurði viðvíkjandi kröfu um lífsábúð á jörð, áfrýjað 523

Úrskurðir

Ýtarlegri skýrslur heimtaðar í sakamáli 44, 110, 399, 454, 477, 501, 520
Úrskurðað sjerstaklega um frávísunarkröfu . . . 534
Úrskurður um frestbeiðni 599
Úrskurður út af kröfu um frávísun 612

Bls.

Útflutningar.

Maður, sem dæmdur hafði verið í sekt í hjeraði fyrir brot á útflutningslögunum 14. jan. 1876, sýknaður 423

Valdstjórn og allsherjarregla (brot gegn v. og a.).

Maður dæmdur sýkn af broti gegn 101. sbr. 99. gr. hegningarlaganna 1
Hæstarjettardómur fyrir brot gegn 102. gr. hegningarlaganna (sjá Dómas. III. b. bls. 433.) . . 99

Veð.

Spurning um veðrjett í hálfri húseign, sem veðsetjandi lýsti eign annars manns 4
Maður, sem fengið hafði varaveð til tryggingar tjóni því, er hann kynni að bíða út af veðláni, ekki álitinn geta gert tilkall til varaveðsins, þar eð hann eigi hafði upplýst, að hann hefði greitt veðskuldina 69
Spurning um hvort veðrjettur í lóð næði til húss, er síðar var reist á lóðinni 149
Hæstarjettardómur í því máli 461

Veiðilög.

Menn sýknaðir af kærum fyrir brot á friðhelgi varplanda 42
Maður sýknaður um æðarfugladráp 344, 492
Sektardómur fyrir ólöglega laxveiði 463, 502

Vegir.

Maður, sem dæmdur hafði verið fyrir brot gegn

Bls.
vegalögunum 10. nóv. 1887, 27. gr. sbr. 296. gr. hegningarlaganna, sýknaður 303

Verzlun.

sbr. »lyfjaverzlun« og »vínveitingar«.

Sekt á hendur lyfsala fyrir verzlun á sunnudegi . 11
Kaupmaður sektaður fyrir ólöglega lyfjasölu . . . 15
Maður sýknaður fyrir kæru um ólöglega brennivínssölu 85
Hæstirjettur sýknar fyrir vínveitingar í umboði annars manns (sjá Dómas. III. b. bls. 566.) . . 101
Sveitaverzlunarleyfi álitið að eins ná til þess manns sjálfs, sem leyfið var veitt, en ekki til ekkju hans 138
Hæstarjettardómur um aukaútsvarsskyldu kaupfjelags (sjá Dómas. III. b. bls. 364) 313
Maður kærður um ólöglega sveitaverzlun, en dæmdur sýkn 352

Vínveitingar.

Hæstarjettardómur í máli um ólöglegar vínveitingar (sjá dómas. III. b bls. 566) 101

Vitni, vitnaleiðsla.

Vitni, sem sakað var um rangan framburð fyrir rjetti, sýknað fyrir þá sök að það hefði haft ástæðu til að álíta að málið varðaði sjálfan sig 107
Hæstarjettardómur í því máli 305
Mál út af röngum vitnaframburði og meinsæri dæmt ómerkt og vísað heim aptur til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar 548

Bls.

Þjófnaður og hlutdeild í þjófnaði.

Einfaldur þjófnaður metinn eptir 230. gr. hegningarlaganna 22, 34, 269
Stórþjófnaður heimfærður undir 233. gr. 2. málsl. hegningarlaganna 67
Maður, sem hafði markað lamb, er hann áleit sig eiga, undir sitt mark, sýknaður 176
Drengur dæmdur fyrir þjófnað samkvæmt 235. og 30. gr. hegningarlaganna 219
Þjófnaður heimfærður undir 230. og 231. gr. hegningarlaganna 277
Maður dæmdur samkvæmt 233. gr. og 238. gr. hegningarlaganna 341
230. gr. hegningarlaganna beitt 367, 377
Maður sýknaður af ákæru sóknarans fyrir tilraun til sauðaþjófnaðar, er hann ljet af af sjálfsdáðum 406
2 sakborningar dæmdir fyrir þjófnaðartilraun . . 536
230. gr. hegningarlaganna beitt 546
Maður, sem dæmdur hafði verið í hjeraði fyrir sauðaþjófnað, sýknaður, en skyldaður að greiða málskostnað 551

Ærumeiðingar og skammir.

Sýknudómur í meiðyrðamáli 72, 126, 139, 186, 401, 409, 411
Sektardómur í meiðyrðamáli 75, 169, 178, 188, 229, 247, 528, 558, 564
Dómur í meiðyrðamáli ómerktur og málinu heimvísað sökum ólöglegrar frestneitunar . . . 418

Bls.
Meiðyrði dæmd dauð og ómerk, en eigi látin varða sekt 466
Dómur í meiðyrðamáli ómerktur og undirdómarinn skyldaður að víkja sæti í málinu 569
Meiðyrðamáli frávísað fyrir þá sök að rjettum málsaðilum eigi hafði verið stefnt 597, 598

Landsyfirrjettardómar 1890.

Mánudaginn 13. janúarmán.

Nr. 64/1889. Rjettvísin
gegn
Jóhanni Magnússyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 16. ágústm. f. á., var hinn ákærði Jóhann Magnússon dæmdur til að greiða 10 króna sekt í landssjóð, svo og allan kostnað sakarinnar, fyrir brot gegn 101. gr. hegningarlaganna 25. júní 1869, en dómi þessum hefur amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu skotið til yfirdómsins.

Mál þetta var í hjeraði höfðað gegn hinum ákærða eptir skipun Norður- og Austuramtsins fyrir brot gegn áminnztri grein hegningarlaganna, sbr. við 99. gr. sömu laga, og er brotinu lýst á þá leið í ákæruskipun amtsins, að hinn ákærði hafi tvívegis hrifsað gestarjettarstefnu, sem bæjarfógetinn á Akureyri hafði útgefið gegn hinum ákærða í einkamáli, af hlutaðeigandi stefnuvottum, þegar þeir voru að birta honum hana, og rifið hana nokkuð, og auk þess viðhaft ýms smánaryrði.

904

Stefnuvottarnir hafa fyrir rjetti borið það, að hinn ákærði hafi hrifsað af þeim stefnuna, svo að á hana hafi komið lítið gat, og sagt um leið, að stefnan væri eigi nema til þess að skeina sig á henni, og auk þess viðhaft fleiri ósæmileg orð. Hinn ákærði hefur sjálfur viðurkennt það, að hann í bræði — enda hafi hann og verið drukkinn — hafi hrifsað í stefnuna og máske brúkað óviðurkvæmileg orð. Ítarlegri skýrslur um verknað hins ákærða eru eigi fram komnar í málinu.

Þótt hinn ákærði kunni að hafa hegðað sjer mjög óviðurkvæmilega, þegar gestarjettarstefnan var birt fyrir honum, er það þó eigi sannað með framangreindum skýrslum, að hann hafi tálmað stefnuvottunum að framkvæma embættisverk það, sem þeir áttu að leysa af hendi, því síður að hann hafi ráðizt á þá með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi, enda verður að ætla, eptir því, sem fram er komið í málinu, að stefnubirtingin hafi verið fram farin, áður en ákærði hrifsaði í stefnuna. Hinn ákærði verður því eigi dæmdur til refsingar eptir hinum tilvitnuðu greinum hegningarlaganna, og ber því að sýkna hann af ákæru sóknarans í máli þessu.

Eptir þessum úrslitum málsins verður að dæma allan kostnað sakarinnar, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, af almannafje, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Það athugast, að þótt mál þetta í hjeraði sje kallað «hið opinbera gegn Jóhanni Magnússyni», og þó að því hafi verið stefnt og það fyrir tekið fyrir aukarjetti Eyjafjarðarsýslu, en dómur uppkveðinn í því fyrir «aukarjetti Akureyrar». og þó misritun virðist vera í áfrýjunarstefnu amtsins (31. maí 1838, 15. gr., í staðinn fyrir

31. maí 1805, 3. gr.), hefur þó eigi þótt ástæða til að ónýta aukarjettardóminn eða að frá vísa málinu frá yfirdómi fyrir þessar sakir.

Rekstur málsins í hjeraði hefur að öðru leyti verið vítalaus, og málfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Jóhann Magnússon á að vera sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli. Málskostnaður allur bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, greiðist af almannafje, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 krónur til hvors þeirra.

Nr. 56/1889. B. H. Bjarnason gegn O. A. Olavsen og skiptaráðandanum í Kjósar- og Gullbringusýslu fyrir hönd þrotabús Sigurðar Andrjessonar.

Dómur:

Skiptarjettargjörðir þær, er fram hafa verið lagðar í máli þessu fyrir yfirdóminum, ná að eins yfir skiptarjettarhald 12. ágústm. f. á., þar sem, eins og þar er orðað, «var fyrir tekið að kveða upp úrskurð um gildi kröfu B. H. Bjarnasonar í Reykjavík í þrotabúi Sigurðar Andrjessonar».

Um það eða þau rjettarhöld, þar sem nefnd krafa

B. H. Bjarnasonar fram kom og mótmæli gegn henni, er aptur á móti ekkert innfært í rjettargjörðirnar beinínis eptir skiptabókinni, og það bætir eigi úr þessu, þótt í hinu innfærða rjettarhaldi 12. ágúst f. á. sje, næst á undan úrskurðinum, sem áfrýjað er, skotið inn, að því er virðist, frásögn skiptaráðandans af skiptafundi, sem haldinn hafi verið í búinu 19. júní f. á., hvað þá hafi verið bókað eptir málsaðilum viðvíkjandi hinni umræddu kröfu B. H. Bjarnasonar og að sætt hafi verið reynd.

Með því að áfrýjandinn samkvæmt þessu hefur eigi lagt fram fullnægjandi rjettargjörðir í máli þessu, eptir því, sem boðið er í N. L. 1. 6. 10. sbr. 1. 5. 13., verður ex officio að vísa máli þessu frá yfirdóminum og virðist rjett að áfrýjandinn greiði stefnda, kaupmanni O. A. Olavsen í Keflavík, sem látið hefur mæta fyrir sig hjer fyrir rjettinum, samkvæmt kröfu hans, 6 krónur í kost og tæring.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandinn B. H. Bjarnason, greiði stefnda O. A. Olavsen í kost og tæring 6 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa, undir aðför að lögum.

Nr. 55/1889. Jón Gíslason
gegn
stjórn landsbankans

Dómur:

Hinn 24. dag nóvembermánaðar 1883 tók tómthús-

maður Guðmundur Guðmundsson á Arnarhólslóð í Reykjavík 250 kr. að láni hjá sparisjóð Reykjavíkur, og veðsetti til tryggingar fyrir láni þessu, vöxtum af því og væntanlegum kostnaði, með fyrsta forgöngurjetti húseign sína í Reykjavík, steinhús á Arnarhólslóð, 501 kr. að virðingu, með lóð og öllu er eigninni fylgdi, og var brunabótaábyrgð hússins einnig innifalin í veðsetningunni. Áminnzt veðskuldabrjef var afhent landsbankanum til eignar 19. aprílm. 1887. Með því að skuldunautur eigi hafði greitt hina áskildu vexti af láninu frá 11. des. 1885, heimtaði stjórn landsbankans með brjefum 4. apríl 1888 og 6. apríl 1889, að bæjarfógetinn í Reykjavík framkvæmdi fjárnám í húseigninni samkvæmt lögum 16. desbr. 1885, 15. og 16. gr., og seldi hana síðan á opinberu uppboði til lúkningar skuldinni. Hinn 16. aprílmán. 1888 ljet bæjarfógetinn stefnuvotta birta Guðmundi Guðmundssyni, að fjárnám myndi verða gjört í eigninni að 3 dögum liðnum. Fjárnámið var þó eigi gjört fyr en 12. apríl 1889, og var fjárnámið þá gjört í hinni veðsettu eign, steinhúsi eða bæ Guðmundar Guðmundssonar, fyrir skuldarhöfuðstól, ógreiddum vöxtum og öllum kostnaði. Síðan var eignin, hús eða bær Guðmundar, eins og það ýmist er kallað, og stundum kennt við Lindargötu, auglýst til sölu á löglegan hátt, og fór 1. uppboð fram 1. maí 1889. Á tjeðu uppboði mætti timburmaður O. J. Haldorsen, og mótmælti því, að ½ bærinn yrði seldur, með því að hann væri eign Jóns Gíslasonar, og hefði hann veðsett sjer þenna bæjarhelming með veðbrjefi 14. febrúar 1888, þinglesnu 16. sama mánaðar. Þessum mótmælum var hrundið með úrskurði uppboðsrjettarins, uppkveðnum 15. maímán. f. á., og fram fór þá annað uppboð á eigninni. Þegar 3.

uppboð á eigninni átti að fara fram, hinn 31. maímán. síðastliðinn, komu þeir fram fyrir uppboðsrjettinum, O. J. Haldorsen og Jón Gíslason, og mótmæltu því, að ½ húseignin yrði seld, með því að hún væri eign Jóns Gíslasonar, og hann hafi veðsett O. J. Haldorsen þenna sinn helming bæjarins; til sönnunar eignarrjetti sínum yfir bæjarhelmingnum vitnaði Jón Gíslason til yfirlýsingar Guðmundar Guðmundssonar, er hann hafði útgefið 3. nóv. 1887 og O. Haldorsen framlagði á 1. uppboðinu. Um þessi mótmæli úrskurðaði uppboðsrjetturinn hinn 1. dag júnímán. f. á., að þau yrðu ekki til greina tekin, og var síðan hin veðsetta eign boðin upp, og með því að eigi fekkst meira en 200 króna boð í hana, krafðist umboðsmaður landsbankans þess, að eignin yrði lögð bankanum út fyrir hæsta boð.

Framangreindum fjárnáms- og uppboðsgjörðum, svo og hinum uppkveðnu úrskurðum, hefur Jón Gíslason, að fenginni gjafsókn og með skipuðum málflutningsmanni, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 26. september f. á., og eru það hans rjettarkröfur, að gjörðirnar og úrskurðirnir verði dæmdir ómerkir, annaðhvort að öllu leyti, eða til vara að því leyti sem þær og þeir snerta eign áfrýjandans, ½ bæinn Lindargötu, og að stjórn landsbankans verði skylduð til að greiða áfrýjandanum skaðabætur, að upphæð 200 krónur eða eptir mati, sömuleiðis hæfileg málfærslulaun, og allan málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Á hinn bóginn hefur stefndi krafizt þess, að málinu verði frávísað yfirdómi og áfrýjandinn dæmdur til að greiða hæfilega upphæð sem «kost og tæring», en til vara að hinar áfrýjuðu gjörðir verði staðfestar og að stefnda verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður hjá áfrýjanda.

Frávísunarkröfur sínar hefur stefndi byggt á því, að 3 skjöl, fram lögð í uppboðsrjettinum, hafa eigi verið innfærð í uppboðsgjörðirnar, heldur látin fylgja þeim in originali; en þessi áminnztu skjöl eru eigi svo úr garði gjörð, að heimtað verði af uppboðsrjettinum, að hann innfærði þau í uppboðsgjörðirnar, og verður því málinu eigi frávísað fyrir þá sök.

Þar sem umboðsmaður áfrýjanda á hinn bóginn hefur krafizt þess, að hinar áfrýjuðu rjettargjörðir verði dæmdar ómerkar, þá hefur hann tilfært sem ástæðu fyrir þessari kröfu sinni, *að* skuldunaut hafi eigi lögum samkvæmt (sjá lög um lögtak og fjárnám 16. desbr. 1885, 15. gr.) verið birt lögtakið fyrir fram og *að* fjárnámsbeiðandi hafi eigi mætt nje látið mæta við fjárnámið eins og fyrir er mælt í lögum um að aðför 4. nóv. 1887, 34. gr. Þetta getur þó eigi hnekkt gildi umgetinna rjettargjörða. Skuldunautur, Guðmundur Guðmundsson, átti að vísu heimting á því, að fjárnámið væri birt fyrir honum lögum samkvæmt; en hann hefur eigi áfrýjað fjárnámsgjörðinni, og áfrýjandinn, sem sjálfur eigi gat krafizt þess, að honum væri gjörð tilkynning um fjárnámið, getur að því leyti eigi notið hins sama rjettar og Guðmundur í þessu máli. Þá verður og yfirdómurinn að álíta, að úr því að fógetinn treysti sjer til að framkvæma fjárnámsgjörðina, án þess að gjörðarbeiðandi væri sjálfur viðstaddur eða ljeti mæta fyrir sig við fjárnámið, þá verði gjörðin eigi ónýtt fyrir þessa skuld; fógetinn gat að vísu krafizt þess, að fjárnámsbeiðandi væri viðstaddur, en honum var eigi skylt að gjöra það. Samkvæmt þessu verða ómerkingarkröfur áfrýjanda eigi teknar til greina.

Þá hefur umboðsmaður áfrýjandans haldið því fram,

og gjört þá kröfu, að fjárnámið og uppboðsgjörðin með undanfarandi úrskurðum verði úr gildi fellt, að minnsta kosti að nokkru leyti, með því að áfrýjandinn, Jón Gíslason, hafi átt hálfa hina veðsettu og seldu eign, og Guðmundur Guðmundsson hafi eigi haft neina heimild til að veðsetja þennan eignarpart áfrýjandans. Eins og áður er tekið fram veðsetti Guðmundur sparisjóðnum «húseign sína í Reykjavík, steinhús á Arnarhólslóð, með lóð og öllu, er eigninni fylgir», án þess, að þess þá væri getið, að nokkur annar ætti part í húsinu; veðbrjefið var síðan þinglesið athugasemdalaust hinn 8. maí 1884. Áfrýjandinn hefur nú sem sönnun fyrir því, að hann hafi frá fyrsta verið eigandi að hálfri hinni veðsettu eign, vitnað, eins og áður hefur sagt verið, til yfirlýsingar Guðmundar Guðmundssonar, þess er út gaf nýnefnt veðskuldabrjef, dagsettrar 3. nóvember 1887, þar sem Guðmundur lýsir því yfir, að áfrýjandinn «byggði hann (bæinn Lindargötu) frá stofni að hálfu á móti mjer og er eigandi hans að hálfu»; en þessi orð *má* að minnsta kosti skilja á þann veg, er uppboðsráðandi virðist hafa gjört, að með þeim sje að eins viðurkennt, að áfrýjandinn þá (1887) sje orðinn eigandi að hálfum bænum, en eigi að hann hafi verið það frá fyrstu, og þenna skiling, sem getur fullkomlega samrýmzt orðunum í yfirlýsingunni, virðist rjett að aðhyllast, þegar litið er bæði til áðurnefnds veðskuldabrjefs, þar sem Guðmundur ekkert minnist á, að annar sje eigandi að nokkrum hluta bæjarins, svo og til þess, að áfrýjandi sjálfur bar það fyrir uppboðsrjettinum, að Guðmundur hefði með vilja sínum og vitund verið skrifaður fyrir bænum frá því hann var byggður og allt þar til að Guðmundur gaf út yfirlýsinguna 1887. Samkvæmt þessu verður að

álíta, að áfrýjandinn hafi eigi fært sönnur fyrir því, að veðsetningin til sparisjóðsins hafi verið ólögmæt, að því helming hinnar veðsettu eignar snertir, og verður því að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnáms- og uppboðsgjörð og undanfarandi úrskurði. Málskostnaður virðist eiga að falla niður, og eptir þessum úrslitum málsins verða engin málsfærslulaun tildæmd hinum skipaða málfærslumanni áfrýjandans.

Það vottast, að flutningur málsins af hálfu sækjanda hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgjörð og uppboðsgjörð með undanfarandi úrskurðum eiga að vera óraskaðar.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 20. janúarmánaðar.

Nr. 52/1889. Hreppsnefnd Arnarneshrepps.
gegn
Halldóri Briem.

Dómur:

Hinn 27. febrúar f. á. gjörði hreppstjórinn í Arnarneshreppi lögtak hjá Halldóri Briem, kennara við Möðruvallaskóla, fyrir aukaútsvari, að upphæð 30 kr., er hreppsnefndin í Arnarneshreppi hafði lagt á Halldór Briem fyrir árið 1888—89. Þessa lögtaksgjörð felldi fógetarjettur Eyjafjarðarsýslu úr gildi 13. marz næst eptir. En með stefnu 26. ágúst f. á. áfrýjaði hreppsnefnd Arnarneshrepps nýnefndum úrskurði til landsyfirdómsins og hafði til þess fengið gjafsókn og

skipaðan talsmann. Rjettarkrafa áfrýjanda er sú, að hinn áfrýjaði úrskurður verði feldur úr gildi, en lögtaksgjörðin 27. febrúarmán. f. á. í alla staði staðfest, og að hinn stefndi verði dæmdur til að borga allan málskostnað fyrir undir- og yfirdómi, eins og málið eigi væri gjafsóknarmál, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda fyrir yfirdómi. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og hreppsnefndin í Arnarneshreppi skylduð til að greiða sjer allan þann kostnað, er hann hefur orðið fyrir út af áfrýjun málsins, að skaðlausu eða eptir mati yfirdómsins, en til vara, að lögtaksgjörð hreppstjórans frá 27. febrúarmán. f. á. verði ónýtt, að því er hálfa útsvarshæðina, 15 krónur, snertir, með því að stefndi í öllu falli hafði lögheimili á Akureyri í 4½ mánuð sumarið 1888, sömuleiðis eldstó, búskap og vinnuhjú árlangt, og dvaldi þar sjálfur persónulega að vetrinum um hátíðirnar og allar helgar — eða að lögtakið verði að minnsta kosti gjört ónýtt fyrir ⅝ af útsvarinu fyrir tímabilið frá 14. maí til 30. september, og að málskostnaður þá verði dæmdur stefnda eptir rjettarins mati.

Það er komið fram í málinu og viðurkennt af sjálfum áfrýjandanum, að hinn stefndi, Halldór Briem, sem er kennari við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum í Arnarneshreppi, hjelt hús á Akureyri frá vordögum 1888 til vordaga 1889 og ljet konu sína og hjú búa þar, að hann sjálfur dvaldi þar, þangað til skóli byrjaði á Möðruvöllum haustið 1888, en eptir það hafði hann að nokkru leyti kost, þjónustu og húsnæði hjá skólastjóranum á Möðruvöllum, þó svo, að hann fór einusinni í hverri viku, svo og um hátíðar, inn á Akureyri og bjó þar

þá með konu sinni í húsi því, er þau höfðu tekið á leigu þar á staðnum.

Eptir því, sem þannig er upplýst í málinu, verður að álíta, að hinn stefndi hafi átt lögheimili á Akureyri fardagaárið 1888 89 og að fyrir því hafi eigi verið heimild til þess að leggja aukaútsvar á hann í Arnarneshreppi, þótt hann gegndi kennarastörfum við Möðruvallaskólann frá 1. okt 1888 til vordaga 1889. Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, og eptir þessum úrslitum málsins þykir rjett, að hreppsnefndin greiði hinum stefnda 25 krónur sem málskostnaðarendurgjald, en umboðsmanni hreppsnefndarinnar verða eigi tildæmd málflutningslaun að svo vöxnu máli.

Það vottast hjer með, að sókn málsins hefur verið lögmæt fyrir yfirdóminum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjandinn, hreppsnefnd Arnarneshrepps, á að greiða hinum stefnda, Halldóri skólakennara Briem, 25 krónur upp í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 10. febrúarmán.

Nr. 1/1890 Hið opinbera
gegn
N. S. Krüger.

Dómur:

Mál þetta er höfðað gegn kærða, lyfsala í Reykjavík N. S. Krüger, fyrir brot á helgidagalöggjöfinni, og var það dæmt fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur 9. desbr. f. á. þannig, að kærði skyldi samkvæmt 10. gr. tilsk. um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, 28. marz 1855, greiða 5 króna sekt í fátækrasjóð Reykjavíkur og allan af málinu leiðandi kostnað, en dómi þeim hefur bæði að ósk hins kærða og fyrir hönd hins opinbera verið skotið til yfirdómsins.

Kærði hefur kannazt við það, að hann selji vínföng og hvað annað, er honum er heimilt að verzla með, eins á sunnudögum sem öðrum dögum, án þess það væri eptir læknisfyrirmælum, en eigi seldi hann þó vínföng í minna mæli en boðið er í lögum 10. febr. 1888, um veitingu og sölu áfengra drykkja, og álítur hann, að hann hafi heimild til að verzla þannig, eins á sunnudögum sem öðrum dögum, eptir löggjöfinni um lyfsölubúðir, sjerstaklega tilsk. 4. des. 1672. Yfirdómurinn verður þó að vera undirdómaranum samdóma um, að nýnefnd tilsk. 4. des. 1672, sjerstaklega 18. gr. hennar, veiti eigi lyfsölum frekari rjett til vínfangasölu, en vínsölumenn yfir höfuð hafa, og þar sem fyrnefnd tilsk. 28. marz 1855, 3. gr., bannar alla verzlunaratvinnu á sunnu- og helgidögum og aðeins leyfir sjerstaklega lyfsölum að selja *læknisdóma* á þeim dögum, þá verður kærði að álítast með áminnztri vínsölu sinni að hafa orðið brotlegur gegn þessari tilskipun, og með því að upphæð sektar þeirrar, er hann hefur til unnið, þykir hæfilega ákveðin í undirdóminum 5 krónur og yfirdómurinn fellst einnig á málskostnaðarákvæði hans, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í öllum greinum. Kærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur máls þessa í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á óraskaður að standa; kærði, lyfsali N. S. Krüger, greiði allan af áfrýjun máls þessa leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 2/1890. Rjettvísin gegn Jóhannesi Magnússyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Skagafjarðarsýslu uppkveðnum 24. ágústm. f. á. var hinn ákærði Jóhannes Magnússon dæmdur fyrir skjalafölsun til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 5 daga, svo og til að greiða allan kostnað málsins, þar með talin varnarlaun til talsmanns í hjeraði, 4 kr. Dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins af hálfu hins opinbera.

Það er sannað með játningu hins ákærða sjálfs og öðrum skýrslum í málinu, að hann hafi í fyrra haust ritað 2 ávísanir undir nafni annars manns, Sveins Árnasonar á Yztamói, án þess hann hafi haft heimild til þess. Önnur ávísunin, útgefin 21. okt. 1888, var stýluð til kaupmanns V. Claessens á Sauðárkróki, en hin, útgefin sama dag, var stýluð til verzlunarstjóra L. Popps þar á staðnum. Hin fyrnefnda ávísanin hljóðaði um 20 kr., hin síðarnefnda um 30 kr., og áttu upphæðir þessar eptir ákvæðum ávísunarseðlanna að greiðast einhverjum Jóni Davíðssyni á Klaufabrekkum. Þegar hinn ákærði svo var á ferð á Sauðárkrók, í fyrra haust, sýndi hann kaupmanni Claessen fyrst ávísunina, sem stýluð var upp á hann, og beiddist að fá upphæð hennar greidda, en Claessen neitaði að borga hana. Þá fór ákærði til Popps, sýndi honum hina ávísunina, og fjekk

greitt út á hana 10 kr., mestmegnis í vörum, og hagnýtti hann sjer það, sem hann fjekk út á ávísanina, í ýmsar þarfir sínar.

Hinn ákærði virðist eigi hafa gert frekari tilraunir til að notfæra sjer þessar ávísanir. Hann hefur kannazt við það, að hann hafi skrifað nafnið «Jón Davíðsson» í ávísanirnar út í bláinn og án þess að hafa í huga sjer nokkra persónu með þessu nafni. Hinn ákærði gaf sig sjálfkrafa fram fyrir hlutaðeigandi dómara, sem sekan í hinum tilgreinda glæp. Hann var mjög þunglyndur um það leyti hann drýgði afbrotið, og þá, eða nokkru síðar, gjörði hann tilraun til þess að fyrirfara sjer, með því að drekka ólyfjan, og var hann mjög veikur lengi eptir það; samt sem áður verður eptir skýrslum málsins að álíta, að hann hafi verið svo heill á sál og líkama, þegar hann gjörði sig sekan í afbrotinu, að hann verði afdráttarlaust að þola refsingu fyrir það, eptir hinum almennu fyrirmælum laganna.

Hinn ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður verið sakaður nje dæmdur fyrir nokkurn glæp, hefur eptir hinu framanritaða gjört sig sekan í skjalafölsun og í tilraun til að fremja sama glæp, og virðist mega ákveða refsinguna fyrir hann 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 270. gr. og 46. gr. sbr. 270. gr., sbr. einnig 61. gr. Svo verður hann og að greiða allan kostnað sakarinnar þar með talin málflutningslaun til svaramanns í hjeraði, 4 kr., og til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur máls þessa í hjeraði hefur verið vítalaus, og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Jóhannes Magnússon á að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og greiða allan kostnað máls þessa í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til verjanda fyrir aukarjettinum, Árna hjeraðslæknis Jónssonar, 4 kr., og til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 24. marzmán.

Nr. 4/1890. Hið opinbera
gegn
Eggert Laxdal.

Dómur:

Með lögreglurjettardómi Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 10. okt. 1889, var verzlunarstjóri Eggert Laxdal dæmdur til að greiða 4 kr. sekt í hlutaðeigandi fátæktrasjóð, svo og til að lúka allan málskostnað í máli, sem var höfðað á móti honum fyrir ólöglega lyfjasölu. Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins bæði eptir ósk hins ákærða og af hálfu hins opinbera.

Í blaðinu «Norðurljósið» 4. árg. 9. tölubl., sem út kom á Akureyri 25. maí 1889, auglýsti hinn kærði, að í verzlun hans væri til sölu «ýms lyf», svo sem «Kjöngsplástur (ekta), Sundhedssalt (ekta), Brama-lífs Elixír (ekta), Opodeldoc (gigtaráburður), Róboransdropar (samansettir chinadropar), hreinsað sodaduft og sýra». Út af

þessari auglýsingu var hann kærður fyrir ólöglega lyfjasölu, og fyrir lögreglurjettinum kannaðist hann við það, að hann hefði gefið út tjeða auglýsingu og að hann hefði selt «Opodeldoc», «Roboransdropa» og «Kjöngsplástur». Þar á móti finnst eigi í málinu viðurkenning hins kærða fyrir því, að hann hafi selt «Sundhedssalt», «Brama-lífs-Elixír» og «Sodaduft» (hreinsað) og «sýru», þó hann hafi auglýst það til sölu.

Með því á penna hátt að auglýsa til sölu og selja «Opodeldoc», «Roboransdropa» og «Kjöngsplástur» — en þessar vörur heyra eiginlega lyfjabúðum til — hefur hinn kærði gjörzt brotlegur gegn fyrirmælum í tilsk. 4. des. 1672, sjá sjerstaklega 11., 29. og 30. gr., sbr. Instrux fyrir landlækni 25. febr. 1824, 18. gr. og Instrux fyrir hjeraðslæka 25. febr. 1824, 17. gr. Refsinguna fyrir brot þetta þykir mega ákveða eptir atvikum 4 kr. sekt, er renni í hlutaðeigandi fátækrasjóð. Hinn kærði verður og, eptir þessum úrslitum málsins, að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málfærsla við yfirdóm lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Eggert verzlunarstjóri Laxdal, á að greiða 4 kr. sekt í hlutaðeigandi fátækrasjóð og auk þess allan kostnað sakarinnar, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málflutningsmannanna Páls

Briem, og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 63/1889. Hannes Hafstein fyrir hönd Alex. Mc. Glashan & Son gegn Jóhönnu Kr. Bjarnason.

Dómur:

Mál þetta er risið út af skuld, að upphæð 9265 kr. 20 a., er umbjóðendur áfrýjandans, kaupmennirnir Alex. Mc Glashan & Son í Granton telja til fyrir vörur, er þeir hafi látið verzlunina «Jóhanna Bjarnason & Co.» í Reykjavík fá árin 1884 og 1885, en áfrýjandinn telur stefndu, er þá sat í óskiptu búi eptir mann sinn látinn, Hákon kaupmann Bjarnason frá Bíldudal, hafa verið eiganda nefndrar verzlunar, sem sonur hennar Brynjólfur H. Bjarnason var forstjóri fyrir, eða að minnsta kosti hafi hún borið ábyrgð á skuldaskiptum verzlunarinnar við menn út í frá, þar sem verzlunin var rekin upp á borgarabrjef hennar sjálfrar til verzlunar.

Þegar skipti áttu fram að fara í dánar- og fjelagsbúi hinnar stefndu og nefnds manns hennar, og innköllun til skuldheimtumanna hafði verið útgefin í búinu, lýsti áfrýjandinn, sumarið 1887, þessari sömu skuld í búið, en með því að umboðsskjal það, er hann þá framfærði sem heimild til að krefja skuldarinnar, var að eins, eptir eigin viðurkenningu hans, stýlað til skuldheimtu á hendur Brynjólfi H. Bjarnasyni, þeim er áður er nefnd-

ur, þá var úrskurðað svo af skiptarjettinum, er hafði búið til meðferðar, að álíta bæri, að kraían hefði alls eigi fram komið á hendur búinu frá Alex Mc. Glashan & Son. Nokkru síðar höfðaði áfrýjandinn þá mál það, er nú er stefnt hjer fyrir rjettinn, gegn hinni stefndu, til að fá hana skyldaða til að greiða skuldina alla eða að þeim hluta ($^2/_3$), sem á hana hefði fallið, ef skuldin hefði verið greidd úr búi hennar og manns hennar óskiptu, en með bæjarþingsdómi Reykjavíkur 16. maí f. á. var stefnda dæmd sýkn af kærum og kröfum stefnandans í þessu máli og málskostnaður látinn falla niður.

Áfrýjandinn hefur nú krafizt þess, að þessi bæjarþingsdómur verði úr gildi felldur, en að stefnda verði dæmd til að greiða umbjóðendum sínum principaliter 9265 kr. 20 aura, subsidiært 6176 kr. 80 a., hvorttveggja með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og málskostnað fyrir báðum dómum eptir mati yfirdómsins. Stefnda hefur aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Hin stefnda hefur meðal annars fært það sjer til varnar, að hin umkrafða skuld sje, hvernig sem á sje litið, fyrnd eða fallin úr gildi við það, að henni hafi eigi verið löglega lýst í bú hennar og manns hennar eptir innköllun þeirri til skuldheimtumanna, er þar var útgefin og áður var á minnzt, og þessa varnarástæðu verður yfirdómurinn að aðhyllast, því að það verður eigi álitið, að lýsing sú á skuldinni í bú stefndu og manns hennar, er áður er um getið, hafi getað varið skuld þessa fyrningu, með því að áfrýjandanum eigi tókst þá að sanna heimild sína til að beina kröfunni á hendur bú-

inu. Það verður því að sýkna hina stefndu fyrir kærum og kröfum áfrýjandans og staðfesta bæjarþingsdóminn einnig hvað málskostnað snertir. Í málskostnað fyrir yfirdómi virðist hæfa, að áfrýjandi greiði stefndu 10 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Áfrýjandinn, cand. jur. Hannes Hafstein fyrir hönd Alex. Mc. Glashan & Son, greiði stefndu, ekkjufrú Jóhönnu Kr. Bjarnason, í málskostnað fyrir yfirdómi 10 kr., er lúkist innnan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa, undir aðför að lögum.

Mánudaginn 14. aprílmán.

Nr. 6/1890. Rjettvísin gegn Nikulási Guðmundssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Húnavatnssýslu, 29. júlí f. á., var hinn ákærði, Nikulás Guðmundsson, húsmaður í Skyttudal, dæmdur fyrir heimildarlausa töku og brúkun á hryssu, sem annar maður átti, í 20 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 6 daga einfalt fangelsi samkvæmt 238. gr. hegningarlaganna, sbr. 40. gr. þeirra. Svo skyldi hann og greiða 10 kr. í skaðabætur til eiganda hryssunnar og allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 6 kr. í málsvarnarlaun til svaramanns síns í

hjeraði. Dómi þessum hefur eptir ósk hins ákærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu löglega sannað, að þegar hann í miðjum júnímán. 1888 var í ferð fótgangandi norður á Sauðárkrók, tók hann í heimleiðinni í högunum hjá Skollatungu í Sauðárhreppi, um eða eptir háttatíma, gráa hryssu, sem þar var og sem hann vissi ekki hver átti; reið hann hryssunni heim til sín að Skyttudal í Laxárdal og hafði hana þar í högunum 2 eða 3 daga, en brúkaði hana síðan í tveggja daga ferð; svo hjelt hann kyrru fyrir með hryssuna einn dag, en daginn eptir þurfti hann að finna hreppstjórann í Bólstaðarhlíðarhreppi og reið hryssunni þangað, en þar var þá eigandi hryssunnar kominn og þekkti hana og tók til sín. Ekki kom ákærði þó með hryssuna heim á bæinn til hreppstjórans, heldur fór hann svo að, eins og víðar, þar sem hann kom með hana, að hann skildi hana eptir nokkuð frá bænum og kom gangandi heim, en eiganda hryssunnar grunaði, að ákærði hefði tekið hana og fór með hreppstjórann þangað sem hún var og aðgætti hana. Hafði ákærði taglskellt hryssuna og eptir brúkunina var hún fleiðruð undan keðju, eymd í herðum og bólgin um kjálkana. Krafðist eigandi hryssunnar þess síðan, að sakamál væri höfðað gegn ákærða.

Ákærði hefur stöðugt borið, að hann hafi eigi ætlað að kasta eign sinni á hryssuna, heldur að eins nota hana um tíma[1] ísínar þarfir og skila henni svo; og þeim framburði hans er eigi hnekkt. Ákærði hefur skýrt svo frá, og það styrkist af vitnisburðum, sem fram eru komnir í málinu, að hann hafi um það leyti, er hann drýgði áðurtjeð afbrot sitt, verið þjáður af svefn-

leysi og andvökum, og verið mjög órór og óstöðugur í geðsmunum, ýmist ofsakátur eða með döpru bragði, og hefur hlutaðeigandi hjeraðslæknir, sem reyndar eigi gafst kostur á að athuga sálarástand ákærða um það leyti, er afbrotið var framið, talið allsennilegt eptir hinum framkomnu vitnisburðum, að maðurinn hafi verið geðveikur þegar hann framdi afbrotið.

Ákærði er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, og hefur honum verið þrívegis refsað áður: 1. samkvæmt aukarjettardómi Húnavatnssýslu 23. jan. 1861 með 20 vandarhöggum fyrir þjófnað; 2. samkvæmt yfirrjettardómi 5. jan 1874 með 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir þjófnað og fyrir heimildarlausa töku og brúkun á annara hrossum; 3. samkvæmt aukarjettardómi Húnavatnssýslu 11. apríl 1882 með 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir þjófnað.

Refsing sú, sem ákærði hefur til unnið í þessu máli, er af undirdómaranum rjettilega ákveðin eptir 238. gr. hegningarlaganna, og þykir með hliðsjón af 40. gr. þeirra hæfilega metin af honum 20 kr. sekt til landssjóðs, er afplánist með 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð. Yfirdómurinn fellst einnig á málskostnaðarákvæði aukarjettardómsins, og ákvæði hans um skaðabætur, og ber því að staðfesta hann í öllum greinum. Ákærða ber einnig að greiða kostnað allan af áfrýjun málsins, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors. Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á óraskaður að

standa. Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, undir aðför að lögum.

Nr. 5/1890. Rjettvísin
gegn
Guðrúnu Guðmundsdóttur.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Vestmannaeyjasýslu, gengnum 23. jan.mán. þ. á., var hin ákærða Guðrún Guðmundsdóttir dæmd fyrir einfaldan þjófnað, framinn í fyrsta sinn, til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga, svo og til að greiða allan kostnað af málinu. Þessum dómi hefur að beiðni hinnar ákærðu verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Það er löglega sannað í málinu með eigin játningu hinnar ákærðu og öðrum skýrslum, að hún í haust er leið tók ófrjálsri hendi frá húsbændum sínum þá muni er nú skal greina: 3 ósoðna saltkjötsbita, 1 ósoðinn lundabagga, 1 blóðmörsiður, 2 pd. af hveiti, dálítið af grænsápu, nokkrar agnir af soda, ullarlagð, svo sem í eina kembu, ullarband svo sem 2var eða 3var í hespubrot, 1 sneið af brauði yfir um brauðið, 3 jarðepli, 3 hvítasykursmola, nokkrar dúkpjötlur, 1 hnefa af kaffi, ½—1 pd. af smjöri, og gulsápustykki tæpt ¼ pd.

Alla þessa muni, nema bandið, sem húsmóðir hennar hafði fengið henni í því skyni, að hún notaði það til að gjöra við peisu vinnumannsins með, og nokkuð af ullinni, tók hún í loptherbergi, er hún og hinar aðrar vinnukonur gengu um. Munirnir eru virtir alls: 2 kr. 14 a., og eru fengnir eigendunum, að undanskildu smjörinu og kaffinu, er ekki hefur komið til skila og ekki hefur sannazt, hvað af hefur orðið, en sem þeir hafa fráfallið endurgjaldi fyrir. Hin ákærða hefur skýrt frá, að hún hafi leiðzt til að stela þessu sökum fátæktar foreldra sinna, og af því, að bræður hennar litlu hafi opt verið soltnir og hún því hafi ætlað að gefa þeim það, sem ætt var af því.

Þetta afbrot hinnar ákærðu, sem er 26 ára að aldri og ekki áður hefur sætt hegningu fyrir neitt lagabrot — að vísu hefur ekki verið útvegað hegningarvottorð frá Reykjavík, þar sem hún dvaldi í rúmt ár, en vottorð um góða hegðun hennar frá húsbændum hennar þar hefur verið lagt fram fyrir landsyfirdóminum — hefur hjeraðsdómarinn með rjettu heimfært undir 230. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þótt þýfið væri lítils virði, þá, með því að hin ákærða stal frá húsbændum sínum, virðist hegningin af honum hæfilega metin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og með því landsyfirdómurinn einnig fellst á ákvæði hjeraðsdómsins, að því til málskostnaðar kemur, ber að öllu leyti að staðfesta hjeraðsdóminn. Ákærðu ber einnig að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Ákærða Guðrún Guðmundsdóttir greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 59/1889. Páll Jóakimson
gegn
Marteini Þorgrímssyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað af stefnda, Marteini Þorgrímssyni á Hafralæk, fyrir lögreglurjetti Þingeyjarsýslu, gegn áfrýjandanum Páli Jóakimssyni í Árbót út af því, að áfrýjandinn, er stefndi taldi sig hafa verið vistráðinn hjá krossmessuárið 1888—1889, hefði slegið stefnda í andlitið til blóðnasa og skemmda 21. okt. 1888, og vísað honum síðan úr vistinni, ogkrafðist stefndi því fyrir lögreglurjettinum árskaups hjá áfrýjanda að upphæð 40 kr. og matarverðs samkvæmt hjúalögunum frá nefndum degi 21. okt. 1888, til hjúaskildaga 1889, og málskostnaðar, samt bóta fyrir áverka, en til vara krafðist hann matarverðs samkvæmt greindum lögum og málskostnaðar, og enn til vara sumarkaups allt að 60 kr. og málskostnaðar eptir reikningi. Var málið dæmt 11. maí f. á., á þá leið, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda í sumarkaup 1888 48 kr., en var

sýkn dæmdur að öðru leyti, og var svo kveðið á í dóminum samkvæmt kröfu áfrýjanda, að áburður stefnda á áfrýjanda um misþyrmingu skyldi vera dauður og marklaus, svo hann kæmi ekki mannorði hans til rýrðar. Málskostnaður skyldi falla niður.

Afrýjandinn hefur krafizt þess hjer fyrir rjettinum, fyrst og fremst, að nefndur dómur verði dæmdur ómerkur, að því er hann snertir kröfur stefnda á hendur áfrýjanda, og þessum kröfum vísað frá undirrjetti, en að hann verði staðfestur að því er hann ómerkir áburð stefnda á áfrýjanda, og til vara, að áfrýjandi verði algjörlega sýkn dæmdur af kröfum og kærum stefnda, en dómurinn staðfestur að því ómerking snerti á áburði stefnda á áfrýjanda; hvernig sem fer hefur hann að auki krafizt þess, að stefndi verður dæmdur til að borga allan málskostnað fyrir báðum dómum, með einhverju nægilegu eptir mati yfirdómsins. Stefndi hefur aptur á móti krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi skyldaður til að greiða sjer hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Að því snertir málsatriðið um burtvísun stefnda úr vist af hálfu áfrýjanda, er það upplýst í sökinni, að stefndi dvaldi á heimili áfrýjandans frá 15. maí 1888 til 21. okt. s. á., en áfrýjandinn hefur skýlaust neitað því, að hann hafi verið þar sem vistráðið hjú sitt og kveðst að eins hafa, fyrir þrábeiðni þeirra, sem að stefnda stóðu, um, að hann tæki hann og reyndi að kenna honum til verka, leyft að hann mætti koma til sín til reynslu, þó ekki fyr en eptir hvítasunnu (20. maí), og hafi enginn samningur verið gjörður um veru stefnda hjá sjer, um meðgjöf með honum, kaup eða nokkuð þess konar. Stefnda hefur nú eigi tekizt að

sanna, að hann hafi verið vistráðið hjú áfrýjanda hið umrædda krossmessuár, og verður því að sýkna áfrýjandann fyrir kröfu stefnda út af þessu efni, og er því eptir skýrslum málsins ekki unnt, að taka varakröfu hans um sumarkaup til greina.

Að því leyti hinn stefndi í máli þessu hefur lögsótt áfrýjandann nú fyrir það, að hann hafi slegið sig í andlitið til blóðnasa og skemmda, var, með því stefndi ekki var vistráðið hjú hjá áfrýjanda, eigi heimild til þess að reka mál út af þessu fyrir lögreglurjetti og að ganga fram hjá lögskipaðri sáttanefnd, og ber því að svo miklu leyti að vísa málinu frá lögreglurjettinum.

Að því snertir ómerkingu á áburði stefnda á áfrýjanda, verður að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, með því honum hefur eigi verið áfrýjað til breytingar að því leyti; svo ber og að staðfesta málskostnaðarákvæði hans.

Eptir atvikum þykir rjett, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Kröfum hins stefnda Marteins Þorgrímssonar út af líkamlegri árás og meiðslum vísast frá lögreglurjettinum. Áfrýjandinn Páll Jóakimsson á að öðru leyti að vera sýkn fyrir kærum og kröfum stefnda í máli þessu. Um ómerkingu meiðyrða og um málskostnað í hjeraði á lögreglurjettardómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 50/1889 Eigendur Skarða
gegn
Sigurpáli Árnasyni.

Dómur:

Landamerkjamál þetta er í hjeraði höfðað af Sigurpáli Árnasyni, eiganda jarðarinnar Skóga í Reykjahverfi í Þingeyjarsýslu gegn eigendum jarðarinnar Skarða, Jóni Jónssyni, Jóni Á. Árnasyni og Jakobínu Jónsdóttur, eptir að árangurslaust hafði verið leitað um sættir af hlutaðeigandi sáttanefnd milli málsviðeigandanna. Eigandi Skóga hefur talið landamerkin þessi: *að móts við* Skarðaland ráði frá Mýrarkvísl Skógaá meðan hún rennur beint, þá garður sá, sem liggur upp yfir þvera Litlumýri, þar sem Skógaá beygist til suðurs og svo bein stefna úr garðinum laust fyrir sunnan Grísatungur austur í Sæluhús. Á hinn bóginn töldu eigendur Skarða til þessara landamerkja fyrir jörð sinni gagnvart Skógum, að Skógaá ráði merkjum milli jarðanna alla leið frá upptökum árinnar, en frá upptökum hennar bein lína í Sæluhús. Málið var dæmt í landamerkjadómi Þingeyjarsýslu, 14. sept. 1888, og tók dómurinn til greina og staðfesti merkjasetningu eiganda Skóga óbreytta eins og hún er skráð hjer að framan; um málskostnað, þar með talda dagpeninga dómsmanna 45 kr. ákvað dómurinn, að helmingur hans skyldi greiðast af hvorum fyrir sig, sækjanda og verjanda.

Landamerkjadómi þessum hafa eigendur Skarða skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 26. ág. f. á. og krafizt þess, að hann verði ómerkur dæmdur, og að hinn stefndi eigandi Skóga, Sigurpáll Árnason, verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum með 200

kr. eða eptir mati rjettarins. Hinn stefndi, nefndur Sigurpáll Árnason, hefur á hinn bóginn krafizt þess, að hinn áfrýjaði merkjadómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdir til að greiða allan málskostnað með 100 kr. eða eptir mati rjettarins.

Í máli þessu hafa áfrýjendurnir lagt fram, til þess að sanna, að landamerkjakrafa þeirra sje rjett, afsalsbrjef útgefið 5. maí 1652 fyrir 30 hdr. í jörðinni Skörðum, er Bjarni prestur Jónsson þá seldi Þorláki biskupi Skúlasyni, og segir svo í þessu afsalsbrjefi, sem þinglesið hefur verið nokkrum sinnum, um landamerki jarðarinnar: «En fyrir sunnan Skörð segir hann að ráði landamerkjum Skógaá, sem fellur á milli Skóga og Skarða; fylgir jörðu þessari, Skörðum, allt samfast land, Grísatungur og allt austur að Sæluhúsinu móts við Fjallamenn». Skjal þetta hefur að eins verið framlagt í eptirriti, en hinn stefndi hefur hvorki mótmælt eptirritinu nje heldur «authenti» frumskjalsins. Engar aðrar skjallegar sannanir hafa fram komið í málinu um landamerkin. Samt sem áður hefur merkjadómurinn eigi sett merkin samkvæmt skjali þessu, þar sem hann að eins hefur látið Skógaá ráða merkjunum, meðan hún rennur beint, en úr því sett önnur merki, sem virðast vera beinni en áin. En til þess þannig að víkja frá og dæma þvert ofan í hið eina áreiðanlega skilríki fyrir landamerkjum jarðanna, sem komið er fram af hálfu málsaðila, virðast dómendur eigi hafa haft lögmæta heimild. Það er eigi rjett, sem segir í dóminum, að Grísatungur sjeu auðsjáanlega settar í afsalsbrjefið til að tákna landamerki Skarðalands að sunnan, því að brjefið segir ekki annað í því efni, en að Skörð eigi Grísatungur. Að merkjasetning áfrýjandanna sje óeðlileg eptir landshátt-

um, eins og dómurinn segir, getur ekki hnekkt gildi afsalsbrjefsins, en á hinn bóginn skal það tekið fram, að sú merkjasetning verður naumast álitin koma í bága við landshættina, þar sem sama áin er látin ráða merkjum frá upptökum að ósi, sjer í lagi úr, því að það er viðurkennt, að hún að minnsta kosti á að ráða merkjum að nokkru leyti, sbr. lög 17. marz 1882, 2. gr.

Með vitnaleiðslu þeirri, sem fram hefur farið í málinu, er ekkert sannað, er hnekkt geti sönnunargildi afsalsbrjefsins, því að vitnin bera ekki annað, en að þau þekki örnefni þau, sem hinn stefndi virðist binda merkjalýsingu sína við, og að þau hafi *heyrt* þau *talin* ráða merkjum milli Skóga og Skarða.

Að hinn stefndi hafi brúkað hið umþrætta land 20 vetur eða lengur, er hvorki sannað nje viðurkennt í málinu eptir hinum framlögðu skjölum þess, enda gæti það og eigi hnekkt gildi afsalsbrjefsins, sbr. Jb. Llb., kap. 26. i. f.

Samkvæmt hinu framanritaða verður eptir kröfu áfrýjendanna og með tilvitnun til landamerkjalaganna 12. gr., að ónýta hinn áfrýjaða merkjadóm og vísa málinu heim aptur. Málskostnaður í hjeraði virðist eiga að falla niður, en sem hæfilegt kostnaðarendurgjald fyrir yfirdómi greiði hinn stefndi áfrýjendunum 30 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur skal ógildur vera og vísast málinu heim í hjerað. Málskostnaður fyrir merkjadómi falli niður. Hinn stefndi, Sigurpáll Árnason, greiði áfrýjendunum, eigendum Skarða, 30 kr. upp í málskostnað fyrir yfirdómi

innan 8 vikna frá birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 3/1890. O. J. Haldorsen
gegn
M. Jóhannessen.

Dómur:

Með landsyfirrjettardómi 30. sept. f. á. var áfrýjandinn, timburmaður O. J. Halldorsen í Reykjavík, dæmdur til að greiða stefnda, kaupmanni s. st. M. Johannessen, verð fyrir þilskipið «Vonin», metið af 2 dómkvöddum, óvilhöllum og kunnugum mönnum, eptir því sem skip þetta var í sept. 1888, þegar það var flutt af Reykjavíkurhöfn, þó eigi meira en 3000 kr., og að frádregnum 80 kr., en málskostnaður skyldi falla niður. Dóm þenna ljet stefndi birta á heimili áfrýjanda 12. okt. f. á. og 31. s. m. fjekk hann útnefnda fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, að áfrýjanda viðstöddum, 2 menn til að meta þilskipið «Vonina», samkvæmt dóminum, og staðfestu matsmennirnir mat sitt með eiði fyrir rjettinum 12. des. næst á eptir, en með matinu var verð skipsins ákveðið 1600 kr. og upphæð sú, sem áfrýjanda bar að greiða samkvæmt dóminum, var því 1520 kr. Dagana 8., 10. og 13. jan. þ. á. var síðan eptir kröfu stefnda framkvæmt af bæjarfógetanum í Reykjavík fjárnám hjá áfrýjanda fyrir nefndri upphæð, 1520 kr., ásamt kostnaði við fullnæging fyrnefnds yfirrjettardóms, sem bæjarfógetinn úrskurðaði að væri 46 kr 80 a., en fjárnám var gjört í veðskuldabrjefum og öðrum fjemætum skjölum, er áfrýjandi átti, og í nokkrum

útistandandi skuldum honum tilheyrandi. Áfrýjandinn hefur krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að hið þannig framkvæmda fjárnám verði dæmt ómerkt og algjörlega úr gildi fellt, eða til vara, að því verði hrundið og breytt þannig, að hinar fjárnámi teknu eigur verði leystar undan fjárnáminu og stefndi skyldaður til að skila sjer þeim aptur, en kostnaðarreikningurinn við fjárnámið og fleira verði færður niður í 7 kr. Svo hefur hann og krafizt skaðabóta hjá stefnda fyrir tímatöf, átroðning og ónæði, að minnsta kosti 20 kr., og málskostnaðar að skaðlausu, eða eptir mati rjettarins. Aptur á móti hefur stefndi krafizt þess, að hin áfrýjaða gjörð verði staðfest í einu óg öllu, og sjer tildæmdur málskostnaður hjá mótpartinum.

Áfrýjandinn hefur fyrst og fremst haldið því fram, að yfirrjettarmálaflutningsmaður sá, er í umboði stefnda gaf út stefnu til eiðfestingar matsmanna, þeirra er áður eru nefndir, og mætti fyrir hönd stefnda við eiðfestinguna 12. des. f. á., hafi eigi haft umboð til þess frá stefnda; en áfrýjandinn mætti sjálfur við þetta tækifæri án þess að vefengja umboð tjeðs málaflutningsmanns, og verður því mótmælum hans nú eigi sinnt. Í öðru lagi hefur áfrýjandinn haft á móti upphæð fjárnámskostnaðarins, eins og bæjarfógeti úrskurðaði hann, 46 kr. 80 a., og neitað að vera með nokkru móti skyldur til að greiða frekari kostnað en 6 kr. sem gjald í landssjóð fyrir aðför og 1 kr. til fjárnámsvotta. Yfirdómurinn verður reyndar að álíta, að með kostnaðinum hafi einnig rjettilega verið taldar 6 kr. fyrir mót gjörðarbeiðanda við aðförina samkvæmt reikningi hans, en að öðru leyti, eða að því er snertir gjald fyrir eptirrit af yfirrjettardóminum 30. sept. f. á. og birtingu hans og kostnað við matið

samkvæmt dóminum, þar á meðal laun málaflutnings manns, álízt hinn úrskurðaði kostnaður áfrýjanda óviðkomandi, þar sem málskostnaður eptir dóminum átti að falla niður.

Áfrýjandi hefur enn fundið það að, að fógetarjetturinn hafi eigi látið fram fara reglulega virðingar- eða álitsgjörð á því, sem tekið var fjárnámi hjá honum; en þetta getur eigi hnekkt gildi gjörðarinnar, eptir því hvernig þeim munum var varið, er teknir voru fjárnámi, sbr. lög um aðför 4. nóv. 1887, 23. gr., og sama er að segja um hina síðustu mótbáru hans gegn gildi fjárnámsins, þá, að munirnir hafi verið veðsettir öðrum, áður en fjárnámið var gjört, því að það var upplýst af stefnda á meðan á fjárnámsgjörðinni stóð, að veðsetning sú, er áfrýjandinn átti við, var ógild, sbr. lög um veð 4. nóv. 1887, 7. gr.

Samkvæmt því, sem þannig hefur verið tekið fram, ber að færa reikninginn um fjárnámskostnaðinn niður um 33 kr. 80 a., eða niður í 13 kr., en að öðru leyti ber að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð. Í málskostnað virðist stefndi eptir þessum úrslitum málsins eiga að greiða áfrýjanda 10 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgjörð á að vera óröskuð, þó svo, að áfallinn kostnaður við fullnægingu yfirrjettardómsins 30. sept. f. á. teljist að eins 13 kr. Stefndi, M. Johannessen, greiði áfrýjandanum O. J. Haldorsen í málskostnað fyrir yfirdómi 10 kr., er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 21. aprílmán.

Nr. 43 1889. Umboðsmaður Skriðuklausturs og Suðurmúlasýslujarða gegn eigendum Víðivalla ytri og hjáleigunnar Klúku.

Dómur:

Sáttakæran í máli þessu, sem risið er út af ágreiningi um landamerki milli jarðarinnar Víðvalla ytri og hjáleigunnar Klúku öðru megin og þjóðjarðarinnar Hrafnkelsstaða á hina hliðina, er dagsett 2. sept 1884, og undirskrifuð af Jóni Einarssyni og Ólafi V. Frydendahl, sem kalla sig eigendur Víðivalla ytri. Á sáttafundinum, sem var haldinn samdægurs, mætir sem kærandi Jón Einarsson, «eigandi Víðivalla» ytri, einsamall og án þess að koma þar fram sem umboðsmaður meðeigenda sinna, enda minnist sáttanefndin eigi einu orði á þá. Hinn 23. sama mánaðar kom málið fyrir aukarjett og mætir Jón Einarsson þá enn einn sem sækjandi án umboðs frá meðeigendum sínum. Hinn 12. sept. 1885 er málið aptur tekið fyrir í aukarjetti, og mætir þá enn Jón Einarsson sem sóknaraðili, en dómarinn getur þess jafnframt, að hann hafi sett Jón Einarsson sem umboðsmann ekkjunnar Kristrúnar Sölvadóttur, eiganda Klúku, en þessarar hjáleigu er nú fyrst getið í málinu.

Af þessari skýrslu um höfðun málsins og upptök þess virðist það ljóst, að lögleg sáttatilraun hefur eigi

fram farið í því, þar sem að eins einn af eigendum Víðivalla ytri og hjáleigunnar Klúku mætti sem kærandi fyrir sáttanefndinni, án þess að hann hefði umboð meðeigenda sinna til að ráða málinu til lykta með sátt. Það verður því að dæma landamerkjadóminn ómerkan og vísa málinu frá undirrjettinum. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eiga að falla niður. Fyrir yfirdóminum hafa hinir stefndu eigi mætt nje látið mæta.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu frá undirrjettinum. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Mánudaginn 5. maímánaðar.

Nr. 8/1890. Rjettvísin
gegn
Jakobínu Sigríði Jakobsdóttur

Dómur:

Með dómi aukarjettar Suðurmúlasýslu, uppkveðnum 7. jan. þ. á., var hin ákærða, Jakobína Sigríður Jakobsdóttir dæmd fyrir þjófnað til að sæta 3—þriggja—daga fangelsi við vatn og brauð og var hegningin ákveðin þannig með tilvitnun til 40. gr. hegningarlaganna. Hin ákærða var og dæmd til að borga allan kostnað málsins, en eptir ósk hennar hefur dóminum verið skotið til yfirdómsins.

Með eigin játningu hinnar ákærðu, sem er komin yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt ákæru nje refsingu fyrir neitt lagabrot, er það löglega sannað,

að hún hafi leyfislaust og af ásetningi tekið 10 króna seðil úr kommóðu húsbænda sinna, en í hana fór hún með lykli, sem lá á kommóðunni. Hin ákærða, sem rjett á eptir fór úr vistinni frá tjeðum húsbændum sínum, tjáist hafa gjört þetta af því, að hún hafi álitið sig eiga kaupgjald hjá húsbændunum, sem svaraði þessum 10 krónum. Af því að húsbændur hennar höfðu grun um þjófnaðinn, fóru þau í hirzlu hinnar ákærðu og fundu þar seðilinn; með því móti komst þjófnaðurinn upp og þýfið til skila.

Þó að hin ákærða, eptir skýrslu hlutaðeigandi sóknarprests, sje einföld og hugsunarlítil, og megi enda teljast með fáráðlingum, getur hún þó að áliti rjettarins eigi komizt hjá því, að sæta fullri lagarefsingu fyrir þetta brot sitt, sem verður að telja þjófnað eptir þeim skýrslum sem fram hafa komið í málinu, og þykir mega ákveða refsinguna fyrir brotið samkvæmt hegningarlögum 25. júní 1869, 230. gr., 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo verður hin ákærða og að greiða allan kostnað málsins bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið viðunanlegur og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hin ákærða, Jakobína Sigríður Jakobsdóttir, á að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiða allan kostnað máls þessa bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirrjettinum málsfærslumannanna

Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 19. maímánaðar.

Nr. 9/1890 Rjettvísin
gegn
Bjarna Magnússyni.

Dómur:

Eptir vottorði hlutaðeigandi stefnuvotta var aukarjettarstefnan til ákærða í máli þessu birt «á heimili hans», Hellu í Garðahreppi hinn 11. sept. f. á., fyrir húsmóður hans, «þar eð hinn stefndi var fyrir norðan». Ákærði mætti ekki fyrir aukarjettinum og þegar undirrjettardómurinn var birtur fyrir honum 5. des. f. á. á Guðrúnarstöðum í Húnavatnssýslu, lýsti hann því yfir, um leið og hann óskaði dóminum áfrýjað, «að honum, sem á næstliðnu vori hefði flutt úr Hafnarfirði að Koti (í Húnavatnssýslu) hefði alls eigi verið birt nokkur stefna til að líða dóm í málinum». Af brjefi undirdómarans, dags. 8. marzmán. þ. á., sem fram hefur verið lagt í yfirdóminum, virðist og mega sjá það, að ákærði hafi þegar í fyrra vor flutt alfarinn úr Hafnarfirði norður í Vatnsdal í Húnavatnssýslu. Aukarjettarstefnan í málinu hefur þannig eigi verið löglega birt fyrir ákærða og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og alla meðferð málsins fyrir aukarjettinum og vísa málinu heim aptur til löglegri meðferðar.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins fyrir aukarjettinum á að vera ómerk, og vísast málinu heim aptur til löglegri meðferðar.

Mánudaginn 2. júnímánaðar.

Nr. 12/1890. Rjettvísin
gegn
Daníel Þorsteinssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Rangárvallasýslu uppkveðnum 18. nóvember f. á., var hinn ákærði, Daníel bóndi Þorsteinsson á Kaldárholti, í máli, sem höfðað var gegn honum af hálfu rjettvísinnar fyrir þjófnað og svik, dæmdur samkvæmt 255. gr. hegningarlaganna, 25. júní 1869, í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af sökinni gegn honum leiðandi kostnað. Þessum dómi hefur amtmaðurinn í suðuramtinu áfrýjað til yfirdómsins af hálfu rjettvísinnar.

Á útmánuðum 1885 tókst ákærði á hendur að flytja af Skeiðum og suður í Hafnarfjörð útgerð vermanns nokkurs, Bjarna Björnssonar, og varð Bjarni þessi honum samferða suður, en fyrir ofan Hafnarfjörð skildust þeir og fór Bjarni fyrir ákærða með brjef ofan í Reykjavík, en ákærði hjelt áfram ofan í Hafnarfjörð. Þeir ákærði og Bjarni hittust aptur á leiðinni milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur eða í Reykjavík, og sagði þá ákærði Bjarna, að hann hefði skilið færur Bjarna eptir á tilgreindum bæ í Hafnarfirði og þar væru þær allar; en þegar Bjarni skoðaði þær litlu síðar vant-

aði 7 pd. af smjöri af því, sem ákærði hafði tekið til flutnings. Ákærði var þá farinn austur aptur, en kannaðist við það nokkru síðar í brjefi er hann skrifaði Bjarna að austan, að hann hefði tekið smjörið «traustataki», bað hann fyrirgefningar á því, og lofaði að láta hann fá lamb fyrir smjörið og fóðra það fyrir hann fram eptir vetrinum. Ekki varð þó úr því, að ákærði efndi þetta loforð sitt eða borgaði Bjarna smjörið, og leið svo til hausts 1886; þá fór Bjarni heim til ákærða, til að ganga eptir borguninni fyrir smjörið, og gaf þá ákærði honum leyfi til að fara í lambhús sitt með syni sínum og velja þar um tvö tiltekin lömb og mátti hann auðkenna sjer annað þeirra og skyldi hann eptir framburði ákærða eignast það næsta vor, ef ákærði eigi þá hefði borgað honum smjörskuldina, en Bjarni hefur skýrt svo frá, að hann hafi álitið að honum hefði verið fengið lambið til eignar þá þegar, enda brennimerkti hann sjer það. Um veturinn og vorið eptir var tvívegis gengið eptir lambinu hjá ákærða af hendi Bjarna, en það fjekkst ekki, enda kveðst ákærði hafa ásett sjer, að láta Bjarna eigi fá það, en einungis borgun fyrir smjörið, en eptir henni hafi eigi verið gengið hjá sjer. Um vorið markaði ákærði lambið upp undir annað mark, sem hann hafði leyfi til að nota og hornskellti það, og var það síðan látið út í eyju nokkra (Árnesið) til að ganga þar yfir sumarið, en um haustið eptir var það loks sent föður Bjarna, sem Bjarni hafði heimilað það til eignar og var þá einnig brennimarkið orðið óljóst nokkuð. Á meðan á prófum málsins stóð sleppti ákærði síðan öllu tilkalli til lambsins í hendur Bjarna upp í smjörskuldina.

Ákærði hefur fastlega neitað því, að hann hafi

uppmarkað hið umrædda lamb eða hornskellt það í þeim tilgangi, að villa heimildir á því, og hefur eigi viljað kannast við að hafa hreift nokkuð við brennimarki Bjarna á því, og kveðst hann hafa gjört hitt að eins til þess að auðkenna lambið með sama marki og aðrar aðfengnar kindur sínar, sem látnar voru með því út í «Árnesið», svo enginn vafi eða ruglingur yrði um það. Þessum framburði ákærða verður eigi hrundið, og með því að einnig verður að álíta, eptir því sem upplýst er, að ákærði hafi að eins heimilað Bjarna hið umrædda lamb sem *veð*, þá er eigi sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hafi ætlað að draga sjer lambið sviksamlega eða gjörzt sekur í öðru hegningarverðu athæfi, hvað það snertir. Fyrir smjörtökuna ber aptur á móti að refsa honum, eins og undirdómarinn hefur gjört, samkvæmt 255. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing hans, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, og var með stiptamtsúrskurði 23. desbr. 1870 sektaður um 10 rd. fyrir mótþróa og ofríki við hreppstjóra, en ekki hefur að öðru leyti verið ákærður eða dæmdur fyrir nokkurt lagabrot, hæfilega metin af undirdómaranum 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með því að ákærða og ber að greiða málskostnaðinn í hjeraði, ber að staðfesta aukarjettardóminn í öllum greinum. Ákærða ber og að greiða kostnað sakarinnar fyrir yfirdómi, þar með talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið töluvert seinfara, þó eigi virðist næg ástæða til, að láta undirdómarann sæta ábyrgð fyrir. Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á óraskaður að vera. Ákærði greiði og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 13/1890. Rjettvísin gegn Bjarna Davíðssyni

Dómur:

Með dómi aukarjettar Eyjafjarðarsýslu, gengnum 22. jan. þ. á., var hinn ákærði Bjarni Davíðsson dæmdur í 20 kr. sekt til landssjóðs eða 5 daga einfalt fangelsi fyrir að hafa veitt Sigurði Sigurðssyni á Þórustöðum áverka. Þessum dómi er að beiðni hins ákærða og af hálfu hins opinbera áfrýjað til yfirdómsins.

Það er sannað í málinu að hinn ákærði Bjarni Davíðsson og tveir bræður hans hittu Sigurð Sigurðsson á Þórustöðum, konu hans og fleira fólk á heimleið úr Hálsskógi 21. júlí f. á., og að Bjarni og Sigurður áttu í orðadeilum á leiðinni. Þegar þeir voru komnir lítið eitt suður fyrir Kaupangur sló Sigurður, eptir því sem ákærði hefur borið og 1 vitni staðhæft, til hins ákærða með skógarhríslu og af honum hattinn; að því búnu reið Sigurður hart leið sína, en Bjarni á eptir;

Sigurður fór af baki í laut einni, og kom Bjarni þar að, og gekk að Sigurði og hjelt á svipu sinni, sinni hendi um hvorn enda skaptsins, en Sigurður tók um svipuna og hristi Bjarni hann af sjer til jarðar, og enn einusinni kastaði hann honum niður. Það er ekki sannað, að Sigurður hafi hlotið neinn áverka við þetta, en eitt vitni hefur borið, að eitthvað muni hafa verið að öðru auganu í Sigurði, þegar hann sá hann í lautinni. En kona Sigurðar hefur borið, að Bjarni hafi á leiðinni frá Kaupangi slegið til Sigurðar með svipunni og Sigurður þá hljóðað upp, og Sigurlaug vinnukona á Þórustöðum hefur borið, að Sigurður, þegar hann kom heim, hafi sagt, að Bjarni hafi barið sig með svipuskaptinu, eins og hún líka hefur, eins og kona Sigurðar, skýrt frá, að Bjarni hafi, er hann reið á eptir Sigurði, hrópað: «jeg skal drepa þig»; viðvíkjandi þessu síðasta atriði heldur hún ekki að sjer hafi misheyrzt, eða að Bjarni hafi, eins og hann ber, sagt, «að hann skyldi reka hann».

En þrátt fyrir þessa framburði er ekki, gegn skýlausri neitun ákærða, er að nokkru styðst við það, sem annars er komið fram í málinu, full sönnun fyrir því, að Bjarni hafi veitt Sigurði þá áverka, sem um er að ræða í málinu, sem sje meiðsli á auga og hendi, og verður því að sýkna hinn ákærða af kæru sóknarans í máli þessu, og virðist ekki næg ástæða til að dæma hann til að greiða sakarkostnaðinn í hjeraði, sem því skal greiða af almannafje; og svo er og um áfrýjunarkostnaðinn, þar á meðal málflutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Með þeirri athugasemd, að undirdómarinn hefði átt að fá skýrslu Sigurðar Sigurðssonar fyrir rjetti, vott-

ast, að rekstur málsins í hjeraði ekki er vítaverður og að sókn og vörn í því fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Bjarni Davíðsson á að vera sýkn af kærum sóknarans í þessu máli. Allur af sökinni leiðandi kostnaður fyrir báðum dómum, þar á meðal málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Nr. 15 1890. Hið opinbera
gegn
Daníel Jakob Gaard, Johannes Jensen, Christian Michelsen, Thomas P. Nielsen og Morten F. Nielsen.

Dómur:

Mál þetta var höfðað fyrir aukarjetti Suðurmúlasýslu gegn hinum kærða Daníel Jakob Gaard fyrir það, að hann hafi um miðnætti hinn 28.—29. maím. f. á. verið með byssu upp í friðlýstri æðarvarpseyju «Andey», sem heyrir undir Kolfreyjustað, svo og gegn honum og hásetum hans, Johannes Jensen, Christjan Michelsen, Thomas P. Nielsen og Morten F. Nielsen, fyrir það, að megn grunur hvíli á þeim um, að þeir hafi um sama leyti rænt svokallað »Æðarsker», sem einnig er friðlýst varpland Kolfreyjustaðar. Málið var dæmt í aukarjetti Suðurmúlasýslu 12. júlímán. f. á., á þá leið,

að hinir kærðu voru sýknaðir, þó svo, að þeir in solidum skyldu greiða allan málskostnað, þar með talin málflutningslaun í hjeraði 10 kr. Dóminum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins bæði af hálfu hins opinbera og eptir ósk hinna kærðu.

Þó að álíta mætti sannað, að hinn kærði Daníel Jakob Gaard hafi komið með byssu í hendi upp í «Andey» nóttina 28.—29. maím. f. á., eins og tvö vitni hafa borið fyrir rjetti og staðfest með eiði, en hann á hinn bóginn hefur þverlega synjað fyrir, þá hefur hann þó eigi með því, gjört sig sekan í broti á friðunar- og veiðilögum landsins, úr því að hann eigi gjörði neinn usla eða óspektir í eynni, en eptir skýrslum málsins er það ljóst, að enginn usli hefur verið gjörður í eynni við þetta tækifæri.

Að hinn ákærði eða hinir meðákærðu hásetar hans hafi rænt «Æðarsker» í fyrra vor er gegn neitun þeirra eigi sannað eða í minnsta máta gjört sennilegt; það verður því að sýkna hina kærðu eins og hjeraðsdómarinn hefur gjört, fyrir ákæru hins opinbera, og þykir eigi ástæða til þess að láta þá greiða málskostnað. Kostnaðinn verður því að dæma á almannafje, þar með talin málflutningslaun til verjanda í hjeraði og sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þessara.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir kærðu Daníel Jakob Gaard, Johannes Jensen, Christian Michelsen, Thomas P. Nielsen og Morten F. Nielsen eiga að vera sýknir fyrir kæru hins opin-

bera í máli þessu. Allur sakarkostnaður bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi greiðist af almannafje, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Páls Briem, og Guðlaugs Guðmundssonar og til verjanda í hjeraði, verzlunarmanns Ólafs Davíðssonar, 10 kr. til hvers þeirra.

Nr. 18/1890. Rjettvísin
gegn
Sigtryggi Ísleifssyni.

Úrskurður:

Áður en fullnaðardómur verður lagður á mál þetta, þykir nauðsynlegt, að útvegaðar sjeu eptirnefndar skýrslur til upplýsingar í því:

1. Staðfest eptirrit af lögtaksgjörð þeirri, sem sagt er að fram hafi farið á Hrappsstöðum vorið 1888.

2. Staðfest eptirrit af uppboðsgjörðum þeim, er fram áttu að fara sama staðar haustið 1888, svo framarlega nokkuð hefur verið bókað um uppboðstilraunir þessar.

3. Skýrsla hlutaðeigandi hreppstjóra fengin fyrir rjetti, um það, sem gjörðist á Hrappsstöðum við þessi tækifæri, þegar lögtakið var framkvæmt og þegar uppboðin voru reynd, sjerstaklega um framkomu hins ákærða þar.

4. Áreiðanleg skýrsla um það, hve langt leið frá því, að hið síðara uppboðið var reynt, og þangað til ákæruði fargaði hinni lögteknu hryssu.

5. Skýrsla móður hins ákærða, fengin fyrir rjetti, um gjald það, er lögtakið var gjört fyrir, svo og um það, hvers eign hin lögtekna hryssa hafi verið.

6. Skýrsla Guðmundar í Melgerði, tekin fyrir rjetti, um 10 kr. skuld þá, sem faðir ákærða tjáist hafa átt að borga Guðmundi, samkvæmt því sem fram er komið í málinu fyrir rjetti hinn 8. nóv. 1889, sjerstaklega um það, hvernig Guðmundi hafi verið borgaðar þessar 10 kr.

7. Kæra Eggerts Laxdal, sem tilefni gaf til málshöfðunarinnar, sbr. brjef amtsins 4. febr. 1889.

Svo ber og að útvega aðrar þær skýringar, sem prófin um framannefnd atriði og hinar heimtuðu skýrslur ennfremur kunna að gefa tilefni til.

Fyrir því úrskurðast:

Hjeraðsdómaranum ber að útvega skýrslur þær, sem að framan eru nefndar, svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 23. júnímánaðar.

Nr. 61/1889. Jón Árnason
gegn
Jóni Andrjessyni.

Dómur:

Mál þetta, sem höfðað er í hjeraði af Jóni Árnasyni, borgara í Ólafsvík, gegn Jóni bónda Andrjessyni á Ytri-Knarartungu út af óheimildartöku og meðferð á ýmsum munum, er Jón Árnason þóttist eiga rjett tilkall til, en tengdaforeldrar hans áttu, var dæmt í hjer-

aði fyrir aukarjetti Snæfellsnessýslu 20. okt. 1888 með þeim úrslitum, að hinn stefndi Jón Andrjesson var sýknaður af kærum sækjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Jón Árnason skotið til landsyfirdómsins með stefnu dags. 9. nóv. 1889, og þar krafizt, *að* hinn stefndi Jón Andrjesson verði dæmdur til að borga sjer andvirði nokkurra muna, þilja, planka m. fl., eptir óvilhallra manna mati, eða skila honum þeim óskemmdum og í sama standi og þeir voru 11. júní 1888, og *að* hinn stefndi verði dæmdur til að borga allan málskostnað fyrir undir- og yfirrjetti með 200 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, *að* hann verði alveg sýknaður af kærum áfrýjandans og *að* áfrýjandinn verði skyldaður til að borga honum 100 kr. í málskostað.

Það, sem áfrýjandi gefur stefnda að sök hjer við landsyfirdóminn er, að stefndi hafi við úttekt 11. júní 1888 að Ytri-Knarartungu, er hann tók við nefndri jörð af fráfaranda, Jóhanni Þorsteinssyni, tengdaföður sækjanda, fyrir úttektarmönnum lýst sína eign og sagt sjer afhent af nefndum fráfaranda allar þiljur undir lopti þar á bæ, ásamt nokkru af lausum bjálkavið og 2 eikarplönkum, en þetta telur áfrýjandi eign sína.

Þetta eignartilkall sitt vill hann byggja á 2 skjölum, sem lögð hafa verið fram í málinu; annað er veðbrjef, er hann svo nefnir, frá tengdaforeldrum hans, ódagsett og vitundarvottalaust, svo hljóðandi: «Hjer með lýsum við hjónin Jóhann Þorsteinsson og Þuríður Þórarinsdóttir, að allir okkar fjármunir eru veðsettir Jóhönnu dóttur okkar með fyrsta veðrjetti»; hitt, sem er

dags. 3. jan. 1884 og undir það skrifað handsalað nafn nýnefndra hjóna, segir: «Við undirskrifuð hjón höfum afhent Jóhönnu, dóttur okkar, alla þá fjármuni, er við undir höndum höfum, þar hún á innistandandi hjá okkur skuld að upphæð 1100 — skrifa ellefu hundruð krónur.»

Hvorugt þessara skjala virðist geta heimilað áfrýjanda neinn rjett yfir munum tengdaforeldra hans. Hið fyrra skjalið er þannig úr garði gjört, að það ekki verður talið veðbrjef, og hið síðara skjalið hefur, þótt í lagi væri, aldrei komið til framkvæmdar, því það er ljóst af málinu, að eigur tengdaforeldra áfrýjanda og þá líka þiljur þær o. fl., sem hjer fyrir rjettinum er um að ræða, hafi verið í vörzlum þeirra í fardögum 1888. Með því nú áfrýjandi ekki heldur á annan hátt hefur fært neinar sönnur fyrir tilkalli sínu til þessara muna, verður að sýkna stefnda af kærum og kröfum áfrýjanda í þessu máli og því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eptir þessum úrslitum virðist rjett, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega metinn 60 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaði dómi skal óraskað. Áfrýjandi Jón Árnason greiði stefnda Jóni Andrjessyni málskostnað fyrir yfirdómi með 60 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 62/1889. Filippus Filippusson
gegn
öðrum lögerfingjum Filippusar
Þorsteinssonar og ekkju hans
Sigríði Jónsdóttur.

Dómur:

Árið 1882 hættu hjónin Filippus Þorsteinsson á Bjólu og kona hans Sigríður Jónsdóttir búskap og skiptu þá miklum hluta af lausafje sínu milli barna sinna, en hjeldu eptir fasteignum og því, sem þau áttu inni við verzlanir og ýmsu lausafje. Voru þau síðan til veru hjá áfrýjanda þessa máls, syni þeirra Filippusi, sem tók við jörðinni Bjólu og byrjaði þar búskap. 20. febr. 1885 andaðist Filippus Þorsteinsson og tóku þá ekkjan og börn hans og tengdabörn, sem öll voru myndug, búið til skipta sín á milli, en sökum þess, að ágreiningur kom upp á milli þeirra út af skiptunum, heimtuðu nokkrir erfingjarnir opinber skipti, og hófust þau 1. maí 1888. Á þeim skiptafundi, sem haldinn var þann dag í búinu, kom til álita skjal nokkurt, er til hafði orðið á erfingjaskiptunum, svo nefndur skiptagjörningur, dags. 1. júní 1885, sem nöfn flestra erfingjanna voru rituð undir, og þar sem fasteignum búsins var öllum úthlutað milli erfingjanna og ýmsu lausafje, og viðurkenndu allir erfingjarnir og ekkjan á skiptafundinum, «að skiptagjörningur þessi hefði verið gjörður með allra samþykki hvað lausafjeð snerti og að hann væri viðurkenning þeirra um að hafa meðtekið það þar tilgreinda lausafje í arfskyni hver í sinn hluta og þær þar tilgreindu fasteignir», en allir erfingjarnir nema áfrýjandinn hjeldu því fram, að það hefði verið, hvað

fasteignirnar snerti, með því skilyrði, að sá jöfnuður fengist á þeim, sem um hefði verið talað, er gjörningurinn var saminn, og þar sem sá jöfnuður hefði eigi fengizt efndur, kröfðust þeir, að jarðirnar yrðu virtar og þeim skipt af nýju eptir þeirri virðingu. Hinir stefndu erfingjar kröfðust þess og á nefndum skiptafundi og síðar, að áfrýjandinn væri skyldaður til að skila í búið til skipta ýmsu lausafje, er þeir töldu að í hans vörzlum væri, búinu tilheyrandi, og húsum, er í hans hendi voru, er höfðu tilheyrt foreldrum hans á búskaparárum þeirra, svo og að hann væri skyldaður til að standa skil á afgjöldum af fasteignum búsins, er til hans hefðu runnið og gjöra grein fyrir öðrum afskiptum hans af fjármunum, er búinu höfðu tilheyrt. Með því að áfrýjandinn mótmælti því, að nokkrum jöfnuði hefði verið lofað á fasteignum búsins, þegar skiptagjörningurinn 1. júní 1885, er áður er nefndur, var gjörður, og að hann hefði nokkuð af óskiptu lausafje búinu tilheyrandi undir höndum, eða að hann skuldaði því nokkuð, en hjelt því aptur á móti fram, að skiptin á búinu hefðu verið fullgjörð með fyrnefndum skiptagjörningi, er teldi til allar eignir búsins, var kveðinn upp úrskurður af skiptaráðanda 18. des. 1888 um ágreining þennan milli erfingjanna, svo hljóðandi: «Fasteign búsins ber, að undangenginni löglegri virðingu á henni, að skipta lögum samkvæmt milli barna arfleifanda og ekkju hans, nema hún skýlaust frásegi sjer það, sem henni að lögum ber af fjelagsbúi þeirra hjóna. Að eins það lausafje, sem sannast að búið eigi og óskipt sje, verður tekið til skipta. Heimtingu á búið á, að erfinginn Filippus sanni heimild sína til húsa þeirra, sem hann telur foreldra sína hafa gefið sjer. Einungis þær skuldakröfur

látna hjá öðrum, sem sannað verður hafi verið þegar búið fjellst til, verða teknar til skipta. Búið á heimtingu á, að erfinginn Filippus gjöri grein fyrir skuldum, sem hann hafi borgað fyrir það, fje, sem til þess hafi verið varið, og því, sem óeytt kann að vera búinu tilheyrandi í vörzlum hans».

Hjer fyrir rjettinum hefur áfrýjandinn krafizt þess: 1. *að* úrskurður þessi verði úr gildi feldur með öllu; 2. *að* skiptagjörningur 1. júní 1885 og þar á byggður samningur milli erfingjanna 2. júní s. á. verði lagðir til grundvallar fyrir skiptum á búinu og staðfestir að því er snertir arfahluta áfrýjandans, sem honum er þar útlagður; 3. *að* áfrýjandinn sje að öllu leyti sýkn dæmdur af kröfum búsins, og skiptum á því, að því hann snertir, lokið; 4. *að* hinir stefndu sjeu dæmdir til að borga allan málskostnað fyrir undir- og yfirrjetti með 200 kr. eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati. Hinir stefndu hafa fallizt á það, að hinn áfrýjaði úrskurður yrði feldur úr gildi, en án þess að skiptagjörningurinn 1. júní 1885 og samningurinn 2. júní s. á. verði lagðir til grundvallar fyrir framhaldi skiptanna; aptur á móti hafa þeir mótmælt kröfum áfrýjandans að öðru leyti og krafizt þess, að hann verði skyldaður til, að greiða búinu fyrir ómök og kostnað o. s. frv., fyrir báðum dómum 200 kr. eða eitthvað nægilegt eptir mati yfirdómsins. Yfirdómurinn verður nú að álíta samkvæmt framangreindri viðurkenningu alla erfingjanna á skiptafundinum 1. maí 1888 um að skiptagjörningurinn 1. júní 1885 sje viðurkenning þeirra um, að þeir hafi meðtekið í arf hver um sig það þar tilgreinda lausafje og þær þar töldu fasteignir, að allir erfingjarnir hafi með þessu kannazt við, að tjeður skiptagjörningur væri löglega til orðinn,

sem sönnunarskjal fyrir skiptum á búinu, það er hann næði til, og þar sem erfingjarnir allir eru fullmyndugir menn og fullráða fjár síns, þá hlýtur þessi viðurkenndi gjörningur að leggjast til grundvallar fyrir skiptum á búinu, svo langt, sem hann nær, og getur eigi skilyrði það, um jöfnuð á fasteignunum, sem stefndu halda fram, að áskilið hafi verið, þegar gjörningurinn var saminn, haft neina þýðingu til að veikja gildi gjörningsins, að því erfðahluta áfrýjanda snertir, þar sem ekkert stendur um það skilyrði í gjörningnum, og engin sönnun er komin fram fyrir því, gegn mótmælum áfrýjandans, að neitt skilyrði hafi verið sett í þá átt. Það virðist einnig sjálfsagt, úr því að skiptagjörningurinn 1. júní 1885 er álitinn löglegur, að tekin sje til greina krafa áfrýjandans um, að samningurinn 2. júní s. á. verði og tekinn til greina við skiptin, að því er áfrýjanda snertir, en samningurinn leggur honum að eins skyldur á herðar og leggur bönd á fasteignararf hans.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið tekið fram, verður að fella úr gildi fyrstu málsgrein hins áfrýjaða úrskurðar og skylda skiptaráðanda til að byggja skiptin, að því áfrýjandann snertir, á skiptagjörningnum 1. júní 1885, og samningnum 2. s. m., að því snertir lausafje það og fasteignir, er ráðstafað er í þeim. Önnur ákvæði úrskurðarins, að því leyti, sem þau lúta að því, að skylda áfrýjandann gegn mótmælum hans til að skila aptur í búið munum, sem eru í hans vörzlum og undir hendi hans, eða til að gjöra búinu reikningsskil, verða aptur á móti að dæmast ómerk, þar sem skiptaráðandi er eigi bær um að úrskurða um slíkt. Málskostnaður virðist rjett að falli niður eptir atvikum málsins.

Því dæmist rjett að vera:

Að því er snertir þær fasteignir búsins og það lausafje, er hinn svokallaði skiptagjörningur frá 1. júní 1885 getur um, ber að byggja skiptin á búinu, hvað áfrýjandann áhrærir, á skiptagjörningi þessum og samningnum 2. júní 1885. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði úrskurður að vera ómerkur. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 21. júlímán.

Nr. 19/1890. Rjettvísin
gegn
Ámunda Filippussyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi 23. des. f. á. var hinn ákærði Ámundi bóndi Filippusson á Bjólu í Holtamannahreppi dæmdur samkvæmt 249. og 250. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 fyrir ólögmæta meðferð á fundnum fjármunum í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða allan af sökinni gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hans í hjeraði, Gríms Skúlasonar, 5 kr.

Dómi þessum hefur bæði að beiðni hins ákærða og af hálfu hins opinbera verið skotið til yfirdómsins.

Ákærða hefur í 1. lagi verið gefið það að sök í máli þessu, að hann hafi stolið eða gjört tilraun til að stela heyi úr heygarði bróður síns og sambýlismanns á jörðinni Bjólu, Filippusar Filippussonar, og í öðru lagi hef-

ur hann verið grunaður um, að hafa heimildarlaust og með launung markað upp undir sitt mark gemling nokkurn, er nefndum bróður hans og sambýlismanni hvarf vorið 1886. En hvað heytökuna snertir, hefur ákærði fastlega neitað því, að hafa tekið eða ætlað að taka nokkurt hey frá bróður sínum; og að eins eitt vitni hefur borið og unnið eið að því, að hann hafi sjeð ákærða koma upp að heyjum bróður hans og taka 2—3 flyksur af heyinu undir hönd sjer og ætla á burt með þær, en með þessum eina vitnisburði er eigi fengin næg sönnun til að áfella ákærða fyrir þjófnað eða þjófnaðartilraun. Og kvað uppmörkunina á fyrnefndum gemlingi áhrærir, þá hefur að vísu sauður, sem fundizt hefur í fje ákærða, þótt svipaður lambi því, sem hvarf bróður hans 1886, en að eins 1 vitni hefur treyst sjer til að staðfesta þann grun sinn með eiði, enda var hinn horfni gemlingur ekkert auðkennilegur að öðru en ef til vill markinu, og ákærði hefur, að því er virðist, getað gjört nokkurnveginn grein fyrir því, sem einkennilegt er við markið á sauðnum og sem hefur þótt minna á mark á gemlingnum, eins og hann einnig hefur getað gjört grein fyrir, hvaðan hann hafi fengið hinn umtalaða sauð. Það verður þannig að fallast á það, að undirdómarinn hefur sýknað ákærða af báðum kæruatriðum þeim, er nú hafa verið talin.

Aptur á móti hefur það orðið upplýst um ákærða og sannað með eigin játningu hans, að hann hefur fyrir 3 árum brennimerkt sjer og hornskellt kind, er annar maður átti og var með hans glögga eyrnamarki, sem er töluvert frábugðið fjármarki ákærða, og hefur ákærði haft sauð þenna þannig hjá sjer í fje sínu í þessi 3 ár, þangað til í haust að eigandinn þekkti hann.

Ákærði hefur viljað halda því fram, að hann hafi hornmarkað sjer sauðinn í ógáti og hafi sauðurinn verið færður sjer af öðrum sem sín eign og honum sýnzt sitt mark vera á honum, en hann hefur að engu leyti vefengt, að sá ætti sauðinn, er leiddi sig að honum. Ákærði hefur nú ekki getað stutt framburð sinn um, að honum hafi verið færður sauðurinn af öðrum, sem hans eign, með neinu, þó að hann hafi gjört tilraun til þess, og eyrnamarkinu á sauðnum er svo varið, að það, að áliti þingvottanna, er næsta ólíklegt, að ákærði hafi eigi sjeð þegar í stað, að það var annað mark en hans eigið, og því síður, að hann hafi getað haft sauðinn í 3 ár í vörzlum sínum, án þess að gefa þessu gaum, en á hinn bóginn mun eigi hafa verið hægt að breyta markinu í hans mark, svo eigi bæri á því. Það verður því eigi tekið tillit til framangreindrar neitunar ákærða, um að hafa markað hinn umrædda sauð vísvitandi undir sitt mark og kastað þannig ólöglega eign sinni á hann, og verður því að dæma ákærða fyrir þetta brot hans samkvæmt 250. gr. hegningarlaganna og álízt hegningin hæfilega metin af undirdómaranum 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Yfirdómurinn fellst og á málskostnaðar-ákvæði undirdómsins og ber hann því að staðfesta í öllum greinum. Ákærða ber og að greiða kostnað allan af áfrýjun málsins, þar á meðal málfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera ó-

raskaður. Ákærði Ámundi Filippusson greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors. Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 17/1890. Kr. Ó. Þorgrímsson gegn Andreas Jespersen.

Dómur:

Mál þetta er í hjeraði höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar af bóksala Kr. Ó. Þorgrímssyni gegn gestgjafa Andreas Jespersen fyrir barsmíði og ærumeiðingar. Var það dæmt þar 10. aprílmán. þ. á. með þeim úrslitum, að hinn stefndi var dæmdur sýkn af kærum og kröfum stefnanda, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Kr. Ó. Þorgrímsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 3. maímán. næstliðins og þar krafizt: *að* undirrjettardóminum í máli þessu verði algjörlega hrundið, *að* veitingamaður Andreas Jespersen verði dæmdur til sekta eða fangelsis fyrir ofbeldi það, er hann hafi sýnt honum 11. desbr. f. á. inni á veitingastofu sinni og *að* hann verði dæmdur til að borga áfrýjanda málskostnað fyrir undir- og yfirdómi með 50 kr. eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi með einhverju nægilegu eptir rjettarins mati. Málsatvik eru, samkvæmt því sem áfrýjandi hefur skýrt frá

í kæru sinni til sáttanefndar og stefnu sinni til bæjarþingsrjettarins, þessi:

Hinn 11. desbr. f. á. fór áfrýjandi með 2 mönnum inn á Hótel Alexandra hjer í bænum, er stefndi hefur veitingar í, til þess að drekka eitt glas af «Toddy», en þegar hann með hinum var setztur við borð þar, kom veitingamaðurinn, stefndi, inn, vjek sjer strax að áfrýjanda og sagði honum, að hann yrði að fara út, því hann vildi ekki hafa í sínu húsi «saa gemen Karl», sem hann væri, og þegar áfrýjandinn ekki sinnti þessu, heldur sat saklaus og þegjandi og beið þolinmóður eptir Toddyglasinu, tók stefndi staf, sem einn af þeim, sem inni voru, átti, og barði áfrýjanda með honum mörg högg. Áfrýjandi fór þá út til að forða sjer undan höggum stefnda. Þessari skýrslu sinni hefur hann breytt fyrir yfirdómi þannig, að hann hafi þegar í stað ætlað að gegna áskorun stefnda um að fara út, en hafi ekki komizt svo fljótt út, sem hann vildi, því stefndi hafi þegar í stað vaðið upp á sig með höggum, er hann hafi þurft að verja sig fyrir.

Til þessarar breyttu skýrslu hans verður alls ekkert tillit tekið, og ekki á hún við neitt annað, sem fram er komið í málinu, að styðjast.

Stefndi hefur að vísu ekki neitað, að nokkur meinlaus högg hafi lent á áfrýjanda af staf þeim, er hann sveiflaði, til þess að hræða áfrýjanda út, er hann ekki góðmótlega vildi fara, en hann hefur neitað því, að hann hafi nefnt áfrýjanda «en gemen Karl», og skýrir að öðru leyti svo frá, að hann hafi ávallt, eptir að áfrýjandi hafði ástæðulaust kært hann fyrir ólöglegar veitingar, vísað honum út úr veitingahúsi sínu, og hafi áfrýjandi ávallt gegnt því, þangað til í þetta skipti. Áfrýj-

andi hefur ekki gegn neitun stefnda sannað, að stefndi hafi haft neinar ærumeiðingar í frammi við sig, enda hefur hann ekki gefið stefnda það að sök fyrir yfirdómi. Með því nú stefnda eptir atvikum virðist hafa verið heimilt að bjóða áfrýjanda að fara út, og, með því áfrýjandi ekki sinnti því, að beita valdi til að koma honum út, þá verður ekki, þótt nokkur högg, er ekki sökuðu, lentu á áfrýjanda, án þess tilgangur stefnda væri, eptir því, sem hann hefur frá skýrt, að berja áfrýjanda, álitið, að stefndi hafi gjört sig sekan í hegningarverðu ofbeldi gegn áfrýjanda. Ber því, eins og undirdómarinn hefur gjört, að sýkna stefnda af kærum og kröfum áfrýjanda í þessu máli, og með því yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði hjeraðsdómsins um málskostnað, ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eptir þessum úrslitum virðist rjett, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er skal ákveðinn 20 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandi Kr. Ó. Þorgrímsson greiði stefnda A. Jespersen málskostnað fyrir yfirdómi með 20 kr. Ídæmdur málskostnaður lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 10/1890. F. A. Löve
gegn
Egli Egilsson

Dómur:

Mál þetta höfðaði F. A. Löve fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur hinn 27. marz f. á., gegn Egli Egilsson út af reikningsviðskiptaskuld, að upphæð 334 kr. 20 au., en hinn stefndi höfðaði gagnsök gegn Löve til skuldajafnaðar, og heimtaði, að reikningskrafa hans yrði niður sett um 319 kr., en mismuninn 15 kr. 20 au., bauðst stefndi til að borga. Málið var dæmt í bæjarþingsrjettinum hinn 12. sept f. á. og var Egilsson dæmdur til að greiða Löve að eins 15 kr. 20 au., með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags; málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefur F. A. Löve skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 22. marz 1890 og hefur hann gjört þær rjettarkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að hinn stefndi verði skyldaður til að greiða alla hina umstefndu upphæð, 334 kr. 20 au., með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, að gagnreikningi stefnda verði algjörlega hrundið, að nokkurummæli hans fyrir undirrjettinum um umboðsmann áfrýjanda verði dæmd ómerk og stefndi sektaður fyrir þau, og að hann verði skyldaður til að greiða málskostnað bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi með einhverju nægilegu. Á hinn bóginn hefur stefndi krafizt þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi.

Hinn stefndi hefur samþykkt reikning áfrýjanda, sem framlagður hefur verið í málinu, að öðru leyti en

því, að hann segir vantalið til inngjalda borgun frá «City of London» um 32 kr. — en áfrýjandinn virðist hafa verið aðalumboðsmaður nefnds brunabótafjelags hjer á landi, — og borgun fyrir aðstoð við uppboð um 20 kr., og að oftalið sje til útgjalda «borgun fyrir gluggatjöld» 7 kr. og milligjöf á jökkum 10 kr. En því næst hefur hinn stefndi í gagnsóknarmálinu fyrir undirrjettinum gjört kröfu á hendur áfrýjanda um 250 kr., sem kaup eða endurgjald fyrir skuldainnheimtu, málarekstur og ýmisleg störf í þarfir áfrýjanda frá 17. apríl 1885 til 31. desember 1887. Það er viðurkennt í málinu af hálfu áfrýjanda, að hinn stefndi hafi átt að fá borgun frá «City of London»-fjelaginu fyrir störf í þess þarfir, svo og frá áfrýjanda sjálfum fyrir aðstoð við uppboð, sem hann ljet halda, en jafnframt, að ekkert hafi fyrirfram verið samið um upphæð launanna fyrir þetta. Fyrir þessa skuld, og með tilliti til þess, að áfrýjandi hefur eigi farið því fram, að borgun sú, sem hinn stefndi hefur heimtað, í raun og veru sje of hátt endurgjald fyrir starf hans, verður að samþykkja ákvæði bæjarþingsdómsins um það, að stefnda beri að fá borgun þessa, samkvæmt því, sem hann hefur sett upp. Ennfremur verður að samþykkja ákvæði bæjarþingsdómsins um það, að hinum stefnda verði eigi gjört að skyldu að greiða áfrýjanda andvirði gluggatjaldanna, með því, að það er ósannað gegn neitun stefnda, að hann hafi keypt þau, — og eigi verður hann heldur dæmdur til að borga «jakka»-milligjöfina, því að áfrýjandi hefur eigi sannað gegn skýlausri neitun stefnda, að þessi milligjöf hafi verið áskilin. Samkvæmt hinu framanritaða verður að fallast á það, að undirdómarinn hefur tekið til greina útásetningar stefnda við reikning áfrýj-

anda. Það er einnig viðurkennt undir rekstri málsins af hendi áfrýjanda, að hinn stefndi hafi haft á hendi skulda-innheimtu fyrir hann um 2ggja eða 3ggja ára tíma, en hvorugur málsparta hefur gjört grein fyrir því, hvort samið hafi verið um ákveðna borgun fyrir starf þetta fyrir fram þeirra á milli.

Þar sem eigi verður álitið, að það hafi verið tilætlun stefnda — nje heldur að áfrýjandi hafi haft ástæðu til að búast við því — að þessi störf væru leyst af hendi endurgjaldslaust, og með því að hin umkrafða upphæð eigi þykir óhæfileg, eptir skýrslum þeim, sem að öðru leyti eru framkomnar í málinu, verður að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, einnig að því er ákvæði hans um þessa kröfu hins stefnda snertir. Með því að yfirdómurinn ennfremur er samþykkur málskostnaðarákvæði undirrjettardómsins, verður að samþykkja hann í heild sinni. Það er eigi ástæða til, að taka ómerkingar- og sektarkröfu áfrýjanda til greina, og eptir öllum atvikum málsins þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Málskostnaður falli niður. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. júlímán.

Nr. 20/1890. Rjettvísin
gegn
Ólafi Þorsteinssyni.

Dómur:

Mál þetta, sem höfðað hefur verið gegn ákærða, Ólafi

söðlasmið Þorsteinssyni á Akureyri, fyrir illa meðferð á hrossi, var fyrst dæmt í aukarjetti Akureyrar 5. ágúst f. á., og var ákærði þá dæmdur í 10 kr. sekt og til að greiða málskostnað allan, en sá dómur var dæmdur ómerkur af yfirdóminum 25. nóvembermán. f. á., sökum þess, meðal annars, að málið þótti eigi nægilega upplýst, og var því þessvegna vísað heim aptur til ýtarlegri rannsóknar og löglegri meðferðar, er fara skyldi fram á kostnað undirdómarans. Nú hefur málið að nýju verið dæmt í aukarjetti Akureyrar 16. apríl þ. á., eptir að nýtt próf hafði haldið verið yfir ákærða, og var ákærði sýknaður, en dæmdur til að greiða málskostnað allan.

Það er upplýst í málinu, að ákærði kom 22. júlí f. á. að Hrafnagili með hryssu nokkra, er hann reið og skildi hana þar eptir. Var hún þá sköðduð mjög á auga, en engin upplýsing hefur fengizt um það, hvernig skemmdin á auganu hafi orsakazt, og ákærði, sem var einn á ferð með hryssuna þegar hún fjekk meiðslið, og drukkinn töluvert, hefur stöðugt neitað því, að vita nokkuð um það, hvernig það atvikaðist, eða að hafa verið valdur að því viljandi, en hann hefur kannazt við, að það væri ekki ólíklegt, að það hafi orsakazt af svipu sinni, þannig, að hún hafi óvart rekizt í auga hryssunnar. Það er því eigi næg sönnun fram komin til að refsa ákærða fyrir illa meðferð á nefndri hryssu, og verður því að sýkna hann í máli þessu bæði að því er refsingu snertir og málskostnaðarútlát. Samkvæmt fyrnefndum yfirrjettardómi 25. nóvembermán. f. á., ber hjeraðsdómaranum að greiða allan kostnað, sem leitt hefur af heimvísun og ýtarlegri rannsókn málsins. Allan annan kostnað málsins verður að greiða úr landssjóði, þar með talin málflutn-

ingslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það er aðfinningarvert við meðferð málsins af hendi undirdómarans, *að* að eins 1 þingvottur hefur undirskrifað rjettarhaldið 16. apríl þ. á., þegar dómurinn í máli þessu var uppkveðinn, og *að* í niðurlag dómsins vantar þvingunarklausuna: Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum. Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjeraði verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Ólafur Þorsteinsson á að vera sýkn fyrir ákæru sóknarans í máli þessu. Allan þann kostnað, er leitt hefur af heimvísun og ýtarlegri rannsókn málsins eptir 25. nóvemberm. f. á., greiði undirdómarinn, sýslumaður og bæjarfógeti Stephán Thorarensen. Allur annar sakarkostnaður bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi greiðist af almannafje, þar með talin málfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra. Dóminum að fullnægja uudir aðför að lögum.

Nr. 7/1890.

Frökenar Christjane og
Marie Thomsen
gegn
skiptaráðandanum og uppboðshaldaranum í dánarbúi Engilmaríu Auðunsdóttur, bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni, og tómthúsmanni Gísla Þorkelssyni.

Dómur:

Eptir að bæjarfógetinn í Reykjavík sem hlutaðeigandi skiptaráðandi hafði tekið til skiptameðferðar dánarbú Engilmaríu Auðunsdóttur, var, eptir ráðstöfun hans, seld húseign, tilheyrandi tjeðu dánarbúi, svonefndur «Hjallur» eða «Hjallhús», í Grjótagötu, við opinbert uppboð, er fram fór 11. septembermán. f. á. Í uppboðsauglýsingunni var þess getið, að húsinu (þ: «Hjallinum») fylgdi allt múr- og naglfast «og lóð sú er það stendur á». Hið sama var fram tekið í uppboðsskilmálunum, með þeim viðbæti, að húsið seljist ásamt gangi meðfram því að norðan og austanverðu. Hæstbjóðandi á uppboðinu að eign þessari varð hinn stefndi Gísli Þorkelsson. Áður en uppboðið fram fór, skýrði uppboðsráðandi frá því, að áfrýjendurnir, frökenarnar Christjane og Marie Thomsen, sem eru eigendur að húsinu nr. 9 í Grjótagötu með tilheyrandi lóð, — en hún liggur að norðan og austan við hið selda hús, hafi mótmælt sölunni á lóðinni undir tjeðu húsi — og haldið því fram, að þær ættu lóðina, en með því að enginn mætti á uppboðinu til þess að framfylgja þessum mótmælum, fór salan fram án þess að uppboðsráðandi kvæði upp úrskurð um mótmælin. Þessari uppboðsgjörð hafa

frökenarnar Christjane og Marie Thomsen áfrýjað til yfirdómsins samkvæmt gjafsóknarleyfi og með stefnu útgefinni 3. marz þ. á.; svo hefur þeim og verið settur málflutningsmaður.

Það er rjettarkrafa þessara áfrýjanda fyrir yfirdóminum, að uppboðsgjörðin verði ómerkt eða ónýtt eða felld úr gildi, að því leyti snertir lóðina undir hinu selda húsi (o: hjallstæðið) og ganginn kringum það að austan- og norðanverðu, og að hinir stefndu verði in solidum skyldaður til að greiða allan kostnað málsins eins og það væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða málflutningsmanns sækendanna, eða til vara, að hinn stefndi skiptaráðandi og uppboðsráðandi verði fyrir dánarbúsins hönd dæmdur til að greiða allan málskostnaðinn, en til frekari vara hefur hinn skipaði sækjandi krafizt málflutningslauna af almannafje.

Hinir stefndu hafa aptur á móti látið gjöra þá rjettarkröfu nú í málinu, *að* þeir verði algjörlega sýknaðir og *að* þeim verði dæmdur «fullur málskostnaður að skaðlausu» með 50 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Fyrir og um 1850 var Þorlákur Þorgeirsson eigandi að húseign áfrýjendanna og lóð þeirri, er eigninni fylgdi, og er svo að sjá, sem hann hafi upprunalega látið byggja hús það, sem nú er eign þeirra. Nefndur Þorlákur ljet og eptir að hann hafði eignazt lóðina reisa hjall á suðvestur-horni hennar rjett út við lóðartakmörkin. Hinn 17. apríl 1852 selur Þorlákur síðan móður áfrýjendanna húsið nr. 9 í Grjótagötu með öllu tilheyrandi og naglföstu sem og með þeim skúr og kálgarði, sem húsinu fylgir og «jeg (seljandinn) hefi brúkað».

Það hefur þó þá verið álitið að hjallurinn fylgdi eigi með í kaupinu, því að þegar Þorlákur ljezt, var hjallurinn seldur sem eign bús hans á uppboðsþingi hinn 25. okt. 1859 og er þess þá sjerstaklega getið að hann sje seldur «lóðarlaus». Síðan hefur hjallur þessi, eða «hjallhúsið» fleirsinnis gengið kaupum og sölum, þar til Engilmaría Auðunsdóttir var orðin eigandi að honum og hann nú síðast var seldur af skiptaráðanda í dánarbúi hennar. Norðurendi hjallhússins var frá fyrstu klæddur utan með þiljum og hefur verið notaður bæði sem fjós og geymsluhús. En eptir skýrslu áfrýendanna hefur suðurendinn eigi verið þilklæddur fyr en eptir 1870 og hefur hann síðan um nokkur ár verið brúkaður til íbúðar.

Eins og að framan hefur verið um getið, var húseignin nr. 9. í Grjótagötu seld árið 1852 «með þeim kálgarði, er húsinu fylgir». Á hjallinn (hjallhúsið), sem þá var byggður fyrir nokkru, eða lóðina, sem hann stóð á, er eigi minnzt einu orði í kaupsamningnum eða kaupbrjefinu og þar sem það er sannað með vitnisburði tveggja vitna (Jóhannesar Ólsens og Jóns Ásmundssonar) að lóðin með hjallinum á og gangi meðfram honum að austan og norðan var þá, þegar kaupin gjörðust, afgirt frá hinni lóðinni (kálgarðinum), sem seld var með húsinu nr. 9, þá virðist verða af því að ráða, að ekki einungis hjallurinn sjálfur, eins og áfrýendurnir hafa viðurkennt, heldur einnig lóð sú, sem þannig var afmörkuð sem fylgandi hjallinum, hafi verið undanskilin kaupunum. Áfrýjendurnir hafa haldið því fram, að fyrnefndur Þorlákur Þorgeirsson hafi hjá móður þeirra fengið sjerstaklega leyfi til þess, að hjallurinn mætti standa á hinni seldu lóð, meðan Þorlákur lifði,

en þær hafa eigi getað fært löggildar sönnur á þenna framburð sinn, enda kemur hann eigi heim við það, að ekkert virðist á hjallinn hafa minnzt verið við kaupin á húsinu og að hjallurinn var seldur að Þorláki látnum, eins og hann stóð, en eigi til niðurrifs eða burtfærslu, og sem tilheyrandi dánarbúi Þorláks, án þess nokkur mótmæli væru gjörð af hendi áfrýendanna eða móður þeirra, eins og áfrýendurnir heldur eigi síður nokkru sinni virðast hafa gjört kröfu til lóðarinnar undir hjallinum fyr en uppboð það fór fram, er nú er áfrýjað. Þar sem svo segir í uppboðsgjörðunum frá 25. okt. 1859, þegar hjallurinn var seldur að Þorláki látnum, að hjallurinn hafi verið seldur «lóðarlaus», þá virðist það einnig mega til sanns vegar færa, þó að hjallstæðið og mjór gangur með honum á tvo vegu fylgdi með, einkum þar sem það virðist hafa átt að tákna það, að lóðarstæðið fyrir sunnan götuna, sem Þorlákur átti einnig, og sem var selt sem næsta númer á uppboðinu, átti ekki að fylgja hjallinum; og þó að annar skilningur væri lagður í orðið «lóðarlaus», þá hafa áfrýendurnir ekki sannað rjett sinn til þeirrar lóðarræmu, sem þá hefði óseld verið eptir Þorlák, af stykki því, er hjallinum fylgdi, þegar hann var fráskilinn húsinu nr. 9 í Grjótagötu.

Það verður þannig að álíta, að hinn umræddi hjallur (hjallhúsið) með lóðinni undir honum og meðfram honum að austan og norðan hafi verið fráskilinn lóð hússins nr. 9 í Grjótagötu, þegar það var selt móður áfrýendanna, og með því, að áfrýendurnir hafa eigi sannað, að þær hafi síðar eignazt þann lóðarpart, verður að staðfesta hina áfrýjuðu uppboðsgjörð. Málskostnaður á eptir atvikum að falla niður. Samkvæmt þessum úr-

slitum málsins verða hinum skipaða málsfærslumanni áfrýendanna eigi dæmd málflutningslaun. Málsfærslan af hálfu hins skipaða sækjanda hefur varið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða uppboðsgjörð á óröskuð að vera. Málskostnaður falli niður.

Nr. 21/1890. Rjettvísin gegn Edilon Stefánssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Reykjavíkurkaupstaðar uppkveðnum 2. júním. þ. á., var hinn ákærði Edilon Stefánsson, dæmdur til að sæta 3ggja ára betrunarhússvinnu samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 233. gr., síðari málslið, fyrir stórþjófnað, svo og til að greiða iðgjöld til fangavarðar Sigurðar Jónssonar, 15 kr. 80 au., og ennfremur allan af málinu og af varðhaldi sínu, meðan á rekstri þess stóð, leiðandi kostnað. Þessum dómi hefur hlutaðeigandi amtmaður skotið til yfirdómsins.

Með játningu hins ákærða sjálfs, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, og öðrum skýrslum í málinu, er það löglega sannað, að hann hafi síðastliðinn vetur stolið úr kjallara hegningarhússins í Reykjavík sem næst 5 fjórðungum af saltkjöti, svo og 2 rullupilsum og 9 pottum af steinolíu. Þessu stal ákærði í 3 skipti, og fór hann í hvert skiptið yfir hegningarhússgirðinguna að austanverðu og komst þannig inn í garðinn, en úr hon-

um er gengið niður í kjallarann. Kjallarinn sjálfur var ólæstur, en kompunni, þar er kjötið og steinolían var, lauk ákærði upp með lykli, er hann hafði tekið hjá þáverandi húsmóður sinni. Hinn ákærði sætti færi í hvert skipti að fremja þjófnað þenna, þegar dimmt var orðið, og í 2 síðari skiptin hafði hann vitneskju um það, að fangavörðurinn var ekki heima. Hinn ákærði seldi steinolíuna í búð; ennfremur seldi hann 38 pund af kjötinu, hitt ljet hann sjóða og sömuleiðis rullupilsurnar, borðaði hann það mestmegnis sjálfur, en nokkuð ljet hann sem borgun fyrir matreiðsluna. Enn fremur hrifsaði hinn ákærði 12 aura franskbrauð í brauðsölubúð Bernhöfts bakara, en það var tekið af honum áður en hann komst út úr búðinni með það. Kjötið og rullupilsurnar, er hinn ákærði stal, hefur verið virt á 14 kr., og steinolíupotturinn er talinn 20 aura virði; hefur því Sigurði Jónssyni fangaverði eptir kröfu hans verið dæmt endurgjald fyrir hið stolna, að upphæð 15 kr. 80 aura.

Hinn ákærði hefur áður verið dæmdur fyrir stórþjófnað í 8 mánaða betrunarhúsvinnu með landsyfirrjettardómi, uppkveðnum 21. apríl 1884, og aptur var hann með dómi sama rjettar, uppkveðnum 24. okt. 1887, dæmdur eptir 232. gr. hegningarlaganna til að sæta tveggja ára og 6 mánaða betrunarhúsvinnu. Brot hins ákærða, sem nú er sakarefni, ber því að heimfæra undir síðara málslið í 233. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir hegning sú, þriggja ára betrunarhúsvinna, sem undirdómarinn hefur ákveðið, hæfileg eptir atvikum málsins. Með því að einnig ber að samþykkja ákvæði aukarjettardómsins um iðgjöld og málskostnað, ber að staðfesta tjeðan dóm í öllum grein-

um hans. Málskostnað fyrir yfirdómi verður hinn ákærði og að greiða, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Hinn ákærði, Edilon Stefánsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verja fyrir yfirdómi, málsfærslumannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Iðgjöldin ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og skal honum fullnægt undir aðför að lögum.

Mánudaginn 22. septembermán.

Nr. 11/1890. Tryggvi Gunnarsson og Halldór Pjetursson gegn Bjarna Arngrímssyni.

Dómur:

Hinn 17. febrúarmán. 1864 fekk Friðfinnur Þorláksson gullsmiður á Akureyri leyfi ekkjunnar Guðrúnar Sigurðardóttur á Vöglum til að veðsetja fyrir peningaláni, að upphæð 150 kr., er hann fekk síðar 8. marz s. á. úr Möðrufells spítala-sjóði (nú landssjóði), 3 hdr.

úr eignarjörð hennar Skriðu í Hörgárdal, en Friðfinnur veðsetti aptur ekkjunni samdægurs (sem varaveð) timburhús, er hann átti á Akureyri, og var veðsetningarskjal það þinglesið þar á eptir. Nú leið og beið, og dó nefnd ekkja, en tengdasonur hennar, stefndi, Bjarni Arngrímsson á Skútum, eignaðist hin veðsettu 3 hdr. í Skriðu eptir hana, og þegar hann fjekk vitneskju um, að áðurnefnt lán hvíldi ennþá á þessum 3 hdr. og var krafinn um borgun á láninu og vöxtum af því síðan 11. júní 1884, þá höfðaði hann mál þetta gegn áfrýendunum, sem núverandi eigendum fyrgreinds húss, er Friðfinnur Þorlákssón hafði átt og sett sem varaveð fyrir láninu, en Friðfinnur var þá dáinn fyrir nokkrum árum. Var málið dæmt í aukarjetti Akureyrar 3. desbr. mán. f. á. með þeim úrslitum, að áfrýendurnir, kaupstjóri Tryggvi Gunnarsson, og Halldór Pjetursson, voru dæmdir til að greiða stefnda, sem eigendur hins umrædda húss, höfuðstól lánsins til Friðfinns Þorlákssonar, 150 kr., ásamt 4% vöxtum af því frá 11. júní 1884 til borgunardags. Svo skyldu þeir og greiða honum í málskostnað 10 kr.

Áfrýendurnir hafa krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að tjeður dómur verði ómerkur dæmdur og málinu vísað frá undirrjettinum, eða til vara, að þeir verði dæmdir sýknir af öllum kærum og kröfum stefnda í málinu, svo og að hann verði, hvernig sem fer, skyldaður til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu með 50 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Af hendi stefnda, sem hefur gjafvörn fyrir yfirdómi, hefur hinn skipaði talsmaður hans aptur á móti krafizt þess, að undirrjettardómurinn verði staðfestur og áfrýendurnir skyldaðir in solidum til að greiða allan málskostnað fyrir yfirdómi eptir rjett-

arins mati, eins og málið væri eigi flutt með gjafsókn, þar með talin málfærslulaun til sín.

Ómerkingar- og frávísunarkrafa áfrýendanna, sem er byggð á því, að þeim hafi eigi verið löglega stefnt til undirrjettar, verður ekki tekin til greina þegar af þeirri ástæðu, að mótmæli í þá átt komu eigi nægilega fram fyrir undirrjettinum.

Hvað efni málsins snertir, verður að álíta, að framangreint veðsetningarskjal, 17. febr. 1864, — sem stefndi hefur lagt fram eptirrit af úr veðmálabókinni, en að eins part af frumritinu, sem virðist vera — beri að skilja svo, að Guðrúnu Sigurðardóttur hafi með því verið veittur rjettur til að ganga að húsi Friðfinns, er sett var sem varaveð, ef hún biði nokkurt tjón af veðsetningunni á 3 hdr. í Skriðu, en þar sem stefndi hefur eigi upplýst frekara, en að hann hafi verið krafinn um borgun á láni Friðfinns Þorlákssonar ásamt hinum umræddu vöxtum, en ekki að hann hafi greitt lánið eða á annað hátt öðlazt rjett til að innheimta það og gefa fullnægjandi kvittun fyrir því, þá getur hann ekki krafizt þess, að áfrýendurnir greiði það af hendi til sín, jafnvel þótt eigi yrði á það litið, að hann eigi getur sýnt eða afhent við greiðsluna ógallað frumrit veðbrjefsins. Það verður því að breyta hinum áfrýjaða dómi þannig, að áfrýendurnir skulu vera sýknir af kærum og kröfum stefnda. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir atvikum rjett að falli niður. Málsfærslulaun verða eptir úrslitum málsins eigi dæmd hinum skipaða talsmanni stefnda. — Að því mál þetta er flutt með gjafsókn, vottast, að málsfærslan hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýendurnir Tryggvi Gunnarsson og Halldór Pjetursson eiga fyrir kærum og kröfum stefnda Bjarna Arngrímssonar í þessu máli sýknir að vera. Málskostnaður falli niður.

Nr. 16/1890. Hans Guðmundsson
gegn
Ólafi Oddssyni.

Dómur:

Þetta mál er í hjeraði höfðað af hinum stefnda Ólafi Oddsyni gegn áfrýjandanum Hans Guðmundssyni fyrir það, að áfrýjandinn hafi dróttað að stefnda sauðaþjófnaði og komið til leiðar ólöglegri þjófaleit hjá honum og með þessu móti ærumeitt hann. Málið var dæmt í aukarjetti Eyjafjarðarsýslu, 18. nóv. f. á., á þann hátt, að Hans Guðmundsson skyldi greiða 20 kr. sekt í landssjóð og að auk 20 kr. í málskostnað.

Þessum aukarjettardómi hefur Hans Guðmundsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 15. apríl þ. á., og eru hans rjettarkröfur þessar: fyrst og fremst, *að* hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur, en til vara, að áfrýjandinn verði algjörlega sýknaður í málinu. Auk þessa krefst hann málskostnaðar fyrir báðum rjettum, að minnsta kosti 150 kr.

Á hinn bóginn er það krafa hins stefnda Ólafs Oddssonar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandinn verður dæmdur til aðgreiða málskostnað fyrir yfirdómi, 80 kr. að minnsta kosti.

Það verður að álíta, að kröfur hins stefnda hafi verið nægilega tilgreindar í sáttakærunni og að sætt hafi verið reynd um misklíðina út af þeim yfir höfuð að tala; enn fremur virðist sakarefnið vera nægilega skýrt framtekið í undirrjettarstefnunni, þótt kröfurnar sjeu þar eigi nákvæmlega tilgreindar — og verður hinn áfrýjaði dómur því eigi dæmdur ómerkur, samkvæmt kröfu áfrýjandans.

Samkvæmt skýrslum málsins kom hlutaðeigandi hreppstjóri til hins stefnda hinn 4. sept. f. á., ásamt 4 öðrum mönnum, og var áfrýjandi einn af þeim, og segir hreppstjóri þá við stefnda, að þeir ætli að skoða fje hans, og telur sem ástæðu fyrir því, «að Ívar (maður, sem var með í förinni) segi, að Hans á Hallfríðarstöðum eigi 2 ær kollóttar í ám hans (þínum) og þá þriðju, dilká, segir *Hans*, að sje hjá sjer». Hinn stefndi hafði ekkert á móti því, að fjeð væri rekið saman og skoðað; var það síðan gjört, og fannst þá ekkert athugavert, að því er snerti kinda-eign hins stefnda. Þessar aðfarir, sem stefndi telur vanvirðandi fyrir sig, segir hann að hafi fram farið að tilstilli áfrýjanda.

Það er nú eigi komið fram í málinu að áfrýjandinn hafi borið upp á stefnda sauðaþjófnað, og eigi er það heldur sannað, að hann hafi fengið hreppstjórann til að fara á heimili hins stefnda til rannsóknar við umgetið tækifæri, enda verður skoðun sú á fje stefnda, er þá var gjörð, eigi kölluð þjófaleit, með því að hinn stefndi sjálfur bauð fjeð fram til skoðunar. Áfrýjandinn verður því eigi dæmdur fyrir ærumeiðingar í máli þessu og ber að sýkna hann fyrir kæru hins stefnda. Eptir málavöxtum þykir rjett, að stefndi greiði áfrýjanda 25 kr. sem málskostnað.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi Hans Guðmundsson á að vera sýkn fyrir kærum og kröfum stefnda, Ólafs Oddssonar, í máli þessu. Sem málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 25 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 24/1890. Jón Jónsson Austmannn
gegn
Birni Jónssyni.

Í máli þessu var áfrýjunarstefna útgefin á skrifstofu yfirdómsins 11. ágúst þ. á. og átti það eptir stefnunni að koma fyrir til meðferðar í yfirdóminum 8. þ. m., en þá mætti áfrýjandinn ekki og enginn fyrir hans hönd, og var yfirdómsstefnan eigi lögð fram í rjettinum þenna dag. Með því nú hinn stefndi þá ljet mæta rjettinum, verður að álíta það sannað, að stefnan hafi verið birt honum, og ber því eptir kröfu hans og samkvæmt N. L. 1. 4. 34. að dæma honum hæfilega upphæð í «kost og tæringu», sem ákveðst 6 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn Jón Jónsson Aaustmann á að greiða hinum stefnda Birni ritstjóra Jónssyn 6 — sex — krónur í «kost og tæringu», er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 24. nóvembermán.

Nr. 25/1890. Jón Jónsson Austmann
gegn
Birni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er í hjeraði höfðað af stefnda ritstjóra Ísafoldar Birni Jónssyni, gegn áfrýjandanum Jóni Jónssyni Austmann í Engey, út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu nokkurri, er áfrýjandinn og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og prentuð er í 4. tölublaði af aukaútgáfu blaðsins« Fjallkonunnar» 9. apríl þ. á. og var málið dæmt í gestarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 2. ágúst þ. á. svo, að áfrýjandinn skyldi greiða sekt til landssjóðs 20 kr. eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga; auk þess skyldi hann greiða stefnda í málskostnað 10 kr. og hin átöldu meiðyrði skyldu vera dauð og marklaus.

Áfrýjandinn hefur krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir undir- og yfirdómi með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Aptur á móti hefur stefndi krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að borga stefnda allan kostnað málsins fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins, að minnsta kosti 50 kr.

Í umgetinni yfirlýsingu í «Fjallkonunni» er skýrt svo frá, að í blaðinu Ísafold sje sagt frá drukknun tveggja nafngreindra manna á þann hátt, að «þeir muni ekki hafa verið meir en svo algáðir» er þeir drukknuðu, en þeir, er undir yfirlýsingunni standa, áfrýjandinn og

nokkrir aðrir menn, «hyggja, að ritstjóra Ísafoldar hafi ekki verið kunnugra um það en þeim», er hafi verið á sama skipi og þeir er drukknuðu nokkru áður en slysið skeði, og lýsa þeir það síðan» lygi, er Ísafold flytur um það, eins og frásögn blaðsins um þennan atburð er yfir höfuð mjög ranghermd«. Síðar í yfirlýsingunni stendur og um greinda frásögn Ísafoldar: «Þessi álygi Ísafoldar».

Hin tilfærðu orð «lygi» og «álygi», sem eptir sambandinu í yfirlýsingunni hlýtur að álítast beint að stefnda sem ritstjóra «Ísafoldar» og sem áfrýjandinn hefur ekki getað nægilega rjettlætt, verða að teljast meiðandi fyrir hinn stefnda, og er hegningin fyrir þau, sem rjettilega er ákveðin af undirdómaranum eptir 219. gr. hegningarlaganna, eigi of hátt sett 20 kr. sekt, er þó ber að eins að afplána með 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð. Yfirdómurinn fellst á ákvæði undirdómsins um ómerking hinna átöldu ummæla og um málskostnað, og ber áfrýjanda einnig að greiða stefnda 10 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði gestarjettardómur á óraskaður að vera, þó svo, að varahegningin skal ákveðin að eins 6 daga einfalt fangelsi. Áfrýjandinn greiði stefnda 10 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 1. desembermán.

Nr. 32/1890. Rjettvísin gegn John Barnett.

Dómur:

Með aukarjettardómi Ísafjarðarsýslu uppkveðnum 26. ágústmánaðar þ. á., er hinn ákærði, enskur sjómaður af skipinu Dove, John Barnett, dæmdur fyrir líkamlegt ofbeldi og drápstilraun samkvæmt 189. gr., sbr. 46. gr. og 205. gr. hegningarlaganna, samanbornum við 40. gr. sömu laga, í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað. En þessum dómi hefur að tilhlutun hins opinbera verið skotið til yfirdómsins.

Það má álíta sannað í máli þessu, að 12. dag júlímán. þ. á., þegar ákærði var í landi af skipi sínu á Þingeyri við Dýrafjörð, fór hann þar inn í hús, sem læknirinn og verzlunarmaður F. Thordarsen bjuggu í. Hafði hann fyrst nokkur drykkjulæti við aðra húsfreyjuna, en eptir að hún komst undan honum upp á lopt, vildi hann komast inn í stofu niðri í húsinu, þar sem verzlunarmaðurinn, vinnukona hans og Norðmaður einn voru inni. En er þau læstu að sjer fyrir honum, braut hann úr hurðinni neðsta spjaldið (fyldinguna), svo að gat það, er á kom, var svo stórt, að meðalmaður mátti komast þar inn um. Síðan tók hann tvíhleypta apturhlaðningsbyssu hlaðna, er var þar fyrir framan dyrnar hjá honum og verzlunarmaðurinn átti, og hleypti úr henni báðum skotunum inn um gatið á hurðinni, og lenti fyrra skotið í gólfinu nálægt fótunum á verzlunarmanninum, en hitt í þilinu hinu megin í

herberginu. Ekki sá fólkið, sem inni var eða nokkur annar, að ákærði reyndi að miða byssunni á þá, sem í stofunni voru, enda sakaði þá eigi að öðru en því, að flísar hrukku úr gólfinu við fyrra skotið í handarbakið á verzlunarmanninum, svo að hann bruflaðist ofurlítið á því. Það er einnig sannað, að þegar verzlunarstjóri F. R. Wendel skömmu síðar kom inn í húsið og ætlaði að stilla ákærða til friðar, þá rjeðst ákærði á hann og barði hann í andlitið, svo að hann fleiðraðist á nokkrum stöðum á nefinu, milli augnanna, en nefið varð mjög bólgið eptir og augnaumgjörðin blá og mjög bólgin, einkum að neðanverðu og innanverðu, og hefur læknir vottað, að nefið muni ávallt verða nokkuð aflagað eptir áverkann.

Ákærði hefur stöðugt haldið því fram, að hann hafi verið svo út úr drukkinn, að hann myndi ekkert eptir sjer þann tíma, sem hann hafðist þetta að; en eptir því sem upplýst er um framkomu hans, verður þó eigi álitið, að hann hafi eigi vitað, hvað hann gjörði, þó að hann hafi verið töluvert ölvaður og því haft síður stjórn á sjer en ella.

Með því að það nú eigi er sannað, að ákærði hafi viljað granda nokkrum manni með skotum þeim, er hann hleypti af inn í stofuna, og því síður að hann hafi viljað ráða öðrum manni bana með þeim, verður hann ekki dæmdur fyrir drápstilraun eða samkvæmt 187. gr. sbr. 46. gr. hegningarlaganna (ekki samkvæmt 189. gr., eins og stendur í hinum áfrýjaða dómi). Aptur á móti verður að fallast á það, að ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, er af undirdómaranum dæmdur samkvæmt 205. gr. hegningarlaganna fyrir líkamlegar meiðingar, og virðist hegningin fyrir afbrot hans með hliðsjón af 40. gr. hegningarlaganna og með tilliti til

þess, að hann hefur setið í gæzluvarðhaldi síðan brotið var framið og situr enn, sbr. 59. gr. hegningarlaganna, hæfilega metin 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Að því er málskostnað snertir ber að staðfesta undirrjettardóminn, og ber ákærða einnig að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærsulaun til sækjanda og verjanda hjer við rjettinn, 10 kr. til hvors þeirra. Endurgjalds eða bóta samkvæmt 303. gr. hegningarlaganna hefur eigi verið krafizt undir málinu.

Við prófun málsins þykir það aðfinningarvert, að eigi hefur verið leitað upplýsinga um það, hve mikið af áfengum drykkjum hinn ákærði hafi drukkið á Þingeyri eptir að hann kom í land við umgetið tækifæri, og svo er þess eigi heldur getið, hvernig hinum ákærða, sem er útlendingur, hafi verið gjörð skiljanleg rannsóknin í málinu. Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjeraði verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði, John Barnett, á að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað í hjeraði á aukarjettardómurinn að vera óraskaður; svo greiði ákærði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannesar Hafstein, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 51/1889. Sigríður Jónsdóttir
gegn
skiptaráðandanum í Eyjafjarðarsýslu, St. Thorarensen, og erfingjum Jóns Snorrasonar.

Dómur:

Mál þetta hefur áður verið fyrir yfirdóminum og var því þá stefnt þangað með stefnu dags. 25. ágústmán. 1888 og að fengnu uppreistarleyfi, dags. 30. júlímán s. á., þar sem áfrýjunarfresturinn var útrunninn, en því var þá vísað frá með dómi 17. júnímán. f. á. sökum galla á áfrýjunarstefnunni. Nú hefur hinu sama máli af nýju verið stefnt fyrir yfirdóminn með stefnu dags. 26. ágústmán. f. á. og með skírskotun til fyrtjeðs uppreistarleyfis dags. 30. júlímán. 1888. En þar sem liðið hafa samkvæmt þessu meira en 4 vikur frá frávísun málsins frá yfirdóminum 17. júnímán. f. á. og til þess er ný áfrýjunarstefna var tekin út í því, 26. ágústmán. f. á., verður heimildin til áfrýjunar þessarar, eptir að áfrýjunarfresturinn var útrunninn, eigi byggð á opttjeðu uppreistarleyfi. Það verður því ex officio að vísa máli þessu frá yfirdóminum. Hinir stefndu hafa eigi mætt nje látið mæta hjer fyrir rjettinum. Málsfærslulaun verða eigi eptir úrslitum málsins dæmd hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjandans.

Það vottast, að málið hefur verið rekið vítalaust af hálfu hins skipaða sækjanda.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá dómi.

Mánudaginn 8. desembermán.

Nr. 18 1890. Rjettvísin
gegn
Sigtryggi Ísleifssyni.

Dómur:

Með stefnu útgefinni 9. desembermán. 1889 höfðaði sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu samkvæmt fyrirskipan hlutaðeigandi amtmanns opinbert mál gegn hinum ákærða, Sigtryggi Ísleifssyni, fyrir brot gegn 255. greinu almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og með aukarjettardómi uppkveðnum af tjeðum sýslumanni hinn 16. janúarmán. þ. á., var hinn ákærði sýknaður um brot gegn nefndri grein hegningarlaganna, en dæmdur eptir 99. grein 2. málslið, sbr. 101 gr. sömu laga, til að greiða 6 kr. sekt í landssjóð, en til vara, í 2ggja daga einfalt fangelsi og til að greiða allan sakarkostnaðinn, þar með talin málsfærslulaun til verjanda í hjeraði 5 kr. Þessum aukarjettardómi hefur amtmaðurinn yfir norður- og austuramtinu skotið til yfirdómsins.

Málshöfðunarskipun amtsins hefur eigi verið lögð fram í málinu, en samkvæmt dómstefnu hjeraðsdómarans er málshöfðunin með tilvitnun til fyrirskipunar amtsins einskorðuð við brot á 255. gr. hegningarlaganna. Þar sem hjeraðsdómarinn samt sem áður hefur dæmt hinn ákærða fyrir brot gegn 99. gr. 2. málslið, sbr. 101. gr. hegningarlaganna, þá verður að dæma dóminn ómerkan að því leyti, með því að hinum ákærða eigi var stefnt til ábyrgðar fyrir svofellt brot.

Atvik sakarinnar eru að öðru leyti þau, að vorið 1888 hinn 9. maí kom hlutaðeigandi hreppstjóri á heimili hins ákærða, þar er hann þá var fyrirvinna hjá móð-

ur sinni, til þess að gjöra lögtak fyrir prestsgjöldum í dánarbúi föður hins ákærða, sem ekkjan, móðir hans, þá veitti forstöðu. Skuldin var þannig óviðkomandi hinum ákærða, en samt sem áður tók hreppstjórinn lögtaki upp í skuldina gráa hryssu, sem hinn ákærði var eigandi að, eptir því sem nægilega er sannað í máli þessu; og tjáist hreppstjórinn hafa falið hlutaðeigendum að geyma tjeða hryssu «þar til hún yrði seld eða leyst úr löghaldinu innan 3 vikna». Haustið næst á eptir kom hreppstjórinn tvívegis á heimili hins ákærða til þess að halda uppboð á hryssunni; í fyrra skiptið varð ekkert af uppboðinu, með því að hryssan var ekki þar heima og engir kaupendur mættu; hinn ákærði segir og, að sama hafa verið ástæðan til þess, að ekkert varð af seinna uppboðinu, en hreppstjórinn hefur skýrt svo frá, að ákærði hafi þá verið búinn að selja hryssuna og hafi því eigi verið hægt að bjóða hana upp. Það er eigi upplýst í málinu, hvors þeirra sögusögn um þetta atvik er rjettari, en hitt er viðurkennt af hinum ákærða, að hann hafi um þetta leyti fargað hrossinu, til þess að útvega heimili móður sinnar lífsbjörg fyrir andvirðið, og er hann sakaður fyrir þenna verknað.

Með því að hrossið, sem tekið var lögtaki, var eign hins ákærða, en skuldin, sem lögtak var gjört fyrir, var honum óviðkomandi, enda ætlaði hreppstjórinn eigi að gjöra lögtak í munum hins ákærða, heldur í fjármunum dánarbúsins, þá var lögtakið ólöglegt gagnvart honum og verður það eigi álitið sviksamlegt athæfi, þótt hann síðar fargaði hryssunni. Það verður því að sýkna hinn ákærða í máli þessu og dæma allan sakarkostnað á almannafje, þar með talin málsvarnarlaun í hjeraði, 5

kr. og málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Þó að ærið lengi hafi staðið á rekstri máls þessa í hjeraði þar sem 1. rjettarpróf í því var haldið hinn 23. marzmán. 1889, þykir þó eigi ástæða til að láta hjeraðsdómarann sæta ábyrgð fyrir það. Það vottast, að málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hjeraðsdómurinn á að vera ómerkur, að því er refsingarákvæði hans snertir. Hinn ákærði Sigtryggur Ísleifsson á að vera sýkn, að því er ákæruna fyrir sviksamlegt athæfi snertir. Allur sakarkostnaður bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi greiðist af almannafje, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda í hjeraði, cand. Skapta Jósepssonar, 5 kr., og málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslmannanna Hannesar Hafstein og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Nr. 31/1890.

Hið opinbera
gegn
Sigtryggi Þorgrímssyni.

Dómur:

Í máli þessu, sem dæmt er í aukarjetti Akureyrar 22. ágústmán. þ. á., var hinn kærði Sigtryggur Þorgrímsson, sem sakaður var um brot gegn 2. gr. fiski-

veiðasamþykktar fyrir sjáfarsvæðið milli sýslutakmarka Eyjafjarðarsýslu að vestan og Gjögratáar í Þingeyjarsýslu, staðfestri 15. júní 1888, dæmdur sýkn af kæru hins opinbera, en honum þó gjört að greiða allan málskostnað. Þessum dómi er af hálfu hins opinbera skotið til yfirdómsins.

Hinum kærða er gefið að sök, að hann hafi brotið nefnda samþykkt með því í desember 1888, að hafa lagt fiskilínu innar eða sunnar en heimilt er samkvæmt 2. gr. nefndrar samþykktar. Hinn kærði hefur með öllu neitað, að hafa lagt línuna fyrir innan takmörkin og það er eigi sannað í málinu, að hann hafi gjört það. Að vísu hafa fjögur vitni borið, að þau hafi sjeð duflið hans 30—40 faðma fyrir innan línuna og kærði hefur eigi mótmælt, að svo kunni að hafa verið, þá er hann tók línuna upp; það er upplýst í málinu, að útstraumur hafi verið, þá er kærði lagði línuna, en þegar hann tók hana upp, var kominn harður innstraumur, og gat því vel verið, að duflið væri þá komið inn fyrir línuna, því duflfærið var 100 faðma langt, en dýpið að eins 24 faðmar.

Það virðist þannig ljóst, að þótt gengið væri út frá því sem fullsönnuðu, að duflið hafi verið 30—40 faðma fyrir innan takmarkalínuna, þegar línan var tekin með harða innstraumi, þá hafi þó lóðarlínan sjálf orðið að liggja fyrir utan markalínuna, og með því ekki verður svo á litið, að samþykktin hafi verið brotin, þótt duflið og duflfærið kæmist fyrir straum inn fyrir línuna, verður að sýkna hinn kærða og láta málskostnað lenda á almannafje, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Við rekstur og meðferð málsins í hjeraði athugast, *að* nokkur dráttur hefur orðið á því, sem eigi er nægilega rjettlættur af undirdómaranum, og *að* sökin er dæmd í aukarjetti, þó að henni væri stefnt fyrir lögreglurjett og hún væri rekin fyrir tjeðum rjetti. Það virðist þó eigi ástæða til, að ónýta hinn uppkveðna dóm nje til þess, að láta undirdómarann sæta ábyrgð fyrir málsmeðferðina. Málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Sigtryggur Þorgrímsson, á að vera sýkn af kæru hins opinbera í þessu máli. Allur málskostnaður, þar með talin málflutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Hannesar Hafstein og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Nr. 28/1890. Hið opinbera
gegn
Einari Jónssyni.

Dómur:

Eptir að sóknarpresturinn í Staðarprestakalli í Grindavík hafði kært Einar hreppstjóra Jónsson í Garðhúsum fyrir óleyfilega brennivínssölu, með brjefi til hlutaðeigandi sýslumanns, dags. 6. júní 1889, rannsakaði sýslumaðurinn málefni þetta, og dæmdi síðan hinn kærða í lögreglurjetti Kjósar-og Gullbringusýslu hinn 5.júlí-

mán. þ. á. sem sannan um sök fyrir óleyfilega brennivínssölu og með skírskotun til laga nr. 3, 10. febrúarmán. 1888, til að greiða 50 kr. sekt, er að hálfu falli til fátækrasjóðs Grindavíkurhrepps, en að hálfu til uppljóstursmanns, nefnlega ofannefnds sóknarprests, svo og til að greiða allan löglegan kostnað sakarinnar. — Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins bæði af hálfu hins kærða og fyrir hönd hins opinbera.

Um sakarefnið eru þessir vitnisburðir í málinu: Páll Magnússon, er sjálfur einnig var kærður fyrir óleyfilega brennivínssölu og undirgekkst sektargreiðslu fyrir brotið, kvaðst vita til, að hinn kærði fengist við brennivínssölu og hafi hann optsinnis keypt brennivín af kærða, síðast einn pela um krossmessuleytið 1889, og hafi pelinn kostað 25 aura. Magnús Magnússon (yngri) frá Akurhúsum hefur borið það fram, að hann hafi árið 1887 keypt 1 flösku af brennivíni hjá hinum kærða og borgað hana með 75 aurum. Stefán Bjarnarson hefur skýrt frá því, að hann í fyrra vetur hafi fengið hjá kærða ½anker = 20 pt. af brennivíni, og hafi potturinn kostað 80 aura, en hann hafi greitt borgunina með kindum. Elís Eggertsson tjáist hafa fengið brennivín hjá kærða á árinu 1888, og hafi hann borgað pelann með 25 aurum. Klemens Jónasson tjáist einnig hafa fengið brennivín hjá kærða árin 1888 og 1889, og hafi hann borgað það aptur. Sæmundur Jónsson hefur borið það fram, að hann hafi optsinnis fengið brennivín hjá hinum kærða og borgað það aptur í sömu mynt, og fyrir 20 árum hafi hann fengið hjá honum 2 flöskur af brennivíni, til þess að hafa þær til veitinga í skírnarveizlu, og hafi hann borgað þær með blautfiski eða peningum. Guðjón Jónsson hefur skýrt frá því,

að hann hafi fengið 4 potta af brennivíni hjá kærða 23. desembermán. 1888, og hafi hann síðar borgað það. Hann kveðst opt hafa fengið brennivín hjá kærða, sem er bróðir hans, stundum gefins, en stundum hafi hann borgað það aptur með sömu vöru, brennivíni, og einstöku sinnum með peningum. Höskuldur Jónsson hefur fyrir rjettinum borið það, að hann hafi tvívegis fengið brennivín hjá kærða og «borgað það í sama aptur». Tómas Guðmundsson hefur gefið þá skýrslu, að hann hafi við og við lánað brennivín hjá hinum kærða «upp á brennivín aptur». Öll framannefnd vitni hafa staðfest framburði sína með eiði, án þess þó að kærða væri gefinn kostur á, að vera við eiðfestinguna, enda verður eigi heldur sjeð, að h nn hafi fengið að kynna sjer vitnaframburðina. Kærandinn í málinu, sóknarpresturinn í Grindavík, hefur eigi verið látinn gefa skýrslu nje staðfesta kæru sína fyrir rjetti.

Hinn kærði hefur um viðskipti sín og Stefáns Bjarnarsonar skýrt svo frá, að hann hafi haustið 1888 keypt 2 vetur gamlar gimbrar af Stefáni, sem hann hafi ætlað að borga með peningum, 20 krónum, en Stefán hafi þá þrábeðið sig um að láta sig fá brennivín, að minnsta kosti að nokkru leyti upp í kindaverðið. Fyrir þessa þrábeiðni Stefáns segist kærði hafa látið hann fá 20 potta af brennivíni eptir búðarverði (á 80 aura pottinn) upp í kindaverðið og að auki 4 kr. í peningum, og hefur Stefán kannazt við, að þessi skýrsla væri rjett. Annars hefur kærði þverlega neitað því, að hann hafi nokkru sinni selt brennivín fyrir peninga eða vörur, en hefur jafnframt kannazt við það, að hann hafi optsinnis eptir beiðni lánað öðrum brennivín gegn því, að fá það aptur borgað in natura.

Þó að hinn ákærði á ofangreindan hátt hafi látið Stefán Bjarnarson fá 20 potta af brennivíni í viðskiptum þeirra, og reiknað honum það með búðarverði, og þó að hann fleirsinnis hafi lánað nágrönnum sínum brennivín gegn því að fá jafnmikið af sömu vöru aptur, þá verður þetta eigi kölluð verzlun með brennivín eða lögbönnuð brennivínssala, þar sem hann eigi hefur haft brennivínið á boðstólum og eigi afhent það til þess að græða á því. Með því það að öðru leyti eigi er sannað í málinu, með þingsvitni eða á annan löglegan hátt, gegn skýlausri neitun kærða, að hann hafi nokkru sinni selt brennivín — en hin einstöku kæru-atvik í máli þessu eru hvert um sig að eins sönnuð með framburði þess manns eins, sem í það og það skiptið tjáist hafa keypt brennivín af kærða — þá verður að dæma hann sýknan í sök þessari, eins og hún fyrir liggur. Allur kostnaður málsins bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi verður að greiðast af almannafje, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Það hefur orðið ærið mikill dráttur á rannsókn málsins og dómsuppsögn í hjeraði, þó að eigi þyki alveg fullnæg ástæða til þess að láta undirdómarann sæta ábyrgð fyrir meðferðina á sökinni.

Rekstur málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Einar Jónsson, á að vera sýkn fyrir kæru hins opinbera í máli þessu. Allur sakarkostnaður, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, greið-

ist af almannafje, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málfærslumanns Guðlaugs Guðmundssonar og landritara Hannesar Hafstein, 10 kr. til hvors þeirra.

Nr. 22/1890. Bæjarstjórn Reykjavíkur (eigandi Laugarness) gegn H. Th. A. Thomsen (eiganda Bústaða).

Dómur:

Mál þetta er höfðað af bæjarstjórn Reykjavíkur sem eiganda jarðarinnar Laugarness í Seltjarnarnesshreppi gegn kaupmanni H. Th. A. Thomsen, sem eiganda jarðarinnar Bústaða í sama hreppi, út af ágreiningi um landamerki milli tjeðra jarða, og var það dæmt í landamerkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 28. júnímán. þ. á., svo, að landmerki milli jarðanna skyldu vera: úr Þrísteinum og í Bústaðaborg, úr Bústaðaborg bein stefna á fjallið Keili skekkjulaust til beggja hliða þar til þrýtur land Laugarness og Bústaða og tekur við Kópavogsland. Um dagpeninga og ferðakostnað sýslumanns og dagpeninga merkjadómsmanna var ákveðið í dóminum að bæjarstjórn Reykjavíkur skyldi greiða af þeim kostnaði 30 kr. 50 au., en kaupmaður H. Th. A. Thomsen 21 kr. 50 au. Annar málskostnaður skyldi falla niður.

Dómi þessum hefur bæjarstjórn Reykjavíkur skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 29. júlímán. þ. á. og

krafizt þess, að hann verði dæmdur ómerkur og stefndi, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir merkjadómi og yfirdómi með einhverri að rjettarins mati nægilegri upphæð, ekki undir 100 kr. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að merkjadómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að borga allan málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins, að minnsta kosti 100 kr.

Málsaðilar eru sammála um það, að landamerkin milli umræddra jarða sjeu þessi: úr Þrísteinum í Bústaðaborg, þaðan í stein fyrir sunnan og vestan Bústaðaborg og þaðan í Klofningssteina. Þeir eru einnig sammála um það, hvar Þrísteinar sjeu og Bústaðaborg; en ágreiningurinn er um, hvar umgetinn steinn fyrir sunnan og vestan Bústaðaborg sje, og hvar Klofningssteinar sjeu. Áfrýjandinn hefur talið merkjasteininn fyrir sunnan og vestan Bústaðaborg stein eigi all-langt frá borginni uppi á ásnum að sunnanverðu nokkru fyrir vestan og ofan svonefndan Söðulstein, og Klofningssteina í suður frá honum niðri í Fossvogsmýrinni, þegar fer að halla upp hinumegin. Steinn stefnda er aptur töluvert vestar, vestan undir svonefndu Háaleiti, og Klofningssteinar hans neðarlega við Fossvogslæk hjer um bil í vestur frá Klofningssteinum áfrýjandans.

Þar sem nú stefnda eigi hefur tekizt að styðja álit sitt um merkjalínuna, nema með vitnisburði eins manns, er auk þess virðist byggja mest á ímyndun sjálfs sín um, hvar hin umþrættu örnefni sjeu, hefur aptur á móti áfrýjandinn fyrir merkjadóminum borið fyrir sig vitnisburði ýmsra nákunnugra eldri manna, um það, er þeir höfðu heyrt í ungdæmi sínu og síðar um hvar örnefnin og merkin væru, og verður með þeim vitnisburðum

að álíta fullsannað, að Klofningssteinar sjeu þeir, sem áfrýjandinn heldur fram, svo og hver sje aðalstefna merkjalínunnar upp úr voginum norður eptir, þótt nokkur vafi geti enn verið á því, hvar merkjasteinninn fyrir sunnan og vestan Bústaðaborg sje eða hafi verið.

En þó að þessir vitnisburðir, sem enginn heimild er til að vefengja, sjeu þær einu sannanir, sem fram eru komnar í málinu fyrir því, hvar Klofningssteinar sjeu, hefur merkjadómurinn eigi tekið neitt tillit til þeirra, sökum þess, eins og hann kemst að orði, að þeir sje «framburður vitna um munnmæli, sem þau hafi heyrt og sjálf álitið».

Með því nú að merkjadómurinn verður með þessu að álítast hafa virt að vettugi löggilda vitnisburði og hann auk þess hefur ákveðið merkjalínuna svo, að yfirdómurinn getur enga hugmynd um það haft, hvar hún skiptir prætulandinu eða jafnvel hvort hún fellur innan prætulandsins eða utan þess, því ekkert er hvorki í dóminum nje annarsstaðar í málinu minnzt á afstöðu hennar við örnefni, sem fram eru komin í því — þá verður eigi hjá því komizt, að ónýta merkjadóminn fyrir sakir lögleysu að efni til og vísa málinu heim aptur. Upp í málskostnað fyrir yfirdómi virðist rjett að stefndi greiði áfrýjandanum 30 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Landamerkjadómurinn skal úr gildi felldur og málinu vísast heim aptur. Upp í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, áfrýjandanum, bæjarstjórn Reykjavík-

ur, 30 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 23/1890. Bæjarstjórn Reykjavíkur
(eigandi Klepps)
gegn
H. Th. A. Thomsen
(eiganda Bústaða).

Dómur:

Mál þetta höfðaði bæjarstjórn Reykjavíkur sem eigandi jarðarinnar Klepps í Seltjarnarnesshrepp gegn kaupmanni H. Th. A. Thomsen, sem eiganda jarðarinnar Bústaða í sama hreppi, út af ágreiningi um landamerki milli tjeðra jarða. Bæjarstjórnin álítur, að landamerki jarðanna sjeu þessi: «Frá Elliðaárvog, þar sem Merkjalækur (er sumir kalla «Marklæk», en hinn stefndi Murtulæk) fellur í hana eins og farvegur lækjarins ræður til upptaka og þaðan í svokallaða »Þrísteina». Á hinn bóginn telur H. Th. A. Thomsen, að landamerki milli jarðanna sjeu eptir beinni stefnu úr Þrísteinum í Geldingatanga (eða Gelgjutanga, sem svo er kallaður af ýmsum). Sök þessi var rekin fyrir landamerkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu og þar dæmd hinn 28. júnímán. 1890, á þá leið, að merkjakrafa Thomsens kaupmanns var óbreytt til greina tekin; jafnframt ákvað dómurinn um málskostnað, að bæjarstjórn Reykjavíkur skyldi greiða upp í hann 30 kr. og 50 au. og kaupmaður Thomsen 21 kr. og 50 aura.

Þessum dómi hefur bæjarstjórn Reykjavíkur skotið til landsyfirrjettarins með stefnu dags. 29. júlímán. þ. á. og hjer fyrir rjettinum gjört þá kröfu, að hann verði

úr gildi felldur og að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað með nægilegri upphæð. Hinn stefndi, H. Th. A. Thomsen kaupmaður, hefur af sinni hálfu krafizt þess, að merkjadómurinn verði staðfestur og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins, að minnsta kosti 120 kr.

Merkjadómurinn álítur og byggir úrslit málsins á því áliti sínu, að hinn stefndi hafi með konunglegu afsalsbrjefi til sín fyrir laxveiðinni í Elliðaánum, útgefnu 11. desbr. 1853, samanbornu við álitsskjal stjórnarráðsins um söluna (frá 6. maí 1853, undirrjettarskjal nr. 21., sbr. nr. 22) fært óvefengjanlega sönnun fyrir eignarrjetti sínum yfir prætulandinu, og til frekari stuðnings þessu lætur merkjadómurinn þess getið, að í aukarjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu 12. nóv. 1858 og yfirrjettardómi 5. desbr. 1859 út af beitutökurjetti í Elliðaárvognum sje það tekið fram, að «sameigendur Laugarness- og Kleppsjarða þá hafi átt ósannað, að Kleppsland nái inn að Merki- eða Marklæk». Hinn stefndi hefur nú eigi komið fram með önnur eða fleiri skilríki fyrir eignarrjetti sínum yfir prætulandinu en þessi, og alls enga vitnisburði um afnot þess hefur hann fram lagt.

Um nefnd skilríki er að athuga, að hið konunglega afsalsbrjef frá 11. desbr. 1853 ræðir að eins um laxveiðina í Elliðaánum og alls eigi um landeign aðliggjandi jarða, en veiðin hafði þá fyrir nærfellt hundrað árum (o: 1756) verið tekin undan aðliggjandi jörðum og rekin sem sjerstök eign; sama er að segja um álitsskjal stjórnarráðsins (6. maí 1853). Aukarjettardómurinn 12. nóv. 1858 og yfirrjettardómurinn 5. desbr. 1859 dæma og

alls eigi um eignarrjett yfir landi því, sem liggur að Elliðaárvogunum að vestanverðu, en að eins um rjett ábúandans á Kleppi til að taka krækling í vogunum á móts við laxveiðirjett hins stefnda. Þessi skjöl sanna þannig alls ekkert um rjett hins stefnda yfir prætulandinu og það liggur í augum uppi, að engin heimild er til að ályktа á þá leið, að hann sem eigandi Bústaða hljóti að eiga land út að Gelgjutanga, úr því að honum var afsöluð laxveiði í ánum og vognum út þangað.

Þar sem merkjadómurinn eingöngu hefur byggt úrslit málsins á þessum skilríkjum, sem ekkert sönnunargildi hafa í málinu, eins og það fyrir liggur og eru því óviðkomandi, og þar sem það á hinn bóginn má álítast sannað í málinu af hálfu áfrýjanda með ýmsum vitnisburðum, þar á meðal manns, er búið hefur á jörð hins stefnda, Bústöðum, í nærfelt 20 ár, að prætulandið hafi mjög lengi verið notað frá Kleppi og talið fylgja þeirri jörð, — og skal þess hjer með jafnframt getið, að merkjadómurinn hefur ranglega hrundið vitnisburði Ólafs Þorvaldssonar, — en eptir því hlaut sönnunarbyrðin um eignarrjett yfir prætulandinu sjerstaklega að hvíla á hinum stefnda samkvæmt grundvallarreglunni í Jónsb. Llb. kap 26 i. f. — þá verður eigi hjá því komizt, að dæma merkjadóminn ógildan fyrir lögleysu að efni til og vísa málinu heim aptur. Upp í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda 40 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Landamerkjadómurinn skal úr gildi felldur og málinu vísað heim aptur. Upp í áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði hinn stefndi, kaupmaður H. Th.

A. Thomsen, áfrýjandanum, bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, 40 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 15. desembermán.

Nr. 34/1890. Hið opinbera
gegn
Jóni Sigurðssyni, Magnúsi Magnússyni o. fl.

Dómur:

Samkvæmt fyrirskipan amtsins í brjefi, dags. 1. maí þ. á., og í tilefni af kæru ýmsra manna í Stokkseyrarveiðistöð, dags. 28. apríl síðastliðinn, hjelt lögreglustjórinn í Árnessýslu hinn 10. maí þ. á. lögreglurjettarpróf yfir 23 formönnum á Eyrarbakka og Stokkseyri út af fiskiróðrum á helgum dögum, og er þess getið við lok rjettarhaldsins, að hinir kærðu «hafi kosið sjer Guðmund Ísleifsson til þess að verja sig». Hinn 27. s. m. hjelt lögreglustjórinn próf yfir 2 formönnum fyrir sama brot og hinn 18. júní síðastl. heldur hann enn tvö lögregluryettarpróf yfir 18 formönnum úr sömu veiðistöð út af helgidagaróðrum. Í hinu síðara af þessum rjettarhöldum, 18. júní, var síðan framlagt varnarskjal í máli þessu «fyrir formenn á Eyrarbakka», frá Guðmundi Ísleifssyni, og því næst var málið dæmt í lögreglurjettinum hinn 2. júlí þ. á. á þá leið, að allir hinir kærðu formenn, 43 að tölu, voru sýknaðir, en málskostnaður lagður á almannafje, þar á meðal 5 krónur sem málsvarnarlaun til Guðmundar Ísleifssonar.

Þessum lögreglurjettardómi hefur hlutaðeigandi

amtmaður skotið til yfirdómsins fyrir hönd hins opinbera.

Í máli þessu hefur hvorki verið út gefin prófstefna nje dómstefna, og hinum kærðu hefur eigi verið tilkynnt, að dómur myndi ganga í málinu, nje á hinn bóginn gefinn kostur á að leggja úrslit málsins undir úrskurð amtsins. Ekkert skipunarbrjef hefur verið gefið út fyrir Guðmund Ísleifsson til að vera verjandi í málinu og það verður eigi sjeð, að fleiri en 23 af hinum kærðu hafi óskað þess, að hann hjeldi uppi vörn fyrir þá; þessi verjandi mætti og eigi sjálfur í lögreglurjettinum, en dómarinn virðist hafa framlagt varnarskjal hans. Sökin hefur eigi verið tekin formlega undir dóm af lögreglurjettinum, hvorki í heild sinni, nje fyrir hvern hinna kærðu út af fyrir sig.

Þessi málsmeðferð er alveg ólögmæt og verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm. Það þykir rjett, að hjeraðsdómarinn greiði allan áfallinn kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors. Flutningur málsins hjer fyrir rjettinum hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera ómerkur. Undirdómarinn, sýslumaður Stefán Bjarnarson, greiði allan áfallinn kostnað málsins, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, landritara Hannesar Hafstein og málaflutningsmanns Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 27/1890. Jón Torfason
gegn
Jónasi Jónassyni.

Dómur:

Hinn stefndi vinnupiltur, Jónas Jónasson, kærði áfrýjandann húsbónda sinn, Jón Torfason, fyrir það, að hann hefði í haust hinn 10. septembrmán. misþyrmt sjer á ýmsa vegu, barið sig um höfuðið, varpað sjer niður eða þvínær það, og sparkað sig með fótunum, svo að blóð hafi gengið upp úr sjer. Út af kæru þessari var mál höfðað af hálfu hins stefnda gegn áfrýjanda fyrir lögregluretti Reykjavíkurkaupstaðar og var það dæmt í tjeðum rjetti hinn 26. sept. síðastliðinn, á þá leið, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda kaup og matarverð fyrir yfirstandandi vistarár 70 kr. 36 aura og að auki 5 krónur í málskostnað, en stefndi hafði gengið úr vistinni frá áfrýjanda jafnframt því, að hann ljet höfða málið á móti honum. Nefndum lögreglurjettardómi hefur Jón Torfason skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 6. okt. þ. á. og gjört þær rjettarkröfur hjer fyrir rjettinum, að hann verði dæmdur sýkn af kærum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir undirrjetti og yfirdómi með 30 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Á hinn bóginn gjörir stefndi þá rjettarkröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi 50 kr. eða eptir mati rjettarins.

Það er sannað í málinu með eiðfestum vitnisburðum og að mestu leyti viðurkennt af áfrýjanda, að 10. sept. þ. á. fór stefndi frá verki, er áfrýjandinn, húsbóndi hans, hafði lagt honum fyrir, til að flytja til

nokkra hnakka fyrir annan mann, og barði þá áfrýjandinn hann í bræði sinni nokkur högg um axlirnar og herðarnar og sparkaði eitthvað lítilsháttar í hann með fætinum, en stefndi hrökklaðist undan árásinni og hálfdatt upp að pakkhúsi, er þar var hjá. Ekki er nein sönnun fram komin fyrir því, að blóð hafi gengið upp úr stefnda fyrir þetta, og ekkert sá á honum, nema hvað hann virðist hafa hruflazt lítið eitt til blóðs á hendinni, að líkindum við það, að áfrýjandi þreif af honum hnakk, sem hann var með í höndunum.

Þó að þessi meðferð á stefnda, sem er á átjánda ári og því eigi undir húsaga, geti eigi rjettlætzt með því, að hann hljóp frá verki því, er húsbóndi hans hafði skipað honum, þá verður hún þó eigi talin slík mispyrming, er átt er við í 29. gr. 1. í vinnuhjúatilskipuninni 26. janúar 1866, og stefndi hafði því eigi rjett til að ganga úr vistinni fyrir þá sök og krefjast kaups og matarverðs samkvæmt 30. gr. sömu tilskipunar. Það verður því að breyta hinum áfrýjaði dómi þannig, að áfrýjandinn sje sýkn af kröfum stefnda í þessa átt. Málskostnaður fyrir báðum dómum á eptir atvikum að falla niður.

Því dæmist rjett að vera.

Áfrýjandinn, Jón Torfason, á að vera sýkn fyrir kröfum og kærum hins stefnda, Jónasar Jónassonar, í þessu máli. Málskostaður fyrir báðum dómum falli niður.

Hæstarjettardómar hæstarjettar-árið 1890-91.

Fimmtudaginn 13. marzmán. 1890.

Nr. 107. Klubien advókat
gegn
Birni presti Þorlákssyni (verjandi: Shaw), sem ákærður er fyrir brot gegn 102. gr. hinna íslenzku hegningarlaga.

Aukarjettardómur Norður-Múlasýslu, 15. ágúst 1888:

Hinn ákærði, Björn prestur Þorláksson, á að greiða 100 króna sekt til landssjóðsins, eða, ef sektin eigi er borguð í tækan tíma, sæta 30 — þrjátíu — daga einföldu fangelsi; svo greiði hann og allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Ídæmd útlát ber að greiða innan 15 daga frá löglegri birtingu dóms þessa og dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur landsyfirrjettarins á Íslandi, 21. janúar 1889:

Hinn ákærði Björn prestur Þorláksson greiði 200 króna sekt til landssjóðs, en sje hún eigi greidd í ákveðinn tíma, sæti hann 60 daga einföldu fangelsi. Um málskostnað í hjeraði skal undirrjettardómurinn vera óraskaður. Svo skal og ákærði greiða allan af áfrýjun

málsins löglega leiðandi kostnað, þarmeð talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálfærslumannanna Páls Briems og Guðl. Guðmundssonar, 10 krónur til hvors þeirra. — Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Með dómi hæstarjettar 7. nóv. f. á. í hinu fyrra sakamáli gegn ákærða, er getur um í hinum áfrýjaða dómi, var hann — jafnframt því að hann var sýknaður fyrir ákæru sóknarans, en skyldaður þó til að greiða málskostnaðinn — dæmdur, eins og yfirrjetturinn einnig hafði gjört, í sekt fyrir ósæmilegan rithátt í varnarskjölum þeim, er hann hafði lagt fram fyrir undirrjettinum og sem ræðir um í máli þessu; en þó að hinn ákærði hafi þannig þegar verið dæmdur í rjettarfarslega sekt fyrir rithátt sinn í greindum varnarskjölum, þá getur slíkt eigi verið því til fyrirstöðu, að hann sje í þessu sakamáli látinn sæta ábyrgð fyrir varnarskjölin, að því leyti með þeim er brotið gegn 102. gr. hinna íslenzku hegningarlaga. Með þessari athugasemd og að öðru leyti samkvæmt ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða dómi

dæmist rjett að vera:

Dómur landsyfirrjettarins á óraskaður að standa, þannig, að fresturinn til að greiða af hendi sektina skal ákveðinn 4 vikur frá birtingu hæstarjettardóms þessa. Í málsfærslulaun fyrir hæstarjetti

greiðir ákærði Klubien advókat og hæstarjettarmálaflutningsmanni Shaw 30 krónur hvorum.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í dómasafninu, III. b., bls. 433–435.

Föstudaginn 16. maímán. 1890.

Nr. 137. Hansen hæstarjettarmálaflutningsmaður
gegn
Finni Finnssyni (verjandi: Nellemann),
sem ákærður er fyrir ólöglegar vínveitingar.

Lögreglurjettardómur Reykjavíkurkaupstaðar, 7. okt. 1889:

Hinn kærði, Finnur Finnsson, á að vera sýkn af kæru hins opinbera í þessu máli. Málskostnaður greiðist af almannafje.

Dómur landsyfirrjettarins á Íslandi, 16. desbr. 1889:

Kærði Finnur Finnsson á að vera sýkn af kæru hins opinbera í þessu máli. Málskostnaður í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors, greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar:

Með því að nægja ástæðu vantar, eptir upplýsingum þeim, sem fyrir liggja, til að álíta, að samningur sá, er ákærði og Jón Ívarsson gjörðu sín á milli 1. maí f. á. og sem getur um í hinum áfrýjaða dómi, sje að eins gjörður til málamynda, þá verður að álíta, að veitingar þær, er um er að ræða í málinu, hafi farið fram fyrir

reikning Jóns Ívarssonar og á hans ábyrgð, og þar sem kærði þannig að eins hefur verið forstöðumaður veitinganna, þá verður þegar af þeirri ástæðu að fallast á það, að hann hefur með yfirrjettardóminum verið dæmdur sýkn, og eins samþykkjast ákvæði dómsins um málskostnaðinn.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur landsyfirrjettarins á óraskaður að standa. Hansen hæstarjettarmálaflutningsmanni og Nellemann advókat bera í málflutningslaun fyrir hæstarjetti 40 krónur hvorum, er greiðist af almannafje.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í dómasafninu, III. b. bls. 566–569.

Fimmtudaginn 22. maímán. 1890.

Nr. 92. Jakob kaupmaður Helgason (Hindenburg eptir skipun) gegn verzlun Örum & Wulffs, eða, fyrir hennar hönd, einasta eiganda hennar, stórkaupmanni Jörgen Jensen (Bagger) um skyldu til að láta af hendi lóð.

Aukarjettardómur Norður-Múlasýslu 29. ágúst 1885:

Hinn stefndi Jakob kaupmaður Helgason á að hafa rjett til að halda grunni þeim til verzlunarafnota, sem honum með útmælingargjörð 25. apríl 1884 var útvísaður af lóð verlunarfjelagsins Örum & Wulffs á Vopnafirði, en án allrar tryggingar framvegis. Að öðru leyti eiga málspartar hvor fyrir annars kærum og kröfum í

þessu máli sýknir að vera. Málskostnaður falli niður. Undir aðför að lögum.

Dómur landsyfirrjettarins á Íslandi, 27. sept. 1886:

Hinn áfrýjaði undirrjettardómur skal úr gildi numinn. Í málskostnað fyrir undir- og yfirrjetti ber hinum stefnda, Jakobi kaupmanni Helgasyni, að greiða áfrýjandanum, verzlunarhúsinu Örum & Wulff, 200 — tvö hundruð krónur. — Hið ídæmda greiðist innan 8 vikna frá því þessi dómur er löglega birtur undir, aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Jafnvel þótt heimild hefði verið til þess í tilskipun 17. nóv. 1786, 4. gr., að taka af eigendunum gegn endurgjaldi úr konungssjóði lóðir þær, er þurfti til stofnunar kaupstöðunum á Íslandi, þá gæti þó eigi út úr því orðið leidd heimild til þess að neyða eigendur lóða við útliggjarastaði — en til þeirra taldist Vopnafjörður — til þess að láta af hendi lóðir sínar eða hluta af þeim, og hvernig sem á þetta væri litið, getur nú, eptir að ákvörðunin í opnu brjefi 28. desember 1836, 3. gr., er út komin, eigi lengur orðið spurning um að taka þannig af manni eign hans. Það verður því að fallast á það, að í hinum áfrýjaða dómi er álitið, — eða svo verður að skilja það, að undirrjettardómurinn var með honum dæmdur ógildur — að stefnandi fyrir hæstarjetti, Jakob kaupmaður Helgason, hefði eigi rjett til umráða yfir og afnota af þeim hluta af lóð stefndu, verzlunar Örum & Wulffs, á Vopnafirði, sem útvísaður var honum til verzlunarafnota með útmælningargjörðinni 25. apríl 1884. Af þessum sökum og með því að málið hefur verið lagt svo fyrir hæstarjett, að eigi getur orðið spurning um skaðabætur þær, er stefndi krafðist fyrir hinum fyrri

dómum, þá ber að staðfesta yfirrjettardóminn eptir kröfu hinna stefndu, þó þannig, að rjett þykir að málskostnaður verði látinn falla niður. Svo ber og málskostnaður fyrir hæstarjetti eptir atvikum að falla niður, og málsfærslulaun og kostnaðar-endurgjald til hins skipaða málsfærslumanns stefnandans að greiða af almannafje.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur landsyfirrjettarins á að vera óraskaður, þó svo, að málskostnaður falli niður. Málskostnaður fyrir hæstarjetti á einnig að falla niður. Í dómsmálasjóð greiði stefnandi 2 krónur. Hindenburg advokat ber í málsfærslulaun fyrir hæstarjetti 150 krónur og fyrir útlagðan kostnað 71 króna, sem hvorttveggja greiðist af almannafje.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í dómasafninu III. b. bls. 40—43.

Fimmtudaginn hinn 27. janúarmán. 1891.

Nr. 38. Verzlunarstjóri P. Nielsen á Eyrarbakka fyrir hönd stórkaupmanns J. R. B. Lefolii (Asmussen)
gegn
kaupmönnunum Einari Jónssyni og Guðmundi Ísleifssyni (Shaw), um lögmæti forboðs gegn því að setja niður hafnarfestar í Eyrarbakkahöfn.

Fógetarjettarbann Árnessýslu 7. febr. 1888:

Fógetinn tilkynnti requisitus[1] bann rjettarins gegn því, að hann einn, eða í samfjelagi við Einar kaupmann Jónsson á Skúmsstöðum, gjöri nokkurt rask á lóð jarða þeirra hjer, sem tilheyra stórkaupmanni J. R. B. Lefolii, eða festi þar nokkurn stólpa, akkeri eða annað þvílíkt, er nota skal til landfesta, og sjerstaklega var bann lagt fyrir, að hann á nokkurn hátt framhaldi vinnu þeirri, sem hann í samfjelagi við Einar kaupmann Jónsson byrjaði á 31. f. m., á skerjum þeim, sem liggja undir lóð jarðarinnar Einarshafnar.

Aukarjettardómur Árnessýslu, 8. ágúst 1888:

Fógetaforboðið frá 7. febrúar þ. á. skal ógilt vera; málskostnaður fellur niður.

Dómur landsyfirrjettarins á Íslandi, 25. febrúar 1889:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Áfrýjandinn, P. Nielsen fyrir hönd J. R. B. Lefolii, á að greiða hinum stefndu, Einari Jónssyni og Guðmundi Ísleifssyni sem málskostnað fyrir yfirdómi 120 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Í hinum áfrýjaða dómi er með rjettu gjört ráð fyrir, að stórkaupmaður Lefolii hljóti að skoðast sem eigandi grynninga þeirra og skerja, er ræðir um í málinu. Út úr ákvörðunum þeim, sem teknar eru fram í dóminum, og öðrum íslenzkum lögum, er ekki hægt að leiða neinn rjett fyrir hina stefndu sem fastakaupmenn við hlutaðeigandi höfn að nota tjeðar grynningar og sker til að festa þar hafnarfestar þær, er ræðir um í

1) þ. e. stefnda, Guðmundi Isleifssyni.

málinu og miða til þess að útvega þeim stöðugt skipalægi á höfninni, sízt er svo hagar til sem hjer, að það mundi, eptir því sem fram hefur komið í málinu, tálma eigandanum sjálfum að auka hafnarfestar sínar á þann hátt, er hann hafði jafnvel áður ásett sjer, eptir því sem hann heldur fram, enda hefur einnig gjört meðan á málinu stóð. Fyrir því ber að taka kröfu stefnanda til greina, þó svo, að staðfesting bannsins nái að eins til síðasta hluta þess, samkvæmt varakröfu stefnanda þar að lútandi, með því að bannið hefur verið of almennt orðað.

Málskostnað fyrir öllum rjettum ber eptir atvikum að láta niður falla.

Því dæmist rjett að vera:

Fógetabannið frá 7. febrúar 1888 á að standa óhaggað að því leyti sem þar er lagt bann fyrir að halda áfram vinnu þeirri, er hinir stefndu höfðu byrjað á á lóð Einarshafnar. Hinum stefndu ber áður 4 vikur eru liðnar frá birtingu þessa hæstarjettardóms, að flytja burtu akkeri þau, er þeir hafa sett á tjeða lóð, að við lagðri 5 króna sekt í hlutaðeigandi fátækrasjóð fyrir hvern dag, er þeir óhlýðnast dómi þessum. Málskostnaður fyrir öllum rjettum falli niður. Í dómsmálasjóð greiði hinir stefndu 10 krónur.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í dómasafninu III. b. bls. 447—452.

Landsyfirrjettardómar 1891.

Mánudaginn 6. aprílmánaðar.

Nr. 7/1891: Rjettvísin
gegn
Guðmundi Gíslasyni.

Dómur:

Mál þetta hefir af hálfu rjettvísinnar verið höfðað gegn ákærða, verzlunarþjóni í Reykjavík, Guðmundi Gíslasyni, fyrir það, að hann hafi borið rangan vitnisburð fyrir rjetti, og var það dæmt í aukarjetti Reykjavíkur 26. jan. þ. á. þannig, að ákærði skyldi samkvæmt 147. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 sæta 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiða allan af sökinni leiðandi kostnað. Þessum dómi hefur af hálfu rjettvísinnar verið áfrýjað til yfirdómsins.

Atvik máls þessa eru þau, að í nóvembermánuði síðastliðnum var húsbóndi ákærða, kaupmaður einn hjer í bænum, kærður fyrir bæjarfógetanum í Reykjavík fyrir helgidagaverzlun, og var ákærði kallaður fyrir lögreglurjett til að bera vitni út af kæru þessari. Kannaðist ákærði þá við, að hann hefði — þó án vitundar húsbónda síns og jafnvel án vilja hans, því að hann hefði

fundið að því við sig, þegar hann komst að því — selt á sunnudögum úr verzlunarbúð húsbónda síns kaffi, sykur og tóbak og nokkrar fleiri vörur, en þetta hafi þó eigi verið nema 2 eða 3 sunnudaga, og aldrei hafi hann selt neinum manni brennivín á sunnudegi. Þá voru þó í rjettinum leidd 3 vitni að því, að hinn ákærði hefði selt þeim brennivín á sunnudegi í verzlunarhúsum húsbónda síns, sína 3 pelana hverjum, en hinn ákærði prætti fastlega fyrir, að svo hefði verið, og var hann enn fastur á þeirri neitun, eptir að nefnd vitni höfðu staðfest þennan áburð með eiði í rjettinum. Með því að skýrsla hins ákærða þótti nú tortryggileg, var varðhaldsúrskurður uppkveðinn yfir honum, en á leiðinni í varðhaldið sá hann sig um hönd, og óskaði að mega aptur koma fyrir rjettinn til þess að breyta framburði sínum, er að ofan um getur. Þegar hann þá aptur kom fyrir rjettinn, kannaðist hann viðstöðulaust við það, að hinn fyrri framburður sinn hefði verið rangur að því leyti, að hann hefði selt tveim nafngreindum mönnum og 2 eða 3 öðrum mönnum, sem hann eigi tjáðist þekkja, brennivín á sunnudegi í verzlunarhúsum húsbónda síns, og að það hefði verið nokkuð optar en 2var eða 3var sinnum, sem hann hefði verzlað á sunnudegi í búð húsbónda síns.

Fyrir prófdómaranum tilgreindi ákærði eigi aðra ástæðu til þess, að hann bar rangt fram í málinu, en að það hefði verið af einhverri stífni og fáfræði meðfram, og einkum hefði sjer þótt það hvimleitt, að það vitnaðist í Good-Tempar-fjelaginu, sem hann væri meðlimur af, að hann hefði selt brennivín á sunnudegi, því það hefði verið borið upp á sig í fjelaginu, en hann prætt fyrir, og væri þetta brottrekstrarsök þaðan. En

í varnarskjali sínu fyrir aukarjettinum bar hann það auk þessa fyrir, að hann hefði verið hræddur um, að mál yrði höfðað gegn sjer fyrir brennivínssöluna, og að hann hefði staðið í þeirri meiningu, að sjer væri eigi skylt að bera vitnisburð *undir eið* í opinberu máli, sem gæti varðað sjálfan hann og honum mætti refsa fyrir. — Að vísu er það nú töluvert vafasamt eptir atvikum málsins, hvort þessi síðartalda afsökun hans sje sönn, þar sem hann ekkert minntist á hana fyrir lögreglurjettinum, þegar hann var spurður um, hvað honum hefði gengið til að bera rangt fyrir rjettinum, en þó virðist það eigi verða fortekið með öllu, að eitthvað slíkt kunni að hafa vakað fyrir honum, þó hann greindi eigi frá því í prófunum, einkum þar sem málið er svo vaxið í sjálfu sjer, sbr. 3. og 10. gr. helgidagatilskipunarinnar 28. marz 1855, að hann gat haft ástæðu til að álíta, að það varðaði sjálfan hann, og virðist því rjett, samkv. 148. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, 1. málsl., að hann verði látinn sleppa hjá hegningu fyrir hið átalda athæfi sitt, en verði þó skyldaður til að greiða málskostnað allan fyrir undir- og yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 krónur til hvors þeirra. Ber því að breyta hinum áfrýjaða dómi samkvæmt þessu.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Guðmundur Gíslason, á að vera sýkn af ákæru sóknarans í máli þessu, en hann

skal þó skyldur til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Hannesar Hafstein og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra. — Ídæmdur málskostnaður lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 8/1891: Rjettvísin gegn Stefáni Ólafssyni.

Úrskurður:

Áður fullnaðardómur gengur í máli þessu, virðist nauðsynlegt, að útvegaðar verði ýtarlegri skýrslur þær í málinu, er nú skal greina:

1. Skýrsla um það, hver eða hverjir mörkuðu lömb ákærða síðastliðið vor, sjerstaklega með tilliti til þess, hjá hverjum hin umrædda mismörkun hafi orðið.
2. Skýrsla Páls Bárðarsonar um það, er hann man um mismörkun lambs hjá ákærða nefnt vor, hvenær og hvernig hann vissi um mismörkunina, hvort hann athugaði þá markið, o. s. frv.
3. Ýtarlegri og greinilegri skýrsla, en framkomin er, um lambeign ákærða, hvernig lömbin heimtust honum í haust og hvaðan.
4. Ýtarlegra tilsvar ákærða um, hvað hann áleit um eignarheimild að lambinu, þegar hann markaði sjer það í síðastliðnum nóvembermánuði. Enn-

fremur þær frekari skýrslur og upplýsingar, er prófin um framangreind atriði kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega ofangreindar skýrslur svo fljótt sem verða má.

Nr. 36/1890: Benedikt Kristjánsson
gegn
kirkjuhaldara St. Thórarensen
fyrir hönd dómkirkjunnar í Reykjavík.

Dómur:

Eptir að kirkjuhaldari St. Thórarensen fyrir hönd dómkirkjunnar í Reykjavík hafði beiðzt lögtaks á óloknu kirkjugjaldi af trúboðastofnunarhúsinu í Landakoti, sem áfrýjandi býr í, var fógetarjettur haldinn 13. nóvbr. f. á. á heimili áfrýjanda í Landakoti og hann krafinn um kirkjugjald af húseign kathólsku missíónarinnar í Landakoti, að upphæð kr. 3.58, og 50 aura lögtaksgjald. Áfrýjandi neitaði að greiða gjald þetta, með því að hús þetta væri samkvæmt lögum 19. septbr. 1879 undanskilið kirkjugjaldi, þar sem það eingöngu væri notað, og væri hið einasta hús, sem notað yrði nú, við ábúð á Landakoti, er væri sjerstök jörð, metin til dýrleika, og væri af henni greidd tíund til kirkjunnar. Hinn 17. s. m. kvað fógetinn í Reykjavík upp úrskurð á þá leið, að lögtakið skyldi framfara þrátt fyrir framkomin mótmæli. Áfrýjandi lýsti því þá þegar yfir, að hann ætlaði að áfrýja þessum úrskurði, og beiddist í því skyni útskriptar in forma af lögtaksgjörðinni, og með þeim fyrirvara, að fá gjaldið endurgreitt úr sjóði kirkjunnar, ef hann yrði sýkn dæmdur í yfirdómi, greiddi hann, til

að komast hjá lögtaki, hið umkrafða gjald, kr. 3.58, með áföllnum kostnaði 1 kr., samtals kr. 4.58.

Síðan áfrýjaði Benedikt Kristjánsson ofangreindum úrskurði til landsyfirdómsins, með stefnu 16. desbr. 1890, og krafðist, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og ómerktur og hinn stefndi, lögtaksbeiðandinn, reikningshaldari Reykjavíkurkirkju, síra St. Thórarensen, dæmdur til að greiða allan af áfrýjun þessari leiðandi kostnað að skaðlausu samkvæmt 13. gr. laga um lögtak og fjárnám 16. des. 1885. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að borga allan kostnað málsins fyrir yfirdóminum að skaðlausu, eins og væri málið eigi gjafvarnarmál, þar á meðal sómasamleg málsvarnarlaun til málaflutningsmanns stefnda, eptir mati yfirdómsins. Til vara hefur málaflutningsmaður stefnda krafizt málsvarnarlauna af almannafje.

Úrslit þessa máls eru komin undir því, eins og báðir málspartar eru sammála um, hvort hús það, sem hjer um ræðir, og sem kirkjugjalds hefur verið krafizt af, sje notað við ábúð á jörð, er metin sje til dýrleika, eða ekki, sjá lög um kirkjugjald 19. sept. 1879. Hús þetta stendur á Landakoti og er sem stendur notað við ábúð á því, en spurningin er, hvort Landakot sje jörð, er metin sje til dýrleika; heldur áfrýjandi því fram, en stefndi hinu gagnstæða, eins og stefndi líka neitar því, að áfrýjandi sje ábúandi á Landakoti, en það er sannað í málinu, að áfrýjandi sje það.

Af jarðatali Johnsens, sem áfrýjandi hefur vitnað til, má sjá, að Landakot með Götuhúsum hefur verið hjáleiga frá jörðinni Reykjavík, og er Landakotið í hinu nú gildandi jarðamati metið til dýrleika 32.92 hndr.; það

verður því að álíta það með öllu vafalaust, að Landakot hefur verið jörð, metin til dýrleika. Það þarf því að skoða, hvort síðar hafi gjörzt nokkuð, er gjöri það að verkum, að Landakot ekki lengur geti talizt jörð; — að hún er metin til dýrleika enn, það er vafalaust.

Hinn 18. júlí 1836 selur ekkja Margrethe A. Knudsen prófasti H. G. Thordersen eignarjarðir sínar Landakot og Götuhús í Reykjavík með öllum sínum túnum, gögnum og gæðum, og öllum þeim húsum og görðum, er hún hafi látið byggja í Landakoti. Af þessu síðasta má ráða, að Landakot hafi verið aðaleignin. Hinn 16. nóvbr. 1846 selur H. G. Thordersen prófasti og dómkirkjupresti Ásmundi Jónssyni eignir þessar, svo og timburhús o. fl., er hann hafði látið byggja á Landakoti. Hinn 20. desbr. 1857 selur síra Ásmundur Jónsson Eyjólfi nokkrum Þorvarðarsyni húslóðina undir íbúðarhúsi, er Eyjólfur átti á Litla-Landakoti, er svo nefndist, ásamt kálgarði og túnspildu vestanvert á eigninni, en sjálft Landakotið, eða aðaleignina, selur lyfsali Randrup, sem virðist hafa keypt eignina af síra Ásmundi, 21. maí 1860 herra B. Bernard (kathólsku missíóninni). Eyjólfur Þorvarðarson, er áður var nefndur, selur 1. okt. 1862 glermeistara Geir Zoëga það, er hann keypti af síra Ásmundi Jónssyni 20. des. 1857, en Zoëga makaskipti því aptur fyrir þann hluta Landakotseignarinnar, sem nefnist Götuhúsavöllur, hinum kathóska presti að Landakoti J. Baptista Baudoin. Þannig virðist öll Landakotseignin — að Götuhúsavelli einum undanskildum — að hafa verið eign B. Bernards eða þeirra Bernards og Baudoins í sameiningu 1. okt. 1862, og síðan virðist ekkert hafa verið selt eða afhent frá Landakoti.

Það verður því að álíta, að Landakot enn sje gömul

hjáleiga frá hinni fornu jörð Reykjavík, og með því það er upplýst í málinu, að hús það, sem hjer um ræðir, er hið einasta íveruhús, sem nú er á Landakoti, og notað við ábúðina á því, en af Landakotinu er jarðartíund greidd til kirkjunnar eptir dýrleika þess, er nefnt hús undanþegið kirkjugjaldi samkvæmt 1. gr. laga um kirkjugjald af húsum 19. sept. 1879. Það ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og samkvæmt lögum um lögtak og fjárnám 16. des. 1885, 13. gr., að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað að skaðlausu. Hinum skipaða málflutningsmanni stefnda verða samkvæmt þessum úrslitum málsins ekki dæmd nein málsvarnarlaun. Að því málið hefur verið gjafvarnarmál, vottast, að flutningur þess fyrir yfirdómi hefur verið vítalaus.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður skal úr gildi felldur. Stefndi, síra St. Thórarensen fyrir hönd Reykjavíkur dómkirkju, greiði áfrýjandanum, præp. hon. Benedikt Kristjánssyni, málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 37/1890: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Ingjaldi Sigurðssyni.

Dómur:

Það sjest af skjölum máls þessa, að áfrýjandinn, bæjarstjórn Reykjavíkur, hefur áður höfðað mál gegn

hinum stefnda, Ingjaldi Sigurðssyni, eiganda Lambastaða, til þess að fá ákveðin með dómi landamerkin milli Reykjavíkur lands og Lambastaða lands, og jafnframt sjest það, að þessu hefur þó eigi orðið framgengt, með því að landamerkjadómur sá, sem upp var kveðinn í nefndu máli, var dæmdur ógildur af yfirrjetti, og þó aptur síðar hafi af hálfu Reykjavíkur kaupstaðar verið gjörð önnur tilraun til þess að fá fullnaðardóm um landamerkin, virðist það eigi hafa heppnazt. — En í hitt eð fyrra haust ljet bæjarstjórn Reykjavíkur setja upp merkisteina, þar sem hún taldi, að landamerkin væru milli Reykjavíkur lands og Lambastaða. Hinn stefndi áleit þetta gjörræði og yfirgang og felldi um koll eða færði úr stað nokkra af þessum steinum. Svo ljet hann og taka eitthvað af mó upp Reykjavíkur megin við steina þessa, sem bæjarstjórnin hafði látið setja upp. Út af þessu höfðaði bæjarstjórnin mál á móti Ingjaldi Sigurðssyni fyrir gestarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu, til sekta og skaðabóta fyrir gjörræði eða ólöglega sjálftöku, en málinu var með dómi gestarjettarins 26. okt. f. á. frávísað, með því að það væri þess eðlis, að það ætti að koma fyrir landamerkjadóm; málskostnaður var látinn falla niður. Þessum gestarjettardómi hefur bæjarstjórn Reykjavíkur skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 29. des. f. á., til þess að hann verði dæmdur ómerkur og málinu heimvísað til dómsáleggingar að efninu til, og hefur áfrýjandinn jafnframt krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða upp í áfrýjunarkostnað málsins 30 kr. eða einhverja nægilega upphæð eptir mati rjettarins. Hinn stefndi hefur af sinni hálfu krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði

skyldaður til að greiða honum málskostnað að minnsta kosti 30 kr.

Það er skýlaust tekið fram í málsgögnum áfrýjanda, að bæjarstjórnin hafi látið setja upp hina umræddu steina þar, sem hún álítur landamerkin vera milli Reykjavíkur og Lambastaða, og af því að hún telur landið vestur þangað eign Reykjavíkur, og á hinn bóginn hefur hinn stefndi tjáð, að hann hafi raskað steinunum eða fært þá úr lagi, af því að hann telji land eignarjarðar sinnar ná austur fyrir þá, og telji spildu þá austan steinanna, þar er mórinn var tekinn, sína eign sem eiganda Lambastaða. Að vísu verður í máli þessu, sem höfðað hefur verið fyrir gestarjetti til skaðabóta og sekta, eigi dæmt um landamerki milli Reykjavíkur og Lambastaða, en samt var eigi ástæða til að vísa því frá gestarjettinum, því að í málinu bar að eins að dæma um það, hvort áfrýjandi hafi sannað eignarrjett sinn eða eignarhald að þeirri landspildu, sem um er að ræða í málinu, eða því landi, þar sem hann hafði látið reisa merkjasteinana, og þannig gæti komið máli sínu til skaðabóta og sekta fram eða ekki. Það ber því að dæma hinn áfrýjaða gestarjettardóm ómerkan og vísa málinu heim til dómsáleggingar að efninu til.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði gestarjettardómur á að vera ómerkur. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 20. aprílmánaðar.

Nr. 30/1890: Jón Jónsson
gegn
uppgjafapresti Stefáni Thórarensen.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í hjeraði af áfrýjandanum, Jóni bónda Jónssyni á Jófríðarstöðum, gegn stefnda, uppgjafapresti Stefáni Thórarensen í Reykjavík, út af ágreiningi um landamerki milli eignarjarðar áfrýjanda, Bjarnastaða í Selvogi, og jarðarinnar Ness samastaðar, sem stefndi er eigandi að, og var málið dæmt í merkjadómi Árnessýslu 13. maí f. á. þannig, að hin gömlu landamerki milli jarðanna skyldu standa óhögguð, nefnilega úr »Selós« við »Selasker« beint upp í markagarðinn, eptir honum upp í Unhól, og þaðan beina línu í stein eða klöpp austan við Hásteina. Málskostnaður partanna, þar með talin borgun til dómenda, skyldi falla niður.

Þessum dómi og 3 úrskurðum, er upp hafa verið kveðnir, meðan á málinu stóð, einn þeirra 12. ágúst 1889 og tveir 12. maí f. á., hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 24. okt. f. á., og hefur hann krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að hinir áfrýjuðu úrskurðir verði úr gildi felldir og hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins ómerk dæmd, vitnaleiðsla stefnda, sem byggist á úrskurðinum 12. ágúst 1889, marklaus gjör, og eventualiter, að málinu verði heimvísað til nýrrar meðferðar frá því stigi, sem það var á, áður fyrri úrskurðurinn 12. maí 1890 var upp kveðinn. Svo hefur hann og krafizt, að stefndi verði skyldaður til að greiða allan áfrýjunarkostnað með 100 krónum, eða einhverju

að rjettarins mati nægilegu, og allan kostnað við nýja fyrirtekt málsins. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur og hinir áfrýjuðu úrskurðir verði staðfestir og áfrýjandi dæmdur til að borga allan kostnað málsins fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Hinn fyrsti af hinum áfrýjuðu úrskurðum, 12. ágúst 1889, er svo til kominn, að þennan dag, sem var næsti þingdagur eptir skipun merkjadómsins og ætlaður fyrirfram til merkjagöngu, vildi stefndi leiða vitni nokkur, er mætt voru óstefnd, en áfrýjandi mælti á móti því, sakir þess, að honum hefði eigi verið stefnt til að hlýða á framburð vitna, enda ætlaði fyrst að leiða sín vitni daginn eptir. Merkjadómurinn úrskurðaði þá, að þessi mótmæli yrðu ekki tekin til greina, og yfirdómurinn verður að fallast á þann úrskurð, því að í umræddu rjettarhaldi höfðu báðir málsaðilar jafnan rjett til að koma fram með skilríki sín og leiða vitni, án þess þeir þyrftu að stefna sjerstaklega til þess, sbr. 9. og 10. gr. landamerkjalaganna 17. marz 1882.

Hvað úrskurðinn 12. maí 1890 (hinn fyrri) snertir, þá neitaði dómurinn með honum samkvæmt kröfu stefnda að eiðfesta nokkur vitni, er áfrýjandi hafði leitt þann dag, sökum þess, að stefnur áfrýjanda til vitna nokkurra, er áður höfðu verið leidd af stefnda og borið gagnstætt, til að heyra á vitnaleiðsluna, ekki voru áritaðar af sýslumanni, heldur útgefnar að eins af áfrýjanda sjálfum. Að vísu var nú þessi ástæða merkjadómsins fyrir synjun eiðfestingarinnar eigi á rökum byggð, þar sem vitnaleiðsludagurinn hafði áður verið ákveðinn í merkjadóminum sjálfum og sýslumaður eða merkjadómurinn því ekki þurfti neina frekari tilkynningu þar-

aðlútandi, en á hinn bóginn er þess að gæta, að áfrýjandi hafði ekki við nefnt tækifæri fært nægilegar sönnur á að hafa stefnt einu af vitnum stefnda, er áður höfðu leidd verið og borið gagnstætt, og bar því merkjadóminum af þeirri ástæðu að neita um eiðfestingu hinna umræddu vitna. Úrskurður þessi verður því eigi úr gildi felldur, og sama er að segja ennfremur um hinn síðari úrskurðinn frá 12. maí 1890, en með honum var áfrýjanda samkvæmt kröfu stefnda neitað um frest til að stefna af nýju löglega nefndum andvitnum, sökum þess að hann hefði áður haft nægan tíma til þess, enda hafði hann þá haft 5—6 mánaða frest til að leiða vitni sín.

Að endingu hefur áfrýjandi viljað styðja kröfu sína um ónýting hins áfrýjaða dóms með því, að merkjadómurinn hafi gjört sig sekan í þeirri þingsafglöpun, að láta aldrei neina eiginlega merkjagöngu framfara, eða að áfrýjanda að minnsta kosti hafi eigi gefizt kostur á að vera við slíka merkjagöngu. En þessi aðfinning er alls eigi á rökum byggð, og það sjest þvert á móti af dómsgjörðunum, að merkjadómurinn hefur tvívegis athugað hin umþrættu merki og landslag á staðnum, og málspartar hafa bæði skrifað nöfn sín undir rjettarhöld þau, sem þessar merkjaskoðanir fóru fram í, og einnig minnzt á það í málsskjölum sínum, að þeir hafi verið viðstaddir við skoðunina, enda eigi fyrir merkjadóminum hreyft neinum mótmælum í þessa átt.

Samkvæmt framanskrifuðu verður eigi álitið, að merkjadómurinn með hinum áfrýjuðu úrskurðum, eða með því að láta eigi lögboðna merkjagöngu framfara, hafi gjört sig sekan í þingsafglöpum, svo að ónýta verði hinn áfrýjaða dóm, og með því að eigi er að ræða um ónýting

af öðrum ástæðum, þá ber að staðfesta að öllu leyti hinn áfrýjaða dóm. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum rjett að falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn hinn 27. aprílmánaðar.

Nr. 35/1890: Beneficiarius Presthólastaðar síra Halldór Bjarnarson gegn Halldóri Sigurðssyni.

Dómur:

Í máli þessu hefur áfrýjandinn, presturinn að Presthólum, síra Halldór Bjarnarson, lögsótt stefnda, ábúanda á jörðinni Einarsstöðum, Halldór Sigurðsson, fyrir að hafa heimildarlaust hirt og hagnýtt sjer, frá því haustið 1884 til 1. marz 1887, þegar mál þetta var kært fyrir sáttanefnd, meiri eða minni hluta þess molviðar, sem hafi borið upp á svonefndan Magnavíkurreka, svo og blöðrusel, er rekið hafi á sama reka í júlímánuði 1886. Var málið dæmt í aukarjetti Þingeyjarsýslu 24. okt. 1888 á þá leið, að stefndi var sýknaður fyrir kærum og kröfum áfrýjanda, og kostnaður málsins, sem var sótt með gjafsókn, skyldi greiddur úr opinberum sjóði, þar á meðal laun til hins skipaða málsfærslumanns áfrýjandans, cand. phil. Skapta Jósefssonar, 50 kr.

Dómi þessum hefur, að fenginni gjafsókn til handa

prestinum að Presthólum og samkvæmt uppreistarleyfi, dags. 29. okt. f. á., verið skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 25. nóv. f. á., og hefur hinn skipaði talsmaður áfrýjandans hjer fyrir rjettinum gjört þá kröfu, að nefndum dómi verði breytt svo, að stefndi verði sektaður fyrir hina átöldu óheimildartöku á molvið og blöðrusel og dæmdur til að greiða áfrýjanda skaðabætur fyrir hana eptir óvilhallra manna mati, svo og til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, eins og það væri ekki gjafsóknarmál, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda. Hinn stefndi hefur ekki mætt nje látið mæta fyrir sig fyrir yfirdóminum.

Magnavíkurreki, sá er að framan er nefndur, nær, eptir því sem fram er komið í máli þessu, frá Grjótgarði á Saltnesi að norðan og suður að Valþjófsstaðaá, og liggur nyrðri hluti hans, að Goðhússteini, fyrir Presthóla landi, en syðri hlutinn, frá Goðhússteini og að Valþjófsstaðaá, að óskiptu landi Einarsstaða, ábýlisjarðar stefnda, og Valþjófsstaða, og á þennan síðarnefnda hluta Magnavíkurrekans virðist hinn umstefnda molvið og blöðrusel að hafa rekið, enda byggir stefndi rjett sinn til að hirða smáreka þenna á því, að hann sje landgögn eða leiguliðanot, er fylgi ábýlisjörðu hans samkvæmt Jónsbókar rekabálki og lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða, 12. jan. 1884, en hann viðurkennir aptur á móti, að allur reki hvala og *stór*viða heyri Presthólakirkju til.

Áfrýjandi byggir tilkall sitt til rekans á hinu umrædda svæði á hinum löggilta máldaga Pjeturs biskups og dómi Jóns Benediktssonar sýslumanns, 4. og 5. maí 1746, þar sem segir, að Presthólakirkja eigi »allan reka

millum Valþjófsstaðaár og Grjótgarðs á Saltnesi, bæði hvala og viðar«, svo og á lögfestu síra Steláns Þorleifssonar á Presthólum frá 1751, margþinglesinni, þar sem lögfest er undir Presthóla »allur reki ítölulaus til hvala og viða og allra landgagna frá Valþjófsstaðaá til Grjótgarðs á Saltnesi«. Ennfremur hefur áfrýjandi til stuðnings kröfu sinni framlagt nokkur vottorð, er síðan hafa verið staðfest fyrir rjetti, um notkun hins umþrætta smáreka eða landgagns frá Presthólum.

Á nýnefndum vottorðum verður þó eigi byggt stöðugt heiðarhald á hinu umþrætta landgagni af hálfu Presthóla kirkju eða staðar, því síður sem stefndi hefur einnig framfært nokkur vitni, er hafa sannað notkun hins umþrætta smáreka frá Einarsstöðum eða Valþjófsstöðum, sem, eins og áður er frá skýrt, eiga óskipt land saman að rekanum. Ekki verður heldur á lögfestu síra Steláns Þorleifssonar út af fyrir sig byggður rjettur áfrýjanda til landgagna, þó þau sjeu þar berum orðum framtekin, því að lögfestan er að eins einhliða yfirlýsing umráðamanns Presthóla um, hvað hann áleit heyra þeim til eða vildi telja til þeirra. Aðalheimildarskjöl áfrýjanda eru því máldagi Pjeturs biskups og framannefndur dómur Jóns Benediktssonar, en það virðist eigi koma í bága við orðin í þeim skjölum: »allur reki, bæði viðar og hvala«, þó að landeiganda (Einarsstaða) eða í hans stað leiguliða (hinum stefnda), samkv. hinni almennu reglu í Jónsb. rekabálki, 2. kap., um rjettindi rekamanns og landeiganda sín á milli, þar sem reki er eigi frekara einskorðaður, sbr. og Jónsb. landsleigub., 7. kap., sje álitinn bera rjettur til landgagna þeirra, er um ræðir í máli þessu, enda styrkist og þessi skilningur á nefndum orðum við það, að síðar í Pjetursmál-

daga Presthólakirkju er tekið fram berum orðum, að kirkjan eigi »landgagn frá steini í Harðbaksmöl og til óss fyrir vestan Eyri«, og hefði því mátt búast við, að »landgagn« hefði verið nefnt fyrir Einarsstaða landi, ef kirkjan hefði átt það, eins og einnig síra Stefán í Þorleifssyni í lögfestu sinni, er áður var getið, hefur þótt ástæða til að geta þess berum orðum. Þar sem nú það er aðalregla laganna samkv. Jónsb. rekab., 1. kap., að hver maður á reka allan fyrir landi sínu, nema með lögum sje frá kominn, en áfrýjandi hefur ekki fært óyggjandi sönnur á, að rekarjettur hans nái einnig yfir landgögn — en til þeirra verður að teljast molviður sá og blöðruselur, er mál þetta er höfðað út af —, þá verður að álíta, að stefndi hafi eigi í heimildarleysi hirt hinn umgetna molvið og blöðrusel, eða verði fyrir það dæmdur til skaðabóta eða sekta, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því leyti. Sömuleiðis ber að staðfesta málskostnaðarákvæði hans. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður og hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda verða eigi eptir úrslitum málsins dæmd nein málflutningslaun.

Rekstur málsins í hjeraði, þar er sækjandi hafði gjafsókn, hefur verið vítalaus og málsfærslan af hendi hins skipaða sækjanda við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á óraskaður að standa. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn hinn 8. júnímánaðar.

Nr. 11/1891: Rjettvísin
gegn
Guðmundi Ásgeirssyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Ísafjarðarsýslu 8. nóv. f. á., var hinn ákærði Guðmundur Ásgeirsson dæmdur fyrir stórþjófnað, framinn í 1. sinn, samkv. 231. gr. 1. lið alm. hegningarl., í 8 mánaða betrunarhúsvinnu og til að lúka allan af sökinni löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi er að tilhlutun hlutaðeigandi amtmanns áfrýjað til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu löglega sannað, að hinn ákærði, þegar hann einn morgun rak ær sínar heim til mjalta, og fráfærnalamb, er hann ekki vissi hver átti, rakst með þeim, ásetti sjer að slá eign sinni á það, og er það var komið inn í fjárhúsið með ánum, markaði ákærði það með vasahníf sínum undir sitt mark. Þegar eigandi lambsins, Tómas á Vífilsmýrum, tveim dögum eptir afmörkunina, sá lambið koma heim til sín og þekkti það þá þegar, gekk hann á ákærða, Guðmund Ásgeirsson, er að vísu upphaflega gaf lítið út á það, en síðar kannaðist við tiltæki sitt. Lambið fjekk eigandinn aptur.

Þessi tilverknaður ákærða á undir 250. sbr. 249. gr. hegningarlaganna og virðist mega ákveða hegningu þá, er hann, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neitt afbrot samkvæmt greindum lagastöðum, hefur til unnið fangelsi við vatn

og brauð í 2×5 daga. Svo ber honum og að greiða allan af málinu bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Um meðferð málsins í hjeraði verður að athuga, að þó að hinn ákærði þegar í stað hinn 6. sept. f. á. gæfi fullkomna og ótortryggilega skýrslu í málinu, var hann eptir úrskurði dómarans hafður í varðhaldi frá nefndum degi til 16. s. m., en til þessa varðhalds þykir yfirdóminum eigi hafa verið nægileg ástæða. Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Guðmundur Ásgeirsson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga og greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, settra málaflutningsmanna, Ásmundar Sveinssonar og Hannesar Hafstein, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 6/1891: Árni Pjetursson
gegn
Eggert Laxdal

Dómur:

Atvik máls þessa eru þau, að í októbermánuði síð-

astliðnum var áfrýjandinn, kaupmaður á Akureyri Árni Pjetursson, staddur í búð eða á heimili verzlunarborgara nokkurs á Akureyri og tók þá upp á því — án þess það sjáist á málinu, hver tilgangur hans var með því — að mæla með vínandamæli styrkleika brennivíns, er borgarinn átti þar á flösku og hafði keypt hjá stefnda verzlunarstjóra Eggert Laxdal á Akureyri, en við mælinguna voru viðstaddir borgarinn og 2 menn aðrir, og leit annar þessara síðarnefndu á mælinn með áfrýjandanum, og kom þeim saman um, að brennivínið væri liðlega $6^{1}/_{2}{}^{0}$. Mæling þessi og sú niðurstaða, er á henni varð, barst nú til eyrna stefnda, og með því honum þótti sjer og verzlun sinni ófræging gjörð með ummælum, er höfð voru eptir áfrýjanda út af mælingunni, að áminnzt brennivín, er var keypt hjá stefnda, væri $6^{1}/_{2}{}^{0}$ að styrkleika, þá höfðaði stefndi mál þetta gegn áfrýjanda og krafðist þess, að nefnd ummæli áfrýjanda væru ómerk dæmd og að hann borgaði sjer bætur fyrir »Tort og Creditspilde«, svo og sekt til fátækra fyrir »álýgina«, og allan málskostnað. Málið var síðan dæmt í aukarjetti Akureyrar 4. des. f. á. þannig, að ummæli áfrýjandans, »að brennivín það, er sækjandinn, verzlunarstjóri Eggert Laxdal, selji, sje ekki nema $6^{1}/_{2}{}^{0}$ að styrkleika«, skyldu dauð og ómerk vera og áfrýjandinn greiða stefnda 6 kr. í málskostnað.

Áfrýjandinn, sem hefur stefnt málinu til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. febr. þ. á., hefur krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að hann verði algjörlega sýkn dæmdur í málinu og hinn áfrýjaði dómur ómerkur gjör, að því er mortificationsákvæði hans og málskostnaðarákvæði snertir, en að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer allan málskostnað fyrir báðum rjettum með 100 kr.

eða einhverju að rjettarins mati nægilegu, svo og að áfrýjandi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa þrætu. Hinn stefndi hefur eigi mætt nje látið mæta fyrir sig í yfirdóminum.

Ofangreind ummæli áfrýjanda, sem eigi verður ljóslega sjeð af málinu, hvenær hann hefur látið sjer um munn fara, um styrkleika brennivíns þess úr verzlan stefnda, er hann mældi, geta nú alls eigi álitizt ærumeiðandi fyrir stefnda eða yfir höfuð í neinu saknæm, því síður sem þau voru að öllu leyti samkvæm niðurstöðu þeirri um styrkleika brennivínsins, er hann komst að við mælingu sína á því, og það getur engan mun gjört í þessu tilliti, að það virðist mega álíta sannað í málinu, að brennivínið hafi haft meiri styrkleika, og að mælingin því, sakir kunnáttuleysis áfrýjanda að mælingu víns, hafi verið skökk. Það var því eigi heldur nein ástæða til að dæma hin átöldu ummæli dauð og ómerk — og því síður yfirgripsmeiri ummæli, eins og gjört er í dóminum—og verður því að breyta hinum áfrýjaða dómi að því leyti. Eptir atvikum málsins þykir rjett, að stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað fyrir undir- og yfirrjetti 25 kr., en kröfu áfrýjanda um sekt á stefnda fyrir óþarfa þrætu er eigi næg ástæða til að taka til greina.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, kaupmaður Árni Pjetursson, á fyrir öllum kærum og kröfum stefnda, verzlunarstjóra Eggerts Laxdal, í þessu máli sýkn að vera. Stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað fyrir undir- og yfir-

dómi 25 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 29. júnímánaðar.

Nr. 33/1890. Beneficiarius Helgafellsstaðar
gegn
Sigfúsi Eymundssyni,
eiganda Hofsstaða

Dómur:

Þegar hinn stefndi, ljósmyndari Sigfús Eymundsson, hafði skrásett landamerki eignarjarðar sinnar, Hofsstaða í Miklaholtshreppi, neitaði áfrýjandinn, beneficiarius Helgafellsstaðar Eiríkur prófastur Kúld, að samþykkja landamerkjaskrána fyrir hönd staðarins, og voru það þessi 2 ákvæði í skránni, sem hann vefengdi: »Jörðin (o: Hofsstaðir) á alla veiði í Straumfjarðará fyrir sínu landi«, og »Reka á jörðin allan frá Grensá til Guðlaugshamars, en hálfan reka þaðan í stólpa þann, sem stendur fyrir Brekkubæ. Ískyldur, kvaðir eða ítök hvíla eigi á jörðinni«. Höfðaði þá Sigfús Eymundsson mál á móti nefndum beneficiarius, og var það dæmt í landamerkjadómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hinn 24. og 25. júlí f. á., á þá leið að jörðin Hofstaðir ætti alla veiði í Straumfjarðará fyrir sínu landi, en tilkalli Sigfúsar Eymundssonar til reka fyrir Melkotslandi var frávísað. Sækjandi fyrir landamerkjadóminum var skyldaður til að greiða upp í málskostnað til dómenda 106 kr., en að öðru leyti var kostnaðurinn látinn falla niður. Dómi þessum hefur beneficiarius Helgafellsstaðar, sem fengið hefur gjafsókn og skipaðan málflutningsmann bæði í hjeraði og fyrir yfir-

dómi, áfrýjað til þessa rjettar með stefnu, dags. 5. nóv. f. á., lagt fram ný skjöl samkvæmt leyfisbrjefi, og gjört þær rjettarkröfur, *að* merkjadómurinn verði dæmdur ómerkur, *að* stefndi Sigfús Eymundsson verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins í hjeraði, eins og það hefði eigi verið gjafsóknarmál, þar á meðal varnarlaun til hins skipaða málflutningsmanns staðarins 150 kr., og *að* stefndi ennfremur verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og það væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal hæfileg málflutningslaun til hins skipaða sækjanda af hálfu staðarins. Á hinn bóginn hefur stefndi, Sigfús Eymundsson, krafizt þess, að merkjadómurinn verði staðfestur, og sækjandi skyldaður til að greiða allan málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Eins og málið liggur fyrir yfirdóminum samkvæmt stefnunni og málsfærslunni kemur eigi til álita, hvort frávísunarákvæði dómsins sje á rökum byggt, því að deiluefni málsviðeigenda er eingöngu sú spurning, hvort fyrirmæli dómsins um, að Hofsstaðir eigi alla veiði í Straumfjarðará fyrir sínu landi, geti staðizt, en þessa úrlausn tjáir merkjadómurinn samkvæma hlutarins eðli, Jónsbókar landsleigubálks 56. kap. og tilsk. um veiði 20. júní 1849, með því að áfrýjanda hafi eigi tekizt að sanna, að veiðin hafi gengið undan jörðinni undir Helgafellsstað.

Áfrýjandinn hefur fyrir yfirdóminum haldið því fram, *að* hann hafi löglega sannað það, að klaustrið á Helgafelli hafi fyrir siðabótina átt alla veiði í Straumfjarðará, einnig fyrir landi Hofsstaða, *að* þessi veiðirjettur nú sje eign Helgafellsstaðar (Helgafellskirkju), sem að þessu leyti hafi erft klaustrið, og *að* beneficiarius á Helgafelli

hafi um síðastliðin 70 ár að minnsta kosti notað þessa veiði átölulaust. — Jafnframt hefur hann tekið það fram, að það sje með öllu óheimilt að dæma þessa veiði undir Hofsstaði, þó að hún ef til vill eigi verði álitin eign Helgafellsstaðar.

Að vísu verður að álíta það sannað með hinum framlögðu skjölum, sjerstaklega Vilkinsmáldaga frá 1397, Flosadómi frá 1351 og »eignarbrjefinu«, sem svo er kallað, sem líklega ber að árfæra til 1349, svo og rekaskrám Helgafellsklausturs og öðrum gömlum máldagaeptirritum, að öll veiði í Straumfjarðará hafi fyrir síðabótina verið eign Helgafellsklausturs, sem þá á stundum er kallað Helgafellsstaður. En á hinn bóginn er það eigi rjett, að Helgafellskirkja hafi erft klaustrið að eignum þess, og er í því tilliti nægilegt að taka það ram, að konungur tók undir sig fasteignir klaustursins, og eru þær síðan kallaðar Stapa- eða Arnarstapaumboð. Þetta sjest og ljóslega af hinum löggilta Gíslamáldaga, sem saminn er 1574 eða 1575, fáum árum eptir að klaustur var lagt niður á Helgafelli. Hann telur eignir Helgafellskirkju, og telur henni meðal annars að eins 4 jarðir, þar af 2 byggðar af heimalandi, og eru jarðirnar nefndar, og 4 smáeyjar; frekari fasteign er kirkjunni þá eigi talin til eignar, og engin ítök, sjerstaklega ekki veiði í Straumfjarðará. Tilkall Helgafellskirkju til hins umþráttaða veiðirjettar verður þannig eigi löglega leitt af eignrjetti klaustursins. — Um notkun veiðinnar í ánni fyrir Hofsstaðalandi virðist mega álíta það sennilegt samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar (1706), jarðabókinni 1760 og lögfestu Þorleifs prests Bjarnarsonar frá 1774, að Hofsstaðaeigendur hafi notað hana fyrir landi jarðarinnar að minnsta kosti

allan fyrri hluta 18. aldarinnar (hjer um bil frá 1700 — 1770). Það er eigi heldur ástæða til að efast um, að svo hafi verið, allt þangað til að Pjetur biskup Pjetursson varð prestur að Helgafelli árið 1837. Síðan, og að minnsta kosti eptir að Ólafur Thorberg varð þar prestur árið 1844, virðast Helgafellsprestar hafa talið sjer og reynt að hagnýta veiði í allri Straumfjarðará frá fjalli til fjöru, en þetta er þó eigi lögmæt sönnun fyrir því, að Helgafellsstaður eigi veiðina fyrir landi Hofsstaða, sjerstaklega þegar þess er gætt, sem áður er framtekið, að á fyrri öld var veiðin notuð frá Hofsstöðum að minnsta kosti um 60—70 ára tíma, eins og það einnig er viðurkennt, þrátt fyrir hinar víðtæku kröfur áfrýjanda, að Miklaholtskirkja eigi 2 veiðihylji í á þessari.

Samkvæmt hinu framanritaða verður eigi álitið, að áfrýjandi hafi sannað það, að veiði í Straumfjarðará fyrir Hofsstaða landi sje lögmæt eign Helgafellsstaðar og með því að eigi er tilefni til þess að rannsaka það í þessu máli milli Helgafellsstaðar og eiganda Hofsstaða, hvort veiðirjetturinn tilheyri einhverjum öðrum en öðrumhvorum málsviðeigenda, og þar sem ennfremur eigi er ástæða til þess að ómerkja dóminn ex officio, verða kröfur áfrýjandans í málinu eigi teknar til greina. — Það ber því að staðfesta landamerkjadóminn; málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rjett að falli niður. Eptir úrslitum málsins verða hinum skipaða málflytjanda áfrýjanda eigi dæmd málsfærslulaun. Að því leyti sökin hefur verið varin í hjeraði og sótt í yfirdómi með gjafsókn vottast, að málflutningurinn og meðferðin hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:
Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi talli niður.

Nr. 9/1891: Lárus Pálsson
gegn
Kr. Ó. Þorgrímssyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í hjeraði af stefnda, bóksala Kristjáni Ó. Þorgrímssyni í Reykjavík, gegn áfrýjandanum, homöopath Lárusi Pálssyni á Sjónarhól, út af skuld að upphæð 177 kr. 53 aur. til verzlunar Ólafs sál. Jónssonar kaupmanns í Hafnarfirði, er áfrýjandinn er talinn í í verzlunarbókum greindrar verzlunar, en útistandandi skuldir verzlunar þessarar hafði stefndi keypt og var þannig orðinn eigandi að hinni hjerumræddu skuld. Málið var dæmt í gestarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 25. febrúarmán. þ. á. þannig, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða stefnda alla hina umstefndu skuld 177 kr. 53 aura með 5% vöxtum frá 8. des. f. á. til borgunardags, svo og í málskostnað 57 kr. 66 aura.

Áfrýjandinn hefur krafizt þess fyrir yfirdóminum, að hann verði algjörlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda, bæði að því er skuldakröfuna snertir og málskostnað, en að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað fyrir báðum rjettum með einhverri að rjettarins mati nægilegri upphæð. Stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að undirrjettardómurinn verði að öllu leyti staðfestur og áfrýjandi ennfremur dæmdur til að

greiða sjer málskostnað fyrir yfirdóminum að skaðlausu með 30 kr. eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati.

Stefndi hefur í málinu til sönnunar skuldakröfu sinni lagt fram staðfestan útdrátt úr verzlunarbókum Ólafs sál. Jónssonar, snertandi viðskipti áfrýjanda við verzlunina árin 1878 til 1882, þá er verzlunin virðist hafa hætt, og eptir útdrætti þessum var áfrýjandi í skuld við verzlunina 1882 um hina umstefndu upphæð. En áfrýjandinn hefur lýst það allt tilhæfulaust og rangt, sem í útdrættinum er tilfært, lið fyrir lið, bæði það sem talið er úttekið af honum og innlátið. Kveðst hann að vísu hafa haft ýms viðskipti við Ólaf sál. Jónsson, sem hann þó eigi hefur lýst nákvæmar, og hafi hann jafnan átt til góða hjá honum eptir þeim, en hann hafi aldrei haft hugmynd um, að hann stæði þar í neinum verzlunarreikningi og hafi aldrei fengið neinn reikning frá honum. Gagnvart þessum mótmælum áfrýjanda gegn skuldinni, hefur stefndi með framlögðum brjefum frá áfrýjanda, sumpart til stefnda sjálfs og sumpart til skiptaráðandans í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sannað, að áfrýjandi hefur verið í verzlunarreikningi eða haft almenn verzlunarviðskipti við Ólaf sál. Jónsson, að hann hefur fengið einu sinni frá honum verzlunarreikning, og að hann hefur staðið í skuld við Ólaf Jónsson sál. árið 1880, en þá var einmitt hin umstefnda skuld að mestu leyti til orðin. Að svo vöxnu máli verður að fallast á það, að undirdómarinn hefir ekki tekið til greina framangreind mótmæli áfrýjanda gegn hinni umkröfðu skuld, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því leyti. Svo ber og staðfesta málskostnaðarákvæði hans, og ber áfrýjanda auk þess að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði gestarjettardómur á óraskaður að standa. Áfrýjandinn, Lárus homöopath Pálsson, greiði stefnda, bóksala Kr. Ó. Þorgrímssyni, í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 6. júlímánaðar.

Nr. 19/1891. Rjettvísin gegn lögregluþjóni Þorvaldi Björnssyni.

Dómur:

Mál þetta var í hjeraði höfðað gegn hinum ákærða Þorvaldi Björnssyni, lögregluþjóni í Reykjavík, fyrir brot gegn 125. og 129. sbr. 145. gr. hinna almennu hegningarlaga 1869, og var það dæmt í aukarjetti Reykjavíkur kaupstaðar hinn 13. maímán. síðastl. á þá leið, að ákærði ætti að greiða 40 kr. sekt í landssjóð, eða til vara sæta 12 daga einföldu fangelsi, svo og inna af hendi allan löglegan kostnað sakarinnar. Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins af hálfu hins opinbera, og hefur hinn skipaði sækjandi þar lagt fram nokkur ný skjöl í málinu.

Eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar í málinu, eru atvik þess eins og nú skal greina. Hinn ákærði, sem er skipaður lögregluþjónn í Reykjavík, býr í sama húsi og prestaskólastúdent einn, og eru íbúðarherbergi þeirra samhliða eða á sama lopti í húsinu. Síðastliðið

páskadagskvöld hafði prestaskólastúdentinn heima hjá sjer 2 menn og sátu þeir við víndrykkju; annar þessara manna var Helgi Skúlason, sem einnig er prestaskólastúdent. Um miðnættisbil var hinn ákærði háttaður, eptir því er hann skýrir frá, en fór þá á fætur, með því að honum þótti allt of mikil háreysti hjá sambýlismanni sínum, fór yfir til hans, og fann að því við hann, að hann hjeldi fyrir sjer vöku með drykkjuslarki, og skoraði á hann að láta gestina fara burtu. Þessi herbergisráðandi virðist þá hafa verið svo drukkinn, að lítið hafi orðið um andsvör af hans hendi, en áðurnefndur Helgi Skúlason svaraði ákærða; lenti þá þegar í skömmum með þeim og ryskingum; vildi ákærði koma Helga út úr herberginu, en gat eigi komið honum það; stökk hann þá út, en kom inn aptur mjög skömmu síðar í einkennisbúningi lögregluþjónanna og með annan mann með sjer; tóku þeir Helga Skúlason með valdi út úr húsinu og fóru með hann rakleiðis upp í hegningarhús og afhentu hann fangaverðinum, sem tók hann í varðhald, ljet hann hátta og rannsakaði föt hans. Hinn ákærði fór síðan heim til sín, en sá sig þá um hönd, og bæði þess vegna og sumpart fyrir fortölur manns eins, sem hann tjáði þessar tiltektir, fór hann eptir nálægt því klukkustund aptur upp í hegningarhúsið, ljet sleppa Helga Skúlasyni út þaðan, og fylgdi honum heim til sín, og virðist þá Helga hafa verið þetta ógeðfellt. Svo kærði Helgi þessar aðfarir lögregluþjónsins 3 dögum síðar. Fyrir yfirdóminum er það nú ennfremur upplýst, að tæpum 6 vikum eptir, að þetta skeði, varð Helgi Skúlason brjálaður, og í vottorði, er landlæknirinn hefur gefið hjer að lútandi, telur hann

það »líklegt«, að fangelsan Helga hafi »meðal annars«, orsakað brjálsemi hans.

Hinn ákærði hefur tekið það fram, að viðkomandi húseigandi hafi falið sjer á hendur að hafa umsjón yfir herbergjum þeim, sem hann rak Helga Skúlason út úr, og hafi hann því gjört þetta sem húsráðandi. Fyrst eptir að hann var kominn út úr herbergjunum með Helga, hafi hann sakir mótþróa hans tekið það ráð, að fara með hann upp í hegningarhúsið, þó þeir ættu leið rjett fram hjá bústað Helga. Það er nú ekki sannað í málinu, að ákærði, sem að vísu átti að hafa eptirlit með herbergjunum og húsgögnum í þeim, hafi haft svo víðtækt umboð í þessu efni, að honum væri heimilt að reka Helga Skúlason út, sjerstaklega þegar þess er gætt, að það er eigi sannað, að Helgi og þeir, sem með honum voru, hafi gjört óspektir eða hegðað sjer ósiðlega í herbergjunum. En auk þessa bendir allt á það, að hinn ákærði hafi einmitt sem lögregluþjónn tekið Helga út úr herbergjunum; hann fer í einkennisbúning sinn, hefur lögreglupípu sína með sjer, fær mann utanhúss sjer til hjálpar, og fer viðstöðulaust með manninn upp í hegningarhús fram hjá bústað hans, sem var einmitt í leiðinni, en á götunni gjörði Helgi engan ófrið eða neina verulega mótstöðu. Til þess á þennan hátt að taka Helga fastan í annars manns híbýlum og fara með hann í varðhald, hafði ákærði eigi nægilegan myndugleika, þótt hann sjálfur kunni að hafa litið svo á, og hefur hann því með þessu tiltæki sínu gjörzt sekur í broti gegn 129. sbr. 145. gr. hegningarlaganna, eins og undirdómarinn einnig hefur álitið. Þó að það sje eigi alls ólíklegt, að brjálsemi Helga Skúlasonar hafi að nokkru leyti stafað af þessari fangelsan, getur það atvik eigi

orðið til þess að þyngja refsingu hins ákærða, því að engin átylla er til þess að álíta, að þessi afleiðing hafi getað verið honum fyrirsjáanleg. En fyrir brot það, sem að framan er lýst, ber að hegna hinum ákærða samkvæmt nýnefndum greinum hegningarlaganna með sekt, er þykir hæfilega ákveðin 120 kr., og komi í stað hennar 36 daga einfalt fangelsi, sje hún eigi öll greidd í ákveðinn tíma. Um málskostnað í hjeraði á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar verður hinn ákærði einnig að greiða, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 12 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði, lögregluþjónn Þorvaldur Björnsson, greiði 120 kr. sekt í landssjóð, eða sæti 36 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Svo ber honum og að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, settra málsfærslumanna Hannesar Hafstein og Ásmundar Sveinssonar, 12 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 16/1891: Hið opinbera
gegn
ekkjufrú A. Thorsteinsen.

Dómur:

Maður hinnar kærðu, alþingismaður Th. Thorsteinsen á Ísafirði, fjekk hinn 10. júní 1881 leyfisbrjef hjá sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu til þess samkvæmt lögum nr. 28, 7. nóv. 1879, 5. gr., að stofna og reka sveitaverzlun á Bolungarvíkurmölum í Hólshreppi í tjeðri sýslu, þótt hann væri heimilisfastur á Ísafirði, og þessa sveitaverzlun rak hann þar, unz hann fjell frá haustið 1888, en síðan hefur hin kærða, ekkja nefnds Thorsteinsens, sem er búsett á Ísafirði, haldið áfram þessari sveitaverzlun í Bolungarvík, án þess að hún hafi fengið til þessa annað leyfisbrjef en það, sem eptir áðursögðu var útgefið fyrir mann hennar heitinn. Verzlun hennar var þó álitin ólögleg, og höfðaði sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu lögreglumál á móti henni fyrir brot á áðurnefndum lögum 7. nóv. 1879, sem dæmt var hinn 30. apríl seinastl. á þá leið, að hin kærða skyldi greiða 50 kr. sekt til landssjóðs fyrir nefnt ólöglegt athæfi og allan málskostnað. Dómi þessum hefur hin kærða látið áfrýja til landsyfirrjettarins.

Af ákvörðuninni í 5. gr. hinna tilvitnuðu laga, um að því að eins skuli veita sveitaverzlunarleyfi, að hlutaðeigandi sýslunefnd telji beiðanda *„hæfan“* til að verzla, má ályktа það með nægilegri vissu, að sveitaverzlunarleyfi sje eingöngu persónulegt, þannig að rjettur sá, er það veitir, verði eigi notaður af öðrum en þeim, sem beinlínis er tilnefndur í leyfi sýslunefndarinnar, og hvorki af ekkju hans nje öðrum erfingjum. Það verður

því að álíta, að hin kærða hafi eptir lát manns síns heitins engan rjett haft til þess að reka sveitaverzlun í Bolungarvík, og verður því að dæma hana í sekt til landssjóðs samkvæmt 6. gr. áðurnefndra laga, er virðist hæfilega ákveðin eptir atvikum málsins 6 kr. Svo verður hún og að greiða allan kostnað málsins bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hin kærða, ekkjufrú Amalie Thorsteinsen greiði 6 — sex — króna sekt til landssjóðs, svo og allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, settra málaflutningsmanna Ásmundar Sveinssonar og Hannesar Hafstein, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 2/1891: Páll Ólafsson
gegn
Jóni Einarssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af Jóni bónda Einarssyni á Víðivöllum ytri gegn umboðsmanni Páli Ólafssyni út af meiðyrðum og er rekið og dæmt fyrir lög-

reglurjetti Norðurmúlasýslu með þeim úrslitum, að Páll umboðsmaður var dæmdur eptir 219. gr. hegnl. í 20 kr. sekt til landssjóðs, eða 6 daga einfalt fangelsi, ef sektin ekki væri greidd í ákveðinn tíma; svo voru og hin kærðu ummæli dæmd dauð og ómerk og hann dæmdur til að lúka 15 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefur Páll Ólafsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 8. jan. þ. á., og þar krafizt, fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá *undir*rjettinum, með því það hafi verið rekið og dæmt í hjeraði fyrir lögreglurjetti, þótt það sje höfðað út af meintum ærumeiðandi ummælum, eða geti yfirdómurinn ekki fallizt á þessa kröfu, að hann verði dæmdur sýkn af kærum og kröfum stefnda í þessu máli, að stefndi verði dæmdur í sekt fyrir ástæðulausa og óþarfa málsýfing og til að greiða áfrýjandanum allan málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi að skaðlausu eða eptir mati rjettarins. Hins vegar hefur hinn stefndi krafizt, að lögreglurjettardómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdóminum að skaðlausu eptir mati rjettarins.

Að því frávísunarkröfu áfrýjanda snertir, skal það tekið fram, að málið að vísu hefur verið höfðað, rekið og dæmt fyrir lögreglurjetti, en með því farið hefur verið að öllu leyti með málið eptir þeim rjettarfarsreglum, sem ákveðnar eru í tilskip. 15. ágúst 1832, að því einu undanskildu, að rjetturinn er nefndur lögreglurjettur, og að terminus executionis í dóminum er ákveðinn 3 sólarhringar, virðist ekki næg ástæða til fyrir þá sök að ómerkja meðferð málsins fyrir undirrjettinum (lögreglurjettinum), og verður þessi krafa áfrýjanda því ekki til greina tekin.

Að því kemur til aðalefnis málsins eru tildrög þess þessi:

Í brjefi til Norður- og Austuramtsins dags. 9. nóv. 1887 kemst áfrýjandi meðal annars þannig að orði, »að stefndi hafi mælt sjer út engjateig í Skriðuklausturs landi í fyrra sumar«. Sem eigandi Víðivalla ytri telur hinn stefndi til ýmissa ítaka í Skriðuklausturs landi og þar á meðal til engjastykkis, er samkvæmt máldaga Víðivalla frá 1674 hefur verið með ákveðnum ummerkjum, en sem áfrýjandi nú telur, að ekki sjeu lengur til, en sem stefndi hafi þrátt fyrir það útmælt sjer úr Skriðuklausturs engjum. En með þessa útmælingu virðist hafa gengið svo til, að Sæbjörn nokkur Egilsson, er hafði umboð áfrýjanda til að skrifa undir merkjalýsingu milli Víðivalla ytri og Skriðuklausturs 1884, hefur þá mælt stefnda út engjastykki í Skriðuklausturs landi — áfrýjandi hefur nefnt í brjefinu skakkt ár, er útmælingin á að hafa farið fram —; hvort hann hefur haft til þess nokkurt umboð frá áfrýjanda eða ekki, er ekki ljóst af málsskjölunum. Það virðist svo, sem að það sje þessi útmæling, er áfrýjandi hefur átt við í áðurnefndu brjefi sínu til amtsins, og telur hann hana gjörða af stefnda, eða að það verði að líta svo á, hafi Sæbjörn útmælt engjastykkið, er hann ekki hafi haft heimild til, sem stefndi hafi gjört það sjálfur. Það eru þessi ummæli, sem stefndi telur meiðandi fyrir sig.

En yfirdómurinn getur ekki litið svo á, að þessi ummæli, sem einungis fela í sjer þá yfirlýsing áfrýjanda í brjefi til hlutaðeiganda amtmanns sem yfirboðara síns, að stefndi hafi sjálfur tekið sjer rjett til að ákveða um engjastykkisítak, er ekki var ágreiningslaust um, verði eptir atvikum skoðuð saknæm meiðyrði,

og ber því að sýkna áfrýjanda af kærum og kröfum stefnda í þessu máli, og virðist þá rjett, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað bæði fyrir undir- og yfirrjetti, er þykir hæfilega metinn 30 kr. — Ekki þykir ástæða til að dæma stefnda til sekta fyrir óþarfa málsýfing.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi Páll Ólafsson á að vera sýkn af kærum og kröfum stefnda, Jóns Einarssonar, í þessu máli. Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum með 30 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 1/1891: Jónas Th. Stephensen
gegn
H. J. Ernst.

Dómur:

Mál þetta, sem er út af meiðyrðum, hefur í hjeraði verið höfðað og dæmt fyrir lögreglurjetti, en ekki eins og vera bar fyrir aukarjetti og samkv. tilsk. 15. ág. 1832. Að vísu hefur málið verið lagt til sætta og að sumu leyti með það farið samkvæmt nýnefndri tilskipun; en með því mjög mikið vantar á, að þær skýringar, sem á þurfti að halda í málinu, sjeu fengnar, og með því að hjeraðsdómarinn með öllu hefur vanrækt að leiðbeina málspörtunum, þá verður ekki hjá því komizt að dæma hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í hjeraði

ómerkt og að vísa málinu frá lögreglurjettinum. Málskostnaður virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í hjeraði skal ómerkt og vísast málinu frá lögregluríettinum.

Málskostnaður falli niður.

Nr. 3/1891: Bjarni Siggeirsson gegn H. J. Ernst.

Dómur:

Það verður eigi sjeð, að áfrýjunarstefnan í máli þessu hafi verið birt á löglegan eða nægilegan hátt fyrir undirdómaranum, nje heldur er það sannað, að hann hafi fráfallið birting stefnunnar, því að þó að undirdómarinn hafi skrifað á stefnuna: »Sjeð d. u. s. Einar Thorlacius«, felst eigi í þessu viðurkenning frá hans hendi um birtingu, því síður löglega birtingu stefnunnar.

Með því að þannig eigi hefur verið gætt fyrirmælanna í NL. 1—2—3, sbr. tilskip. 15. ágúst 1832 § 18, verður ex officio að vísa málinu frá yfirdóminum, og þykir rjett eptir þessum úrslitum málsins, að áfrýjandinn greiði hinum stefnda sem málskostnað fyrir yfirdómi 12 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Sök þessari vísast frá yfirdómi. Áfrýjandinn,

Bjarni Siggeirsson, greiði hinum stefnda, H. J. Ernst sem málskostnað fyrir yfirdómi 12 — tólf — krónur innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins undir aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 13. júlímánaðar.

Nr. 4/1891: Ole Lied
gegn
Christen Havsteen
fyrir hönd Gránufjelagsverzlunarinnar á Oddeyri.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Akureyrarkaupstaðar 2. júlímánaðar f. á. var áfrýjandinn, skósmiður Ole Lied á Oddeyri, dæmdur til að greiða stefnda, verzlunarstjóra Gránufjelagsverzlunarinnar á Oddeyri, Christen Havsteen, fyrir hönd tjeðrar verzlunar, verzlunarskuld að upphæð 1020 kr. 86 a. og 5 kr. í málskostnað. Dómi þessum og fjárnámsgjörð, sem fram á hafa farið samkvæmt honum, hefur áfrýjandinn stefnt til yfirdómsins með stefnu, dags. 8. jan. þ. á., en að því fjárnámsgjörðina snertir hefur hann enga kröfu gjört hjer fyrir rjettinum og eigi framlagt dómsgjörðir henni viðvíkjandi, og verður því stefnunni frávísað, að því er til hennar kemur.

Til sönnunar skuldakröfu sinni lagði stefndi fram í undirrjetti skuldabrjef, útgefið 30. marz 1886, þar sem áfrýjandinn játar, að hann skuldi Gránufjelagsverzluninni á Oddeyri 933 kr. 70 a., og lofar að borga þá upphæð í fjórum gjalddögum á árunum 1886 og 1887, en

ef hann eigi greiddi afborganirnar í tæka tíð, þá skyldi hann greiða 5 af hundraði í vöxtu árlega af skuldinni. Ennfremur skuldbatt áfrýjandinn sig í skuldabrjefinu til að borga eptirleiðis jafnóðum mánaðarlega það, er hann fengi til láns við verzlunina, og loks var ákvæði um, að hús hans á Oddeyri skyldi vera að veði fyrir upphæð nefndrar skuldar, 933 kr. 70 a. Í öðru lagi lagði stefndi fram reikning yfir skuld áfrýjandans við verzlunina, dags. 16. maí f. á., en eptir honum skuldaði hann verzluninni 1020 kr. 86 a., og voru á reikningnum sjerstaklega tilfærðir skuldarmegin vextir af framangreindri veðskuld fyrir árin 1887, 1888 og 1889:

Samkvæmt skýrslu þeirri, er áfrýjandinn hefur gefið um málið fyrir undirrjettinum og stefndi eigi hefur nægilega mótmælt, verður nú að vísu að álíta, að áfrýjandinn hafi þegar áður en mál þetta hófst verið búinn að greiða stefnda höfuðstól fyrnefndrar veðskuldar, þó að það væri eigi gjört á þeim tilsettu gjalddögum, og að hin umkrafða skuld, 1020 kr. 86 a., stafi frá úttekt hans við verzlunina eptir útgáfu skuldabrjefsins 30. marz 1886, en að öðru leyti hefur áfrýjandinn eigi fyrir undirrjettinum haft á móti skuldinni, annað en það, að hann væri eigi skyldur til að greiða að öllu hina tilfærðu vexti, sjerstaklega vextina fyrir árið 1887, 38 kr. 97 a., er þáverandi verzlunarstjóri hafi lofað honum, að eigi skyldu verða heimtaðir af honum.

Samkvæmt þessu, og þar sem víðtækari mótmæli og kröfur af áfrýjandans hálfu fyrir yfirrjettinum snertandi hina umstefndu skuld, heldur en að fram komu frá hans hendi fyrir undirrjettinum, eigi geta nú komið til álita gegn mótmælum stefnda, er því að eins að ræða um mótmæli áfrýjandans gegn vaxtakröfunni, sjer-

staklega vöxtunum fyrir 1887, og verða þau að takast til greina, þar sem fyrgreindri skýrslu hans vöxtunum viðvíkjandi eigi var nægilega mótmælt af hálfu stefnda fyrir undirrjettinum. Ber því að dæma áfrýjandann til að greiða hina umstefndu skuld 1020 kr. 86 a. að frádreginni greindri vaxtaupphæð, 38 kr. 97 a., eða alls 981 kr. 89 a. Málskostnaður fyrir undirrjetti og yfirrjetti virðist rjett að falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, Ole Lied, greiði stefnda, verzlunarstjóra Christen Havsteen fyrir hönd Gránufjelagsverzlunarinnar á Oddeyri, 981 kr. 89 a. Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 27. júlímánaðar.

Nr. 5/1891: Ábúandi þjóðjarðarinnar Stóru-Hámundarstaða
gegn
Halldóri Bjarnasyni eiganda og umráðamanni Háls í Svarfaðardal.

Dómur:

Mál þetta, sem er út af ágreiningi um landamerki milli bændajarðarinnar Háls í Svarfaðardal og þjóðjarðarinnar Stóru-Hámundarstaða, var dæmt í landamerkjadómi Eyjafjarðarsýslu 12. maí f. á., þannig að landamerki milli nefndra jarða skyldu vera »merkjagarður,

er gengur frá sjó upp í Lokugarnarhaus, þaðan beina línu í Riplatjörn, þaðan í Neðri-Sanddalshaus og svo í klettaendana austan við jökulslakkann við dalsbotninn«. Málskostnaður skyldi falla niður og hvor málspartanna, H. Bjarnason og umboðsmaður E. Ásmundsson, greiða 12 kr. sem fæðispeninga og ferðakostnað dómendanna.

Dómi þessum hefur að fenginni gjafsókn og skipuðum málflutningsmanni fyrir ábúanda Stóru-Hámundarstaða, verið skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 8. jan. þ. á., og hefur hinn skipaði málaflutningsmaður áfrýjandans krafizt þess *fyrst og fremst*, að málinu verði vísað frá landamerkjadóminum og kærandinn (stefndi hjer fyrir rjettinum) sektaður fyrir brot á sáttalöggjöfinni, en *til vara*, að dómurinn verði dæmdur ómerkur fyrir lögleysu að efni til. Svo hefur hann, hvernig sem fer, krafizt þess, að stefndi verði skyldaður til að greiða allan kostnað málsins, bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og að sjer verði dæmd hæfileg málsfærslulaun. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að landamerkjadómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan málskostnað, að minnsta kosti 100 krónur.

Frávísunarkröfu sína frá merkjadóminum eða ómerkingarkröfu hefur áfrýjandinn byggt á því, að sáttatilraun í málinu hafi eigi verið lögleg, þar sem umboðsmaður kæranda í hjeraði (stefnda) hafi eigi haft umboð nema annars af eigendum Háls til að mæta á sáttafundi í málinu, og því hafi eigi verið reynd sætt við hinn eiganda jarðarinnar. Svo hafi og sá eigandi jarðarinnar, sem mætt var fyrir, verið skyldur að mæta sjálfur á sáttafundinum, þar sem hann átti heima í sáttaumdæminu, en hafi sent annan í sinn stað.

Þetta síðarnefnda atriði gat nú ekki, þótt rjett væri, leitt til þess, að sáttatilraunin væri ógild, enda tjáði og stefndi forföll sín fyrir sáttanefndinni, og voru þau eigi vefengd neitt fyrir merkjadóminum. Og að því er snertir umboð umboðsmanns stefnda til sátta, þá var það gefið einnig fyrir hönd þess eiganda Háls, er eigi var í sáttaumdæminu, og var eigi vefengt hvorki fyrir sáttanefnd nje merkjadóminum. Frávísunarkrafa áfrýjanda verður því eigi tekin til greina.

Að því er kemur til aðalefnis málsins, þá eru málspartar sammála um það, að lönd jarðanna skilji frá sjó merkjagarður nokkur forn upp í Lokugarnarhaus, en þaðan frá er ágreiningur um merkin. Stefndi vill telja þau úr garðinum í Efri-Sanddalshaus og þaðan fram fjallsegg vestari til jökla, en áfrýjandinn telur þau liggja nokkuð vestar, og verður eptir merkjalínu hans svokallaður Hálsdalur hálfur í Stóru-Hámundarstaða landi, en eptir merkjalínu stefnda verður dalur þessi allur eign Háls.

Með skjallegum skilríkjum hafa málsviðeigendur eigi sannað, hver landamerkin sjeu, og um Hálsdal sjerstaklega er það eitt sannað, að hann hafi um nokkuð langt árabil verið notaður til upprekstrar fyrir geldfje og til beitar fyrir búsmala frá báðum jörðunum eptir þörfum þeirra. Svo löguð jarðarafnot geta, að áliti rjettarins, eigi heimilað eignartilkall sækjanda til nokkurs hluta prætulandsins, sjerstaklega þar sem í málinu eigi er komin fram nein skýrsla um það, að jarðirnar hafi hvor notað afmarkaðan hluta dalsins.

Eptir hinu framansagða er eigi ástæða til að ómerkja landamerkjadóminn, hvorki fyrir formlega meðferð málsins nje fyrir lögleysu að efni til, og verður því

að staðfesta hann. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rjett að falli niður, og eptir þessum úrslitum málsins verður hinum skipaða sækjanda fyrir yfirdóminum eigi dæmt kaup fyrir málsfærsluna.

Að því leyti málið hefur verið gjafsóknarmál, vottast, að flutningur þess hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 24. ágústmánaðar.

Nr. 25/1891: B. Muus & Co
gegn
landsbankanum í Reykjavík.

Dómur:

Í máli þessu áfrýjar stórkaupmaður B. Muus & Co í Kaupmannahöfn skiptarjettarúrskurði Reykjavíkur, kveðnum upp 23. maímán. þ. á., út af ágreiningi um það, hvort nefndum stórkaupmanni eða landsbankanum í Reykjavík beri fyrsti veðrjettur í bókunarhúsi nokkru tilheyrandi dánarbúi J. O. V. Jónssonar kaupmanns í Reykjavík, en í skiptarjettarúrskurðinum er ákveðið, að krafa B. Muus & Co um veðrjett í bókunarhúsinu, verði eigi tekin til greina.

Með veðskuldabrjefi, dags. 10. apríl 1886, veðsetti J. O. V. Jónsson dánarbúi konsúls M. Smiths fyrir 67,000 króna skuld verzlunarlóðina nr. 4. í Strandgötu (Hafnarstræti) með öllum húsum, er á lóðinni stóðu, eins og þau þá voru eða seinna yrðu aukin og endur-

bætt, og skyldi með veðinu teljast syðri hlutinn af lóð þeirri, er áður tilheyrði hótel Alexandra (nr. 5. í Hafnarstræti). Ennfremur veðsetti J. O. V. Jónsson í sama brjefi allan vöruforða er í hvert sinn væri á áðurnefndri eign hans. Tjeð veðskuldabrjef varð síðan eign áfrýjandans B. Muus & Co með framsali skiptarjettarins í dánarbúi M. Smiths, dags. 11. marz 1887.

Sumarið 1889 byggði svo J. O. V. Jónsson heitinn á hinum veðsetta lóðarparti fyrir sunnan hótel Alexandra bökunarhús (nr. 17. í Austurstræti), og með veðbrjefi 23. sept. 1889 veðsetti hann landsbankanum bökunarhúsið með 1. veðrjetti fyrir 2000 króna láni.

Nú heldur áfrýjandinn því fram, að honum beri 1. veðrjettur í nefndu bökunarhúsi samkvæmt veðbrjefinu frá 10. apríl 1886, fyrst og fremst af því, að það er byggt á hinum veðsetta lóðarparti fyrir sunnan hótel Alexandra, og að um þennan lóðarpart gildi að hans skoðun hin sömu skilyrði, sem tekin eru fram um lóðina nr. 4., nefnilega að þar með fylgi öll hús á lóðinni, ekki einungis eins og þau þá voru, heldur og eins og þau kynni að verða aukin og endurbætt, og í öðru lagi af því, að allur vöruforði á hinni veðsettu eign er veðsettur í veðbrjefinu frá 10. apríl 1886, en bökunarhúsið hafi verið byggt úr efni, er hafi tilheyrt verzluninni, og þó efninu hafi verið hrófað upp í hús, hljóti veðrjettur hans að ná til þess eptir sem áður.

Samkvæmt þessu gjörir áfrýjandinn þá rjettarkröfu, að hinn áfrýjaði skiptaúrskurður verði úr gildi felldur, og að honum verði dæmdur 1. veðrjettur í optnefndu bökunarhúsi, og að framkvæmdarstjóri landsbankans verði dæmdur til að skila búinu aptur 2000 kr., er honum hafi verið afhentar til greiðslu skuldakröfu bank-

ans gegn skaðlausri kvittun, og til þess að greiða allan af málskotinu leiðandi kostnað eptir rjettarins mati.

Hins vegar hefur stjórn landsbankans mótmælt allri þessari röksemdaleiðslu og kröfu áfrýjandans og frá sinni hlið krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandinn skyldaður til að greiða landsbankanum málskostnað með 50 kr. eða eptir mati dómsins.

Í veðbrjefinu frá 10. apríl 1886 er sagt um lóðarpartinn fyrir sunnan hótel Alexandra, að hann verði að teljast með veðinu, en það er hvergi tekið fram, að skilyrði þau, sem sett eru um verzlunarlóðina nr. 4. í Strandgötu (Hafnarstræti) viðvíkjandi húsum, skuli einnig gilda um lóðarpartinn fyrir sunnan hótel Alexandra, og það verður eigi fallizt á, að þessi skilyrði gildi að sjálfsögðu eða orðalaust um tjeðan lóðarpart. Það verður heldur eigi fallizt á, að veðrjetturinn í vöruforða verzlunar J. O. V. Jónssonar nái til bökunarhússins, þótt nokkuð af vöruforðanum kunni að hafa verið haft í húsið.

Fyrir því ber að staðfesta hinn áfrýjaða skiptarjettarúrskurð og samkvæmt þessum úrslitum málsins ber áfrýjanda að greiða stefnda í málskostnað 40 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði skiptarjettarúrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjandi B. Muus & Co greiði framkvæmdarstjóra landsbankans í Reykjavík 40 kr. í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 14. septembermánaðar.

Nr. 14/1891: Guðmundur Einarsson, Þórður Jónsson og Jón Jóhannesson
gegn
Guðbrandi Finnbogasen fyrir hönd W. Fischers verzlunar í Reykjavík.

Dómur:

Árið 1886 og næstu ár þar á eptir áttu áfrýjendurnir, ásamt fjórða manni, sem viðbættist árið 1888, í fjelagskap 2 þilskip, »Agnes« og »Enigheden« eða »Eiingin«, og hjeldu þeir þeim í fjelagi úti á fiskiveiðum hjer við land. Skipin höfðu sjerstakan reikning (conto) við W. Fischers verzlun í Reykjavík, sem stefndi er verzlunarstjóri fyrir, og var þar rituð í úttekt öll í þarfir skipanna við verzlunina og það sem lagt var inn í verzlunina af afla þeirra. Árið 1890 var skuld skipanna við verzlunina 676 kr. 42 a., að meðtöldum eptirstöðvum af skuld til W. Fischers kaupmanns út af kaupunum á skipinu »Agnes«, 277 kr. 15 a. Þessa skuld vildu áfrýjendurnir eigi kannast við og höfðaði því stefndi mál þetta gegn þeim fyrir gestarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu, þar sem það var dæmt 25. aprílmán. þ. á. þannig, að áfrýjendurnir voru skyldaðir til að greiða in solidum til W. Fischers verzlunar í Reykjavík 676 kr. 42 a. með 5% vöxtum frá 6. okt. f. á. til borgunardags, svo og til að greiða verzluninni, sömuleiðis in solidum, 100 kr. í málskostnað.

Áfrýjendurnir hafa krafizt þess hjer fyrir rjettinum, fyrst og fremst, að þeir verði algjörlega sýknaðir af kærum og kröfum stefnda, en til vara, að skuldaruppháeðin verði færð niður um 452 kr. 39 a., þannig að á-

frýjendurnir verði ekki dæmdir til að borga meira af hinni umstefndu skuld en 224 kr. 3 a. pro rata eða með 1/4 hver þeirra. Svo hafa þeir og krafizt málskostnaðar fyrir báðum rjettum með 200 kr. eða einhverju að rjettarins mati nægilegu. Stefndi hefur krafizt þess aptur á móti, að hinn áfrýjaði dómur verði að öllu leyti staðfestur og áfrýjendurnir dæmdir til að greiða allan af málskotinu leiðandi kostnað in solidum með 50 kr.

Áfrýjendurnir hafa haldið því fram, að þessir liðir hafi verið ranglega færðir til útgjalda í reikningi skipanna:

1.	»Stempel til Skjöde« (við kaupin á »Agnes« í hendur W. Fischers)	kr.	4.58
2.	»Brandassurance i 2 Maaneder» . .	—	4.50
3.	»Capt. Lundvalds Regning« . . .	—	96.50
4.	»Min Commission af Skibets Kjöbesum kr. 5500 á 2% «	—	110.00
5.	»Afmönstring til Styrmanden« . . .	—	13.80
6.	Vextir af kaupverði Agnesar fyrir 1886, 1887 og 1888	—	223.01
	Ennfremur vanti að telja með tekjum uppbót á fiski árið 1888, er þeim hafi verið lofuð	—	387.50
		= kr.	839.89

Álíta áfrýjendurnir því, að þeir að rjettu lagi eigi inni í verzlan W. Fischers 163 kr. 47 a. en skuldi þar ekkert.

Hvað 1. og 4. lið snertir, hefur því verið neitað af áfrýjendunum, að W. Fischer hafi keypt skipið »Agnes« *handa þeim* eða *fyrir þá*, og því sje þeim óviðkomandi kostnaður af kaupi skipsins í hans hendur, eins og hann eigi heldur hafi getað reiknað sjer »commissionslaun« af skipsverðinu. Hann hafi keypt skipið handa

sjálfum sjer og síðan selt þeim (áfrýjendunum) það, án þess þeir hafi beðið hann um að útvega þeim skip hjá öðrum. Gagnvart þessu er það upplýst í málinu, *að* W. Fischer hafði lofað áfrýjendunum, sumarið áður en þeir keyptu hið umrædda skip »Agnes«, að vera þeim hjálplegur með kaup á þilskipi og að leggja út peninga þá, er til þess þyrfti, *að* stefndi Guðmundur Einarsson, þegar hann veturinn eptir kom til Kaupmannahafnar til að kaupa skip handa þeim fjelögum, hafði hug á að kaupa »Agnes«, áður en W. Fischer eignaðist hana, og ljet rannsaka hana *fyrir sig* í því skyni, *að* W. Fischer keypti skipið rjett á eptir, *að* W. Fischer seldi áfrýjendunum skipið fyrir sama verð og hann keypti það, og *að* áfrýjendurnir voru orðnir eigendur að skipinu eða búnir að fá eignarumráð yfir því, þótt eigi hefðu þeir formlegt afsal fyrir því, mjög skömmu eptir að Fischer eignaðist skipið, enda þökkuðu þeir honum þá brjeflega fyrir »hjálp hans og aðstoð við skipkaupin«. Af þessum atriðum má ráða og álíta fullsannað, að W Fischer útvegaði áfrýjendunum eða keypti *handa þeim* skipið »Agnes« og lagði út fje til kaupanna, og verður þá eigi vefengd heimild hans til að reikna sjer commissiónslaun þau, er hann hefur talið sjer, samkvæmt verzlunarvenju í Kaupmannahöfn, eins og hann einnig að sjálfsögðu átti heimting á að fá kostnað þann endurgoldinn, er kaupin handa áfrýjendunum höfðu í för með sjer, en þar með verður að telja kostnaðinn við afsal í hendur honum sem útvegunarmanni. 2. liðurinn, sem að er fundið, var brunabótatrygging á skipinu, meðan verið var að gera við það og útreiða það fyrir áfrýjendurna, 3. liðurinn þóknun fyrir umsjón við aðgjörðina, og 5. liðurinn lögskráning stýrimanns þess

úr skiprúmi, er var á »Agnes«, til Íslands, eptir að hún var orðin eign áfrýjendanna; það getur því ekki orðið umtalsmál, að áfrýjendurnir geti losazt við þessi gjöld. Vexti af fje því, er W. Fischer lánaði áfrýjendunum til að kaupa »Agnes« fyrir, hafði hann og rjett til að telja sjer eptir verzlunarvenju í Kaupmannahöfn, enda hafði hann og gefið áfrýjendunum það nægilega í skyn áður, að hann mundi telja sjer þá. Að því er uppbótina á fiski snertir, þá hafa eigi áfrýjendurnir, gegn neitun stefnda, sannað, að hann hafi lofað henni frekar en hún er talin í reikningunum.

Með því að mótmæli áfrýjendanna gegn hinum framkomnu reikningum eigi verða, samkvæmt þessu, álitin á rökum byggð, og með því að einnig verður að fallast á það álit undirdómarans, að sameigendurnir að þilskipunum «Agnes« og »Enigheden« eða »Einingin« hafi borið ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn á skuldum fjelagsskipanna við verzlun W. Fischers, þegar af þeirri ástæðu, að Fischer gat ekki vitað neitt um eignarhlutföllin þeirra í milli innbyrðis, þá ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm bæði að því er hina umstefndu skuld snertir og málskostnaðinn.

Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjendunum að greiða hinum stefnda in solidum 30 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði gestarjettardómur á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjendurnir Guðmundur Einarsson, Þórður Jónsson og Jón Jóhannesson, einn fyrir alla og allir fyrir einn,

stefnda, Guðbrandi Finnbogasen, fyrir hönd W. Fischers verzlunar í Reykjavík, 30 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 21. septembermánaðar.

Nr. 17/1891. Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
H. Th. A. Thomsen og merkjadómendum sýslumanni Franz Siemsen, og bændunum Gísla Gíslasyni, Halldóri Jónssyni, Þórði Runólfssyni og Þórði Guðmundssyni.

Dómur:

Með því að bæjarstjórn Reykjavíkur og kaupmaður H. Th. A. Thomsen eigi gátu orðið ásátt um landamerki milli jarðarinnar Klepps, sem er eign Reykjavíkur, og Bústaða, eignarjarðar Thomsens, lagði bæjarstjórnin ágreiningsmálið undir úrskurð landamerkjadóms Kjósar- og Gullbringusýslu, og upp kvað hann dóm í málinu hinn 28. júní 1890. Þessum landamerkjadómi var skotið til yfirdómsins og fjell þar dómur í málinu hinn 8. desembermán. 1890 á þá leið, að landamerkjadómurinn var úr gildi felldur og málinu heimvísað, sjerstaklega fyrir þá skuld, að merkjadómurinn hefði eingöngu byggt úrslit málsins á skilríkjum, sem ekkert sönnunargildi hefðu í því, og væru málinu óviðkomandi. Hinn 31. des. f. á. voru formanni merkjadómsins, sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu, afhent skjöl málsinsásamt nýnefndum yfirrjettardómi, og var þess jafnframt af hálfu bæjarstjórnarinnar krafizt, að merkja-

dómurinn nú af nýju kvæði upp dóm um þessa merkja-þrætu. Merkjadómurinn tók þó málið eigi fyrir, fyr en 19. maímán. þ. á., og var þá uppkveðinn dómur í sökinni af nýju á þá leið, að málinu var vísað frá merkjadóminum og að hvor málsaðila var dæmdur til að greiða 14 kr. í málskostnað. Í dóminum er frávísan málsins rökstudd með þeirri athugasemd, að eptir almennum rjettarfarsreglum hafi sami dómur eigi heimild til nje sje bær um að fella tvisvar dóm í sama málinu um aðalefni þess. Þessum dómi hefur bæjarstjórn Reykjavíkur áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 30. maí þ. á., og gjört þær rjettarkröfur, að dómurinn verði úr gildi felldur, og málinu af nýju heimvísað á kostnað dómenda til löglegrar dómsáleggingar í aðalefninu, að merkjadómendurnir verði að viðlögðum daglegum þvingunarsektum skyldaðir til að taka málið til meðferðar aptur innan hæfilegs frests, t. d. 8 daga, að þeir verði dæmdir í sektir fyrir rjettarneitun og mótþróa, svo og hver um sig í 200 kr. sekt fyrir óhæfilegan drátt á dómsuppsögn, og loks, að dómendurnir verði annaðhvort in solidum, eða in solidum með málsaðila, kaupmanni H. Th. A. Thomsen, dæmdir til að greiða allan af áfrýjan málsins leiðandi kostnað með 100 kr., eða eptir mati rjettarins.

Kaupmaður H. Th. A. Thomsen hefur sem stefndur í málinu krafizt þess, að hann verði sýkn dæmdur í því, að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað, og að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Hinir stefndu dómendur hafa og krafizt þess, að verða sýknaðir í málinu, og sjerstaklega hefur formaður merkjadómsins, sýslumaður Franz Siemsen, krafizt þess, að umboðsmaður áfrýjandans verði sektaður

fyrir meiðandi ummæli um merkjadóminn í sóknarskjölum hans, er mál þetta var í vetur fyrir yfirdóminum, sjerstaklega fyrir orðið »bull« í sóknarskjali 6. okt. 1890, og að þessi meiðandi ummæli verði dæmd dauð og ómerk.

Með því að það er heimilað í 12. gr. landamerkjalaga 17. marz 1882 að heimvísa landamerkjamáli sökum lögleysu að efni til, og með því að heimvísunardómur landsyfirrjettarins hinn 8. des. f. á. tekur skýlaust og greinilega fram lögleysisatriðin í merkjadóminum 28. júní 1890 og á þann hátt gaf merkjadómendunum nægilega leiðbeiningu við dómsuppsögn í málinu af nýju, þá verður nú enn eptir kröfu áfrýjandans að dæma hinn áfrýjaða merkjadóm ómerkan, og að skylda merkjadómendur til að dæma málið í aðalefninu, en eigi þykir ástæða til þess að setja dómendunum ákveðinn frest til þessa nje leggja þvingunarsektir við eptir kröfu áfrýjanda.

Umboðsmaður áfrýjanda hefur undir rekstri málsins fallið frá kröfunni um sektir á hendur dómendunum fyrir drátt á dómsuppsögn, mótþróa o. s. frv., og á hinn bóginn er eptir málavöxtum ekki tilefni til þess ex officio að leggja þessar sektir á dómendurna.

Það þykir rjett, að áfrýjandi fái hæfilegt málskostnaðarendurgjald, er ákveðst 30 kr., og greiðist af merkjadómendunum in solidum. Málskostnaðarkröfu hins stefnda kaupmanns Thomsens, virðist eigi ástæða til að taka til greina.

Í þessu máli verður umboðsmaður áfrýjandans eigi dæmdur til sekta, samkvæmt kröfu hins stefnda undirdómara, fyrir ummæli, sem hann hefur viðhaft í sóknar-

skjölum í öðru máli, sem áður hefur komið hjer fyrir rjettinn, þótt málin sjeu bæði af sömu rót runnin.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði merkjadómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim aptur til dómsáleggingar í aðalefninu. Undirdómarinn Franz sýslumaður Siemsen og meðdómsmenn, bændurnir Gísli Gíslason, Halldór Jónsson, Þórður Runólfsson og Þórður Guðmundsson, greiði áfrýjanda, bæjarstjórn Reykjavíkur, 30 kr. upp í málskostnað innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að för að lögum.

Nr. 18/1891: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
H. Th. A. Thomsen og merkjadómendum, sýslumanni Franz Siemsen og bændunum Gísla Gíslasyni, Halldóri Jónssyni, Þórði Runólfssyni og Þórði Guðmundssyni.

Dómur:

Sakir ágreinings um landamerki milli Laugarness og Bústaða í Seltjarnarnesshreppi höfðaði bæjarstjórnin í Reykjavík, sem umráðandi hinnar fyrnefndu jarðar, merkjamál gegn eiganda Bústaða, hinum stefnda, kaupmanni H. Th. A. Thomsen, og var dómur uppkveðinn í málinu í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 28. júní f. á. Þessum landamerkjadómi var áfrýjað, og

var hann þá með dómi yfirrjettarins 8. des. 1890 felldur úr gildi, og málinu heimvísað, fyrir þá skuld, að landamerkjadómurinn hafði eigi tekið nægilegt tillit til nokkurra vitnisburða, er fram komu í málinu, og sem álitust af yfirdóminum gefa fulla sönnun fyrir því, hvar »Klofningssteinar«, sem er eitt aðalmerki í þessu landamerkjamáli, væru, og fyrir aðalstefnu merkjanna upp og norður frá þeim. Hinn 31. des. f. á. voru formanni merkjadómsins, sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu afhent skjöl málsins ásamt áðurnefndum yfirrjettardómi, og var þess jafnframt af hálfu bæjarstjórnarinnar krafizt, að merkjadómurinn nú aptur kvæði upp dóm um þessa merkjaþrætu. Merkjadómurinn tók þó málið eigi fyrir fyr en 11. maímán. þ. á., og var þá uppkveðinn dómur í sökinni af nýju á þá leið, að málinu var vísað frá merkjadóminum, og að hvor málsaðila var dæmdur til að greiða 14 kr. í málskostnað. Í dóminum er tilgreint sem ástæða fyrir úrslitum málsins, »að merkjadómurinn verði að vera þeirrar skoðunar, að hinn sami dómur, eptir almennum rjettarfarsreglum, hvorki hafi heimild til nje sje bær um að fella tvisvar dóm í sama málinu um aðalefni þess. Þessum merkjadómi hefur bæjarstjórn Reykjavíkur skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 30. maí þ. á., og gjört þær rjettarkröfur, *að* dómurinn verði úr gildi felldur og málinu heimvísað til löglegrar dómsáleggingar í aðalefninu á kostnað dómenda, *að* dómendurnir í merkjadóminum verði að viðlögðum daglegum þvingunarsektum skyldaðir til að taka málið aptur til meðferðar innan hæfilegs frest, t. d. 8 daga, *að* þeir verði dæmdir í sektir fyrir rjettarneitun og mótþróa, og hver um sig látnir sæta 200 kr. sekt fyrir óhæfilegan drátt á dóms-

uppsögn, og loks, *að* dómendurnir verði annaðhvort in solidum, eða in solidum ásamt málsaðila H. Th. A. Thomsen, dæmdir til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins með 100 kr., eða eptir rjettarins mati.

Kaupmaður H. Th. A. Thomsen, sem er stefndur í máli þessu, hefur krafizt þess, *að* hann verði dæmdur sýkn saka, *að* mótparturinn verði dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins, og *að* hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Hinir stefndu dómendur hafa einnig krafizt þess, að þeir verði algjörlega sýknaðir í málinu, og að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Samkvæmt landamerkjalögunum 17. marzmán. 1882 er það lögmætt, að yfirrjettur ónýti dómsúrskurð landamerkjadóms, og heimvísi honum, sökum lögleysu að efni til. Um leið og yfirdómurinn samkvæmt þessum lögum ómerkti og heimvísaði merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu, þeim sem hjer um ræðir, var ítarlega tekið fram, hver lögleysan í dómnum var, og með því gefin nægileg leiðbeining um, hvernig merkjadómurinn ætti að fara með þetta málsatvik við dómsuppsögn af nýju. Þar sem nú merkjadómurinn allt að einu eigi hefur farið eptir þessari leiðbeiningu, en vísað málinu frá sjer, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og skylda merkjadómendurna til að dæma málið í aðalefninu, en þó þykir eigi ástæða til þess að ákveða dómendunum frest til þessa nje leggja þvingunarsektir við eptir kröfu áfrýjanda.

Umboðsmaður áfrýjanda hefur undir rekstri málsins fallið frá kröfu sinni um sekt á hendur dómendum í undirrjettinum fyrir drátt á dómsuppsögn, mótpróa

o. s. frv., og á hinn bóginn er eigi ástæða til þess, að leggja þessa sekt á tjeða dómendur ex officio.

Það þykir rjett, að áfrýjandi fái hæfilegt málskostnaðarendurgjald, er ákveðst 30 kr., og greiðist af landamerkjadómendunum in solidum. Málskostnaðarkröfu hins stefnda, kaupmanns Thomsens, virðist eigi ástæða til að taka til greina.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði merkjadómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim aptur til dómsáleggingar í aðalefninu. Undirdómarinn, Franz sýslumaður Siemsen, og meðdómsmenn, bændurnir Gísli Gíslason, Halldór Jónsson, Þórður Runólfsson og Þórður Guðmundsson, greiði áfrýjanda, bæjarstjórn Reykjavíkur, 30 krónur upp í málskostnað innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. septembermánaðar.

Nr. 13/1891: Gísli Gíslason
gegn
sóknarnefndinni í Mosfellssveit.
(Lágafellssókn).

Dómur:

Fyrir fám árum síðan var byggð ný kirkja á Lágafelli, sem hlutaðeigandi söfnuður tók að sjer umráðin yfir, og var síðan afráðið að gjöra þar einnig grafreit. Sóknarnefndin fjekk því útvísun hjá eiganda Lágafells fyrir kirkjugarðsstæði, en útvísunin var bundin því

skilyrði, að kirkjugarðurinn yrði eigi gjörður úr torfi, og ljet síðan sóknarnefndin setja trjágirðingu (langbönd) um reitinn og jafnaði kostnaðinum niður á búendur í sókninni. Áfrýjandinn, Gísli bóndi Gíslason í Leirvogstungu, skoraðist undan að greiða gjald það, er á hann var jafnað samkvæmt þessu, 4 kr. og 50 a., og skipaði þá hlutaðeigandi sýslumaður lögtak á því eptir beiðni sóknarnefndarinnar og á ábyrgð hennar, með tilvitnun til laga nr. 29, 16. des. 1885, 1. gr., 5. lið. Hreppstjórinn, sem lögtakið átti að framkvæma, hvarf þó frá því sakir mótmæla áfrýjandans, en þá úrskurðaði fógetinn með úrskurði þeim, er nú er áfrýjað, 23. apríl þ. á., að mótmæli áfrýjanda skyldu eigi til greina tekin og lögtaksgjörðinni hjá honum framhaldið, og tók síðan hreppstjórinn 27. s. m. lögtaki hjá áfrýjandanum upp í gjaldið og kostnað af lögtakinu hárreipi á 10 hesta, sem virt voru á 12 kr. 50 a.

Áfrýjandinn hefur krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að fyrnefndur úrskurður verði með öllu ómerkur dæmdur og úr gildi felldur og sömuleiðis lögtaksgjörð sú, er fram fór samkvæmt honum, og að hin stefnda sóknarnefnd verði dæmd til að greiða sjer allan málskostnað með 60 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati dómsins. Af hálfu hinnar stefndu sóknarnefndar, sem hefur fengið gjafvörn hjer fyrir rjettinum og skipaðan talsmann, hefur þess aptur á móti verið krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað að skaðlausu, eins og það væri ekki gjafvarnarmál, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns stefnda fyrir yfirdóminum.

Áfrýjandinn hefur byggt mótmæli sín gegn lögmæti

lögtaksins á því, *að* sóknarbændur sjeu að lögum eigi skyldir til að greiða peningagjald til kirkjugarðsbyggingar, *að* þó að álitið yrði, að sóknarbændur ættu að kosta girðingu um kirkjugarð, úr hverju efni sem hún gjörð væri, þá gæti ekki sóknarnefndin að fornspurðum sóknarbændum ályktað, að girðingin skyldi vera úr trjávið, *að* sóknarnefndin hafi enga heimild haft til að jafna slíku gjaldi á sóknarmenn án leyfis þeirra, að því er reglur fyrir niðurjöfnuninni snertir, og *að* niðurjöfnun sú, sem hjer átti sjer stað hefði átt að minnsta kosti að vera framlögð til sýnis sóknarmönnum á hæfilegum stað og tíma.

Í reglugjörð 17. júlí 1782, 15. gr., sem hin stefnda sóknarnefnd hefur skýrskotað til, er ákveðið, að sóknarbændur skuli skyldir að gjöra kirkjugarða og kirkjuveggi, en eins og sjálf greinin bendir til, sbr. einnig viðaukalög nr. 11, 12. maí 1882, er þar að eins átt við *vinnu*, er bændur sjeu skyldir til að inna af hendi, er byggður sje kirkjugarður eða kirkja. Það var því eigi heimild til þess, samkvæmt nefndri lagagrein — og um aðra lagaheimild getur eigi verið að ræða —, að jafna sjerstöku peningagjaldi á sóknarmenn til umræddrar kirkjugarðsgjörðar, og þar sem hjer ennfremur eigi lá fyrir nein vanræksla á framkvæmd niðurjafnaðrar lögskipaðrar *vinnu* af hendi áfrýjanda, eins og tilvitnunin í lögtaksskipuninni til laga 16. des. 1885, 1. gr. 5. lið, virðist gefa í skyn, þá var gjald það ólögmætt, er tekið var lögtaki hjá áfrýjandanum. Það ber því að fella hinn áfrýjaða fógetaúrskurð úr gildi ásamt lögtaksgjörð þeirri, er hreppstjóri framkvæmdi samkvæmt honum 27. apríl þ. á.

Eptir þessum úrslitum málsins ber hinni stefndu sóknarnefnd samkvæmt kröfu áfrýjanda, sbr. 13. gr. laga 16. des. 1885, að greiða áfrýjandanum málskostnað með 30 krónum. Hinum skipaða talsmanni hinnar stefndu sóknarnefndar verða eigi dæmd nein málsfærslulaun.

Málsfærslan af hendi hins skipaða talsmanns hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður ásamt eptirfarandi lögtaksgjörð skal úr gildi felldur. Hin stefnda sóknarnefnd í Lágafellssókn greiði áfrýjanda, Gísla bónda Gíslasyni í Leirvogstungu sem málskostnað 30 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 15/1891: Ingvar Ingvarsson
gegn
eiganda Keflavíkurlóðar,
frú Chr. Duus.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af eiganda lóðarinnar Keflavíkur gegn Ingvari Ingvarssyni, til þess að fá hann dæmdan til að láta af hendi lóðarspildu ásamt húsi og öðrum mannvirkjum á henni, og var það dæmt í aukarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu 14. des. f. á. með þeim úrslitum, að Ingvar Ingvarsson var skyldaður til að flytja hús það, er hann á á Keflavíkur lóð, af lóð-

inni fyrir 20. maí þ. á., og skyldi eiganda Keflavíkur lóðar, ef hann ekki gjörði það, heimilt að gjöra það á hans kostnað. Málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefur Ingvar Ingvarsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 19. maímán. þ. á., og krafizt, að hann verði algjörlega sýkn dæmdur af kærum og kröfum eiganda Keflavíkur lóðar í þessu máli, og að hinn stefndi lóðareigandi verði, af hverri ástæðu sem áfrýjandi verður sýknaður, dæmdur til að greiða áfrýjanda ríflegan málskostnað fyrir báðum rjettum með að minnsta kosti 200 kr.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt fyrst og fremst, *að* áfrýjandinn verði dæmdur til að skila stefnda aptur og afhenda honum til fullra umráða og afnota hina umstefndu lóð, með öllum þeim mannvirkjum, sem á henni eru, þar með talið hús það, er á lóðinni stendur, en til vara, *að* undirrjettardómurinn verði staðfestur að öðru leyti en því, að málskostnaður fyrir undirrjettinum verði lagður á áfrýjandann; þar að auki hefur hann, hvernig sem fer, krafizt, að málskostnaður fyrir yfirdómi verði lagður á áfrýjandann með að minnsta kosti 50 kr., og að áfrýjandinn verði þar að auki, verði aðalkrafa stefnda tekin til greina, dæmdur í 150 kr. málskostnað fyrir undirrjetti.

Að því fyrst snertir aðalkröfu stefnda, skal það tekið fram, að hún, með því að hann ekki hefur gagnáfrýjað málinu, ekki verður tekin til greina, heldur verður að vísa henni frá yfirdómi, og svo er og um 150 kr. málskostnaðarkröfu hans.

Málið er þannig vaxið, að stefndi heimilaði Ólafi nokkrum Þorleifssyni með samningi 20. marz 1885 lóð undir hús, er hann hafði byggt á Keflavíkur lóð 1884,

lóðarspildu í kringum húsið og uppsátur fyrir 1 ferju, móti því, að hann greiddi 15 kr. eptir árlega fyrir ágústmánaðarlok ár hvert. Að Ólafi látnum var húsið selt á opinberu uppboði 15. júní 1888, og varð áfrýjandi hæstbjóðandi að því. Í 6. gr. uppboðsskilmálanna segir, að »lóðareigandi leyfi, að nota megi húsið til ábúðar (sic) eins og það hingað til hefur verið notað, en leyfi eigi að svo stöddu, að verzla megi í því«, og er ekkert annað áskilið í uppboðsskilmálunum, að því snertir lóðina undir og kringum húsið, en í samningnum milli stefnda og Ólafs Þorleifssonar var ákveðið, að ef lóðarleigan eigi væri greidd á rjettum gjalddaga, þá væri öll afnot af hinni leigðu lóð óheimil leiguliðanum, lóðin yrði tekin aptur til umráða og afnota eigandans, sem og þau mannvirki, er þá væru á lóðinni.

Stefndi hefur nú viljað halda því fram, að orðin í 6. gr. uppboðsskilmálanna: »eins og það hingað til hefur verið notað,« sjeu rjett skilin þannig, að kaupandi (áfrýjandi) skuli bundinn þeim skilyrðum, sem sett eru í samningnum 20. marz 1885, en hefur þó í kæru sinni til sáttanefndar tekið það skýrt fram, að hann ekki hafi leyft, að annar maður gengi inn í þann samning um lóðarleiguna, sem á sínum tíma var gjörður við Ólaf, og í sóknarskjali sínu fyrir undirrjetti segir hann, að samningurinn 20. marz 1885 að eins gildi fyrir Ólaf Þorleifsson, en eigi aðra. Áfrýjandi hefur að sínu leyti staðhæft, að honum alls ekki hafi verið neitt kunnugt um þennan samning — samningurinn sjest ekki að vera þinglesinn — og ekki komið til hugar, að leggja skyldi þá þýðingu í 6. gr. uppboðsskilmálanna, að hann undirgengist einhverja eða nokkra aðra skilmála en þá, sem húsið var selt eptir, og að hann hafi það eitt vit-

að, að lóðarleigan var 15. kr. á ári. Úrslit málsins hljóta því að vera komin undir þýðingu á 6. gr. í uppboðsskilmálunum. 6. gr. 1. málsliður, hljóðar þannig: »Lóðareigandinn leyfir, að húsið megi nota til ábúðar, eins og það hingað til hefir verið notað, en leyfir eigi að svo stöddu, að megi verzla í því«. Orðin: »eins og það hingað til hefur verið notað« virðast ekki verða skilin öðruvísi en svo, að þau eigi að tákna hina »faktisku« notkun á húsinu, eða, rjettara, lóðinni, en alls ekki sjeu tilvitnun til skilmálanna í samningnum 20. marz 1885, sem áfrýjandi því ekki hafði neitt tilefni til að kynna sjer. Samkvæmt uppboðsskilmálunum bar áfrýjanda þannig að gæta þess, að lóðin yrði ekki notuð öðruvísi en áður og að ekki yrði verzlað í húsinu eða á lóðinni, og loks að greiða leiguna.

Þessa skilmála segir nú stefndi, að áfrýjandi hafi rofið, leyft að verzla um tíma í húsinu og ekki greitt lóðarleiguna. Áfrýjandi hefur játað, að hann hafi leyft verzlun í húsinu, en um greiðslu lóðargjaldsins greinir þá á. Áfrýjandi kveðst hafa greitt það, en stefndi synjar fyrir.

Með því að það eigi er ákveðið í uppboðsskilmálunum, að rof á þeim af hálfu áfrýjanda skuli leiða til þess, að hann sje skyldur til að flytja hið selda hús og önnur mannvirki af lóðinni, og með því að þetta án sjerstaklegs samnings eigi getur að lögum verið afleiðing skilmálarofs, og með því að áfrýjandinn eptir hinu framansagða eigi hefur undirgengizt annan samning um húsið og lóðina en þann, sem felst í uppboðsskilmálunum, þá verður að sýkna hann af kærum og kröfum stefnda í þessu máli. Yfirdómurinn tellst á málskostnaðarákvæði undirdómsins, en málskostnað fyrir yfirdómi

virðist hinn stefndi eptir úrslitum málsins eiga að greiða áfrýjanda, og þykir hann hæfilega metinn 30 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Aðalkröfu stefnda í þessu máli vísast frá yfirdómi. Áfrýjandi Ingvar Ingvarsson á í þessu máli að vera sýkn af kærum og kröfum eiganda Keflavíkur lóðar, frú Chr. Duus. Að því málskostnað í hjeraði snertir, skal hjeraðsdóminum óraskað. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda með 30 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 5. októbermánaðar.

Nr. 20/1891: Jón Erlendsson gegn E. Th. Jónassen.

Dómur:

Í 1. tölublaði af blaðinu »Reykvíkingur«, sem út kom 5. jan. þ. á., er meðal annars grein með yfirskriptinni: »Ísafold og bæjarstjórnarkosningin,« en höfundur greinarinnar hefur eigi verið nafngreindur. Í grein þessari er meðal annars farið þeim orðum um stefnda, amtmann E. Th. Jónassen, *að* hann hafi, síðan hann kom hjer til bæjarins, verið hinn ráðlausasti búhöldur, sem nokkurn tíma hafi verið trúað fyrir bæjarins fje, svo að mönnum hafi staðið mesti stuggur af hans ráðsmennsku, *að* hann hafi vanrækt að innheimta skuldir fyrir bæinn, og *að* loksins hafi eptir mörg ár með úr-

skurði orðið að þvinga hann til að skila af sjer fje bæjarins, sem þá var enn í vörzlum hans, og sem hann sannarlega aldrei ætlaði að standa skil á fyr en í fulla hnefana, sjer til ævarandi óvirðingar. Þessi ummæli taldi amtmaður E Th. Jónassen meiðandi fyrir sig, og höfðaði því mál á móti manni þeim, sem stóð sem ábyrgðarmaður á blaðinu, hringjara Jóni Erlendssyni, og var máli því ráðið til lykta með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 21. maímán. þ. á., á þá leið, að Jón Erlendsson var dæmdur til að greiða 50 kr. sekt í landssjóð, eða til vara sæta 15 daga einföldu fangelsi; öll hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og ómerk og áfrýjandinn ennfremur skyldaður til að inna af hendi 15 kr. í málskostnað; jafnframt var umboðsmaður hans, Sigurður Sigurðsson, með dóminum sektaður fyrir ósæmilegan rithátt um 30 kr., er að helmingi renni í fátækrasjóð Reykjavíkur og að helmingi í landssjóð.

Þessum dómi hefur Jón Erlendsson áfrýjað til yfirrjettarins með stefnu, útgefinni 2. júní þ. á., og gjört þær kröfur hjer fyrir rjettinum, *principialiter*, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og málinu vísað frá dómi, og *in subsidium*, að hann verði sýknaður að öllu leyti, og að málaflutningsmaður hans í hjeraði verði jafnframt sýknaður fyrir hinni ídæmdu 30 kr. sekt, en hvernig sem úrslit málsins verða, krefst hann málskostnaðar fyrir báðum rjettum, að upphæð 70 kr., eða eptir mati yfirdómsins. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi E. Th. Jónassen amtmaður krafizt þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður eptir mati rjettarins.

Áfrýjandi byggir ómerkingarkröfu sína á þessum ástæðum, *að* honum hafi verið neitað um framhaldsfrest í undirrjettinum hinn 12. marz þ. á., þótt eitt vitni hlypi úr rjettinum óyfirheyrt og annað mætti ekki, *að* honum hafi, líklega sama dag, verið neitað um meira en fjórðung stundar til að koma fram með munnlega vörn í málinu, *að* honum hafi hinn 2. apríl verið neitað að koma að gagnspurningum fyrir vitnið Kr. Ó. Þorgrímsson, og *að* honum hafi verið neitað um skjöl eða skjalaafskriptir, sem sjeu í vörzlum amtmanns og bæjarfógetans í Reykjavík, og sem þóttu geta verið til upplýsingar í málinu. Með því að áfrýjandi kom vitnum þeim að til yfirheyrslu síðar undir rekstri málsins, sem eigi voru yfirheyrð hinn 12. marz, og með því að hann einnig síðar kom að ýtarlegri skriflegri vörn í málinu, þá verða þegar af þeirri ástæðu eigi teknar til greina 2 hinar fyrstnefndu ómerkingarástæður hans, en hinni 3. og 4. ómerkingarástæðunni verður eigi gaumur gefinn, með því að þær hafa eigi við neitt að styðjast, sem er fram komið í málinu fyrir undirrjetti, enda hefur það eigi rjettarfarslega þýðingu í fyrirliggjandi máli, þótt áfrýjanda hafi eigi heppnazt að útvega skjöl máli sínu til upplýsingar úr skjalasöfnum amtsins eða bæjarfógetadæmisins.

Að því er snertir aðalefni málsins, hina átöldu blaðagrein, verður yfirdómurinn að vera undirrjettinum samdóma um það, að þó að eigi felist í henni bein aðdróttun um, að stefndi hafi gjört sig sekan í athöfnum, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingu sampegna hans, er hún þó í heild sinni, en sjerstaklega niðurlag klausunnar, sem að framan er tilgreind, mjög særandi, móðgandi og óvirðandi fyrir stefnda, bæði persónulega

og sem embættismann, og með því að yfirdómurinn einnig verður að fallast á álit undirdómarans um það, að engin þau atvik hafi orðið sönnuð í málinu, er gætu gefið áfrýjanda heimild til að viðhafa hin átöldu ummæli um stefnda, getur áfrýjandi eigi komizt hjá sekt fyrir þau, samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir hún eigi of hátt ákveðin 50 krónur, eins og undirdómurinn hefur gjört. Samkvæmt þessu ber að staðfesta bæjarþingsdóminn bæði að því er sekt, málskostnað og ómerkingu meiðyrða snertir. Með því að málinu eigi hefur verið áfrýjað, að því er snertir sekt Sigurðar Sigurðssonar, málsfærslumanns áfrýjanda fyrir undirrjettinum, verður dóminum eigi heldur breytt að þessu leyti. Eptir þessum úrslitum málsins er rjett, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 16 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi, Jón Erlendsson, hinum stefnda, E. Th. Jónassen, 16 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 27/1891 Ingjaldur Sigurðsson
gegn
bæjarstjórn Reykjavíkur.

Dómur:

Með merkjadómi, sem upp var kveðinn í aukarjetti

Kjósar- og Gullbringusýslu 6. júlí 1885, var það ákveðið, að landamerki milli Reykjavíkur og Lambastaða skyldu vera frá hæstu þúfunni nyrzt á Lambastaðaholti suður í sjó, austanvert við svo kallað Kaplaskjóls-hús; en þessum dómi skaut stefndi, sem hafði höfðað málið fyrir merkjadóminum, til yfirdómsins, er 21. des. næst eptir ómerkti dóm þenna og vísaði málinu heim aptur.

Af málsins skjölum sjest, að af stefnda hendi hefur aptur seinna verið gjörð önnur tilraun til þess, að fá fullnaðardóm um landamerkin, en hún virðist eigi hafa heppnazt; engu að síður ljet bæjarstjórn Reykjavíkur hanstið 1889 setja upp merkisteina, þar sem hún taldi að landamerkin væru milli Reykjavíkur lands og Lambastaða. Áfrýjandinn, sem er eigandi og ábúandi Lambastaða, áleit þetta gjörræði og yfirgang, og felldi um koll eða færði úr stað nokkra af þessum steinum; svo ljet hann og taka eitthvað af mó upp Reykjavíkurmegin við steina þessa, sem bæjarstjórnin hafði látið setja upp.

Út af þessu höfðaði bæjarstjórnin mál á móti áfrýjandanum fyrir gestarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu til sekta og skaðabóta fyrir gjörræði eða ólöglega sjálftöku, en málinu var með dómi gestarjettarins 26. okt. f. á. frávísað, með því að það væri þess eðlis, að það ætti að koma fyrir landamerkjadóm; málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum gestarjettardómi áfrýjaði stefndi til yfirdómsins, til þess að hann yrði dæmdur ómerkur og málinu heimvísað til dómsáleggingar að efninu til, og tók yfirdómurinn þessa kröfu stefnda til greina í dómi sínum í málinu, sem upp var kveðinn 6. apríl þ. á., og var málskostnaðurinn fyrir yfirdómi látinn falla niður.

Hinn 10. júní fjell af nýju dómur gestarjettarins í

málinu á þá leið, að Ingjaldur Sigurðsson var skyldaður til að greiða í sekt til landssjóðs 20 kr., eða, sje sektin ekki greidd, sæta 6 daga einföldu fangelsi; ennfremur var honum uppálagt, að greiða bæjarstjórn Reykjavíkur skaðabætur eptir óvilhallra, dómkvaddra manna mati, og setja marksteina þá, sem hann reif eða ljet niðurrífa, í samt lag aptur, hvar að auki honum var gjört að greiða bæjarstjórn Reykjavíkur málskostnað með 40 kr.

Þessum gestarjettardómi hefur Ingjaldur hreppstjóri Sigurðsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu frá 9. júlí þ. á. og látið krjefjast, að hann verði úr gildi felldur og honum breytt og hrundið þannig, að áfrýjandinn verði sýkn dæmdur af kærum og kröfum bæjarstjórnar Reykjavíkur í þessu máli, en að bæjarstjórnin verði dæmd til að greiða honum málskostnað allan fyrir báðum rjettum með nægilegri upphæð.

Á hinn bóginn hefur bæjarstjórn Reykjavíkur gjört þá rjettarkröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur í öllum atriðum, og áfrýjandi dæmdur til að greiða bæjarstjórninni hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi eptir rjettarins mati.

Með hinum framlögðu sönnunargögnum, nefnil. eptirriti úr Bessastaðabók um landamerki milli Víkur Örfæriseyjar, Eyðis og Lambastaða, eptirriti af áreiðarbrjefi milli Reykjavíkur og Eyðis anno 1600, útskript úr kirkjubók Reykjavíkur, löggiltri 1778, og áreiðargjörð um landamerkin frá 17. febr. 1879, verður nú eigi álitið, að stefndi hafi fært lögfulla sönnun fyrir því, að landsstykki það, þar sem marksteinarnir voru settir upp og mórinn tekinn, sje eign Reykjavíkur kaupstaðar, þar sem gögn þessi engan veginn verða skoðuð sem

alveg áreiðanleg og authentisk eignarheimildarskjöl fyrir spildunni, en um merkin milli Reykjavíkur og Lambastaða hefur enn enginn fullnaðar-landamerkjadómur gengið, og veiða því úrslit málsins að vera undir því komin, hvor málsaðila álízt að hafa haft eignarhald á spildunni.

Í þessu tilliti athugar yfirdómurinn, að áfrýjandinn hefur haldið því staðfastlega fram, að hann hafi allan þann tíma, sem hann hefur búið á Lambastöðum, um eða yfir 20 ár, yrkt og notað hina umgetnu spildu árlega eptir megni og þörfum til beitar, slægna og mótaks, en að Reykjavíkur bær hafi aldrei yrkt eða notað hana nema að eins lítinn hluta hennar í svonefndu Kaplaskjóli til útmælinga nokkurra tómthúslóða, og hefur stefndi ekki mótmælt þessari skýrslu áfrýjandans, eða reynt til að sanna með vitnaleiðslu, að hún væri röng. Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að landsstykki það, þar sem marksteinarnir voru reistir upp og áfrýjandinn tók upp móinn, hafi að undanförnu verið notað og yrkt af áfrýjandanum þannig, að hann verði að teljast »possessor« að henni, en þar af leiðir aptur, að hann verður ekki sakaður um það, þó hann felldi um koll marksteina, sem hinir stefndu höfðu látið setja upp þar í heimildarleysi, og tæki mó upp á hinu umþrætta svæði, sem hinir stefndu eigi enn hafa sannað, að sje eign kaupstaðarins.

Samkvæmt þessu ber áfrýjandann að dæma sýknan af öllum kærum og kröfum stefnda í þessu máli. Eptir þessum úrslitum málsins virðist rjett, að dæma stefnda, bæjarstjórn Reykjavíkur, til að greiða hæfilegt málskostnaðarendurgjald, sem ákveðst 30 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, Ingjaldur hreppstjóri Sigurðsson á Lambastöðum, á af öllum kærum og kröfum stefndu, bæjarstjórnar Reykjavíkur, í máli þessu sýkn að vera.

Í málskostnað fyrir báðum rjettum borgi bæjarstjórn Reykjavíkur áfrýjandanum 30 — þrjátíu — krónur, sem greiðist honum innan 8 vikna frá dóms þessa lögbirtingu undir aðför að lögum.

Mánudaginn 2. nóvembermánaðar.

Nr. 8/1891: Rjettvísin gegn Stefáni Ólafssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Árnessýslu, sem upp var kveðinn 17. jan. þ. á., var hinn ákærði, Stefán Ólafsson á Kotleysu þar í sýslu, dæmdur eptir 250. gr. hinna almennu hegningarlaga í 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu og af varðhaldi sínu löglega leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun til sira Ólafs Sæmundssonar 5 kr.

Þessum dómi hefur eptir beiðni ákærða verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Með því hin upphaflegu próf í málinu þóttu mjög óljós, heimtaði yfirdómurinn nánari og frekari skýringar í málinu. Samkvæmt þeim skýringum, sem nú eru fengnar í málinu, og framburði ákærða, sem í öllu verulegu verður að fara eptir, þar sem hann ekki kemur í bága við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu,

eru málsatvik þessi: Þegar ákærði, vorið 1890, markaði lömb sín, sem voru 30 að tölu, mismarkaðist eitt lambið þannig, að eyrnavíxl varð á markinu, að minnsta kosti yfirmarkinu. Þegar hann að kvöldi dags var búinn að marka lömbin, ljet hann þau inn, en um morguninn, er þau voru látin út, tók hann eptir því, að eitt lambið hafði, eins og áður segir, mismarkazt, og hafði hann orð á því við svein þann, Pál Bárðarson, er hjelt lömbunum, meðan ákærði markaði þau, og hefur Páll staðfest framburð ákærða um mismörkun lambsins með eiði. Ákærði hafði í hyggju að laga markið síðar, en ærin strauk með lambið og kom ekki fram fyr en í rjettum um haustið. Í Grjótlækjarrjett dró ákærði lamb, er hann hjelt vera mismarkaða lambið, og var það rekið heim til hans, gekk saman við fje hans í 1^{1}_{2} mánuð, og síðan markaði hann það sínu marki. Þótt hann nú væri sannfærður um, að þetta lamb væri hans eign, þá samt spurði hann bónda einn í nágrenninu, er hann hafði heyrt, að ætti líkt mark og á lambinu var, hvort hann mundi geta átt það, en bóndinn kvað nei við, því hann hefði heimt öll lömb sín. En seinna um veturinn var álitið, að Jón nokkur Guðmundsson mundi eiga lambið, af því að mark það, er á lambinu hafði verið, mundi hafa verið hans mark, enda þóttist Jón eiga og jafnvel þekkja lambið á svipnum, en hefur þó ekki þorað að helga sjer lambið.

Með því nú sá framburður ákærða, að hann hafi haldið, að hann ætti lambið, bæði þegar hann dró það í rjettinni og þegar hann markaði sjer það, ekki verður vefengdur, og engin sönnun hins vegar er fengin fyrir því, að svo hafi ekki verið, eða að Jón Guðmundsson hafi átt lambið, verður að sýkna hinn ákærða af

ákæru sóknarans í þessu máli. Allur málskostnaður, þar með talin varnarlaun til talsmanns ákærða fyrir undirdómi, Ólafs prests Sæmundssonar, 5 kr., og málflutningslaun sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra, á eptir atvikum að greiðast af almannafje. Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Stefán Ólafsson á af ákæru sóknarans í þessu máli sýkn að vera. Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns ákærða í hjeraði, Ólafs prests Sæmundssonar, og málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Hannesar Hafstein og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Nr. 10/1891: Jón Jónsson
gegn
Guttormi Vigfússyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi, fyrverandi skólastjóri á búnaðarskólanum á Eyðum, Guttormur Vigfússon, gegn áfrýjandanum, Jóni bónda Jónssyni á Sleðbrjót, út af meiðandi ummælum um stjórn hans á skólabúinu á Eyðum í blaðagreinum, er áfrýjandi ritaði í blaðið »Austra«, 4. árg., 3., 8. og 16. tölublað. Málið var dæmt í gestarjetti Norður-Múlasýslu 8. sept. f. á. á þá

leið, að áfrýjandinn var dæmdur í 100 króna sekt til landssjóðs eða til vara í einfalt fangelsi í 30 daga, og skyldu hin átöldu ummæli hans um Eyðaskólann og stefnda dauð og ómerk vera, en málskostnaður var látinn falla niður.

Hjer fyrir rjettinum hefur áfrýjandinn krafizt þess, að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda í málinu og ómerking ummælanna úr gildi felld, og að stefndi verði skyldaður til að greiða honum málskostnað fyrir báðum rjettum með að minnsta kosti 450 kr. eða einhverju nægilegu að mati dómsins. Stefndi hefur af sinni hálfu krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað með einhverri nægilegri upphæð.

Það sem hinn stefndi hefur sjerstaklega álitið meiðandi fyrir sig í fyrgreindum »Austra«-greinum, er, að þar er sagt, að »slarkarabúskapur« hafi verið á Eyðum, þegar stefndi stýrði þar skólabúinu, og að honum hafi tekizt »ógæfusamlega« að fara með almannafje það, er varið hefði verið til skólans. En svo sem til sönnunar eða stuðnings þessum dómi um skólastjórn stefnda eða bústjórn, er það í greinunum talið almæli um Eyðaskólann, *að* stundum hafi ekki verið hægt að lóga þar slátursfje, fyr en komið var fram á vetur og fjeð farið að horast, af því ekki hafi verið til mjöl í blóðið, *að* ekki hafi verið til á Eyðum tíma úr vetri annað af kornmat en það, sem fengið hafi verið til láns á bæjunum í kring, *að* ekki hafi stundum verið til ein skán í eldinn á Eyðum nær allan veturinn nema aðfengin, þó þar sje nóg mótak í landinu og bændur þar skammt

frá hafi getað selt þangað sprekþurran svörð, *að* talsverður fjárfellir hafi orðið þar vorið 1887.

Áfrýjandinn hefur, hvernig sem á hin átöldu ummæli væri litið, haldið því fram, að sök út af þeim sje fyrnd, samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna, þar sem stefndi hafi hætt við málið fyrir undirrjettinum 17. nóv. 1888 og ekki tekið það upp aptur fyr en 17 mánuðum síðar, 22. apríl f. á. En hjer við er að athuga, að það er ekki rjett, að stefndi hafi hætt við málið nefndan dag, 17. nóv. 1888, heldur fjekk hann þá óákveðinn frest í málinu með samþykki mótpartsins, og þó að sá frestur yrði talsvert langur, þá verður ekki á því byggt, að stefndi hafi hætt við málið. Um fyrningu málsins getur því eigi verið að ræða.

Hvað sjálft sakarefnið áhrærir, þá verður að álíta, að áfrýjandinn hafi, með því að nefna bústjórn stefnda á Eyðum »slarkarabúskap«, brugðið stefnda um að hafa sýnt vítavert fyrirhyggjuleysi, vanrækslu og trassaskap sem forstöðumaður fyrir opinberri stofnun, og orð þetta verður því að álítast óvirðandi og móðgandi fyrir hann, og með því að áfrýjandanum hefur hvorki með tilraunum sínum til að sanna framantalin atriði, er hann hefur viljað styðja með dóm sinn um slarkarabúskap á Eyðum, nje á annan hátt, tekizt að rjettlæta þetta meiðandi ummæli sitt, þá ber að sekta hann fyrir það samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna, og virðist ekki ástæða til að færa niður sektarupphæð þá, er undirdómarinn hefur ákveðið. Það ber og að staðfesta ákvæði undirdómsins um ómerking meiðyrða og um málskostnaðinn. Í málskostnað fyrir yfirdómi virðist rjett að áfrýjandinn greiði stefnda 30 kr.

Umboðsmaður áfrýjandans, cand. philos. Ásmundur

Sveinsson, hefur í sóknarskjali sínu hjer fyrir rjettinum, dags. 20. júlí þ. á., farið þessum orðum um eitt atriði í dómsástæðum undirdómarans: »En sú vísdómslega röksemdaleiðsla! Svona vatnsþunnt vandræðagutl hefur víst aldrei verið boðið nokkrum skynberandi manni«. Þessi ritháttur álízt ósæmilegur og ber að sekta hlutaðeigandi málsfærslumann fyrir hann um 20 kr., er renni að hálfu í landssjóð og að hálfu í fátækrasjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði gestarjettardómur á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, Jón Jónsson, stefnda, Guttormi Vigfússyni, 30 kr. Cand. philos. Ásmundur Sveinsson greiði í sekt fyrir ósæmilegan ritháttt 10 krónur til landssjóðs og 10 krónur til fátækrasjóðs Reykjavíkur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 16. nóvembermánaðar.

Nr. 12/1891: Pjetur Guðmundsson
gegn
Þórði Guðjohnsen fyrir hönd Örum & Wulffs verzlunar á Húsavík.

Dómur:

Hinn stefndi Þórður Guðjohnsen, sem er forstjóri eða »faktor« fyrir verzlun Örum & Wulffs á Húsavík, höfðaði mál þetta fyrir gestarjetti Þingeyjarsýslu gegn

bóndanum Pjetri Guðmundssyni á Krákárbakka til greiðslu á 50 kr. gabbsbótum fyrir samningsrof eptir skuldabrjefi, dags. 20. jan. 1888, og fjell dómur í því hinn 16. desembermán. f. á. á þá leið, að Pjetur Guðmundsson var dæmdur til að greiða verzlun Örum & Wulffs á Húsavík hinar umræddu 50 kr., og málskostnað að skaðlausu. Þessu m dómi hefur Pjetur Guðmundsson skotið til yfirdómsins, með stefnu dags. 6. maímán. þ. á., og hefur honum verið veitt gjafsókn til þess og skipaður málflutningsmaður. Áfrýjandi gjörir þær rjettarkröfur, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og að stefndi verði skyldaður til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu, eða eptir mati yfirdómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, svo og hæfileg málflutningslaun til hins skipaða sækjanda. Hinn stefndi verzlunarstjóri Þórður Guðjohnsen hefur af sinni hálfu krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði staðfestur, og að stefnandi verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins eptir mati rjettarins.

Með samningnum eða skuldbindingarskjalinu frá 20. jan. 1888 skuldbatt áfrýjandinn sig til þess að borga skuldarupphæð sína til Húsavíkur verzlunar, sem þá var 45 kr. 72 a., innan 31. júlí næst á eptir, svo og að verzla við tjeða verzlun með allan sinn gjaldeyri, svo lengi sem hann væri búsettur í nokkru því byggðarlagi, er ræki verzlun til Húsavíkur. Ennfremur skuldbatt hann sig til þess að borga það, sem hann eptirleiðis tæki til láns við verzlunina, innan næsta nýárs á eptir, en brysti borgun nokkru sinni á rjettum gjalddögum, skyldi öll skuldin vera fallin til borgunar, og var svo áskilið, að ef áfrýjandi ekki uppfyllti saming þenna, skyldi hann greiða 50 kr. í gabbsbætur. Nú er það

sannað í málinu, að við árslok 1889 skuldaði áfrýjandinn Húsavíkur verzlun 20 kr. 11 a., og þetta borgaði hann ekki fyr en í febrúarmán. næst á eptir, eins og það einnig er viðurkennt, að hann þetta ár, 1890, verzlaði með afurðir bús síns við annan en hinn stefnda eða verzlun þá, sem hann veitir forstöðu. Hefur hann þannig rofið umræddan samning, sem eigi getur álitizt ólögmætur, og þar sem prívatbrjef hins stefnda til áfrýjanda, sem kafli hefur verið framlagður af, eigi getur álitizt innihalda skilyrðislausa eða skýlausa uppgjöf sakar í þessu efni, verður að fallast á það, að undirdómarinn hefur dæmt áfrýjanda til að greiða hinar umsömdu 50 króna gabbsbætur. Eptir atvikum hlýtur áfrýjandi og að greiða málskostnað fyrir báðum dómum, er virðist hæfilega ákveðinn 30 kr., en hinum skipaða málflutningsmanni áfrýjanda verða eptir úrslitum málsins eigi dæmd málflutningslaun.

Að hinn skipaði sækjandi hafi af sinni hálfu rekið málið lögum samkvæmt, vottast hjermeð.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn Pjetur Guðmundsson á að greiða stefnda, verzlunarstjóra Þórði Guðjohnsen fyrir hönd verzlunar Örum & Wulffs á Húsavík, 50 krónur. Svo ber áfrýjanda og að greiða stefnda málskostnað fyrir báðum dómum með 30 krónum.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 23. nóvembermánaðar.

Nr. 33/1891: Rjettvísin
gegn
Jóni Sigurðssyni.

Dómur:

Í máli þessu, sem hefur verið höfðað af hálfu rjettvísinnar gegn hinum ákærða, vinnupilti á Mýri í Bárðardal í Þingeyjarsýslu, Jóni Sigurðssyni, fyrir manndráp, og sem dæmt var af sýslumanninum í Þingeyjarsýslu hinn 12. okt. þ. á. á þá leið, að hinn ákærði skyldi sæta líflátí, svo og greiða allan löglegan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun í hjeraði 6 krónur, hefur hjeraðsdómarinn eigi, — þótt um líflátsisglæp sje að ræða, sem hann sjálfur hefur heimfært undir refsingarákæðið í 191. gr. í alm. hegningarlögum, 25. júní 1869, — tekið meðdómsmenn til þess að dæma málið í aukarjettinum ásamt hinum reglulega dómara, eins og fyrir er mælt í NL. 1—5-20, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 24. og 36. gr., og verður því að dæma aukarjettardóm sýslumannsins í Þingeyjarsýslu í þessu manndrápsmáli ómerkan, og vísa málinu heim til löglegrar dómsáleggingar með útnefndum meðdómsmönnum samkvæmt hinum tilgreindu lagastöðum.

Að öðru leyti þykir það einnig athugavert við meðferð málsins af hálfu undirdómarans, *að* hann hefur eigi tekið inn í rjettargjörðirnar eða látið fylgja þeim brjef prestsins Jóns Þorsteinssonar á Halldórsstöðum, dags. 19. sept. þ. á., en í því var hin fyrsta tilkynning til sýslumanns um glæpinn, og *að* hann eigi hefur að loknum aðalprófunum og vitnaleiðslunni í sökinni, og eptir að hæfilegur umhugsunartími fyrir hinn ákærða

var liðinn, af nýju spurt hann ýtarlega um öll atvik snertandi framkvæmd glæpsins, svo að þessi hinn síðari framburður yrði borinn saman við vitnaskýrslurnar, er þá hefði átt að gera ákærða kunnar, og við hans fyrri framburð í sökinni. Ennfremur var ástæða til þess að útvega skýrslu læknis um sálarástand hins ákærða, bæði almennt og sjerstaklega um það leyti, hann framdi glæpinn, að svo miklu leyti unnt er að gefa skýrslu um þetta. Einnig átti dómarinn að útvega skírteini um aldur stúlkunnar Guðfinnu Jónsdóttur og láta það fylgja málinu.

Eptir þessum úrslitum verður hjeraðsdómarinn að greiða allan kostnað, sem leitt hefur af áfrýjun málsins nú til yfirdómsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. — Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði hefur framfarið með nægilegum hraða, og að málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim til löglegrar meðferðar og dómsáleggingar. Hjeraðsdómarinn Benedikt Sveinsson greiði kostnað þann, sem leitt hefur af þessari áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnasonar, 10 kr. til hvors þeirra, — og greiðist þetta innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins undir aðför að lögum.

Nr. 23/1891: H. J. Ernst
gegn
A. Jörgensen.

Dómur:

Í fyrra sumar sagði áfrýjandinn, lyfsali H. J. Ernst á Seyðisfirði, öðrum manni þar í verzlunarstaðnum, að stefndi hefði sagt sjer, að nafngreindur maður væri valdur að peningaþjófnaði úr klúbb Seyðisfjarðar, sem framinn hafði verið um veturinn og töluvert umtal orðið út af og jafnvel rjettarrannsókn, og hafði áfrýjandinn í þessu efni eptir stefnda þessi orð: »Fanden lyne mig, det er ingen anden end N. N. (hinn nafngreindi maður), der har stjaalet Pengene«. Stefndi taldi sig móðgaðan með því að vera borinn fyrir þessum áburði á annan mann, sem hann væri alveg saklaus af að eiga nokkurn þátt í, og höfðaði því mál gegn áfrýjanda fyrir lögreglurjetti Norður-Múlasýslu, sem dæmt var 6. febr. þ. á. þannig, að áfrýjandinn var samkv. 219. gr. hegningarlaganna dæmdur í 10 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 3 daga einfalt fangelsi, og hin kærðu ummæli áfrýjandans dæmd dauð og ómerk. Málskostnaður var látinn falla niður.

Áfrýjandinn hefur krafizt þess fyrir yfirdóminum, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda í þessu máli, en að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað allan fyrir báðum rjettum með einhverri að rjettarins mati nægilegri upphæð. Stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að hjeraðsdómurinn verði staðfestur, og áfrýjandinn dæmdur til að greiða sjer málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Að vísu hefur máli þessu verið stefnt fyrir lögregluréttt, og það rekið þar, en með því að öðru leyti hefur verið með málið farið eptir reglunum í tilsk. 15. ágústm. 1832 um aukarjettarmál, lögskipuð sáttaumleitun framfarið í því, og báðir málsviðeigendur hafa haft tækifæri til að koma fram málsútlistan sinni, er eigi ástæða til þess að ómerkja dóminn ex officio fyrir þessa skuld.

Eins og áður er tekið fram er hið átalda brot áfrýjandans í þessu máli það, að hann hafði haft eptir stefnda, að hann hefði sagt sjer, sem álit sitt, að nafngreindur maður mundi vera valdur að peningastuldi nokkrum, en þetta getur ekki eitt sjer talizt saknæm ærumeiðing. Það verður því að sýkna áfrýjandann af sektarkröfu stefnda í þessu máli, og er eigi heldur ástæða til að dæma hin átöldu ummæli dauð og ómerk. Í málskostnað fyrir báðum rjettum virðist rjett, að stefndi greiði áfrýjanda 30 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, lyfsali H. J. Ernst, á að vera sýkn af kærum og kröfum stefnda, A. Jörgensens bakara, í þessu máli. Stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað fyrir báðum rjettum 30 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 30. nóvembermánaðar.

Nr. 21/1891: Þorleifur Jónsson
gegn
síra Pjetri M. Þorsteinssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af Pjetri presti M. Þorsteinssyni gegn ritstjóra Þorleifi Jónssyni út af meiðyrðum, er hann hugði sig hafa orðið fyrir af ritstjóranum í blaði hans »Þjóðólfi«, 48. tölublaði 1890, en ritstjóri Þorleifur Jónsson höfðaði gagnsök út af meiðyrðum, er hann kvaðst hafa orðið fyrir í prentaðri áskorun einni, dags. 5. ágústmán. f. á., sem síra Pjetur Þorsteinsson með nokkrum öðrum mönnum hefur sett nafn sitt undir.

Mál þetta var dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 4. júní þ. á. með þeim úrslitum, að Þorleifur ritstjóri Jónsson var dæmdur í 50 kr. sekt til landssjóðs, eða einfalt fangelsi í 15 daga, væri sektin eigi greidd í tækan tíma; svo voru öll hin meiðandi og óvirðandi ummæli í nefndri Þjóðólfs- grein dæmd dauð og ómerk að því leyti þau snertu síra Pjetur. Þar að auki var ritstjóri Þorleifur Jónsson dæmdur til að greiða allan af aðalsökinni leiðandi kostnað, eins og hún væri eigi gjafsóknarmál, þar með taldar 10 kr. í málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns síra Pjeturs, landritara Hannesar Hafsteins. En í gagnsökinni var síra Pjetur dæmdur sýkn af kærum og kröfum Þorleifs Jónssonar og málskostnaður í henni látinn falla niður.

Þessum dómi hefur ritstjóri Þorleifur Jónsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu, dags. 11. júní 1891, og þar krafizt:

1. Í aðalmálinu: að aðalmálinu verði vísað frá undirrjettinum og honum dæmd hæfileg þóknun fyrir »kost og tæring«; til vara: að hann verði að öllu sýkn dæmdur af kærum og kröfum mótpartsins.
2. Í gagnsökinni: að áskorunin 5. ág. 1890 verði í heild sinni ómerk dæmd, sjerstaklega hin tilgreindu meiðyrði, og að mótparturinn verði látinn sæta hegningu eptir strangleika laganna, fangelsi eða sektum, fyrir ærumeiðingar, og ennfremur dæmdur til að greiða honum skaðabætur eptir óvilhallra manna mati fyrir atvinnumissi og álitsspilli, »Tort og Creditspilde«, að minnsta kosti 3000 kr., — og til þrauta-vara: að hin umstefndu meiðyrði á báðar hliðar, hvernig sem fer, — verði látin mætast að sljettu, en að mótparturinn verði dæmdur til að borga honum skaðabætur, eins og hann hafi tekið fram í kröfu sinni í gagnsökinni.

Svo hefur hann og, hvernig sem málið fer, krafizt, að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað í aðal- og gagnsökinni, bæði fyrir undir- og yfirdómi, með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Á hinn bóginn hefur stefndi, sem fengið hefur gjafvörn einnig fyrir yfirdómi og sjer settan talsmann, krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan málskostnað, þar með talin varnarlaun til hins skipaða talsmanns stefnda.

Frávísunarkröfu sinni til stuðnings hefur áfrýjandi tekið það fram, að umboðsskjal það, er talsmaður stefnda hefur lagt fram, sje ógilt, af því að það sje ekki sannað notarialiter, að presturinn hafi gefið það út, og í öðru lagi af því, að talsmaður stefnda hafi sjálfur bætt sínu eigin nafni inn í umboðsskjalið — en á því var

eyða fyrir nafnið — án þess að sanna, að hann hafi haft heimild til þess. Með því að áfrýjandi eigi hefur skýlaust mótmælt því, að hinn stefndi hafi útgefið og undirskrifað tjeð umboðsskjal, nje heldur því, að talsmaður hins stefnda hafi í raun og veru haft heimild til að rita nafn umboðsmannsins í skjalið, þar sem eyða var fyrir það, en að eins haldið því fram, að þessi atvik sjeu ósönnuð, verður vefenging hans á umboði sækjanda eigi tekin til greina og frávísunarkröfunni þarafleiðandi eigi gaumur gefinn.

Gagnsökina hefur áfrýjandi höfðað til sekta og skaðabóta fyrir ummæli í áðurnefndri áskorun 5. ágúst 1890, er hann í heild sinni telur meiðandi fyrir sig, og til ómerkingar á áskoruninni. Yfirdómurinn verður að vera undirdómaranum samdóma um, að ummæli þau um blað áfrýjanda, sem í áskoruninni standa, sjeu ekki meiðandi, heldur sjeu þau einungis »kritik« um stefnu blaðsins í pólitisku tilliti, sem ekki getur verið saknæm, þegar hún ekki kemur fram í meiðandi eða óvirðandi búningi. Að áfrýjandi hafi beðið tjón af þessari áskorun, er ekki sannað; miklu fremur hefur áfrýjandi með ummælum sínum í ofannefndri Þjóðólfs-grein sjálfur lýst því yfir, að áskorunin hafi enga verkun haft, að því Þjóðólf snertir. Fyrir því verða kröfur áfrýjanda í gagnsökinni um ómerking, sektir og skaðabætur ekki teknar til greina, heldur verður að sýkna stefnda af kærum hans í gagnsökinni.

Að því loks kemur til aðalmálsins, þá hefur áfrýjandi í Þjóðólfs-grein sinni í 48. tölublaði 1890 með fyrirsögn »Þeysuleg politík« talið áskorunina frá 5. ágúst 1890 »flónslega«, »lúalega«, »sprottna af öfund«, og segir, að auðvitað sje, að enginn taki þessa áskorun til

greina fremur en »strákaleg heimskupör óvandaðra götudrengja«, og um hinn stefnda við hefur hann þau ummæli, »að hann hafi verið fenginn — líklega fyrir eitt staup af brennivíni — til að skrifa nafn sitt undir áskorunina«. Hin fyrnefndu ummæli eru óvirðandi, og ber því samkvæmt kröfu stefnda að dæma þau dauð og marklaus, að því stefnanda snertir, en hin síðastnefndu ummæli um stefnda eru freklega meiðandi og vanvirðandi fyrir stefnda, ekki sízt þegar haft er tillit til stöðu hans. Eru þau því með rjettu af undirdómaranum álitin saknæm, og með því yfirdóminum þykir eigi upphæð sektarinnar of há, og fellst á önnur ákvæði undirdómsins, verður í öllu tilliti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins verður að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, eins og málið ekki hefði verið flutt með gjafvörn, og þar á meðal 10 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hins stefnda.

Að því leyti málið er flutt með gjafsókn í hjeraði og með gjafvörn fyrir yfirdómi, vottast, að flutningur þess hefur verið löglegur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi, Þorleifur Jónsson, greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, eins og málið ekki hefði verið flutt með gjafvörn, þar með taldar 10 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns stefnda fyrir yfirdóminum, Hannesar landritara Hafsteins.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 14. desembermánaðar.

Nr. 28/1891. Kristín Bjarnadóttir sem eigandi Esjubergs og Sjávarhóla
gegn
Einari Magnússyni
ábúanda Skrauthóla.

Dómur:

Í máli þessu, sem er um landamerki milli jarðanna Esjubergs og Sjávarhóla í Kjalarneshreppi annars vegar og jarðarinnar Skrauthóla í sama hreppi hins vegar, og sem því hefur verið rekið fyrir landamerkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu og dæmt þar 29. júním. þ. á., hefur málshöfðandinn í hjeraði, hinn stefndi hjer fyrir rjettinum, Einar bóndi Magnússon á Skrauthólum, sem heimild fyrir málshöfðun sinni lagt fram fyrir merkjadóminum skjal, dagsett 5. marz f. á., þar sem Páll nokkur Hafliðason á Skrauthólum veitir honum umboð til »að vera fyrir mína hönd við landamerki á jörðinni Skrauthólum«, sem hann tjáir *hálfa* eign sína. Aðra eða frekari heimild til málshöfðunarinnar en þessa hefur hinn stefndi eigi sýnt í málinu, og það virðist þó mega ráða af málinu, að hann sje ekki sjálfur eigandi hinnar hálflendu jarðarinnar, þar sem hann kemur ávallt fram í málinu að eins sem umboðsmaður Páls Hafliðasonar, enda virðist og merkjalýsing Skrauthóla, dags. 2. júní 1890, bera með sjer, að fleiri sjeu umráðendur jarðarinnar en Páll Hafliðason og hinn stefndi.

Með því að mál þetta þannig hefur eigi verið höfðað nema ef til vill af hálfu eiganda hálfrar jarðarinnar Skrauthóla, en eigandi eða eigendur að hinni hálflendu jarðarinnar hafa engan þátt átt í höfðun málsins eða rekstri þess, var það rangt af merkjadóminum að leggja dóm á málið að svo vöxnu máli. Það ber því að ónýta hinn áfrýjaða dóm ex officio af þessum sökum samkvæmt 12. gr. landamerkjalaganna 17. marz 1882. Málskostnaður fyrir yfirdómi á eptir atvikum að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á ómerkur að vera. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 29/1891. Lárus Bjarnason
fyrir hönd Bjarnaness kirkju
gegn
Jóni prófasti Jónssyni.

Dómur:

Hinn stefndi, Jón prófastur Jónsson, hefur hvorki mætt nje neinn af hans hendi eptir stefnunni hjer fyrir rjettinum. Með því nú stefnan eigi ber það með sjer, að hún hafi löglega verið birt stefnda af hinum eiðsvörnu stefnuvottum, og á hinn bóginn eigi er sannað fyrir rjettinum, að áritunin á stefnuna: »mjer löglega birt«, sem nafnið »Jón Jónsson« stendur undir, í raun og veru sje rituð af stefnda, er ekki næg sönnun fengin fyrir því, að stefnan hafi verið löglega birt. Það ber því ex officio að vísa stefnunni frá yfirdómi.

Því dæmist rjett að vera:
Stefnunni í máli þessu vísast frá yfirdómi.

Nr. 26/1891. Þórður J. Thoroddsen
gegn
Ó. A. Olavsen fyrir hönd
ekkjufrúar Christiane Duus.

Dómur:

Eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar, eru atvik máls þessa þau, er nú skal greina. Með afsalsbrjefi útgefnu 10. maímán. 1886 selur hinn stefndi fyrir hönd systur sinnar, ekkjufrúar Chr. Duus, sem hann var verzlunarstjóri og umboðsmaður fyrir í Keflavík, áfrýjandanum, hjeraðslækni Þórði J. Thoroddsen, sem þá bjó í Hákoti, hús eitt í Keflavík, er kallað var »Fjelagshús«, og þá var orðin eign verzlunar H. P. Duus, eða ekkjunnar frú Christiane Duus; í afsalsbrjefinu er kaupverðið fyrir húsið ákveðið 4000 kr., og voru þá jafnframt af kaupanda greiddar 2000 kr. upp í húsandvirðið, en fyrir 2000 kr. gaf hann samdægurs út skuldabrjef til seljanda, og lofaði hann í því að greiða þessar kaupverðseptirstöðvar á 4 næstu árunum með 500 kr. á ári auk vaxta, og áttu afborganir og vextir að greiðast hinn 11. júní ár hvert, unz skuldinni væri lokið. Stefndi heldur því fram, að áfrýjandi hafi eigi borgað upp í skuldabrjefið meira en 500 kr. í júnímán. 1889, og sje því skuld hans nú með vöxtum orðin 1809 kr. 60 aur.; hefur hann því höfðað mál þetta í hjeraði gegn áfrýjanda til greiðslu þessarar upphæðar. Þar fjell dómur í málinu fyrir aukarjetti Kjósar og Gull-

bringusýslu hinn 15. maímán. þ. á., á þá leið, að ef áfrýjandinn synji fyrir það með eiði, að kvittun Ó. A. Olavsens á viðurkenningarskjali 10. júní 1886 fyrir 1500 kr. láni áfrýjanda hjá stefnda einnig sje gefin fyrir þeim 1000 kr., er áfrýjandi borgaði til Jóns Gunnarssonar 15. sept. 1886, þá skuli hann vera sýkn af kærum og kröfum Olavsens, þó svo að hann greiði stefnda 640 kr., gegn því að hinn stefndi afhendi honum til aflýsingar fyrnefnt skuldabrjef, dagsett 10. maímán. 1886; málskostnað skyldi stefndi þá greiða áfrýjanda með 20 kr. En ef áfrýjandi eigi treysti sjer til að vinna eiðinn, skyldi hann greiða stefnda 1809 kr. 60 aur. með 5% vöxtum frá 25. júlí f. á. til borgunardags, og í málskostnað 60 kr. Þessum dómi hefur hjeraðslæknir Þórður Thoroddsen áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. júlí þ. á., og hefur gjört þær rjettarkröfur, að dómurinn verði úr gildi felldur, og áfrýjandinn algjörlega sýknaður af kærum og kröfum Olavsens, þannig að hann, áfrýjandi, greiði að eins 640 kr. sem eptirstöðvar af andvirði hússins að rentu meðtaldri, gegn afhending skuldabrjefs þess, er hann hefur út gefið fyrir 2000 kr., en að mótparturinn verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum rjettum með nægilegri upphæð. Stefndi Ó. A, Olavsen hefur aptur á móti krafizt þess, að hjeraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Eins og framan er um getið, keypti áfrýjandi hinn 10. maímán. 1886 af stefnda umrætt hús í Keflavík, og er kaupverðið fyrir það í afsalsbrjefinu skýlaust ákveðið 4000 kr. Að vísu hefur stefndi undir rekstri málsins síðar látið bera það fram, að það hafi verið

svo umsamið milli hans og áfrýjanda, þótt hinn opinberi kaupsamningur hljóðaði eins og áður segir, að kaupverð hússins skyldi vera 5000 kr. En með því að stefndi eigi hefur komið fram með neinar sannanir fyrir þessum framburði sínum um heimulegan samning, og áfrýjandi á hinn bóginn hefur þegar frá upphafi málsins skýrt og skorinort neitað því, að hann hafi undirgengizt að borga meira fyrir húsið, en þær 4000 kr., sem afsalsbrjefið ákveður, þá verður að álíta, að þessi upphæð sje hin rjettmæta kaupverðsupphæð hússins.

Upp í kaupverð hússins borgaði áfrýjandi, um leið og hann fjekk afsalsbrjef fyrir því, 2000 kr., en eptirstöðvarnar skuldbatt hann sig til að borga á 4 árum með 500 kr. á ári auk vaxta eins og fyr segir. Eins og viðurkennt er af stefnda, borgaði áfrýjandinn í júnímán. 1889 500 kr. upp í kaupverðseptirstöðvarnar, en auk þess heldur hann, áfrýjandinn, því fram, að hann hafi borgað upp í sömu eptirstöðvar 1000 kr. hinn 15. sept. 1886, og hefur hann framlagt til sönnunar því kvittun þáverandi bókhaldara við verzlun H. P. Duus í Keflavík, Jóns Gunnarssonar, en í henni stendur, að hann hafi fyrir hönd stefnda, verzlunarstjóra Ó. A. Olavsens í Keflavík, meðtekið hjá áfrýjandanum »1000 kr. upp í andvirði húss þess, er áfrýjandi hafi keypt af H. P. Duus verzlun«. Hinn stefndi hefur kannazt við, að hann hafi meðtekið nefndar 1000 kr., en hefur haldið því fram, að þær hafi verið borgun upp í skuld áfrýjanda til sín persónulegu, sem stafað hafi af því, að hann hafi lánað áfrýjanda peninga til fyrstu afborgunar á húsverðinu, og hafi áfrýjandi gefið út viðurkenning fyrir skuld þessari 10. júní 1886. Þessu hefur áfrýjandinn neitað, og kveðst hafa borgað umrædda prívat-

skuld á annan hátt og á öðrum tíma, eins og hann hefur nákvæmar skýrt frá. Án tillits til þess, hvernig þessari prívatskuld er varið, verður eigi álitið, að stefndi hafi haft rjett til þess, að telja sem greiðslu upp í hana þær 1000 kr., sem áfrýjandinn borgaði Jóni Gunnarssyni hinn 15. sept. 1886 með því beinu fororði, eptir því sem verður að álíta sannað, að þær skyldu ganga upp í andvirði hússins. Einnig getur það eigi komið til greina eða skoðunar í máli þessu milli áfrýjanda og frú Christiane Duus eða verzlunar hennar, hvað áfrýjandinn kann að skulda umboðsmanni og verzlunarstjóra hennar Ó. A. Olavsen. Þess ber og að geta, að álíta verður, að Jón Gunnarsson, er veitti móttöku áðurnefndum 1000 kr., hafi eptir stöðu sinni sem bókhaldari og æðsti búðarmaður hjá stefnda, í fjærveru hans getað komið fram gagnvart áfrýjanda með fullkomnum myndugleika til að gefa út kvittun þá, sem hjer er umtalsefni.

Eptir hinu framanritaða verður að álíta það sannað, að áfrýjandinn hafi greitt upp í umsamið andvirði húss þess, sem hann keypti af Duus-verzlun árið 1886 fyrir 4000 kr., auk 2500 kr., sem af stefnda eru viðurkenndar greiddar, einnig 1000 kr. hinn 15. sept. 1886, þannig að eptirstöðvar af andvirði hússins nú eru að eins 500 kr., og með vöxtum, eptir skýrslu áfrýjanda, sem eigi hefur verið haft á móti að því leyti, 640 kr. Þannig verður, án þess ástæða sje til að fara frekara út í prívatviðskipti verzlunarstjórans við Duus-verzlun, Ó. A. Olavsens, og áfrýjandans í máli þessu, að sýkna áfrýjandann að öðru leyti en því, að honum ber að greiða stefnda fyrir hönd frú Chr. Duus gegn afhendingu skuldabrjefsins 10. maí 1886 þær 640 kr., sem

hann hefur viðurkennt að skulda af eptirstöðvum húsverðsins með vöxtum, og auk þessa rentur af upphæðinni frá 25. júlí 1890, 5 af hundraði, unz borgun fer fram. Eptir öllum málavöxtum á sakarkostnaður fyrir báðum dómum að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi Þórður J. Thoroddsen greiði stefnda Ó. A. Olavsen fyrir hönd ekkjufrúar Chr. Duus 640 kr. með vöxtum, 5 af hundraði, frá 25. júlí 1890, gegn því að stefndi afhendi honum með tilhlýðilegri kvittun áðurnefnt skuldabrjef 10. maí 1886. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Hæstarjettardómar hæstarjettar-árið 1891-92.

Fimmtudaginn 2. aprílmán. 1891.

Nr. 29. Ekkjan S. D. Jónassen
(Klubien eptir skipun)
gegn
kaupmanni Valgarði Breiðfjörð
(Asmussen eptir skipun)
um eignarrjettinn að lóðarspildu.

Bæjarþingsdómur Reykjavíkur 26. maímán 1887:

Hin stefnda, ekkjufrú Soffía D. Jónassen, á að láta af hendi við stefnandann, kaupmann Valgarð Breiðfjörð, lóðarspildu þá, er hún hingað til hefur haft til afnota fram með Aðalstræti fyrir sunnan línu, sem dregin er frá tjeðu stræti $3^{3}/_{4}$ al. fyrir sunnan íbúðarhús stefndu, beint vestur að fjósi hennar, og færa burtu girðingar þær, og geymsluhús það, er stendur á ofannefndri lóðarspildu, að viðlagðri 3 kr. sekt fyrir hvern dag, sem dóminum ekki er fullnægt. Málskostnaður falli niður. — Dómi þessum að fullnægja innan 15 daga frá hans löglegri birtingu undir aðför að lögum.

Dómur landsyfirrjettarins á Íslandi 19. desembermán. 1887:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskað-

ur. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. — Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Með öllum þeim upplýsingum, sem fram eru komnar í máliuu og sem hið verulegasta er tilfært af í hinum áfrýjaða dómi, og með sjerstöku tilliti til þess yfir 30 ára tíma, er sækjandinn og maður hennar heitinn hafa óátalið haft hina umþrættu lóð í eignarhaldi, álízt eptir atvikum vera færð nægileg sönnun fyrir því, að eignarafsal hafi átt sjer stað á tjeðri lóð til manns sækjanda. Það ber því að taka til greina kröfu sækjanda um sýknun. Málskostnaður fyrir öllum dómum á að falla niður og málflutningslaun hinna skipuðu málaflutningsmanna málsaðilanna fyrir hæstarjetti að greiða af almannafje.

Því dæmist rjett að vera:

Sækjandinn á fyrir kröfum stefnda í þessu máli sýkn að vera. Málskostnaður fyrir öllum dómum falli niður. Í dómsmálasjóð greiðir stefndi 2 krónur. Í málflutningslaun fyrir hæstarjetti veitist aðvókat Klubien og hæstarjettarmálaflutningsmanni Asmussen 150 krónur hvorum, er greiðast af almannafje.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í Dómasafninu, III. b. bls. 236—241.

Fimmtudaginn 2. júnímán. 1891.

Nr. 54. Jón Magnússon fyrir sjálfan sig og samerfingja sína (Lunn eptir skipun)

gegn

verzluninni B. Muus & Co eða, fyrir hennar hönd, eigendum hennar, stórkaupmanni Elías B. Muus o. fl. (Halkier)

um ábyrgðarskuldbindingu.

Bæjarþingsdómur Reykjavíkur 3. nóvembermán. 1887:

Stefndi, Magnús Jónsson, á að greiða stefnanda, B. Muus & Co í Kaupmannahöfn 30469 krónur 60 aura með 7% vöxtum frá 23. apríl þ. á. til borgunardags og ennfremur 6% vexti af 38469 kr. 60 aur. frá 1. ágúst 1886 til 23. apríl 1887. Málskostnaður falli niður. — Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Dómur landsyfirrjettarins á Íslandi 25. júnímán. 1888:

Ef gagnáfrýjandi Magnús Jónsson, eptir löglegan undirbúning fyrir rjetti á sínu varnarþingi, vinnur þann eið, að hann hafi eigi undirskrifað ofan umgetið ábyrgðarskjal, dags. 10. desbr. 1881, á hann að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda B. Muus & Co, í máli þessu, og á þá málskostnaður fyrir báðum dómum að falla niður. En vinni gagnáfrýjandi eigi svofelldan synjunareið, þá á hann að greiða aðaláfrýjanda 30469 krónur og 60 aura með 7% vöxtum frá 23. aprílmán. f. á. til borgunardags og ennfremur 6% vexti af 38469 kr. 60 aur. frá 1. ágústmán. 1886 til 23. aprílmán. f. á., og að auki í málskostnað 60 krónur. — Dómi þessum ber að

fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Þess skal fyrirfram getið, að Magnús Jónsson ljezt 28. maí 1889 og að erfingjar hans hafa í hans stað komið fram sem aðalsækendur fyrir hæstarjetti.

Eptir því sem sjeð verður af málsfærslunni fyrir undirrjettinum, studdist eigi neitun sú, er þar kom fram, á undirskript Magnúsar Jónssonar undir ábyrgðarskjalinu, við neina yfirlýsing frá honum sjálfum eða nokkrum þeim, er sjálfum var kunnugt um það atriði, og eptir að fram var komin af þeim sökum frá hálfu gagnsækjandans skýr áskorun um að útvega yfirlýsingu um þetta atriði frá Magnúsi Jónssyni sjálfum, þá var þeirri áskorun eigi gegnt, og var það borið fyrir, að Magnús Jónsson væri eigi fær um að gefa yfirlýsingu af skynsamlegu viti. Þrátt fyrir nýja áskorun, voru þó eigi færðar sönnur á þetta, og er eigi bót á því ráðin með læknisyfirlýsingu, sem lögð hefur verið fram fyrir hæstarjetti, og sem útveguð var nokkrum mánuðum áður en áskorunin, kom fram, til afnota við úrlausn spurningarinnar um, hvort svipta skyldi Magnús Jónsson fjárforræði.

Samkvæmt þessu, og að viðbættri þeirri athugasemd, að með upplýsingum þeim, er legið hafa fyrir hæstarjetti og að mestu leyti hafa komið fram eptir uppsögn hins áfrýjaða dóms, eru miklar líkur fengnar fyrir því, að undirskriptirnar á ábyrgðarskjalinu sjeu sannar, verður að byggja dóminn í málinu á rjettmæti tjeðs skjals, og með því að það er rjett í yfirrjettardóminum, að þar er eigi lögð nein þýðing í aðrar mótbárur gegn gildi ábyrgðarinnar, þá ber eptir kröfu

gagnsækjandans að staðfesta bæjarþingsdóminn, en með honum var Magnús Jónsson skyldaður til að borga hina umstefndu upphæð, og skal það tekið fram, að nú kemur að sjálfsögðu bú Magnúsar Jónssonar í hans stað. Málskostnaður fyrir yfirrjetti og hæstarjetti á að falla niður og málflutningslaun hins skipaða málflutningsmanns aðalsækendanna fyrir hæstarjetti ásamt endurgjaldi til hans fyrir útlagðan kostnað að greiða að almannafje.

Því dæmist rjett að vera:

Bæjarþingsdómurinn á óraskaður að standa. Málskostnaður fyrir yfirrjetti og hæstarjetti falli niður. Í dómsmálasjóð greiða aðalsækendurnir 2 krónur. Hæstarjettarmálaflutningsmanni Lunn veitast í málflutningslaun fyrir hæstarjetti 150 krónur, er ásamt 108 króna endurgjaldi fyrir útlagðan kostnað ber að greiða af almannafje.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í Dómasafninu III. b. bls. 328—334.

Fimmtudaginn 1. októbermán. 1891.

Nr. 124. Landshöfðinginn yfir Íslandi fyrir hönd Möðruvallaklausturkirkju (Bagger)

gegn

Anton Sigurðssyni og Jóni Antonssyni (enginn),

um lögmæti lögtaks fyrir kirkjutíundargjaldi.

Fógetarjettarúrskurður Eyjafjarðarsýslu 21. desembermán. 1887:

Lögtak það, sem hreppstjórinn í Arnarnesshreppi framkvæmdi þann 24. nóvember þ. á. til lúkningar á kirkjutíund af jörðinni Arnarnesi, skal ógilt vera, og hinir lögteknu munir því leystir úr löghaldinu.

Dómur landsyfirrjettarins á Íslandi 6. ágústmán. 1888:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður á að vera óraskaður. Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar:

Með konungsbrjefi 16. janúarmán. 1889 er hæstarjetti veitt heimild til að taka mál þetta til dómsáleggingar, þó það kunni að reynast að efni þess eigi nemi summa appellabilis.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem tilfærðar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann. Málflutningslaun hins skipaða málflutningsmanns sækjandans fyrir hæstarjetti ber ásamt endurgjaldi því fyrir útlagðan kostnað, er hann hefur krafizt, að greiða af almannafje.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur landsyfirrjettarins á að vera óraskaður. Hæstarjettarmálaflutningsmanni Bagger veitast í málflutningslaun fyrir hæstarjetti 120 krónur og sem endurgjald fyrir útlagðan kostnað 1 króna 50 aurar, og greiðast upphæðir þessar af almannafje.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í Dómasafninu III. b. bls. 347—351.

Fimmtudaginn 19. nóvembermán. 1891.

Nr. 125. Stjórn hins eyfirzka ábyrgðarfjelags (Hindenburg)
gegn
vicekonsúl J. V. Havsteen (Asmussen)
um greiðslu ábyrgðarupphæðar.

Aukarjettardómur Akureyrarkaupstaðar 13. júlí 1887:

Innstefnda stjórn hins eyfirzka ábyrgðarfjelags á fyrir ákæru vicekonsúls J. V. Havsteens og sameigenda hans að skipinu »Úlfi« í þessu máli frí að vera. Málskostnaður falli niður.

Dómur landsyfirrjettarins á Íslandi, 12. marz 1888:

Hin stefnda stjórn hins eyfirzka ábyrgðarfjelags á að greiða áfrýjandanum J. V. Havsteen 618 kr. 9 a. Málskostnaður fyrir undirrjetti og yfirdómi falli niður. — Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Samkvæmt ástæðum þeim, sem tilfærðar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber eptir kröfu stefnda að staðfesta hann.

Málskostnað fyrir hæstarjetti þykir eptir atvikum rjett að sækjandinn greiði stefnda með 200 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur landsyfirrjettarins á að vera óraskaður,

Málskostnað fyrir hæstarjetti greiðir sækjandinn stefnda með 200 krónum. Svo greiðir og sækjandinn í dómsmálasjóð 10 krónur.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í Dómasafninu III. b. bls. 276–282.

Landsyfirrjettardómar 1892.

Mánudaginn 25. janúarmánaðar.

Nr. 31/1891: Bæjarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps gegn Guðmundi Magnússyni.

Dómur:

Mál þetta, sem áfrýjendurnir höfðuðu gegn hinum stefnda út af ágreiningi um landamerki milli eignarjarðar hans Elliðakots á aðra hliðina, og afrjettarlands Reykjavíkurkaupstaðar og Seltjarnarnesshrepps á hina hliðina, var dæmt í landamerkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 19. sept. f. á. þannig, að landamerkin skyldu vera aðalfarvegur Lyklafellsárinnar úr Nautapolli allt að suðurenda Vatna-ássins, þar sem farvegurinn kvíslast; úr því ráði nyrðri farvegurinn, þangað til hann kemur í Fossvallaá. Upp í málskostnað fyrir landamerkjadóminum var áfrýjendunum gjört að greiða 49 kr. til dómendanna, og hinum stefnda 23 kr.

Þessum landamerkjadómi hefur bæjarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps skotið til yfir-

rjettarins með stefnu, útgefinni 29. sept. f. á., og krafizt þess, að dómurinn verði algjörlega úr gildi felldur fyrir lögleysu að efni til, og að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins. Stefndi hefur af sinni hálfu gjört þá rjettarkröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum hæfilegt málskostnaðarendurgjald fyrir yfirdómi.

Samkvæmt landamerkjaskrá áfrýjendanna hefur þess af þeirra hálfu verið krafizt, að landamerkin væru ákveðin þannig: »Fyrst að norðanverðu úr svo kölluðu Hraunsnefi neðanvert við Lækjarbotnaland, og svo eptir hraunhólum þeim, sem liggja úr Hraunsnefinu beint norður í á, og svo ræður áin allt upp í Átthaga- (eða Nátthaga-)vatn, og svo eptir því miðju, þangað til áin fellur í vatnið fyrir norðan Átthagann, og sem sú á ræður suðaustur með heiðarbrúninni; svo úr henni neðan til við uppsprettu hennar eptir árfarvegi og í aðal-Fossvallaána, þar sem hún fellur niður úr gljúfrinu, fram af heiðarbrúninni; svo ræður sú á, sem liggur með heiðarjaðrinum (Elliðakotsheiði) alla leið að norðanverðu við Fóellu-vötn allt upp fyrir norðan ás þann, sem skilur Efri- og Neðri-vötn. Þaðan eru merkin áframhald með sömu heiði upp árfarveginn, sem liggur sunnan undir Lyklafelli, og eptir þeim farveg austur og upp í sýslumörk«. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi haldið því fram, að landamerkin á milli Elliðakots og afrjettarlands Reykjavíkurbæjar og Seltjarnarnesshrepps sjeu þessi: »Frá Vífilfelli niður Sandskeiðið niður fyrir Vatna-sæluhúsið, og svo eptir árfarinu fyrir sunnan Neðri-vötn niður að púfu, sem stendur á holtstanga fyrir neðan Neðri-vötn«.

Með dómsákvæði sínu, því er áður hefur greint verið, hefur merkjadómurinn dæmt undir Elliðakotsland nokkurn hluta (eða nyrðra partinn) af svokölluðum Efri-vötnum, frá Nautapolli og niður fyrir Vatnaásinn, en þessa landsspildu vildu báðir málspartar eigna sjer. Ýms vel kunnug vitni hafa þó borið það í málinu, að Fóellu-vötnin (bæði Efri- og Neðri-vötnin) hafi um langan aldur, eða svo lengi sem þau muna til, verið talin og notuð sem afrjettarland Seltjarnarnesshrepps og Reykjavíkur, enda er það viðurkennt af stefnda, að minnsta kosti að því er Reykjavík snertir, og allar líkur eru einnig fyrir því, að hreppatakmörkin (milli Seltjarnarnesshrepps og Mosfellssveitar) skilji öll Fóellu-vötnin frá heimalandi Elliðakots. Á móti þessu eru engar hinar minnstu líkur eða sannanir framkomnar frá hálfu hins stefnda eiganda Elliðakots, og virðist hann þó samkvæmt Jónsb. landslb. 26. kap. i. f. hefði þurft að færa sönnur á eignarrjett sinn að landsspildunni gagnvart tjeðu eignarhaldi eða notkun áfrýjendanna. Merkjadómurinn verður því með þessu að álítast hafa gjört sig sekan í lögleysu í dómi sínum. Auk þess er það eigi rjett af merkjadóminum, að hann hefur ekki lagt dóm á um alla hina umþrættu merkjalínu, og eigi ákveðið merkin lengra upp og austur en að Nautapolli, þótt kröfur málspartanna og ágreiningur snertu merkin lengra austur. — Það verður af þessum sökum að ónýta hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim aptur.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum mega falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim aptur. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 22. febrúarmánaðar.

Nr. 22 1891: Stefán Einarsson
gegn
fyrv. presti Stefáni Halldórssyni
og Kristjáni Sigurðssyni.

Dómur:

Í máli þessu, sem er út af landamerkjaágreiningi milli jarðarinnar Möðrudals á Fjöllum annars vegar og Hofteigs-kirkjujarðarinnar Arnórsstaða og bændaeignarinnar Víðirhóla hins vegar, og sem dæmt var í landamerkjadómi Norður-Múlasýslu 20. sept. 1888, var áfrýjunarfresturinn útrunninn og því fengið leyfisbrjef til uppreistar, til þess að málinu yrði áfrýjað til yfirrjettarins, og var leyfisbrjef þetta útgefið af landshöfðingja 13. maí f. á. Áfrýjunarstefna var þó eigi úttekin fyr en 12. júní næst á eptir, eða síðar en skyldi, til þess uppreistarleyfið geti komið áfrýjandanum að notum, samkv. op. br. 2. júní 1819, 2. gr., og verður því að vísa máli þessu ex officio frá yfirdóminum. Málskostnaður fyrir yfirdómi á eptir atvikum að falla niður, og málsfærslukaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda, Stefáns prests Halldórssonar, er ákveðast 12 krónur, greiðist úr opinberum sjóði. Aptur á móti verður eptir þessum úrslitum málsins hinum skipaða

málflutningsmanni sækjanda eigi dæmt neitt málsfærslukaup.

Þar sem mál þetta hefur verið sótt og varið fyrir yfirdómi með gjafsókn, vottast, að málsfærslan hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður, og málsfærslukaup hins skipaða umboðsmanns stefnda, yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar, 12 krónur, greiðist af almannafje.

Mánudaginn 21. marzmánaðar.

Nr. 24 1891: Þorvaldur Jónsson gegn skiptaráðandanum í Ísafjarðarsýslu og -kaupstað, Skúla Thoroddsen, sjera Sigurði Stefánssyni, Jóni Einarssyni, Jakobi Rósinkarssyni og Gunnari Halldórssyni.

Dómur:

Eptir að skiptaráðandanum í Ísafjarðarsýslu og kaupstað, sýslumanni og bæjarfógeta Skúla Thoroddsen, hafði borizt brjef, dags. 14. febr. f. á., frá Sigurði Stefánssyni, Jóni Einarssyni, Jakob Rósinkarssyni og Gunnari Halldórssyni, þar sem þeir tjá, að þeir eigi skuld hjá prentfjelagi Ísfirðinga, sem þeir þrátt fyrir ítrekaðar kröfur eigi hafi fengið endurgoldna, og krefjast þess jafnframt, að eigur tjeðs fjelags verði teknar til skipta-

meðferðar sem þrotabú, — fór skiptaráðandinn hinn 24. marz f. á. í leiguherbergi prentsmiðju Ísfirðinga, setti þar skiptarjett, og um leið og hann gat þess, að honum væri ókunnugt um, hvort nokkir, eða þá hverjir, væru í stjórn prentfjelagsins, úrskurðaði hann að taka eigur prentfjelagsins samkvæmt kröfu nefndra 4 skuldheimtumanna til skiptameðferðar sem þrotabú. Voru síðan eptir tilvísan prentara Jóhannesar Vigfússonar, sem þó tjáðist eigi vera í þjónustu fjelagsins, eigur þess uppskrifaðar og virtar á 684 kr. 60 aur. Þá skrifaði skiptaráðandinn einnig upp skuldir þær, sem kunnugt var um, alls 1326 kr. 95 aur., og er þar í fólgin skuld gjörðarbeiðenda samkvæmt skuldabrjefi prentfjelagsstjórnarinnar, útgefnu 16. sept. 1889. Þar næst hjelt skiptaráðandinn hinn 3. aprílm. f. á. skiptafund í þrotabúi prentfjelags Ísfirðinga, sem auglýstur hafði verið á venjulegan hátt og sjerstaklega tilkynntur skuldheimtumönnum, sem kunnugt var um, og mættu þar hinir stefndu skuldheimtumenn, svo og nokkrir fleiri, þar á meðal áfrýjandinn, hjeraðslæknir Þorvaldur Jónsson, er tjáðist vera í stjórn prentfjelagsins, og mótmælti því fyrir hönd prentfjelagsstjórnarinnar, að eigur fjelagsins væru teknar til skiptameðferðar sem þrotabú, og til vara krafðist hann þess, að sýslumaður og bæjarfógeti Skúli Thoroddsen »eigi meðhöndladi bú þetta« (o: viki sæti sem skiptaráðandi). Þessum kröfum mótmæltu 4 skuldheimtumenn, hinir stefndu, og úrskurðaði skiptaráðandinn síðan samdægurs, að þær yrði eigi teknar til greina, og er það sjerstaklega tekið fram í úrskurðinum, að eigur þrotabúsins verði eigi seldar áfrýjandanum í hendur, eptir kröfu hans, sem stjórnanda prentfjelagsins. Framangreindum 2 skiptarjettarúrskurðum, uppkveðn-

um 24. marzm. og 3 aprílm. f. á., hefur hjeraðslæknir Þorvaldur Jónsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 15. júní f. á., og gjört þær rjettarkröfur, *að* úrskurðirnir verði úr gildi felldir, og allt sem skiptaráðandinn hefur gjört viðvíkjandi eigum fjelagsins verði dæmt ómerkt, *að* skiptaráðandinn verði skyldaður til að skila áfrýjanda sem löglega kosnum stjórnanda í fjelaginu og fyrir hönd stjórnarnefndarinnar, eða til vara stjórn prentfjelagsins, eignum þess, og hinir stefndu, Sigurður Stefánsson, Gunnar Halldórsson, Jón Einarsson og Jakob Rósinkarsson, sem heimtuðu þrotabúsmeðferð á þeim, verði dæmdir til þess in solidum eða in solidum með skiptaráðanda að borga skaða allan eptir óvilhallra manna mati, sem fjelagið hefur beðið af þessu tiltæki þeirra, svo og allan málskostnað að skaðlausu, ekki undir 200 kr. Á hinn bóginn hafa hinir stefndu látið krefjast þess, að áfrýjunarstefnunni verði frávísað, að því er snertir úrskurð skiptarjettarins 24. marzm. f. á., og að úrskurður sama rjettar 3. aprílm. f. á. verði staðfestur, og til vara, að báðir þessir úrskurðir verði staðfestir, svo og að áfrýjandinn verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða hinum stefndu nægilegan málskostnað eptir mati rjettarins.

Hinir stefndu byggja frávísunarkröfuna á því, að áfrýjandinn hafi eigi komið fram sem málspartur fyrir skiptarjettinum hinn 24. marzm. f. á., og sje því eigi bær um að áfrýja þeim úrskurði. En þessi ástæða er þýðingarlaus, þar sem áfrýjanda, eptir því sem fram er komið í málinu, eigi gafst kostur á að vera við tjeð skiptarjettarhald. Frávísunarkrafan verður því eigi tekin til greina.

Áfrýjandinn hefur krafizt ónýtingar á skiptarjettar-

úrskurðunum fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að hinn stefndi skiptaráðandi sje sjálfur meðlimur og aktíu-eigandi í fjelagi því, sem hann nú hefur úrskurðað gjaldþrota, og að hann sje meðeigandi fjármuna þeirra, sem hann hefur tekið til skiptameðferðar sem þrotabú. Í skiptarjettarúrskurðinum 3. aprílm. lýsir skiptaráðandinn því yfir, að hann hafi enga kröfu til búsins gjört, og að hann sje ekkert við það riðinn, og, að því er skuldirnar snertir, hafði hann lýst hinu sama yfir í skiptarjettinum 24. marzm. f. á. Hjer fyrir rjettinum hefur málsfærslumaður skiptaráðandans neitað því ýtarlega og skýlaust, að hann sje eða hafi verið meðlimur, aktíueigandi eða á nokkurn hátt vandabundinn prentfjelagi Ísfirðinga á þeim tíma, er eigur þess voru teknar til meðferðar sem þrotabú. Þessa staðhæfingu skiptaráðanda og umboðsmanns hans verður að taka til greina, með því að henni eigi hefur verið hnekkt með lögfullum gögnum, og verða úrskurðirnir eigi ónýttir fyrir það, að skiptaráðandi hafi verið málspartur í búinu eða viðriðinn það.

Á skiptafundinum 24. marz f. á., þegar prentfjelagsbúið var tekið til skiptameðferðar sem þrotabú, var enginn viðstaddur af hálfu prentfjelagsstjórnarinnar, og hafði henni eigi verið gjört aðvart um þetta rjettarhald, enda var skiptaráðanda þá, eptir því sem hann tók fram í rjettinum, ókunnugt um, hvort nokkur, eða hverjir, væru í stjórn prentfjelagsins. Og þó búast hefði mátt við meiri varfærni eða nærgætni við prentfjelagsstjórnina af hálfu skiptaráðandans í þetta skipti, sjerstaklega að hann hefði gjört sjer nokkurt far um að grennslast eptir stjórnendum fjelagsins, til þess að geta gjört þeim viðvart um rjettarhaldið, þá verður samt

sem áður sá úrskurður skiptaráðandans, er hann þá felldi um þrotabúsmeðferð á eigum fjelagsins, og sem virðist hafa eingöngu verið á því byggður, að eigur fjelagsins væru í óreiðu og umsjónarlausar, eigi álitinn beinlínis ólöglegur eptir því sem þá stóð á. En þegar áfrýjandinn mætti af hendi prentfjelagsstjórnarinnar á skiptafundinum 3. apríl f. á. og mótmælti þrotabúsmeðferð á eigum prentfjelagsins í stjórnarinnar nafni, og krafðist, að þær væru seldar í hendur stjórninni, þá gat skiptaráðandinn eigi lengur að raunalausu eða án frekari eptirgrennslunar álitið eigur prentfjelagsins vera í óreiðu, og þar sem hann þó með úrskurði, er hann upp kvað þá samstundis, neitaði að selja áfrýjandanum í hendur eigur prentfjelagsins, án þess beinlínis að neita veru hans í prentfjelagsstjórninni eða heimild hans til að koma fram fyrir stjórnarinnar hönd, eins og einnig án þess að tilfæra nokkra aðra ástæðu fyrir þrotabúsmeðferð á eigum prentfjelagsins — en það atriði eitt sjer, að fram var komin krafa á hendur fjelaginu, sem virtist vera fallin í gjalddaga og þó enn óborguð, en sem á hinn bóginn var öldungis óvíst um, hvort væri viðurkennd rjett að vera af fjelaginu eða stjórn þess, gat ekki rjettlætt töku prentfjelagseignanna til þrotabúsmeðferðar —, þá var þessi aðferð skiptaráðandans ólögleg með öllu, og það því fremur sem það er upplýst nægilega hjer fyrir rjettinum, eða því má álítast að minnsta kosti eigi nægilega mótmælt, að áfrýjandinn hafi verið löglegur stjórnandi prentfjelagsins og mætt löglega af þess hendi eða stjórnar þess á umgetnum skiptafundi. Það verður því að fella úr gildi greindan skiptarjettarúrskurð 3. apríl f. á. og skylda skiptaráðandann til að skila stjórn prentfjelagsins í hendur eig-

um prentfjelagsins, er hann hefur haft undir stjórn sinni sem skiptaráðandi. Hvað skaðabótakröfu áfrýjanda snertir, þá hefur hann ekki gjört tilraun til að sýna eða sanna, að fjelagið hafi nokkurt tjón beðið af skiptameðferð á eigum þess og ráðsmennsku skiptarjettarins á þeim, og verða stefndu því eigi skyldaðir til að svara fjelaginu neinum skaðabótum í þessu skyni. Aptur á móti þykir rjett, að stefndu greiði áfrýjanda allir in solidum málskostnað með 60 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði skiptaúrskurður 3. apr. f. á. skal úr gildi felldur og skyldast skiptaráðandi til að skila prentfjelagsbúinu í hendur prentfjelagsstjórninni, sem löglegum umráðanda þess. Málskostnað greiði allir hinir stefndu, sýslumaður og bæjarfógeti Skúli Thoroddsen, Sigurður Stefánsson, Jón Einarsson, Jakob Rósinkarsson og Gunnar Halldórsson in solidum áfrýjandanum Þorvaldi Jónssyni með 60 krónum, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. marzmánaðar.

Nr. 2/1892: Rjettvísin gegn Rögnvaldi Guðmundssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Ísafjarðarsýslu uppkveðnum 16. octóberm. f. á. var hinn ákærði, Rögnvaldur bóndi

Guðmundsson á Svarfhóli í Súðavíkurhreppi, dæmdur fyrir sviksamlegt athæfi samkvæmt 258. gr. hinna alm. hegningarlaga 25. júní 1869 í 8 daga einfalt fangelsi og til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað, þar með taldar 4 kr. í málsvarnarlaun til kand. Gríms Jónssonar. En þessum dómi hefur að ósk hins dómfellda verið áfrýjað til yfirdómsins.

Með veðskuldabrjefi, dags. 5. sept. 1884, innrituðu til þinglesturs daginn eptir og þinglesnu á næsta manntalsþingi, að Súðavík, 9. júní 1885, veðsetti hinn ákærði H. A. Clausens verzlun á Ísafirði fyrir skuld til hennar með fyrsta veðrjetti eigur sínar, nefnilega 2 kýr, 2 hesta, 1 bát með tilheyrandi útgerð, seglum og árum, öllu í bærilegu standi, svo og allar aðrar eigur sínar og allt það er hann eignaðist, þar til skuldinni væri lokið. Vorið 1885 drápust báðar kýr ákærða úr pest, og hjálpuðu þá sveitungar hans í Hrófbergshreppi honum og skutu saman handa honum kýrverði, sem hann svo keypti sjer kú fyrir, en það var haft í skilyrði fyrir hjálpinni, eptir því sem hreppsnefndin í Hrófbergshreppi hefur vottað í málinu, að ákærði mætti eigi farga nefndum bjargræðisgrip eða hann takast frá honum til afborgunar neinum öðrum skuldum. Snemma um sumarið 1890 var ákærði krafinn um skuld til Sigfúsar kaupmanns Bjarnarson á. Ísafirði, og kom verzlunarstjóri nefnds kaupmanns heim til ákærða í því skyni, og seldi þá ákærði verzluninni greinda kú fyrir 85 kr., og gekk andvirði hennar að mestu leyti upp í skuldina til Sigfúsar kaupmanns, en ákærði tók út á afganginn nauðsynjar sínar. Seinna um sumarið gaf ákærði upp bú sitt sem gjaldþrota, og þar sem H. A. Clausens verzlun, sem ákærði var þá eigi búinn að

greiða neitt af framangreindri veðskuld, fjekk við skiptin á búinu að eins lítið upp í skuld sína, en verzlunarstjóri hennar hafði frjett, að ákærði hefði selt fyrnefnda kú, sem hann áleit vera verzluninni veðsetta, þá kærði hann ákærða fyrir sýslumanni fyrir að hafa dregið undan og selt af veðinu, og tók sýslumaður síðan fyrir mál þetta.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi ímyndað sjer eða ætlað, að kýrin, sem hann keypti fyrir styrkinn frá sveitungum sínum, heyrði eigi undir veðrjett Clausens verzlunar, og að hann hafi hálfvegis skoðað hana sem eign Hrófbergshrepps eða sveitunga sinna þar, þó að hann teldi sjer frjálst að hagnýta sjer hana eða selja hana eins og hann gjörði. Hann kveðst einnig hafa minnzt á veðbandið á eigum sínum við verzlunarstjóra Sigfúsar kaupmanns, áður en hann seldi honum kúna, og hefði hann sagzt skyldi ábyrgjast söluna hvað veðið snerti; en þetta hefur verzlunarstjórinn reyndar eigi fullkomlega viljað kannast við. Þegar nú lítið er til þess, sem hreppsnefndin í Hrófbergshreppi hefur samkvæmt áðursögðu vottað um skilyrði fyrir kýrgjöfinni, og til eðlis þessa bjargræðisstyrks í sjálfu sjer, þá þykir mega taka trúanlega skýrslu ákærða um skoðun hans á veðrjettinum, að hann eigi næði til kýrinnar, og verður því að álíta, að hann hafi eigi haft neinn sviksamlegan tilgang með kýrsölunni. Þar sem eigi er heldur nein ástæða til að ætla, gegn neitun ákærða, að hann hafi þá þegar, er hann seldi kúna, verið búinn að afráða að framselja bú sitt til skiptameðferðar sem gjaldþrota, sem hann þó gjörði nokkru síðar um sumarið, þá verður að sýkna hann fyrir ákæru sóknarans í þessu máli, og greiðist málskostnaður, þar með talin máls-

varnarlaun í hjeraði, 4 kr., og málflutningslaun til hins skipaða sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra, af almannafje.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Rögnvaldur Guðmundsson á að vera sýkn fyrir ákæru sóknarans í máli þessu. Málskostnaður, þar með talin málsvarnarlaun til kand. Gríms Jónssonar, 4 krónur, og málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannana Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Nr. 1/1892: Rjettvísin gegn Guðna Jónssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Suðurmúlasýslu, uppkveðnum 1. ágústm. f. ár, var hinn ákærði Guðni Jónsson dæmdur fyrir þjófnað og ólögmæta meðferð á fundnu fje til að þola 20 vandarhagga refsingu með hliðsjón af 235., 37. og 30. gr. alm. hegningarlaga, eins og komizt er að orði í dóminum, svo og til að greiða allan málskostnað. Dómi þessum hefur amtmaðurinn yfir norður- og austuramtinu skotið til yfirrjettarins.

Það er sannað í máli þessu með játningu hins á-

kærða sjálfs og öðrum skýrslum, að hann hafi fundið peningabuddu á bæjarstjettinni hjá Svínaskálastekk í janúarmán. f. á., og var í buddunni 1 og $^1_2$ enskt pund, og gamall danskur 12-skildingur. Þenna gamla pening seldi hann, en $^1/_2$ punds peninginn gaf hann. Fjell þá grunur á hann um, að hann hefði komizt ófrómlega að peningunum, og var þeim síðan skilað aptur. Buddunni, sem peningarnir voru í, hafði hinn ákærði kastað. Eigandi peninganna var á Svínaskálastekk og sat þar að spilum, þegar peningarnir hurfu honum, og tjáir hann, að vel geti verið, að peningabuddan hafi hrokkið upp úr vasa hans.

Skömmu áður en þetta var, eða í fyrra haust, hefur Guðni, eptir hans eigin játningu og öðrum skýrslum í málinu, tekið úr ólæstu púlti í Teigagerði peningabuddu með rúmum 18 kr., og sömuleiðis tók hann þar nokkrar knallhettur. Peningabudduna með peningunum tók bróðir Guðna af honum, og hefur hún komizt til skila. Um sama leyti eða skömmu síðar (litlu fyrir jól 1890) tók Guðni vindlaveski úr yfirfrakka á Stuðlum, en það var síðar tekið af honum, og var því svo skilað aptur. Það hefur verið talið 4 kr. virði. Aptur á móti er það eigi sannað, að Guðni hafi gjört sig sekan í þjófnaði eða annarri óráðvendni í Eyjum, þegar hann var þar gestkomandi veturinn 1889—1890.

Ákærði Guðni Jónsson er fæddur 8. nóv. 1878, og var því að eins 12 ára eða kominn á 13 árið, er hann framdi ofannefnd afbrot. Eptir skýrslu svaramanns hans, sem og er sóknarprestur hans, er pilturinn framfús og tápmikill, en uppeldi hans hefur verið vanrækt, og skýrir presturinn frá, að hann hafi eigi næma rjettarmeðvitund, og að honum hafi eigi verið ljós »ljótleiki

misverknaðarins«. Samkvæmt 37. gr. almennra hegningarlaga 25. júni 1869 verður hinn ákærði eigi dæmdur til refsingar fyrir ólögmæta meðferð á peningabuddunni og peningunum, sem hann fann, en þar á móti verður að refsa honum fyrir þjófnað þann, sem hann hefur gjört sig sekan í. Refsingin fyrir tjeð misferli ákveðst 10 vandarhögg samkvæmt 235. og 30. sbr. 63. gr. hegningarlaganna. Svo ber hinum ákærða og að greiða allan kostnað, sem leitt hefur af sök þessari gegn honum, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, sem ákveðast 10 kr. fyrir hvorn. — Um iðgjöld er eigi að ræða í málinu, því að mestmegnis hefur þýfinu verið aptur skilað, og að öðru leyti hefur endurgjalds ekki verið krafizt. Það þykir ekki ástæða til þess að víta undirdómarann fyrir það, að hann setti hinn ákærða í gæzluvarðhald stund úr degi, enda hefur dómarinn upplýst, að heitt og bjart hafi verið í fangakompunni, og fangavörðurinn hafi verið í næsta herbergi í fangahúsinu, meðan ákærði var í varðhaldinu, — nje heldur fyrir það, að hann bar eigi málið undir úrskurð landshöfðingja samkv. niðurlaginu í 37. grein hengingarlaganna, áður en hann ljet það ganga til dóms. Og þó nokkur dráttur hafi orðið á rannsókn málsins, og hún hafi eigi verið nálægt því svo ýtarleg og nákvæm, sem kostur var á og æskilegt hefði verið, er þó eigi alveg fullnæg ástæða til að láta hjeraðsdómarann sæta sektum fyrir meðferð hans á sök þessari. Það vottast, að málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Guðni Jónsson sæti 10—tíu—

vandarhagga refsingu, og greiði allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumannanna Lárusar Bjarnason og Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra. Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 34/1891: Guðmundur Gunnarsson
gegn
Ingjaldi Sigurðssyni og
Erlendi Guðmundssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af Guðmundi Gunnarssyni fyrrum bónda á Möðruvöllum í Kjós gegn eigendum nefndrar jarðar, Ingjaldi Sigurðssyni og Erlendi Guðmundssyni, til skaðabóta fyrir það, að þeir hafi án lögmætra orsaka byggt honum út af nýnefndri jörð. Mál þetta var dæmt í hjeraði 17. október 1891 með þeim úrslitum, að hinir stefndu voru dæmdir sýknir af kærum og kröfum stefnandans, en honum gjört að greiða þeim í málskostnað 60 kr.

Þessum dómi hefur Guðmundur Gunnarsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu dags. 14. nóv. f. á. og krafizt:

1. Að undirrjettardómnum verði hrundið og breytt þannig, að hinir stefndu verði dæmdir til báðir fyrir einn og einn fyrir báða, eða stefndi Erlendur einn, að greiða áfrýjandanum allt að 200 kr.

skaðabótum eptir óvilhallra dómkvaddra manna mati.

2. Að stefndu verði skyldaðir til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum rjettum með 150 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati yfirdómsins. Hinsvegar hafa hinir stefndu krafizt, að undirrjettardómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða hinum stefndu málskostnað fyrir yfirdómi með 30 kr., eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Fyrir jól 1889 var áfrýjanda, Guðmundi Gunnarssyni, birt útbyggingarbrjef hinna stefndu, eigenda jarðarinnar Möðruvalla í Kjós, Ingjaldar Sigurðssonar og Erlendar Guðmundarsonar, til þess að flytja burt frá nefndri jörðu, Möðruvöllum, í fardögum 1890. Hafði hann byggingarbrjef frá Ingjaldi fyrir þeirri hálflendu jarðarinnar, er hann á, en bygging hans fyrir hinni hálflendunni, eign Erlendar, studdist við munnlegan samning. Útbyggingarsakir voru þær: 1. að tún og engjar jarðarinnar gengju úr sjer árlega; 2. að áfrýjandi heimildarlaust hefði leigt öðrum manni nokkurn part jarðarinnar; 3. að hann hafi ekki skeytt um að uppfylla það loforð sitt, að byggja heyhlöðu upp úr rústum hins gamla bæjar; og loks 4. að hann hefði ekki nægan mannafla til að sinna þeim búskap, er nauðsynlega þyrfti við ábýli hans.

Að því kemur til hinnar fyrst greindu útbyggingarástæðu, þá hafa hinir stefndu að vísu fært nokkrar líkur til þess, að tún jarðarinnar hafi gengið nokkuð af sjer, en þó ekki getað sannað það til hlítar. Heldur ekki hafa þeir gegn neitun áfrýjanda sannað, að útbyggingarástæður þær, sem nefndar eru undir 3. og 4.

tölul. hjer að framan, eigi við næg rök að styðjast. Aptur á móti er það viðurkennt í málinu, að áfrýjandi hafi byggt öðrum manni af jörðinni, og að það hafi verið án leyfis af hendi hins stefnda Ingjaldar Sigurðssonar. En áfrýjandi hefur haldið því fram, að hinn stefndi Erlendur Guðmundsson hafi leyft það eða gefið vilyrði fyrir því, að því snerti hálflendu jarðarinnar, þá er hann á.

En þessa sögu sína hefur hann ekki getað sannað, enda hefur Erlendur neitað því, að hann hafi veitt honum nokkra heimild til þess. Með því það nú er ákveðið í 13. gr. laga um ábúð jarða o. fl. 12. jan. 1884, að leiguliði megi eigi byggja öðrum af leigujörð sinni, nje húsmenn taka, nema landsdrottinn leyfi, þá er það rjett útbyggingarsök, ef leiguliði brýtur á móti þessu lagaákvæði. Með því áfrýjanda þannig hefur verið byggt út af ábýlisjörð sinni, Móðruvöllum, af löglegri ástæðu, kemur skaðabótakrafa hans ekki til álita í þessu máli. Það ber því, með því að landsyfirdómurinn einnig fellst á ákvæði undirrjettardómsins um málskostnaðinn, að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eptir málavöxtum virðist og rjett, að áfrýjandi greiði hinum stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandinn Guðmundur Gunnarsson á að greiða hinum stefndu, Ingjaldi Sigurðssyni og Erlendi Guðmundssyni, málskostnað fyrir yfirdómi með 20 krónum, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 25. aprílmánaðar.

Nr. 38/1891: Hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps
gegn
Helga Hálfdánarsyni.

Dómur:

Áfrýjandinn, hreppsnefndin í Seltjarnarnesshreppi, lagði haustið 1890 12 kr. aukaútsvar til hreppssjóðs í tjeðum hreppi á hinn stefnda, lektor Helga Hálfdánarson, sem ábúanda á 1/3 Viðeyjar, og með því að hann eigi greiddi útsvarið, heimtaði hreppsnefndin, að það væri tekið lögtaki hjá honum. En hlutaðeigandi fógeti neitaði með úrskurði, uppkveðnum 19. nóv. f. á., að framkvæma lögtaksgjörðina. Þessum fógetaúrskurði er, að fengnu gjafsóknarleyfi, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 26. des. f. á., og heimtar hreppsnefndin í Seltjarnarnesshreppi sem áfrýjandi, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, bæjarfógetinn í Reykjavík, sem uppkvað úrskurðinn, skyldaður til að framkvæma lögtaksgjörðina, og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað, eins og sökin eigi væri gjafsóknarmál. Hinn stefndi hefur af sinni hálfu krafizt þess, að tjeður úrskurður verði staðfestur, og honum verði tildæmdur málskostnaður.

Áfrýjandinn lagði aukaútsvarið á hinn stefnda með skýrskotun til laga nr. 12 9. ágústm. 1889 um viðauka við og breytingar á hinum eldri sveitarstjórnarlögum, með því að hann (hinn stefndi) væri ábúandi á 1/6 parti Viðeyjar, sem hann hefði til yrkingar og afnota, og hefur hann lýst afnotum stefnda af jarðarpartinum á þessa leið, *að* hann hafi útmældan 1/6 part bæði af túninu og af öðru slægjulandi, og *að* hann láti heyja þar

á hverju sumri, svo mikið sem honum þykir nægja; *að* hann hafi þar fólk í þessu skyni allan heyskapartímann, og á öðrum tímum árs hafi hann þar fólk til að rækta þennan jarðarpart sinn og starfa að jarðabótum; að hann hafi 1/6 æðarvarps og reka á jörðinni, ennfremur 1/6 íbúðarhússins til afnota; *að* hann sje alloptast á sumrum í eyjunni með heimilisfólki sínu, og segi þá fólki sínu fyrir verkum eins og hver annar »landbóndi«; sumt af búpeningi sínum hafi hann allan árshringinn í eyjunni, og framfæri hann pening þann á heyi því, sem hann aflar þar, en afganginn af heyinu flytji hann til Reykjavíkur. Hinn stefndi, sem er eigandi að 1/6 hluta jarðarinnar Viðeyjar með húsum, sem á henni eru, og öðru sem henni fylgir, kannast ekki við, að afnot hans af jarðarpartinum sjeu svo víðtæk, eins og áfrýjandi lýsir þeim. Hann neitar því, að hann hafi útmældan 1/6 af túni og slægjulandi í Viðey, en segir, að hann og ábúandinn þar noti þetta eptir samkomulagi. Fólk hafi hann þar við heyvinnu venjulega að eins 6 vikur á ári, stundum 8 vikur. Á vorin láti hann 2 kvennmenn vera þar í 2 daga, til þess að vinna þar á velli. Af húsunum hafi hann til afnota að eins 1 herbergi þann tíma ársins, sem fólk hans liggur þar við heyskap. — Pening hafi hann alls engan haft þar, nema 1 útigangshest, og 1 kálf nokkurn hluta síðastliðins fardagaárs. Heyið, sem hann fær af sínum parti eyjarinnar, lætur hann flytja til Reykjavíkur, nema lítið eitt, er hann skilur eptir handa útigangshestinum. Frekari afnot tjáist hann eigi hafa af jörðinni.

Að því leyti ágreiningur er um, hve víðtæk afnot hinn stefndi hafi haft af eignarparti sínum í Viðey, er á hvoruga hliðina lögmæt sönnun komin fram um

það, hvernig tjeðum afnotum hafi verið varið. Málflytjendur hafa látið sjer nægja það eitt að staðhæfa, að svona væru þau, eins og að ofan er frá skýrt, og verður þá að taka til greina framsögn hins stefnda um þessi málsatvik.

Þó að hinn stefndi eptir hinu framanritaða hafi haft afnot $^1/_6$ Viðeyjar fardagaárið 1890—91, hafði hann ekki sjálfur bú þar í eiginlegum skilningi, eða ábúð á jörðinni, og eigi getur það heldur álitizt, að hann hafi haft þar útibú, þar sem hann eigi hafði árshjú og árs-áhöfn á jörðinni. Það er því rjett álitið af fógetanum, sem kveðið hefur upp hinn áfrýjaða úrskurð, að lögtak verði eigi gjört fyrir tjeðu auka-útsvari, með því að það eigi er heimilað með lögum nr. 12 9. ágúst 1889, nje hinum eldri landslögum um fátækraútsvar, og ber fyrir því að staðfesta tjeðan úrskurð.

Eptir atvikum þykir rjett, að málskostnaður falli niður, og eigi verður hinum skipaða umboðsmanni sækjanda dæmt kaup fyrir málsfærsluna eptir þessum úrslitum málsins, en það vottast, að hann hafi sótt málið vítalaust.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógeta-úrskurður á að vera óraskaður. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 2. maímánaðar.

Nr. 8/1892: Rjettvísin
gegn
Jóni Sigurðssyni.

Dómur:

Þegar sakamál þetta, sem sýslumaðurinn í Þing-

eyjarsýslu hefur haft til rannsóknar og dómsáleggingar, kom fyrir yfirdóminn á síðastliðnu hausti, var dómur hans í málinu dæmdur ómerkur fyrir þá skuld, að hann hefði eigi tekið meðdómsmenn til þess að dæma í sökinni með sjer, þótt um lífleysisglæp væri að ræða, og jafnframt benti yfirdómurinn þá á ýmisleg atvik, sem athugaverð væru við rekstur málsins. Nú hefur hjeraðsdómarinn hinn 14. janúar þ. á. nefnt 4 menn til þess að vera meðdómsmenn í máli þessu, og hefur hann síðan ásamt meðdómsmönnunum hinn 27. jan. þ. á. uppkveðið þann dóm í málinu, að ákærði Jón Sigurðsson skuli sæta lífláti, svo og greiða allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun, 6 kr., til hins skipaða talsmanns hans í hjeraði. Þessum dómi hefur að tilhlutun hins opinbera verið skotið til yfirdómsins.

Hjeraðsdómarinn útnefndi meðdómsmenn 14. jan. þ. á. til þess að kveða upp dóm í máli þessu, og samdægurs tók hann málið upp til dóms, án þess að meðdómsmennirnir væru kvaddir til að vera við upptekt sakarinnar. Síðan er dómur uppkveðinn hinn 27. jan. þ. á. af sýslumanninum og meðdómsmönnunum, sem þá sitja í rjettinum, án þess að þeir hafi verið eiðfestir.

Með því að meðdómsmennirnir eigi hafa unnið eið samkvæmt N. L. 1. 7. 2. og 1. 7. 5. sbr. 1. 5. 1. sbr. einnig tilsk. 3. júní 1796 §§ 24 og 36, verður að dæma aukarjettardóminn ómerkan og vísa málinu heim í hjerað til dómsáleggingar, eptir að meðdómsmenn hafa verið löglega tilnefndir og eiðfestir.

Því hefur eigi enn verið fullnægt samkvæmt ummælunum í dómi landsyfirrjettarins 23. nóv. f. á., að fengin hafi verið að nýju ýtarleg skýrsla hins ákærða

um öll atvik að glæpnum, til þess að hún verði borin saman við hinn fyrri framburð hans í málinu og aðrar skýrslur í því.

Allan kostnað, sem leitt hefur af þessari áfrýjan málsins, verður hjeraðsdómarinn að greiða, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. — Það vottast, að málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur skal ómerkur vera og heimvísast sökinni til löglegrar meðferðar og dómsáleggingar. Allan kostnað, sem áfrýjun máls þessa hefur í för með sjer, greiði hjeraðsdómarinn, sýslumaður Benedikt Sveinsson þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra, og greiðist þetta innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 16. maímánaðar.

Nr. 3/1892: Eiríkur Magnússon
gegn
Birni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta hefur áfrýjandinn, Eiríkur Magnússon, bókavörður í Cambridge, höfðað gegn stefnda, Birni

Jónssyni, ritstjóra blaðsins »Ísafold«, út af grein í 17. árg. 50. tölublaði blaðs þessa, er út kom 21. júní 1890, með fyrirsögninni »Bankadella Eiríks Magnússonar«, sem áfrýjandinn taldi í heild sinni meiðandi fyrir sig' og krafðist því, að stefnda væri refsað fyrir, auk ómerkingar á meiðyrðunum og málskostnaðar. Hinn stefndi bar það fyrir sig sjer til varnar, að hin umstefnda grein hefði að eins verið lögmæt neyðarvörn gegn margítrekuðum æruleysisskömmum og sakargiptum gegn sjer af hendi áfrýjandans í ýmsum blöðum, sem hann sumpart framlagði í málinu, og krafðist því algjörðrar sýknunar af kæru áfrýjandans, og til vara höfðaði hann gagnsóknarmál gegn áfrýjandanum til kompensatiónar út af þessum ærumeiðingum um sig og til ómerkingar á þeim. Mál þetta var dæmt 2. júlímán. f. á. á bæjarþingi Reykjavíkur, þannig, að orð þau og ummæli í ofannefndri Ísafoldargrein, sem undirdómarinn áleit meiðandi fyrir áfrýjandann, voru dæmd dauð og ómerk, nefnilega orðin: »tilhæfulaus og þrælmannleg ósannindi, svo djöfulleg, að hefði maðurinn verið talinn með öllum mjalla, þá hefði hann verðskuldað, að hver ærlegur maður hrækti í andlit honum fyrir allan þann róg og lygi, er hann hefur borið á alla beztu menn landsins (þingmenn þjóðarinnar og æðstu embættismenn), sem hann einu nafni kallar fínanz-bófa«, »dæmi til jafnsamvizkulausrar ósvífni«, »Það er langt síðan . . . . . að maður með skynsemi Eiríks Magnússonar geti komið fram í góðri trú«, »samvizkulaust hatursmál«, »að maðurinn hafi . . . . . skrúfu lausa, sje að nokkru leyti brjálaður og vafalaust geðveikur«. Að öðru leyti var stefndi sýknaður af kærum og kröfum áfrýjandans í mál-

inu. Gagnsökinni var vísað frá dómi og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur sækjandinn, Eiríkur Magnússon, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 9. febr. þ. á., og krafizt þess, *að* undirrjettardómurinn verði felldur úr gildi, nema orðin: »Framantalin meiðandi ummæli um aðalsækjanda Eirík bókavörð Magnússon eiga að vera dauð og ómerk«, og orðin: »Gagnsökinni vísast frá dómi«, *að* orðin: »bankadella«, »þvættingur«, »fletta ofan af helztu vitleysum Eiríks«, »tekið til þeirra Eiríks og þvegið þeim um höfuðið« og »illmæli« verði dæmd dauð og ómerk, *að* stefndi sæti hinni hæstu sekt, er lög ákveða, fyrir hina umkærðu ærumeiðandi grein, og *að* hann verði dæmdur til þess að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, og loks hefur hann krafizt þess, *að* málsfærslumaður stefnda fyrir undirrjettinum, Hannes landritari Hafstein, verði sektaður fyrir ósæmilegan rithátt og ósannindi um sig fyrir rjetti, auk þess sem hann hefur gjört kröfur nokkrar um ábyrgð gegn hlutaðeigandi undirdómara og gegn stefnda, sem eigi geta komið til álita í þessu máli, eins og það liggur fyrir. Hinn stefndi hefur krafizt þess aptur á móti, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með hæfilegri upphæð.

Eptir því sem framkomið er í máli þessu, eru tildrög þess þau, að áfrýjandinn hefur um nokkur undanfarin ár skrifað greinir í ýms blöð, bæði hjer á landi og í Vesturheimi, um landsbankann í Reykjavík og fyrirkomulag hans, sjerstaklega í sambandi við póstávísanasendingar, og hefur hann, eptir því sem stefndi hefur ómótmælt borið fram, í greinum þessum haldið

því fram, að landshöfðinginn og ráðgjafinn hafi gjört samsæri við Gyðinga í Kaupmannahöfn um að svíkja í ágóðaskyni allt Ísland, með fyrirkomulagi bankans, ýmist í hendur Gyðinga eða undir Danmörku, og í þessu samsæri væru einnig þingmenn þjóðarinnar og ritstjórarnir, sem hann ásamt hinum fyrnefndu kallar fínanz-bófa og fl. nöfnum. Út af greinum áfrýjandans, sem voru þessa innihalds, var mestur hluti hinnar umstefndu greinar upprunalega ritaður og birtur í blaðinu »Lögberg«, en síðan var hann tekinn upp í Ísafold með formála eptir stefnda sem ritstjóra blaðsins. Auk þess nú að færa sjer til afsökunar eða jafnvel rjettlætingar fyrir birtingu hinnar umstefndu greinar þessar vitanlega öldungis ástæðulausu sakargiptir og getsakir Eiríks Magnússonar, hefur stefndi einnig í sama skyni lagt fram í málinu ýms blöð, sem út hafa komið fyrir og eptir að hin umstefnda grein kom út, og sem innihalda meiðandi ummæli af hendi áfrýjandans um stefnda og blað hans, og hefur hann sjerstaklega talið þessi dæmi: »og svo hefur blaðið (Ísafold) nú gerzt svo andstyggilega óærlegt í þessu landsins lang-ískyggilegasta máli«, »sannfæring Ísafoldar, að skuldin sje svikaskuld; þess vegna fengu þau henni svikavörn«, »prjedika rjettlæti óhæfunnar með ranglæti vjela og fals«, »halda áfram að vjela og tæla landsmenn í bankamálinu« (Lögberg $^{15}/_{1}$ 1890), «landsstjórnin lætur skaðræðisblaðið Ísafold færa mönnum hið bíræfna fínanz-þvaður« (Lögberg $^{22}/_{1}$ 90), »móti lyga- og svikagreinum Ísafoldar« (Heimskringla $^{12}/_{6}$ 1890), »sömu lygarnar, sömu vjelarnar« (s. st.), »þið vitið allir, að þið hafið logið mál, svikamál að verja» (Heimskringla $^{19}/_{6}$ 1890), »full af lygum og vjelum um hið sorglegasta svikamál, sem jeg veit nokkurntíma hafa verið

framið á saklausri þjóð« (Heimskringla 3. júlí 1890), »landráðalegar vjelar þeirra Ísafoldar og Þjóðólfs«, »stærsta fínanz-flónið á landinu«, »ritstjóri Ísafoldar talar af samvizkulausu kæruleysi«, »þessi stórsyndugi fínanzbjáni« (Þjóðviljinn 31. okt. 1890).

Yfirdómurinn verður nú að fallast á, að undirdómarinn hefur dæmt dauð og ómerk hin að framan töldu ummæli í hinni umstefndu Ísafoldargrein sem freklega meiðandi og móðgandi fyrir áfrýjandann, en auk þess virðist einnig rjett, samkæmt kröfu áfrýjanda, að ómerkja orðin »bankadella« og »þvættingur«, sem undirdómarinn hefur eigi álitið meiðandi. Að því er snertir kröfu áfrýjanda um hegningu á stefnda fyrir meiðyrði þessi, þá virðist að vísu rjett, að taka það tillit til varnarástæðna þeirra af stefnda hendi, er nú hafa verið taldar, að beitt verði í þessu máli, eins og undirdómarinn hefur gjört, 221. gr. hegningarlaganna, þó eigi svo, að hegning fyrir hina umstefndu grein verði látin falla niður með öllu, því að til þess þykja sum meiðyrðin í henni vera of stórvægileg, einkum orðin: »Þrælmannleg ósannindi, svo djöfulleg, að hefði maðurinn verið talinn með öllum mjalla, þá hefði hann verðskuldað, að hver ærlegur maður hrækti í andlit honum« o. s. frv. Það virðist því rjett, að stefndi sæti sekt fyrir hin umstefndu meiðyrði samkvæmt 218. gr. hinna almennu hegningarlaga, er með hliðsjón af 221. gr. sömu laga ákveðst 100 krónur, og afplánist með 30 daga einföldu fangelsi, ef sektin er ekki greidd í ákveðinn tíma. Það virðist einnig rjett, að stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað fyrir undir- og yfirdómi 40 krónur. Það þykir ekki hafa verið ástæða fyrir undirdómarann til þess að sekta umboðsmann stefnda fyrir

undirrjettinum ex officio fyrir ósæmilegan rithátt, og verður því krafa áfrýjanda hjer að lútandi eigi tekin til greina.

Því dæmist rjett að vera

Stefndi, ritstjóri Björn Jónsson, á að greiða 100 króna sekt, er renni í landssjóð, en sæti 30 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í ákveðinn tíma. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann, bókavörð Eirík Magnússon, eiga dauð og ómerk að vera. Stefndi greiði áfrýjandanum í málskostnað fyrir undir- og yfirdómi 40 krónur.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 13. júnímánaðar.

Nr. 11/1892: E. Egilsson
gegn
W. Ó. Breiðfjörð f. h.
fjelagsins »Reykvíkingur«.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í hjeraði af áfrýjandanum E. Egilsson í Görðunum við Reykjavík, gegn stefnda, kaupmanni W. Ó. Breiðfjörð í Reykjavík, til þess að fá nefndan kaupmann dæmdan til sem formann fjelags nokkurs, er nefnir sig »Reykvíkingur,« að greiða áfrýjandanum 100 kr. eptirstöðvar af mánaðarstyrk, er fjelagið hafði undirgengizt að greiða áfrýjandanum fyrir útgáfu, ritstjórn og ábyrgð á blaðinu Reykvíkingur frá

1. maí f. á. til 1. febr. þ. á. Málið var dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 24. marz þ. á., og var stefndi fyrir hönd tjeðs fjelags sýknaður í málinu af kröfum áfrýjandans og málskostnaður látinn falla niður.

E. Egilsson hefur nú með stefnu, dags. 26. marz þ. á. áfrýjað málinu til yfirdómsins, og krafizt þess, að stefndi verði fyrir hönd fjelagsins Reykvíkingur dæmdur til að greiða sjer 100 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og hæfilegan málskostnað fyrir báðum rjettum eptir rjettarins mati. Stefndi hefur eigi mætt nje mæta látið, hvorki fyrir undir- nje yfirrjetti.

Eptir upplýsingum þeim, er fram hafa komið í málinu frá hálfu áfrýjandans, sjerstaklega útskript úr fundabók fjelagsins Reykvíkingur, var það ákveðið á stofnunarfundi fjelags þessa, 24. maímán. f. á., að fjelagið skyldi halda úti blaði með sama nafni og fjelagið, og var áfrýjandinn kosinn ritstjóri, útgefandi og ábyrgðarmaður blaðsins, og tók hann að sjer að kosta það að öllu leyti, einnig útsending þess, en hann skyldi aptur á móti hafa allar tekjur þess »og 20 kr. styrk mánaðarlega, sem fjelagið ábyrgist honum borgað, strax eptir að hvert tölublað er komið út, og greiðir gjaldkeri honum það eptir ávísun formanns, en Egilsson kvittar fyrir í hvert sinn«. Þessi samningur skyldi standa frá 1. maí f. á. til 1. febr. þ. á. Áfrýjandinn kveðst nú hafa fengið þennan 20 kr. mánaðarstyrk borgaðan 4 fyrstu mánuðina, eða til 1. sept. f. á., en síðan hafi hann ekkert fengið, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir sínar, og standi því eptir 100 kr. af hinum lofaða styrk.

Eins og áður hefur verið tekið fram, átti eptir

fundabók fjelagsins »Reykvíkingur« hinn umræddi styrkur að greiðast »af gjaldkera eptir ávísun formanns«, en af þessu leiðir, að formaðurinn (hinn stefndi), sem eigi hefur látið mæta nje mætt í málinu, hvorki í hjeraði nje fyrir yfirdómi, verður ekki samkvæmt kröfu áfrýjanda skyldaður til þess að greiða *sjálfur* af hendi hina umstefndu upphæð fyrir hönd fjelagsins. Það þarf því ekki að rannsaka það frekar, hvort áfrýjandinn hefur að öðru leyti rjett til hinna umstefndu 100 kr., og ber því að sýkna hinn stefnda fyrir kröfu áfrýjandans í þessu máli. Málskostnaður fellur niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð, á að vera sýkn af kærum og kröfum áfrýjandans, E. Egilsson, í þessu máli. Málskostnaður fellur niður.

Nr. 7/1892: Eyjólfur Jónsson
gegn
sýslumanni Franz Siemsen sem skiptaráðanda í búi Eyjólfs Jónssonar og Ingibjargar Þórarinsdóttur og hreppsnefndinni í Garðahreppi.

Dómur:

Með stefnu dags. 17. marz þ. á. hefur Eyjólfur Jónsson í Katrínarkoti á Álptanesi áfrýjað til landsyfirdómsins 2 úrskurðum, sem kveðnir hafa verið upp af skiptarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu í búi hans og látinnar konu hans Ingibjargar Þórarinsdóttur 28. janú-

ar þ. á. Annar þessara úrskurða snertir kröfu hreppsnefndarinnar í Garðahreppi, að því er snertir meðgjafarskyldu úr búinu með sonarbörnum áfrýjanda, er áfrýjandi hefur mótmælt, og er með úrskurðinum ákveðið, að mótmæli áfrýjanda verði eigi tekin til greina. Hinn úrskurðurinn snertir samningsskjal $^{20}/_{3}$ 1889 milli áfrýjanda og barna hans, Jóns, Eyjólfs, Þórarins, Bjarna, Katrínar og Ingibjargar, og segir sá úrskurður, að samningsskjalið eigi ógilt að vera. — Að því er snertir hinn fyrnefnda úrskurð, þá er skiptaráðandanum stefnt fyrir hönd búsins, svo og hreppsnefndaroddvitanum í Garðahreppi fyrir hönd hreppsnefndarinnar þar. Skiptaráðandinn hefur ekki mætt eða neinn af hans hendi, en af hendi hins stefnda hreppsnefndaroddvita mætti málaflutningsmaður Lárus Bjarnason, og krafðist fyrir umbjóðanda sinn, að málinu yrði frávísað, þar sem honum væri að eins stefnt fyrir hreppsins hönd, og að honum yrði dæmdur kostur og tæring hjá áfrýjanda. Áfrýjandi hefur krafizt: 1., að því hinn fyrnefnda úrskurð snertir, að hann verði úr gildi felldur og honum breytt þannig, að krafa hreppsnefndarinnar í Garðahreppi í búið ekki skuli takast til greina; 2., að því hinn síðarnefnda úrskurð snertir, að honum verði hrundið og breytt þannig, að krafa barna áfrýjandans í bú hans verði dæmd rjett að vera og því skuli takast til greina í búinu; 3. að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða áfrýjandanum báðir fyrir einn og einn fyrir báða allan af áfrýjuninni leiðandi kostnað að skaðlausu.

Að því kemur til hins fyrnefnda úrskurðar, þá er að eins hreppsnefndaroddvitanum stefnt fyrir hönd hreppsnefndarinnar. Til þessa virðist engin lagaheimild að vera, samanber ákvæði tilskip. 4. maí 1872, að því

er snertir skyldur og verksvið hreppsnefndaroddvita. Ber því, að því er þennan úrskurð snertir, að vísa málinu frá yfirdóminum, og að skylda áfrýjanda til að borga hinum stefnda hreppsnefndaroddvita kost og tæring, er þykir hæfilega ákveðið 4 kr.

Að því snertir hinn síðarnefnda úrskurð, þá kveður hann svo á, að samningsskjal eitt milli áfrýjanda og nokkurra barna hans skuli vera ógilt. Með því nú skiptaráðandi ekki að lögum gat úrskurðað samninginn ógildan, heldur að eins með úrskurði neitað að taka hann til greina og að greiða nokkuð úr búinu samkvæmt skjalinu, þá ber að fella þenna úrskurð úr gildi. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður að öðru leyti en því, sem ákveðið er um kost og tæring.

Því dæmist rjett að vera:

Stefnunni í málinu frávísast að því er snertir úrskurðinn um fjárkröfu Garðahrepps. Úrskurður skiptaráðanda, að því er snertir samningsskjalið 20. marz 1889, skal úr gildi felldur. Áfrýjandi Eyjólfur Jónsson greiði prófasti Þórarni Böðvarssyni, oddvita hreppsnefndarinnar í Garðahreppi, 4 kr. í kost og tæring. Að öðru leyti á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður. Ídæmd kostur og tæring greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 37/1891: Lárus Bjarnason
fyrir hönd Bjarnanesskirkju
gegn
Jóni prófasti Jónssyni.

Dómur:

Eptir að hinn stefndi, þáverandi prestur í Bjarnanesi, hafði um nokkur undanfarin ár færzt undan og talið sjer óskylt að greiða lausafjártíund til Bjarnaness-kirkju, lagði landshöfðinginn yfir Íslandi fyrir sýslumanninn í Skaptafellssýslu, með brjefi dags. 11. febr. f. á., að taka lögtaki hjá presti þessum lausafjártíundina til nefndrar kirkju fyrir fardagaárið 1890—91, er nam 3 kr. 78 a., eptir að hún væri fallin í gjalddaga, til þess að úr því yrði skorið með dómi, hvort prestar væru eigi, eins og aðrir, er til þess ættu nógu mikið tíundbært lausafje, skyldir að greiða lausafjártíund til kirkna. En þegar til þess kom, að framkvæma skyldi lögtakið, úrskurðaði fógetinn 6. maí f. á. samkvæmt mótmælum stefnda, er hjelt því fram, að prestar hjeldu enn hinu sama tíundfrelsi í þessu efni sem áður en lög 12. júlí 1878 um lausafjártíund komu út, að lögtaksgjörðin skyldi eigi fram fara.

Þessum úrskurði hefur yfirrjettarmálaflutningsmaður Lárus Bjarnason að fengnum gjafsóknar- og uppreistarleyfisbrjefum, dags. 4. sept. f. á., og eptir að málinu hefur áður einu sinni verið frávísað frá yfirdóminum 14. des. f. á. sakir ónógrar sönnunar fyrir birtingu stefnunnar, áfrýjað til yfirdómsins samkvæmt konungsbrjefi 19. des. 1749, með stefnu dags. 22. des. f. á., og hefur hann krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi, og fógetanum boðið að framkvæma hið um-

beðna lögtak, að stefndi verði dæmdur til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, og að sjer verði dæmd málflutningslaun. Stefndi hefur eigi mætt nje nokkur af hans hendi.

Samkvæmt 6. gr. í reglugjörð 17. júlí 1782 voru þjónandi prestar lausir við að lúka tíund til kirkju af lausafje sínu, og spurningin er því nú sú, hvort lögin um lausafjártíund 12. júlí 1878 hafi svipt þá, og þar með hinn stefnda, þessu tíundfrelsi. Þetta getur yfirdómurinn eigi álitið, því að hvergi er í nefndum lögum neitt ákvæði um, að tíundfrelsi þetta skuli úr lögum numið, og þó að ákvæði 1. greinar um, hverjir skuli tíundskyldir, sje mjög víðtækt í sjálfu sjer: »hver maður, hvort heldur er karl eða kona, búandi eða búlaus« o. s. frv., þá virðist eðlilegast, að skoða það að eins sem endurtekning og nánari ákvörðun hinnar almennu reglu um tíundskylduna í 1.—3. gr. tíundarreglugjörðarinnar 17. júlí 1782, þar sem bændur eru að eins nefndir tíundskyldir, og þarf því alls eigi að ná til presta, sem berum orðum og sjerstaklega voru í reglugjörðinni undanþegnir öðru lausafjártíundargjaldi en til fátækra, enda myndi ákvæði þetta eflaust hafa verið orðað öðruvísi, ef með því hefði átt að færa tíundarskylduna yfir á presta frekar en áður var. Það má og geta þess, að auk þess sem það þannig var full ástæða í sjálfu sjer til að taka það berlega fram í lögunum, ef umrætt tíundarfrelsi presta skyldi afnumið, sbr. einnig til samanburðar ákvörðunina í 4. gr. í lögum um skatt á ábúð og afnotum jarða og af lausafje, 14. des. 1877, þá hefði einnig, þar sem tíundfrelsi presta hlaut að skoðast sem þáttur í launakjörum þeirra, mátt búast við, ef tilætlunin hefði verið hin umgetna,

að einhverjar millibils- eða uppbótarákvarðanir hefðu verið settar í lögin, vegna þeirra presta, er þá voru í embættum, er lögin komu út, og því urðu fyrir nokkurs konar rírnun, hvað embættislaun eða hlunnindi snerti.

Það verður þannig að fallast á það, að fógetinn með hinum áfrýjaða úrskurði neitaði að taka hið umrædda kirkjutíundargjald lögtaki, og ber því að staðfesta úrskurð þenna. Málskostnaður fellur niður, og getur hinum skipaða sækjanda eptir þessum úrslitum eigi orðið dæmd málflutningslaun, en málsfærslan af hans hendi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður á að vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 11. júlímánaðar.

Nr. 32/1891: Jón Jónsson
eigandi Hafsteinsstaða
gegn
Árna Jónssyni f. h. eiganda Reynistaðar præp. hon. Jóni Hallssyni.

Dómur:

Mál þetta er risið út af ágreiningi um landamerki milli jarðarinnar Hafsteinsstaða í Staðarhreppi í Skagafjarðarsýslu, er þá var þjóðjörð, en síðar hefur verið seld áfrýjandanum, og Reynistaðar í sama hreppi, og var það fyrst höfðað af stefnda, til þess að fá dæmda undir síðarnefnda jörð svo nefnda Seltungu, en umboðsmaður Reynistaðarklausturs, er þá var umráðamaður

Hafsteinsstaða, höfðaði þá gagnsókn og færði prætuna út, svo að málið tók yfir alla takmarkalínuna milli jarðanna og sjerstaklega einnig ágreining um svonefnt Sauðafell eða norðurhallanda þess, er báðar jarðirnar vildu helga sjer. Málið var dæmt í landamerkjadómi Skagafjarðarsýslu 6. febr. f. á. á þessa leið: »Hin umþrætta landspilda, er liggur milli Miðdalsár og Ranghalaár, beint vestur undan hinni óátöldu landeign jarðarinnar Hafsteinsstaða, og sem kölluð er Sauðafell, eða norðurhallandi þess, tildæmist Reynistað til eignar (sem heimaland), þó með þeirri kvöð, að Hafsteinsstaðir eiga *þar* tilkall til beitar mánaðartíma að sumrinu fyrir allt að 80 ær, borgunarlaust. Hin umþrætta landspilda Seltungan, er liggur milli Miðdalsár og Ranghalaár og nær til suðurs í línu þá, er dregst frá norðvesturhorni hinnar óátöldu landeignar Hafsteinsstaða beint vestur í Miðdalsá, tildæmist Reynistað til ótakmarkaðrar eignar. Merki Hafsteinsstaða að sunnan móts við Reynistaðarland eru þessi: frá Staðará eptir garði, er liggur fyrir sunnan Syðri-Bakkamýri, yfir melana í krók á Grófarlæknum syðri, þar sem Hlíðarmanna lestavaðið liggur yfir hann; þaðan ræður Grófarlækurinn og Byrgisgilið upp undir fjallsbrún, og úr efri enda þess bein stefna vestur í Ranghalaá«. Af dómskostnaðinum skyldi aðalsækjandi (stefndi) greiða 27 kr. 71. e., en verjandi og gagnsækjandi (umboðsmaður Reynistaðarklausturs) 55 kr. 42 a. Að öðru leyti skyldu þeir sýknir hvor af annars kröfum.

Dómi þessum hefur ofannefndur Jón Jónsson, núverandi eigandi Hafsteinsstaða, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. nóv. f. á., og hefur krafizt þess, að merkjadómurinn í heild sinni, bæði að því er snert-

ir sjálfa sökina og málskostnaðar ákvæðið, verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim til löglegri meðferðar og dómsáleggingar, og til *vara*, að merkjadóminum verði hrundið og málinu vísað heim til nýrrar dómsáleggingar, að því er ákvæði dómsins um hið svokallaða »Sauðafell« og málskostnað snertir; svo hefur hann og, hvernig sem fer, krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað allan fyrir yfirdómi, að minnsta kosti 60 kr. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að merkjadómurinn verði að öllu leyti staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða sjer málskostnað fyrir yfirdómi með 50 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Áfrýjandinn hefur byggt ómerkingar- eða ónýtingarkröfu sína, að því er formhlið málsins snertir, á því, að það hafi verið ólöglegt af merkjadóminum, að dæma þrætuspilduna »Sauðafellið« beinlínis undir Reynistað, þegar af þeirri ástæðu, að eigi hafi verið stefnt til þeirrar kröfu af hálfu þessarar jarðar, en sem stefndur í gagnsökinni hefði Reynistaðareigandinn einungis getað öðlazt sýknun. En hjer við er að athuga, að úr því að þrætan um »Sauðafellið« var löglega komin inn í málið með gagnsókninni, þá leiddi það af eðli málsins sem landamerkjamáls, að dæma varð þessa þrætuspildu til annararhvorrar jarðarinnar, er deilan var milli.

Þá vill áfrýjandinn halda því fram, að það hafi verið lögleysa að efni til, er merkjadómurinn dæmdi Reynistað eignarrjett að þrætuspildunum »Seltungunni« og »Sauðafellinu,« eða norðurhallanda þess, og engu að síður það, að hann dæmdi Hafsteinsstöðum beitarítak í Sauðafellinu, sem engin krafa var gjörð til. Að því er snertir Seltunguna, þá verður þó að álíta, að fram hafi

verið komin eptir atvikum nægileg skilríki af hálfu Reynistaðar fyrir því, að sú spilda heyrði undir þá jörð, með lögfestu frá 1790, er hefur verið þinglesin ómótmælt árin 1790, 1801 og 1825, og einkum með þingsvitni 2 manna frá 1862, er tekið var í viðurvist fulltrúa af hendi umboðsstjórnarinnar sem umráðanda Hafsteinsstaða, og það því fremur, sem engar sannanir eða skilríki hafa komið fram fyrir tilkalli Hafsteinsstaða fyrir merkjadóminum. Hvað Sauðafellið áhrærir, þá hefur 1 vitni borið það og haft eptir húsbónda sínum þáverandi, búandi (1854) á Hafsteinsstöðum, að Sauðafellið heyrði undir nefnda jörð, og einn maður hefur auk þess utanrjettar vottað, að hann hafi sem smali á árunum 1834—35 og 1835—36 setið yfir kvífje frá Hafsteinsstöðum í prætuspildunni. Á hinn bóginn eru framkomin 2 ómótmælt utanrjettarvottorð um það, að prætuland þetta hafi árin 1872—82 verið talið til Reynistaðar og notað þaðan óátalið. Frekari skýrslur um eignarheimild að hinni umprættu landsspildu eða notkun hennar komu eigi fram í merkjadóminum, og verður eigi álitið, að merkjadómurinn hafi gjört sig sekan í lögleysu, er varði ónýting dómsins, með því að dæma landið undir Reynistað, er málið var þannig vaxið, nje heldur að áfrýjandinn geti átalið það, að merkjadómurinn ákvað honum í. vil beitarítak í landinu.

Það verður þannig eigi byggður ónýtingardómur á ástæðum þeim, er áfrýjandinn hefur tilfært, og með því að hinn áfrýjaði dómur eigi hefur neina þá galla, er hann verði að ónýta fyrir ex officio, ber að staðfesta hann. Málskostnaður fyrir yfirdómi á eptir atvikum að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:
Hinn áfrýjaði merkjadómur á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 18. júlímánaðar.

Nr. 17/1892: Rjettvísin
gegn
Halldóri Geatssyni og
Þjóðbjörgu Benjamínsdóttur.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, gengnum 25. nóv. f. á., voru hin ákærðu, Halldór Gestsson og stúlkan Þjóðbjörg Benjamínsdóttir, dæmd fyrir sifjaspell samkvæmt 164. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, hann til fangelsis við vatn og brauð í 4×5 daga, en hún til fangelsis við venjulegt fangaviðurværi í 40 daga, og skyldu þau auk þess greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað in solidum, þó svo, að hvort fyrir sig greiddi málsvarnarlaun sínum talsmanni í hjeraði, ákærði Snæbirni Þorvaldssyni 6 kr., en ákærða Hallgrími Jónssyni 4 kr. En dómi þessum hefur eptir ósk hins ákærða Halldórs Geatssonar og af hálfu hins opinbera, að því bæði hin ákærðu snertir, verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hinna ákærðu, Halldórs Geatssonar, áður bónda á Arkarlæk í Skilmannahreppi, og stúlkunnar Þjóðbjargar Benjamínsdóttur, sem eru fædd, hann 25. okt. 1832 og hún 21. júní 1866, löglega sannað, að þau hafi haft holdlegt samræði saman og átt saman 2 börn, en móðir stúlkunnar hafði áður

fyrir 16—17 árum átt barn með ákærða Halldóri og búið með honum síðan. Það var um sumarið 1889, að hin ákærðu höfðu fyrst afskipti hvort af öðru, og fæddist fyrra barnið sem þau áttu saman um sumarmál 1890, en í júnímánuði sama ár dó móðir ákærðu, bústýra Halldórs, og hafði veikzt um haustið fyrir og legið rúmföst allan veturinn. Haustið 1890, 15. sept., var höfðuð sakamálsrannsókn út af nefndri barneign hinna ákærðu, en um sama leyti varð ákærða þunguð í síðara skiptið af völdum ákærða, og ól þá barn aptur, 24. júní f. á. Hin ákærðu hafa játað að hafa haft samræði 5 sinnum, 2 sinnum áður en fyrra barnið fæddist, en 3 sinnum síðar. Hin ákærðu hafa fært sjer það til afsökunar, að þau hafi ekki haft hugmynd um, að athæfi þeirra væri að nokkru saknæmt.

Brot hinna ákærðu, sem eigi hafa áður sætt ákæru eða dómi fyrir neitt lagabrot, er rjettilega heimfært af undirdómaranum undir 164. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing hinna ákærðu hæfilega metin af honum 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, að því er hinn ákærða Halldór Gestsson snertir, og 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, að því hina ákærðu áhrærir. Yfirdómurinn fellst einnig á málskostnaðarákvæði undirdómsins, og ber því að staðfesta hann að öllu leyti. Svo ber hinum ákærðu og að greiða in solidum allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Á rekstri málsins í hjeraði hefur orðið töluverður dráttur, en hann þykir eptir atvikum nægilega rjettlættur af veikindum hjeraðsdómarans. Að öðru leyti

hefur meðferð málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdómi verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hjeraðsdómurinn í máli þessu á óraskaður að standa. Hin ákærðu Halldór Gestsson og Þjóðbjörg Benjamínsdóttir eiga að greiða in solidum allan af áfrýjun máls þessa leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirrjettarmálflutningsmannanna Lárusar Bjarnason og Páls Einarssonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 1. ágústmánaðar.

Nr. 12/1892: Þorleifur Jónsson ritstjóri gegn prófasti Þórarni Böðvarssyni.

Dómur:

Hinn stefndi í máli þessu, prófastur Þórarinn Böðvarsson, forseti í neðri deild alþingis 1891, höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, gegn áfrýjandanum, ritstjóra Þorleifi Jónssyni, út af tveimur ritgjörðum í blaði hans Þjóðólfi, 43. árg. nr. 37., dags. 14. ágúst 1891, með fyrirsögn á fyrri ritgjörðinni: »Skólaiðnaður, 11400 kr. — Garðafeðgar«, og hinni síðari: »Misbeitt forsetavaldi«, er hann taldi ritgjörðir þessar mjög meiðandi fyrir sig.

Málið var dæmt í bæjarþingsrjettinum 28. janúar

þ. á. með þeim úrslitum, að Þorleifur Jónsson skyldi samkvæmt 219. gr. hinna almennu hegningarlaga greiða 100 kr. sekt í landssjóð eða sæta 30 daga einföldu fangelsi, væri sektin eigi greidd í ákveðinn tíma. Svo skyldi hann og greiða málskostnað til stefnda með 15 kr. og voru hin meiðandi orð dæmd dauð og ómerk.

Dómi þessum hefur ritstjóri Þorleifur Jónsson áfrýjað til yfirdómsins og þar krafizt sýknunar fyrir kröfum og ákærum hins stefnda, en til vara, að hin dæmda sekt sje færð hæfilega niður, og loks, að hinn stefndi greiði allan málskostnað fyrir báðum rjettum eptir mati yfirdómsins.

Aptur á móti hefur hinn stefndi, prófastur Þórarinn Böðvarsson, krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, svo og málskostnaðar með einhverju nægilegu.

Þau orð og ummæli, er hinn stefndi hefur sjerstaklega átalið í hinum fyrnefndu ritgjörðum, eru einkum þessi: Í fyrri greinni: »Allt þetta ásamt kappi því, er forseti neðri deildar beitti við atkvæðagreiðsluna um þetta mál, styrkir það nægilega, sem altalað er, bæði utan þings og innan, að þetta sje ein af þeim tilraunum, sem þeir feðgar sjera Þórarinn Böðvarsson og Jón hafa gjört til þess að stofna embætti handa Jóni,« samt framhald þessa kafla í greininni, og í síðari greininni fyrirsögn hennar: »Misbeitt forsetavaldi,« samt lýsing sú, er þar fylgir á eptir um atkvæðagreiðsluna.

Yfirdómurinn verður að fallast á ástæður undirdómarans, að hinar tvær umræddu ritgjörðir sjeu í efnislegu sambandi hvor við aðra, og sá áburður hljóti, samkvæmt 219. gr. hinna almennu hegningarlaga, mjög að vera til hnekkis virðingu hins stefnda, að hann af

eigingjörnum hvötum hafi sem forseti beitt kappi eða misbeitt forsetavaldi sínu við atkvæðagreiðslu á þingi í því áðurnefnda atriði í fjárlögunum, sem sje ein af tilraunum hans að stofna embætti handa syni sínum. Áfrýjandinn hefur farið því fram, að aðferð forseta við atkvæðagreiðsluna, þá er málið var til annarar umræðu í þingdeildinni, hafi eigi verið rjett, en til að rannsaka það er eigi ástæða, því enda þótt fallizt væri á skoðun áfrýjanda, gæti það eigi rjettlætt þann áburð, að eigingjarnar hvatir hafi ráðið aðferð forseta.

Áfrýjandi hefur talið sjer til bóta, að hann einungis hafi sagt það væri altalað bæði utanþings og innan, að þetta sje ein af tilraunum stefnda að stofna embætti handa syni sínum, en alls ekki dróttað þessu að stefnda af eigin toga. Slík afsökun getur eigi orðið áfrýjandanum til málsbóta, því hann tekur ummælin í blað sitt til styrkingar umsögn sinni og gjörir þau þannig að sínum eigin getsökum.

Þar sem nú upphæð sektarinnar þykir eigi of hátt sett í undirdóminum og yfirdómurinn einnig fellst á önnur ákvæði hans, ber í öllu að staðfesta hann, og ber áfrýjandanum í málskostnað hjer fyrir rjettinum að greiða hinum stefnda 20 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandinn, ritstjóri Þorleifur Jónsson, greiði hinum stefnda, prófasti Þórarni Böðvarssyni, 20—tuttugu—krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birting hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 15. ágústmánaðar.

Nr. 23/1892: Hið opinbera
gegn
Árna Árnasyni.

Dómur:

Með dómi lögreglurjettar Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 13. aprílmán. þ. á., var hinn kærði, Árni Árnason frá Hrúðurnesi í Leiru, dæmdur fyrir brot gegn samþykkt, staðfestri 8. desbermán. 1890 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, fyrir Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Garðahrepp, Bessastaðahrepp, Seltjarnarnesshrepp og Reykjavíkurbæ, 1. gr. hennar, í 40 króna sekt, og skyldi fiskur sá, er hann aflaði með ólöglegum netalögnum sínum, 400 að tölu, upptækur vera, og sektin og andvirði aflans að frádregnum kostnaði renna í fátækrasjóð Rosmhvalanesshrepps. Svo skyldi kærði og greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað. En dómi þessum hefur eptir ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins kærða, sem stundaði fiskiveiðar á opnu skipi á síðastliðinni vetrarvertíð í hjeraði því, er ofangreind samþykkt nær yfir, löglega sannað, að hann lagði þrisvar sinnum, eða 22., 23. og 24. marzmánaðar síðastliðins, þorskanet í sjó fyrir framan Leiruna, þrjú net í hvert skipti, og fjekk í þau 400 þorska, sem hann flutti sjálfur í land, ásamt netunum, og saltaði. Með þessum tilverknaði sínum hefur kærði gjörzt brotlegur gegn 1. gr. fyrnefndrar samþykktar 8. des. 1890, er bannar þeim, er stunda fiskiveiðar á opnum skipum í samþykktarumdæminu, að leggja net í

sjó fyr en 7. apríl ár hvert — og getur eigi komið til mála, að samþykktin í þessu efni fari í neinn bága við lög 12. nóvembermán. 1875, um þorskanetalagnir í Faxaflóa —, og virðist sekt sú, er kærði hefur til unnið, samkvæmt 2. gr. samþykktarinnar, hæfilega metin 60 krónur. Yfirdómurinn fellst á ákvæði lögreglurjettardómsins um upptöku aflans, einnig að því leyti, er aflinn og sektin er algjörlega látið renna í fátækrasjóð hlutaðeigandi hrepps, þar sem eigi er að ræða um upplýsturs- eða upptökumann, annan en kærða sjálfan, sbr. einnig lög 4. des. 1886 um breyting á lögum um fiskiveiðasamþykktir 14. des. 1877, svo og á málskostnaðarákvæði dómsins, og ber því að staðfesta hann með framangreindri breytingu á upphæð sektarinnar. Hinum kærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin máflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera óraskaður, þó svo, að hin ídæmda sekt sje 60 krónur. Hinum kærða, Árna Árnasyni, ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 22 1892: Hið opinbera gegn Helga Árnasyni.

Dómur:

Með dómi lögreglurjettar Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 13. aprílmán. þ. á., var hinn kærði Helgi Árnason á Hrúðurnesi í Leiru dæmdur fyrir brot gegn samþykkt, staðfestri 8. desbrmán. 1890, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, fyrir Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Garðahrepp, Bessastaðahrepp, Seltjarnarnesshrepp og Reykjavíkurbæ, 1. gr. hennar, í 40 kr. sekt, og skyldi fiskur sá, er hann aflaði með ólöglegum netalögnum sínum, 350 að tölu, upptækur vera, og sektin og andvirði aflans að frádregnum kostnaði renna í fátækrasjóð Rosmhvalanesshrepps. Svo skyldi kærði og greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað. En dómi þessum hefur eptir ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins kærða, sem stundaði fiskiveiðar á opnu skipi á síðastliðinni vetrarvertíð í hjeraði því, er ofangreind samþykkt nær yfir, löglega sannað, að hann lagði þrisvar sinnum, eða 22. 23. og 24. marzmánaðar síðastliðins, þorskanet í sjó fyrir framan Leiruna, þrjú net í hvert skipti, og fjekk í þau 350 fiska, sem hann flutti sjálfur í land, ásamt netunum, og saltaði. Með þessum tilverknaði sínum hefur kærði

gjörzt brotlegur gegn 1. grein fyrnefndrar samþykktar 8. des. 1890, er bannar þeim, er stunda fiskiveiðar á opnum skipum í samþykktarumdæminu, að leggja net í sjó fyr en 7. apríl ár hvert — og getur eigi komið til mála, að samþykktin í þessu efni fari í neinn bága við lög 12. nóvbermán. 1875, um þorskanetalagnir í Faxaflóa —, og virðist sekt sú, er kærði hefur til unnið, samkvæmt 2. gr. samþykktarinnar, hæfilega metin 60 krónur. Yfirdómurinn fellst á ákvæði lögreglurjettardómsins um upptöku aflans, einnig að því leyti er afli-inn og sektin er algjörlega látið renna í fátækrasjóð hlutaðeigandi hrepps, þar sem eigi er að ræða um upplýsturs- eða upptökumann, annan en kærða sjálfan, sbr. einnig lög 4. des. 1886 um breyting á lögum um fiskiveiðasamþykktir 14. des. 1877, svo og á málskostnaðarákvæði dómsins, og ber því að staðfesta hann með framangreindri breytingu á upphæð sektarinnar. Hinum kærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera óraskaður, þó svo, að hin ídæmda sekt sje 60 krónur. Hinum kærða Helga Árnasyni ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrjett-

armálaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 21/1892: Hið opinbera
gegn
Jóni Ívarssyni.

Dómur:

Með dómi lögreglurjettar Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 13. aprílmán. þ. á., var hinn kærði, Jón Ívarsson úr Reykjavík, dæmdur fyrir brot gegn samþykkt, staðfestri 8. desbrmán. 1890, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, fyrir Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Garðahrepp, Bessastaðahrepp, Seltjarnarnesshrepp og Reykjavíkurbæ, 1. gr. hennar, í 50 kr. sekt., og skyldi fiskur sá, er hann aflaði með ólöglegum netalögnum sínum, um 1200 að tölu, upptækur vera, og sektin og andvirði aflans að frádregnum kostnaði renna í fátækrasjóð Rosmhvalanesshrepps. Svo skyldi kærði og greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað. En dómi þessum hefur eptir ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játning hins kærða, sem stundaði fiskiveiðar á opnu skipi á síðastliðinni vetrarvertíð í hjeraði því, er ofangreind samþykkt nær yfir, löglega sannað, að hann lagði fjórum sinnum frá 21. til 28. marzmán. síðastliðins þorskanet í sjó og aflaði í þau um 1200 þorska, sem hann sjálfur flutti í land, ásamt

netunum, og saltaði, og skýrði hann hlutaðeigandi hreppstjóra tafarlaust frá broti sínu. Með þessum tilverknaði sínum hefur kærði gjörzt brotlegur gegn 1. grein fyrnefndrar samþykktar 8. des. 1890, er bannar þeim, er stunda fiskiveiðar á opnum skipum í samþykktarumdæminu, að leggja net í sjó fyr en 7. apríl ár hvert — og getur eigi komið til mála, að samþykktin í þessu efni fari í neinn bága við lög 12. nóvbermán. 1875, um þorskanetalagnir í Faxaflóa —, og virðist sekt sú, er kærði hefur til unnið, samkvæmt 2. gr. samþykktarinnar, hæfilega metin 80 krónur. Yfirdómurinn fellst á ákvæði lögreglurjettardómsins um upptöku aflans, einnig að því leyti, er aflinn og sektin er algjörlega látið renna í fátækrasjóð hlutaðeigandi hrepps, þar sem eigi er að ræða um uppljósturs- eða upptökumann, annan en kærða sjálfan, sbr. einnig lög 4. des. 1886 um breyting á lögum um fiskiveiðasamþykktir 14. des 1877, svo og á málskostnaðarákvæði dómsins, og ber því að staðfesta hann með framangreindri breytingu á upphæð sektarinnar. Hinum kærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera óraskaður, þó svo, að hin ídæmda sekt sje 80 krónur. Hinum kærða Jóni Ívarssyni ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og

verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 25/1892: Hið opinbera
gegn
Jóhanni Vilhjálmssyni.

Dómur:

Með dómi lögreglurjettar Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 16. aprílmán. þ. á., var hinn kærði, Jóhann Vilhjálmsson á Kötluhól, dæmdur fyrir brot gegn samþykkt, staðfestri 8. desbermán. 1890, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, fyrir Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Garðahrepp, Bessastaðahrepp, Seltjarnarnesshrepp og Reykjavíkurbæ, 1. gr. hennar, í 60 króna sekt, og skyldi fiskur sá, er hann aflaðimeð ólöglegri netalögn sinni í síðastliðnum marzmánuði, 60 að tölu, upptækur vera, og sektin og andvirði aflans að frádregnum kostnaði renna í fátækrasjóð Rosmhvalanesshrepps. Svo skyldi kærði og greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað. En dómi þessum hefur eptir ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins kærða, sem stundaði fiskiveiðar á opnu skipi á síðastliðinni vetrarvertíð í hjeraði því, er ofangreind samþykkt nær yfir, löglega sannað, að hann, sem var skipaður tilsjónarmaður samkvæmt 8. grein hennar, lagði einu sinni seinast í marz-

mánuði síðastliðnum þorskanet í sjó, $1^1/_2$ að tölu, og fjekk í þau um 60 fiska, er hann síðan flutti á land, ásamt netunum, og saltaði. Með þessum tilverknaði sínum hefur kærði gjörzt brotlegur gegn 1. grein fyrnefndrar samþykktar 8. des. 1890, er bannar þeim, er stunda fiskiveiðar á opnum skipum í samþykktarumdæminu, að leggja net í sjó fyr en 7. apríl ár hvert — og getur eigi komið til mála, að samþykktin í þessu efni fari í neinn bága við lög 12. nóvbermán. 1875, um þorskanetalagnir í Faxaflóa — og virðist sekt sú, er kærði hefur til unnið, samkvæmt 2. gr. samþykktarinnar, með tilliti til stöðu hans sem skipaðs tilsjónarmanns, hæfilega metin af lögregludómaranum 60 krónur. Yfirdómurinn fellst á ákvæði lögreglurjettardómsins um upptöku aflans, einnig að því leyti, er aflinn og sektin er algjörlega látið renna í fátækrasjóð hlutaðeigandi hrepps, þar sem eigi er að ræða um uppljósturs- eða upptökumann, annan en kærða sjálfan, sbr. einnig lög 4. des. 1886 um breyting á lögum um fiskiveiðasamþykktir 14. des. 1877, svo og á málskostnaðarákvæði dómsins, og ber því að staðfesta hann í öllum greinum. Hinum kærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera óraskaður. Hinum kærða, Jóhanni Vilhjálmssyni, ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi

kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 24/1892: Hið opinbera
gegn
Þorsteini Gíslasyni.

Dómur:

Með dómi lögreglurjettar Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 13. aprílmán. þ. á., var hinn kærði, Þorsteinn Gíslason í Melbæ í Leiru, dæmdur fyrir brot gegn sampykkt, staðfestri 8. desbermán. 1890, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, fyrir Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Garðahrepp, Bessastaðahrepp, Seltjarnarnesshrepp og Reykjavíkurbæ, 1. gr. hennar, í 80 kr. sekt, og skyldi fiskur sá, er hann aflaði með ólöglegum netalögnum sínum, 300 að tölu, upptækur vera, og sektin og andvirði aflans að frádregnum kostnaði renna í fátækrasjóð Rosmhvalanesshrepp. Svo skyldi kærði og greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað. En dómi þessum hefur eptir ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins kærða, sem stundaði fiskiveiðar á opnu skipi á síðastliðinni vetrarvertíð í hjeraði því, er ofangreind sampykkt nær yfir, löglega

sannað, að hann, sem er hreppsnefndarmaður og skipaður tilsjónarmaður samkvæmt 8. grein samþykktarinnar, lagði tvisvar sinnum, 20. og 23. marzmán. síðastliðins, þorskanet í sjó undan Leirunni, í fyrra skiptið 3 net og 1 stubb, í síðara skiptið 2 net og 1 stubb, og aflaði hann í bæði skiptin samtals 300 þorska, sem hann síðan flutti á land, ásamt netunum, og saltaði, en strax á eptir tilkynnti hann hreppstjóra brotið. Með þessum tilverknaði sínum hefur kærði gjörzt brotlegur gegn 1. grein fyrnefndrar samþykktar 8. des. 1890, er bannar þeim, er stunda fiskiveiðar á opnum skipum í samþykktarumdæminu, að leggja net í sjó fyr en 7. apríl ár hvert — og getur eigi komið til mála, að samþykktin í þessu efni fari í neinn bága við lög 12. nóvbermán. 1875, um þorskanetalagnir í Faxaflóa —, og virðist sekt sú, er kærði hefur til unnið, samkvæmt 2. gr. samþykktarinnar, með tilliti til stöðu hins kærða, hæfilega metin af lögregludómaranum 80 krónur. Yfirdómurinn fellst á ákvæði lögreglurjettardómsins um upptöku aflans, einnig að því leyti er aflinn og sektin er algjörlega látið renna í fátækrasjóð hlutaðeigandi hrepps, þar sem eigi er að ræða um uppljósturs- eða upptökumann, annan en kærða sjálfan, sbr. einnig lög 4. des. 1886 um breyting á lögum um fiskiveiðasamþykktir 14. des. 1877, svo og á málskostnaðarákvæði dómsins, og ber því að staðfesta hann í öllum greinum. Hinum kærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera óraskaður. Hinum kærða, Þorsteini Gíslasyni, ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 36/1891: Ólafur Þórðarson
gegn
Lárusi Bjarnason
fyrir hönd O. S. Endresens.

Dómur:

Sök þessa höfðaði yfirrjettarmálaflutningsmaður Lárus Bjarnason fyrir hönd bakara O. S. Endresens gegn verzlunarmanni Ólafi Þórðarsyni fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar út af viðskiptaskuld að upphæð 80 kr., og var málið dæmt í bæjarþingsrjettinum 12. nóv. f. á. þannig, að Ólafur Þórðarson skyldi greiða Lárusi Bjarnason fyrir hönd O. S. Endresens 80 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi (eða 4. ágústmán. f. á.) til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefur Ólafur Þórðarson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 12. des. f. á., og gjört þá rjettarkröfu, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og hinn stefndi dæmdur til að greiða

allan málskostnað fyrir undirrjetti og yfirdómi. — Hinn stefndi Lárus Bjarnason hefur af sinni hálfu sem umboðsmaður O. S. Endresens krafizt þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, að nokkur ummæli áfrýjanda í sóknarskjölum hans verði dæmd ómerk og hann sektaður fyrir þau, og að hann ennfremur verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi, hefur hinn stefndi fyrir bæjarþingsrjettinum gjört nægilega grein fyrir heimild sinni til málshöfðunarinnar, og um prætu-efnið sjálft hefur sátt verið reynd á lögskipaðan hátt; það er því eigi ástæða til þess, ex officio, að dæma bæjarþingsdóminn ómerkan fyrir þessa skuld, og heimvísa málinu frá undirrjettinum, en þessu hefur áfrýjandi hreyft í sóknarskjölum sínum, nje heldur getur áfrýjandi orðið sýknaður fyrir það, að stefnda hafi brostið nægilegt umboð.

Skuldarkrafa stefnda á hendur áfrýjanda stafar af verzlunarviðskiptum bakara O. S. Endresens og áfrýjanda árin 1888—1891. Samkvæmt viðskiptabók, sem áfrýjandi hefur sjálfur framlagt (nr. 12 í undirrjettargjörðunum), hefur Endresen skuldað honum 23. okt. 1887 220 brauð, en þessi 220 brauð hefur áfrýjandi síðan úttekið á tímabilinu til 9. marz 1888, og verður eigi betur sjeð, en að hlutaðeigendur þá hafi verið reikningslega kvittir. Frá því 10. marz 1888 til 21. apríl 1891 hefur áfrýjandi eptir sömu viðskiptabók tekið út 2402 brauð, og verður það í peningum . kr. 1037,23
þegar 44 brauð eru talin fást úr hverjum
sekk, verðið á mjölsekknum talið 15 kr.,
og bökunarlaun pr. sekk 4 kr., en þetta
verðlag virðast málspartar vera sammála

(fluttar) kr. 1037,23

um, að rjett sje. Upp í þetta hefur áfrýjandi samkvæmt viðskiptabókinni borgað til 9. júlí 1891 kr. 260 + kr. 225 + kr. 100 + kr. 50 + kr. 22,23 = kr. 657,23

Ennfremur innlagt 29. ágúst 1888 20 sekki af mjöli, sem eptir ofansögðu reiknast á 15 kr. hver = — 300,00 kr. 957,23

Verður þá mismunurinn . . . . . kr. 80,00

sem áfrýjandi eptir þessari viðskipta- eða kvittunarbók hans virðist skulda stefnda, og eru það einmitt bókunarlaun af þeim 20 pokum rúgmjöls, sem áfrýjandi lagði inn hjá Endresen 29. ágúst 1888. Áfrýjanda hefur eigi tekizt að sanna, að hann hafi borgað þessar 80 kr., og er það nægilega útlistað í undirrjettardómnum, að því er snertir sönnunargögn þau, sem þá voru framkomin, en þar sem hann nú ennfremur fyrir yfirdóminum hefur lagt fram reikning, dagsettan $^{31}/_{12}$ 1888 og undirskrifaðan af O. S. Endresen, yfir »Bagerlön af 20 Sække Mel Kr. 80,00«, og á þennan reikning er skrifað orðið »betalt«, þá hefur Endresen afdráttarlaust neitað því, að hann eða nokkur með hans umboði hafi ritað þetta orð »betalt« á reikninginn, sem hann annars kannast við að hafa gefið út. Með því að áfrýjandi, sem framlagði þennan reikning mjög seint undir rekstri málsins, eigi hefur getað staðhæft, hver ritað hafi orðið: *„betalt“* á hann, en það er augljóslega ritað með annari hendi en reikningurinn sjálfur, sem tjáist skrifaður af Endresen, verður Endresen eigi fyrir lagður synjunareiður aðlútandi þetta málsatvik, og með því að áfrýjanda eigi heldur eptir málavöxtum verður heimilað að staðfesta með eiði framburð sinn um kvittunina á reikningnum,

— getur hún alls eigi komið til greina við úrslit máls þessa. Samkvæmt hinu framanritaða þykir það því rjett. að undirdómarinn hefur tekið til greina kröfu hins stefnda í máli þessu, og með því að einnig verður að fallast á málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins, ber að staðfesta hann í heild sinni. Eptir þessum úrslitum málsins virðist áfrýjandi eiga að greiða hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 15 kr. Það er eigi nægileg ástæða til þess að gefa gaum kröfu stefnda um ómerking meiðyrða og sektardóm fyrir þau.

Því dæmist rjett að vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Ólafur Þórðarson greiði stefnda, Lárusi Bjarnason fyrir hönd O. S. Endresens 15—fimmtán— krónur sem málskostnað fyrir yfirdómi. Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 35/1891: Páll Einarsson fyrir hönd þjóðjarðarinnar Brekku gegn Magnúsi Jónssyni eiganda Kleppjárnsstaða.

Dómur:

Mál þetta er risið út af ágreiningi um landamerki milli þjóðjarðarinnar Brekku og Kleppjárnsstaða, þar sem báðar jarðir vilja eiga engjastykki nokkuð, sem talið er prætuland í jarðabókinni frá 1861. Mál þetta

var dæmt í merkjadómi innan Norður-Múlasýslu 29. júlí 1890 með þeim úrslitum, að landamerki milli Brekku og Kleppjárnsstaða skuli vera: Úr fremsta bug á Brekkulæk eptir því sem hann fellur í »Búðarvatn« og þaðan í »Kringluós«. $^2/_3$ málskostnaðar skyldi Páll Ólafsson, en $^1/_3$ Magnús Jónsson greiða.

Þessum dómi hefur yfirrjettarmálaflutningsmaður Páll Einarsson, eptir skipun landshöfðingja, fyrir hönd þjóðjarðarinnar Brekku áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 1. des. f. á. og hefur hann til þess fengið uppreisn. Hefur hann krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur, og málinu vísað heim aptur til löglegrar dómsáleggingar og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað að skaðlausu, en stefndi hefur á hinn bóginn krafizt, að merkjadómurinn verði staðfestur og sjer dæmdur málskostnaður eptir mati rjettarins.

Af skjölum þeim og skilríkjum, sem lögð hafa verið fram í málinu, eru engin þess eðlis, að af þeim verði ráðið, hvorri jörðinni með rjettu fylgi hið umþráttaða engjastykki, nema útdráttur einn úr sáttabók Hróarstungu og Jökulsárhlíðar sáttaumdæmis, en samkvæmt honum var 3. júní 1841 sú sætt gjörð milli Sigurðar Tunissonar, er þá var fyrirvinna hjá móður sinni Solveigu Sigurðardóttur, er þá hafði jörðina Brekku til ábúðar, og Jóns bónda Jónssonar, er þá bjó á Kleppjárnsstöðum, að lögfesta nokkur fyrir Kleppjárnsstaðalandi frá árinu 1803 skyldi sem óáfrýjuð vera framvegis í gildi og landamerki eptir henni haldast meðal bæjanna, að utanverðu, þannig: að Brekkulækur skuli frá svo nefndum »Bug« á honum skipta og ráða þeim ofan eptir, svo Kleppjárnsstöðum þá tilheyri það, sem er fyrir framan lækinn,

hvar í það umþráttaða engjastykki þá er innifalið; jafnframt var það ákveðið í sættinni, að Brekku ábúandi eptir þörfum skyldi hafa frjálsa hagabeit fyrir kýr í Kleppjárnsstaðalandi með vissum skilmálum um rekstrarleiðina þangað. En áfrýjandi vill finna sætt þessari það til foráttu, að hún sje ekki gjörð af rjettum hlutaðeiganda (umboðsmanni) og ekki staðfest af »Rentukammerinu« nje af hlutaðeigandi amtmanni, sem þó hefði þurft að vera. Hann byggir tilkall sitt fyrir hönd Brekku til engjastykkisins á því, að Brekka hafi notað það í full 20 ár fyrir árið 1838, en stefndi styður sig við sættina og notkun landsins um síðustu 50 ár frá Kleppjárnsstöðum. Að því sættina 3. júní 1841 snertir, þá sjest að vísu ekki, með hvaða heimild ábúandi Brekku hefur gjört hana; en með því að það má álíta viðurkennt í málinu fyrir merkjadóminum, að prætulandið hafi ávallt, síðan sættin var gjörð, eða um 50 ára tíma, verið notað samkvæmt henni eða frá Kleppjárnsstöðum, þá virðist eigi merkjadómurinn hafa gjört sig sekan í neinni lögleysu, er hann dæmdi eptir sætt þessari í sambandi við notkun landsins, og með því hann heldur ekki hefur gjört neina þingsafglöpun, verður að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, og einnig að því til málskostnaðar kemur. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 5/1892: Kristín Jakobsdóttir
gegn
Oddi Thorarensen.

Dómur:

Hinn 23. okt. f. á. rak hinn stefndi, Oddur Thorarensen, vinnukonu sína, Kristínu Jakobsdóttur, er var vistráðið hjú hans frá 14. maí 1891 til 14. maí 1892, úr vistinni. Höfðaði hann síðan mál gegn henni fyrir lögreglurjetti Akureyrarkaupstaðar til endurborgunar á 6 kr. 37 a., er hann kvaðst hafa greitt henni um of í kaup, og þar að auki krafðist hann, að hún yrði dæmd til að greiða sjer tiltölulegt kaup samkvæmt 28. gr. hjúalaga 26. jan. 1866 fyrir tímabilið frá 23. okt. 1891 til 14. maí 1892, að hún yrði dæmd til sekta samkvæmt 19. gr. tjeðra laga og til málskostnaðargreiðslu. Áfrýjandi, Kristín Jakobsdóttir, krafðist á hinn bóginn, að hún yrði algjörlega sýknuð, og stefndi dæmdur til að borga henni málskostnað, svo og, að hann yrði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfing. Áfrýjandi hafði gjafvörn fyrir undirrjetti, svo og gjafsókn í gagnsóknarmáli, er hún höfðaði gegn stefnda til greiðslu á kaupgjaldseptirstöðvum, 18 kr., og matarverði, 23 kr., eða samtals 41 kr., og hafði fengið sjer talsmann skipaðan, er krafðist nefndrar upphæðar, svo og, að stefndi yrði dæmdur til að greiða málskostnað, þar með talin málflutningslaun til hans.

Hinn 17. nóv. f. á. var mál þetta dæmt í lögreglurjetti Akureyrarkaupstaðar með þeim úrslitum, að aðalkærandi (stefndi hjer fyrir rjettinum), lyfsali Oddur Thorarensen, var sýknaður af kærum og kröfum gagnkæranda (áfrýjanda hjer fyrir rjettinum), en gagnkær-

andi, Kristín Jakobsdóttir, dæmd til að greiða aðalkæranda 6 kr. 37 a.; að öðru leyti skyldi hún vera sýkn af kærum hans og kröfum. Málskostnaður var látinn falla niður. Málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns Kristínar, Björns amtsskrifara Árnasonar, 5 kr., skyldu greiðast af almannafje.

Hjer fyrir rjettinum hefur áfrýjandi, sem hefur fengið gjafsókn og sjer skipaðan talsmann, krafizt, að hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur verði úr gildi felldur og áfrýjandi sýknuð af öllum kærum og kröfum stefnda, en stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda eptirstöðvar af umsömdu kaupi (45 kr.) 18 kr. og matarverð samkvæmt 30. gr. hjúalaga 26. jan. 1866 frá 23. okt. 1891 til 14. maí 1892 23 kr., samtals 41 kr., svo og allan málskostnað fyrir báðum rjettum, málsfærslulaun fyrir yfirdómi 20 kr., og öll rjettargjöld, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði að öllu leyti staðfestur og að áfrýjandi verði dæmd til að greiða málskostnað fyrir landsyfirdómi eins og málið ekki væri gjafsóknarmál.

Sem ástæðu fyrir burtrekstri áfrýjanda úr vistinni hefur stefndi talið, að áfrýjandi hafi sýnt óhlýðni og þrjózku, og einkum og sjer í lagi, að hún hafi þann dag, er hann rak hana úr vistinni, þrjózkast við að koma með disk, sem hún var beðin um að rjetta úr eldhúsinu í borðstofuna. Áfrýjandi hefur neitað því, að hún hafi lagt það í vana sinn að vera óhlýðin og að sýna þrjózku, en hefur játað, að hún þann dag, er henni var vísað burtu úr vistinni, hafi látið fyrirfarast að rjetta disk inn í borðstofuna, er húsmóðir hennar þrívegis hafði boðið henni að koma með, en í síðasta skiptið (4.?), er kallað var eptir diskinum, hafi hún farið

með hann, en þá hafi húsmóðir hennar verið komin fram fyrir stofudyrnar til að sækja hann. Það er ekki upplýst í málinu, hve ótt hafi verið kallað eptir diskinum, en áfrýjandi var við línþvott í eldhúsinu, er þetta skeði. Þetta, sem nú hefur verið lýst, er sú eina yfirsjón áfrýjanda, er sannazt hefur upp á hana, og virðist hún ekki vera þess eðlis, að hún verði nefnd frek og viðvarandi þrjózka; en það er að eins slík þrjózka, sem hjúalögin 27. gr. 2. telur gilda burtrekstrarsök. Með því stefndi hefur þannig ástæðulaust rekið áfrýjanda úr vistinni, getur hann ekki komizt hjá að greiða áfrýjanda samkvæmt 30. gr. hjúalaganna hið eptirstandandi kaup fyrir vistarárið 18 kr. og matarverð fyrir tímann frá 23. okt. 1891 til 14. maí 1892 með 23 kr., og hefur þessum upphæðum ekki verið mótmælt. Svo verður hann og samkvæmt þessum úrslitum málsins að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum, er þykir hæfilega ákveðinn 40 kr., og er þar í fólgið kaup handa svaramanni áfrýjanda í hjeraði, 5 kr., og talsmannskaup hennar fyrir yfirdómi 20 kr.

Að því leyti málið hefur verið varið og gagnsótt með gjafvörn og gjafsókn í hjeraði og sótt með gjafsókn fyrir yfirdómi, vottast, að það hefur verið flutt löglega.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, lyfsali Oddur Thorarensen, á að greiða áfrýjanda, Kristínu Jakobsdóttur, 41 kr. Svo ber honum og að lúka málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi með 40 krónum, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda í hjeraði, Björns Árnasonar, 5 kr., og til

hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda fyrir yfirdómi landritara Hannesar Hafsteins, 20 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 10. októbermánaðar.

Nr. 32/1892: Rjettvísin gegn Sigurði Bjarnasyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Árnessýslu, gengnum 2. júnímán. þ. á., var hinn ákærði, Sigurður Bjarnason, dæmdur fyrir þjófnað framinn í 1. sinn til fangelsisbegningar við vatn og brauð í 5 daga og til að greiða allan af sökinni og varðhaldi sínu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hans, Guðmundar hreppstjóra Ísleifssonar, 4 krónur.

Þessum dómi er að beiðni hins ákærða áfrýjað til landsyfirdómsins.

Að því formhlið málsins snertir, skal það tekið fram, að þá er málið fyrst var tekið fyrir, var það fyrir lögreglurjetti, í stað þess að það átti að vera fyrir aukarjetti, en með því farið hefur verið með málið að öllu öðru leyti sem sakamál, getur það ekki haft ónýting málsins í för með sjer. Í annan stað er þess að geta, að hjeraðsdómaranum ekki er stefnt í áfrýjunarstefnunni, eins og vera bar, en þar sem hann í stefnunni — áður en hann ritaði undir hana — hefur lýst því yfir, að hann sem undirdómari láti sjer nægja þessa

stefnu, virðist ekki næg ástæða til fyrir þá sök að ónýta málið.

Það er með eigin játningu hins ákærða, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, og eigi hefur áður verið dæmdur fyrir neitt lagabrot, sannað, að hann á vertíðinni 1890 tók 5 nýjar ýsur niður við sjó framundan bænum Söndu í Stokkseyrarhverfi og árið 1891 4 hertar ýsur úr hlaða á sama stað, án þess að hann vissi hver þær átti; ýsurnar hagnýtti hann sjer heima fyrir. Þá hefur hann játað, að hann haustið 1891 hafi fleytt lýsi á 1 flösku ofan af grútarílátum, er stóðu niður undir sjó fyrir austan bæinn Íragerði; átti hann sjálfur part í grútnum; grútnum var seinna hellt niður sem gagnslausum. Þetta athæfi hans virðist ekki saknæmt. Þá hefur hinn ákærði játað, að hann, er hann fyrir allmörgum árum bjó í Vetleifsholtshverfinu í Rangárvallasýslu, hafi tekið 3 hnappheldur af hestum, er komu í engjar hans og sem hann ekki vissi hver átti. Að því er þessa hnappheldatöku snertir, verður ekki sjeð, að hann hafi ætlað að slá eign sinni á þær heldur má ætla, að hann hafi gjört það til þess að reka ekki hestana úr engjunum í höptunum. Verður þetta því ekki skoðað sem þjófnaður nje yfirhöfuð, eptir því sem upplýst er, látið varða ákærða hegningar, og svo er og um hrífutöku þá, sem ákærði hefur um getið. Loks hefur ákærði játað upp á sig, að hann hafi tekið unna hellu á 1 hest úti í holti í Vetleifsholtshverfi, og notað hana í þak á fjárhús; hellan hefur verið metin 50 aura, og virðist taka hans á henni vera þess eðlis, að hún ekki verði gefin honum að sök í þessu máli, með því að eigandi hennar, hver sem hann hefur verið, ekki hefur krafizt málssóknar gegn honum fyrir.

Hin 2 fyrstnefndu brot ákærða eiga undir 230 gr. almennra hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin af hjeraðsdómaranum 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og með því að yfirdómurinn einnig verður að fallast á ákvæði hjeraðsdómsins, að því til sakarkostnaðar og málsvarnarlauna kemur, þá ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Hinn ákærði greiði og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Þess skal getið, að ákærði hefur verið hafður alllengi og eptir atvikum — að því virðist — óparflega lengi í varðhaldi. Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjeraði verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Ákærði Sigurður Bjarnason á að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Lárusar Bjarnason og Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 18/1892: B. Muus & Co
gegn
J. E. Jensen.

Dómur:

Eptir að skiptum hafði verið lokið í dánarbúi kaupmanns Jóns O. V. Jónssonar hinn 7. desbrmán. f. á. af skiptarjetti Reykjavíkur kaupstaðar, áfrýjaði hinn stefndi, bakari J. E. Jensen, sem hlutaðeigandi í búinu, tjeðum skiptum til yfirrjettarins með stefnufresti þangað til í desembermán. 1893. Með því að áfrýjandanum, B. Muus & Co, sem var aðalskuldheimtumaður í búinu, þótti með þessu móti gjörð tilraun til þess að draga skiptalokin óhæfilega, áfrýjaði hann með stefnu, dags. 10. júní þ. á., til staðfestingar skiptum þessum í heild sinni og sjerstaklega 2 úrskurðum skiptarjettarins um kröfur stefnda, uppkveðnum 23. maímán. f. á., en nefndir úrskurðir hljóða svo:

»Mótmæli J. E. Jensens gegn veðskuldabrjefi B. Muus & Co, dags. 10. apríl 1886, verða eigi tekin til greina, og skal hin framlagða skuldaskrá að því leyti vera óbreytt,« og:

»Skuldaliður V. 9 á hinni framlögðu skuldaskrá falli burtu«.

Jafnframt hefur áfrýjandinn krafizt þess, að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins.

Hinn stefndi hefur af sinni hálfu krafizt þess, *að* málinu verði vísað frá rjettinum og honum tildæmdur nægilegur málskostnaður eða kostur og tæring, *eða* að öðrum kosti, *að* honum verði veittur frestur í því þangað til í desembermán. 1893, þegar áðurnefnd áfrýjunar-

stefna hans fellur í rjett, *eða* þó að minnsta kosti svo langur frestur, að hann geti gagnáfrýjað sökinni. — Þar sem stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því, að landritari Hannes Hafstein, sem hefur áfrýjað málinu fyrir hönd B. Muus & Co, hafi eigi haft lögfullt umboð til þessa, enda eigi verið löggiltur til að mæta í yfirrjettinum í málinu, þá á hvorugt þetta við rök að styðjast, því að það er upplýst, að Hannes Hafstein var skipaður til þess að gegna málsfærslustörfum við yfirdóminn, þegar málið var fyrir tekið þar (27. júní), síðar hefur hann fengið sjerstaka löggildingu til þess að mæta í máli þessu, og loksins hefur hann sýnt fullkomið umboð frá B. Muus & Co til þess að áfrýja málinu. — Það er eigi heldur lögmæt frávísunarástæða af hálfu stefnda, að hann hefur áfrýjað skiptunum í heild sinni til breytingar, því að áfrýjanda eða hverjum öðrum hlutaðeigandi í búinu var allt að einu heimilt að áfrýja þeim til staðfestingar af sinni hálfu. Og þótt einn af úrskurðum skiptaráðanda í búinu, sem eigi snertir báða þessa málsparta, sje undir áfrýjun til hæstarjettar, getur *það* eigi orðið því til fyrirstöðu, að staðfestingardómur gangi í málinu, eins og það nú liggur fyrir rjettinum.

En þar sem áfrýjandi eigi hefur stefnt neinum af hlutaðeigendum í búinu öðrum en bakara J. E. Jensen, og skiptadómaranum er að eins stefnt til að verja úrskurði sína og meðferð á búinu, verða skiptin eigi staðfest í heild sinni. Í þessu tilliti koma að eins til álita þeir 2 úrskurðir skiptarjettarins, uppkveðnir 23. maí f. á., um kröfur hins stefnda, sem sjerstaklega hefur verið áfrýjað, og verður að staðfesta úrskurði þessa eptir kröfu áfrýjanda, með því að þeim hefur eigi verið gagnáfrýj-

að, en að veita hinum stefnda, gegn mótmælum áfrýjandans, frest til að gagnáfrýja sökinni, eptir að hann áður hefur haft frest í henni frá 27. júní til 1. ágústm., þykir eigi rjett. — Eptir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir áfrýjuðu úrskurðir skiptarjettar Reykjavíkur, uppkveðnir 23. maí 1891, skulu vera óraskaðir. Málskostnaður falli niður.

Nr. 10/1892: Ólafur Davíðsson
gegn
sýslumanni Sigurði Þórðarsyni
sem skiptaráðanda í dánarbúi
Jóns Þórðarsonar.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í hjeraði af áfrýjandanum og þáverandi meðeiganda hans að jörðinni Sleggjulæk í Stafholtstungum (en nú er hann einn eigandi jarðar þessarar) gegn Jóni Þórðarsyni, eiganda Norðtungu í Þverárhlíð, sem nú er dáinn, og skiptaráðanda því stefnt fyrir hönd dánarbús hans. Var málið höfðað út af ágreiningi um landamerki milli greindra jarða, og var það dæmt í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 17. septembermán. f. á. þannig, að landamerki milli jarðanna skyldu vera þessi: »Örnólfsdalsá ræður frá Sleggjulækjarósi upp að Fornafarvegsmynni, þá Fornifarvegur upp að móanefi því, er skagar út að honum að sunnan, og úr móanefinu stytztu leið niður

í á; síðan ræður höfuðkvísl (syðri kvísl) árinnar upp á móts við Móabrekkur. Öll veiði í Örnólfsdalsá ofan frá Móabrekkum niður að Fornafarvegsósi tilheyrir Norðtungu, en frá Fornafarvegsósi niður að Sleggjulækjarósi á hvor jörðin veiði fyrir sínu landi«. Borgun til dómenda, 90 kr., og ferðakostnaður sýslumanns, 8 kr., samtals 98 kr., skyldi greiðast að hálfu af almannafje, en að hálfu af sækjendum. Að öðru leyti skyldi málskostnaður falla niður.

Dómi þessum hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 22. marz þ. á., og hefur hann krafizt þess, að hann verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim aptur til nýrrar og löglegrar dómsáleggingar, og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað bæði fyrir undir- og yfirrjetti með einhverju eptir rjettarins mati nægilegu. Hinn stefndi skiptaráðandi hefur fyrir hönd dánarbúsins krafizt þess, að merkjadómurinn verði staðfestur og að sjer sem skiptaráðanda í dánarbúinu verði tildæmdur nægilegur málskostnaður hjá áfrýjanda eptir mati landsyfirdómsins.

Aðal-þrætuefnið fyrir merkjadóminum var, hvorri jörðinni skyldi tilheyra landsspilda nokkur fyrir sunnan Örnólfsdalsá og meðfram henni frá Fornafarvegsósi upp á móts við Móabrekkur, svo og veiðirjetturinn í Örnólfsdalsá, er Norðtungubóndinn taldi sig einan eiga. Með því að það þótti sannað, að efri (fremri) hluti þessarar landsspildu hefði um langan aldur verið notaður frá Sleggjulæk (jörð áfrýjanda), dæmdi merkjadómurinn þann hluta þrætustykkisins undir þessa jörð, samkvæmt Jónsb. landsl.b. 26. kap. i. f., en eignaði þó Norðtungu allan veiðirjettinn í ánni, eins meðfram þessum hluta þrætuspildunnar, eins og neðar, meðfram þeim

hluta hennar, er Norðtungueigandanum var tildæmdur. Það er þessi ákvörðun dómsins, um veiðirjettinn á nýnefndu svæði, sem áfrýjandinn vill átelja, og telur hann það lögleysu af merkjadóminum, samkv. 56. kap. Jónsb. landsl.b., úr því að hann dæmdi Sleggjulæk land að ánni að nokkru leyti, að skilja veiðirjettinn í henni á því svæði frá og eigna hann Norðtungu. En hjer við er það að athuga, að það er viðurkennt í málinu, að Norðtungubóndinn hafi einn notað alla veiði í ánni á þessu svæði óátalið í 40 - 50 ár, og að þar áður hafi Sleggjulækjarmenn því að eins haft samveiði þar við Norðtungubónda, að þeir legðu til öll netin. Svo hefur og Norðtungueigandi fært töluverðar og þýðingarmiklar sönnur fyrir því, að Norðtungu tilheyrði landsspilda sú, sem hjer er um að ræða, en af hálfu Sleggjulækjar eru engar slíkar sönnur framkomnar, aðrar en notkun landsins fyrirfarandi, sem er mjög ófrjótt og lítils virði. Þegar á þetta er litið, verður það eigi álitin lögleysa af merkjadóminum, að hann hefur eigi dæmt Sleggjulæk frekari rjett samkvæmt Jónsb. landsl.b. 26. kap. i. f. en hin sönnuðu afnot landsins náðu; og með því að eigi hefur í öðrum atriðum verið fundið að hinum áfrýjaða dómi, nje heldur nokkur ástæða er til þess að ómerkja hann ex officio, þá ber að staðfesta hann. Málskostnaður virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði merkjadómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 17. októbermánaðar.

Nr. 33/1892: Rjettvísin
gegn
Andreas Dahl Guðbrandssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 6. ágústm. þ. á., var hinn ákærði, Andreas Dahl Guðbrandsson, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað og innbrotsþjófnað til að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu, greiða 40 aura í iðgjöld til Sigurðar Bessa Gíslasonar, svo og greiða allan af málinu og varðhaldi sínu leiðandi kostnað. Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins bæði eptir ósk hins ákærða og af hálfu hins opinbera.

Það er upplýst í sökinni með játningu ákærða sjálfs og öðrum skýrslum, að hann hefur gjört sig sekan í eptirnefndum glæpum:

1. Úr farangri Sigurðar Bessa Gíslasonar, sem geymdur var undir bát í porti hjer í bænum, stal hinn ákærði í síðastliðnum júnímánuði ullarsokkum bláum með 4 pd. af kaffi, er voru í öðrum sokknum, og þriggjapela-flösku, rúmlega hálffullri af brennivíni; gjörði hann þetta, meðan eigandinn hafði brugðið sjer frá farangrinum. Hinn ákærði drakk brennivínið, og hefur eigandinn krafizt 40 aura sem endurgjalds fyrir það. Kaffið og sokkana hefur eigandinn fengið aptur.

2. Um síðastliðin vertíðarlok stal hinn ákærði 10 grásleppum frá Jóni Jónssyni skipasmið, er hjengu á grindum úti hjá húsi hans. 8 grásleppunum hefur verið skilað aptur, en fyrir hinar hefur eigi verið krafizt endurgjalds.

3. Í síðastliðnum júnímánuði stal hinn ákærði 3 pd. 60 kv. af smjöri úr læstu herbergi Einars Eyjúlfssonar, sem býr í sama húsi og ákærði. Fór hann inn í herbergið með því móti, að hann setti öxi milli dyrastafsins og læsingarjárnsins og sprengdi þannig upp herbergishurðina. Þetta smjör lagði ákærði inn í verzlun hjer í bænum, en bróðir ákærða, sem varð áskynja um það, innleysti það að vörmu spori, og skilaði því aptur eigandanum.

4. Frá Kristjáni Eyfjörð Kristjánssyni stal ákærði í vetur er leið slipsisnál, sem var þannig gjörð, að næli var fest á 5 kr. gullpening. Tók hann nálinu úr slipsi á borði í herbergi Kristjáns. Nælið braut hann af gullpeningnum, og skipti honum svo fyrir silfurpeninga í verzlunarbúð hjer í bænum; endurgjalds hefur eigi verið krafizt fyrir nálina, en gullpeningurinn hefur komið til skila aptur.

5. Þá hefur ákærði kannazt við það, að hann hafi í fyrra haust stolið peningabuddu frá skólapilti Ólafi Benediktssyni, meðan hann svaf inni á hótel Reykjavík, og voru í henni nálægt 40 kr. í peningum. Þessa peninga virðist ákærði hafa endurborgað að mestu leyti, eða þó gjört samning um endurborgun þeirra, þannig, að Ólafur hefur sleppt frekari kröfum á hendur honum útaf þjófnaðinum.

Undir rannsókn málsins hafa auk þessa komið fram talsverðar líkur fyrir því — án þess það þó gegn neitun ákærða hafi orðið nægilega sannað —, að hann hafi tvívegis áður stolið smjöri frá Einari Eyjúlfssyni, því að Einar hefur borið það fram, að hann hafi misst smjör tvisvar sinnum áður, og ákærði hefur kannazt við, að hann hafi tvívegis áður lagt inn smjör við verzlun

eina hjer í bænum, án þess að hann jafnframt hafi getað gjört grein fyrir því, hvaðan hann hafi fengið þetta smjör, og að hann ennfremur sumarið 1889 hafi stolið á hótel Ísland af Sigmundi Guðmundssyni sofandi nálægt 20 kr. í peningum, því að þegar Sigmundur bar upp á ákærða, að hann hefði tekið þessa peninga, bauðst hann til að greiða honum 16 kr., »til þess að taka þátt í skaða hans«, en hefur að öðru leyti eigi getað gjört grein fyrir því, hvers vegna hann vildi taka þátt í skaða Sigmundar. Loksins hefur það komið fram í málinu, að Þorvaldur Björnsson í Núpakoti hafi sumarið 1889 misst á hótel Ísland fullar 100 kr. í peningum, og álitið, að ákærði væri valdur að hvarfi þeirra, en hann hefur þverlega þrætt fyrir, að svo væri. Eptir málavöxtum eru eigi líkur til, að þessir síðasttöldu glæpir, sem ákærði er grunaður um, sannist á hann.

Hinn ákærði er mjög drykkfelldur, hefur fengið drykkjuæði, og er slagaveikur, en eptir vottorði landlæknisins, sem hefur athugað hann, hefur hann þar fyrir utan fulla rænu, og ber fullt skyn á gjörðum sínum, og við prófin í málinu kom hann þannig fram eptir skýrslu undirdómarans og rjettarvottanna, að þess sást enginn vottur, að hann væri ruglaður á vitsmunum eða sturlaður á geði. Og eptir því sem fram er komið í málinu, sjerstaklega framburði ákærða sjálfs, verður eigi álitið, að hann hafi verið svo vindrukkinn, þegar hann framdi framantalin afbrot, að það geti haft áhrif á sakhæfi hans samkvæmt 40. gr. hegningarlaganna.

Afbrot hins ákærða, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, og eigi hefur áður verið dæmdur fyrir nokkurn glæp, eru af undirdómaranum rjettilega heimfærð undir 230. gr. og 231. gr. 4. málslið hinna almennu

hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhússvinna. Með því að ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað og iðgjöld einnig samþykkjast, ber að staðfesta tjeðan dóm í heild sinni. Svo ber hinum ákærða og að greiða allan af áfrýjun sakarinnar leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður. Ákærði, Andreas Dahl Guðbrandsson, greiði allan af áfrýjun sakarinnar leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar og landritara Hannesar Hafstein, 10 kr. til hvors þeirra. Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins og honum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 34/1892: Hið opinbera
gegn
Jóni Ólafssyni.

Dómur:

Með dómi lögreglurjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu, gengnum 13. júlímán. þ. á., var hinn kærði, Jón

Ólafsson í Bygggarði í Seltjarnarnesshreppi, dæmdur til að greiða 40 kr. sekt fyrir brot gegn fiskiveiðasamþykkt fyrir Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Garðahrepp, Bessastaðahrepp, Seltjarnarnesshrepp og Reykjavíkurbæ, 8. des. 1890. Svo var og afli sá, 250 fiskar að tölu, er kærði fjekk fyrir brot þetta eða netalögn sína, með dómnum gjörður upptækur. Sektin og andvirði aflans skyldi renna í fátækrasjóð Rosmhvalanesshrepps. Loks var hinn kærði dæmdur til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað. Þessum dómi er að beiðni hins kærða skotið til landsyfirdómsins.

Hinn 24. marzmán. þ. á. lagði hinn kærði, eptir því sem hann sjálfur hefur játað, $3^1/_2$ net í sjó fyrir framan Leiruna í Rosmhvalanesshreppi, og er hann vitjaði um þau 26. s. m., voru í þeim 250 fiskar, er hann flutti í land ásamt netunum. Hinn kærði hjelt því upprunalega fram, að net þessi hefðu verið hrognkelsanet, og hefði honum því verið heimilt að leggja þau, en síðar, er tilkvaddir menn höfðu skoðað netin og lýst því yfir, að það væru þorskanet, gat hann eigi mótmælt því, að svo væri.

Kærði hefur þannig með því að leggja net þessi gjörzt brotlegur gegn 1. gr. ofannefndrar samþykktar, sem bannar að leggja þorskanet í sjó á því svæði, er hún nær til, fyrir 7. apríl ár hvert; samkvæmt 2. gr. sömu samþykktar skal aflinn vera upptækur. Með því nú landsyfirdómurinn fellst á sektarupphæð þá, er lögreglurjettardómurinn ákveður, svo og á ákvæði hans um, að aflinn skuli upptækur og hinn kærði greiða allan löglegan málskostnað í hjeraði, þá ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Svo hlýtur hinn kærði og

að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði verður ekki víttur, og sókn og vörn þess fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Kærða, Jóni Ólafssyni, ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 35/1892: Hið opinbera
gegn
Ólafi Ingimundarsyni.

Dómur:

Með dómi lögreglurjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnum 16. júlímán. þ. á., var hinn kærði, Ólafur Ingimundarson í Bygggarði í Seltjarnarnesshreppi, dæmdur fyrir brot gegn fiskiveiðasamþykkt fyrir Rosmhvalanesshrepp o. fl. hreppa sunnanvert og austanvert við Faxaflóa, og Reykjavíkurbæ, 8. des. 1890, í 60 kr. sekt til fátækrasjóðs Rosmhvalanesshrepps, svo og til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað. Þessum dómi hefur að beiðni hins kærða verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins kærða og öðrum skýrslum í málinu sannað, að hann lagði rúmlega 3 net í sjó 24. marz þ. á. fram undan Leirunni í Rosmhvalanesshreppi, og er hann 26. s. m. vitjaði um þau, var nokkur afli af þorski í þeim, en ekki hefur enn sannazt, hve mikill. Það er einnig í málinu sannað, að net þau, er hann lagði, voru þorskanet, og er það því þýðingarlaust fyrir úrslit þessa máls, að hinn kærði hefur borið, að hann hafi lagt netin fyrir hrognkelsi.

Hinn kærði hefur því brotið gegn 1. gr. ofannefndrar samþykktar, og virðist sekt sú, sem hann eptir 2. gr. samþykktarinnar hefur til unnið, af undirdómaranum eptir atvikum hæfilega metin 60 kr., og með því að yfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðarákvæði lögreglurjettardómsins, ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Svo ber hinum kærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Kærði, Ólafur Ingimundarson, á að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans; ella sæti hinn kærði aðför að lögum.

Nr. 29/1892: E. Egilsson
gegn
sýslumannninum í Kjósar- og Gullbringusýslu, Franz Siemsen.

Dómur:

Hinn 21. maí f. á. fjekk áfrýjandinn til láns hjá sýslunefnd Kjósar- og Gullbringusýslu 300 kr., og gaf hann út skuldabrjef fyrir láninu sama dag, og skuldbatt sig í því til að endurborga lánið í sama mund árið eptir, ásamt 4% vöxtum af því, en til tryggingar skaðlausri borgun á höfuðstól og vöxtum veðsetti hann næst eptir 3800 kr. eign sína »Garðana« með öllum tilheyrandi húsum. Með því að lán þetta með vöxtum og þinglestursgjaldi var enn óborgað 4. júlí þ. á., krafðist sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu (hinn stefndi) þess í brjefi til bæjarfógetans í Reykjavík, dags. nefndan dag, að fjárnám væri gjört fyrir skuldinni og fjárnámskostnaði í hinni veðsettu eign samkvæmt lögum 16. des. 1885, og fór fjárnám þetta síðan fram að undangenginni löglegri tilkynningu til áfrýjanda, sem býr á hinni veðsettu eign, hinn 18. júlí næst á eptir.

Áfrýjandinn hefur nú með stefnu, útgefinni 29. júlí þ. á., áfrýjað fjárnámsgjörð þessari til yfirdómsins, og krafizt þess, að hún verði dæmd ógild og ómerk og að stefndi verði dæmdur til að borga sjer allt að 300 kr. fyrir »Tort og Creditspilde«, svo og málskostnað að skaðlausu eða eptir yfirdómsins mati. Hinn stefndi hef-

ur aptur á móti krafizt þess, fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá yfirdómi og sjer dæmd hæfileg þóknun í kost og tæringu, en *til vara*, að fjárnámsgjörðin verði staðfest og sjer dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Frávísunarkrafa stefnda, sem er byggð á því, að annar af stefnuvottum þeim, sem birtu honum yfirdómsstefnuna, hafi eigi skrifað nafn sitt undir áteiknunina um birtinguna, en að eins sett stimpil sinn undir, verður eigi tekin til greina, þar sem hann hefur eigi borið á móti því, að stefnan hafi verið sjer löglega birt, en að eins krafizt frávísunar af greindri ástæðu.

Hvað aðalefni málsins snertir, þá er það in confesso, að áfrýjandinn sendi mann til sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu (hins stefnda) 21. maí þ. á., dag þann er lánið skyldi endurborgað, með höfuðstólsupphæð skuldabrjefsins, sem hann bauð sýslumanni fram á skrifstofu hans gegn afhending skuldabrjefsins með áritaðri kvittun, en vextina vísaði hann sýslumanni á hjá sjálfum honum af peningum, er áfrýjandinn taldi sig eiga hjá honum. Þessu borgunarframboði vildi sýslumaður, hvað vextina snertir, eigi taka, og eigi afhenda skuldabrjefið, nema vextirnir væru einnig löglega greiddir, og varð þá eigi af greiðslu lánsins í það skipti, enda er það óborgað enn. Það er nú hvorttveggja, að það verður eigi álitið, að sýslumaður hafi fyrir hönd sýslusjóðsins eða sýslunefndarinnar verið skyldur til að taka sem gilda borgun ávísun upp á sjálfan sig sem prívatmann, enda áleit hann eigi, að áfrýjandinn ætti hjá sjer peninga þá, er hann vísaði á. Og þar sem stefndi eigi var skyldur að láta sjer nægja greiðslu höfuðstólsins eins, hefur áfrýjandinn þannig eigi boðið fram löglega borg-

un umgetins skuldabrjefs, og eru því mótmæli hans gegn lögmæti hinnar áfrýjuðu fjárnámsgjörðar, sem byggð eru á því, að hafnað hafi verið löglegu borgunarframboði hans, eigi á rökum byggð. Það ber því að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð að öllu leyti. Málskostnað ber áfrýjanda að greiða stefnda með 15 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgjörð á að vera óröskuð. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn E. Egilsson stefnda sýslumanni Franz Siemsen með 15 krónum innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 24. októbermánaðar.

Nr. 39/1892: Rjettvísin gegn Jóni Sigurðssyni.

Dómur:

Í máli þessu er hinn ákærði, vinnumaður Jón Sigurðsson frá Mýri í Bárðardal, sakaður um það, að hann hafi sunnudaginn hinn 13. sept. f. á. með ráðnum huga drepið stúlkuna Guðfinnu Jónsdóttur frá Svartárkoti, sem var þunguð af hans völdum, og eptir að hann hafði játað glæp þennan á sig, var hann með aukarjettardómi Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 3. sept. þ. á., af hlutaðeigandi hjeraðsdómara með tilkvöddum og eiðfestum 4 meðdómsmönnum, dæmdur til að sæta lífláti og til að greiða allan löglegan sakarkostnað, þar á meðal 6 kr. í málsvarnarlaun í hjeraði. Þessum dómi hefur

verið skotið til yfirrjettarins samkvæmt tilsk. 24. jan. 1838, 15. gr.

Tildrög og atvik að glæpnum eru eptir framkomnum skýrslum þessi. Hinn ákærði og Guðfinna Jónsdóttir voru vinnuhjú á sama bæ, Svartárkoti í Bárðardal, frá vordögum 1889 til vordaga 1891, en þá fluttist hann að Mýri í sömu sveit. Meðan þau voru samtíða í Svartárkoti, gerðist einhver samdráttur milli þeirra, mestmegnis fyrir eptirgangsmuni Guðfinnu, án þess þó að sjeð verði, að þau hafi beinlínis trúlofazt. Þó komst þetta svo langt, að um páskaleytið síðara árið, sem þau voru í Svartárkoti bæði, kom ákærða til hugar að taka hana að sjer, en af þessum tildrögum og um það leyti varð hún barnshafandi af hans völdum. En þegar svo var komið, fór velvildarhugur ákærða til Guðfinnu smámsaman að hverfa, orsakalaust af hennar hálfu, og án þess að ákærði hafi getað tilgreint neinar verulegar eða eðlilegar ástæður fyrir því; að eins hefur hann borið það fram, að þau hafi verið ólík í lund, og að hann hafi verið hræddur um, að foreldrum sínum mundi eigi líka þessi ráðahagur. Ákærði tjáist síðar hafa talfært það við Guðfinnu, hvort hún eigi væri fáanleg til að samþykkja, að þau hættu að hugsa um hjúskapar-samvistir, en til þess hafi hún verið ófáanleg; hafi hún þá hermt upp á sig hjúskaparloforð, sem hann þó aldrei hafi berum orðum gefið henni, og hafi sjer gramizt það. Upp úr þessu fór það að hvarfla í huga ákærða, að losast við Guðfinnu með einhverju móti, en til þess hugkvæmdist honum ekkert annað ráð en að fyrirfara henni. Þessi hugsun, að ráða Guðfinnu af dögum, vaknaði hjá ákærða 3 vikum eða $^1/_2$ mánuði áður en hann framdi glæpinn, festist smátt og smátt hjá honum

og varð að fullum ásetningi. Hann fór að Svartárkoti laugardaginn 12. sept. f. á. meðfram til þess, að framkvæma þennan ásetning; var hann þá þar um nóttina, og á sunnudagsmorguninn 13. s. m. átti hann tal við Guðfinnu þar á bænum, og í því skyni að framkvæma áform sitt fjekk hann hana til að lofa að hitta sig þá um daginn eptir kl. 2 einhversstaðar á svæðinu frá beitarhúsunum á Víðirkeri og að Ullarfossi í Svartá, við ána sjálfa. Á sunnudagsmorguninn fór hinn ákærði frá Svartárkoti, og síðar um daginn eptir hádegi fjekk Guðfinna Jónsdóttir leyfi húsmóður sinnar til að bregða sjer út af heimilinu. Þegar hún eigi kom heim aptur, var gjörð leit eptir henni, og fannst hún loksins 16. s. m. örend í Svartá í svo grunnu vatni, að það rann eigi yfir allan líkama hennar. Eptir áliti hlutaðeigandi læknis, sem hefur skorið líkið upp og rannsakað það, hefur Guðfinna dáið köfnunardauða, og hyggur hann, að hún hafi verið köfnuð, áður en hún kom í vatnið. Hinn ákærði hefur nú og tregðulaust kannazt við það, að hann hafi, þegar hann eptir umtali þeirra hitti Guðfinnu á hinum ákveðna tíma og stað við Svartá, án nokkurra umyrða lagt hendur á hana, þar sem hún sat á árbakkanum, sett vetling sinn og vasaklút fyrir vitin á henni, legið ofan á henni og haldið þannig fyrir vit hennar, þangað til hún var köfnuð, en að því búnu dró hann líkið út í ána, þar sem það síðar fannst.

Samkvæmt framburði hins ákærða og öðrum atvikum málsins er það ekkert vafamál, að hann hafi á ofanritaðan hátt af ásettu og fyrirhuguðu ráði fyrirfarið stúlkunni Guðfinnu Jónsdóttur, og eru engin atvik komin fram í þessu máli, er geti losað hinn ákærða við hina lögákveðnu refsing fyrir svofellt brot. Það er því

rjett, að hjeraðsdómurinn hefur heimfært afbrot ákærða, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt refsingu fyrir neinn glæp, undir 191. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og dæmt hann til að sæta líflíti, og ber að þessu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Að því málskostnað snertir, ber hinum ákærða að greiða allan kostnað málsins fyrir 12. okt. f. á., er það fyrst var dæmt í hjeraði, og sömuleiðis allan kostnað málsins frá því að það var þar síðast dæmt, 3. septbr. þ. á., þar með talin málsvarnarlaun í hjeraði, 6 kr., og málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Um meðferð málsins í hjeraði er það að athuga, að hjeraðsdómarinn hefur tvívegis áður látið dóm ganga í því, hinn 12. okt. f. á. og 14. jan. þ. á., en báðir þeir dómar hafa verið ómerktir, hinn fyrri af því, að meðdómsmenn eigi voru kvaddir til að dæma með undirdómaranum, en hinn síðari af því, að hinir tilnefndu meðdómsmenn eigi voru eiðfestir, og hefur þetta gjört að nauðsynjalausu mjög mikinn drátt á málinu. Það þykir þó eigi ástæða til þess, að láta dómarann sæta frekari ábyrgð fyrir þetta en að hann greiði allan kostnað, sem af málinu hefur leitt, frá því að það var fyrst dæmt í hjeraði, 12. okt. f. á., og þangað til það var dæmt nú síðast 3. sept. þ. á. Að öðru leyti hefur rekstur og meðferð málsins í hjeraði verið vítalaus, og málsfærslan fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á, að því hina ídæmdu refsingu snertir, að vera óraskaður. Hinn

ákærði Jón Sigurðsson greiði allan í málinu fyrir 12. okt. f. á. áfallinn kostnað, svo og áfallinn og áfallandi kostnað málsins frá 3. septbr. þ. á., þarmeð talin málsvarnarlaun í hjeraði, 6 kr., til Þorbergs hreppstjóra Þórarinssonar, og málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflærslumanns Páls Einarssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinsson, 10 kr. til hvors þeirra.

Hjeraðsdómarinn, sýslumaður Benedikt Sveinsson, greiði allan kostnað, sem leitt hefur af málinu frá 12. okt. 1891 til 3. sept. þ. á.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 7. nóvembermánaðar.

Nr. 38/1892: Hið opinbera
gegn
Sigurði Magnússyni og
Jóni J. Breiðfjörð.

Dómur:

Með lögreglurjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 3. ágústmán. þ. á., voru hinir kærðu, hreppsstjóri í Vatnsleysustrandarhreppi Jón J. Breiðfjörð á Brunnastöðum og vinnumaður hans Sigurður Magnússon dæmdir fyrir brot gegn 1. gr. fiskiveiðasamþykktar 8. des. 1890, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum fyrir Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Garðahrepp, Bessastaða-

hrepp, Seltjarnarnesshrepp og Reykjavíkurbæ, hinn fyrnefndi í 90 króna sekt, og hinn síðarnefndi í 20 króna sekt. Afli sá, er fjekkst í net þau, er kærði Sigurður Magnússon lagði 23. marzm. þ. á. og upptekin voru daginn eptir, skyldi upptækur vera, og sektir og andvirði aflans að frádregnum kostnaði renna að hálfu í fátækrasjóð Vatnsleysustrandarhrepps, en að hálfu til tilsjónarmanns Jóns Ólafssonar í Keflavík, er tók netin upp. Málskostnað skyldu hinir kærðu greiða einn fyrir báða og báðir fyrir einn. Dómi þessum er að ósk hinna kærðu skotið til yfirdómsins.

Hinn 24. marz þ. á. fann tilsjónarmaður Jón Ólafsson frá Keflavík 4 net ómerkt, að hans áliti 2 þorskanet og 2 grásleppunet, fast við land upp undir Hólmsbergi, og voru í netunum 78 fiskar, sem hann flutti í land ásamt netunum. Kom það upp daginn eptir, að kærði Sigurður Magnússon hafði lagt net þessi daginn áður, og nokkrum dögum síðar kom húsbóndi hans, hinn kærði J. J. Breiðfjörð, til tilsjónarmannsins, er geymdi netin, og tók í forboði lögreglustjórans 3 af þeim, bæði grásleppunetin og annað þorskanetið, og fór með þau, svo og kúlurnar af 4. netinu, en skildi eptir netið sjálft. Þetta net, sem eptir var skilið, var skoðað af 4 tilkvöddum mönnum, og var einhuga álit þeirra, að það væri að öllu eins og venjuleg þorskanet gjörast, og þar sem það má álíta viðurkennt af kærðu eða upplýst í málinu, að eitt af hinum netunum, sem eigi urðu skoðuð, hafi verið að öllu eins og þetta net, álízt þar með sannað, að 2 af hinum lögðu netum hafi verið þorskanet. Það verður því eigi tekið til greina, að kærðu hafa haldið því fram, að þessi 2 net hafi verið rauðmaganet, enda gátu og netin eigi álitizt lögð fyrir

hrognkelsi á þeim stað, er þau lágu, eptir vottorði ofannefndra manna, og eins og raun varð á, þar sem í þau fengust að eins þorskar, en engin hrognkelsi. Eins og áður er tekið fram, er hinn kærði Sigurður Magnússon vinnumaður kærða Jóns J. Breiðfjörðs, og þar sem það er játað af Jóni, að hann hafi afhent Sigurði framangreind net til þess að leggja þau, þá verður að álíta, að hann beri einn ábyrgð á lagabroti því, er hjer er um að ræða, og ber því að sýkna Sigurð að öllu leyti. Hinn kærði J. J. Breiðfjörð sæti sekt samkvæmt 2. gr. ofannefndrar samþykktar, er með tilliti til stöðu hans sem hreppstjóra þykir hæfilega metin 60 krónur. Af hinum upptekna afla eiga 68 fiskar, er fengust í þorskanetin, að vera upptækir, og andvirði þeirra ásamt sektinni að renna að hálfu í fátækrasjóð Vatnsleysustrandarhrepps, en að hálfu til upptökumanns netanna. Svo ber og kærða J. J. Breiðfjörð að greiða allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Á rannsókn málsins hefur orðið nokkur dráttur, sem ekki er rjettlættur af undirdómaranum, en þó virðist eigi næg ástæða til að láta hann sæta ábyrgð fyrir. Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði Sigurður Magnússon á að vera sýkn af kæru hins opinbera í máli þessu. Hinn kærði hreppstjóri Jón J. Breiðfjörð greiði í sekt 60 krónur, og skulu upptækir 68 fiskar af afla þeim, sem um er getið að framan. Afli og sekt renni að

hálfu í fátækrasjóð Vatnsleysustrandarhrepps, en að hálfu til tilsjónarmanns Jóns Ólafssonar í Keflavík. Svo greiði og kærði Jón J. Breiðfjörð allan af máli þessu bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur Hannesar Thorsteinsson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 26/1892 Hreppsnefnd Vindhælishrepps
gegn
forstöðunefnd kvennaskólans
á Ytri-Ey.

Dómur:

Hinn 12. janúar þ. á. skrifaði hreppsnefndaroddvitinn í Vindhælishreppi fyrir hönd hreppsnefndarinnar sýslumanninum í Húnavatnssýslu brjef, og fór þess í því á leit, að sýslumaður tæki lögtaki sveitarútsvar til hreppsins, að upphæð 20 krónur, er lagt hafði verið haustið áður á kvennaskólastofnunina á Ytri-Ey, en formaður skólastofnunarinnar neitað að borga. Sýslumaður svaraði þessu á þá leið, að hann ritaði upp á brjef hreppsnefndarinnar 10. febr. þ. á. utanrjettarúrskurð sinn sem sýslumanns um, að hið umbeðna leyfi til þess að mega láta taka lögtaki umræddar 20 kr. yrði ekki veitt.

Þessum úrskurði hefur hreppsnefndin, að fenginni gjafsókn og skipuðum málflutningsmanni, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 7. júlí þ. á., og krafizt

þess, að hann verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim aptur til nýrrar og löglegri meðferðar og að hinir stefndu forstöðunefndarmenn verði in solidum dæmdir til að greiða allan af áfrýjuninni leiðandi kostnað og að hinum skipaða talsmanni áfrýjanda verði dæmd hæfileg málsfærslulaun. Hin stefnda skólanefnd, sem hefur fengið gjafvörn og skipaðan málflutningsmann, hefur krafizt þess, að hinum svonefnda úrskurði verði vísað frá yfirdóminum, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan af áfrýjuninni leiðandi kostnað, eins og málið eigi væri gjafsóknarmál, og að hinum skipaða málflutningsmanni hennar verði dæmd hæfileg málsfærslulaun.

Eins og áður er áminnzt, hefur hinn áfrýjaði úrskurður eigi verið uppkveðinn í neinum rjetti, heldur af sýslumanninum sem umboðslegum embættismanni, og þar sem því eigi er hjer að ræða um neina gjörð eða synjun af hálfu rjettarþjóns, liggur úrskurðurinn eigi undir áfrýjun til yfirrjettarins. Það ber því að vísa máli þessu frá yfirrjettinum. Málskostnaður þykir rjett að falli niður. Hinum skipaða talsmanni stefndu bera 10 kr. í málsfærslulaun, er greiðist honum af almannafje. Eptir úrslitum málsins verður hins vegar hinum skipaða sækjanda eigi dæmt málsfærslukaup.

Flutningur málsins af hendi hinna skipuðu málsfærslumanna málsaðilanna hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Hinum skipaða málsfærslumanni hinnar stefndu forstöðunefndar, cand. jur. Hannesi Thorsteinsson, ber í málflutningslaun 10 krónur, er greiðist honum af almannafje.

Mánudaginn 14. nóvembermánaðar.

Nr. 20 1892: Skiptaráðandinn í Norðurmúlasýslu, sýslumaður Einar Thorlacius, fyrir hönd þrotabús W. G. Spence Patersons, Þórarinn Guðmundsson, Kristján Hallgrímsson og I. M. Hansen gegn skiptaráðandanum í Suður-Múlasýslu, Jóni sýslumanni Johnsen, Sveini Sigfússyni, Jóni presti Guðmundssyni, Erlendi Árnasyni, Pálma Pálmasyni, Friðriki Jóhannssyni, Þorkeli Jónssyni, Magnúsi P. Jónssyni og Þorsteini Jónssyni.

Dómur:

Árið 1891 rak brezkur konsúll W. G. Spence Paterson nokkra verzlun á Austfjörðum og hafði hann árið áður leyst til þess borgarabrjef á Seyðisfirði. Nefnt ár keypti hann af mönnum bæði á Seyðisfirði í Norður-Múlasýslu og í Norðfirði í Suður-Múlasýslu töluvert af fiski, sem tilætlunin var, að hann borgaði með peningum út í hönd, en þegar til kom, brukku eigi peningar þeir til, er hann hafði, og fór hann svo utan um haustið, að mikill hluti fisksins var óborgaður. En áður en hann fór af landi burt, samdist svo með honum og skuldheimtumönnum hans í Norðfirði, 16. októbermán. f. á., að fiskur sá, er hann átti þar og aðrar eignir honum tilheyrandi þar í firðinum, skyldu vera þar í haldi, unz skuld hans þar væri lokið, og ef hann eigi greiddi skuldina á umsömdum tíma í janúar og júní þ. á., mátti selja það, er hann átti í Norðfirði til lúkning-

ar skuld hans og áföllnum kostnaði og skaðabótum eptir óvilhallra manna mati. Í júnímánuði í vor hafði hann eigi borgað neitt af skuld þessari til Norðfirðinga, en nokkru áður hafði hann komið til Seyðisfjarðar, og af því að hann eigi gat borgað mönnum þar skuldir sínar, sem þeir gengu að honum með, var hann lýstur gjaldþrota og bú hans tekið þar til skiptameðferðar 17. maí þ. á. Var kosin 3 manna nefnd til þess að rannsaka efnahag þrotabúsins og voru í henni áfrýjendurnir I. M. Hansen, Kristján Hallgrímsson og Þórarinn Guðmundsson, og fór hinn fyrstnefndi til Eskifjarðar og krafðist þess þar fyrir hönd þrotabúsins, að skiptaráðandinn í Suður-Múlasýslu, hinn stefndi sýslumaður, skrifaði upp eignir Patersons í Norðfirði þar í sýslu og drægi þær inn í þrotabúið á Seyðisfirði. Hinir stefndu Sveinn Sigfússon, Jón prestur Guðmundsson o. fl., sem voru eigendur eða umráðamenn skuldanna í Norðfirði á hendur Paterson, mættu að vísu ekki í skiptarjettinum, þó að þeir væru aðvaraðir af skiptaráðanda, en þeir mótmæltu í brjefi, er þeir rituðu skiptaráðanda, nefndri kröfu með skýrskotun til framangreinds samnings 16. okt. f. á., og kváðust eigi ódæmdir sleppa neinu af eignum Patersons í Norðfirði við aðra út í frá, meðan þeir hefðu eigi fengið sínar skuldir borgaðar. Út af þessu uppkvað hinn stefndi skiptaráðandi í Suður-Múlasýslu úrskurð þann, er áfrýjað er með máli þessu 13. júní þ. á. svohljóðandi: »Krafa þrotabús W. G. Spence Patersons á Seyðisfirði um, að svo kallaðar eigur Patersons í Norðfirði verði með uppskript dregnar inn undir þrotabú hans á Seyðisfirði, verður ekki tekin til greina«.

Þessum úrskurði hafa áfrýjendurnir af hálfu þrotabús Patersons á Seyðisfirði skotið til yfirdómsins og

krafizt þess, *að* hinn stefndi sýslumaður verði að viðlögðum dagsektum dæmdur til að skila þrotabúi W. G. Spence Patersons á Seyðisfirði eigum þeim, er Paterson átti í Norðfirði og nefndar eru í sættinni eða samningnum 16. okt. 1891, eða andvirði þeirra, ef þær eru seldar, og *að* hinir stefndu, þarmeð talinn sýslumaðurinn, verði einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til að greiða áfrýjendunum málskostnað fyrir yfirrjetti að skaðlausu. Hinir stefndu hafa aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða allan áfrýjunarkostnað með 100 krónum.

Með því að eigur þær tilheyrandi Paterson konsúl, er hinn áfrýjaði úrskurður ræðir um, voru, eins og sjest af framanskrifuðu, í haldi einstakra manna, sem töldu sig hafa rjett til að halda þeim og selja upp í skuldir sínar samkvæmt fyrnefndum samningi 16. okt. 1891, án tillits til þess, þótt eigur Patersons væru að öðru leyti teknar til þrotabúsmeðferðar, og með því að menn þessir neituðu að sleppa eignum þessum ódæmdir úr höndum sínum, þá gat skiptaráðandinn eigi orðið við kröfu þrotabúsins á Seyðisfirði, um, að hann með uppskript drægi eigur þessar inn undir nefnt þrotabú, og var því hinn áfrýjaði úrskurður rjettur eins og á stóð. Það ber því að staðfesta úrskurð þennan, og getur eigi komið til mála, að taka til greina kröfu áfrýjendanna um að skiptaráðandinn verði með dagsektum skyldaður til að skila þrotabúinu þessum eigum eða andvirði þeirra. Málskostnað fyrir yfirdómi virðast áfrýjendur verða að greiða hinum stefndu með 30 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir Einar sýslumaður Thorlacius, Þórarinn Guðmundsson, Kristján Hallgrímsson og I. M. Hansen greiði in solidum hinum stefndu í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur, er greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. desembermánaðar.

Nr. 14/1892: Gísli Eiríksson
gegn
Magnúsi Vilhjálmssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af Magnúsi Vilhjálmssyni í Sauðhaga gegn Gísla Eiríkssyni á Vestdalseyri, út af skuld, er hann telur til hjá Gísla. Gísli höfðaði aptur gagnsókn gegn Magnúsi — eða rjettara gagnkærði Magnús — til þess að fá hann dæmdan til að gjöra reikningsskil o. fl. Var málið í heild sinni dæmt í aukarjetti Norður-Múlasýslu, 6. febr. þ. á., með þeim úrslitum, að Gísli skyldi greiða Magnúsi skuld þá, er hann taldi til hjá Gísla, 158 kr. með 4% vöxtum frá sáttakærudegi, en Magnús skyldi vera sýkn af kærum og kröfum gagnstefnanda (í hjeraði) Gísla Eiríkssonar. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Gísli Eiríksson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dags. 20. aprílmán. þ. á.

Hinn 18. ágúst f. á. gaf hinn stefndi Magnús Vil-

hjálmsson, úrsmið St. Th. Jónssyni á Seyðisfirði »vegna fjærveru«, umboð til þess, að mæta fyrir sína hönd fyrir sáttanefnd í máli þessu, eins og líka til að sættast á það, — sjálfur hafði hann ritað sáttakæruna sama dag. Umboðið nefnir berum orðum, að hann skuli mæta „*í dag*“, það er 18. ágúst. 21. s. m. gaf sáttanefndin út fyrirkall í málinu og skyldu málspartar mæta 26. s. m. Þann dag mætti og umboðsmaður Magnúsar, en kærði ekki, enda var birting fyrirkallsins ólögmæt; þá var gefið út nýtt fyrirkall 27. s. m. til Gísla og Magnúsar að koma fyrir sáttanefndina 2. september næstan eptir. Hafði Stefán Jónsson hlutazt til um, að þetta nýja fyrirkall var útgefið. En umboð til þess hafði hann ekkert annað en það frá 18. ágúst; og þar sem það umboð var bundið við ákveðinn dag, 18. ágúst, þá hafði Stefán Jónsson enga heimild til þess, að láta kalla Gísla fyrir 2. sept. eða til þess að mæta fyrir Magnús á sáttafundi þann dag. Það ber því sökum ólögmætrar sáttatilraunar að vísa aðalmálinu frá undirdómi og að dæma hjeraðsdóminn í því ómerkan.

Að því gagnsóknarmálið snertir, þá er afleiðingin af frávísun aðalmálsins frá undirrjetti og ómerking þess, að því verður einnig að vísa frá undirrjettinum og dæma dóminn, að því það snertir, ómerkan. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á í heild sinni að vera ómerkur og vísast málinu frá undirdóminum.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 19. desembermánaðar.

Nr. 44/1892: Rjettvísin
gegn
Andrjesi Guðmundi Jóhannessyni
og Þórunni Guðmundsdóttur.

Dómur:

Mál þetta er höfðað gegn hinum ákærða, áður bónda í Árgerði í Eyjafirði, Andrjesi Guðmundi Jóhannessyni, fyrir blóðskömm og nauðgun, og gegn meðákærðu dóttur hans, Þórunni Guðmundsdóttur, fyrir sifjaspell, og var það dæmt í aukarjetti Eyjafjarðarsýslu 31. ágústm. þ. á. af hlutaðeigandi sýslumanni ásamt tilkvöddum meðdómsmönnum, þannig, að hinn ákærði skyldi samkvæmt 169. gr. 1. lið og 162. gr. sbr. 63. gr. almennra hegningarlaga sæta typtunarhússvinnu í 9 ár og borga allan af málinu leiðandi kostnað, en meðákærða skyldi sýkn af ákæru rjettvísinnar í máli þessu.

Þessum dómi er að beiðni hins ákærða Andrjesar Guðm. Jóhannessonar, og af hálfu rjettvísinnar, að því er bæði hin ákærðu snertir, áfrýjað til yfirdómsins.

Málsatvik eru þau, að 20. maí þ. á. ól hin ákærða Þórunn Guðmundsdóttir, ógipt vinnustúlka í Saurbæ í Eyjafirði, sem er fædd 1. sept. 1872, meybarn, og lýsti hún föður að barninu hinn ákærða, sem er faðir hennar og þá var vinnumaður á Úlfá í Eyjafirði, fæddur 25. marz 1845. Í rannsókn þeirri, er hafin var út af þessu, hefur hin ákærða stöðugt borið það, að barn þetta sje svo undir komið, að faðir hennar hafi kvöld eitt í 17. viku sumars f. á. tekið hana með valdi úti við stekkjarhólana í Árgerði, þar sem hún var að reka

fje saman, og haft samræði við hana nauðuga, og hefði hún þó veitt honum alla þá mótstöðu, sem hún gat. Þetta var eptir skýrslu ákærðu eina skiptið, sem þau feðgin höfðu nokkur slík afskipti hvort af öðru, og hún hefur aldrei áður verið við karlmann kennd, eða haft neitt óorð á sjer í þá átt. Hinn ákærði kannaðist þegar í stað við, að hann væri faðir að umgetnu barni dóttur sinnar, en hann hefur skýrt svo frá, að hann hafi þrisvar haft holdlegt samræði við hana; fyrsta sinn hafi það verið í 7. viku sumars í fyrra, úti við stekkinn í Árgerði, og hafi hann þá tekið dóttur sína þar með valdi, eins og hún hefur skýrt frá, að hafi átt sjer stað í 17. viku sumars. Í annað sinn hafi hann haft samræði við hana í 17. viku sumars s. á., um nótt í rúmi þeirra í baðstofunni í Árgerði, þar sem hann þá var búandi með konu sinni, en hann og ákærða dóttir hans sváfu tilfætis í sama rúmi ásamt 2 börnum ákærða öðrum, og fór ákærði um nóttina yfir í rúmendann til ákærðu og hafði samræði við hana, reyndar ekki með hennar fúsa vilja, en án nokkurrar verulegrar mótspyrnu frá hennar hálfu, sem ekki þurfti annað en að hljóða til að vekja fólk, sem svaf í sömu baðstofunni. Í þriðja skiptið, seinna um haustið, kveðst ákærði hafa nauðgað dóttur sinni frammi í búri í bænum á Árgerði, og hafi hún þá veitt alla þá mótspyrnu, sem hún gat, til að hindra hann frá að fá vilja sínum framgengt.

Hin ákærðu hafa hvort um sig haldið sínum framburði föstum, og hefur rannsóknardómaranum eigi tekizt að koma frekari samkvæmni á í skýrslum þeirra Og með því að eigi eru nein líkindi til að ýtarlegri rannsókn mundi bera nokkurn árangur, verður að leggja skýrslur hinna ákærðu, hvors þeirra um sig, til grund-

vallar fyrir dóminum sem eigin játningu þeirra, sbr. N. L. 1-15-1.

Samkvæmt þessu verður að fallast á, að undirdómarinn hefur dæmt hina ákærðu sýkna í málinu, en heimfært brot ákærða undir 169. gr. 1 og 162. gr. sbr. 63. gr. almennra hegningarlaga, en hegninguna þykir mega ákveða 10 ára typtunarhússvinnu. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Hinum ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þarmeð talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Andrjes Guðmundur Jóhannesson sæti 10 ára typtunarhússvinnu og greiði allan af máli þessu svo og af varðhaldi sínu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun í hjeraði til Björns amtsskrifara Árnasonar, 6 krónur, og málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinsson, 10 kr. til hvors þeirra.

Hin ákærða Þórunn Guðmundsdóttir á að vera sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 46/1892: Hið opinbera
gegn
Jóni Brandssyni.

Dómur:

Með dómi lögreglurjettar Rangárvallasýslu, uppkveðnum 21. nóvemberm. f. á., er hinn kærði, Jón Brandsson, bóndi í Vestra-Fíflholti í Vestur-Landeyjahreppi, dæmdur fyrir brot gegn lögum um vegi, 10. nóvembr. 1887, 27. gr. sbr. 296. gr. almennra hegningarlaga, í 10 kr. sekt til landssjóðs, eða, ef sektin er ekki greidd í ákveðinn tíma, í 5 daga einfalt fangelsi; svo skyldi hann og greiða 11 kr. 77 a. fyrir viðgjörð á torfæru, er hann hefði gjört á alfaravegi, og allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað. Dómi þessum er eptir ósk hins kærða og af hálfu hins opinbera skotið til yfirdómsins.

Á manntalsþingi í Vestur-Landeyjahreppi vorið 1891 var kvartað yfir því við sýslumann, að kærði hefði grafið skurð úr Fíflholtsfljóti vestur í gegnum tún sitt, þvert yfir alfaraveg gegnum túnið, og hlaðið í hlið á túngarði sínum, sem vegurinn liggur um, en vegur þessi tjáist notaður af mönnum úr suðvesturhluta hreppsins til þingstaðarins í Eystra-Fíflholti, og af þeim, er fara til sjáfar úr Fíflholtshverfinu. Sýslumaður skipaði kærða á þinginu, að taka úr hliðinu og gjöra brú yfir skurðinn, en kærði gegndi ekki þessari skipun, og ljet þá sýslumaður gjöra brúna, sem kostaði 11 kr. 77 a., og höfðaði mál gegn kærða, sem lyktaði svo sem fyr segir.

Það verður eigi sjeð af skýrslum málsins, að vegur hafi verið lagður af hinu opinbera á umræddum stað

yfir tún kærða eða, að nokkur lögleg heimild sje til þess, að opinber vegur liggi þar, og það virðist liggja næst að ætla, að alfaravegur sá, er málið ræðir um, sje eigi í öðru fólginn, en að umferð hafi verið leyfð eða látin óátalin fyrirfarandi yfir tún kærða, þangað til hann fyrir tveim árum tók að amast við henni og banna hana. En þar sem svo er ásatt, þá gat kærða ekki varðað við lög, þótt hann hlæði upp í túngarð sinn, þar sem leiðin lá um, og græfi skurð þann, er hann er kærður fyrir. Það ber því að sýkna hinn kærða algjörlega af kæru hins opinbera í máli þessu, bæði að því er snertir sekt málskostnað og skaðabætur.

Málskostnað bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi ber að greiða af almannafje, þarmeð talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það er aðfinningarvert, að málið hefur legið óhæfilega lengi, að því er virðist, hjá undirdómaranum, eptir að búið var að birta yfirdómsstefnuna, en að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjeraði verið vítalaus, og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Jón Brandsson, á að vera sýkn af ákæru hins opinbera í máli þessu. Málskostnaður bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi greiðist af almannafje, þarmeð talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinsson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar, 10. kr. til hvors þeirra.

Hæstarjettardómar hæstarjettar-árið 1892-93.

Fimmtudaginn 19. maímán. 1892.

Nr. 136. Hæstarjettarmálaflutningsmaður Salomon
gegn
Guðmundi Gíslasyni (verjandi Asmussen),
sem ákærður er fyrir rangan framburð fyrir rjetti.

Aukarjettardómur Reykjavíkurkaupstaðar 26. jan. 1891:

Ákærði Guðmundur Gíslason sæti fangelsi við vatn og brauð í 3×5 daga og greiði allan af máli þessu leiðandi kostnað. Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur landsyfirrjettarins á Íslandi 6. apríl 1891:

Hinn ákærði Guðmundur Gíslason á að vera sýkn af ákæru sóknarans í máli þessu, en hann skal þó skyldur til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þarmeð talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málflutningsmannanna Hannesar Hafstein og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra. — Ídæmdur málskostnaður lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Samkvæmt ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hin-

um áfrýjaða dómi og sem ekkert verulegt er að athuga við, ber að staðfesta hann. Málsfærslulaun málflytjendanna fyrir hæstarjetti ber að greiða af almannafje.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur landsyfirrjettarins á óraskaður að standa. Hæstarjettarmálaflutningsmönnunum Salomon og Asmussen bera í málsfærslulaun fyrir hæstarjetti 30 krónum hvorum, er greiðist af almannafje.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar á bls. 107—110 hjer að framan.

Þriðjudaginn 1. nóvembermán. 1892.

Nr. 123. Timbursmiður O. J. Haldorsen (Nellemann eptir skipun) gegn kaupmanni M. Johannessen (Hansen eptir skipun) um skaðabætur.

Bæjarþingsdómur Reykjavíkur 28. marzmán. 1889: Stefndi í aðalsökinni O. J. Haldorsen trjesmiður á að vera sýkn af kröfum aðalstefnanda M. Johannessens kaupmanns.— Stefndi í gagnsökinni M. Johannessen greiði gagnstefnanda O. J. Haldorsen 524 kr. 11 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. — Málskostnaður í aðal- og gagnsökinni falli niður. — Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur landsyfirrjettarins á Íslandi, 30. sept. 1889: Gagnáfrýjandi timburmaður Ole J. Haldorsen, greiði

aðaláfrýjanda, kaupmanni M. Johannessen verð fyrir pilskipið »Vonin«, metið af 2 dómkvöddum, óvilhöllum og kunnugum mönnum, eptir því sem skipið var í september í fyrra, þá er það var flutt af Reykjavíkurhöfn, þó svo, að matsverið fari eigi fram úr 3000 kr., og að frádregnum framan umgetnum 80 kr. — Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 524 kr. 11 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Að öðru leyti vísast gagnkröfum gagnáfrýjanda frá dómi. — Málskostnaður í aðal- og gagnsökinni fyrir báðum dómum falli niður. Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Jafnvel þótt ófullkominn útbúnaður skips þess, er um er rætt í hinum áfrýjaða dómi, hafi átt þátt í því ásamt storminum að það strandaði, álízt þó eigi þar fyrir, að sækjandanum verði gefin sök á strandinu, og skal það í því tilliti tekið fram, að sækjandinn var ekki skipstjórnarmaður og að það var að eins svo sem framhald vinnu hans að aðgjörðinni á skipinu, er hann tókst á hendur að flytja það þessa stuttu leið í vetrarleguna, enda var stefnda sjálfum, sem óskaði þess, að skipið yrði flutt sem fyrst, vel kunnugt um ástand þess. Með því að það nú auk þess er ekki upplýst, að komizt hefði orðið hjá skaðanum, þótt mannafli hefði verið meiri á skipinu, og eigi verður heldur álitið, að stjórn sækjanda á skipinu á leiðinni inn eptir hafi verið vítaverð, þá verður hann eigi skyldaður til að bæta stefnda tjón það, er strandið hefur bakað honum, og ber því að sýkna hann eptir kröfu hans.

Þar sem stefndi er með yfirrjettardóminum skyldaður til að greiða sækjandanum 524 kr. 11 a. ásamt

vöxtum, en gagnkröfu sækjandans er að öðru leyti frávísað, þá er eigi eptir stöðu málsins fyrir hæstarjetti um breytingu á dóminum að ræða í þessu tilliti, og eins ber að staðfesta hann að því er málskostnaðarákvæði hans snertir.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti þykir mega falla niður og ber að greiða málaflutningslaun hinna skipuðu málfærslumanna málsaðila af almannafje.

Því dæmist rjett að vera:

Sækjandinn á að vera sýkn af ákæru stefnda í máli þessu. Að öðru leyti á dómur landsyfirrjettins að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir hæstarjetti fellur niður. Í dómsmálasjóð greiðir stefndi 2 kr. Nellemann advokat og Hansen hæstarjettarmálaflutningsmanni bera í málflutningslaun fyrir hæstarjetti 120 krónur hvorum, er greiðast af almannafje.

Þriðjudaginn 17. janúar 1893.

Nr. 256. Hjeraðslæknir Þorvaldur Jónsson (Bagger skipaður)
gegn
ráðgjafanum yfir Íslandi,
fyrir hönd landssjóðs Íslands.
(Halkier, skipaður)
um rjett til launaþóknunar.

Dómur landsyfir-, hirð- og staðarrjettarins í Kaupmannahöfn, 25. apríl 1892:

Hinn stefndi, ráðgjafinn fyrir Ísland, dómsmálaráðgjafi, dr. jur. Nellemann á af ákæru stefnandans

Þorvaldar Jónssonar hjeraðslæknis á Ísafirði á Íslandi í þessu máli sýkn að vera. Málskostnaður fellur niður. Hinum skipaða málfærslumanni stefnda, málaflutningsmanni Nyegaard, ber í málafærslulaun 60 kr., er greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar:

Jafnframt og fallizt er að öðru leyti á það, hvernig málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi, skal þess þó getið, að Ó. Sigvaldasyni, er 14. ágúst 1876 var skipaður hjeraðslæknir í 7. læknishjeraði, var fyrir lagt 1. september næst á eptir af landshöfðingja að gegna fyrst um sinn hjeraðslæknisstörfunum í 5. læknishjeraði, og að í brjefi landshöfðingja til áfrýjanda 5. nóvbr. 1878 stóð ekki, eptir því sem upplýst er fyrir hæstarjetti, að hann væri «settur», heldur var honum þar fyrir lagt að gegna aptur samkvæmt lögunum 15. október 1875, 3. gr., hjeraðslæknisstörfum í 5. læknishjeraði, er eptir eldri læknaumdæmaskipuninni heyrði hans læknisumdæmi til.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti samkvæmt ástæðum þeim, er tilgreindar eru í hinum áfrýjaða dómi, en með þeirri viðbót, að skipun sú, er gjörð var, er Ó. Sigvaldason var settur 1870, og sem áfrýjandi byggir á varakröfu sína, var auðsjáanlega að eins bráðabirgðaráðstöfun, ber að staðfesta dóminn eptir kröfu stefnda.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti á eptir atvikum að falla niður, og málsfærslulaun hinna skipuðu málflutningsmanna málsaðila að greiða af almannafje.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur landsyfir-, hirð- og staðarrjettarins á ó-

raskaður að vera. Málskostnaður fyrir hæstarjetti fellur niður. Í dómsmálasjóð greiði áfrýjandi 2 kr. Bagger hæstarjettarmálaflutningsmanni og Halkier advokat bera í málsfærslulaun fyrir hæstarjetti 100 krónur hvorum, er greiðast af almannafje.

Ástæður hins áfrýjaða dóms eru svo hljóðandi: Í máli þessu, sem höfðað er af hjeraðslækni á Ísafirði Þ. Jónssyni, gegn ráðgjafanum fyrir Ísland, dómsmálaráðgjafa, dr. juris Nellemann, en báðir málsaðilar hafa fengið gjafsókn, krefst stefnandinn þess, að stefndi verði skyldaður til að greiða sjer fyrir hönd landssjóðs Íslands fyrst og fremst helminginn af launum þeim, sem lögð eru hjeraðslæknisembættinu í 5. læknishjeraði Íslands, fyrir tímabilið frá 1. jan. 1879 til 31. maí 1881, 1812 kr. 50 a., en til vara þóknun fyrir að hafa verið settur hjeraðslæknir nefnt tímabil í 4 hreppum (o: helmingnum) af tjeðu læknishjeraði, 906 kr. 25 a. — hvorttveggja með vöxtum 5% p. a. frá dagsetning stefnunnar 28. desbr. 1889 at upphæð þeirri er honum yrði dæmd — svo og málskostnaðar. Stefndi hefur látið hinn skipaða málsfærslumann sinn, Nyegaard málaflutningsmann, krefjast þess, að hann verði sýknaður og að stefnandinn verði dæmdur til að greiða kostnað málsins eptir ákvæðunum um gjafsóknarmál, þar með talin málsfærslulaun til Nyegaards málaflutningsmanns, en til vara krefst Nygaard þess, að sjer verði dæmd málsfærslulaun af almannafje.

Hinn 6. febrúar 1865 var stefnandinn skipaður hjeraðslæknir í nyrðra læknishjeraði Vesturamtsins, sem náði yfir Ísafjarðar, Barðastrandar og Stranda sýslur; en 12. okt. 1870 fjellst dómsmálastjórnin á það, að Ó. Sigvaldason læknir hafði verið settur af amtinu, með samþykki stefnandans, til að taka að sjer störf hans í Strandasýslu og í 6 af 10 hreppum Barðastrandarsýslu, samkvæmt auglýsingu 31. maí 1867 um ýmsar ráðstafanir viðvíkjandi læknaskipuninni á Íslandi.

Með lögum 15. okt. 1875, um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi, o. fl., var landinu skipt í 20 læknahjeruð, og nyrðra hjeraði Vesturamtsins var þar með skipt í 3 hluta: 5. læknishjerað (Barðastrandasýsla að undanskildu . . . .), 6. læknishjerað (Ísafjarðarsýsla) og 7. læknishjerað (Strandasýsla ásamt . . . .), og gegndi stefnandinn eptir sem áður í 6. hjeraði og 4 hreppum Barðastrandarsýslu. Hinn 14. ágúst 1876 var fyrnefndur Ó. Sigvaldason skipaður hjeraðslæknir í 7. læknishjeraði og jafnframt settur hjeraðslæknir í 5. læknishjeraði, er nýnefndir 4 hreppar Barðastrandarsýslu heyrðu undir. Gegndi Ó. Sigvaldason í 5. læknishjeraði til 5. febrúar 1878; þá var þar settur Tegner praktiserandi læknir, en hann fór frá 31. desbr. s. á., og hafði þá stefnandinn 5. nóvbr. 1878 verið settur til að gegna hjeraðinu frá 1. jan. 1879, og hjelzt sú ráðstöfun til 5. maí 1881, er skipaður var þar fastur hjeraðslæknir.

Þá er stefnandinn við áminnzt tækifæri var settur í 5. læknishjerað, var það með beinni skýrskotun til laga 15. okt. 1875, 3. gr., síðasta málslið, þar sem svo segir: «Þangað til smá saman er búið að skipa hjeraðslækna í hin nýju embætti, skal læknahjeraðaskipting sú, sem nú er, haldast, að því leyti er snertir þau embætti».

Til stuðnings aðalkröfu sinni hefur stefnandinn haldið því fram, að hjeraðaskiptingin eptir lögum 15. okt. 1875 hafi, að hans áliti, gengið í gildi, að því nyrðra hjerað Vesturamtsins snerti, er stefnandinn 5. nóv. 1878 var settur í 5. læknishjeraði, og hafi þar með skylda hans að gegna læknisstörfum í hjeraðinu endurgjaldslaust verið burtu fallin, þar sem það var nýtt embætti, er hann var settur í, og beri honum þess vegna — samkvæmt ákvæðunum um laun settra embættismanna — helmingur á móti því, sem fast-skipaður embættismaður hefði fengið.

Rjetturinn verður þó að vera samdóma stefnda um það, að hjeraðaskipting sú, er ræðir um í lögunum 1875, hafi eigi komizt á í nyrðra hjeraði Vesturamtsins fyr en skipaður var *fastur* hjeraðslæknir í hvert af

þeim þrem hjeruðum, er því var skipt í með lögunum, en það varð, eins og áður er á vikið, ekki fyr en 5. maí 1881. Þá, en eigi fyr, mátti segja, «að búið væri að skipa hjeraðslækna» í hlutaðeigandi læknahjeruð og til þess tíma hlaut hin eldri hjeraðaskipting samkvæmt 3. gr. laganna að álítast gildandi, að því er embættisumdæmi stefnandans snerti, ef enginn annar var settur í hans stað í hluta af því. Stefnandinn hefur að vísu enn fremur skýrskotað til þess, að hann hafi verið «settur» hjeraðslæknir í 5. læknishjeraði, en það sýni, að ætlun hans, að það hafi verið önnur embættisstörf en þau, sem heyrðu hans eigin embætti til, er honum var falið að gegna; en þar sem hann, eins og áður er á minnzt, var settur beinlínis með tilvísun til laga 15. okt. 1875, 3. gr., getur þetta atvik eigi ráðið úrslitum málsins stefnanda í vil.

Varakröfu sína hefur stefnandinn reynt að rökstyðja með því, að nyrðra hjeraði Vesturamtsins hafi, að hans áliti, verið skipt að fullu og öllu í 2 hjeruð, þegar Ó. Sigvaldason 1870 var settur til að gegna störfum stefnandans í Strandasýslu og í 6 af hreppum Barðastrandarsýslu, og hljóti því stefnandanum hvernig sem á málið sje litið, að bera laun setts hjeraðslæknis fyrir að gegna læknisstörfunum í 4 af hreppum þessum, sem 1875 voru lagðir til 5. læknishjeraðs (o: voru hálft 5. læknishjerað). En það verður heldur eigi fallizt á þá skoðun stefnanda, þegar af þeirri ástæðu, er stefndi hefur fram fært, að það var ekki á umboðsstjórnarinnar valdi að skipta embætti stefnandans sundur til fullnaðar.

Samkvæmt framanskráðu, ber að sýkna stefnda fyrir kæru stefnandans. Málskostnaður á eptir atvikum að falla niður og málsfærslulaun hins skipaða málsfærslumanns stefnda, sem hefur flutt málið löglega, ákveðast 60 kr., sem ber að greiða af almannafje. Í málinu hefur eigi komið fram neitt brot gegn mótunargjaldslögunum.

Miðvikudaginn 8. febrúarmán. 1893.

Nr. 36. Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps
(Bagger skipaður)
gegn
Kaupfjelagi Þingeyinga eðastjórn
þess, Jóni bónda Sigurðssyni, o.
fl., svo og ráðsmanni þess
Jakob Halfdánarsyni (Rée)
um lögmæti lögtaksgjörðar fyrir sveitarútsvari.

Úrskurður fógetarjettar Þingeyjarsýslu 31. janúar 1888

Hin umbeðna lögtaksgjörð á fram að fara.

Dómur landsyfirrjettarins á Íslandi 10. september 1888:

Hin áfrýjaða lögtaksgjörð á að vera ógild. — Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps á að skila aptur til Kaupfjelags Þingeyinga hinum lögteknu vörum, 100 pd. kaffi og 16 kössum af frönsku kaffi, ella svara verði þeirra, kr. 206,56; sömuleiðis ber nefndinni að greiða fjelaginu í málskostnað 120 kr. Að öðru leyti á hreppsnefndin að vera sýkn af kröfum kaupfjelagsins. Hinum skipaða málsfærslumanni hreppsnefndarinnar, yfirkennara H. Kr. Friðrikssyni, bera 30 kr. í málaflutningslaun, er greiðast úr landssjóði. — Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Með konungsbrjefi 19. febrúar 1892 er hæstarjetti veitt heimild til að taka mál þetta til dómsáleggingar, jafnvel þótt svo kunni að reynast, að efni þess ekki nemi summa appellabilis.

Jafnvel þótt álitið yrði, eptir skýrslum þeim, er fyrir hæstarjett hafa verið lagðar, að hið stefnda kaupfjelag hefði á tímabili því, er ræðir um í hinum áfrýjaða dómi, rekið eiginlega verzlun, þá skortir að minnsta kosti

í lögum þeim, er þá voru í gildi, heimild til að jafna á slíkt fjelag sveitarútsvari því, er ræðir um í málinu, því að það voru lögin 9. ágúst 1889, sem fyrst heimiluðu í sveitahreppunum að leggja sams konar skatt til sveitar og skattinn eptir efnum og ástæðum á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki. — Af þessum sökum verður að standa við það, er hin áfrýjaða lögtaksgjörð er úr gildi felld, og með því að fallizt verður á ákvæði dómsins að öðru leyti, ber að staðfesta hann eptir kröfu stefnda.

Málskostnað fyrir hæstarjetti ber áfrýjanda samkvæmt lögum 16. desbr. 1885, 13. gr., að endurgjalda stefnda skaðlaust, en málsfærslulaun hins skipaða málflutningsmanns áfrýjandans ásamt endurgjaldi til hans fyrir útlagðan kostnað ber að greiða af almannafje.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur landsyfirrjettarins á að vera óraskaður. Málskostnað fyrir hæstarjetti greiði áfrýjandi stefnda skaðlaust. Svo greiðir og áfrýjandi 2 kr. í dómsmálasjóð. Hæstarjettarmálaflutningsmanni Bagger bera í málsfærslulaun fyrir hæstarjetti 150 krónur, sem ásamt 15 krónum fyrir útlagðan kostnað greiðast af almannafje.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í Dómasafninu III. b. bls. 364—369.

Landsyfirrjettardómar 1893.

Mánudaginn 16. janúarmánaðar.

Nr. 15/1892: Sigurður Jónsson
gegn
Benedikt Kristjánssyni og
Ragnheiði Jónsdóttur.

Dómur:

Með gestarjettardómi Húnavatnssýslu, gengnum 25. nóvemberm. f. á, var áfrýjandinn, Sigurður bóndi Jónsson á Lækjamóti í Þorkelshólshreppi, dæmdur til að greiða hinum stefnda, præp. hon. Benedikt Kristjánssyni í Landakoti í Reykjavík, sjálfs hans vegna og fyrir hönd sameiganda hans að Víðidalstungu, prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur í Hvammi, 50 kr. í vangoldna upprekstrartolla á Víðidalstunguheiði árin 1885, 1886, 1889 og 1890. Málskostnaður skyldi falla niður.

Áfrýjandinn, sem hefur stefnt málinu til yfirdómsins með stefnu, dags. 2. maí f. á., hefur krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að nefndur dómur verði úr gildi felldur og hann algjörlega sýknaður af kærum og kröfum hinna stefndu, en þau dæmd bæði fyrir eitt og

eitt fyrir bæði til að greiða honum málskostnað fyrir undir- og yfirdómi. Hin stefndu hafa aptur á móti krafizt, að dómurinn verði staðfestur og þeim tildæmdur málskostnaður að skaðlausu hjá áfrýjandanum.

Tilkall sitt til upprekstrartolla þeirra, er áfrýjandi var með hinum áfrýjaða dómi dæmdur til að lúka, byggja hin stefndu, eigendur Víðidalstungueignarinnar, á framlögðum eptirritum af máldögum Pjeturs biskups frá 1394 og Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461, þar sem þessi klausa stendur: »Er fjárrekstur í Víðidalstungujörð um allan hreppinn (o: Þorkelshólshrepp) út að Gljúfurá, og lúka lamb af rekstri, til þess eru sex tigir, og svo með sama upp þaðan, eptir því sem úrskurðarbrjef Rafns lögmanns og staðfestubrjef Þorsteins lögmanns þar um gjör votta«. Með þessum orðum álíta hin stefndu, að fjáreigendur á hinu tiltekna svæði, þar á meðal áfrýjandinn, eigi ekki að eins rjett til upprekstrs í Víðidalstunguland (Víðidalstunguheiði), heldur sjeu þeir einnig skyldir til að nota hann eða gjalda hina ákveðnu fjallatolla til Víðidalstungueiganda, hvort sem þeir nota upprekstrsrjettinn eður eigi.

Áfrýjandinn hefur stöðugt haldið því fram, að hann hafi ekki hin umræddu ár, 1885, 1886, 1889 og 1890, rekið fje sitt á Víðidalstunguheiði, heldur hafi hann rekið það í eigið upprekstrarland sitt, Haukagilsheiði, og þar sem þessum framburði hans hefur eigi verið beinlínis mótmælt af hinum stefnda, þá verða úrslit málsins komin undir því, hvort fyrtjeður skilningur hinna stefndu á greindum máldagaákvæðum er rjettur, eða með öðrum orðum, hvort áfrýjandi er skyldur að greiða upprekstrstolla til Víðidalstungueiganda eptir tölu geldfjár síns, þó að hann eigi reki það í Víði-

dalstungujörð, en áfrýjandi hefur neitað því, að sá skilningur geti verið rjettur.

Í málinu er ekkert fram komið um það, hvernig umrætt máldagaákvæði hefur verið skilið í þessu tilliti í reyndinni, og hæstarjettardómur sá frá 2. febr. 1861, er stefndu hafa skýrskotað til í málinu, getur ekki heldur leiðbeint neitt um skilning ákvæðisins í þá átt, er hjer ræðir um. En í sjálfu sjer verður að álíta, að ákvæði máldagans, skilið svo sem hin stefndu halda fram, væri töluvert óeðlilegt band á frelsi hlutaðeigandi fjárbænda, og þar sem eigi er rjett, að leggja frekari þýðing inn í orð máldagans í þessa óeðlilegu átt en nauðsynlegt er, og þau á hinn bóginn alls eigi verða þýðingarlaus eða marklaus, eins og þau standa í máldögunum, þó að þau verði skilin á hinn veginn, þá virðist rjett, að skilja þau svo, að þau eigi leggi þeim á herðar neina upprekturstoll-skyldu, er eigi notar upprekturslandið. Þar sem það nú samkvæmt áðursögðu verður að álíta viðurkennt, að áfrýjandinn hafi eigi rekið fje sitt á Víðidalstunguheiði hin umþrættu 4 ár, þá verður að sýkna hann af kröfum stefndu um upprekturstoll þessi ár. Hinum áfrýjaða dómi ber því að breyta samkvæmt þessu. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist rjett að falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, Sigurður bóndi Jónsson, á fyrir kæru hinna stefndu, sjera Benedikts Kristjánssonar og Ragnheiðar Jónsdóttur, í þessu máli sýkn að vera. Málskostnaður falli niður.

Nr. 27/1892. Stefán Thorarensen og Jón Jóhannesson, eigendur Hóla í Skriðuhreppi,
gegn
eigendum Miklagarðs og Miklagarðskirkju, Þorsteini hreppstjóra Thorlacius o. fl.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af þáverandi eiganda jarðarinnar Hóla í Skriðuhreppi í Eyjafjarðarsýslu, Jóni bónda Bergssyni, — en hann er nú dáinn og áfrýjendurnir einustu erfingjar hans — gegn hinum stefndu eigendum Miklagarðs og Miklagarðskirkju, út af ágreiningi milli jarða þessara um það, hvorri jörðinni tilheyri svonefndur Hóladalur í Öxnadal eða ½ Þverárdalur, og kom ágreiningur þessi einkum fram við það, að eigendur Miklagarðs neituðu að rita samþykki á landamerkjalýsingu, er fyrnefndur Jón heitinn Bergsson hafði samið fyrir eignarjörð sína Hóla og þar sem hann taldi tjeðan Hóladal heyra undir hana. Hefur mál þetta verið rekið og dæmt að öllu leyti fyrir aukarjetti Eyjafjarðarsýslu, og var dómur í því uppkveðinn 7. nóv. f. á. af hlutaðeigandi sýslumanni ásamt tilkvöddum 4 meðdómsmönnum samkvæmt N. L. 1.—7. —1. sbr. tilsk. 3. júní 1796, 24. gr.

Með því að máli þessu er þannig varið, að með því á að fá útkljáð með dómi, hvorri af tveim jörðum umrætt þrætuland heyri til, þá átti að fara með það og dæma eptir landamerkjalögum 17. marz 1882, sbr. sjerstaklega 3. og 7. grein þeirra, og þar sem þessa hefur eigi verið gætt, verður, án tillits til þess, þó málsaðilar

hafi látið sjer lynda afbrigði þau frá rjettarfarsreglunum, sem hafa átt sjer stað í málinu, að dæma ex officio dóminn og alla meðferð málsins í hjeraði ómerkt. Málskostnaður á eptir atvikum að falla niður.

Að því leyti málið hefur verið varið með gjafvörn fyrir undirrjetti, vottast, að málsfærslan þar hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur og meðferð málsins í hjeraði á ómerkt að vera, og vísast málinu frá aukarjettinum. Málskostnaður falli niður.

Nr. 37/1892: Sigurður Jónsson
gegn
Hannesi Thorarensen og
Mattíasi Mattíassyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af Hannesi Thorarensen gegn Sigurði Jónssyni út af því, að Hannes telur sig eiga hjá Sigurði 500 kr. Var það dæmt á bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar 18. ágúst síðastl. með þeim úrslitum, að Sigurður Jónsson var dæmdur til að greiða Hannesi Thorarensen 500 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður var látinn falla niður. Á meðan á rekstri málsins fyrir bæjarþinginu stóð, kvað dómarinn 5. maí f. á. upp úrskurð, er leysti Mattías Mattíasson, mág Hannesar

Thorarensens, undan að bera vitni í málinu á móti Hannesi.

Þessum dómi hefur Sigurður Jónsson áfrýjað til landsyfirdómsins, svo og greindum úrskurði, með stefnu, dags. 7. dag septembermánaðar f. á., og krafizt:

1. Að úrskurður undirdómarans 5. maí f. á. verði úr gildi felldur og verzlunarmaður Mattías Mattíasson dæmdur skyldur til að bera vitni í máli þessu.
2. Að málinu verði frestað, þangað til Mattías hefur borið vitni í málinu samkvæmt þeim spurningum, sem fyrir hann verða lagðar.
3. Að hinn stefndi, Hannes Thorarensen, verði dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins. En fallizt yfirdómurinn ekki á þessar kröfur hans, hefur hann gjört þá rjettarkröfu: að hann verði dæmdur sýkn af öllum kærum og kröfum stefnda, Hannesar Thorarensens, í þessu máli, en stefndi dæmdur til að greiða honum, áfrýjanda, allan málskostnað fyrir báðum rjettum með 100 kr., eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Á hinn bóginn hefur stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað eptir mati rjettarins.

Að því kemur til hins áfrýjaða úrskurðar frá 5. maí f. á., þá er Mattías Mattíasson, eins og áður er getið, mágur hins stefnda, Hannesar Thorarensens, og er því samkvæmt N. L. 1—13—17 vilhallt vitni, og með því mál þetta ekki er þess eðlis, að hann samt sem áður skuli bera vitni, af því ekki sje kostur á öðrum vitnum, þá ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð,

og verða þannig hinar fyrnefndu kröfur áfrýjanda ekki teknar til greina.

Að því snertir málsefnið sjálft, þá er það sannað í málinu, að hinn stefndi ljet greiða áfrýjanda 500 kr. sem aktíutillag til gufuskipskaupa, og gaf áfrýjandi 5. júlí 1890 kvittun fyrir þessu fje. Fjenu varði hann — ásamt meiru fje — til þess að kaupa gufubát, sem var nefndur Faxi, er hann kom hingað til lands 1891. Telur áfrýjandi sig hafa haft heimild til þessa; en stefndi kveðst hafa látið af hendi þetta fje, til þess að kaupa hlutabrjef (»aktíu«) í öðru gufuskipi, er verið var að semja um kaup á á Skotlandi, þegar hann greiddi fjeð. Stefndi hefur ekki nægilega sannað í málinu, að fjárframlag hans hafi verið bundið við, að þetta skip yrði keypt, nje heldur hefur áfrýjanda tekizt að sanna, að honum hafi verið heimilt að verja fjenu til þess að kaupa »Faxa«. Það eru því ekki önnur málsgögn, er notuð verði til þess að skera úr ágreiningnum milli málsaðila, en viðurkenning sú eða kvittun, sem áfrýjandi gaf fyrir ofanumgetnum 500 kr. 5. júlí 1890. En í henni viðurkennir áfrýjandi, að stefndi hafi látið greiða sjer þetta fje sem *aktíutillag* til *gufuskipskaupa*. Hinn stefndi hefur nú haldið því fram og áfrýjandi viðurkennt, að stefndi hafi enga aktíu fengið, hvorki í »Faxa«, nje neinu öðru gufuskipi, og það er ennfremur viðurkennt í málinu, að stefnda hvorki hefur verið skýrt frá, að hann ætti part (aktíu) í Faxa, nje gefinn kostur á að taka þátt í neinum þeim ráðstöfunum, er lutu að notkun hans, og því síður er sönnun framkomin fyrir, að stefndi hafi þegjandi sætt sig við þessa notkun á fje hans. Það ber því að líta svo á, að greiðsla stefnda á optnefndum 500 kr. hafi

verið bundin þeim skildaga, að hann fengi aktíubrjef í gufubát, auðvitað með þeim rjettindum, er slíkt brjef veitir; og með því stefndi ekki fjekk slíkt brjef, verður að álíta, að hann eigi heimtingu á að fá fje sitt aptur hjá áfrýjanda með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og ber því að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 23. janúarmán.

Nr. 49/1892. Hið opinbera
gegn
Þorsteini Helgasyni.

Dómur:

Með lögreglurjettardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 18. nóvbr. f. á., var hinn kærði Þorsteinn bóndi Helgason frá Presthúsum á Kjalarnesi dæmdur fyrir ólöglega húsmennsku í Reykjavík í 10 kr. sekt, að hálfu til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og að hálfu til fátækranefndarinnar þar, svo og til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað. Dómi þessum hefur eptir ósk hins dómfellda verið áfrýjað til yfirdómsins.

Eptir skýrslum málsins flutti kærði hingað til

Reykjavíkur í haust til að stunda sjó, og um sama leyti kom kona hans hingað og 4 börn, og áttu börnin að vera við nám hjer í bænum í vetur, en móðir þeirra að þjóna þeim og matreiða fyrir þau. Kærði leigði húsnæði hjer handa sjer og þessari fjölskyldu sinni, og var seztur þar að, þegar mál þetta var höfðað gegn honum.

Kærði kom hingað til bæjarins frá Presthúsum á Kjalarnesi, en fyrir þeirri jörð hefur hann byggingu þetta fardagaár, og heldur hann þar áfram búskap eptir sem áður og hefur þar vinnumann til að hirða fjenað sinn þar. Kærði hefur ekki flutt með sjer til Reykjavíkur annað, en nokkurn matarforða handa sjer og fjölskyldu sinni til vetrarins, og eptir vottorði hlutaðeigandi hreppsnefndar og prests, sem fram hafa verið lögð í yfirrjettinum, er hann talinn búsettur á Presthúsum þetta fardagaár, og geldur þar til allra stjetta.

Það þykir eigi eptir þessum málavöxtum nægilega sannað gegn neitun kærða, að hann hafi yfirgefið hið fyrra heimili sitt á Kjalarnesi og flutt búferlum til Reykjavíkur eða tekið sjer þar fasta bólfestu, en þetta útheimtist til þess, að hann geti álitizt hafa setzt hjer að í húsmennsku. Það virðist því eigi rjett að svo vöxnu máli, að dæma kærða fyrir ólöglega húsmennsku hjer í bænum, og ber því að sýkna hann af kæru hins opinbera í málinu. Málskostnað allan ber að greiða af almannafje, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Þorsteinn Helgason, á að vera sýkn af kæru hins opinbera í máli þessu. Málskostnaður allur, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Nr. 28 1892. Einar Jónsson, Sæmundur Jónsson, Eiríkur Ketilsson og Magnús Magnússon gegn Oddi V. Gíslasyni.

Dómur:

Hinn 26. ágústmánaðar 1890 fannst dauður hvalur á floti fyrir utan Grindavík, og var hann af þeim sem fundu hann róinn í land á Járngerðarstöðum; hvalurinn var óskemmdur og 25 álnir að lengd milli skurða. Áfrýjendurnir, sem eru fyrirsvarsbændur á Járngerðarstöðum, ljetu skera hvalinn og skiptu honum í 3 hluti jafna: uppróðrarhlut til flutningsmanna, landshlut og skurðarhlut. Var þannig farið með hvalinn sem flutningshval eptir fyrirmælunum í 7. kap. J.bókar Rb. Hinn stefndi, sem hefur haldið því fram, að hvalurinn væri rekahvalur, taldi skipti þessi ólögmæt, og áleit, að það bæri að skipta hvalnum þannig: $^1/_3$ hluta til uppróðrarmanna, en af hinum $^2/_3$ hlutunum einum fjórðungi til Skálholts- og Staðarkirkju til jafnra skipta, ein-

um fjórðungi í skurðarhlut milli allra grasbýlismanna í Grindavík og tveim fjórðungunum til allra (7) jarðanna í Grindavík sem landhlut til jafnra skipta. Hinn stefndi höfðaði þá mál gegn áfrýjendunum út af hvalskiptum þessum og var það dæmt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 7. febr. 1892 á þá leið, að áfrýjendurnir skyldu allir fyrir einn og einn fyrir alla greiða hinum stefnda sjera Oddi Gíslasyni fyrir hönd kirkjunnar á Stað í Grindavík $^1/_8$ — einn áttunda — úr $^2/_3$ — tveim þriðju — hlutum hins umrædda hvals og hinum sama sem ábúanda á Stað $^1/_7$ — einn sjöunda — hluta af $^2/_4$ hlutum af hinum sömu 2 þriðjungum hvalsins, allt eptir mati óvilhallra manna; með sama dómi voru áfrýjendurnir dæmdir til að greiða 100 kr. í málskostnað og nokkur ummæli málsfærslumanns þeirra í varnarskjölum hans fyrir aukarjettinum voru dæmd dauð og ómerk. Að öðru leyti voru áfrýjendurnir sýknaðir fyrir aukarjettinum.

Nefndum aukarjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu hafa þeir Einar Jónsson, Sæmundur Jónsson, Eiríkur Ketilsson og Magnús Magnússon skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 9. júlí f. á., og krafizt þess, að dómurinn verði úr gildi felldur, að þeir verði algjörlega sýknaðir af öllum kærum og kröfum sjera Odds Gíslasonar, og að hann verði dæmdur til að greiða þeim allan sakarkostnað fyrir báðum rjettum með nægilegri upphæð. Hinn stefndi, sjera Oddur Gíslason, sem hefur haft gjafsókn í hjeraði og gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaðan talsmann, hefur af sinni hálfu krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjendurnir verði allir fyrir einn og einn fyrir alla dæmdir til að greiða honum málskostnað fyr-

ir yfirdómi að skaðlausu, svo og, að hinum skipaða málflutningsmanni verði tildæmd hæfileg málsvarnarlaun.

Hinn stefndi hefur eigi fundið neitt að því, að finnendum hvalsins var úthlutaður $^1/_3$ hluti hans í uppróðrarhlut, en að öðru leyti hefur hann byggt kröfur sínar til hluta úr honum á ákvæðum í Wilchinsmáldaga, er segja svo: »að Staðarkirkja eigi $^1/_8$ í hvalreka öllum í Grindavík milli »Rangagjögurs og Valagnúpa«, og að því leyti hann sem ábúandi Staðar gjörir kröfur til landhlutar, byggir hann það á venju, er á að vera sönnuð með ýmsum hvalrekavitnisburðum, uppskrifuðum árið 1657, en gefnum 1603 og 1627, svo og vitnisburðum um, hvernig hafi verið farið með hvalreka í Grindavík 1860 og 1878, en vitnisburðir þessir fara í þá átt, að landhlut af hval, sem rekur í Grindavík, sje skipt milli allra jarða þar, sem eru 7 að tölu. Ákvæðin í Wilchinsmáldaga, svo og hinir tilvitnuðu vitnisburðir, ræða að eins um *rekahval*, en áfrýjendurnir hafa stöðuglega haldið því fram, að hjer sje um flutningshval að ræða, er heimilt hafi verið að róa upp á Járngerðarstaðaland, og skipta þar á þann hátt, sem þeir gjörðu. Aptur á móti hefur hinn stefndi leitazt við að sanna það, að hvalurinn hafi fundizt í rekhelgi (fiskhelgi) Grindavíkur, og skýrir hann svo frá, að allar jarðir í Grindavík hafi sameiginlegan rjett, að því er rekhelgi snertir.

Hinn stefndi heldur því fram, að hvalurinn hafi fundizt á þessum miðum: Djúpmið: Hásteinar mitt á milli Húsatópta og Sýrfells; Hásteinar um Tóptatúnshala; Austurmið, grunnmið: Varðan Sigga í Skotta — og hefur hann látið mæla vegalengdina frá miði þessu

til næsta lands, Þorkötlustaðaness, og reyndist vegalengdin 4—500 faðmar (ɔ: 353 mælisköpt á 4 álnir = 1412 ál.). Þá hefur dómarinn eptir beiðni hins stefnda útnefnt 2 menn til þess að athuga, hvort flattur þorskur sæist á bátsborði frá landi í 500 faðma fjarlægð, og hafa þeir gjört tilraun um það, og staðfest með eiði fyrir rjetti, að þeir hafi sjeð fisk á borði í 540 faðma fjarlægð. Mælingum þessum hafa áfrýjendurnir mótmælt, og sjerstaklega hafa þeir haldið því fram, að mið þau, sem mælt hefur verið frá, sjeu eigi hin rjettu mið, þar sem hvalurinn fannst. Um þetta hefur hinn stefndi látið fram fara vitnaleiðslu, og hafa 4 vitni, einmitt menn þeir, sem reru hvalinn í land, gefið vitnisburð þar að lútandi. Eitt vitnið skýrði svo frá, að »er þeir komu fyrst að hvalnum, hafi *varðan* verið vestan til á miðja Vatnsheiði og djúpt af grunnbrún«; annað vitnið tjáist ekkert vita um það; þriðja vitnið segir, að hvalurinn hafi verið á grunnbrún, er þeir fyrst komu að honum, og 4. vitnið ber, að varðan hafi verið austarlega á Vatnsheiði. Með þessum vitnisburðum er það eigi sannað, að hvalurinn hafi fundizt á miðum þeim, sem hinn stefndi hefur látið mæla frá vegalengd til lands.

Hinn stefndi — en á honum virðist sönnunarbyrðin hvíla í þessu efni — hefur þannig eigi sannað það, að hvalurinn hafi fundizt í rekhelgi eða fiskhelgi — enda verða hinar framkvæmdu mælingar eigi álitnar lögmæt sönnun gegn áfrýjendunum, sem eigi voru kvaddir til að vera við þær — og virðist það því rjett, að farið hefur verið með hvalinn sem flutningshval, en í hinum framlögðu skýrslum er hvorki kirkju nje stað í Grindavík eignaður hluti í hvölum þeim, sem *fluttir* eru á fjörur annara jarða í Grindavík (ɔ: í

flutningum). Það ber því að sýkna áfrýjendurna fyrir kærum og kröfum hins stefnda í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum rjettum þykir eiga að falla niður. Sem gjafsóknarmál hefur málið verið rekið forsvaranlega í hjeraði, og fyrir yfirdómi hefur málsvörnin verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjendurnir, Einar Jónsson, Sæmundur Jónsson, Eiríkur Ketilsson og Magnús Magnússon eiga að vera sýknir fyrir kærum og kröfum stefnda sjera Odds Gíslasonar í þessu máli. Málskostnaður falli niður.

Nr. 16/1892: Vigfús Þórarinsson gegn skiptaráðandanum í Kjósar- og Gullbringusýslu og hreppsnefndunum í Hvamms- og Dyrhólahreppum í Skaptafellssýslu.

Dómur:

Með stefnu útgefinni 24. maí f. á. samkvæmt uppreistarleyfi, veittu 5. s. m., hefur Vigfús bóndi Þórarinsson á Sólheimum sem skuldheimtumaður í dánarbúi Sveins Árnasonar í Krókskoti í Gullbringusýslu áfrýjað til yfirdómsins skiptum á tjeðu búi, sem voru leidd til lykta í skiptarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 31. desbr. 1890, og krafizt þess, að skiptin verði dæmd ómerk og hlutaðeigandi skiptaráðandi, sýslumaður í Kjósar- og

Gullbringusýslu, Franz Siemsen, skyldaður til að setja búið í sama lag eins og það var 31. desember 1890 og taka það til nýrrar og löglegri skiptameðferðar, svo og að hinar stefndu hreppsnefndir í Hvamms- og Dyrhólahreppi verði dæmdar til að greiða allan málskostnað með nægilegri upphæð. Hinar stefndu hreppsnefndir, sem hafa fengið gjafsókn fyrir yfirdómi og skipaðan málflutningsmann, hafa krafizt þess fyrst og fremst, að málinu verði frávísað, og til vara, að hin áfrýjuðu skipti verði staðfest, svo og að áfrýjandinn, hvernig sem málið fer, verði dæmdur til að greiða allan kostnað, sem af málsskotinu leiðir, eins og það væri ekki gjafsóknarmál, og loksins hefur hinn skipaði málsfærslumaður krafizt hæfilegs málflutningskaups.

Frávísunarkröfuna byggja hinir stefndu á því, að eptir að skiptunum var lokið, fór áfrýjandinn 14. júlí f. á. sjálfur til hreppstjórans í Miðneshreppi, sem hafði umboð skiptaráðanda til að borga út peninga búsins til skuldheimtumannanna samkvæmt skiptagjörðinni og veitti hjá honum viðtöku peningum þeim, sem honum voru útlagðir úr búinu, að upphæð 95 kr. 3 a. (eptir skiptagjörðinni kr. 80 + kr. 4,21 + kr. 10,82), án þess þá að hreifa neinum mótmælum gegn skiptunum, enda hafi hann gefið kvittun fyrir þessum peningum, og hafi hann með þessu samþykkt skiptin.

Tjeðar peningaupphæðir, samtals 95 kr. 3 a., var allt það, er áfrýjandanum samkvæmt skiptagjörðinni bar að fá útborgað úr búinu, og með því að færa sjer í nyt skiptagjörðina með því að taka við og kvitta fyrir þessum peningum skilyrðislaust, verður að álíta, að áfrýjandinn hafi sleppt rjetti sínum til að áfrýja skiptunum. Auk þeirra skuldakrafa, er greind upphæð

var útlögð upp í, gjörði áfrýjandi að vísu í búinu kröfu til »ofanálags« út af jarðarbyggingu, og sú krafa, sem hann þóttist hafa veð fyrir í jarðarparti nokkrum, var útlögð honum með tiltölulegum hluta til eignar af þessum jarðarparti móti hinum stefndu hreppsnefndum, sem einnig töldu sig hafa veð í sömu jarðeign — en hann verður að álítast hafa viljað hlíta úthlutun skiptarjettarins, einnig hvað þetta »útlegg« snertir, þar sem hann ekki geymdi sjer rjett til að átelja hana, er hann ljet útborga sjer úr búinu framangreinda upphæð, enda hefur hann ekki sjerstaklega krafizt ónýtingar á skiptunum að því er þessa skuldakröfu hans snertir. Það verður því að taka til greina kröfu hinna stefndu hreppsnefnda um frávísun málsins. Málskostnaður virðist eptir atvikum eiga að falla niður, en hinum skipaða talsmanni hreppsnefndanna bera 20 kr. í málsvarnarlaun. Það vottast, að málsfærslan af hans hendi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Málskostnaður fellur niður. Hinum skipaða talsmanni hinna stefndu hreppsnefnda, Halldóri yfirkennara Friðrikssyni, greiðast af almannafje í málflutningskaup 20 krónur.

Mánudaginn 20. marzmánaðar.

Nr. 36/1892: J. V. Havsteen
gegn
hreppsnefnd Hrafnagilshrepps.

Dómur:

Haustið 1891 lagði hreppsnefndin í Hrafnagilshreppi á áfrýjandann, vicekonsúl J. V. Havsteen á Akureyri sem ábúanda á hjáleigunni Barði í tjeðum hreppi, aukaútsvar til hreppsins, að upphæð kr. 14,33, og þegar áfrýjandinn skoraðist undan að greiða gjald þetta, krafðist hreppsnefndin þess, með skýrskotun til laga nr. 12, 9. ágúst 1889, og laga nr. 29, 16. desbr. 1885, 1. gr. 1, að gjaldið væri tekið lögtaki hjá honum. Þessi krafa hreppsnefndarinnar var síðan gegn mótmælum áfrýjandans tekin til greina með úrskurði bæjarfógetans á Akureyri 19. marz f. á., og fór lögtakið fram sama dag, þannig, að tekið var lögtaki til lúkningar útsvarsupphæðinni og áföllnum kostnaði alls kr. 18,58, eptir ávísun áfrýjandans 1 sjal virt á kr. 5,50 og (25 + 20 + 24) = 69 ál. af þrennskonar vefnaðarvöru, er var virt á kr. 14,32, eða alls vörur fyrir kr. 19,82. Þessum fógetaúrskurði og lögtaki hefur áfrýjandinn, að fengnu uppreistarleyfi dags 29. ágúst f. á., áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 6. septbr. s. á., og hefur hann krafizt þess, *að* hinn áfrýjaði úrskurður og lögtaksgjörð verði úr gildi felld sem ólögleg, *að* hin stefnda hreppsnefnd verði dæmd til að greiða fullt andvirði hinna lögteknu muna, kr. 19,82, og auk þess skaðabætur fyrir allan halla, er hann hafi beðið af lögtakinu, þar með taldar bætur fyrir tort og kreditspilde eptir óvilhallra manna mati, og *að* hrepps-

nefndin verði dæmd til að greiða honum málskostnað allan að skaðlausu. Hin stefnda hreppsnefnd hefur aptur krafizt þess, að hin áfrýjaða lögtaksgjörð verði látin óröskuð standa, og áfrýjandinn dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Eptir skýrslum málsins hefur áfrýjandinn, sem er búsettur á Akureyri, um nokkur undanfarin ár, eitt í senn, þar á meðal fardagaár það, er hjer er um að ræða, haft byggingu fyrir hjáleigunni Barði í Hrafnagilshreppi, að undanskildum jarðarhúsum og kúgildum, sem af eigandanum hafa verið leigð öðrum manni, og eru afnot áfrýjanda af jörðinni í því fólgin, að hann lætur rækta og slá tún og engi jarðarinnar og flytur síðan heyið allt heim til sín á Akureyri, þar sem skepnur hans eru. Hann hefur enga skepnu á jörðinni og engan mann þar að staðaldri, en lætur flytja áburð á túnið frá Akureyri, og vinna síðan á velli þar, og tekur þetta um tveggja vikna tíma, en til að slá og hirða tún og engi gengur um mánaðartími. Ennfremur hefur áfrýjandi haft nokkra svarðartekju í landi jarðarinnar. Með svo löguðum afnotum, sem nú hefur verið lýst, verður eigi talið, að áfrýjandi hafi haft ábúð í eiginlegri merkingu á hjáleigunni Barði, nje heldur að hann hafi haft arðsama stofnun eða rekið arðsamt fyrirtæki í Hrafnagilshreppi, slíkt sem fyrnefnd lög 9. ágúst 1889 eiga við, og var því eigi heimild til af þeim sökum, að leggja á hann aukaútsvar til tjeðs hrepps. Það verður því að dæma hina áfrýjuðu lögtaksgjörð ólögmæta og ber að fella hana úr gildi. Með því að hinir lögteknu munir eru enn óseldir og í vörzlum áfrýjanda sjálfs, eptir því sem upplýst hefur verið í mál-

inu, verður eigi sjeð, að hann hafi beðið neitt tjón við lögtaksgjörðina, er stefnda verði skylduð til að bæta honum, en málskostnað ber hinni stefndu hreppsnefnd að greiða áfrýjanda að skaðlausu.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða lögtaksgjörð skal úr gildi felld. Hin stefnda hreppsnefnd Hrafnagilshrepps greiði áfrýjandanum, vicekonsúl J. V. Havsteen, kostnað máls þessa að skaðlausu innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, undir aðför að lögum.

Mánudaginn 24. aprílmánaðar.

Nr. 50/1892: E. Egilsson fyrir hönd W. Lucasar gegn sýslumanni Franz Siemsen.

Dómur:

Með stefnu 15. desbr. f. á. hefur E. Egilsson af hendi W. Lucasar áfrýjað til landsyfirdómsins dómi gestarjettar Kjósar- og Gullbringusýslu, gengnum 7. desbr. f. á., en með þeim dómi er hinn stefndi Franz Siemsen sýknaður af kröfum Egilssons fyrir hönd Lucasar, en Egilsson fyrir hönd Lucasar gjört að greiða Franz Siemsen 30 kr. í málskostnað, og krafizt fyrst og fremst, að dómi gestarjettarins verði hrundið og breytt í þá átt, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 1394,80 með 5% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags og allan af málinu leiðandi kostnað skað-

laust eptir mati rjettarins. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur eða að stefndi verði sýknaður af kærum og kröfum áfrýjandans og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda eitthvað nægilegt í málskostnað fyrir báðum rjettum.

Hinn 22. desember 1884 gaf Lucas kaupmaður í Kaupmannahöfn, er taldi til skuldar hjá Jóel Sigurðssyni, þá kaupmanni í Reykjavík, yfirrjettarmálaflutningsmanni Bang í Kaupmannahöfn umboð til þess, að heimta inn — ef til kæmi með lögsókn — skuld sína hjá Jóel, og veitti hann honum í sama skjali umboð til þess, að fela öðrum manni þetta í sinn stað; 24. desbr. 1884 gaf hann — Bang — cand. juris Franz Siemsen — stefnda í þessu máli — umboð til þess fyrir sína hönd að reka þetta erindi. Tók þá stefndi Franz Siemsen að sjer umgetna innheimtu og gjörði 1. febrúar 1885 samning við Jóel Sigurðsson þess efnis, að Jóel ljet af hendi við hann til lúkningar skuld sinni við W. Lucas 400 kr. í peningum, vöruforða sinn í Reykjavík og útistandandi skuldir, og skyldi stefndi hafa heimild til að selja vörurnar á uppboði og innheimta skuldirnar, en það, sem inn kæmi fram yfir skuld Lucasar, skyldi hann greiða Jóel eða eptir ráðstöfun hans. Stefndi, sem ljet samkvæmt þessu selja vöruforða Jóels á uppboði, og tók til að innheimta verzlunarskuldir hans, sendi nú smátt og smátt Bang málsfærslumanni töluvert upp í skuld Jóels til Lucasar, en í ágústmán. 1887 sagði hann af sjer innheimtunni og skilaði henni aptur í hendur Bang. Nú hefur áfrýjandinn í umboði W. Lucas höfðað mál þetta gegn stefnda fyrir það, að hann hefði eigi rekið tjeð inn-

heimtuumboð svo sem vera skyldi, og eigi gjört tilhlýðileg skil fyrir fje því, er honum hefði innheimzt m. m., og álítur hann, að stefndi eigi enn að standa Lucasi skil á 1394 kr. 80 a.

Eins og þegar hefur áður verið tekið fram, þá fól málsfærslumaður Bang stefnda á hendur umrædda innheimtu á skuld Jóels til Lucasar *fyrir sína hönd*, og málið ber einnig ljóslega með sjer, að stefndi hefur skoðað sig sem umboðsmann hans í innheimtunni, enda sendi honum fje það, er innheimtist, og sjerstaklega skilaði hann af sjer innheimtunni í hans hendur, þegar hann vildi eigi lengur hafa hana á hendi. Það verður því að fallast á það álit undirdómarans, að umbjóðandi stefnda í þessu tilliti hafi verið málsfærlumaður Bang, en ekki Lucas, og að hinn síðarnefndi geti því eigi, eins og málið liggur fyrir, átalið vanskil af hendi stefnda í hjer um ræddum umboðsrekstri. Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, bæði að því aðalefni málsins snertir og málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda að greiða stefnda 20 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði gestarjettardómur á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn E. Egilsson fyrir hönd W. Lucasar stefnda sýslumanni Franz Siemsen 20 krónur innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 45/1892: Eyjólfur Símonarson
gegn
Ingjaldi Sigurðssyni, Erlendi Guðmundssyni og Önnu Björnsdóttur.

Dómur:

Eptir kröfu hinna stefndu, eigenda Skildinganess, Ingjaldar Sigurðssonar, Erlendar Guðmundssonar og Önnu Björnsdóttur, hjelt sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu fógetarjett að Skildinganesi hinn 7. dag júnímánaðar f. á. og bannaði þá áfrýjandanum Eyjólfi Símonarsyni öll afnot af þeim 5 hndr. í Skildinganesi, sem hann hafði haft til afnota næst undanfarin ár. Síðan höfðuðu hin stefndu mál á móti áfrýjandanum til staðfestingar á forboðsgjörðinni, og var mál það dæmt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 30. sept. f. á. á þá leið, að fógetabannið skyldi vera óraskað, og að Eyjólfur Símonarson skyldi greiða í málskostnað til forboðskrefjendanna 20 krónur. Dómi þessum hefur Eyjólfur Símonarson að fenginni gjafsókn og með skipuðum málflutningsmanni áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 31. október f. á. og hefur þess verið krafizt í málinu af hans hálfu, að dómurinn verði úr gildi felldur, að forboðsgjörðin 7. júní f. á. verði upphafin og hin stefndu verði eitt fyrir öll dæmd til þess að greiða áfrýjandanum málskostnað fyrir báðum rjettum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Af hálfu hinna stefndu hefur þess verið krafizt í málinu, að aukarjettardómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan kostnað, sem leiðir af málskotinu til yfirdómsins, með 25 kr. eða einhverju

nægilegu eptir mati rjettarins. Hinn skipaði sækjandi hefur krafizt þess, að orðið »heimskuslettur« í frumvörn verjanda verði dæmt ómerkt, og að mótparturinn verði látinn sæta sektum fyrir það.

Bæði fyrir fógetarjettinum og fyrir aukarjettinum færðu hin stefnu það fram sem ástæðu fyrir því, að þau hefðu byggt áfrýjandanum út af umræddum 5 hndr. í Skildinganesi og síðan látið fógetabann framfara fyrir nytjan þeirra af hans hálfu, *að* hann hefði látið dragast missiri lengur að greiða eptirgjald eptir jörðina, *að* hann hefði skemmt jörðina með óþarfri og gagnslausri torfristu, og auk þess selt öðrum út í frá torf úr landareigninni leyfislaust frá eigendanna hálfu, og *að* hann hefði vanrækt eigi einungis allar umbætur ábýlis síns, heldur og viðhald þess. Gegn þessum kæruatriðum hafði áfrýjandinn engin ákveðin mótmæli fram að færa, hvorki fyrir fógetarjettinum nje fyrir aukarjettinum, og verður hann því að álítast hafa viðurkennt þau, en tilraunir hans fyrir yfirdóminum að hnekkja þeim eru of seint framkomnar, enda virðast eigi á rökum byggðar. Það verður því samkvæmt kröfu hinna stefndu að staðfesta hinn áfrýjaða aukarjettardóm bæði að því er staðfesting fógetabannsins snertir og málskostnaðinn. Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjandanum að greiða hinum stefndu 20 krónur, og verður hinum skipaða málsfærslumanni hans eptir úrslitum málsins eigi dæmd málsfærslulaun. Orðið »heimskuslettur« í fyrsta varnarskjali hinna stefndu dæmist dautt og ómerkt, en ekki þykir ástæða til að sekta þau fyrir að hafa viðhaft það.

Það vottast, að málið hefur verið sótt löglega sem gjafsóknarmál.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, Eyjólfur Símonarson, hinum stefndu 20 kr. Orðið »heimskuslettur« í varnarskjali hinna stefndu skal vera dautt og ómerkt. Ídæmdan málskostnað ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 1. maímánaðar.

Nr. 2/1893: E. Egilsson gegn W. Ó. Breiðfjörð og Árna Eyþórssyni.

Dómur:

Með dómi bæjarþings Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 17. nóv. f. á., voru hinir stefndu, kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð og Árni Eyþórsson fyrir hönd fjelagsins »Reykvíkingur« dæmdir til þess, að greiða áfrýjandanum E. Egilsson 100 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, sem kaup fyrir útgáfu blaðsins »Reykvíkingur« í 5 mánuði frá sept. 1891 til jan. 1892 incl. Auk þess skyldu þeir greiða stefndanda í málskostnað 12 kr. Dómur þessi var birtur fyrir hinum stefndu 22. nóv. 1892. Síðan krafðist dómhafi þess, að nefndum dómi væri fullnægt með fjárnámsgjörð hjá kaupmanni W. Ó Breiðfjörð, en með fógetarjettarúrskurði Reykjavíkur, uppkveðnum 3. jan. þ. á., var

synjað um fullnægingu á fjárnámskröfunni. Sama dag var dómhafa með úrskurði fógetarjettarins einnig neitað um það, að fjárnám væri gjört hjá Árna Eyþórssyni fyrir dómskuldinni, sem hann þá og hafði gjört kröfu um. Þessum fógetarjettarúrskurðum hefur E. Egilsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 13. jan. þ. á., og krafizt þess, að þeir verði úr gildi felldir, að honum verði tildæmdur rjettur til að fá umræddu fjárnámi framgengt, og hinir stefndu verði dæmdir til að greiða honum allan kostnað, sem leitt hefur af málinu fyrir fógetarjettinum og fyrir yfirdómi, svo og af nýrri fjárnámsgjörð. Á hinn bóginn hafa hinir stefndu krafizt þess, að hinir áfrýjuðu úrskurðir verði staðfestir, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða 25 kr. upp í málskostnað fyrir yfirdómi eða eitthvað nægilegt eptir mati rjettarins.

Hinn 24. maímán. 1891 var stofnað 7-mannafjelag í Reykjavík, er nefndist »Reykvíkingur«, með því hlutverki meðal annars, að halda úti blaði með sama nafni. Í stjórnina voru á stofnunarfundi fjelagsins kosnir hinir stefndu W. Ó. Breiðfjörð og Árni Eyþórsson sem formaður og gjaldkeri, og áfrýjandinn Egilsson sem skrifari; jafnframt var hann kosinn til þess starfa, að vera ritstjóri, útgefandi og ábyrgðarmaður blaðsins »Reykvíkingur«. Það var ákveðið, að Egilsson skyldi að öllu leyti kosta útgáfu blaðsins og útsendingu þess, en skyldi á hinn bóginn eignast allar tekjur þess, og auk þess fá 20 kr. styrk mánaðarlega, »sem fjelagið ábyrgist honum borgað« og »gjaldkeri greiðir honum eptir ávísun formanns«, og skyldi samningur þessi gilda frá 1. maí 1891 til 1. febr. 1892. Áfrýjandi virðist og hafa haldið blaðinu Reykvíkingi úti

þennan tíma, eða 9 mánuði, en fjekk eigi greitt hið umsamda kaup nema fyrir 4 mánuði. Út af eptirstöðvunum, 5 mánaða kaupi, eða 100 kr., höfðaði hann síðan mál gegn hinum stefndu »fyrir hönd fjelagsins Reykvíkingur« og fjekk dóm yfir þeim, eins og að framan er sagt, en með hinum áfrýjuðu úrskurðum fógetans var honum neitað um, að fjárnám væri gjört í eigum hinna stefndu eptir nefndum dómi, þar sem að skuldin hvíldi á fjelaginu »Reykvíkingur« og hinir stefndu væru lögsóttir og dæmdir fyrir fjelagsins hönd.

Þar sem að dómur bæjarþingsrjettarins 17. nóv. f. á. hljóðar á þá leið, að hinir stefndu W. Ó. Breiðfjörð og Árni Eyþórsson skuli fyrir hönd fjelagsins Reykvíkingur greiða áfrýjanda 100 kr. með 5% vöxtum og 12 kr. í málskostnað, verður að álíta að þeim sjálfum beri að greiða hinar nefndu upphæðir, án tillits til þess, hvort þeir hafa í vörzlum nokkurt fje, fjelaginu tilheyrandi, en að þeir að öðru leyti eigi rjett til endurgjalds úr fjelagssjóði eða hjá fjelaginu. Það er því eigi rjett, að fógetinn hefur neitað, að fullnægja dóminum með fjárnámsgjörð hjá hinum stefndu, og verður þar af leiðandi að fella úr gildi hina áfrýjuðu úrskurði. Eptir atvikum málsins eiga hinir stefndu að greiða áfrýjanda sem málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir áfrýjuðu fógetarjettarúrskurðir eru úr gildi felldir. Hinir stefndu W. Ó. Breiðfjörð og Árni Eyþórsson greiði áfrýjanda sem málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 15. maímánaðar.

Nr. 10/1893: Rjettvísin
gegn
Jóni Ögmundssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 25. febrúarmán. þ. á., var hinn ákærði Jón Ögmundsson með skýrskotun til 253. gr. hegningarlaganna, 232. gr. 1. málsliðs, 233. gr. 2. málsliðs og 238. gr., saman bornum við 63. gr., dæmdur til að sæta »hegningarvinnu« í 7 ár, svo og til að greiða allan af málinu gegn honum og varðhaldi hans leiðandi kostnað, og í skaðabætur til Sigurðar Guðmundssonar 9 kr. og Jóseps Jónssonar 28 kr. 10 a.

Þessum dómi er af hálfu rjettvísinnar skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu löglega sannað, að þegar ákærði, sem hafði verið látinn laus úr hegningarhúsinu hjer í Reykjavík 25. júlí f. á., eptir að hafa úttekið þar fangelsishegningu við vatn og brauð fyrir skjalafölsun og þjófnað, og verið síðan í kaupavinnu austur á Skeiðum, var hjer á ferð eptir miðjan septembermánuð f. á., tók hann á leiðinni hjeðan úr bænum suður í Hafnarfjörð 10 kindur, sem fyrir honum urðu á leiðinni, efst á Öskjuhlíð og í Fossvogi, 4 ær og 6 lömb, og rak þær til Hafnarfjarðar og seldi þær þar ýmsum, og nefndi hann sig þá Bjarni Sigurðsson, og kvaðst vera frá Sandvík í Flóa; fjekk hann fyrir kindurnar samtals 39 kr. 50 aura, sumpart í peningum, sumpart út úr búð, og 2 pd. af kaffi og 4 pd. af sykri. Það sem hann keypti

fyrir peningana, er hann fjekk fyrir kindurnar, svo og úttekt sína úr búð út á þær, fór hann með austur þangað, sem hann hafði verið í kaupavinnu um sumarið og gaf margt af því, en seldi sumt, en sumu var enn ófargað, þegar hann var tekinn fastur. Af kindunum hefur að eins 2 lömbum verið skilað aptur eigendunum, um þrjár af þeim var ókunnugt, hver þær átti, en endurgjalds hefur verið krafizt fyrir 3 lömb og 2 ær, að undanteknum gærunum, sem eigendurnir hafa fengið. Þegar ákærði var búinn að selja kindurnar í Hafnarfirði, fór hann aptur til Reykjavíkur og stal þá hnakki og beizli, sem hann hafði sjeð úti undir húsvegg í Grænuborg, þegar hann fór þar hjá, og sömuleiðis tók hann þá hest bleikskjóttan, sem Guðbrandur konsúll Finnbogason átti, sem var þar í högunum rjett hjá Grænuborg, lagði á hann hnakkinn og beizlið og reið honum alla leið austur á Skeið. Þegar austur var komið sleppti hann hestinum, og er hann kominn í hendur eigandanum, en hann hefur krafizt þess, að ákærða verði hegnt fyrir tiltækið. Hnakkurinn og beizlið, sem ákærði reyndi að selja fyrir austan á 12 kr. hvorttveggja, en gat ekki, er einnig komið til eigandans aptur. Loks er það sannað, að ákærði um þetta sama leyti stal einum sokkum, þar sem hann var næturgestur eina nóttina, sem hann dvaldi í Reykjavík, en ekki hefur verið krafizt endurgjalds fyrir sokkana, þó að þeir hafi ekki komið fram.

Hinn ákærði, sem er 24 ára gamall og þannig kominn yfir lögaldur sakamanna, hefur áður fleirsinnis verið dæmdur og sætt hegningu fyrir lagabrot. 1. með aukarjettardómi Húnavatnssýslu 9. okt. 1888 var hann dæmdur í 9 mánaða betrunarhússvinnu fyrir stórþjófn-

að, einfaldan þjófnað og svik; 2. með landsyfirrjettardómi 9. septbr. 1889 var hann dæmdur í 8 mánaða betrunarhússvinnu sem hegningarauka samkvæmt 65. gr. fyrir skjalafölsun; 3. með aukarjettardómi Árnessýslu 13. jan. f. á. í 18 mánaða betrunarhússvinnu, fyrir skjalafals og þjófnað á hrossi; og 4. með aukarjettardómi Reykjavíkur 7. júní f. á. sem hegningarauka samkvæmt 65. gr. hegningarlaganna, fyrir stórþjófnað og skjalafals, í 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Afbrot ákærða, sem að framan er lýst, heyra undir 233. gr., 1. og 2. lið, og 238. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir þau, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin 4 ára betrunarhússvinna. Hvað ídæmdar skaðabætur eða iðgjöld snertir, virðist eigi rjett að dæma Jósep Jónssyni *undir þessu máli* endurgjald fyrir ferðir og frátafir út af þjófnaðinum, og ber því að færa niður iðgjöldin til hans um 10 kr. Hinum ákærða ber að greiða allan af málinu gegn honum bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi svo og af varðhaldi sínu leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Það er aðfinningarvert, að undirdómarinn hefur eigi látið fylgja málinu útskript af öllum hegningardómum þeim, er áður hafa gengið yfir ákærða, og sjerstaklega af aukarjettardómi Húnavatnssýslu 9. okt. 1888. Að öðru leyti hefur rekstur málsins af undirdómaranum verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Jón Ögmundsson sæti 4 ára betrunarhússvinnu. Hann greiði í iðgjöld til Sigurðar Guðmundssonar í Skildinganesi 9 kr. og til Jóseps Jónssonar á Suðurklöpp 18 kr. 10 a. Svo greiði hann og allan af máli þessu bæði fyrir undir- og yfirdómi og af varðhaldi sínu leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 8/1893: Hið opinbera
gegn
Stefáni Árnasyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Suður-Múlasýslu 29. ágúst f. á. var hinn kærði Stefán bóndi Árnason á Höfðabrekku dæmdur sýkn af kæru hins opinbera fyrir æðarfugladráp, en skyldaður til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað samkvæmt úrskurðuðum reikningi. Dómi þessum hefur eptir ósk kærða og af hálfu hins opinbera verið áfrýjað til yfirdómsins.

Mál þetta er svo til komið, að vinnumaður kærða

fyrverandi, er hjá honum var vistarárið 1889—90, tjáði sýslumanni brjeflega í maímánuði 1891, »að sjer væri nokkuð kunnugt um, að kærði væri ekki með öllu frí við æðarfugladráp ár það, er hann hefði verið hjá honum« (1889—90), og nokkru síðar bar þessi sami maður fyrir rjetti, og staðfesti þann framburð með eiði, að hann hafi reitt fyrir kærða tjeð ár 33 æðarfugla og sjeð kærða skjóta tvo af þeim, en hina hafi kærði komið með af sjó eða fengið þá að. Kærði neitaði því, að þessi skýrsla vitnisins væri sönn, og synjaði sjerstaklega fyrir að hann hefði nokkurn tíma drepið nokkurn æðarfugl. Þar sem nú önnur vitni, er leidd hafa verið í málinu, eptir tilvísun uppljóstursmannsins, ekki vissu neitt til, að kærði hefði gjört sig sekan í æðarfugladrápi, og hann verður ekki sakfelldur fyrir hagnýting dauðra æðarfulga á því ári, er hjer ræðir um, þó að hann álitist uppvís að henni, þar sem lög 22. marz 1890, er leggja bann við slíkri hagnýting, voru þá ekki komin í gildi, — þá er ekki framkomin sönnun fyrir hinu átalda broti kærða, og bar því, eins og undirdómarinn gjörði, að sýkna hann af kæru hins opinbera í málinu. Að því er málskostnaðinn snertir, þykir ekki ástæða til að láta kærða greiða hann að neinu leyti og ber því að greiða hann að öllu leyti af almannafje, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Það er aðfinningarvert, að mál þetta hefur verið rekið og dæmt fyrir aukarjetti, í stað þess fyrir lögreglurjetti, en þetta þykir þó eigi þurfa eptir atvikum að varða ómerking dómsins eða ábyrgð fyrir undirdómarann. Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjer-

aði verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði Stefán Árnason á að vera sýkn af kæru sækjandans í máli þessu. Allan af málinu í hjeraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannafje.

Nr. 47/1892: H. Th. A. Thomsen gegn bæjarstjórn Reykjavíkur.

Dómur:

Mál þetta, sem er út af ágreiningi um landamerki milli Bústaða, eignarjarðar áfrýjandans, og Laugarness, er Reykjavíkurkaupstaður á, var dæmt í landamerkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 7. desembr. 1891 svo, að landamerki milli greindra jarða skyldu vera: »Úr þrísteinum í Bústaðaborg, þaðan bein lína suður í Klofningssteina«. Í dagpeninga til dómsforseta og meðdómsmanna skyldi stefnandinn (fyrir merkjadóminum), bæjarstjórn Reykjavíkur, greiða 36 kr. 50 a., en stefndi (fyrir sama dómi) kaupmaður H. Th. A. Thomsen 55 kr. Annar málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn, kaupmaður H. Th. A Thomsen, skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 17. nóv. f. á., og hefur hann krafizt þess, að dómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim aptur til nýrrar og löglegri dómsáleggingar, og að hin stefnda bæjarstjórn verði dæmd til að greiða sjer málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins. Hin stefnda bæjarstjórn hefur aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir yfirdómi með 50 kr. eða nægilegri upphæð.

Samkvæmt fornum skjölum, lögfestum og vitnisburðarbrjefum, er legið hafa fyrir merkjadóminum og málsaðilar hafa báðir tekið gild í því efni, eiga landamerki milli Laugarness og Bústaða að vera þessi: Úr Þrísteinum sjónhending í Bústaðaborg, þaðan í stein fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg og þaðan í Klofningssteina. Málsaðilar hafa einnig verið sammála um það, hvar Þrísteinar sjeu og Bústaðaborg, en ágreiningurinn er um, hvar merkjasteinninn fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg sje og hvar Klofningssteinar sjeu, og vill áfrýjandinn telja merki þessi töluvert vestar en hin stefnda bæjarstjórn. Merkjadómurinn hefur nú dæmt merkin vera um Klofningssteina þá, er hin stefnda bæjarstjórn telur vera hina rjettu Klofningssteina, þannig, að þeir myndi hornmark Laugarnesslands að sunnan og austan gegnt Bústaðalandi, og verður það ákvæði dómsins eigi átalið, þar sem full vitnasönnun virðist framkomin í málinu fyrir því, að örnefnið Klofningssteinar, sem er hið viðurkennda hornmark Laugarness að sunnan gegn Bústöðum, sje þar, sem dómurinn setur það.

Að því er snertir hitt markið, sem prætan er um, steininn fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg, þá hefur merkjadómurinn eigi getað fundið neinn stein í þeirri stefnu frá Bústaðaborg, er eðlilega geti talizt merkjasteinn, og áleit því eigi hægt að miða merkin við neinn slíkan stein, en þar sem byggja þótti mega á því, hvar Klofningssteinar hinir rjettu væru og hver væri aðalstefna markalínunnar upp úr voginum norður eptir, þá áleit merkjadómurinn rjettast, að draga stefnuna úr tjeðum Klofningssteinum, sem eru fyrir sunnan girðingar áfrýjandans, beint norður í Bústaðaborg. Hvað sjerstaklega þetta ákvæði dómsins áhrærir, hefur áfrýjandinn haldið því fram, að með því væri framin lögleysa, er ætti að varða ónýting dómsins, þar sem merkjadómurinn með því hefði dæmt bæjarstjórninni meira land (ákveðið merkin austar) en hún hefði krafizt, eða tekið sneið af óátalinni landareign áfrýjandans og dæmt hana eign stefndu.

Umboðsmaður hinnar stefndu bæjarstjórnar krafðizt þess fyrir merkjadóminum, að merkin væru ákveðin úr Bústaðaborg í stein, er hann tiltók og áleit vera fyrir vestan og sunnan borgina, og úr steininum í Klofningssteina. Áfrýjandinn heldur því nú, samkvæmt því sem áður er sagt, fram, að bein lína úr Bústaðaborg falli töluvert austar en um tjeðan markastein hinnar stefndu, og þannig liggi merkjalína dómsins lengra inn í sitt land heldur en krafa stefndu hafi verið til, en þessu er mótmælt af hálfu stefndu. Um afstöðu hjerum-ræddra örnefna og merkja sín á milli verður engin ályktun dregin af legu þeirra á uppdráttum þeim, er fram hafa komið í málinu, því að þeir hafa eigi verið álitnir nákvæmir að þessu leyti, hvorki af málsaðilum

eða dómendum; en merkjadómendurnir hafa vottað það í dómi sínum 28. júní 1890, er þetta sama mál var fyr dæmt, að steinn sá, er bæjarstjórnin miðaði merkin við og átti að hennar áliti að vera fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg, væri því nær í hásuður frá borginni, og eptir uppdráttum beggja málsaðila, einkanlega uppdrætti þeim, er áfrýjandinn hefur lagt fram, eru Klofningsteinar (eystri) nokkuð vestar en í hásuður frá Bústaðaborg; en ef þetta hvorttveggja er rjett, leiðir þar af, að bein lína úr Bústaðaborg í Klofningssteina verður fremur fyrir vestan en fyrir austan optnefndan markastein bæjarstjórnarinnar. Þegar á þetta er litið, og þar sem áfrýjandinn hefur ekki fært neinar sannanir fyrir þessu kæruatriði sínu, verður eigi álitið sannað, að merkjadómurinn hafi gjört sig sekan í lögleysu í þessu efni, og með því að eigi eru aðrar ástæður til að ónýta dóminn, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Málskostnaður virðist rjett að falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Nr. 48/1892: H. Th. A. Thomsen
gegn
bæjarstjórn Reykjavíkur.

Dómur:

Mál þetta er risið út af ágreiningi um landamerki

milli jarðanna Bústaða og Klepps í Seltjarnarneshreppi; er hin fyrnefnda jörðin eign áfrýjanda, kaupmanns H. Th. A. Thomsens, en hin síðarnefnda er eign Reykjavíkurkaupstaðar. Áfrýjandinn hefur haldið því fram, að merkin milli jarðanna sjeu eptir beinni stefnu úr Þrísteinum í Geldinga- eða Gelgjutanga. Aptur á móti telja hinir stefndu, að merkin sjeu: Frá Elliðaárvog, þar sem Merkjalækur (er sumir kalla Markalæk, en hinn stefndi Murtulæk) fellur í hann, eins og farvegur lækjarins ræður til upptaka, og þaðan í »Þrísteina«.

Um mál þetta gekk landamerkjadómur Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 7. desembermán. 1891, og voru landamerkin ákveðin svo, að þau skyldu vera úr Þrísteinum í Merkjalæk, þar sem hann fer í gegnum nýja veginn, og ráði hann þaðan mörkum til sævar, þar sem hann fellur í Elliða-árvog. Í dagpeninga til dómsforseta og meðdómsmanna skyldi áfrýjandi greiða 55 kr. og hin stefnda bæjarstjórn 36 kr. 50 a., en annar málskostnaður var látinn falla niður. Þessum landamerkjadómi hefur kaupmaður H. Th. A. Thomsen skotið til yfirdómsins með stefnu 17. nóv. f. á. og krafizt þess, að hann verði dæmdur ómerkur og málinu heimvísað til nýrrar og löglegri dómsáleggingar, og að hin stefnda verði dæmd til að greiða málskostnað eptir mati rjettarins. Hin stefnda bæjarstjórn hefur á hinn bóginn krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með 50 kr. eða eptir mati rjettarins.

Með skjölum þeim og skilríkjum, sem fram eru komin í málinu, verður eigi álitið, að málspörtunum, hvorugum þeirra, hafi tekizt að færa sönnur fyrir landamerkjum þeim, sem þeir hafa gjört kröfur til. Sjer-

staklega ræða skjöl þau, sem áfrýjandi hefur framlagt, nefnil. kgl. afsalsbrjef fyrir laxveiði í Elliðaánum, útgefið 11. desbr. 1853, álitsskjal stjórnarráðsins um söluna frá 6. maí 1853, aukarjettardómur 12. nóv. 1858 og yfirrjettardómur 5. desbr. 1859 — eigi um hið umþráttaða landstykki, heldur um laxveiðina í Elliðaánum og um veiði og beitutekju í Elliðaárvog. — Aptur á móti má álíta það sannað með ýmsum vitnisburðum, sem fram eru komnir í málinu, að þrætulandið hafi mjög lengi verið notað frá Kleppi og verið talið fylgja þeirri jörð, þótt peningur frá Bústöðum hafi iðulega runnið inn á það, eins og títt er, þar sem er að ræða um jarðir, er liggja saman. Fyrir því verður það eigi átalið, að merkjadómurinn hefur í öllu verulegu tekið til greina merkjakröfu hinna stefndu og gefið dóm samkvæmt þeim. Sjerstaklega skal það tekið fram, að þar sem merkjadómendurnir hafa ákveðið merkin úr »Þrísteinum í Markalæk, »þar sem hann rennur í gegnum nýja veginn«, en eigi í upptök hans eptir kröfu hinna stefndu, virðist áfrýjandi eigi sjerstaklega geta átalið þetta ákvæði dómsins, þó að hinum stefndu með því móti sje dæmt minna land en þeir hafa gjört kröfu til, en þeir hafa ekki áfrýjað málinu út af þessu atriði. Þar sem áfrýjandi þarnæst átelur það, að merkjadómendurnir hafi eigi gefið dóm um varakröfu þá, sem fram kom í hjeraði af hans hálfu, nefnil. að eiganda Bústaða eða veiðarinnar frá Merkilæk út að Gelgjutanga verði tildæmdur rjettur til að nota tjeð land að svo miklu leyti og á þann hátt, sem nauðsynlegt er til að stunda þar veiðina — verður eigi álitið, að hann í þessu máli um *landamerki* milli Bústaða og Klepps, sem höfðað var af bæjarstjórn Reykjavíkur, hafi getað heimt-

að dóm um þetta atriði, snertandi rjett eiganda laxveiðarinnar í Elliðaánum og Elliða-árvogi, er eigi hafði komið fyrir sáttanefnd og eigi verið stefnt (gagnstefnt) um.

Með því að áfrýjandi eigi hefur talið aðrar ástæður en hinar framangreindu fyrir ómerkingarkröfu sinni og eigi er tilefni til þess að ónýta dóminn ex officio, ber að staðfesta hann samkvæmt kröfu hinna stefndu. Eptir atvikum þykir rjett, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 29. maímánaðar.

Nr. 13/1893: Hið opinbera
gegn
Þorsteini Jónssyni.

Dómur:

Í máli þessu, sem höfðað er innan Suður-Múlasýslu gegn Þorsteini Jónssyni fyrir ólöglega sveitaverzlun, er hann með aukarjettardómi nefndrar sýslu, gengnum 20. okt. f. á., sýknaður og málskostnaður dæmdur af almannafje.

Mál þetta hefur, þótt fara hefði átt með það samkvæmt lögum 7. nóv. 1879, 6. gr. sem opinbert lögreglumál verið rekið og, eins og áður er sagt, dæmt fyr-

ir aukarjetti; en með því að öðru leyti hefur verið farið með það sem opinbert lögreglumál, virðist ekki þurfa að ónýta meðferð þess og dóminn í því. Það er sannað í málinu, að hinn kærði hefur selt og látið selja nokkuð af timbri og fáar álnir af vaðmáli. Timbur það, sem hann seldi, voru sumpart leifar af timbri, er hann hafði útvegað í Noregi samkvæmt beiðni hlutaðeigandi sóknarnefndar til kirkjubyggingar; hafði nefndin ekki tiltekið, hve mikið af timbri hann skyldi útvega henni, og gat kærði því eigi með vissu vitað, á hve miklu timbri hún þyrfti að halda, og pantaði því svo mikið, að hann ætti víst, að mundi nægja; sumpart hafði hann lofað nokkrum einstökum mönnum að útvega þeim timbur; og þótt svo virðist, sem sá, er afhenti timbrið fyrir hann, hafi látið einn eða fleiri menn fá eitthvað lítilsháttar af timbri, án þess að þeir hefðu pantað það, þá verður kærða ekki gefin sök á því, og það því síður, sem þeir fengu timbrið fyrir sama verð og Þorsteinn hafði keypt það, að viðbættum flutningskostnaði og uppskipun, og er það yfir höfuð að tala ekki sannað í málinu, að kærði hafi sjálfur haft eða ætlað sjer að hafa neinn hagnað eða ábata af þessari timburútvegun eða pöntun, eða sölunni á því timbri, er var fram yfir það, sem hann hafði verið beðinn um að útvega. Loks hefur hann selt nokkrar leifar af timbri, er hann hafði keypt af hjer búsettum Norðmanni til húsabyggingar; en heldur ekki sú sala verður eptir atvikum skoðuð sem verzlun, og svo er og um nokkrar fáar álnir af vaðmáli, er hann hafði fengið hjá kaupmanni einum, og sem hann ljet fyrir lægra verð en kaupmaðurinn seldi það. Það virðist því rjett, að kærði er sýknaður í málinu og málskostnaður dæmdur af al-

mannafje. Á rekstri málsins hefur staðið mjög lengi. Þannig hefur liðið fram undir ár frá því amtið skipaði málshöfðunina og þangað til málið var dæmt, og er þessi dráttur á málinu ekki rjettlættur af hjeraðsdómaranum. Samt sem áður virðist eptir atvikum ekki alvel næg ástæða til að láta hjeraðsdómarann sæta ábyrgð fyrir. Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögleg.

Málskostnaður fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Mánudaginn 5. júnímánaðar.

Nr. 51/1892: E. Egilsson
gegn
Jóni J. Breiðfjörð.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af hreppstjóra í Vatnsleysustrandarhreppi, Jóni J. Breiðfjörð, gegn E. Egilsson út af uppboðsskuld. Var það dæmt í gestarjetti Reykjavíkur 20. desbr. f. á. með þeim úrslitum, að

Egilsson var dæmdur til að greiða Jóni hreppstjóra Breiðfjörð 410 kr. 70 aur. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 20 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefur E. Egilsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu, dagsettri 22. desbr. f. á., og krafizt, að gestarjettardóminum verði hrundið og breytt í þá átt, að hann verði alveg sýknaður af kærum og kröfum stefnda, Jóns Breiðfjörðs í þessu máli, en að stefndi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa þrætu og til að borga hæfilega kost og tæringu og málskostnað fyrir báðum rjettum eptir mati landsyfirdómsins. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði að öllu leyti staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með einhverju eptir rjettarins mati nægilegu.

Máli þessu er svo varið, að áfrýjandi á uppboði að Hlöðunesi í Vatnsleysustrandarhreppi 10. marz 1888, er hinn stefndi hreppstjóri hjelt í umboði hlutaðeigandi sýslumanns, varð hæstbjóðandi að ýmsum munum fyrir samtals kr. 394,90, eða að viðbættum sölulaunum 15 kr. 80 a., 410 kr. 70 a. Við uppboðið skýrði hann stefnda frá, að hann hefði umboð kaupmanns J. O. V. Jónssonar í Reykjavík til þess að bjóða í muni á uppboðinu og sýndi hann hið brjeflega umboðsskjal. Stefndi lýsti því þá yfir, að áfrýjandi sjálfur yrði skrifaður fyrir þeim munum, er hann yrði hæstbjóðandi að og yrði að ábyrgjast borgunina, og er það sannað með eiðfestum vitnisburði 2ja samhljóða vitna. Þegar nú uppboðsskuldin ekki var greidd í ákveðinn gjalddaga heimtaði stefndi uppboðsskuldina greidda af Jóni kaupmanni Jónssyni eða búi hans, og er ekkert gat fengizt úr búinu, sem var þrotabú, krafði hann áfrýjanda

um skuldina. Með því það, eins og áður er sagt, er sannað í málinu, að hinn stefndi við uppboðið lýsti því yfir, að áfrýjandi yrði að ábyrgjast greiðslu andvirðis þeirra muna, er hann á uppboðinu kynni að verða hæstbjóðandi að, þá er áfrýjandi rjett krafinn um skuldina, og getur stefndi í engu tilliti hafa misst rjett sinn gagnvart áfrýjanda, þótt stefndi hafi áður — en forgefins — reynt til, að ná inn skuldinni hjá búi Jóns kaupmanns Jónssonar.

Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða gestarjettardóm, þó þannig, að málskostnaður falli niður. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist og eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi E. Egilsson á að greiða stefnda Jóni Breiðfjörð 410 kr. 70 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. júnímánaðar.

Nr. 12/1893: Rjettvísin
gegn
Guðmundi Björnssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, uppkveðnum 8. febr. þ. á., var hinn ákærði Guðmund-

ur Björnsson á Steindórsstöðum dæmdur til að sæta fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 50 daga fyrir brot gegn 177. gr. sbr. 174. gr. hegningarlaganna, og með hliðsjón af 38. og 22. gr. sömu laga; auk þess var hann dæmdur til að greiða allan kostnað málsins. Þessum dómi hefur verið áfrýjað til yfirrjettarins af hálfu hins opinbera.

Það er í máli þessu með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum löglega sannað, að hann, sem er fæddur 5. febrúar 1876 og eigi hefur áður sætt hegningu fyrir nokkurn glæp, hafi tvívegis á síðastliðnu ári framið saurlifnaðarverk við stúlkubarn á 6. ári, Guðrúnu Erlendsdóttur, með þeim atvikum, sem nú skal greina: Í fyrra sumar var hinn ákærði vinnumaður á Sturlu-Reykjum hjá Erlendi bónda þar, og var hann þá eitt sinn á engjaslætti að reiða heim torf og var þá barn Erlendar Guðrún þar með honum; sat hún utan í torfbunkanum; þá fletti hann fötunum upp um barnið, tók getnaðarlim sinn út úr buxunum og bar hann að »genetalia« barnsins, án þess að það sje sannað, að hann hafi meira að gjört, þar sem hann ekki hefur viljað játa það og barnið ekkert getað borið um það. Í annað skiptið fór hann líkt með barnið; var það síðastliðinn aðfangadag jóla í fjárhúsi á Sturlu-Reykjum; hafði barnið fylgzt með honum út í húsið og lagzt í heyið þar; fletti haun þá fötunum upp um hana og lagðist ofan á hana í heyinu og snart getnaðarlim hennar með lim sínum, en meira tjáist hann ekki hafa aðgjört, enda kom faðir barnsins þá að honum.

Hinn ákærði hefur stöðuglega haldið því fram, að hann hafi engri nauðung beitt við barnið, og eigi hafi hann lokkað það til að vera með sjer, í því skyni að

fremja saurlífi með því, en að það hafi sjálfkrafa farið með honum, og verður eptir skýrslum málsins að leggja þennan framburð hans til grundvallar. Sömuleiðis verður eptir skýrslum hins ákærða og öðrum atvikum í málinu, að ganga út frá því, að hinn ákærði hafi eigi gjört frekara til þess að fremja saurlifnaðarverkið, en þegar er fráskýrt, og sjerstaklega að holdlegt samræði hafi eigi átt sjer stað, sem og var lítt hugsanlegt eptir aldri barnsins, en hún var fædd 3. júní 1887. Eptir skýrslu hlutaðeigandi hjeraðslæknis, sem skoðaði barnið, hefur hún eigi sætt neinum skemmdum af meðferð þeirri, sem hún hefur orðið fyrir. Þessi afbrot hins ákærða hefur hjeraðsdómarinn rjettilega heimfært undir ákvæðin í 177. gr. sbr. 174. gr. hegningarlaganna, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin með hliðsjón af 38. og 22. gr. 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Að því leyti það hefur komið fram undir rekstri málsins, að hinn ákærði hafi vorið 1889 stolið hjer um bil $^1/_4$ pundi af reyktóbaki frá Englendingi, og að hann ennfremur vorið 1890 hafi tekið með ófrjálsu blóðtökubíld, er Páll læknir Blöndal átti — skal þess getið, að mál hefur eigi verið höfðað gegn hinum ákærða út af þessu misferli.

Hinum ákærða ber að greiða allan kostnað, sem leitt hefur af málinu bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Guðmundur Björnsson á að sæta 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiða allan af máli þessu í hjeraði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 11/1893: Rjettvísin
gegn
Bjarna Sveini Stefánssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Dalasýslu, uppkveðnum 12. júlímán. f. á., er hinn ákærði Bjarni Sveinn Stefánsson í Stóru-tungu dæmdur til að sæta fangelsishegningu við vatn og brauð í 5 daga fyrir brot gegn 250. gr. sbr. 249. gr. hinna almennu hegningarlaga, svo og til að greiða allan málskostnað. Þessum dómi er af hálfu rjettvísinnar áfrýjað til yfirdómsins.

Það er í máli þessu sannað með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum, að hann hafi haustið 1891 tekið lamb, sem þá var komið saman við Stóru- og Litlutungu-fjeð í högunum í Stórutungu, markað það undir mark sitt og kastað eign sinni á það. Lamb-

ið var ómarkað, þegar ákærði tók það, eptir því sem hann hefur stöðugt borið, en eyrun mýjetin eða kalin að ofan, og kemur þetta nokkurn veginn heim við skýrslu tveggja manna, er sýslumaður ljet skoða lambið og mörkun ákærða á því, eptir að rannsóknin var byrjuð. Enginn maður hefur heldur leitt sig eiganda að lambinu. Þar sem lambið þannig virðist hafa verið í óskilum, ber að heimfæra brot hins ákærða, sem ekki hefur áður sætt refsingu fyrir neitt afbrot, undir 249. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið — en hann er fæddur 29. maí 1874, og var þannig ekki orðinn 18 ára, er hann tók lambið, — hæfilega metin samkvæmt nýnefndri lagagrein og 38. gr. hegningarlaganna 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo ber honum og að greiða allan kostnað, sem leitt hefur af málinu í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómsbirting í hjeraði hefur dregizt frá því 12. júlí f. á. til 29. okt. s. á., og er þessi dráttur eigi nægilega rjettlættur af hjeraðsdómaranum, en samt sem áður þykir eigi ástæða til að láta dómarann sæta ábyrgð fyrir það; að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjeraði verið viðunanlegur og fyrir yfirdóminum hefur málsfærslan verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Bjarni Sveinn Stefánsson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga. Svo ber honum og að greiða allan kostnað máls þessa bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutn-

ingslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og málaflutningsmanns Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 10. júlímánaðar.

Nr. 14/1893: Rjettvísin gegn Árna Á. Þorkelssyni, Pjetri Pjeturssyni og Frímanni Björnssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Húnavatnssýslu, 5. sept. f. á., hafa hinir ákærðu sóknarnefndarmenn í Holtastaðasókn í Húnavatnsprófastsdæmi, bændurnir Árni Á. Þorkelsson á Geitaskarði, Pjetur Pjetursson á Gunnsteinsstöðum og Frímann Björnsson í Hvammi, í máli, er höfðað hafði verið gegn þeim eptir fyrirlagi landshöfðingjans samkvæmt 143. sbr. 145. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, fyrir tráss og vanrækslu í stöðu sinni sem sóknanefndarmenn, verið dæmdir í 20 kr. sekt hver til landssjóðs eða til vara 6 daga einfalt fangelsi, svo og til að greiða einn fyrir alla og allir fyrir einn allan af málinu gegn þeim leiddan og leiðandi kostnað. En dómi þessum er eptir ósk hinna ákærðu og af hálfu rjettvísinnar áfrýjað til yfirdómsins.

Við vísitazíu að Holtastöðum 8. ágúst 1889 fyrir-

skipaði hlutaðeigandi prófastur endurbyggingu kirkjunnar þar, sem er bændakirkja, og uppálagði hlutaðeigandi sóknarnefnd að hlutast til um, að grunnmúr yrði gjörður undir kirkjuna og efni heimflutt til hennar. Máli þessu var þó ekki skeytt að neinu, hvorki af kirkjueigendum nje af sóknarnefnd, og aðvaraði þá prófastur næsta haust eptir kirkjueigendurna um, að láta eigi lengur dragast að byggja kirkjuna og hafa allt tilbúið til þess hún yrði byggð á næsta vori og sumri (1891), og jafnframt skoraði hann með brjefi 19. ágúst 1890 á sóknarnefnd Holtastaðasóknar, hina ákærðu í máli þessu, að láta samkvæmt viðaukalögum 12. maí 1882 við lög 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála o. s. frv., taka upp nægilegt grjót í grunnmúr og færa það heim á næsta vetri ($18^{90}/_{91}$) og jafna niður á sóknarmenn að flytja efni til kirkjunnar samkvæmt ákvæðum gildandi laga. Á áliðnum vetri $18^{90}/_{91}$ virðast nú kirkjueigendur hafa pantað við og efni til kirkjunnar til næsta sumars, en sóknarnefndin sinnti ekki í neinu greindu brjefi prófastsins þangað til um vorið 1891, eptir að prófastur hafði kvatt hana á fund með sjer til að fá hana til að gegna skyldu sinni eða koma á samkomulagi í málinu; þá stefndi hún til safnaðarfundar 17. apríl, og skýrði sóknarmönnum frá kröfu prófastsins, og var það þá samhuga álit manna á fundinum, að neita algjörlega fyrirmælum prófastsins, af þeim ástæðum, sem sóknarnefndin færði til fyrir aðgjörðarleysi sínu í málinu, og var hin helzta sú, að sóknarmönnum bæri eigi að lögum skylda til að inna af hendi *alla* þá skyldu-vinnu að kirkjubyggingunni, er prófastur fór fram á. Eptir að hafa leitað úrskurðar biskups, skipaði prófastur þá enn á ný sóknarnefndinni með brjefi 20. maí

1891, að láta fyrir næsta haust taka upp grjót í grunnmúr undir kirkjuna, en bæði þetta brjef og einnig áskorunarbrjef frá amtmanni, sem biskupinn hafði fengið til að skerast í málið, varð árangurslaust. Frá því um vorið 1891, í aprílmánuði, hafði sóknarnefndin gjört nokkrar tilraunir til að ná samkomulagi við kirkjueigendurna um skylduvinnuna af hendi sóknarmanna, og hafa kærðu borið það fyrir sig til varnar, að þeir hafi eptir undirtektum annars kirkjueigandans og kirkjustjórnarinnar haft von um, að kirkjan myndi kosta nokkurn hluta af grunnmúrshleðslu og efnisaðflutningi. En í janúarmán. 1892 neituðu kirkjueigendur skýlaust allri tilslökun í þessu efni, og jafnaði sóknarnefndin, þegar er hún fjekk vitneskju um þetta, niður á bændur vinnunni að grunnmúrshleðslu undir kirkjuna og þriðjung af vinnu að efnisaðflutningi, en tók það fram á niðurjöfnunarskránni, að ef nokkrir væru, sem fyndu hvöt hjá sjer að flytja að allt efni kirkjunnar, gætu þeir af niðurjöfnuninni sjálfir sjeð, hvað þeim bæri í því tilliti með því að margfalda hestburði sína með 3. En nokkru áður en niðurjöfnun þessi fór fram eða 12. desember f. á. hafði landshöfðingi skipað hlutaðeigandi amtmanni að hefja rannsókn og höfða sakamál gegn sóknarnefndinni, hinum ákærðu.

Eins og áður er ávikið er sóknarnefndum með viðaukalögum 12. maí 1882 gjört að skyldu að jafna niður skylduvinnu þeirri, sem sóknarmenn eiga að leggja til, þegar byggð er kirkja eða kirkjugarður, en samkvæmt tilskipun 17. júlí 1782, 15. gr., sbr. brjef kirkju- og kennslumálastjórnarinnar 25. sept. 1850, eru sóknarbændur skyldir til að taka upp og flytja að grjót í grunn og að flytja efni til kirkjubyggingar. Þar sem

nú sóknarnefndin hefur, eins og frá er skýrt hjer að framan, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir og fyrirskipanir rjettra hlutaðeigenda af ásettu ráði látið fyrirfarast að rækja áminnzta skyldu sína — en það getur eigi orðið hinum ákærðu til málsbóta, þótt þeir þykist hafa álitið, að skylda sóknarmanna í þessu efni eigi væri svo víðtæk, eins og farið er fram á — verður rjetturinn að vera hjeraðsdómaranum samdóma um það, að hinir ákærðu hafi gjörzt brotlegir samkvæmt 143. sbr. 145 gr. hinna almennu hegningarlaga, og með því að sektarákvæði og málskostnaðarfyrirmæli undirrjettardómsins þykja hæfileg, ber að staðfesta tjeðan dóm í heild hans. Hinum ákærðu ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, sem ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður. Hinir ákærðu sóknarnefndarmenn, Árni Þorkelsson, Pjetur Pjetursson og Frímann Björnsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og málsfærslumanns Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 5/1893: Soffía Magnúsdóttir
gegn
konsúl N. Zimsen og sýslumanni Franz Siemsen fyrir hönd dánarbús Þorsteins Jónssonar.

Dómur:

Í máli þessu, sem er skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 19. jan. þ. á., áfrýjar ekkjan Soffía Magnúsdóttir í Holti í Garði úrskurði, kveðnum upp í skiptarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 2. nóv. f. á., en með þeim úrskurði var neitað að taka til greina mótmæli af hálfu nefndrar ekkju gegn skuldakröfu frá konsúl N. Zimsen í Reykjavík í dánarbú manns hennar, Þorsteins heitins Jónssonar, að upphæð 278 kr. 19 a.

Hefur þess verið krafizt af hálfu áfrýjandans, að úrskurður þessi verði úr gildi felldur, og að stefndi N. Zimsen verði dæmdur til að greiða áfrýjandanum allan af áfrýjuninni leiðandi kostnað eptir mati yfirdómsins, en stefndi N. Zimsen hefur aptur á móti krafizt þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandinn skyldaður til að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 50 kr. eða eptir mati rjettarins.

Hinn 22. júní 1890 andaðist maður áfrýjanda, tómthúsmaður Þorsteinn Jónsson í Holti í Garði, og tilkynnti hreppstjórinn í Rosmhvalaneshreppi sýslumanni látið með brjefi, dags. 24. s. m., og skýrði honum frá, að Þorsteinn ljeti eptir sig konu og móður, og að bú hans myndi að ætlun sinni verða vel fyrir skuldum. Það verður eigi sjeð, að sýslumaður hafi látið skrifa upp búið eða virða það, eða yfir höfuð tekið eigur þess undir umsjón sína, en 5. júlí næst á eptir birt-

ir hann innköllun til skuldheimtumanna búsins í »Ísafold«. · Nokkrum dögum seinna, eða 14. s. m., skrifar ekkja Þorsteins, áfrýjandinn, og móðir hans, Jarðþrúður Björnsdóttir, sýslumanni brjef, og lýsa því yfir sem einustu myndugir erfingjar Þorsteins heitins, að þær hafi afráðið að skipta sjálfar búi hans án íhlutunar skiptaráðanda. Eptir þetta sjest ekki að neitt hafi gjörzt viðvíkjandi búinu fyr en 1. sept. 1892, að sýslumaður heldur skiptafund í búinu, þar sem mæta umboðsmenn af hendi áfrýjanda og skuldheimtumannsins konsúls N. Zimsens, hins stefnda í þessu máli, en aðrir mættu þar eigi, og sjerstaklega eigi hinn erfinginn, móðir Þorsteins, eða neinn af hennar hálfu. Á skiptafundi þessum kom fram krafa sú frá stefnda N. Zimsen, er fyr er getið, og var henni mótmælt af áfrýjanda og lögð undir úrskurð skiptaráðanda, er síðan með hinum áfrýjaða úrskurði neitaði að taka mótmælin til greina.

Eins og áður hefur verið tekið fram hafa kona Þorsteins heitins og móðir hans, sem hinir einustu erfingjar Þorsteins heitins Jónssonar, lýst því yfir við skiptaráðanda, að þær vildu sjálfar skipta búi Þorsteins án íhlutunar hins opinbera, og með því að engin vefenging er fram komin í málinu á því, að þær sjeu í raun og veru hinir einu rjettu hlutaðeigendur að búi því, er hjer ræðir um, var það með öllu heimildarlaust af skiptaráðanda að hafa nokkur afskipti af búinu, eins og það lá fyrir, og leggja úrskurð á skuldakröfur í það. Það verður því að dæma hinn áfrýjaða úrskurð ómerkan með öllu. Málskostnaður virðist eptir atvikum mega falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði skiptarjettarúrskurður á ómerkur að vera. Málskostnaður fellur niður.

Nr. 15/1893: Rjettvísin gegn Jóhanni Jónassyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Reykjavíkur 17. jan. þ. á. var hinn ákærði, Jóhann Jónasson, tómthúsmaður á Eyrarbakka, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað samkvæmt 230. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu gegn honum og varðhaldi hans leiðandi kostnað, en þessum dómi er að ósk hins dómfellda skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu löglega sannað, að í nóvembermán. síðastliðnum, þegar hann var á ferð hjer í bænum og var sendur erindi nokkurt í hús Helga lektors Hálfdánarsonar, stal hann þar í forstofunni, áður en hann gjörði vart við sig, stormhúfu, ullartrefli, ullarvetlingum og skinnhönzkum, og tróð hann munum þessum, sem samtals eru virtir á 3 kr., inn undir treyju sína, en þeir voru skömmu eptir teknir af honum meðan hann stóð við inni í húsinu til að þiggja kaffi.

Brot ákærða, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt lagabrot, er af undirdómaranum rjettilega

heimfært undir 230. gr. alm. hegningarlaga, og er hegningin fyrir það hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með því að yfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðar-ákvæði dómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Hinum ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða aukarjettardómi skal óraskað. Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 17/1893: Rjettvísin gegn Þiðriki Þorsteinssyni og Guðrúnu Sigurðardóttur.

Dómur:

Mál þetta, sem höfðað hefur verið í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu gegn Þiðriki Þorsteinssyni, bónda á Háafelli í Hvítársíðu og ógiptri stjúpdóttur hans Guðrúnu Sigurðardóttur fyrir sifjaspell, og, að því Guðrúnu

snertir, einnig fyrir ranga barnsfaðernislýsingu, var dæmt í aukarjetti nefndrar sýslu 25. marz þ. á. með þeim úrslitum, að Þiðrik Þorsteinsson var dæmdur til að sæta 2 ára betrunarhússvinnu, en Guðrún Sigurðardóttir dæmd í 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Var ákærði einnig dæmdur til þess að greiða allan sakarkostnað, þannig, að hin meðákærða skyldi greiða in solidum með honum helminginn, þó skyldu hin ákærðu hvort um sig greiða talsmanni sínum varnarlaun, þeim Jóhanni presti Þorsteinssyni og præp. hon. Magnúsi Andrjessyni, 6 kr. hvorum.

Það er sannað í málinu, að hin ákærða Guðrún hefur átt 3 börn óskilgetin, og það er með eigin játningu hennar, er ekki kemur í bága við það, sem á annan hátt er upplýst, löglega sannað, að hún hefur átt þessi 3 börn með stjúpföður sínum, ákærða Þiðriki Þorsteinssyni. Hið fyrsta barnið ól hún 20. nóv. 1872, og kenndi það þá öðrum manni; miðbarnið fæddist 27. sept. 1888 og kenndi hún það sama manni. Síðasta barnið ól hún hinn 27. okt. 1890; lýsti hún í fyrstu Jón nokkurn Jónsson föður að því, en hann synjaði fyrir, og gaf það tilefni til þessarar málshöfðunar. Er hin ákærða var prófuð, játaði hún, viðstöðulaust, að stjúpfaðir hennar, ákærði Þiðrik Þorsteinsson, væri faðir allra þeirra 3ja barna, er hún hefði alið, og hefðu þau optlega um langt árabil haft holdleg afskipti hvort af öðru; hefði hún því ranglega kennt öðrum börnin. Að því er kemur til barns þess, er hún ól 1872, þá hefur hinn ákærði kannazt við, að hann hafi verið faðir að því barni; en fyrir þetta afbrot hefur landshöfðingi 31. ágúst 1889 úrskurðað, að málssókn mætti falla niður. Á hinn bóginn hefur ákærði statt og stöðugt

borið það, að hann alls ekki hafi haft neitt holdlegt samræði við meðákærðu stjúpdóttur sína eptir fyrstu barneign hennar, og virðist þessari neitun hans ekki vera löglega hnekkt með öðrum skýrslum, sem fram eru komnar í málinu. Það verður því að dæma ákærða Þiðrik Þorsteinsson sýknan í þessu máli, en ekki virðist hann geta komizt hjá að greiða tiltölulegan málskostnað. Að því aptur á móti snertir meðákærðu Guðrúnu Sigurðardóttur, þá liggur bein játning hennar fyrir um, að hún um mörg ár optsinnis hefur haft holdlegt samræði við stjúpföður sinn, Þiðrik Þorsteinsson, og er það, sem á annan hátt er framkomið í málinu, þessari játningu hennar til styrkingar, eins og hún einnig hefur játað, að hún hafi ranglega lýst aðra en hann föður að börnum sínum. Afbrot hinnar ákærðu eiga undir 163. og 180. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning hennar, sem er komin yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefur sætt hegningu fyrir neitt afbrot, eptir öllum atriðum hæfilega ákveðin af hjeraðsdómaranum 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Á ákvæði hjeraðsdómsins um málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun til hinna skipuðu verjenda í hjeraði, fellst yfirdómurinn. Málskostnað fyrir yfirdómi ber hinum ákærðu að greiða einu fyrir bæði og báðum fyrir eitt, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Á rekstri málsins í hjeraði hefur staðið all-lengi, en hjeraðsdómarinn virðist hafa rjettlætt það.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Þiðrik Þorsteinsson á að vera sýkn í þessu máli að því til hegningar kemur. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði hin ákærðu, Þiðrik Þorsteinsson og Guðrún Sigurðardóttir, eitt fyrir bæði og bæði fyrir eitt, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Pals Einarssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 17. júlímánaðar.

Nr. 18/1893: Rjettvísin gegn Sigurjóni Einarssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 4. marzmánaðar þ. á., er hinn ákærði Sigurjón Einarsson, þá vinnumaður á Svalbarði í Þistilfirði, dæmdur fyrir blóðskömm og hlutdeild í barnsmorði til að sæta 10 ára typtunarhúsvinnu og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar á meðal 6 kr. til hins skipaða talsmanns hans í hjeraði.

Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins af hálfu hins opinbera.

Eptir eigin játningu hins ákærða og öðrum upplýstum atvikum eru málavextir þeir, er nú skal greina. Vorið 1891 rjeðst sem vinnukona að Svalbarði, þar sem ákærði var vinnumaður, hálfsystir hans óskilgetin Sólborg Jónsdóttir. Gjörðist brátt nokkur samdráttur milli þeirra systkina til lauslætis, er hún, sem áður hafði átt 2 börn utan hjónabands, þó fyrst átti helzt upptökin að. Það var á Þorranum 1892, að þau drýgðu fyrst holdlegt samræði saman og varð það síðan allopt, þangað til hún snemma í fyrra sumar sagði ákærða, að hún væri orðin vanfær eptir hann. Eptir þetta urðu tíðari samfarir þeirra, þangað til kringum veturnætur, að Sólborg sagði ákærða, að hún væri búin að ala barn. Hafði hún átt það um daginn í fjósinu á Svalbarði og falið það síðan í kistu sinni, og bað hún ákærða nú að grafa það, og það gjörði hann, en þó eigi fyr en hálfum mánuði seinna, í fjárborg úti við sjó á Svalbarði, þar sem það síðar var grafið upp eptir tilvísan ákærða. Ekki vissi ákærði neitt um, hvort barnið hefði fæðzt lifandi, en hann þóttist skilja, að barnið væri dautt, þegar systir hans sagði honum frá því, og ætlaði, að hún hefði fyrirfarið því, bæði af því sem þeim systkinum hafði áður farið á milli og sem síðar verður minnzt á, og af því, að hann sá marbletti á höfði barnsins, þegar hann fór með það til að grafa það Eptir að Sólborg ól barnið og til þess er rannsókn var hafin, í byrjun þessa árs, höfðu systkinin ekki holdlegt samræði saman, en ákærði hefur þó játað, að hann hafi þrisvar á þessum tíma farið í rúm til systur sinnar, en það hafi skeð í einhverju ósjálfræði.

Þegar þeim systkinum var orðið ljóst, að hún var óljett orðin, kom þeim saman um að leyna ástandi

hennar og fæðingunni hið ýtrasta, þó að það kostaði líf barnsins, og varð það þannig að fullum ásetningi þeirra, sem þau optar áttu tal saman um, að fyrirfara barninu, ef á þyrfti að halda, til að leyna fæðingunni, en ekki var ákveðið neitt greinilegar milli þeirra um það, hvort þeirra skyldi deyða barnið, ef til kæmi, eða hvernig því skyldi fyrir komið. Eptir að þetta áform, að leyna fæðingu barnsins hið ýtrasta, var til orðið, hugkvæmdist henni, að reyna að eyða fóstrinu með meðölum, og sótti ákærði, sem fjellst á þessa tilraun og þótti hún betri en hitt, að þurfa að fyrirfara barninu, meðölin til læknis, en meðölin þóttu þá ekki hafa tilætluð áhrif og varð svo ekkert úr þeirri tilraun, en ásetningurinn, að fyrirfara barninu, ef það fæddist lifandi, stóð óhaggaður.

Systir ákærða dó skyndilega rjett í byrjun rannsóknar málsins og áður en hún yrði yfirheyrð, og er álitið, að hún hafi fyrirfarið sjálfri sjer á eitri (strychnin). Skýrsla hennar hefur því eigi fengizt um það, hvort barnið hafi fæðzt lifandi og um atvik að dauða þess, en læknir sá, sem fenginn var til að skoða barnslíkið, hefur álitið, að það hafi verið fullburða og fæðzt lifandi, en óvíst sje um dauðaorsökina. Þar sem nú, eins og áður er ávikið, álit ákærða, að systir hans hafi drepið barnið, að eins er byggt á ímyndun hans einni, en ekki á sögusögn systur hans eða eigin vitund, þá er það eigi sannað, að barnið hafi verið deytt af völdum móðurinnar samkvæmt samanteknum ráðum þeirra systkina, og verður sekt hins ákærða því í þessu atriði eigi miðuð við fullkomnun glæps þess, er hjer er um að ræða.

Brot hins ákærða, sem er fæddur 6. sept. 1868 og

þannig kominn yfir lögaldur sakamanna og sem aldrei hefur áður sætt ákæru eða hegningu fyrir nokkurt lagabrot, ber að heimfæra undir 165. gr. og 187. sbr. 55. og 47. gr. hinna almennu hegningarlaga — og er þá fóstureyðingartilraunin ekki skoðuð sem sjerstakt afbrot, heldur að eins sem einn liður í samtökunum gegn lífi barnsins — og virðist hegningin með hliðsjón af 63. gr. nefndra laga, hæfilega ákveðin 6 ára betrunarhússvinna. Með því að yfirdómurinn fellst á málskostnaðarákvæði undirdómsins, ber að staðfesta hann með greindri niðurfærslu hvað hegninguna snertir. Svo ber ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Sigurjón Einarsson á að sæta betrunarhússvinnu í 6 ár. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur óraskaður að standa. Svo ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 24. júlímánaðar.

Nr. 20/1893: Rjettvísin
gegn
Sigurði Guðmundssyni og
Teiti Íngimundarsyni.

Dómur:

Mál þetta er eptir skipun amtsins höfðað gegn hinum ákærðu Sigurði Guðmundssyni og Teiti Íngimundarsyni fyrir að hafa gefið ranga skýrslu fyrir rjetti, og var það dæmt í aukarjetti Reykjavíkurkaupstaðar 1. maí þ. á. á þá leið, að hinir ákærðu voru dæmdir sýknir af ákæru rjettvísinnar og skyldi málskostnaður greiðast af almannafje. Þessum dómi hefur hlutaðeigandi amtmaður áfrýjað til landsyfirdómsins.

Hinir ákærðu voru kallaðir fyrir lögreglurjett Reykjavíkur kaupstaðar í febrúarmánuði þ. á., með því þeir voru sakaðir um brot gegn tilsk. 26. maí 1863, um lausamenn og húsmenn, Sigurður Guðmundsson fyrir ólöglega húsmennsku og Teitur Íngimundarson fyrir að hafa ólöglega hýst Sigurð. Báðir hinir ákærðu báru það fyrst, að samkvæmt vistarsamningi, er Sigurður lagði fram, væri Sigurður hjú Teits. En Sigurður játaði síðar — en samt þegar við fyrsta rjettarhald — að vistarsamninginn hefðu þeir Teitur gjört að eins til málamynda til að breiða yfir sannleikann og komast hjá ábyrgð, ef til kæmi, þar sem hann hefði verið í húsmennsku hjá Teiti, og játaði Teitur, að þessi framburður Sigurðar væri sannleikanum samkvæmur; buðu þeir báðir fram sekt til þess að losast við rannsókn, og, að því brotið gegn húsmennskulögunum snertir, samþykkti amtið boð þeirra, en skipaði jafnframt opin-

bera málssókn á hendur þeim fyrir rangan framburð fyrir rjetti.

Það verður að vísu ekki álitið, að hinir ákærðu, sem voru í yfirheyrslu sem sakborningar, er þeir gáfu hina röngu skýrslu fyrir rjetti, er málið var höfðað út af, hafi með því að þræta fyrir að vera sekir í lagabroti því, er yfirheyrslan var um, eða með því að skýra rangt frá málsatvikum til þess að breiða yfir brotið, unnið til refsingar samkvæmt lögum. En með því að gjöra samning þann, er fyr er nefndur, og leggja hann fram fyrir rannsóknardómarann, til þess að villa sjónir fyrir honum, hafa þeir allt að einu gjörzt brotlegir samkvæmt 156. gr. almennra hegningarlaga, og virðist mega skilja málshöfðunarskipun amtsins, eins og hún liggur fyrir í málinu, svo, að hún eigi engu síður við um brot það, er liggur í framlagning málamyndarsamningsins, en um sjálfa hina munnlegu skýrslu hinna ákærðu fyrir rjettinum. Hegning hinna ákærðu samkvæmt greindri lagagrein virðist hæfilega metin 20 kr. sekt til landssjóðs fyrir hvorn þeirra, eða til vara 6 daga einfalt fangelsi. Svo ber þeim og að greiða allan af málinu fyrir undir- og yfirrjetti löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir ákærðu Sigurður Guðmundsson og Teitur Ingimundarson eiga að greiða í sekt til landssjóðs

20—tuttugu—krónur, eða, verði sektin eigi greidd í ákveðinn tíma, sæti 6 daga eintöldu fangelsi. Svo greiði hinir ákærðu og einn fyrir báða og báðir fyrir einn allan af málinu fyrir undir- og yfirdómi leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 23/1893: Rjettvísin gegn Sigríði Þorsteinsdóttur.

Dómur:

Mál þetta, sem höfðað er fyrir aukarjetti Reykjavíkur gegn ákærðu Sigríði Þorsteinsdóttur fyrir þjófnað, var dæmt 16. maímán. þ. á. með þeim úrslitum, að ákærða var dæmd til fangelsishegningar við vatn og brauð í 2×5 daga, svo og til að greiða allan af málinu og varðhaldi sínu leiðandi kostnað. Þessum dómi er eptir beiðni ákærðu áfrýjað til yfirdómsins.

Það er sannað í málinu með eigin játningu ákærðu og öðrum skýrslum, að hún í vetur tók ófrjálsri hendi úr opinni sölubúð húsbónda síns, Björns Leví Guðmundssonar, 1 tóbaksbrjef (42 aura virði eptir sölubúðar verðlagi), er hún einu sinni reykti af til þess að

lækna í sjer tannverk, en síðan gaf manni hjer í bænum, eins og líka að hún hafi haft í vörzlum sínum brauðseðil (56 aura virði), er hún kveðst hafa fundið á gólfinu í herbergi, er hún var að ræsta, og 1 sápustykki, er hún kveðst hafa borið upp á herbergi sitt og gleymt að bera ofan aptur. Var ákærðu kunnugt um, að húsbændur hennar áttu þetta hvorttveggja, og ljet hún fyrirfarast að skila því, þótt henni væri gefið tilefni til. Ennfremur hefur húsbóndi hennar gefið henni að sök, að hún hafi tekið úr sölubúð sinni kaffi, sykur, peninga o. fl. En þetta er ekki gegn stöðugri neitun ákærðu sannað upp á hana, og verður hún því í þessu máli að eins dæmd fyrir tökuna á tóbaksbrjefinu og meðferð hennar á brauðseðlinum og sápustykkinu, sem af undirdómaranum með rjettu virðist vera skoðað sem þjófnaður. Hegning hinnar ákærðu, sem komin er yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neinn glæp, þykir samkvæmt 230. gr. hegningarlaganna hæfilega metin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og ber því, með því yfirdómurinn fellst á ákvæði undirdómsins að því til málskostnaðar kemur, að staðfesta undirrjettardóminn í heild sinni. Hinni ákærðu ber einnig að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns þar, 10 kr. til hvors þeirra.

Meðferð málsins fyrir undirdómi hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Svo ber ákærðu, Sigríði Þorsteinsdóttur og að greiða allan

málskostnað fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslanu til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 25/1893: Hið opinbera
gegn
Axel Tulinius, N. B. Nielsen og Andrjesi Andrjessyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað eptir skipun amtsins gegn hinum kærðu, fullmektugum hjá bæjarfógetanum í Reykjavík, cand. jur. Axel Tuliníus og verzlunarmönnunum N. B. Nielsen og Andrjesi Andrjessyni, fyrir brot gegn tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, en með lögreglurjettardómi Reykjavíkur, gengnum 29. maí þ. á., voru hinir kærðu dæmdir sýknir af kæru hins opinbera, og málskostnaður dæmdur af almannafje. Þessum dómi er af hlutaðeigandi amtmanni áfrýjað til yfirdómsins.

Eptir framburði hinna ákærðu, sem kemur heim við annað það, er upplýst er í málinu, reru hinir ákærðu 16. apríl þ. á. sjer til skemmtunar til fiskjar hjer út á grunnið; fóru þeir á stað milli kl. 3 og 4 um nóttina og þegar kl. var rúmlega 10 um morguninn. höfðu þeir fengið 158 fiska á skip og hjeldu þá í land, en þá var veður versnað, og vindur orðinn andstæður, svo að þeim gekk seint í land og lentu þeir um

kl. 2 e. h., eða um það leyti, sem guðsþjónusta hefur verið úti, við eina bryggjuna hjer í bænum Af aflanum skiptu þeir fátækum einn fimmtung, gáfu sumt eða borguðu fyrir bátslán og beitu, en afganginn lögðu þeir inn í verzlun

Eins og áður er tekið fram, fóru hinir kærðu, sem annars hafa atvinnu við skrifstofu- eða verzlunarstörf, í fiskiróður þann, er mál þetta er risið út af, að eins sjer til skemmtunar eða hressingar, og verknaður þeirra virðist því ekki eiga að teljast til þeirrar vinnu úti við, sem bönnuð er í 2. gr. fyrnefndrar tilskipunar 28. marz 1855, heldur, eins og undirdómarinn hefur gjört, eiga að metast eptir ákvæðum tilskipunarinnar um skemmtanir. Nú bannar tilskipunin í 1. og 5. gr. að eins almennar eða hávaðamiklar skemmtanir, en þar til getur eigi talizt fiskiróður hinna kærðu. Það verður því að fallast á það, að undirdómarinn hefur sýknað kærðu af kærum hins opinbera í þessu máli og eins á málskostnaðarákvæði undirdómsins, og ber þannig að staðfesta dóminn í heild sinni. Áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda, 10 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannafje.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera óraskaður. Allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda, cand. jur. Hannesar

Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannafje.

Nr. 43/1892: Kr. Ó. Þorgrímsson
gegn
Lárusi Bjarnason fyrir hönd
A. F. van Amstells.

Dómur:

Mál þetta höfðaði málaflutningsmaður Lárus Bjarnason fyrir hönd A. F. van Amstells kaupmanns í Amsterdam á Hollandi gegn bóksala og kaupmanni Kr. Ó. Þorgrímssyni í Reykjavík út af verzlunarviðskiptaskuld, að upphæð 672 kr. 68 aur., sem hinn fyrnefndi þóttist eiga hjá hinum síðarnefnda fyrir ýmsar vörur, er hann tjáist hafa sent áfrýjanda. Var málið dæmt í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur kaupstaðar 22. september f. á. á þann hátt, að Kristján Ó. Þorgrímsson skyldi greiða Lárusi Bjarnason fyrir hönd A. F. Amstells 672 kr. 68 aura með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 15 kr. í málskostnað; fyrir óviðurkvæmilegan rithátt var Lárus Bjarnason dæmdur til að greiða 10 kr. sekt, helming í landssjóð og helming í fátækrasjóð Reykjavíkur. Þessum dómi hefur bóksali Kristján Ó. Þorgrímsson áfrýjað til yfirrjettarins með stefnu útgefinni 7. okt. f. á., og gjört þær rjettarkröfur *principaliter*, að hann verði algjörlega sýkn dæmdur í málinu og að honum verði tildæmt endurgjald málskostnaðar fyrir báðum rjettum með 60 kr. eða einhverri nægilegri

upphæð, en *til vara*, að krafa mótpartsins verði með dóminum færð niður um 232 kr. 87 aur. og honum tildæmdur málskostnaður fyrir báðum rjettum, og loksins hefur hann krafizt þess til *þrauta-vara*, að frá kröfu mótpartsins verði dregnar 77 kr. 46 aur. og að málskostnaður verði þá látinn falla niður fyrir báðum rjettum. Á hinn bóginn hefur umboðsmaður hins stefnda krafizt þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirrjetti með einhverri nægilegri upphæð.

Aðalsýknunarkröfu sína hjer fyrir rjettinum hefur áfrýjandinn rökstutt með því, að hann tjáist ekki viðurkenna gildi umboðs þess, sem Lárus Bjarnason hefur framlagt frá A. F. van Amstell fyrir sig, til þess að höfða og reka mál þetta, og vill sjerstaklega vefengja undirskriptina á umboðinu, þar sem hún sje eigi sönnuð eða staðfest af lögmætu yfirvaldi eða á annan hátt. Þessi mótmæli gegn gildi umboðs-kjalsins flutti áfrýjandi fram í hjeraðsrjettinum og krafðist þá frávísunar sakarinnar í krapti þeirra, en nefndri kröfu hans var hrundið með úrskurði rjettarins 3. júní f. á., og hefur þeim úrskurði eigi verið áfrýjað sjerstaklega, og verður honum þar af leiðandi eigi breytt, eins og málið liggur fyrir. Rjetturinn verður að álíta, að áfrýjandi geti eigi fyrir yfirdóminum komið fram með þessi sömu mótmæli gegn umboðinu sem sýknunarástæðu, þar sem þau eigi komu á þann hátt fram í undirrjettinum, og jafnframt skal þess getið, að áfrýjandi hefur eigi beint neitað því, að van Amstell hafi undirskrifað umboðið, en eptir því sem annars er framkomið í málinu getur eigi verið um annan van Amstell að ræða í þessu efni en þann, sem áfrýjandi kannazt við að hafa haft við-

skipti við. Nefnd aðalsýknunarkrafa áfrýjanda verður því eigi tekin til greina.

Kröfur sínar um niðurfærslu reikningsins frá van Amstell byggir áfrýjandi á eptirfylgjandi atriðum:

1. Hann tjáist hafa sent hinum stefnda 1395 brúkuð íslenzk frímerki, sem hann telur á 5 aura hvert, eða alls kr. 69,76 aur., en stefndi hefur eigi reiknað honum meira en $2^1/_2$ eyri fyrir stykkið, eða alls 34 kr. 88 aur.; er þannig mismunurinn 34 kr. 88 aur., sem áfrýjandi telur oflágt reiknað sjer til inngjalda fyrir frímerkin. Áfrýjandinn hefur haldið því fram fyrir undirrjettinum, að stefndi hafi heitið sjer »hæsta verði« fyrir brúkuð frímerki, þ. e. að stefndi skyldi gefa fyrir þau jafnmikið og mest fengist fyrir þau í Amsterdam. Greinilegar virðist áfrýjandi eigi hafa kveðið á um verð frímerkjanna, en sent þau stefnda reikningslaust upp í vörur frá honum. En að svo vöxnu máli getur áfrýjandinn eigi krafizt eptir á hærra verðs af stefnda fyrir frímerkin, en stefndi hefur reiknað honum, nema hann sanni, að frímerkin hafi verið meira virði — en það hefur hann eigi einu sinni reynt að gjöra. Krafa áfrýjanda þessu atriði viðvíkjandi verður því eigi tekin til greina.

2. Hefur áfrýjandi neitað að greiða kr. 1,25 fyrir sýnishorn af sardínum og kaffi, og kr 11,50 fyrir umbúðir um smjörlíki, með því að það sje eigi verzlunarvenja, að kaupendur borgi þetta. Þar sem áfrýjandi eigi hefur sannað, að það sje verzlunarvenja, að kaupendur fái slíkt ókeypis — en því hefur verið neitað — og þar sem svo er að sjá, að hann hafi hagnýtt sjer bæði nefnd vörusýnishorn og umbúðirnar, en eigi sent þau aptur til hins stefnda, getur hann eigi komizt hjá

að verða dæmdur til að greiða nefnda upphæð kr. 12,75.

Í 3. lagi hefur áfrýjandi kært yfir því, að í reikningi van Amstells til hans með ostasendingu nokkurri hafi verið ranglega færð til 47.8 kilogrömm af Goudaosti í stað 47,8 *punda*, eins og stendur í reikningi þeim, er fram er lagður nú af hálfu stefnda. En af þessari ritvillu kveðst áfrýjandi hafa leiðzt til að selja ostinn helmingi ódýrara, en honum er reiknaður hann af stefnda, og krefst því niðurfærslu á kröfu stefnda um kr. 16,41. En eins og á stóð, þar sem sendingin eigi kom heim við reikninginn, átti áfrýjandi að leita skýringar hjá stefnda áður hann seldi ostinn, og þar sem hann hætti á að selja hann með öðru verði en í reikningnum stóð, verður hann að bera skaðann af því. Þetta kæruatriði verður því heldur eigi tekið til greina.

4. Þá hefur áfrýjandi kvartað undan verðinu á öllum ostunum, sem hann fjekk frá Amstell, og krafizt þess, að það væri fært niður, þannig, að hvert pund af osti verði eigi reiknað hærra en 40 aur. Verðið á öllum ostinum 120,8 pd. er honum talið 79 kr. 73 aur., en hann þykist eigi vera skyldur til að greiða meira en kr. 48.32; heimtar hann að mismunurinn, 31 kr. 41 eyr., verði dreginn frá skuldakröfu Amstells.

5. Ennfremur hefur áfrýjandi fundið það að reikningi Amstells, að honum sjeu færð til útgjalda 300 kílogrömm = 600 pd. af smjörlíki, sem 8 smjördunkar, sem áfrýjandi kannast við að hafa fengið, hafa átt að innihalda, en í dunkunum hafi að eins reynzt vera 570 pd. eða 30 pd. minna, en hann er krafinn um borgun fyrir; auk þess sje verðið á smjörlíki þessu allt of hátt sett, þar sem honum sje reiknað það á 65 aura.

Áfrýjandi telur að honum sje eigi skylt að borga það hærra verði en 50 aura pr. pund. Samkvæmt þessu heimtar áfrýjandi, að reikningur Amstells verði, að því er margarin þetta snertir, settur niður um kr. 19,50 fyrir viktarmismun og kr. 112,50 fyrir verðmun, samtals kr. 132,00.

6. Loksins hefur áfrýjandi neitað því, að hann hafi meðtekið 4 dósir af smjörlíki, sem honum eru taldar til skuldar í reikningnum, og sem áttu samkvæmt reikningi þeim, er sendingunni fylgdi og sem áfrýjandi hefur sjálfur framlagt í málinu, að vera í sama kassa og fyrgreindur Gouda-ostur, er þó hefur komið til skila, og krefst hann þess, að verð þeirra kr. 5,42 verði dregið frá skuldakröfunni.

Aðfinnslum þeim við reikning van Amstells, sem tilgreindar eru hjer að framan sub. 3—6, hefur umboðsmaður hans mótmælt skorinort og afdráttarlaust, og jafnframt getið þess, að áfrýjandi hafi í hvert sinn, er hann fjekk vörur frá van Amstell, fengið sundurliðaðan reikning yfir vörurnar og verð þeirra; hafi hann orðalaust veitt vörunum móttöku, án þess að kvarta yfir því, að hann hefði fengið minna en honum var reiknað eða að verðið væri of hátt; hafi hann svo selt vörurnar, eða hagnýtt sjer þær, og engum aðfinnslum eða mótmælum hreift fyr en mál þetta var höfðað, nærfellt ári eptir að hann hafði fengið vörurnar.

Áfrýjandi hefur nú eigi getað sannað það gegn þessari staðhæfingu stefnda, að vantað hafi á vörusendingar þær, er fyr er getið, nje heldur mótmæli sín gegn verðlaginu, og þar sem hann allt að einu hefur selt vörurnar eða hagnýtt sjer þær, án þess að gefa stefnda kost á að ráðstafa þeim á annan hátt, virðist

hann nú eptir á eigi geta komið fram með ofangreindar aðfinnslur og mótmæli. Sjerstaklega gat honum eigi verið heimilt að setja annað eða lægra verð á vöru van Amstells, en hann hafði skýlaust ákveðið, og um það, sem vansent kynni að vera af vörunum samkvæmt reikningunum, bar honum að gjöra van Amstell aðvart með fyrstu ferð á eptir. Af ástæðum þeim, sem þannig hafa verið tilgreindar, verða ofanritaðar útásetningar áfrýjanda við reikning hins stefnda eigi teknar til greina, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í aðalefni hans. Ákvæði hjeraðsdómsins um málskostnað samþykkjast, og eptir þessum úrslitum málsins þykir rjett, að áfrýjandi greiði hinum stefnda upp í málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á vera óraskaður að því leyti honum hefur verið áfrýjað. Áfrýjandi Kr. Ó. Þorgrímsson greiði hinum stefnda Lárusi Bjarnason fyrir hönd A. F. van Amstells sem málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 31. júlímánaðar.

Nr. 19/1893: Hið opinbera
gegn
eigendum Bakkakirkju í Öxnadal, Jóni Jónassyni og Sigurði Jónassyni.

Dómur:

Mál þetta er í hjeraði höfðað gegn hinum kærðu, bændunum Jóni Jónassyni og Sigurði Jónassyni, eptir fyrirmælum amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu fyrir meinta heimildarlausa töku á gamalli mynd af Guðbrandi Þorlákssyni Hólabiskup, sem mjög lengi hefði tilheyrt Bakkakirkju og fylgt ornamentis hennar, en kirkjan er eign hinna kærðu. Var málið dæmt í lögreglurjetti Eyjafjarðarsýslu 15. marz þ. á. þannig, að hinir ákærðu voru sýknaðir og málskostnaður lagður á hið opinbera. Dómi þessum hefur amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu skotið til yfirdómsins.

Hinir kærðu hafa kannazt við það, að þeir hafi án þess að fá til þess samþykki stiptsyfirvalda eða biskups selt og afhent frá Bakkakirkju forna og slitna mynd af Guðbrandi biskup Þorlákssyni sem eign tjeðrar kirkju, en hinir kærðu eru eigendur kirkjunnar. Þykjast þeir hafa haft fullan rjett til þess að ráðstafa þessari eign kirkjunnar, án þess að leita samþykkis annara til þess.

Rjettur sá, sem bændakirkjueigendur hafa yfir kirkjum sínum, gózum þeirra og öðrum fjármunum, hefur frá því snemma á öldum verið bundinn ýmsum takmörkunum; þannig hafa þeir verið skyldir til að gjöra árlegan reikning fyrir tekjum og gjöldum kirkn-

anna; fasteignir kirknanna má eigi selja nema með konungsleyfi, og á sama hátt hefur kirkjueigendunum verið óheimilt að farga skrautgripum kirknanna nema þeir fengju leyfi til þess, fyrrum biskupsleyfi, nú leyfi stiptsyfirvalda, enda hefur það við niðurlagning bændakirkna verið venja að ákveða, að ornamenta og instrumenta kirkjunnar skyldu hverfa til einhverrar annarar kirkju, en ekki til eigandans. Það er þannig gömul lagaregla (lögvenja), sem kancellibrjef 19. apríl 1817 byggir á, er það bannar, að fargað sje fornum skrautgripum frá kirkjum, nema með samþykki kirkjustjórnarinnar. En þó að þessu sje þannig varið með umráðarjett bændakirkjueigenda yfir kirkjum þeirra og fjám þeirra, þá er á hinn bóginn eigi í lögum lögð við nein refsing eða önnur ábyrgð, er beitt verði í þessu máli gegn kirkjueigendunum, þótt þeir fargi slíkum munum sem þeim er þetta mál snertir, og verður því að dæma þá sýkna af kæru hins opinbera í málinu og að staðfesta undirrjettardóminn í heild sinni. Áfrýjunarkostnað málsins ber og að greiða af almannafje, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera óraskaður. Áfrýjunarkostnað málsins ber að greiða af almannafje, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand.

jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Mánudaginn 7. ágústmánaðar.

Nr. 3/1893: Teitur Th. Ingimundarson
gegn
hreppsnefnd Hrafnagilshrepps.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í hjeraði af hinni stefndu hreppsnefnd Hrafnagilshrepps gegn áfrýjandanum Teiti Th. Ingimundarsyni úrsmið í Reykjavík til endurgreiðslu sveitarstyrks að upphæð 335 kr. 68 aur., er áfrýjandinn hefði þegið úr fátækrasjóði tjeðs hrepps, sem er fæðingarhreppur hans, á árunum 1873—76. Málið var dæmt á bæjarþingi Reyjavíkur 28. júlí f. á. þannig, að áfrýjandinn skyldi greiða hinni stefndu hreppsnefnd greinda upphæð 335 kr. 68 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og í málskostnað 12 kr.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 13. jan. þ. á. og krafizt þess, að hann verði úr gildi felldur og hreppsnefndin eða hreppsnefndarmenn allir in solidum dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með 50 kr. eða eptir mati dómsins. Af hálfu hinnar stefndu hreppsnefndar, sem hefur verið veitt gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaður talsmaður, hefur þess aptur á móti verið krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hennar.

Af hálfu hinnar stefndu hreppsnefndar hefur verið framlagður í málinu útdráttur úr sveitarbók hreppsins, þar sem hin umstefnda sveitarskuld er tilfærð sem sveitarstyrkur eða sveitarlán veitt áfrýjandanum á árunum 1873—76, og verður að álíta þetta nægilega sönnun fyrir skuldinni, einkum þar sem áfrýjandi ekki hefur haft á móti því, að hann muni hafa þegið sveitarstyrk þar nyrðra á umgetnu tímabili, en að eins komið fram með allsendis óákveðnar vefengingar á upphæð skuldarinnar. Aðalmótmæli sín hjer fyrir rjettinum gegn hinn umstefndu skuldakröfu byggir áfrýjandinn á því, að ákvæðið í 1. gr. laga 4. nóv. 1887 um sveitarstyrk og fúlgu, um að menn sjeu skyldir að endurborga sveitarstyrk sem aðra skuld, eigi að eins við sveitarstyrk, sem þeginn sje eptir að lög þessi komu til; en yfirdómurinn verður að vera undirdómaranum samdóma um, að eptir orðalagi tjeðs lagaákvæðis sje ekki heimild til að leggja svo takmarkaðan skilning í það, heldur nái það einnig til óendurgoldins sveitarstyrks, sem veittur hefur verið áður en lögin öðluðust gildi og því einnig til sveitarskuldar þeirrar, er hjer er umræðuefnið.

Það ber því, eins og undirdómarinn hefur gjört, að dæma áfrýjandann til að greiða hina umstefndu skuld að öllu leyti, og með því að yfirdómurinn fellst einnig á málskostnaðarákvæði undirdómsins, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í heild sinni. Sem málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hinnar stefndu ber áfrýjanda að greiða 15 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Málsfærslan af hendi hins skipaða talsmanns hreppsnefndarinnar hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Áfrýjandinn greiði sem málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns stefndu, yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar 15 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 42/1892: Bóksali Kristján Ó. Þorgrímsson gegn Lárusi Bjarnason fyrir hönd S. Friedlænders.

Dómur:

Í hjeraði var mál þetta höfðað af yfirrjettarmálaflutningsmanni Lárusi Bjarnason fyrir hönd verzlunarhússins S. Friedlænders í Kaupmannahöfn gegn bóksala og kaupmanni Kristjáni Ó. Þorgrímssyni í Reykjavík út af viðskiptaskuld, að upphæð kr. 550,16 aur., og var sökin dæmd í bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar 15. sept. f. á. á þá leið, að áfrýjandi skyldi greiða hinum stefnda af hinni umstefndu skuld 407 kr. 8 aur. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefur nefndur Kristján Ó. Þorgrímsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 7. okt. f. á. og gjört þær rjettarkröfur hjer fyrir rjettinum, *principaliter* að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og að honum verði

tildæmdur málskostnaður fyrir báðum rjettum með 50 kr. eða eptir mati þessa rjettar, og *in subsidium*, að frá hinni umstefndu skuldarupphæð (o: 550 kr. 16 aur.) verði dregnar 362 kr. 22 aur., og að honum þá verði tildæmdur málskostnaður fyrir báðum rjettum skaðlaust eða eptir mati yfirdómsins. Á hins bóginn hefur hinn stefndi Lárus Bjarnason krafizt þesss *principaliter*, að málinu verði vísað frá yfirdómi og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda hæfilega upphæð í kost og tæring, *og in subsidium*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með nægilegri upphæð. Auk þess hefur hann krafizt þess, að aðdróttun af hálfu áfrýjanda um það, að höfuðbækur S. Friedlænders hafi verið falsaðar, verði dæmd dauð og marklaus og áfrýjandinn sektaður hæfilega fyrir hana.

Frávísunarkröfu sína byggir hinn stefndi Lárus Bjarnason á því, að þó að honum með umboði frá S. Friedlænder útgefnu 23. febr. f. á., hafi verið á hendur falið að innheimta hjá áfrýjanda skuld þá, sem er sakarefni, þá verði honum þó eigi stefnt sem eiginlegum málsparti til þess að svara til sakarinnar fyrir yfirrjettinum, þar sem hann að eins hafi haft innheimtuumboð fyrir S. Friedlænder, sem hann hafi afsalað sjer, þegar undirrjettardómur var genginn í málinu. Með áðurnefndu umboðsskjali, dags. 23. febr. f. á., fól S. Friedlænder Lárusi Bjarnason á hendur að innheimta skuld sína hjá áfrýjanda, þannig, að allt sem hann gjörði í því efni, skyldi vera skuldbindandi fyrir umbjóðanda, og í hinum áfrýjaða dómi er svo kveðið á, að áfrýjandi skuli greiða stefnda fyrir hönd S. Friedlænders tilgreinda upphæð, og er stefndi þannig dómhafi í málinu, og virðist þar af leiða,

að áfrýjanda hafi verið heimilt, að stefna honum fyrir hönd S. Friedlænders undir áfrýjun málsins, en á þá leið verður að skilja áfrýjunarstefnuna, og breytir það eigi stöðu áfrýjanda í þessu efni, þótt S. Friedlænder hafi fengið öðrum manni umboð í þessu skuldamáli eptir að málið var dæmt í undirrjettinum. Áminnzt frávísunarkrafa hins stefnda verður því ekki tekin til greina.

Skuldakrafa hins stefnda á hendur áfrýjanda stafar af verzlunarviðskiptum þeirra á árunum 1878—1887, en ár þessi fjekk áfrýjandi hjá stefnda pappír og önnur ritföng. Eptir því sem fram er komið í málinu hefur áfrýjandi fengið skrár og reikninga yfir þessar vörur jafnótt og hann fjekk þær sendar, en aðfinnslur við reikningana verður eigi, eptir málsfærslu hans fyrir undirdómi, álitið að hann hafi komið fram með fyr en undir rekstri þessa máls, og verður ekki tekið tillit til þess, þó hann hafi viljað halda öðru fram fyrir yfirdóminum. Af þessu leiðir það, að eigi verður tekin til greina krafa áfrýjanda um, að hann verði algjört sýknaður í málinu fyrir þá skuld, að hinn framlagði aðalreikningur stefnda sje eigi nægilega sundurliðaður, enda er bætt úr þessu til fullnustu með vöruskrám þeim frá stefnda, sem áfrýjandi sjálfur hefur lagt fram í málinu. Þá getur áfrýjandi eigi heldur krafizt sýknunar í málinu fyrir þá skuld, að 2 af verzlunarbókum stefnda, sem viðskiptareikningarnir eru ritaðir eptir, hafi eigi verið löglega gegnumdregnar og innsiglaðar. Yfir höfuð verður þessum almennu mótmælum áfrýjanda gegn skuldakröfu stefnda eigi gaumur gefinn með tilliti til þess, að hann hefur viðurkennt, að hann hafi haft mikil verzlunarviðskipti við stefnda um langt árabil, að hann

hafi jafnaðarlega staðið í skuld við hann, og að þessu hafi verið þannig varið, þegar þeir hættu viðskipunum, sbr. brjef hans til stefnda 21. okt. 1888.

Áfrýjandi hefur í vörn sinni fyrir undirrjettinum í þessu máli meðal annars gjört eptirfylgjandi útásetningar við reikninga stefnda og ítrekar þær nú fyrir yfirdóminum, með því að undirdómarinn eigi tók þær til greina.

1. Hinn 26. og 27. febr. 1879 eru honum á vöruskrá færðir til reiknings 46 prótokollar í folío og kvart, sem hann þykist aldrei hafa fengið. Andvirði þeirra er talið 115 kr., sem hann krefst, að dregið verði frá hinni umstefndu skuld.

2. Hinn 3. okt. 1882 sjeu honum á vöruskrá færð til reiknings 250 st. af óstrykuðum pappír í 8 blaðabroti, en hann hafi þá að eins fengið 150 st.; sje þessi póstur oftalinn til útgjalda með 24 kr.

3. Á sömu vöruskrá sje honum fært til reiknings »1 St. Beskærerhövl með 2 Tunger«, sem hann hafi aldrei fengið. Verðið 13 kr. 50 a. krefst hann að dregið verði frá skuldarupphæðinni, sem hann er krafinn um.

4. Í reikningi 6. nóv. 1883 sjeu honum færð til skuldar »2 Ris Bicube« strykuð með 20 kr. Þennan pappír hafi hann aldrei fengið, og krefst hann því að verða losaður við að greiða tjeðar 20 kr.

5. Loksins sjeu honum hinn 26. febr. 1885 færð til skuldar »20 Gros Staalpenne« á 20 kr., og »18 Gros Owlpenne« á 27 kr., er hann hafi aldrei fengið, og neitar hann því að borga þessar samtals 47 kr.

Frekari aðfinnslur við einstaka liði viðskiptareikningsins, en nú hafa verið taldar, hafa eigi – auk

þeirra, sem teknar eru til greina í undirrjettardóminum — komið fram af hálfu áfrýjanda, og geta nefndar aðfinnslur eigi að áliti rjettarins tekizt til greina, eins og málið nú liggur fyrir. Það er eigi ástæða til að efa það, að allar ofantaldar vörur hafi staðið á vöruskrám þeim, sem áfrýjandi fjekk frá hinum stefnda, eins og sannað er um flestar þeirra með hinum framlögðu vöruskrám. Áfrýjanda var skylt að tjá hinum stefnda vöntun vörunnar, undir eins og hann varð áskynja um það, og þar sem hann eigi hefur haldið því fram nægilega, að hann hafi gjört það, — en stefndi hefur skýlaust neitað því, að hann hafi fengið nokkrar umkvartanir í þá átt, eða yfir höfuð fengið nokkrar útásetningar á reikningana, fyr en mál þetta var höfðað, löngu eptir að viðskipti málsaðila voru hætt — verður að líta svo á, að stefndi hafi sent áfrýjanda umræddar vörur og að áfrýjandi hafi á sínum tíma í raun og veru meðtekið þær. Fyrir því verður varakrafa áfrýjanda eigi tekin til greina, og ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, einnig að því er málskostnaðarákvæði hans snertir. Það er eigi ástæða til þess að sekta áfrýjanda eptir kröfu stefnda fyrir meiðandi aðdróttun, nje til þess að dæma umrædda aðdróttun ómerka, með því að hún hefur eigi komið fram á þann hátt, að hún geti talizt meiðandi. Eptir þessum úrslitum málsins þykir rjett, að áfrýjandi greiði stefnda sem málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Sem málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýj-

andinn, Kristján Ó. Þorgrímsson, hinum stefnda, Lárusi Bjarnason fyrir hönd S. Friedlænders, 30 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 14. ágústmánaðar.

Nr. 4/1893: Vigfús Þórarinsson
gegn
hreppsnefndum Hvamms- og Dyrhólahreppa í Vestur-Skaptafellssýslu.

Dómur:

Mál þetta höfðuðu í hjeraði hreppsnefndirnar í Hvamms- og Dyrhólahreppum í Skaptafellssýslu, er Dyrhólahreppi hinum forna hefur verið skipt í, gegn áfrýjandanum Vigfúsi bónda Þórarinssyni á Ytri-Sólheimum til að fá hann skyldaðan til að greiða sjer meðal annars eptirgjald eptir 5 hndr. f. m. í Ytri-Sólheimum frá fardögum 1879 til fardaga 1891, en jarðarhundruð þessi hafði eigandinn Sveinn Árnason fengið hreppsnefndunum til umráða, er hann fluttist burtu úr hreppnum, svo sem með lageða framfærslustyrk með konu hans, Margrjeti Berentsdóttur, er hann skildi þar eptir. Málið var dæmt í aukarjetti Skaptafellssýslu 18. ágústmán. f. á. þannig, að áfrýjandinn var skyldaður til að greiða hinum stefndu afgjald af umræddum jarðarparti fyrir greind ár, 174 kr. 59 a., og árlegt fjöruféður svo nefnt, eða eptirgjald eptir fjöruna að rjettri tiltölu fyrir sama tíma, eptir mati óvilhallra dómkvaddra manna, en að

öðru leyti skyldi hann vera sýkn af kröfum hreppsnefndanna. Í gagnsóknarmáli, er áfrýjandinn jafnframt hafði höfðað til þess að fá hreppsnefndirnar skyldaðar til að greiða sjer meðlag með fyrnefndri Margrjeti Berentsdóttur um 7 ára tíma, er hann taldi hana hafa dvalið hjá sjer, 390 kr., voru hreppsnefndirnar sýknaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefur nú Vigfús Þórarinsson áfrýjað til yfirdómsins og krafizt þess, að hreppsnefndirnar verði skyldaðar til að greiða honum 390 kr. sem meðlag með fyrnefndri Margrjeti ásamt 5% vöxtum frá gagnkærudegi til borgunardags, hvorttveggja að frádregnu afgjaldi af 5 hndr. í Ytri-Sólheimum fyrir árin 1879—91, svo og allan málskostnað fyrir báðum rjettum. Hinar stefndu hreppsnefndir, sem hafa fengið gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaðan málflutningsmann, hafa aptur á móti krafizt þess *fyrst og fremst*, að málinu verði vísað frá yfirdómi og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað allan, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns þeirra hjer fyrir rjettinum. *Til vara* hafa þær krafizt staðfestingar dómsins og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim allan málskostnað, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns þeirra.

Frávísunarkröfu sína byggja hinar stefndu hreppsnefndir, eða hinn skipaði talsmaður þeirra á því, *að* vottorð sýslumanns vanti um það, að þeir menn, er birt hafi yfirdómsstefnuna, sjeu eiðsvarnir stefnuvottar í hlutaðeigandi hreppi, *að* vissu vanti fyrir því, að stefnan sje birt öllum eða nægilega mörgum hreppsnefndarmönnum, og að þeir, er birt hafi stefnuna, hafi eigi í vottorði sínu skýrskotað til áður unninna eiða. En þar

sem því alls eigi er neitað af hálfu hinna stefndu, að þeim hafi verið birt yfirdómsstefnan að öllu leyti löglega, enda hafa þeir látið mæta fyrir yfirdóminum í máli þessu, þá verður frávísunarkröfu þessari eigi gaumur gefinn.

Eins og málið liggur fyrir yfirdóminum er engin vefenging á því frá hálfu áfrýjanda, að hinar stefndu hreppsnefndir hafi haft afnota- og umráðarjett yfir þeim 5 hndr. f. m. í jörðinni Ytri-Sólheimum, er ræðir um í málinu, og að þeim hafi því borið afgjald það eptir hundruð þessi fyrir árin 1879—91, er áfrýjandi hafði ábúð á þeim, er undirdómurinn hefur dæmt þeim, og hefur áfrýjandi eigi sjerstaklega fundið neitt að upphæð tjeðrar afgjaldskröfu. Ákvæði undirdómsins um afgjald af jarðarhundruðunum, þar með talið eptirgjaldið eptir fjöruna, fjörufóðrið, verða því að standa óhöggvið. Hinsvegar hefur áfrýjandinn haldið fram fyrir yfirdóminum kröfu sinni í gagnsókninni fyrir undirrjettinum um 390 kr. meðlag úr hreppssjóði með Margrjeti Berentsdóttur fyrir 7 ára tíma, er hún hafi dvalið hjá honum. Hinar stefndu hreppsnefndir hafa neitað því að það hafi verið að ráðstöfun þeirra, að Margrjet dvaldi hjá áfrýjandanum umræddan 7 ára tíma, og með því að áfrýjandi hefur eigi gegn þeirri neitun sannað, að svo hafi verið, eða fært á annan hátt næg rök fyrir því, að hreppunum beri að greiða honum greint meðlag eða endurgjald, þá verður þessi krafa hans eigi tekin til greina.

Samkvæmt þessu, og þar sem ekkert er að athuga við málskostnaðarákvæði undirdómsins, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í heild sinni. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir og eptir atvikum mega falla niður.

Hinum skipaða talsmanni hinna stefndu hreppsnefnda ber í málflutningslaun fyrir yfirdómi 15 kr., er greiðist honum af almannafje, og vottast að málsfærslan af hans hendi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða aukarjettardómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður. Hinum skipaða talsmanni hreppsnefndanna, cand. jur. Hannesi Thorsteinson, greiðast í málsfærslulaun af almannafje 15 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 21. ágústmánaðar.

Nr. 27/1893: Rjettvísin gegn Tómasi Tómassyni.

Úrskurður:

Áður en fullnaðardómur verði lagður á þetta mál, virðist nauðsyn til bera, að hjeraðsdómarinn útvegi þær ýtarlegri skýrslur, er nú skal greina:

1. Hvort hinn ákærði í rjettarhöldunum 4. febr. 1891 hafi mætt sem sakborningur eða vitni, eða hvorttveggja.
2. Hve lengi hann hafi verið í gæzluvarðhaldi og hversvegna.
3. Hvort hann hafi í upphafi verið krafinn andsvara

um fjöruferðir hans einslega eða fyrir rjetti, og hvar það hafi verið.

4. Hvort ákærði á jörð þá, sem hann býr á og fjöruna (sem henni fylgir).
5. Ber nákvæmlega að yfirheyra og fá skýrslu ákærða um, hvað það sje, sem hann telur afbakað og ósatt í dóminum, sem birtur var honum 20. febr. þ. á. — en því hefur hann lýst yfir í skjali, sem lagt hefur verið fram í yfirdómi.
6. Hvort ákærði hafi verið kallaður út að Þorvaldseyri 28. júlí 1892 til þess að verja sig, ef hann vildi, en ekki haft kost á því, af því að dómarinn hafi talið sig ekki hafa tíma, og hvort það sje satt, sem hann hefur fráskýrt í brjefi til amtsins 20. apríl þ. á., sem lagt er fram fyrir yfirdómi, að hann ekki seinna hafi átt kost á að verja sig, áður dómur var uppkveðinn.
7. Svo ber hjeraðsdómaranum að útvega aðrar sjerhverjar þær skýrslur og sannanir, sem hinar framan heimtuðu skýrslur kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Hjeraðsdómaranum ber að útvega skýrslur þær, sem að framan umgetur, svo fljótt og svo nákvæmar, sem verða má.

Mánudaginn 28. ágústmánaðar.

Nr. 7/1893: Skúli Thoroddsen
gegn
Þorvaldi Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta hefur hinn stefndi, hjeraðslæknir Þorvaldur Jónsson á Ísafirði, höfðað gegn áfrýjandanum, sýslumanni Skúla Thoroddsen fyrir að áfrýjandi hafi í áheyrn nokkurra manna dróttað því að honum (stefnda), að hann hafi gjört tilraun til þess að fá mann, sem stefndur var fyrir rjett sem vitni, til þess að bera ósatt fyrir rjetti, og auk þess borið á sig annan óhróður. Málið var dæmt í aukarjetti Ísafjarðarkaupstaðar 12. jan. þ. á., á þá leið, að Skúli Thoroddsen var dæmdur í 50 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara í 15 daga einfalt fangelsi, fyrir að hafa dróttað því að stefnda, að hann hafi komið vitni til að bera ósatt fyrir rjetti, eða að minnsta kosti gjört tilraun til þess, en fyrir annan áburð var hann ekki dæmdur. Tjeð ummæli voru dæmd dauð og ómerk, og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 10 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ásamt 5 úrskurðum, sem upp voru kveðnir undir rekstri málsins, einn 12. nóv. f. á., þrír 30. s. m. og einn 3. desbr. f. á., hefur Skúli Thoroddsen áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dags. 16. marz þ. á., og hefur hann krafizt þess *principaliter*, að úrskurðirnir og dómurinn í málinu verði úr gildi felldir, og sökinni vísað heim aptur til löglegri meðferðar og nýrrar dómsáleggingar, og *in subsidium*, að hann verði dæmdur algjörlega sýkn í málinu. Svo hefur hann og krafizt þess, að stefndi verði, hvernig sem málið fer

dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum. Hinn stefndi Þorvaldur læknir Jónsson hefur aptur krafizt þess af sinni hálfu, að undirrjettardómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með 50 kr., eða nægilegri upphæð.

Að því er ómerkingarkröfu áfrýjanda snertir, skal þess fyrst getið, að hann hefur í sókn sinni fallið frá kröfunni um ómerkingu úrskurðanna, sem upp voru kveðnir í aukarjettinum 30. nóv. f. á. Koma því að eins til álita úrskurðirnir frá 12. nóv. og 3. desbr. f. á. Með hinum fyrnefnda úrskurðinum neitaði undirdómarinn að víkja úr dómarasæti eptir kröfu áfrýjandans, en kröfu þessa byggði áfrýjandi á því, að dómarinn væri »interesseraður« í úrslitum málsins, með því að áfrýjandi með kæru til sáttanefndar hefði hafið málsókn gegn honum út af því, að einmitt hann hefði borið stefnda Þorvaldi Jónssyni þau ósannindi um sig, sem eru rót þessa meiðyrðamáls. Það er nú eigi sannað í málinu, að undirdómarinn hafi á nokkurn hátt verið viðriðinn það, svo að honum hafi verið skylt að víkja sæti í því, og sjerstaklega gat það atvik, að áfrýjandi kallaði dómarann fyrir sáttanefnd, eins og hann skýrir frá, eigi gjört hann óbæran til að dæma fyrirliggjandi meiðyrðamál. Umræddur úrskurður verður því eigi felldur úr gildi. Með hinum úrskurðinum, sem er undir áfrýjun, og upp var kveðinn 3. desbr. f. á., neitaði dómarinn áfrýjanda um 4 mánaða frest, sem hann hafði beðið um til þess að leiða vitni. Með því að áfrýjandi eigi hefur leitt nægileg rök að því, að hann hafi þurft svo langan frest, og hann á hinn bóginn eigi bað um skemmri frest til vara, en frestveitingunni var mótmælt af hinum málsaðilanum, verður það að álítast

rjett, að dómarinn neitaði honum um hinn umbeðna frest. Samkvæmt þessu verður ómerkingarkrafa áfrýjanda eigi tekin til greina.

Að því er sjálft efni sakarinnar snertir, hafa 2 vitni borið það í málinu hjer um bil samhljóða, að þau hafi heyrt áfrýjanda segja, að það væri ástæða til að ætla, eða að hann væri hræddur um, að stefndi kynni að hafa »grautað« í eða ef til vill mundi »grauta« í manni einum nafngreindum, milli þess, sem hann var leiddur sem vitni í máli móti áfrýjanda. Að vísu ber vitnunum eigi nákvæmlega saman um það, hvernig orðin hafi fallið, en þó að áfrýjandi hafi komizt þannig að orði um stefnda, eins og hjer er frá skýrt, verður eigi álitið, að hann hafi borið honum á brýn, að hann hafi tælt eða mundi tæla vitni til að gefa ranga skýrslu fyrir rjetti, eða dróttað að honum öðrum verknaði eða athæfi, sem saknæmt er að lögum eða sem hlyti að verða borgaralegri virðingu hans til hnekkis, eða viðhaft um hann saknæm móðgunarorð, og verður því að sýkna áfrýjanda í máli þessu, en eptir málavöxtum þykir rjett, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, Skúli Thoroddsen, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Þorvaldar Jónssonar, í máli þessu. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Mánudaginn 11. septembermánaðar.

Nr. 1/1893: Árni Gíslason sem eigandi Holts í Mýrdal
gegn
Þórarni presti Þórarinssyni sem umráðamanni prestssetursins Fells.

Dómur:

Mál þetta, sem er út af ágreiningi um landamerki milli prestssetursins Fells í Mýrdal og bændajarðarinnar Holts sama staðar, var dæmt í landamerkjadómi Skaptafellssýslu 29. júní f. á. þannig, að landamerki milli greindra jarða skyldu vera þessi: Úr Stóru-Kringlu beina sjónhending yfir markstein við »Landadýið« fyrir austan Fellsrjett, hið næsta fjallinu, í markstein á mýrarjaðrinum fram við aurinn, úr þessum markstein bein lína suður og fram aurinn til þess er hornið á Máfadrang sjest undan Skeiðflatarhlíðinni og innri brún Hrosshamra undan Kristínarkletti. Að öðru leyti skyldi málinu vísað frá dómi. Málskostnaður skyldi falla niður, en dagpeningar meðdómenda, 51 kr., og málflutningslaun hins skipaða sækjanda af hálfu Fells, 25 kr., greiðast úr opinberum sjóði.

Dómi þessum hefur eigandi Holts, fyrverandi sýslumaður Árni Gíslason í Krísuvík, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. jan. þ. á., og krafizt þess, að hann verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim til nýrrar og löglegri dómsáleggingar, og að sjer verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum rjettum eptir mati rjettarins. Af hálfu stefnda, sem hefur fengið gjafvörn og skipaðan talsmann hjer fyrir rjettinum, hefur þess apt-

ur á móti verið krafizt fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá yfirdómi, en til vara að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir undir- og yfirrjetti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, og að hinum skipaða talsmanni stefnda verði dæmd hæfileg málsfærslulaun.

Frávísunarkröfu sína byggir stefndi á því, að afstöðuuppdráttur sá yfir prætulandið, er fram er kominn í málinu, sje svo ónákvæmur, að ekkert gagn sje að honum; en þar sem yfirdómurinn getur lagt dóm á málið, eins og það liggur fyrir, án tillits til þess, þótt einhverjir gallar, sem stefndi hefur þó eigi tilgreint, kynnu að vera á uppdrættinum, þá verður þessi frávísunarkrafa eigi tekin til greina.

Landamerkjadómurinn hefur eigi álitið, að fram væri komið af hálfu hvorugs málsaðila neitt það, er talið yrði lögfull sönnun fyrir landamerkjum eða lögmæt heimildarskilríki fyrir hinu umþrætta landi, og hefur hann því ákveðið merkin eptir líkum og því, er honum hefur þótt landslag og staðhættir helzt benda til. Allt fyrir það fram komu fyrir merkjadóminum af hálfu áfrýjanda skilríki fyrir því, að með yfirrjettardómi 7. október 1867 hefur verið lagður dómur á landaþrætu milli þessara hinna sömu jarða, og snertandi einmitt þetta sama þrætuland, og var þá eigandi Holts dæmdur frí fyrir kærum og kröfum hlutaðeigandi prests sem umráðamanns Fells, en skilríkjum þessum var enginn gaumur gefinn af merkjadóminum og engin þýðing lögð í þau. Þar sem nú landamerkjadómurinn eigi hefur tekið neitt tillit til nefnds yfirrjettardóms, sem áður er genginn um eignarrjettinn að hinu sama þrætulandi, sem hjer er spurning um, og sem eigi sjest að hafa

verið felldur úr gildi af æðra dómi, þá verður að álíta, að hann hafi gjörzt sekur í lögleysu að efni til í dómi sínum, og ber því samkvæmt kröfu áfrýjandans að dæma hinn áfrýjaða dóm ómerkan og að vísa málinu heim aptur. Málskostnaður virðist eptir atvikum mega falla niður. Hinum skipaða talsmanni stefnda verða eigi eptir úrslitum málsins dæmd nein málsfærslulaun, en það vottast, að málsfærslan af hans hendi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim aptur. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. októbermánaðar.

Nr. 37/1893: Rjettvísin gegn Guðmundi Þórðarsyni.

Dómur:

Í máli þessu, sem höfðað var í hjeraði gegn hinum ákærða Guðmundi Þórðarsyni, vinnumanni á Ytri-Hrafnabjörgum í Hörðudalshreppi í Dalasýslu, fyrir tilraun til sauðaþjófnaðar, var ákærði með aukarjettardómi Dalasýslu, uppkveðnum 4. apríl þ. á., dæmdur sýkn fyrir kæru rjettvísinnar í málinu, en skyldaður til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað. En dómi þessum hefur af hálfu hins opinbera verið skotið til yfirdómsins.

Eptir skýrslu ákærða sjálfs, sem í öllum aðalatriðum verður að byggja á, eru málavextir þeir, er nú skal greina: Í fyrra haust kom vinnumaður á Fremri-Hrafnabjörgum með tvær kindur, hvítt hrútlamb og mórauða gimbur, úr fyrstu Skarðsrjett og rak þær heim að Fremri-Hrafnabjörgum, af því að hann hjelt að ákærði ætti þær, og var ákærða sagt til þeirra þegar í stað. Kom hann svo morguninn eptir að Fremri-Hrafnabjörgum og voru honum sýndar kindurnar, en þó að hann sæi þegar í stað, að hann gat ekki átt þær, þá hornmarkaði hann þær með marki sínu — en þær voru eyrnamarkaðar undir — og minntist þó ekkert á það við þá, er sýndu honum kindurnar, að hann ætti þær ekki. Mörkunina þykist hann í málinu ýmist hafa gjört af fljótfærni og óaðgætni, eða til að greiða fyrir kindunum til eigandans. Ekki tók ákærði kindurnar heim með sjer eptir þetta, heldur voru þær látnar fylgja öðru fje, sem þar var, fram á dal. Daginn eptir var leitað til 2. rjettar og var ákærði í leitinni og sá þá þessar 2 kindur. Voru þær þá með fjenu reknar í Seljalandsrjett og tálgaði ákærði þar eða reyndi að tálga hornmarkið af hrútlambinu. Var hann spurður þar í rjettinni, hvort hann ætlaði eigi að draga sjer kindurnar, en hann kvað nei við og sagðist ekki eiga þær, og ljet þær ganga með öðrum úrtíning til aðalrjettarinnar. Meira virðist ákærði ekki hafa skipt sjer af kindum þessum, sem komu í hendur rjettum eiganda skömmu síðar, en þegar fór að kvisast um mörkunina, og að hann hefði ætlað að stela kindunum, fjekk hann bróður sinn til að fara á fund eigandans til að friðmælast við hann eða bjóða honum gjald fyrir að málinu yrði ekki hreift.

Þó að ákærði hafi stöðugt neitað því, að hann hafi ætlað sjer að kasta eign sinni á ofannefndar kindur, sem hann vissi, að hann ekki átti, þá verður þó fyrrgreind mörkun hans á þeim undir sitt mark eigi skoðuð öðruvísi en sem tilraun í þá átt, en þar sem hann virðist hafa hætt við þessa tilraun af sjálfsdáðum, verður honum þó eigi hegnt fyrir greint athæfi sitt, sbr. 46. gr. almennra hegningarlaga, 2. málslið. Það ber því að sýkna ákærða fyrir ákæru sóknarans í máli þessu, en rjett þykir þó eptir atvikum, að hann greiði kostnað þann, er af málinu hefur leitt, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Guðmundur Þórðarson á að vera sýkn fyrir ákæru sóknarans í máli þessu, þó svo, að hann greiði allan af málinu í hjeraði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 13. nóvembermánaðar.

Nr. 29/1893: Hannes Þorsteinsson
gegn
E. Egilsson fyrir hönd agents
B. L. Baldwinssonar.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar af E. Egilsson fyrir hönd agents Baldwins L. Baldwinssonar gegn ritstjóra Hannesi Þorsteinssyni út af ummælum í blaði hans »Þjóðólfi«, er Baldwin taldi meiðandi fyrir sig, og var það dæmt í nefndum rjetti 29. júnímánaðar þ. á. með þeim úrslitum, að Hannes Þorsteinsson var dæmdur í 20 kr. sekt til landssjóðs — til vara 6 daga einfalt fangelsi — og til að greiða málskostnað með 15 kr. Svo voru og hin átöldu ummæli dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hefur Hannes Þorsteinsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 20. júlí þ. á. og krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og honum breytt þannig, að hann verði dæmdur sýkn af öllum kærum og kröfum stefnda í máli þessu, og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum allan af málinu leiðandi kostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi. Hinsvegar hefur hinn stefndi krafizt hins sama og fyrir bæjarþingsrjettinum, sem sje:

að hin uppástefndu ummæli áfrýjanda verði dæmd dauð og marklaus,

að áfrýjandi verði sektaður fyrir þau eptir laganna ýtrasta strangleika, og

að áfrýjandi verði dæmdur til að borga allan af máli

þessu leiddan og leiðandi kostnað skaðlaust eptir rjettarins mati.

Þess skal þegar getið, að með því að stefndi ekki hefur gagnáfrýjað málinu, verður að líta svo á, að krafa hans sje sú, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur; svo hefur hann og krafizt, að áfrýjandi greiða stefnda málskostnað einnig fyrir yfirdómi, eins og líka, að mótparturinn verði sektaður fyrir að hafa í sóknarskjali sínu fyrir yfirdómi viðhaft orðið »flakk« um ferðalag agentanna, og það dæmt dautt og marklaust.

Hin átöldu orð og ummæli eru prentuð í 12. tölublaði 45. árg. »Þjóðólfs» 17. marz 1893 í athugagrein ritstjórans (áfrýjanda) við grein B. L. Baldwinssonar agents, sem nefnist «Nokkur ávarpsorð frá Baldwin«, og eru þau orð, sem stefndi telur meiðandi fyrir sig. þessi: »til að narra fólk hjeðan vestur á eyðisljettur Kanada, þar sem »allt brennur og frýs«,« í sambandi við athugagreinina í heild sinni, sjerstaklega þessi orð: »dirfumst vjer að segja að þar kom fyllilega í ljós almennur vilji í því að sýna agentunum alvarlega fram á, hversu starfsemi þeirra hjer á landi væri vel þokkuð, og hvert þakklæti þeir ættu skilið fyrir hinar vesturheimsku »humbugs«-prjedikanir, er þeir hafa flutt svo að segja í hverjum krók og kima hjer á landi, (til að narra fólk hjeðan etc.).

Orð þau, sem stefndi einkum og sjer í lagi telur meiðandi fyrir sig, eru »til að narra« í sambandi við áður umgetin ummæli. Orðin »að narra til« eru út af fyrir sig ekki meiðandi; þau þýða alls ekki sama og að »fleka til«, heldur sama og að »fá« eða »lokka til«, en sjeu þau viðhöfð í því sambandi, að tilgreind eru þau meðul, sem viðhöfð eru til að narra, og þau eru

þess eðlis, að aðdróttun um að nota þau verður að teljast meiðandi, þá er öðru máli að gegna. Í grein þeirri, sem hjer er um að ræða, eru meðal þessi nefnd »humbugs«-prjedikanir. En þetta orð verður eptir atvikum og eptir sambandinu ekki skoðað sem meiðandi, því það er einungis lýsing og aðfinnsla (kritik) á fyrirlestrum agentanna, og sem ekki segist á, þegar hún ekki kemur fram í óvirðandi eða móðgandi búningi. Það ber því að sýkna áfrýjanda af kærum og kröfum stefnda í þessu máli. Krafa stefnda um að sekta málaflutningsmann áfrýjanda fyrir að hafa viðhaft orðið »flakk« um ferðalag agentanna og um ómerking á því orði verður eptir atvikum ekki tekin til greina. Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, ritstjóri Hannes Þorsteinsson á að vera sýkn af kærum og kröfum stefnda E. Egilsson fyrir hönd Baldwins L. Baldwinssonar í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Nr. 30/1893: Hannes Þorsteinsson
gegn
E. Egilsson fyrir hönd Sigurðar Kristóferssonar.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði fyrir bæjarþingsrjetti

Reykjavíkur kaupstaðar af E. Egilsson fyrir hönd agents Sigurðar Kristóferssonar gegn ritstjóra Hannesi Þorsteinssyni út af ummælum í blaði hans »Þjóðólfi«, er Sigurður taldi meiðandi fyrir sig, og var það dæmt í nefndum rjetti 29. júnímán. þ. á. með þeim úrslitum, að Hannes Þorsteinsson var dæmdur í 20 króna sekt til landssjóðs — til vara 6 daga einfalt fangelsi — og til að greiða málskostnað með 15 krónum. Svo voru og hin átöldu ummæli dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hefur Hannes Þorsteinsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 20. júlí þ. á. og krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og honum breytt þannig, að hann verði dæmdur sýkn af öllum kærum og kröfum stefnda í máli þessu, og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum allan af málinu leiðandi kostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi. Hinsvegar hefur hinn stefndi krafizt hins sama og fyrir bæjarþingsrjettinum, sem sje:

að hin uppástefndu ummæli áfrýjanda verði dæmd dauð og marklaus,

að áfrýjandi verði sektaður fyrir þau eptir laganna ýtrasta strangleika, og

að áfrýjandi verði dæmdur til að borga allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað skaðlaust eptir rjettarins mati.

Þess skal þegar getið, að með því að stefndi ekki hefur gagnáfrýjað málinu, verður að líta svo á, að krafa hans sje sú, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur; svo hefur hann og krafizt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað einnig fyrir yfirdómi.

Hin átöldu orð og ummæli eru prentuð í 12. tölublaði 45. árg. »Þjóðólfs« 17. marz 1893, í athugagrein

ritstjórans (áfrýjanda) við grein B. L. Baldwinssonar agents, sem nefnist: »Nokkur ávarpsorð frá Baldwin«, og eru þau orð, sem stefndi telur meiðandi fyrir sig, þessi: »til að narra fólk hjeðan vestur á eyðisljettur Kanada, þar sem »allt brennur og frýs í sambandi við athugagreinina í heild sinni, sjerstaklega þessi orð: »dirfumst vjer að segja, að þar kom fyllilega í ljós almennur vilji í því, að sýna agentunum alvarlega fram á, hversu starfsemi þeirra hjer á landi væri vel þokkuð, og hvert þakklæti þeir ættu skilið fyrir hinar vesturheimsku »humbugs«prjedikanir, er þeir hafa flutt svo að segja í hverjum krók og kima hjer á landi, (til að narra fólk hjeðan etc).

Orð þau, sem stefndi einkum og sjer í lagi telur meiðandi fyrir sig, eru: *„til að narra“* í sambandi við áður umgetin ummæli. Orðin »að narra til« eru út af fyrir sig ekki meiðandi; þau þýða alls ekki sama og að »fleka til«, heldur sama og að »fá« eða »lokka til«; en sjeu þau viðhöfð í því sambandi, að tilgreind eru þau meðul, sem viðhöfð eru til að narra, og þau eru þess eðlis, að aðdróttun um að nota þau verður að teljast meiðandi, þá er öðru máli að gegna. Í grein þeirri, sem hjer er um að ræða, eru meðul þessi nefnd »húmbugs«-prjedikanir. En þetta orð verður eptir atvikum og eptir sambandinu ekki skoðað sem meiðandi, því það er einungis lýsing og aðfinnsla (kritik) á fyrirlestrum agentanna, og sem ekki segist á þegar hún ekki kemur fram í óvirðandi eða móðgandi búningi.

Það ber því að sýkna áfrýjanda af kærum og kröfum stefnda í þessu máli Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, ritstjóri Hannes Þorsteinsson, á að vera sýkn af kærum og kröfum stefnda E. Egilsson fyrir hönd Sigurðar agents Kristóferssonar í þessu máli. Málskostnaður falli niður.

Nr. 22/1893: Guðmundur Símonarson gegn Sigurd Johansen.

Dómur:

Með skuldabrjefi, dags. 26 ágústmán. f. á. útgaf áfrýjandinn tómthúsmaður Guðmundur Símonarson á Hrólfi í Seyðisfirði viðurkenningu fyrir því, að hann skuldaði við verzlun stefnda, kaupmanns Sigurd Johansens á Seyðisfirði »nál. 1600 kr.«, er hann skuldbatt sig til að borga fyrir 10. októbermánaðar s. á., og jafnframt veðsetti hann stefnda fyrir skuldinni með fyrsta veðrjetti 30 skpd. af góðum og velverkuðum saltfiski, og skuldbatt sig til að svara fyrir gestarjetti Norður-Múlasýslu á Seyðisfirði, ef til málssóknar kæmi og stefndi færi fram á það. Hinn 2. desembermán. næst eptir stefndi síðan verzlunarstjóri stefnda áfrýjandanum fyrir gestarjett Norður-Múlasýslu »samkvæmt því, er hann hefði skuldbindið sig til í umræddu veðskuldabrjefi«, fyrir það, að »nálægt 10 skpd.« vantaði á, að hann hefði skilað verzluninni hinum veðsetta fiski, og stefndi hefði eigi heldur borgað andvirði þeirra á annan hátt til verzlunarinnar. Fyrir gestarjettinum lagði verzlunarstjórinn síðan fram verzlunarreikning áfrýjanda

við verzlunina, sem sýndi, að áfrýjandi skuldaði við verzlunina, þegar viðskiptunum lauk 22. septbr. f. á., 1155 kr. 38 a., en dómkrafa verzlunarstjórans, sem reyndar var nokkuð á reiki, virðist að eins hafa hljóðað upp á hin veðsettu 10 skpd. af fiski in natura eða andvirði þeirra með sama verði og áfrýjandinn fjekk við verzlunina í september f. á., en það verð var prennskonar, eptir því, hvaða tegund fiskjar var innlögð, stórfiskur, smáfiskur eða ýsa, respective 11, 10 og 9 aurar fyrir hvert pund. Málið var síðan dæmt í gestarjetti Norður-Múlasýslu 11. febr. þ. á. þannig, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda alla verzlunarskuld sína 1155 kr. 38 aur., en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum og löghaldsgjörð, framkvæmdri af fógeta Norður-Múlasýslu, eptir beiðni stefnda hjá áfrýjanda 2. marz þ. á., »til tryggingar« nefndri dómsupphæð, hefur af áfrýjanda verið skotið til yfirdómsins með stefnu 3. júní þ. á., og hefur þess verið krafizt af hans hálfu fyrst og fremst, að dómurinn verði dæmdur ómerkur sökum þess, *að* málið hafi ólöglega verið höfðað fyrir gestarjetti, *að* það hafi verið ólöglega deducerað, *að* dómarinn hafi vanrækt leiðbeiningaskyldu sína, og *að* sáttatilraun hafi eigi fram farið um kröfu þá, er dómurinn hljóðar um; en til *vara* hefur áfrýjandinn krafizt þess, að verða dæmdur algjörlega sýkn í málinu, og að stefndi verði skyldaður til að greiða sjer málskostnað fyrir báðum rjettum, en *til þrautavara*, að hann að eins verði dæmdur til að greiða stefnda 737 kr. 30 a. og að málskostnaður fyrir yfirrjetti verði sjer tildæmdur. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að dómurinn og fógetagjörðin verði staðfest og

sjer dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Það verður nú eigi álitið óheimilt málspörtunum, að koma sjer saman um gestarjettarmeðferð á málinu, þó að hin almennu skilyrði fyrir slíkri meðferð sjeu eigi fyrir hendi, og að því verður heldur eigi fundið, þó að deduction málsins hafi verið nokkuð ófullkomin hinn fyrsta fyrirtektardag málsins, því að það var með sampykki mótpartsins, að frestun fjekkst til að bæta úr því. Hvað leiðbeiningu í málinu af hendi dómarans snertir, þá virðist reyndar málið bera það með sjer, að hún hafi verið veitt af mjög svo skornum skammti, og málspartar þó þarfnast hennar mjög, en það virðist þó mega dæma málið, eins og það liggur fyrir, þrátt fyrir það. Þessar ástæður áfrýjanda fyrir ómerking dómsins verða því eigi teknar til greina, og sama er um þá ástæðu, að sáttatilraunin hafi eigi náð til þeirrar kröfu, er tekin var til greina í dóminum, þó að sú krafa sje eigi sjerstaklega tilgreind í kærunni til gestarjettarins.

Að því er aðalmálið snertir, þá getur eigi komið til mála að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda alla skuld hans samkvæmt hinum framlagða verzlunarreikningi, 1155 kr. 38 a., eins og undirdómarinn hefur gjört, þó að áfrýjandi hafi eigi haft á móti upphæð skuldarinnar, því að dómkrafa stefnda fyrir undirrjetti hljóðaði, eins og fyr er sagt, að eins um þau nálægt 10 skpd., sem ávantaði til þess að hann hefði fengið allan fiskinn, er veðsettur var upp í skuldina, eða andvirði þeirra, en þar sem á hinn bóginn hinn framlagði verzlunarreikningur ber með sjer, að áfrýjandinn átti eptir að skila af hinum veðsetta fiski 10 skpd. $1\frac{1}{2}$ pd. og áfrýjandinn hefur ekkert haft að athuga við verð það á

fiskinum, er stefndi hefur til vara krafizt að fá, en það er 11 aurar fyrir hvert pund af stórfiski, 10 aura fyrir pd. af smáfiski, og 9 a. fyrir pd. af ýsu, en þetta nemur töluvert minna en hin viðurkennda skuld áfrýjandans — þá þykir rjett að dæma áfrýjandann til að greiða stefnda þennan fisk eða andvirði hans, reiknað á greindan hátt upp í skuldina, og ber því að breyta dóminum að þessu leyti.

Að því er kemur til hinnar áfrýjuðu löghaldsgjörðar, þá ber hin framlagða rjettargjörð með sjer, að beiðzt hefur verið af fógetanum fógetagjörðar hjá áfrýjandanum til fullnægingar hjeraðsdóminum í máli þessu (þ. e. fjárnámsgjörðar), en fógetinn hefur að eins lagt löghald á ýmsar eigur reqvisiti »til tryggingar skuldinni«. Þessi fógetagjörð var því með öllu ólögleg, og verður eptir kröfu áfrýjanda að dæma hana ómerka.

Málskostnaður virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Árfrýjandinn Guðmundur Símonarson greiði stefnda kaupmanni Sigurð Johansen, 10 skpd. $1^1/_2$ pd. af góðum og velverkuðum saltfiski, eða andvirði hans reiknað á ofangreindan hátt. Hin áfrýjaða löghaldsgjörð á ómerk að vera. Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Nr. 24/1893: Ritstjóri Skapti Jósepsson
gegn
amtmanni J. Havsteen.

Dómur:

Eptir skipan landshöfðingja og að veittri gjafsókn ljet amtmaður J. Havsteen höfða mál á móti ritstjóra blaðsins »Austra«, Skapta Jósepssyni, út af meiðandi eða móðgandi ummælum í 29. tölublaði »Austra«, útkomnu 28. október 1892, í grein með inngangsorðunum »Meistara Eiríks Magnússonar málið«, og var tjeður ritstjóri með dómi aukarjettar Norður-Múlasýslu 5. maí þ. á. dæmdur til að greiða 200 kr. sekt til landssjóðs, eða sæta 60 daga einföldu fangelsi, hin átöldu meiðandi orð og ummæli dæmd dauð og marklaus, og hinn dæmdi ennfremur skyldaður að greiða allan málskostnað.

Þessum dómi hefur ritstjóri Skapti Jósepsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útg. 6. júní þ. á., ásamt úrskurði kveðnum upp undir rekstri málsins, 1. maí þ. á., með hverjum konu hans fyrir hans hönd var neitað um frest í málinu, og krafizt þess í fyrsta lagi, að tjeður úrskurður verði úr gildi felldur og honum veittur hinn umbeðni frestur, en dómurinn ásamt allri meðferð málsins eptir 1. maí þ. á. dæmdur ómerkur. Til vara hefur hann krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, eða hin ídæmda sekt lækkuð, samt að sjer undir öllum kringumstæðum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum rjettum eptir mati rjettarins.

Aptur á móti hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum allan málskostnað fyrir yfir- og

undirrjetti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hans (stefnda) fyrir yfirdóminum.

Aukarjettarstefna var sýnd áfrýjanda, þá er hann var að fara heiman frá sjer; leit hann þá fljótlega á stefnuna og sagði stefnuvottunum, að þeir skyldu birta hana fyrir konu sinni. Þá er stefnan fjell í rjett mætti hann ekki, enda var hann farinn af landi burt, og var svo málið tekið til dóms. Níu dögum síðar ritaði kona hans dómaranum og bað hann taka málið fyrir á ný, og er dómarinn tók málið upp aptur þessu samkvæmt, ljet hún umboðsmann mæta fyrir sig til að biðja um frest í málinu, þar til áfrýjandi kæmi heim aptur, er eptir áreiðanlegum frjettum eigi mundi dragast meira en vikutíma. Þessum fresti mótmælti málsfærslumaður hins stefnda, og úrskurðaði svo dómarinnar 1. maí þ. á., að hinn umbeðna frest skyldi eigi veita. Málið var svo tekið til dóms án tilsvara af hendi áfrýjanda, og dómur kveðinn upp 5. s. m.

Af hálfu stefnanda fyrir aukarjettinum kom að eins fram efasemd um, hvort kona áfrýjanda hefði umboð til, að mæta fyrir hans hönd, en engin mótmæli, hvorki gegn því, að hún ljet mæta, nje heldur því, að málið var tekið aptur fyrir eptir tilskipun 15. ágúst 1832, 9. grein.

Að vísu var nú undirdómarinn eigi skyldur til að taka málið fyrir að nýju samkvæmt 9. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832 eptir beiðni konu áfrýjanda, umboðslaust frá honum, og það því síður, sem stefnan í málinu var í raun og veru löglega birt áfrýjanda sjálfum, áður en hann fór utan, en úr því að málið var aptur komið fyrir rjettinn, og þar sem umboðsmaður stefnda eigi

mótmælti fyrirtekt þess af nýju, eða hafði beinlínis á móti því, að mætt væri löglega af hálfu áfrýjanda, þá var það eigi rjett af undirdómaranum að neita honum um nauðsynlegan frest til andsvara í málinu, og var hinn áfrýjaði úrskurður því eigi á rökum byggður.

Af þessum ástæðum verður eigi hjá því komizt að dæma hinn áfrýjaða úrskurð ógildan, og þá líka dóminn ómerkan, samt alla meðferð málsins frá því úrskurðurinn 1. maí þ. á. var uppkveðinn, og vísa málinu heim, og er dómarinn skyldur að taka það fyrir á ný, eins og því var komið áður en úrskurðurinn var kveðinn upp, og veita áfrýjandanum hæfilegan frest til andsvara í því.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður, og verða hinum skipaða talsmanni stefnda eptir úrslitum málsins eigi dæmd nein málsfærslulaun, en það vottast, að málsfærslan af hans hendi fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á ómerkur að vera, og úrskurður sá, sem kveðinn var upp 1. maí þ. á., að falla úr gildi, og ber dómaranum að taka mál þetta fyrir aptur og koma því í það horf, er það var 1. maí þ. á., áður en úrskurðurinn var felldur, og síðan veita áfrýjandanum hæfilegan frest til andsvara.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 27. nóvembermánaðar.

Nr. 49/1893: Rjettvísin
gegn
Rannveigu Jóelsdóttur.

Dómur:

Með aukarjettardómi Árnessýslu, gengnum 12. september þ. á., var hin ákærða, Rannveig Jóelsdóttir, dæmd fyrir að hafa fyrirfarið nýfæddu barni sínu til að sæta 6 ára betrunarhússvinnu, svo og til að greiða kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, 4 kr., til talsmanns hennar Þorvarðar hreppstjóra Guðmundssonar.

Þessum dómi er að ósk hinnar ákærðu áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 23. sept. næstliðinn.

Það er í málinu með eigin játningu hinnar ákærðu og öðrum skýrslum, sem fengnar eru, löglega sannað, að hin ákærða Rannveig Jóelsdóttir, sem er ógipt stúlka, ól barn nóttina milli 2. og 3. júní þ. á. í rúmi sínu í baðstofunni á Eigilsstöðum — en þar átti hún heima — og svaf hitt heimilisfólkið einnig þar; kvöldinu fyrir kenndi hún jóðsóttar, en ljet á engu bera. Barnið, en það var sveinbarn, fæddist lifandi, og vissi ákærða það, þar sem hún fann að það hreifði sig eptir fæðinguna; er barnið var fætt, deyddi hún það með því, að þrýsta utan að því lærunum eins og hún mest mátti og jafnframt þjappa að sjer fötunum. Nokkru eptir að hún hafði fætt barnið og er hún ætlaði að það væri dáið, reis hún upp og skildi á milli, og var þá barnið örent; lagði hún líkið fyrir ofan sig í rúmið og vafði það í handklæði og nærbuxur. Snemma um morguninn klæddist hún og fór ofan í eldhús til þess

að hita á katli; hafði hún þá fylgjuna með sjer og brenndi hana. Skömmu síðar fór hún aptur inn í baðstofu, tók líkið, fór með það beint niður að Ölfusá, er rennur skammt frá bænum, og kastaði því í ána.

Rúmum mánuði eptir fannst það rekið á eyri við ána og var líkið í sömu umbúðum og ákærða ljet það í.

Barnið var að vísu ekki alveg fullburða, að því hjeraðslæknirinn, sem skoðaði og krufði líkið, hefur frá skýrt; en eins og hann hefur lýst því yfir, að barnið hafi fæðzt lifandi, eins hefur hann staðhæft, að það hafi haft hæfilegleika til að geta lifað. Þegar ákærða varð þess vör, að hún var með barni, en það vissi hún nokkru fyrir síðustu jól, ásetti hún sjer að fyrirfara því, og hefur hún skýrt svo frá, að áform þetta hafi vaknað hjá sjer af því, að hún var hrædd um, að maður nokkur, er hún hafði áður átt 2 börn með, mundi reiðast sjer, ef hann kæmist að því, að hún hefði átt barn með öðrum manni — en barn það, sem hún deyddi átti hún með öðrum manni.

Þetta afbrot hinnar ákærðu, sem er komin langt yfir lögaldur sakamanna og eigi áður hefur sætt ákæru eða hegningu, hefur hjeraðsdómarinn með rjettu heimfært undir 193. gr. 2. lið almennra hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hún samkvæmt nefndum lagastað hefur til unnið, eptir öllum atvikum hæfilega metin 5 ára betrunarhúsvinna. Yfirdómurinn fellst á málskostnaðarákvæði hjeraðsdómsins. Svo ber hinni ákærðu og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því fyrir landsyfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hin ákærða Rannveig Jóelsdóttir á að sæta 5 ára betrunarhússvinnu. Að því til málskostnaðar í hjeraði kemur, á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður. Ákærða greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, cand. juris H. Thorsteinson og setts málaflutningsmanns E. Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 4. desembermánaðar.

Nr. 45/1893: Hið opinbera
gegn
Sveini Brynjólfssyni.

Dómur:

Með lögreglurjettardómi Norður-Múlasýslu, uppkveðnum 17. júní f. á., var hinn kærði Sveinn Brynjólfsson veitingamaður á Vopnafirði, dæmdur samkvæmt 15. gr. laga 14. jan. 1876, um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, í 100 kr. sekt til landssjóðs og málskostnað allan, fyrir að hafa gegn fyrirmælum 1. gr. tjeðra laga komið fram sem útflutningastjóri án þess að hafa haft lögskipað leyfi til þess. Dómi þessum hefur eptir ósk hins dómfellda og af hálfu hins opinbera verið áfrýjað til yfirdómsins.

Það er upplýst í málinu, að þegar P. V. Davíðs-

son verzlunarstjóri á Vopnafirði, sem var löggiltur útflutningastjóri fyrir svo kallaða Dominion-línu, er bauð mönnum flutning hjeðan af landi til Vesturheims yfir England, sleppti þessum starfa árið 1890, þá framseldi hann, eptir því sem álíta verður, með vitund og samþykki Dominion-línunnar, hinum kærða umboð sitt fyrir nefnt fjelag, og tók hlutaðeigandi lögreglustjóri, sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu, framsal þetta gilt, enda áleit einnig. að með það, er P. V. Davíðsson hafði sett sem útflutningsstjóri, en það var ábyrgðarskjal frá Landmandsbanken í Kaupmannahöfn fyrir 14,000 kr., væri einnig þar með fært yfir á kærða sem með fyrir hans framkomu sem útflutningastjóra, og viðurkenndi hann því kærða sem útflutningastjóra Dominion-línunnar með áritun á umboðsskjalið, dags. 13. okt. 1890. En þegar kærði skömmu eptir fór að auglýsa í blöðunum samkvæmt þessu, að hann sem löggiltur útflutningastjóri tækist á hendur flutning manna til Vesturheims, kom það á daginn, að fyrtjeð ábyrgðarskjal gat eigi álitizt fært yfir á kærða með áðurnefndu framsali P. V. Davíðssonar, og lagði því amtmaðurinn fyrir lögreglustjórann í Norður-Múlasýslu með brjefi 24. febr. 1891, að tjá kærða, að allar gjörðir hans sem útflutningastjóra væru með öllu heimildarlausar á meðan hann eigi hefði sett lögboðið veð í því tilliti. Með brjefi dags. 2. apríl s. á. skýrði nú að vísu lögreglustjórinn kærða frá því, að þetta hefði verið fyrir sig lagt af amtinu, en jafnframt tók hann það fram, að þó að hann áliti að umboðsskjal kærða sem útflutningastjóra væri gilt, einnig hvað veðið snerti, vildi hann þó eigi »að svo stöddu« undirskrifa tvær umboðsskrár (handa subagentum), er kærði hafði sent honum. Brjef þetta

skildi kærði eigi svo, að með því væri apturkölluð af lögreglustjóra löggilding hans sem útflutningastjóra, en með brjefi til kærða, dags. 3. júní s. á., er kærða barst 18. s. m., lagði lögreglustjórinn samkvæmt fyrirmælum amtsins bann fyrir, að kærði að svo stöddu undirskrifaði nokkra samninga eða hefði á hendi útflutningastörf fyrir Dominion-línuna, og gjörðist þá kærði umboðsmaður W. G. Spence Patersons, er hafði löggilding sem útflutningastjóri Dominion-línunnar, og var það umboð útgefið 20. s. m. og áteiknað af lögreglustjóra s. d.

Það getur nú enginn efi leikið á því, að það var ábyrgðarlaust af kærða að koma fram sem útflutningastjóri samkvæmt leyfi því, er hann hafði til þess fengið hjá rjettum hlutaðeiganda 13. okt. 1890, þó að ef til vill embættismaður sá, er veitti leyfið, eigi hafi gætt þess nægilega, að öll skilyrði fyrir veitingu leyfisins væru fyrir hendi, og leyfi þetta eða löggildingu varð að apturkalla skýrt og skilmerkilega, til þess að það varðaði kærða við lög að nota hana. Slík apturköllun getur nú eigi álitizt hafa átt sjer stað með brjefinu 2. apríl 1891, er að ofan er frá skýrt, enda virðist einnig brjef sýslumannsins í Norður-Múlasýslu til kærða, dags. 11. apríl f. á., er lagt hefur verið fram í yfirdóminum, bera það með sjer, að bann hafi eigi verið lagt fyrir framkomu kærða sem útflutningastjóra fyr en með brjefinu 3. júní 1891. Með þessu síðastnefnda brjefi var að vísu leyfið eða löggildingin tekin af kærða, en þar sem kærða eigi barst það brjef, eptir því sem fram er komið í málinu, fyr en 18. s. m., og ekkert er upplýst um, að hann hafi komið fram á neinn hátt sem útflutningastjóri eptir það, en 20. s. m gjörðist hann umboðsmaður löglegs útflutningastjóra, án þess að því

hafi verið fundið, þá verður eigi sjeð, að kærði hafi orðið brotlegur gegn ofannefndum lögum 14. jan. 1876, með því að koma fram sem útflutningastjóri, án þess að hafa til þess lögboðið leyfi. Það verður því að sýkna hinn kærða af kæru hins opinbera í máli þessu, og ber að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum af almannafje, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Við meðferð máls þessa í hjeraði er það aðfinningarvert, að dómarinn hefur aldrei yfirheyrt kærða neitt um málið, en með því að málavextir hafa þótt koma nægilega fram í skjölum þeim, er dómarinn lagði fram í lögreglurjettinn, í sambandi við skriflega vörn kærða, þá þótti mega dæma málið þrátt fyrir þetta. Það er og aðfinningarvert, að dómarinn hefur eigi lagt fram í málinu brjef sín til amtmanns, dags. 5. og 28. maí 1891, eins og honum þó var boðið af amtmanni í brjefi, dags. 9. nóv. s. á. Loks hefur óhæfilega langur dráttur orðið á áfrýjun málsins til yfirdómsins, þar sem það var dæmt í hjeraði 17. júní f. á., en varð eigi afgreitt frá amtmanni til jústitiariusar fyr en 5. sept. þ. á., og er dráttur þessi mestmegnis að kenna undirdómaranum, með fram því, að hann hefur eigi gætt fyrirmæla 15. gr. í tilskipun 24. jan. 1838, og getur hann ekki komizt hjá sekt fyrir drátt þennan, er ákveðst 50 kr. og renni í landssjóð. Málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Kærði Sveinn Brynjólfsson á að vera sýkn af

kæru hins opinbera í máli þessu. Málskostnaður allur greiðist af almannafje, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, setts yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra. Undirdómarinn, sýslumaður Einar Thorlacius, greiði í sekt til landssjóðs 50 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 11. desembermánaðar.

Nr. 9/1893: Sigurd Johansen
gegn
Konráði Hjálmarssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af stefnda, sveitakaupmanni Konráði Hjálmarssyni í Mjóafirði, gegn áfrýjandanum kaupmanni á Seyðisfirði Sigurd Johansen *til* skaðabóta fyrir að hafa brugðið við hann loforði (samningi) um verzlunarsamband eða vöruútveganir fyrir árið 1892, *til* uppbótargreiðslu fyrir villur í reikningum áfrýjanda til stefnda fyrir árin 1890 og 1891, og loks *til* endurgreiðslu á andvirði vara, er stefndi endursendi áfrýjanda. Var málið dæmt í gestarjetti Norður-Múlasýslu 4. janúar þ. á. þannig, að nefnd þrjú kröfuatriði voru tekin til greina og áfrýjandinn skyldaður til að greiða stefnda sem ferðakostnað til útlanda til að útvega sjer vörur 720 kr. og kr. 173,15 +

kr. 354,08 samkvæmt hinum tveim kröfuatriðunum, samtals kr. 1247,23 ásamt 5% vöxtum frá kærudegi til þess greitt væri; svo skyldi og áfrýjandinn greiða stefnda í málskostnað 40 kr.

Dómi þessum hefur Sigurd Johansen skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 20. marz þ. á. og krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði algjörlega úr gildi felldur og hann dæmdur sýkn af öllum kærum og kröfum stefnda, en stefndi skyldaður til að greiða honum málskostnað fyrir báðum rjettum með að minnsta kosti 100 kr. eða eptir mati rjettarins. Aptur á móti hefur stefndi krafizt, að gestarjettardómurinn verði staðfestur og sjer dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi hjá áfrýjanda með 60 kr. eða eptir mati rjettarins.

Árin 1890 og 1891 höfðu þeir áfrýjandi og stefndi haft töluverð verzlunarviðskipti saman, og tók stefndi hið síðarnefnda ár, að því er virðist, allar útlendar vörur til verzlunar sinnar hjá áfrýjandanum, og fjekk eptir samningi þeirra á milli ákveðinn afslátt á þeim. Haustið 1891 var það nú áform þeirra, að halda þessu verzlunarsambandi áfram 1892, en er þeir haustið 1891 áttu samtal um þetta, gat þeim ekki komið alveg saman um skilmálana. En 20. október 1891 sendi áfrýjandi stefnda skriflegt tilboð um verzlunarkjör þau, er áfrýjandi bauð stefnda, til þess að stefndi ritaði á það samþykki sitt, en stefndi sendi skjalið aptur með áritun um, að hann gengi að hinum tilboðnu kjörum, nema einu atriði, sem sje að bera rýrnun á kolum og salti, er flutt væri til Konráðs beint frá útlöndum, en það hafði áfrýjandi gjört að skilyrði. 3. nóv. næstan eptir skrifaði áfrýjandi stefnda brjef; segir meðal annars í því viðvíkjandi þessu ágreiningsatriði þeirra í milli,

að áfrýjandi haldi fast við meiningu sína í þessu tilliti, þótt hann sem standi (forelöbig) »intet Kludder skal gjöre«. Telur stefndi að áfrýjandi með brjefinu í heild sinni og sjerstaklega þessum tilgreindu orðum hafi látið í ljósi að hann fjelli frá þessu kröfuatriði sínu um rýrnun á kolum og salti og að áfrýjandi þannig hefði verið búinn að skuldbinda sig til að útvega honum vörur frá útlöndum 1892. En 8. nóv. 1891, er áfrýjandi frjetti, að vörur þær, fiskur o. fl., er hann hafði sent til útlanda, höfðu selzt mjög illa, og hann orðið fyrir miklu fjártjóni, skrifaði hann stefnda og ljet hann vita, að hann ekki sæi sjer fært að útvega honum vörur frá útlöndum framvegis. Fór stefndi þá til útlanda til þess að útvega sjer vörur, og sjest ekki, að hann hafi í nokkru tilliti þá sakað áfrýjanda um nein samningsrof. En seint í sept. 1892 höfðaði hann mál þetta, og heimtaði meðal annars, að áfrýjandi greiddi honum kostnað sinn við ferðina til útlanda, er hann taldi 720 kr.

Þó að nú álíta mætti, að áfrýjandinn með áðurnefndu brjefi 3. nóv. 1891 hafi gengið að samningnum við stefnda um verzlunarkjör þeirra í milli framvegis, eins og stefndi hafði breytt samningsuppkastinu með áteiknun sinni, og að áfrýjandi þar með hafi tekið að sjer að birgja stefnda upp með vörur eptir þörfum til verzlunar hans með þeim kjörum (afslætti), sem í samningnum voru tiltekin, þá virðist þó eigi verða dæmt svo, að áfrýjandi hafi gjört sig sekan í samningsrofi, er gjöri hann skaðabótaskyldan til stefnda, með uppsögn sinni á verzlunarsambandinu í áðurnefndu brjefi 8. nóv. 1891, því að brjef þetta er svo orðað, að stefndi mátti af því skilja, að áfrýjandi eigi bjóst við að uppsögnin væri skoðuð sem samningsrof eða að hann yrði

að bæta stefnda það að nokkru, þótt hann sliti sambandinu á milli þeirra, og var brjefið líkara samkomulagstilraun frá áfrýjanda hálfu um að hætta sambandinu, sökum þess, að það væri báðum hollast, eins og komið væri; það sjest heldur ekki, að stefndi hafi skilið brjefið öðruvísi þá, eða að hann hafi látið áfrýjanda skilja, að hann skoðaði uppsögnina sem samningsrof og geymdi sjer rjett til skaðabóta, en þetta hefði hann eðlilega þurft að gjöra, ef hann ætlaði að koma ábyrgð fram á hendur áfrýjanda síðar fyrir samningsrof. Af þessum ástæðum verður ekki fallizt á það, að undirdómarinn hefur dæmt áfrýjanda til að greiða stefnda endurgjald siglingarkostnaðar til útlanda 720 kr., og ber að sýkna áfrýjanda fyrir kröfum stefnda í þessu tilliti.

Í annan stað hefur stefndi í máli þessu krafizt og fengið dóm fyrir uppbót, að upphæð samtals kr. 173,15, út af ýmsum villum og göllum, er hann hefur talið að væri í reikningi áfrýjanda til hans yfir viðskipti þeirra árin 1890 og 1891. Frá þessari uppbótarkröfu verður þó að draga 38 kr. 93 a. eða 20% af úttekt stefnda hjá áfrýjanda framan af árinu 1891, með því að það eigi er sannað gegn neitun áfrýjanda, að stefnda hafi borið þessi afsláttur á útteknum vörum á því tímabili. Að öðru leyti hefur áfrýjandi eigi komið fram með nægilega ákveðin mótmæli gegn uppbótarkröfunni, sem eptir því sem viðgengst hjer á landi ekki virðist um seinan uppborin, og verður því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 134 kr. 22 a. með 5% vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Loks hefur stefndi krafizt í málinu og fengið dóm fyrir 354 kr. 8 a., sem er andvirði vara, er hann kveðst

hafa endursent áfrýjanda. Frá þessari upphæð ber þó að draga kr. 44,05, með því að áfrýjandi hefur skýrt frá, að þessi upphæð, sem hann viðurkennir rjetta, sje innkomin síðar í reikning stefnda, og hefur stefndi eigi vefengt það. Hvað kröfu stefnda, er hjer ræðir um, að öðru leyti viðvíkur, þá hefur hann eigi gegn neitun áfrýjanda fært sönnur á, að hann hafi haft rjett til að skila aptur umræddum vörum, enda hefur áfrýjandi neitað að taka við þeim, og verður stefnda því eigi dæmt neitt endurgjald fyrir þær.

Samkvæmt framanrituðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 134 kr. 22 a. með 5% vöxtum frá stefnudegi málsins til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, kaupmaður Sigurd Johansen, greiði stefnda, Konráði kaupmanni Hjálmarssyni, 134 kr. 22 a. ásamt 5% vöxtum frá stefnudegi málsins til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 18. desembermánaðar.

Nr. 38/1893: Rjettvísin
gegn
Skúla Thoroddsen.

Dómur:

Upphaf máls þessa er það, að af útskript af prófum, er hinn ákærði, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði, hafði haldið til upplýsingar um dauða Salómons nokkurs Jónssonar húsmanns frá Eyri í Önundarfirði í desember 1891 og sent háyfirvaldinu til athugunar og úrskurðar, hvort frekara skyldi aðgert í málinu, þóttist landstjórnin verða þess vísari, að ákærði hefði, sem rannsóknardómari í tjeðu máli, beitt ólöglegri þvingun við sakborning, til þess að kúga hann til játningar eða sagna, og var því settum yfirrjettarmálaflutningsmanni, cand. jur. Lárusi Bjarnason, með konunglegri umboðsskrá, útgefinni af ráðgjafanum fyrir Ísland eptir skipun konungs 2. júní f. á., skipað að hefja rjettarrannsókn um meðferð ákærða á nefndu máli. Rannsókn þeirri, er þannig var hafin gegn ákærða, var lokið 9. júlí f. á., og var ákærða síðan vikið frá embætti fyrst um sinn, sem sýslumanni í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeta á Ísafirði, en hinn skipaði rannsóknardómari, Lárus Bjarnason, settur í hans stað í embættið, og var Lárusi jafnframt með landshöfðingjabrjefi 29. ágúst f. á. boðið að halda áfram hinni byrjuðu rannsókn gegn ákærða út af framkomu hans í rannsókninni um dauðdaga Salómons Jónssonar, og auk þess að rannsaka allt það, er honum kynni tortryggilegt að þykja viðvíkjandi embættisfærslu ákærða og framkomu hans sem dómara, einnig í öðrum málum. Hinum þannig

uppteknu rannsóknum gegn ákærða var síðan lokið 1. maí þ. á. og rjettarstefna útgefin gegn honum 20. s. m., og var hann þar ákærður fyrir brot gegn 124., 125,, 127., 132., 134., 135., 142. og 144. gr. hinna almennu hegningarlaga. Málið var síðan dæmt í aukarjetti Ísafjarðarkaupstaðar 10. júlí þ. á., þannig, að ákærði skyldi fyrir brot gegn 125., 127., 135., 142. og 144. gr., sbr. 63. gr. hinna almennu hegningarlaga missa embætti sitt sem sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði, svo og greiða allan af rannsókninni í málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað, en dómi þessum hefur bæði fyrir hönd rjettvísinnar og eptir ósk hins ákærða verið skotið til yfirdómsins.

Það sem fram hefur komið við framangreinda rannsókn gegn ákærða og hann hefur verið ákærður fyrir, skal nú talið upp í flokkum, eptir því sem við þykir eiga, og athugaður hver flokkurinn fyrir sig.

I. Eins og áður er á minnzt, var það meðferð ákærða á rannsókn út af dauða Salómons nokkurs Jónssonar, sem tilefni gaf til sakamálsrannsóknarinnar gegn honum, en Salómon þessi fannst örendur á svonefndum Klofningsdal, á leiðinni milli Önundarfjarðar og Súgandafjarðar, hinn 21. desbr. 1891, og var Sigurður nokkur Johansson grunaður um að vera ef til vill valdur að dauða hans. Tjeðri rannsókn sinni hagaði ákærði þannig, að eptir að hann hafði látið læknisskoðun á líki Salómons fram fara, og hreppstjóra leita skýrslna þeirra manna, er málinu voru kunnugir, og senda sjer þetta hvorttveggja, fór hann sjálfur vestur í Önundarfjörð 3. jan. 1892 og hóf rannsókn málsins. Daginn eptir úrskurðaði hann síðan, að fyrnefndur Sigurður Jóhannsson skyldi sem grunaður um morð settur fastur,

og var Sigurður síðan í fangelsi á Ísafirði frá 7. jan. til 20. febr., er ákærði hætti rannsókninni að sinni og sleppti Sigurði lausum, án þess að nokkuð hefði sannazt upp á hann, um það er hann var grunaður fyrir. Ákærði hefur nú í fyrsta lagi þótt hafa sýnt vítavert hirðuleysi með því að bregða eigi við sjálfur jafnskjótt og hann fjekk tilkynningu hreppstjóra um fráfall Salómons, til að rannsaka atvik að því, en það var 27. desbr., en hann fór eigi sjálfur á stað í rannsókn málsins fyr en 3. jan. næst eptir. En þar sem tilkynning hreppstjóra um málavexti var nokkuð óljós, og ákærði gerði þegar í stað nauðsynlegar ráðstafanir til að útvega sjer frekari upplýsingar um málið, þar á meðal álit læknisfróðs manns, þá verður hann þó, eptir atvikum, eigi álitinn hafa bakað sjer ábyrgð með aðgerðarleysi í málinu, enda hafði hann embættisstörfum að gegna heima fyrir við reikninga tilbúning, og bjóst þegar í stað til ferðar að rannsaka málið, er hinar eptiræsktu ýtarlegri skýrslur komu. Það verður heldur eigi álitið, að ákærði hafi leyst svo af hendi rannsókn málsins í tjeðri ferð til Önundarfjarðar, þó að henni hafi verið í ýmsu ábótavant, að það verði talið embættisbrot.

Þá hefur ákærða verið gefið að sök, að hann hafi beitt ólöglegri hörku eða þvingun við fyrnefndan Sigurð Jóhannsson, er grunaður var um að hafa verið valdur að dauða Salómons Jónssonar, meðan prófin yfir honum stóðu yfir á Ísafirði og Sigurður var þar í gæzluvarðhaldi tímabilið frá 7. jan. til 20. febr. 1892. Aðbúnaður Sigurðar í fangahúsinu virðist einnig hafa í sumum atriðum verið fremur ljelegur, og ákærði hefur kannazt við, að hann hafi verið harðari við Sigurð en aðra sakborninga, af því að Sigurður hefði verið harð-

svírugur og hælzt um, hve gott hann ætti í fangahúsinu, enda þóttist ákærði sannfærður um, að Sigurður væri sekur, og almenningi, sem taldi Sigurð sekan, þótti helzt til vægilega farið með hann. Þessar afsakanir ákærða eru reyndar þýðingarlitlar í sjálfu sjer, en á hinn bóginn verður eigi álitið sannað, að aðbúnaður Sigurðar í fangahúsinu hafi verið óforsvaranlegur, eða svo að ákærði eigi að sæta ábyrgð fyrir hann. Sjerstaklega getur það eigi álitizt sannað, að eigi hafi verið lagt í ofn í fangaklefanum hjá Sigurði, þegar nauðsyn bar til, og þó að upplýst sje, að rúður hafi verið brotnar í klefum þeim, er hann sat í, þá er eigi sannað, að ákærði hafi vitað um rúðubrotið í fyrri klefanum fyr en hann ljet flytja Sigurð þaðan, nje heldur að hann hafi vitað um rúðubrotið í klefanum, er Sigurður síðar sat í, en þar var troðið upp í gatið á rúðunni. Aldrei kvartaði Sigurður heldur um kulda við ákærða, nema einu sinni, fám dögum áður en honum var sleppt úr varðhaldi, og var þá þeirri kvörtun sinnt af ákærða. — Ljóslaus var Sigurður mestan þann tíma, sem hann sat inni, en ákærði hefur skýrt frá, að hann hafi svipt Sigurð ljósi sökum þess, að hann hafi kveðið rímur svo hátt, að fólk í næstu húsum kvartaði undan því við ákærða, og þessari skýrslu hans er eigi hnekkt. Mataræði Sigurðar virðist og hafa verið óaðfinnanlegt, og ákærði verður eigi sakaður fyrir það, þó hann hafi eigi látið Sigurð koma út á daginn, þar sem vetur var og fannfergja, með því hann virðist nálega daglega hafa hleypt honum út úr klefanum út á fangahússganginn.

Það er viðurkennt af ákærða og sannað í málinu, að meðan á prófunum yfir Sigurði Jóhannssyni stóð,

setti ákærði Sigurð tvisvar sinnum upp á vatn og brauð, 5 daga í hvort skiptið. Fyrra skiptið, 21. jan. 1892, úrskurðaði hann, eins og prófin yfir Sigurði bera með sjer, Sigurði vatn og brauð, fyrir að hann sýndi þrjózku og vildi ekki svara spurningum, sem fyrir hann voru lagðar, en síðara skiptið, 30. s. m., segir í prófunum yfir Sigurði að »eins, að hann« haldi að öllu leyti fyrra framburði sínum, en ekkert er tekið fram um, að Sigurður hafi neitað að svara spurningum rannsóknardómarans (ákærða). Hinn 23. og 25. jan., meðan Sigurður sat við vatn og brauð, samkvæmt úrskurðinum 21. jan., sjest einnig, að haldin hafa verið próf yfir Sigurði, en bókunin er þar lík og í rjettarhaldinu 30. jan., og sýnir því eigi, að Sigurður hafi þá neitað að svara neinum spurningum ákærða. Ákærði hefur þó haldið því fram, að Sigurður hafi í öllum greindum rjettarhöldum neitað að svara spurningum sínum sem rannsóknardómara, og hafi því vatns- og brauðsþvingunin verið löglega á lögð samkvæmt kgsbr. 23. okt. 1795, en bókunin hafi orðið svo ófullkomin sökum þess, að hann hafi verið lasinn töluvert um það leyti, eins og hann hefur reynt að sanna með framlögðu vottorði læknis, er hann leitaði ráða til nokkru síðar. Menn þeir, er voru rjettarvottar við framangreind rjettarhöld 21., 23., 25. og 30. jan., hafa verið svo reikulir í framburði sínum um þetta atriði, að á vitnisburði þeirra virðist ekkert verða byggt, og hin einu sönnunargögn í þessu efni eru því, auk þingbókarinnar, vitnisburður Sigurðar Jóhannssonar, sem hefur borið, að hann aldrei hafi neitað að svara rannsóknardómaranum (ákærða), og athugasemd í fangahúsdagbókinni, þar sem segir, að Sigurði hafi verið úrskurðað vatn og brauð í bæði skiptin, 21. jan. og 30.

jan., sökum þess, að hann hafi neitað að svara rannsóknardómaranum; en með því að fangahúsdagbókin virðist hafa verið í vörzlum ákærða, þegar verið var að rannsaka þetta atriði í embættisfærslu hans og eigi verður sjeð, hvenær greind athugasemd hefur verið rituð í hana, en hún er það sem síðast er í hana ritað með hendi ákærða, þá verður eigi byggð nein sönnun á henni. Að öllu yfirveguðu, einnig því, að ákærði hefur eigi getað skýrt neitt frá um, hvaða spurningar það hafi verið, sem Sigurður neitaði að svara í rjettarhöldunum, 23., 25. og 30. jan., og þar sem eigi verður þrátt fyrir hið framlagða læknisvottorð álitið, að ákærði myndi hafa látið þess ógetið í þingbókinni, þar sem um svo þýðingarmikið atriði var að ræða, að Sigurður neitaði að svara honum, eins og þess er getið í rjetthaldinu 21. jan. — virðist það yfirhöfuð óhætt að byggja það á bókun ákærða í þingbókinni, að Sigurður hafi eigi beinlínis neitað að svara spurningum ákærða 23., 25. og 30. jan., en að eins eigi viljað gefa, að áliti ákærða, sannari skýrslu í málinu, og að skilyrðið fyrir að beita kgsbr. 23. okt. 1795 gegn honum hafi því eigi verið fyrir hendi, en á hinn bóginn virðist einnig bókun ákærða í þingbókinni benda til þess, að hann hafi eigi álitið, að hann beitti ólöglegri þvingun við Sigurð með því að úrskurða honum vatn og brauð, og að honum hafi því eigi verið fullkunnug ákvæði kgsbr. 23. okt. 1795, enda styrkist þetta einnig við það, að ákærði hefur heldur eigi í rjettarhaldinu 21. jan. farið eptir ákvæðum kgsbr. þessa, um að aðvara ákærða áður en hann gerði honum vatn og brauð og um bókun á þeirri aðvörun. Það verður samkvæmt þessu að álíta, að ákærði hafi gert sig sekan í vítaverðu hirðuleysi, með

því að kynna sjer eigi nægilega fyrirmæli þau, er heimiluðu og takmörkuðu rjett hans til að beita tjeðri vatns- og brauðs þvingun við Sigurð Jóhannsson eptir nýnefnd 3 rjettarhöld.

II. Þá er ákærða gefið að sök, að hann hafi í rjettarhaldi 12. ágúst f. á. í máli höfðuðu af hálfu rjettvísinnar gegn Steindóri nokkrum Markússyni af ásettu ráði bókað ranglega, að prófseptirrit í málinu hafi verið lagt fram í rjettinum. Samkvæmt þingbókinni, sem var upplesin og staðfest með undirskriptum sýslumanns (ákærða), svaramanns Steindórs og tveggja rjettarvotta, eiga í greindu rjettarhaldi að hafa verið framlögð 5 skjöl, þar á meðal »prófseptirrit, sem fylgir». Svaramaður Steindórs hefur nú borið það og eiðfest undir rannsókn þessa máls gegn ákærða, að tjeð prófseptirrit hafi eigi verið framlagt í greindu rjettarhaldi (12. ágúst f. á.) og hafi sýslumaður í áheyrn rjettarvottanna sagt, að það væri eigi tilbúið, en sýslumaður hafi lofað honum því seinna, ásamt hinum öðrum skjölum málsins, sem hann samkvæmt rjettarbókinni fjekk ljeð til að semja vörn fyrir Steindór. Ekki tók svaramaður nein af hinum ljeðu skjölum með sjer úr rjettinum í þetta skipti, enda hirti eigi um það, eptir því sem upplýst er, en nokkru síðar, er hann samdi vörn sína, kveðst hann hafa orðið að gera það eptir dómsmálabókinni, sem hann í því skyni hafi fengið lánaða heim til sín, en prófseptirritið hafi hann aldrei fengið. Það er einnig borið af 2 vitnum, að svaramaðurinn hafi sagt þeim um það leyti, er hann samdi vörnina, að hann yrði að gera það eptir dómsmálabókinni, af því að hann hefði ekki fengið eptirrit af prófunum. Hinn ákærði hefur stöðugt haldið því fram, að bókunin á hjer um ræddu

rjettarhaldi sje rjett í öllum greinum, og að nefnt prófseptirrit hafi því verið lagt fram í rjettinum og hann hefur neitað því, að hann hafi haft nokkur ummæli um, að það væri eigi tilbúið og að svaramaður því eigi gæti fengið það þá þegar. Menn þeir, er voru rjettarvottar við greint rjettarhald, hafa borið, að þeir hafi sjeð ýms skjöl fyrir framan sýslumann (ákærða), en þeir hafi ekki sjeð nein skjöl framlögð, hvorki prófseptirrit nje önnur skjöl, og virðist mega ráða af framburði þeirra, þó að spurning þar að lútandi hafi eigi verið sjerstaklega borin upp fyrir þeim, að þeir hafi eigi heyrt umtal um það milli sýslumanns og svaramanns Steindórs, að umrætt eptirrit vantaði eða væri eigi fullbúið. Með því að það nú vel gat átt sjer stað, að rjettarvottarnir eigi veittu umræddu prófseptirriti, sem dómarinn sjálfur framlagði, sjerstaklega eptirtekt, þó að það hefði verið fyrir í rjettinum eins og þeir eigi tóku eptir framlagningu annara skjala, sem þó er sönnuð, þá verður eigi álitið, að framburður þeirra komi í neinn bága við bókunina í þingbókinni. Og þar sem framburður svaramannsins einn sjer — jafnvel í sambandi við fengnar líkur fyrir því, að hann hafi samið vörn sína eptir dómsmálabókinni, og það atvik, að eptirrit þetta hefur eigi komið fram undir málinu, — eigi er nægilegur til að hrinda sönnunargildi þingbókarinnar, sem var upplesin og staðfest með rjettum undirskriptum allra hlutaðeiganda, þar á meðal svaramannsins sjálfs, þá verður að álíta, að sönnun bresti fyrir því, að ákærði hafi gert sig sekan í rangri bókun á framangreindu atriði.

III. Í máli af hálfu rjettvísinnar gegn Rögnvaldi nokkrum Guðmundssyni fyrir svik, sem dæmt var í aukarjetti Ísafjarðarsýslu seint á árinu 1891, þannig, að

Rögnvaldur var dæmdur í 8 daga einfalt fangelsi, og í landsyfirdóminum í marzmán. 1892 — en þar var Rögnvaldur sýknaður af ákæru sóknarans — hefur ákærða verið gefið að sök, að hann hafi bókað ranglega ýmislegt í málinu, og kveðið upp dóm í því seinna en þingbókin ber með sjer. Fyrst og fremst hefur það þannig verið vefengt, að menn þeir, er skrifaðir eru undir rjettarhöldin í máli þessu 19. sept. og 3. okt. 1891 sem rjettarvottar, hafi í raun og veru verið vottar við þau rjettarhöld, og var sá grunur einkum byggður á því, að rithöndin á nöfnunum þótti mjög ólík rithönd sömu manna á nöfnum þeirra annarsstaðar í þingbókinni, og ein undirskriptin er með hendi ákærða og skrifað undir »handsalað«. En þar sem menn þessir hafa eigi gengið frá tjeðum undirskriptum sínum og handsali, heldur jafnvel kannazt við að hafa verið rjettarvottar við greind rjettarhöld, þó annar þeirra hafi síðar mistreyst nokkuð minni sínu í því efni, þá verður eigi gegn stöðugri neitun ákærða, á því einu, hvernig nöfnin eru rituð, byggð sönnun fyrir, að það sje rangt, sem í rjettarbókinni stendur í þessu tilliti.

Þar næst hefur ákærði verið álitinn hafa bókað ósatt í rjettarhaldinu 19. sept. 1891, að því leyti sem þar segir, að hegningarvottorð Rögnvaldar úr Strandasýslu sje þá ókomið, og er það byggt á því, að í dagbók sýslunnar er það af ákærða tilfært innkomið 14. s. m. Ákærði hefur haldið því stöðugt fram, að rjettarbókin sje í þessu tilliti rjett, en dagsetningin ónákvæm í dagbókinni, og skýrt svo frá, að hann hafi, er hann kom af alþingi í sept. 1891, hitt fyrir bunka af brjefum og hafi hann svo seint í sept. »journaliserað« það sem þá lá fyrir ójournaliserað, og þannig hafi

hann í athugaleysi tilfært vottorðið, sem innkomið 14. sept., þó það hefði fyrst borizt honum eptir 19. sept., enda tjáist hann hafa verið í embættisferð í Dýrafirði 14. sept. Þessa skýrslu ákærða þykir verða að taka gilda, og verður því eigi álitið sannað, að bókun ákærða í umræddu tilliti hafi verið röng. Í rjettarhaldinu 3. okt. 1891 er ákærði álitinn hafa ranglega bókað, að hinn skipaði svaramaður Rögnvaldar, Grímur Jónsson, hafi mætt og lagt fram vörn í málinu, og styðst þetta við eiðfestan framburð Gríms um, að hann hafi eigi mætt í greindu rjettarhaldi, og þá eigi heldur lagt fram vörn þann dag, enda stendur eigi nafn hans undir rjettarhaldinu í rjettarbókinni, og tjáist hann þó vera vanur að undirskrifa rjettarbókina í hvert sinn, er hann mæti í rjetti sem svaramaður sakbornings. Hvað vörn þá frá Gríms hendi snertir, sem fram kom í málinu, og á að hafa verið lögð fram í þessu rjettarhaldi, hefur Grímur borið það, að ákærði (Skúli Thoroddsen), hafi fengið sjer uppkast að henni, sem Grímur kveðst hafa hreinskrifað næstum orðjett og afhent ákærða síðan, en það hafi eigi verið fyr en seinast í okt. eða fyrst í nóv. 1891. Hefur Grímur borið, að ákærði hafi sagt, að í óefni væri komið fyrir sjer með málið, hve langur dráttur væri orðinn á því hjá sjer, og vildi hann því flýta fyrir því með því að fá Grími uppkast af vörninni, og bað hann jafnframt að þegja yfir þessu. Til stuðnings sögusögn sinni hefur Grímur lagt fram skjal með hendi ákærða, næstum orði til orðs samhljóða vörn Gríms, og dagsett eins og hún 3. okt. 1891. Ákærði hefur haldið því fram, að rjettarbókin sje rjett að því leyti, að Grímur hafi mætt og framlagt vörnina, en framburður Gríms um uppkastið sje ósannur, og sje

hið framlagða skjal að eins eptirrit, er hann hafi tekið fyrir Grím af vörninni. Annar rjettarvotturinn 3. okt. 1891 hefur borið, að Grímur Jónsson hafi mætt 3. okt., eins og bókað sje og lagt fram skjal í rjettinum (vörnina), og hinn votturinn hefur sumpart borið hið sama, en sumpart, er hann á ný var yfirheyrður um þetta atriði nú í haust, eptir að málið var dæmt í undirrjetti, eigi þorað að fullyrða neitt í þessu efni, sakir minnisleysis, eptir svo langan tíma. Rögnvaldur Guðmundsson (hinn ákærði í málinu) hefur í utanrjettarvottorði, sem fram hefur verið lagt í undirrjettinum, en sem hann hefur eigi verið yfirheyrður um eða látinn staðfesta fyrir rjetti, vottað það undir eiðstilboð, að Grímur Jónsson hafi sagt sjer í okt. 1891, að hann hafi þá snemma í mánuðinum mætt fyrir sig í máli sínu. Það virðist nú auðsætt af skjali því í heild sinni, er Grímur Jónsson hefur framlagt og tjáð vera uppkast til varnar, að svo muni hafa verið, og að það sje því eigi rjett, er ákærði heldur fram, að skjalið sje eptirrit af vörn Gríms, en að öðru leyti, virðist framburður Gríms vera svo óstuddur af öðru, sem fram er komið í málinu og koma eigi vel heim við, að vörn hans, er hann sjálfur skrifaði (eptir »uppkastinu«) er dagsett eins og reyndar »uppkastið« 3. okt. 1891, og með því að framburður Gríms einnig kemur í bága við framburð rjettarvottanna og vottorð Rögnvaldar um, að Grímur hafi mætt 3. okt. fyrir Rögnvald, en fyrnefnt »uppkast« getur eigi sýnt annað eða frekara en að ákærði hafi samið vörnina fyrir Grím, og ennfremur vottarnir hafa borið, að Grímur hafi eigi verið alls gáður, er hann mætti í umræddu rjettarhaldi, þá verður eigi álitið, að framkomin sje sönnun gegn rjettarbókinni fyrir því, að

Grímur hafi eigi mætt og eigi lagt fram vörn í máli Rögnvaldar í greindu rjettarhaldi 3. okt. 1891, og verður rjettarbókin því að álítast rjett í umræddu tilliti. Þar sem í greindu rjettarhaldi segir svo: »Stefndi hefur sjálfur ekkert fram að færa«, þá virðist mega taka gilda skýringu ákærða á þessum orðum, að þau muni rituð í athugaleysi svo sem svar svaramannsins upp á þá spurningu dómarans, hvort stefndi hefði nokkuð frekara fram að færa, enda er það eigi tekið fram áður í rjettarhaldinu, að stefndi (Rögnvaldur) hafi mætt sjálfur.

Loks hefur það þótt sannað upp á ákærða, að dómsuppsögn í máli Rögnvaldar Guðmundssonar, sem samkvæmt þingbókinni á að hafa fram farið í rjettarhaldi 16. okt. 1891, hafi dregizt lengur en bókað er, og bókunin þannig röng í því efni, en þessi renging á bókun ákærða í þingbókinni virðist eingöngu byggð á framangreindum framburði Gríms Jónssonar um það, hve nær hann hafi afhent vörnina í málinu, og svo á því, að dómurinn var eigi birtur fyr en seint í desember, en þessar ástæður eru eigi nægar til þess að hnekkja gildi rjettarbókarinnar, sem báðir rjettarvottarnir hafa skrifað undir og staðfest rjetta í öllum greinum í því efni, enda er það upplýst, að dómsgjörðir í málinu hafa verið afgreiddar af ákærða 26. okt. 1891, eða 10 dögum eptir dómsuppsögn, eins og hún er talin í rjettarbókinni.

IV. Þá hefur ákærði verið sakaður um brot samkvæmt 132. gr. hegningarlaganna fyrir að hafa »upp á væntanlegt æðra sampykki« sleppt málssókn gegn Skarphjeðni nokkrum Elíassyni, — er kannaðist við það fyrir lögreglurjetti að Unaðsdal 6. júní 1888, að hann hefði þá um veturinn »dregið á að gizka 2 lóðir til-

heyrandi Jakobi bónda í Ögri og tekið af þeim á að gizka 10—15 fiska« — móti því að Skarphjeðinn greiddi 10 kr. sekt til sveitarsjóðs og 10 kr. í skaðabætur til kærandans Jakobs bónda í Ögri Rósinkarssonar. Kærandinn, Jakob Rósinkarsson, var sjálfur viðstaddur í rjettinum og virðist hafa samþykkt þessi úrslit málsins. Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi álitið, eptir skýrslum þeim, er hann fjekk um málið, að hjer væri eigi um þjófnað eða þvíumlíkt brot að ræða, heldur að eins um lóðarskemmdir, eins og brotið er einnig nefnt í rjettarhaldinu, en fyrir þær gátu að eins komið sektir samkvæmt fiskiveiðasamþykkt, og verður það því eigi álitið ólöglegt af sýslumanni að hafa tekið á móti framboði kærða um sekt og skaðabætur, en hitt verður að álíta vanrækslu af ákærða, að hann eigi virðist hafa borið sektarframboð þetta undir amtmann til samþykktar, samkvæmt 10. gr. tilsk. 24. jan. 1838.

V. Vorið 1891 fórst fyrir manntalsþinghald hjá ákærða í Sljettuþinghá, en með því að hlutaðeigandi amtmenn virðast hafa samþykkt, að við svo búið mætti standa, verður það ekki talið ákærða til áfellis, og sömuleiðis þykir mega taka gilda skýringu ákærða á því, að hann hefur, þótt eigi yrði nefnt ár af manntalsþingi í greindri þinghá, undirskrifað manntalsbókina fyrir það ár, »á manntalsþingi að Sljettu 30. maí 1891«. Ennfremur hefur ákærði ritað á svo nefnda »sundurliðaða skýrslu yfir afgjöld af Barðastrandar- og Ísafjarðarumboðsjörðum«, er hann ljet fylgja umboðsreikningi sínum fyrir árið 1891, vottorð dags. 31. desbr. 1891 um, að samhljóða skýrsla hafi á manntalsþingum verið yfirlitin og borin saman við byggingarbrjef leiguliða, en

vottorð þetta er eigi rjett að því er Sljettuhrepp snertir, þar sem meiri hluti jarðanna er, því að þar var ekkert manntalsþing haldið 1891, og engin samanburður gerður á afgjaldsskránni við byggingarbrjef leiguliða. Annars er ekkert fundið að afgjaldsskránni sjálfri, sem virðist vera rjett í alla staði og vottorðið því meinlaust með öllu, enda munu eigi þess konar vottorð tíðkast, nema í nokkrum umboðum hjer á landi. Þó að nú ákærði hefði átt að muna eptir því, er hann ritaði vottorð þetta 31. desbr. 1891, að ekkert manntalsþing var haldið að Sljettu vorið áður, virðist þó eigi eiga að skoða yfirsjón þá, er hjer er um að ræða sem ásetningsbrot af ákærða, heldur sem gert í athugaleysi eða af skeytingarleysi, enda gat honum ekkert gengið til þess að orða vottorðið eins og hann gerði eða með sama móti og á afgjaldsskránum fyrirfarandi ár.

VI. Þá hefur ákærði verið sakaður um að hafa eigi rannsakað nógu ítarlega ýmsar tollskyldar vörur, sem fluttust til Ísafjarðar árið 1891, svo og fyrir að hafa látið uppi röng vottorð um rannsókn á þeim, til að fylgja tollreikningi sínum nefnt ár. Hvað fyrra atriðið snertir, hefur það þótt vítaverð vanræksla af ákærða, að rannsaka eigi (o: mæla, vega eða telja) greindar vörur sjálfur, þar sem þær voru ónákvæmt tilgreindar á tollseðli eða vöruskrá, eða taldar þar meiri en móttökumenn vildu kannast við, en ákærði hefur látið nægja í þessum tilfellum æru- og samvizkuvottorð móttökumanna, jafnframt því sem hann kveðst hafa skoðað »faktúrur« eða innkaupsreikninga þeirra m. m. Það er reyndar ekki upplýst í málinu, hvaða kröfur landstjórnin hefur gert í þessu tilliti til tollheimtumanna sinna, eða sjerstaklega ákærða á fyrri árum hans, en

eptir vottorði bæjarfógetans í Reykjavík, sem fram hefur verið lagt í yfirdóminum, virðist þar hafa verið viðhöfð lík aðferð og ákærði hefur haft, án þess að að hafi verið fundið af endurskoðun eða úrskurðarvaldi, og þar sem nú ákvæði toll-laganna eru eigi vel glögg í þessu efni, en það verður, eptir því hvernig tollheimtunni er varið hjer á landi, að vera mjög undir álitum hlutaðeigandi tollheimtumanns komið, hve langt skuli farið í rannsókn tollskyldra vara, sem hlýtur ætíð að hafa nokkurn kostnað í för með sjer, þá verður eigi álitið, að sýnt hafi verið fram á, að ákærði hafi vanrækt skyldu sína að rannsaka hjer um ræddar vörur, enda er ekkert framkomið um, að tollheimta hans hafi reynzt röng. Hitt kæruatriðið er í því fólgið, að ákærði hafi látið uppi vottorð með tollreikningi sínum um ýmsar tollskyldar vörur »samkvæmt rannsókn«, án þess nokkur rannsókn á sjálfum vörunum hafi átt sjer stað, en ákærði hefur tekið það fram, að hann hafi með orðinu »rannsókn« átt við árangurinn af fyrgreindum eptirgrennslunum sínum (skoðun »faktúru«, æru- og samvizkuvottorð m. m.) um hinar tollskyldu vörur, þar sem ónákvæmni eða frábrigði áttu sjer stað í tollseðlinum eða vöruskránni, og þó að orðið »rannsókn« sje ekki vel heppilegt í þessu sambandi, þá verður eigi sagt, að vottorðin sjeu röng, þó að það sje viðhaft í þeim, eða að ákærði eigi að sæta ábyrgð fyrir svo löguð vottorð, sem, eins og áður hefur verið minnzt á, eigi hafa að sjálfu efni til verið vefengd hið minnsta.

VII. Þar sem ákærði hefur verið sakaður um ýmsa óreglu á bókun manntalsþinghaldanna vorið 1892 í Ögur- Reykjafjarðar- Nauteyrar- og Snæfjallahreppum í dómsmálabók Ísafjarðarsýslu, sjerstaklega að því er und-

irskript þingvottanna snertir, þá hefur ákærði skýrt svo frá, að þegar hann fór að heiman af Ísafirði til að þinga í greindum hreppum nefnt vor, og var kominn á þingið í Ögri, varð hann þess var, að dómsmálabók sýslunnar hafði orðið eptir heima hjá honum, en með því að eigi var tími til að senda eptir bókinni út á Ísafjörð, tók ákærði það ráð, að bóka þinghaldið á laust blað, sem hann svo ljet rjettarvottana undirskrifa. Sömu aðferð hafði hann síðan á næstu þrem þingunum, sem hann hjelt í sömu ferðinni, að bóka á laus blöð þinghöldin og láta rjettarvottana undirskrifa þau. Þegar ákærði síðan kom heim úr þingaferðinni, færði hann þinghöldin inn í dómsmálabókina og skrifaði kona hans, er las saman með honum þinghöldin, eptir að þau voru innfærð, nöfn þingvottanna eptir blöðunum í dómsmálabókina. Ekki eru þinghöldin í dómsmálabókinni nefnd eptirrit, og eigi hafa blöð þau, er þau hafa verið rituð eptir, komið fram í málinu, og hefur ákærði þó haldið því fram, að hann hafi skilað þeim af sjer með embættinu, sem öðrum fylgiskjölum með dómsmálabókinni, en engin rannsókn sjest hafa verið gerð þar að lútandi. Það er ekki framkomið neitt um, að bókunin á framantjeðum þinghöldum sje eigi að sjálfu innihaldinu til að öllu samkvæm því, er gerðist á þingunum, nema hvað nokkur óvissa er á um sætt nokkra út af skiprúmssvikum, er gerðist fyrir milligöngu ákærða, er hann þingaði í Unaðsdal (Snæfjallahreppi), hvort sætt þessi gerðist »á þinginu« sjálfu, eða eptir þinglok, eins og ákærði hefur haldið fram, en vitnisburðirnir um þetta atriði eru svo ónákvæmur og á reiki, að sögusögn ákærða virðist eiga að takast gild. — Svo hafa og allir þeir menn, er undir þinghöldin eru skrifaðir sem

vottar, kannazt við að hafa verið þingvottar við þinghöldin nema einn, Samúel Jónsson, og kennir ákærði það því, að hann hafi verið svo önnum kafinn á þinginu, að hann hafi eigi getað haft eptirlit með undirskriptunum, og muni nafnið hafa verið skrifað af einhverjum þar af misskilningi, án þess hann veitti því eptirtekt, og er þessi skýring ákærða eigi ótrúleg, þar sem hið sama hefur átt sjer stað á sama þinginu um undirskript manntalsbókarinnar, sem þó er vissa fyrir að var á þinginu, að hana hefur undirskrifað maður (Kolbeinn Jakobsson), er eigi var þingvottur, en einn af vottunum aptur gleymt að undirskrifa. Það sem nú sjerstaklega hefur verið talið vafasamt um þinghöld þessi, er það, hvort nokkur regluleg bókun á þeim hafi átt sjer stað *á þingstöðunum* á laus blöð, eins og ákærði hefur borið, og hvort þingvottarnir muni hafa undirskrifað þá bókun. Um þetta hefur ekkert orðið nægilega upplýst, því að þó að tveir af þingvottunum á Nauteyrarþinginu og einkum annar þeirra hafi fullyrt, að þeir hafi eigi skrifað undir bókun sýslumanns á þinghöldunum, nje gefið öðrum heimild til að gera það fyrir sína hönd, heldur hafi þeir að eins skrifað undir manntalsbókina, þá er eigi þar fyrir víst, að bókun hafi eigi, eins og ákærði hefur haldið fram, átt sjer stað á gerðum þinganna á þingstöðunum og verið undirskrifuð af hinum þingvottunum, enda hafa sumir þeirra einnig þótzt muna eða minna, að sýslumaður (ákærði) hafi bókað gerðir þinganna og að þeir hafi skrifað undir á tveim stöðum (þ. e. undir manntalsbókina og skráning á gerðum þingsins), og það verður eigi heldur talið mjög ólíklegt eptir þeirri óreglu, sem, eins og fram er komið í málinu og viðurkennt er af ákærða, átti sjer

stað með undirskriptir manna á þingunum hjá ákærða, að nöfn fyrgreindra votta, er eigi hafa kannazt við undirskript sína, hafi verið rituð af einhverjum öðrum óbeðið. Það verður þannig eigi álitið, að sönnun sje fram komin gegn því, að svo hafi farið að öllu um bókun á umræddum manntalsþingum, sem ákærði hefur frá skýrt, og verður hann því eigi sakaður um ranga bókun á gerðum þinga þessara. Það verður heldur eigi eptir því sem á stóð talið ákærða til áfellis, að hann bókaði umrædd þinghöld á laus blöð, en hann átti við innfærslu í dómsmálabókina að láta sjást, að það, sem þar var ritað, væri eptirrit, og sömuleiðis hefði hann átt að fá blöðin, er þinghöldin voru rituð á, löggilt af yfirboðurum sínum eptir á, eins og venja er til í líkum tilfellum, og hefur ákærði sýnt vanrækslu í þessu hvorutveggju, en einkum ber þó að telja það vítavert skeytingarleysi af ákærða, hve lítið eptirlit hann virðist hafa haft með því á hjer um ræddum þingum, að undirskriptir vottanna færu fram með reglu, en af þessu eptirlitsleysi hefur leitt, að 2 menn hafa undirskrifað á þinginu í Snæfjallahreppi, sem eigi voru þingvottar, annar manntalsbókina, en hinn sjálft þinghaldið, en hinir rjettu vottar aptur eigi skrifað undir.

VIII. Loks hefur ákærði verið grunaður um að hafa sýnt hlutdrægni sem skiptaráðandi í meðferð sinni á þrotabúi »Prentfjelags Ísfirðinga«, svo og fyrir ranga bókun á skiptarjettarhöldum í búi þessu.

Að því er í þessu tilliti snertir skiptarjettarhaldið 24. marz 1891 og úrskurð ákærða, er þá var uppkveðinn samkvæmt kröfu fjögra skuldareigenda um, að Prentfjelagið skyldi tekið til skiptameðferðar sem þrotabú, þá er engin sönnun fram komin fyrir því, að á-

kærði hafi átt hlut í skuld þeirri, er fjelagið var gert gjaldþrota fyrir, eða nokkra aðra skuld á hendur fjelaginu, og heldur eigi, að hann hafi verið á annan hátt svo bendlaður við málið, að ástæða sje til að ætla, að afskipti hans af málinu og sjerstaklega úrskurðurinn um þrotabúsmeðferð á eigum prentfjelagsins, þó að úrskurði þessum kynni að þykja í einhverju tilliti ábótavant, muni hafa stjórnazt af hlutdrægnislegum hvötum, og þó að tveir af þeim, er heimtuðu gjaldþrotaskipti á eigum fjelagsins hafi borið það fram fyrir rjetti, að fjelagið hafi verið gert gjaldþrota til þess að hafa not prentsmiðju þess við útgáfu blaðsins »Þjóðviljinn«, sem ákærði virðist hafa haft nokkur afskipti af, þá er framburður þessi svo óákveðinn um það, hverjir hafi haft nefndan tilgang — og vitnin þó eigi spurð nákvæmara út í það, eða þau borin saman við ákærða um það — að ekkert verður á honum byggt ákærða til áfellis, enda hafa þeir hinir sömu menn gefið yfirlýsingu um það síðar, sem lögð hefur verið fyrir yfirrjett af ákærða, að þeir hafi eigi átt við neinar persónulegar hvatir eða tilgang hjá ákærða með greindum framburði sínum. Það er heldur eigi nein sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hafi eigi í fyrgreindu skiptarjettarhaldi 24. marz 1891 getið þess í rjettinum, eins og bókað er í skiptabókinni, að partur hans í skuld þeirri, er tilefni gaf til gjaldþrotsins, væri orðin eign annars tilgreinds manns, og það verður ekkert á því byggt, þó að annar sá, er var rjettarvottur í það skipti, og maður, er var viðstaddur rjettarhaldið í öðru skyni, hafi borið, að þeir hafi eigi heyrt nefnda yfirlýsingu skiptaráðanda (ákærða), þegar litið er til þess, hve óljóst þeir muna annað, er framfór þá í rjettinum, enda voru liðin full

2 ár frá rjettarhaldinu, er þeir voru yfirheyrðir um þetta. Menn þessir hafa einnig síðar í yfirlýsingum, er fram hafa komið fyrir yfirdómi, lýst því yfir, að þeir hafi eigi með tjeðum framburði sínum viljað láta í ljósi annað eða meira en að þeir hafi ekkert munað um greint atriði.

Þá álítur undirdómarinn, að ákærði hafi (vísvitandi) bókað ranglega í skiptarjettarhaldi í þrotabúi prentfjelagsins 28. okt. 1891, að skuldasölusamningur um útistandandi skuldir prentfjelagsins, sem gerður hafði verið nokkru áður af skiptaráðanda að áskildu samþykki skiptafundar, hafi verið borinn undir samþykki skuldheimtumanna prentfjelagsins, er mættir voru, en það virðist eigi vera næg ásæða til að álykta svo, þó að nokkra af þeim, er viðstaddir voru rjettarhald þetta' hafi minnt, er þeir voru yfirheyrðir um það $1^1/_2$ ári síðar, að um skuldainnheimtusamning en ekki skuldasölusamning hafi verið að ræða á skiptafundi þessum, og það því síður, sem flestir þeirra hafa óljóst munað, hvað gerðist á skiptafundinum og sumir tekið fram, að þeir ekkert myndu um innihald samningsins, en hann er einmitt í skiptabókinni nefndur nauðsynleg ráðstöfun til innheimtu á skuldum prentfjelagsins. Einnig hafa allir þeir, er undir rjettarhaldinu standa, kannazt við nöfn sín undir því, og ýmsir þeirra sjerstaklega tekið fram, að þeir muni eigi hafa skrifað undir í athugaleysi. Þá verður það heldur eigi, af líkum ástæðum og greindar hafa verið hjer á undan, álitið sannað, að leigusamningur um prentsmiðjuna hafi eigi verið borinn undir samþykki skiptafundarins í þessu sama rjettarhaldi, eins og bókað er, þó að ýmsa af þeim, er viðstaddir voru rjettarhaldið, hafi minnt, að samningur

þessi hafi verið gerður (eigi að eins »samþykktur«) á skiptafundinum, því að það er hvorttveggja, að framburður flestra þeirra sýnir, að þeir mundu yfir höfuð óljóst það, er gerðist á fundi þessum $1^1/_2$ ári áður, enda hafa þeir lýst því yfir síðar, er þeir höfðu fengið að kynna sjer rjettarhaldið, eins og það var bókað, að þeir álitu það rjett í alla staði.

Þá hefur undirdómarinn álitið, að ákærði hafi misbeitt embættisvaldi sínu prentfjelagsstjórninni í óhag með því að leigja prentsmiðju fjelagsins í sept. 1891 um 2 eða jafnvel 3 næstu ár og þannig binda hendur prentfjelagsstjórnarinnar. En álit þetta byggist að eins á því er þeir 2 skuldheimtumenn prentfjelagsins, er áður er á minnzt, þar sem rætt er um skiptarjettarhaldið 24. marz 1891, hafa borið um tilgang með greindri ráðstöfun á prentsmiðjunni, en það má segja að öllu leyti hið sama um þennan framburð þeirra, sem framburð þeirra um tilganginn með þrotabúsmeðferð á prentfjelagseignunum, að ekkert verður á honum byggt, eins og hann liggur fyrir, og vísast til þess, sem að ofan segir þar um. Með því nú að það er upplýst aptur á móti, að ákærði gerði árangurlaust tilraunir til að koma prentsmiðju fjelagsins á leigu um skemmri tíma, áður hann tæki það ráð að leigja hana um 2–3 ár, og að þessi ráðstöfun virðist, eptir því sem upplýst er, eigi hafa verið fjelaginu skaðleg, heldur fremur til hags, þá virðist ákærði eigi geta álitizt hafa misbeitt embættisvaldi sínu prentfjelaginu í óhag, með því að hafa átt þátt í þessari ráðstöfun. Þess skal getið, að það er eigi rjett, er segir í dóminum, að prentsmiðjan hafi ekki verið afhent prentfjelagsstjórninni fyr en 25. ágúst 1892, því að prentfjelagsstjórninni var boðin hún þegar 22.

júlí næst á undan (sbr. fylgiskjal 4. y í aukarjettargjörðunum), þó hún vildi eigi taka við henni þá.

Loks hefur ákærði kannazt við að hafa vottað »notarialiter« neðan á skuldabrjef nokkurt á hendur prentfjelaginu, að þar til færð skuld væri rjett tilfærð »eptir endurskoðuðum og samþykktum reikningi Prentfjelags Ísfirðinga fyrir árin 1886—87 og eptir reikningum tjeðs prentfjelags fyrir fjelagsárin 1887—88 og 89«, og hafi hann þó eigi haft fyrir sjer reikninga þessa sjálfa, heldur að eins eptirrit af þeim, er hann sjálfur hafði tekið, er hann hafði þá undir hendi sem endurskoðunarmaður fjelagsins. Með þessari aðferð sinni verður þó eigi álitið, að ákærði hafi látið uppi rangt vottorð, enda var það að efni til að öllu leyti rjett, og það virðist jafnvel heldur eigi verða álitið, að hann hafi gert sig sekan í vítaverðu hirðuleysi, þó að hann byggði, eins og á stóð, á eptirriti, er hann sjálfur hafði ritað.

Samkvæmt því sem að framan er tekið fram í köflunum I, IV, V og VII álízt ákærði, sýslumaður og bæjarfógeti Skúli Thoroddsen, sem er fæddur 6. janúar 1859 og eigi hefur áður sætt ákæru eða verið dæmdur fyrir neitt lagabrot, hafa gerzt sekur í svo lagaðri vanrækt og hirðuleysi í embættisrekstri sínum, að hann fyrir það eigi að sæta refsingu samkvæmt 144. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing sú, er hann hefur tilunnið samkvæmt lagagrein þessari, hæfilega ákveðin 600 kr. sekt til landssjóðs, er afplánist með 60 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð. Svo ber ákærða og að greiða allan af málinu gegn honum bæði fyrir undir- og yfirrjetti löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og tveggja verjenda hans

fyrir yfirdóminum, er ákveðast 40 kr. til sækjandans og 30 og 10 kr. til verjendanna.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, sýslumaður og bæjarfógeti Skúli Thoroddsen greiði 600 kr. sekt í landssjóð eða sæti einföldu fangelsi í 60 daga, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð. Svo greiði hann og allan af máli þessu bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda fyrir yfirdóminum cand. jur. Hannesar Thorsteinson 40 krónur og til hinna skipuðu verjenda hans þar, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Eggerts Briem, respective 30 og 10 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 51/1893: Rjettvísin gegn Þorvaldi Jónssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur verði lagður á mál þetta virðist nauðsynlegt, að útvegaðar verði þær frekari skýrslur í málinu, er nú skal greina:

1. Nákvæm og ýtarleg skýrsla ákærða og annara, er

til þekktu, um kindaeign hans vorið 1892 og síðan, og um það, hvar og hvernig honum heimtust kindur hans haustið 1892.

2. Skýrsla Halls bónda Jóhannssonar í Garði um það, hvort ákærði fjekk á hjá honum vorið 1892, hvernig hún var í hátt, og hvort lembd eða ekki, svo og hvað hann hafi vitað um ána (og lambið) eptir að ákærði eignaðist hana.
3. Skýrsla ákærða um, hvers vegna hann tók lambið milli Lóns og Lækjar og á hverju hann byggði þá skoðun sína, að hann ætti það, hvort hann aðgætti mark á lambinu þá eða síðar, og hvenær hann varð var við, að hann átti ekki lamb þetta.
4. Skýrsla ákærða og húsbónda hans þáveranda um það, í hvaða erindum hann fór heiman að 10. okt. f. á., hvert hann ætlaði, og hve lengi hann gjörði ráð fyrir að vera burtu.
5. Skýrsla Guðmundar Guðmundssonar í Grænhól um kindur þær, er ákærði geymdi hjá honum, hve margar þær voru og hvernig í hátt og um mörk á þeim.
6. Ýtarlegri skýrsla ákærða og annara, ef unnt er, um á þá, er ákærði í rjettarhaldi 9. maí þ. á. kveðst hafa hitt í ferð sinni og slátrað á Sauðárkróki og selt þar fyrir brennivín og skildinga.
7. Þær aðrar frekari skýrslur og upplýsingar, er áðurtaldar skýrslur kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega ofangreindar

frekari skýrslur til upplýsingar máli þessu svo fljótt sem unnt er.

Nr. 16/1893: Eigendur Hofs í Öræfum
gegn
Ólafi presti Magnússyni fyrir hönd Sandfellskirkju.

Dómur:

Í máli þessu, sem í hjeraði var rekið sem landamerkjamál, var kveðinn upp landamerkjadómur Skaptafellssýslu hinn 21. apríl 1892. Dómi þessum hafa eigendur Hofs í Öræfum skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 21. apríl 1893. Eins og hinir stefndu hafa tekið fram, verður þannig að álíta, að áfrýjunarfrestur hafi verið útrunninn samkvæmt landamerkjalögum 17. marz 1882, 12. gr., sbr. kgsbrjef 19. desbr. 1749, þegar áfrýjunarstefna var tekin út, og verður því að frávísa sökinni. Eptir þessum úrslitum málsins virðist rjett að áfrýjendurnir greiði hinum stefnda upp í málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr. og er þar í fólgið málsfærslukaup til hins skipaða verjanda, Páls Einarssonar, 12 krónur. Í hjeraði, þar er báðir málspartar höfðu fengið gjafsókn, hefur málsfærslan verið vítalaus, og fyrir yfirdómi, þar er hinn stefndi hafði gjafvörn, hefur málið verið forsvaranlega varið af hans hendi.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Upp í málskostnað greiði áfrýjendurnir hinum stefnda þrjátíu

—30— krónur, og eru þar í fólgnar 12—tólf— krónur sem málsfærslukaup til hins skipaða talsmanns hans, sýslumanns Páls Einarssonar, og ber að greiða málskostnaðinn innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Hæstarjettardómar hæstarjettar-árið 1893-94.

Föstudaginn 14. aprílmán. 1893.

Nr. 174. Hæstarjettarmálaflutningsmaður Asmussen

gegn

Jóni Sigurðssyni (verjandi: Hansen),

sem ákærður er fyrir manndráp með ráðnum huga.

Aukarjettardómur Þingeyjarsýslu 3. sept. 1892:

Hinn ákærði Jón Sigurðsson frá Mýri í Bárðardal á að sæta lífláti. Svo ber honum og einnig að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal 6 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns, hreppstjóra Þorbergs Þórarinssonar í Sandhólum. — Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirrjettar 24. okt. 1892:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á, að því hina ídæmdu refsingu snertir, að vera óraskaður. Hinn ákærði Jón Sigurðsson greiði allan í málinu fyrir 12. okt. f. á. áfallinn kostnað, svo og áfallinn og áfallandi kostnað málsins frá 3. sept. þ. á., þar með talin málsvarnarlaun í hjeraði, 6 kr., til hreppstjóra Þorbergs Þórarinssonar og málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumanns Páls Einarsonar og cand.

jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra. — Hjeraðsdómarinn, sýslumaður Benedikt Sveinsson, greiði allan kostnað, sem leitt hefur af málinu frá 12. okt 1891 til 3. sept. þ. á. — Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Samkvæmt ástæðum þeim, er tilgreindar eru í hinum áfrýjaða dómi og sem ekkert verulegt finnst að athuga við

dæmist rjett að vera:

Dómur landsyfirdómsins á að vera óraskaður. Í málflutningslaun fyrir hæstarjetti greiðir ákærði Jón Sigurðsson hæstarjettarmálaflutningsmönnunum Asmussen og Hansen 40 krónur hvorum.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í þessu bindi Dómasafnsins á bls. 286—289.

Fimmtudaginn 18. maímán. 1893.

Nr. 195. Nellemann advokat

gegn

Andrjesi Guðmundi Jóhannessyni og Þórunni Guðmundsdóttur (verjendur: Asmussen fyrir hann og Bagger fyrir hana),

sem ákærð eru: hann fyrir sifjaspell og nauðgun og hún fyrir sifjaspell.

Aukarjettardómur Eyjafjarðarsýslu 31. ágúst 1892: Hinn ákærði Andrjes Guðmundur Jóhannesson, sem

nú er til veru í fangahúsinu á Akureyri, á að sæta 9 ára typtunarhússvinnu og borga allan af þessu máli leiðandi kostnað. — Hin ákærða Þórunn Guðmundsdóttir í Saurbæ á að vera sýkn af ákæru rjettvísinnar í þessu máli. Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirrjettar 19. desbr. 1892:

Ákærði Andrjes Guðmundur Jóhannesson sæti 10 ára typtunarhússvinnu og greiði allan af máli þessu svo og af varðhaldi sínu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun í hjeraði til Björns amtsskrifara Árnasonar, 6 kr., og málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra. — Hin ákærða Þórunn Guðmundsdóttir á að vera sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli. — Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Samkvæmt ástæðum þeim, er tilgreindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, þó þannig, að hegningartímann þykir eiga að stytta, svo að hann verði 8 ár.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur landsyfirrjettarins á óraskaður að vera, þó svo, að hegningartíminn verði 8 ár. Í málsfærslulaun fyrir hæstarjetti greiðir ákærði Andrjes Guðmundur Jóhannesson Nellemann advokat og

hæstarjettarmálaflutningsmönnunum Asmussen og Bagger 30 krónur hverjum.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í þessu bindi Dómasafnsins á bls. 300—302.

Mánudaginn 13. nóembermán. 1893.

Nr. 32. Verzlun B. Muus & Co. (Halkier).

gegn

landsbankanum í Reykjvík eða fyrir hans hönd framkvæmdarstjóra hans justitiarius Sveinbjörnsson, og bæjarfógeta í Reykjavík H. Daníelssyni sem skiptaráðanda í búi J. O. V. Jónssonar heitins kaupmanns fyrir hönd búsins (Klubien fyrir báða hina stefndu)

út af kröfu um veðrjett á hendur dánarbúi.

Skiptarjettarúrskurður Reykjavíkur kaupstaðar 23. maí 1891:

Krafa B. Muus & Co. um veðrjett í bökunarhúsi búsins verður eigi tekin til greina, og skal hin framlagða skuldaskrá óbreytt að því er snertir skuldalið III, 3.

Dómur hins íslenzka landsyfirrjettar 24. ágúst 1891:

Hinn áfrýjaði skiptarjettarúrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjandi, B. Muus & Co., greiði framkvæmdarstjóra landsbankans í Reykjavík 40 kr. í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Eptir almennum reglum hlaut bökunarhús það, er

ræðir um í hinum áfrýjaða dómi og sem eigandinn byggði á hinni veðsettu lóð nr. 5, að álítast heyra undir veðið, nema öðru vísi hefði sjerstaklega verið umsamið. Því fer nú svo fjarri, að slíkur samningur verði leiddur út úr veðbrjefinu 10. apríl 1886, er getur um í dómnum að það liggur einmitt beinast við að skilja veðbrjef þetta svo, að með því sje heimilað að hús, er kynnu að verða byggð á hinum veðseta hluta lóðarinnar nr. 5, skyldu á sama hátt falla undir veðið, sem hús, er byggð yrðu á nr. 4. Með orðum þeim í veðbrjefinu, að nokkur hluti lóðarinnar nr. 5 heyri undir veðið, verður nefnilega að álíta gefið til kynna, að ákvarðanirnar rjett á undan um aðalhluta veðsins, lóðina nr. 4, skuli einnig eiga við um nr. 5.

Með því að álíta verður samkvæmt þessu, að áfrýjandinn hafi haft veðrjett í ofannefndu bökunarhúsi, verður skuldakrafa sú, er hann hefur lýst í búið, að eiga forgöngurjett fyrir skuldakröfu landsbankr ans samkvæmt skuldabrjefi 23. sept. 1889.

Málskostnaður fyrir yfirrjetti og hæstarjetti þykir eptir atvikum rjett að falli niður.

Því dæmist rjett að vera.

Áfrýjandinn, verzlun B. Muus & Do. á að eiga forgöngurjett fyrir skuldakröfu hins stefnda landsbanka samkvæmt skuldabrjefi 23. sept. 1889 til að njóta borgunar af söluandvirði bökunarhúss þess, er ræðir um í málinu, upp í skuld þá, er verzlunin hefur lýst í búinu samkvæmt veðbrjefi 10. apríl 1886 með árituðu afsali 11. marz 1887.

Málskostnaður fyrir yfirrjetti- og hæstarjetti fellur niður. Í dómsmálasjóð greiði hinir stefndu 10 krónur.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í þessu bindi Dómasafnsins á bls. 149—151.

Landsyfirrjettardómar 1894.

Mánudaginn 8. janúarmánaðar.

Nr. 52/1893: Hið opinbera
gegn
Þórði Guðmundssyni á Neðra-Hálsi
og Þórði Guðmundssyni í Glasgow
í Reykjavík.

Dómur:

Með dómi gengnum fyrir lögreglurjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 25. sept. f. á. voru hinir kærðu, Þórður hreppstjóri Guðmundsson á Neðra-Hálsi í Kjós og Þórður Guðmundsson í Glasgow í Reykjavík, dæmdir fyrir ólöglega laxveiði í Laxvogi í Kjós á síðasta sumri hvor um sig í 30 kr. sekt, að hálfu til sveitarsjóðs Kjósarhrepps, að hálfu til uppljóstrarmanns, Þorkels prests Bjarnasonar á Reynivöllum; svo voru og tvær kálfanætur með tilheyrandi fyrirstöðunetum, er þeir höfðu notað til veiðinnar, dæmdar upptækar, og skyldi andvirði þeirra renna í sveitarsjóð Kjósarhrepps. Loks voru þeir dæmdir til einn fyrir báða og báðir fyrir einn að greiða allan kostnað af málinu.

Þessum dómi hefur að beiðni hinna dómfelldu verið skotið til landsyfirdómsins.

Það er sannað í málinu, að hinir kærðu hafa síðasta sumar lagt 2 kálfanætur í Laxvogi, aðra norðanvert, en hina sunnanvert í vognum, til þess að veiða lax í þeim. Út í Laxvog rennur á, nefnd Laxá. Ármynnið sjálft er 116 faðma frá þeim stað, er efri kálfanótin var höfð á; breidd vogsins með aðföllnum sjó er, þar sem nyrðri nótin lá, 240 faðmar, en 169 faðmar þar sem syðri nótin lá, en nyrðri lögnin náði frá landi út 38 faðma, en syðri nótin 37 faðma. Næturnar lágu ekki andspænis hvor annari. Um flóð fyllist allur vogurnn af sjó og nær alveg upp að árós, og jafnvel rennur sjór inn í ána. Þegar út fellur, kvíslast áin um leirurnar í vognum í 3 kvíslar, og er sú nyrzta mest 2—3 fet á dýpt, en hinar mjög litlar, miðkvíslin $^1/_2$ fet, en syðsta kvíslin að eins $^1/_{10}$ til $^1/_5$ úr feti, og þegar áin er lítil, hverfur hún svo að segja með öllu. Þegar fallið var út úr vognum, lágu næturnar á þurru, en er kominn var sjór í voginn, voru næturnar settar frá landi útí voginn svo langt sem áður segir. Það virðist upplýst í málinu, að lax gangi ekki upp í ána fyr en sjór er fallinn í voginn.

Eptir því sem til hagar í Laxvogi og með því að kærðu höfðu eigi netin dregin fyrir, nema eptir að sjór var fallinn inn í allan voginn, álízt veiði þeirra eiga að skoðast sem veiði í sjó. Um þá veiði segir svo í lögum um friðun á laxi 19. febr. 1886, 3. gr. »Eigi má leggja net eða veiðivjel úti fyrir ósamynnum í stöðuvötn eða sjó, þar sem lax gengur, svo för hans sje hindruð«. Þessi ákvæði verða eigi skilin öðru vísi en svo, að með þeim sje bönnuð sjerhver tálmun, sem

laxinum er gjörð að ganga upp í ána með netum eða veiðivjelum. Með því að leggja hinar umræddu kálfanætur, hafa nú kærðu lagt slíka tálmun fyrir göngu laxins upp í ána, og verður því að fallast á álit undirdómarans, að þeir hafi orðið brotlegir gegn tjeðri grein ofannefndra laga. Þykir sekt sú, er hann hefur ákveðið hinum kærðu, hæfilega há, og með því að fallast verður og á ákvæði dómsins um upptöku hinna ólöglegu veiðivjela og um málskostnaðinn, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í heild sinni. Svo ber hinum kærðu og að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun hins skipaða sækjanda og verjanda þar, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á óraskaður að standa. Hinir kærðu, Þórður hreppstjóri Guðmundsson á Hálsi og Þórður Guðmundsson í Glasgow í Reykjavík, greiði in solidum allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og setts yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 46/1893: E. Egilsson fyrir hönd Eiríks Magnússonar
gegn
Birni Jónssyni og bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni.

Dómur:

Mál þetta er í hjeraði höfðað af áfrýjandanum E. Egilsson í Reykjavík fyrir hönd háskólabókavarðar Eiríks Magnússonar í Cambridge gegn stefnda ritstjóra Ísafoldar Birni Jónssyni fyrir meiðandi ummæli um hann í grein með yfirskriptinni »Gorgeirsmóðan Cambridgska« í blaðinu Ísafold, 45. tölublaði 19. árgangs, er út kom 4. júní 1892, svo og í nokkrum eldri tölublöðum sama blaðs, og var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 27. apríl 1893 þannig, að ummæli þau í hinum átöldu tölublöðum, er meiðandi eða móðgandi þóttu vera fyrir áfrýjanda, voru dæmd dauð og ómerk, og stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 20 kr. í málskostnað, en að öðru leyti sýkn dæmdur af kröfum áfrýjanda í málinu.

Þessum dómi hefur Eiríkur Magnússon skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 11. okt. 1893, og krafizt þess, að rjettarkröfur þær, er hann gerði fyrir undirrjettinum, verði að öllu leyti til greina teknar, en þær af kröfum þessum, er álitsmál getur orðið um, voru, að stefndi yrði dæmdur í sektir eða fangelsi og að hann yrði skyldaður til að greiða áfrýjanda 10,000 kr. í gulli fyrir tort og álitsspjöllun; þá hefur hann og krafizt, að undirdómarinn í málinu, hinn stefndi bæjarfógeti Halldór Daníelsson, verði fyrir dóm sinn dæmdur samkvæmt 124. gr. hinna almennu hegningarlaga,

að sjer verði tildæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum með 200 kr., eða annari þeirri upphæð, er rjettinum þyki hæfa, og að endingu, að justitiarius L. E. Sveinbjörnsson víki úr sæti í yfirdóminum í máli þessu. Hinn stefndi Björn ritstjóri Jónsson hefur aptur á móti krafizt þess, að undirrjettardómurinn verði staðfestur og að sjer verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi hjá áfrýjanda með 50 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati dómsins. Hinn stefndi bæjarfógeti hefur krafizt þess, að málsfærslumaður áfrýjandans E. Egilsson verði fyrir hans hönd dæmdur til að greiða sjer hæfilegan málskostnað eptir mati yfirdómsins.

Það skal þegar tekið fram, að það þykir eigi vera nein ástæða til að justitiarius L. E. Sveinbjörnsson víki úr dómarasæti í máli þessu, eins og áfrýjandi hefur krafizt, þótt hann áður hafi verið framkvæmarstjóri landsbankans og meiðyrðin, sem átalin eru í máli þessu, sjeu fram komin í ritdeilu um fyrirkomulag landsbankans.

Orð þau og ummæli, er áfrýjandinn hefur talið meiðandi fyrir sig í blaðinu Ísafold og sem mál þetta var höfðað út af, eru þessi:

1. Í tölublaðinu 4. júní 1892: »hin alræmda gorgeirselfur frá bankavitringnum í Cambridge«, »jafn-leirug hefur hún allt af verið, enginn sjeð þar botn, sjálfur meistarinn sízt allra«, »sami leirinn bæði undir og ofan á, eintómur leir og froða«, »útreiðin, sem hann bakaði sjálfum sjer, hin gjörsamlega kaffæring alls trausts og álits frá fornu fari«, »því meiri endileysu hefur enginn menntaður maður óbrjálaður frá sjer látið nokkurn tíma«, »allt, sem meistarinn hefur spúið úr sjer«, »bull«, »moldarflagsflæmi af Bakkabræðra-spek-

inni meistarans«, »hið alræmda skýatildur af fölskum ályktunum, bíræfnum rangfærslum, hraparlegum meinlokum«, »hefur verið sundurtætt fyrir löngu bæði í Ísafold o. s. frv.«, »hin sívellandi lokleysa«, »meinguð æruleysis getsökum og smánaryrðum um flesta, er höfundurinn telur við riðna mál þetta, einkum »svikamyllu-farganið«, er hann nefnir svo: landsstjórnina, alþingismenn og blaðamenn«, »lokleysum og óhróðri meistarans«, »allan sinn óhemjulega, gjörsamlega ástæðulausa óhróður«, »bankamálsskömmum«.

2. I tölublöðum Ísafoldar 22. marz, 1, 4. og 15. októbr. 1890 og 18. apríl 1891: »Svikamyllan . . . Það er heilinn á herra E. M. . . . Það er sú svikamylla, sem nú er hjer um bil búin að mala í kaf það álit og traust o. s. frv.«, »blöð vor hafa viljað forða honum við þeim óvinafagnaði, að láta þessa hina frámunalegu meinloku-dellu hans sjást á prenti«; »það er . . . Lögberg, sem honum hefur tekizt að láta glæpast á sjer . . . Það er allt löðrandi í dellu þessari, kryddað megnustu illkvittnisgetsökum og óhróðri um þá menn hjer o. s. frv.«; »hið herfilega tál, sem svikamyllukenningin er grundvölluð á«; »hin alræmda svikamyllukenning átti ekkert skylt við náttúrlega skynsemi, náttúrlegt hugsunarlögmál eða neitt náttúrulögmál yfir höfuð«. »Það var engin heil skynsemisbrú í allri svikamyllukenningunni«; »gegnum allan þann hugsunarvillu-hrærigraut, sem allar svikamyllugreinar »meistarans« samanstanda af o. s. frv.«; »hvað skyldi þurfa . . . að hella úr sjer mikilli dellu til þess að verða dæmdur ekki með öllum mjalla«; »Meistaranum getur ekki annað gengið til . . . en að fá dóm fyrir því, að hann sje brjálaður. Hví skyldi honum eigi takast að

fá slíkan dóm áður lýkur? Ekki bara dóm almenningsins eða almenningsálitsins«; »vill láta landssjóð blátt áfram stela þeim«.

Að því er kemur til hinna síðasttöldu ummæla í Ísafold 22. marz, 1., 4. og 15. okt. 1890 og 18. apríl 1891, þá er það rjettilega tekið fram í undirdóminum, að ábyrgð til hegningar fyrir þau ummæli er burtu fallin samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna, þar sem sök þessi var eigi höfðuð fyr en 16. nóvbr. 1892 eða rúmum 3 missirum eptir að ummælin birtust á prenti; svo ber og samkvæmt afstöðu málsins fyrir yfirrjettinum að standa óhögguð ómerking sú, er undirdómarinn hefur dæmt á nokkrum af ummælum þessum, en hins vegar virðist eigi ástæða til að ómerkja fleiri orð og ummæli í blöðum þessum en undirdómarinn hefur gjört. Það ber þannig að dæma dauð og ómerk þessi orð og ummæli í greindum tölublöðum Ísafoldar: »heilinn á herra E. M. . . . Það er sú svikamylla, sem nú er hjer um bil búin að mala í kaf það álit og traust«; »þessa hina frámunalegu meinlokudellu hans«; »löðrandi í dellu þessari«: »hugsunarvillu-hrærigraut«; »hvað skyldi þurfa að hella úr sjer mikilli dellu«; »meistaranum getur ekki annað gengið til en að fá dóm fyrir því, að hann sje brjálaður. Hví skyldi honum eigi takast að fá slíkan dóm áður lýkur«; »vill láta landssjóð blátt áfram stela þeim«.

Að því er snertir greinina í Ísafold 4. júní 1892 með yfirskriptinni »Gorgeirsmóðan Cambridgska«, þá er hún lýsing eða dómur stefnda um ritgjörðir áfrýjandans um bankamál Íslands, og þó að stefndi fari þar lítilsvirðandi orðum um ritgjörðir þessar og skoðanir þær, er áfrýjandi hefur látið þar uppi, þá varðar það

eigi við lög, enda sýnir og greinin sjálf, hvílíkar fjarstæður ritgjörðir þessar hafa innihaldið, svo sem að landshöfðingi, ráðgjafi, þingmenn og ritstjórar landsins hafi gjört samsæri við Gyðinga í Kaupmannahöfn um að svíkja í ágóðaskyni allt Ísland, með fyrirkomulagi bankans, í hendur Gyðinga eður Danmerkur. En að því leyti, sem í greininni er einstaka orð, svo sem »bíræfnum rangfærslum«, sem geta talizt meiðandi fyrir áfrýjandann, þá hefur stefndi sannað, að áfrýjandi hefur viðhaft um hann áður í ritgjörðum sínum meiðyrði, sem geta jafnazt fullkomlega við hin umstefndu meiðyrði, svo sem meðal annars þar sem áfrýjandi segir um stefnda í Heimskringlu 4. nóv. 1891, að hann leitist við með öllum færum ritlegs siðleysis að leiða og vjela athygli manna og nefnir hann flugnahöfðingja, og virðist rjett að láta hjer umrædd meiðyrði fallast í faðma, svo að krafa áfrýjanda um hegningu á hendur stefnda verði eigi tekin til greina. Hvað ómerkingu á ummælum stefnda í greininni snertir, hefur undirdómarinn dæmt dauð og ómerk þessi orð og ummæli í henni: »hefur spúið úr sjer«, »bull«, »moldarflagsflæmi af Bakkabræðra-spekinni«, »sívellandi«, »alræmda«, »bíræfnum rángfærslum«, og stendur sú ómerking óhöggvuð, en eigi er ástæða til að taka til greina kröfu áfrýjanda um ómerking fleiri orða og ummæla í greininni. Fyrir »tort og álitsspjöllun« er engin ástæða til að dæma áfrýjanda neinar skaðabætur hjá stefnda.

Samkvæmt því, er tekið hefur verið fram, ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því aðalefni hans snertir, og með því að yfirdómurinn fellst einnig á málskostnaðarákvæði hans, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Að því er snertir kröfu áfrýjanda um á-

byrgð á hendur undirdómaranum fyrir dóm hans í málinu, þá er engin átylla fyrir þeirri kröfu hans. Þó verður undirdómaranum eigi tildæmdur málskostnaður í málinu, þar sem hann hefur að eins krafizt hans hjá málsfærslumanni áfrýjanda, en staða hans í málinu er eigi slík, að heimild sje til að dæma hann til málskostnaðargreiðslu.

Eptir úrslitum málsins er rjett að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega ákveðinn 30 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á óraskaður að standa. Sem málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, háskólabókavörður í Cambridge Eiríkur Magnússon, hinum stefnda, ritstjóra Birni Jónssyni í Reykjavík, 30 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 40/1893: Hreppsnefnd Vindhælishrepps
gegn
forstöðunefnd kvennaskólans á Ytri-Ey.

Dómur:

Haustið 1892 lagði hreppsnefnd Vindhælishrepps 20 króna aukaútsvar til hreppsins á kvennaskólann á Ytri-Ey, sjerstaklega á afgjald fasteignar skólans og arð af fæðissölu til námsmeyjanna, en forstöðunefnd skólans færðist undan að greiða gjald þetta. Fór þá hreppsnefndin þess á leit við hlutaðeigandi sýslumann, með

brjefi dags. 2. febr. 1893, að hann tæki útsvarsupphæðina lögtaki, en hann neitaði því með úrskurði, kveðnum upp í fógetarjetti Húnavatnssýslu 22. apríl næst á eptir.

Greindum fógetarjettarúrskurði hefur nú hreppsnefnd Vindhælishrepps skotið til yfirdómsins, að fenginni gjafsókn fyrir yfirdómi og skipuðum málsfærslumanni, með stefnu dags. 30. ágúst f. á., og krafizt þess að úrskurðinum verði hrundið, og fógetinn skyldaður til að framkvæma hina umbeðnu lögtaksgjörð og að hin stefnda forstöðunefnd verði skylduð til að greiða allan af áfrýjuninni, leiðandi kostnað svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða málsfærslumanns hreppsnefndarinnar. Af hálfu hinnar stefndu forstöðunefndar, sem fengið hefur gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaðan málsfærslumann, hefur þess aptur á móti verið krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, svo sem væri það eigi gjafsóknarmál, og hæfileg málsfærslulaun handa hinum skipaða talsmanni.

Kvennaskólinn á Ytri-Ey, sem umrætt útsvar er lagt á, er eign Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna, og er lagt til hans fje á ári hverju úr opinberum sjóðum, hlutaðeigandi sýslusjóðum, jafnaðarsjóðum og landssjóði, til þess hann geti unnið hlutverk sitt, sem er að veita námsmeyjum nauðsynlega menntun til munns og handa með sem vægustum kjörum. Með því nú að kjör þau, er námsmeyjar sæta á skólanum, eru, eptir því sem upplýst er, svo væg hvað borgun snertir, bæði skoðuð í heild sinni, og eins fæðissalan út af fyrir sig, að kólinn gæti eigi staðizt þann kostnað, er af því leiðir,

án styrks þess, er hann nýtur af opinberu fje, þá getur eigi komið til mála, að telja skólann til arðsamra stofnana eða fyrirtækja, er lagt verði á aukaútsvar til sveitar samkvæmt lögum nr. 12, 9. ágúst 1889. Það verður því að fallast á það, að fógetinn með hinum áfrýjaða úrskurði neitaði að taka lögtaki útsvar það, er hjer um ræðir, og ber því að staðfesta greindan úrskurð. Eptir atvikum þykir rjett, að áfrýjandinn greiði stefndu sem málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr., og er þar í innifalið málsfærslukaup hins skipaða málsfærslumanns hennar, er ákveðst 12 kr. fyrir yfirdómi. Hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda verða eigi dæmd nein málsfærslulaun eptir úrslitum málsins.

Það vottast, að málsfærslan fyrir yfirdómi hefur af hendi beggja hinna skipuðu málflutningsmanna málsaðilanna verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjandinn, hreppsnefnd Vindhælishrepps, greiði stefndu, forstöðunefnd kvennaskólans á Ytri-Ey, sem málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr., þar með talið málsfærslukaup tii hins skipaða talsmanns stefndu fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 12 krónur, og lúkist málskostnaðurinn innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 42/1893: Anna Þorsteinsdóttir
gegn
Kristni Ólafssyni.

Dómur:

Með dómi bæjarþings Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 3. ágúst f. á., var stefndi Kristinn Ólafsson dæmdur til að greiða áfrýjanda Önnu Þorsteinsdóttur 433 kr. 5 aura með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 10 kr. í málskostnað. Áfrýjandinn hefur skotið málinu til yfirdómsins, til staðfestingar, og krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað eptir mati rjettarins. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt, að verða sýknaður og að áfrýjandi verði dæmd til að borga málskostnað fyrir yfirdómi.

Með því að stefndi hefur eigi gagnáfrýjað málinu, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfesting hins áfrýjaða dóms til greina, svo og kröfu hennar um málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Hinn stefndi, Kristinn Ólafsson, greiði áfrýjanda, Önnu Þorsteinsdóttur, 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 15. janúarmánaðar.

Nr. 60/1893: Hið opinbera
gegn
Gísla Jónssyni, Benedikt Pálssyni og Jóhannes Hansen.

Dómur:

Með lögreglurjettardómi Reykjavíkur 27. nóv. f. á. voru hinir kærðu, búðarmaður Gísli Jónsson sem formaður fjelagsins »Artemis«, Benedikt prentari Pálsson sem formaður ungtemplarastúku Goodtemplarafjelagsins og verzlunarstjóri Jóhannes Hansen sem formaður Verzlunarmannafjelags Reykjavíkur, dœmdir fyrir brot gegn helgidagatilskipuninni 28. marz 1855, 9. gr., í 5 kr. sekt hver til fátækrasjóðs Reykjavíkur og til að greiða kostnað málsins hver að þriðjungi. En dómi þessum er eptir ósk hinna kærðu áfrýjað til yfirdómsins.

Það skal þegar tekið fram, að þó að 1. yfirdómari Kristján Jónsson. hafi sem settur amtmaður fyrirskipað málshöfðun þessa, til þess að skorið yrði úr því með dómi, hvort brotið hafi verið gegn helgidagatilskipuninni, 9. gr., þá hefur hann eigi þar fyrir haft þau afskipti af málinu, að ástæða sje til, að hann víki úr dómarasæti í því, eins og krafizt hefur verið af hálfu hinna kærðu.

Samkvæmt eigin játningu hinna kærðu, sem hafa kannazt við að vera rjett stefndir til að svara til sakar fyrir fjelög þau, er þeir eru formenn fyrir, hjelt fjelagið Artemis og ungtemplarastúka Goodtemplarafjelagsins dansleiki laugardagskvöldið 28. okt. f. á., og var dansleikur fjelagsins Artemis í privathúsi hjer í bænum og stóð fram á sunnudagsnóttina, en dansleikur ung-

templarastúkunnar var haldinn í samkomuhúsi Good-templara hjer í bænum, og stóð til miðnættis. Sömuleiðis hjelt Verzlunarmannafjelag Reykjavíkur dansleik laugardagskvöldið 11. nóv. f. á. á hotel »Reykjavík« hjer í bænum, er stóð fram á sunnudagsnóttina. Í öllum dansleikjunum tóku að eins þátt fjelagsmenn sjálfir og gestir þeirra. Með því nú að það er bannað í 9. gr. helgidagatilskipunarinnar að halda nokkra dansleiki daginn fyrir sunnu- og helgidaga lengur en í mesta lagi þangað til einni stundu fyrir miðnætti, og eigi virðist hægt að leggja þann skilning í orð laganna, að þar sje eigi einnig átt við dansleiki, er fjelög halda handa meðlimum sínum einum, þá er það rjett, að undirdómurinn hefur dæmt hina kærðu í sekt fyrir helgidagsbrot, og með því að upphæð sektarinnar þykir hæfilega ákveðin í undirrjettardóminum og ekkert er að athuga við málskostnaðarákvæði hans, ber að staðfesta dóminn í heild sinni. Svo ber kærðu og að greiða einn fyrir alla og allir fyrir einn allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Við rekstur málsins í hjeraði athugast, að brot þau sem ræðir um í málinu, og sem ekki stóðu í neinu sambandi hvort við annað, átti að fara með og dæma hvert út af fyrir sig í máli sjer, og var ekkert, sem rjettlætti afbrigði frá almennum rjettarfarsreglum í því tilliti. Þó hefur eigi þótt ástæða til að ómerkja dóminn af þeim sökum. Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus, og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera óraskaður. Hinir kærðu Gísli Jónsson, Benedikt Pálsson og Jóhannes Hansen greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinsson og setts yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 54/1893: Rjettvísin gegn Magnúsi Ólafssyni.

Úrskurður:

Áður en fullnaðardómur verður lagður á þetta mál, er nauðsynlegt, að útvegaðar sjeu þær skýrslur, er nú skal greina:

1. Hvort ákærði hafi búizt við að geta endurborgað lánin út á ábyrgðarbrjefin og á hverju hann hafi byggt þá von sína.
2. Hvort ákærði hafi sumarið 1892 átt nokkurn fisk, og ef svo er, hve mikinn og hvers virði, og hvað hann hafi gjört við hann.
3. Hvort Hermann Jónsson hafi greitt Knudtzons verzl-

un í Keflavík alla upphæðina, 59 kr. 88 aur., sem ákærði tók út fyrir eptir ábyrgðarbrjefunum.

4. Hvort Hermann Jónsson hafi fengið þessa upphæð endurgreidda hjá ákærða annaðhvort að öllu leyti, eða að hve miklu leyti.
5. Hvers vegna Hermann Jónsson hafi greitt það, eða meiri hluta af því, sem ákærði tók út, til verzlunarinnar, þó að honum ekki bæri nein skylda til þess.
6. Hvar drengurinn Jón Magnússon hafi verið veturinn 1892—1893.
7. Hvers vegna svo langur dráttur hefur orðið á málinu.

Svo ber og að útvega aðrar þær skýrslur, er hinar heimtuðu skýringar kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega framangreindar skýrslur svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 22. janúarmánaðar:

Nr. 28/1893: Fjörueigendur í Hvamms- og Dyrhólahreppum gegn Guðlaugi Guðmundssyni sýslumanni.

Dómur:

Með yfirrjettarstefnu, útgefinni 11. júlí 1893, hafa eigendur og umráðamenn rekafjaranna í Hvamms- og Dyrhólahreppum í Vestur-Skaptafellssýslu: Halldór Jónsson, Markús Loptsson, Klemens Klemensson, Egill

Gunnsteinsson, Finnbogi Einarsson, Þorsteinn Jónsson, J. Jónsson, Þorsteinn Árnason, Einar Brandsson, Andrjes Andrjesson, Ingveldur Árnadóttir, Jón Þorsteinsson, Anna Stephánsdóttir, Jón Pálsson, Árni Högnason, Einar Finnbogason, Vilborg Magnúsdóttir, Gottsveinn Oddsson, Jón Einarsson, Jón Þorsteinsson, Jón Ólafsson, Grímur Sigurðsson og Ólafur Pálsson áfrýjað til landsyfirdómsins uppboðsúrskurði uppboðsráðandans í Skaptafellssýslu, er kveðinn var upp 17. apríl f. á. svo hljóðandi: »hin framkomnu mótmæli gegn þessu uppboði verða ekki til greina tekin«; svo hafa þeir og áfrýjað uppboði því, er fram fór eptir að úrskurður þessi var upp kveðinn. Fyrir yfirrjettinum hafa áfrýjendurnir gjört þá rjettarkröfu, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og uppboð það dæmt ómerkt, er framfór sama dag eptir honum, og að stefndi sýslumaður Guðl. Guðmundsson verði fyrir hönd þess opinbera dæmdur til að greiða áfrýjendunum, hverjum þeirra að rjettri tiltölu, söluverð reka þess, sem seldur var á nefndu uppboði, svo og málskostnað eptir mati rjettarins. Loks hafa áfrýjendurnir krafizt þess, að yfirdómari Kristján Jónsson víki úr dómarasæti sínu í málinu, þareð hann sem settur amtmaður hafi í brjefi til sýslumannsins í Skaptafellssýslu, dags. 20. marz f. á., látið í ljósi það álit um skilning hjer að lútandi laga, er færi í bága við rjettindi þeirra, og mælt fyrir um meðferð rekans samkvæmt því. Að vísu bera málsskjölin það með sjer, að yfirdómari Kristján Jónsson hefur sem settur amtmaður látið í ljósi álit sitt um eignarrjettinn að reka þeim, sem í þessu máli ræðir um, og fyrirskipað um meðferð á honum. En þar sem hann að eins hefur gjört það sem amtmaður, sem er skylt að halda fram

rjetti landssjóðs, og ekki verður sjeð, þar sem brjef hans til sýslumannsins hjer að lútandi ekki hefur verið lagt fram í yfirdóminum, að hann með afskiptum sínum af málinu hafi eindregið látið í ljósi skoðun sína sem dómara á rjettarspursmáli því, sem hjer liggur fyrir, virðist eptir atvikum ekki næg ástæða til þess, að taka kröfu áfrýjendanna í þessu tilliti til greina. Á hinn bóginn hefur stefndi sýslumaður og uppboðshaldari Guðlaugur Guðmundsson krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður og uppboð, verði staðfest, og að áfrýjendurnir verði dæmdir til að greiða málskostnað allan að skaðlausu eða eptir mati dómsins.

Málinu háttar svo, að nálægt miðjum síðastliðnum febrúarmánuði, rak upp á fjörur í Leiðvallar-, Álptavers- og Hvammshreppum í Skaptafellssýslu nokkuð á annað hundrað tylfta af samkynja, söguðum plankavið, ennfremur mastursbút 9 ál. (í Leiðvallarhreppi), bugspjótsbrot 15 ál. (í Álptavershreppi), smáfleka og brot nokkur úr skipi. Síðustu daga marzmánaðar næst á eptir og í byrjun aprílmánaðar barst aptur á land í ofannefndum hreppum, svo og í Dyrhólahreppi, mjög mikið af plankavið og nokkur skipsbrot. Auglýsti þá sýslumaður, hinn stefndi, uppboð á vogrekum þeim, sem rekið höfðu, í Meðallandi 13. apríl, í Álptaveri 14. s. m. og í Mýrdal 17. s. m. Á uppboðinu, sem haldið var í Loptsalahelli í Mýrdal, risu bændur (áfrýjendurnir) upp og mótmæltu því, að timbrið yrði selt til handa hinu opinbera, en gerðu tilkall til þess sem eigendur fjaranna, er timbrið hafði rekið upp á. Úrskurður uppboðshaldara fór í þá átt, sem að framan er frá skýrt, nefnilega, að greindum mótmælum gegn sölunni var hrundið.

Aðalspurningin í máli þessu, sem að eins snertir

umgetinn reka að því leyti hann bar upp á fjörur í Hvamms- og Dyrhólahreppum, er sú, hvort það er rjett álitið í hinum áfrýjaða úrskurði, að reka þennan beri að heimfæra undir og meðhöndla eptir 1. gr. í opnu brjefi 4. maí 1778, sbr. lög um skipströnd 14. jan. 1876, 4. og 22.– 25. gr., en ekki, eins og áfrýjendurnir hafa krafizt, eptir 2. og 3. gr. nefnds op. br., sbr. op. br. 2. apríl 1853. Það virðist mega ráða af málinu, að plankareki sá, sem rak í tjeðum hreppum og sem var alls um 80 tylftir, hafi eigi verið af öðrum viðartegundum en eik, greni eða furu, og það er víst, að í hreppum þessum rak ekki af skipsbrotum nema smábrot ein, sem eigi námu verði því, er cancellibrjef 26. ág. 1809 til tekur. Til þess nú að heimfæra plankareka þenna undir 1. gr. í fyrnefndu opnu brjefi 4. maí 1778 útheimtist samkvæmt lagaboði þessu, sem engin breyting er á orðin að því leyti með lögum um skipströnd 14. jan. 1876, að rekinn »kan have Navn af strandet Skib og Gods«, en það virðist því að eins verða um hann sagt, ef skipsskrokkur fylgir honum eða hann verður heimfærður til ákveðins skipstrands, sem upplýst er um eða miklar líkur komnar fyrir að rekinn stafi frá, en hjer er eigi um slíka vissu eða líkur að ræða, því að þó að ýms skipsbrot hafi um sama leyti og trjárekann borið upp á hinar sömu fjörur, og þessi skipsbrot eða sum þeirra, að minnsta kosti, virðist stafa frá skipreika eða skipreikum, þá eru samt engar líkur komnar fram fyrir því, að trjárekinn standi í nokkru sambandi við þá skipreika eða nokkurn annan skipreika, er menn hafi vitneskju um. Það verður því að álíta, að hjer umræddan trjáreka og skipsbrot beri að heimfæra undir 2. gr. í op. br. 4. maí 1778 og op. br. 2. apríl 1853,

og þar sem það ekki er vefengt í málinu, að áfrýjendurnir sjeu rjettir hlutaðeigendur samkvæmt greindum ákvörðunum, ber að taka til greina kröfu þeirra um að þeir fái í hendur andvirði hins selda reka. Málskostnaður þykir eptir atvikum rjett að falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði uppboðsrjettarúrskurður skal úr gildi felldur og eptirfarandi uppboð ómerkt. Hinn stefndi sýslumaður Guðlaugur Guðmundsson fyrir hönd hins opinbera greiði áfrýjendunum, hverjum þeirra að rjettri tiltölu, söluandvirði vogreka þeirra, er ræðir um í málinu og sem seld voru á hinu áfrýjaða uppboði. Málskostnaður fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 29. janúarmánaðar.

Nr. 32/1893: Sigfús Eymundsson
gegn
Sigurði Jónssyni.

Dómur:

Fyrir nokkrum árum var gagnáfrýjandi máls þessa Sigurður Jónsson, að brjótast í því að koma á fót fjelagi, er hjeldi út gufubát til ferða um Faxaflóa, og

sumarið 1890 fór hann til Skotlands til þess að kaupa gufubát í þessu skyni. Samtímis honum var þá einnig í Skotlandi aðaláfrýjandinn, Sigfús Eymundsson, í öðrum erindagjörðum. Samdist svo með þeim Sigurði og Sigfúsi, að Sigfús skyldi leggja til gufubátskaupanna 500 kr. Það varð þó ýmsra orsaka vegna ekkert af því, að gagnáfrýjandi keypti gufubát í þessari ferð sinni, þótt hann hefði augastað á einum slíkum bát, en hann hafði eigi nægilegt fje til að borga hann með, enda var eigi búið að gjöra nauðsynlega skoðunargjörð á honum. Fór hann því upp hingað svo búinn, en áður hann færi, fól hann aðaláfrýjanda að kaupa bát þennan, ef hann reyndist eptir óskum, en að öðrum kosti að kaupa annan góðan bát; þetta undirgekkst aðaláfrýjandi, og lofaði að leggja út nokkuð af kaupverðinu, fram yfir áðurnefndar 500 kr., þangað til gagnáfrýjandi gæti sent honum peninga. Þegar áðurnefndur bátur var skoðaður eptir burtför gagnáfrýjanda til Íslands, reyndist hann óhæfilegur og varð ekkert úr kaupum á honum. Aðaláfrýjandi gjörði sjer þá ferð um á Skotlandi, til þess að grennslast eptir gufubátum, er hentugir væru, og varð það úr, að að hans undirlagi var keyptur gufubáturinn »Evterpe«, sem seinna var kallaður »Faxi«. Áður kaupin voru fullgjörð, fór aðaláfrýjandi frá Skotlandi, og fól öðrum að fullgjöra kaupin, og var það gjört. Lagði svo báturinn á stað upp til Íslands, en komst eigi lengra að sinni en til Stornoway, því að skipshöfnin neitaði að fara með honum hingað, og var orsökin sú, að gufuvjelin hafði aflagazt eitthvað. Var því aptur farið með bátinn til Leith; var þar gjört við hann og þar lá hann um veturinn. Á næsta vori í júnímánuði var báturinn fluttur hingað, og gekk hann um sumarið um Faxaflóa

mestmegnis undir stjórn aðaláfrýjanda, en um haustið hinn 7. nóv. sökk hann í óveðri miklu á Reykjavíkurhöfn, og bjargaðist eigi af honum nema lítilfjörleg timburbrot, er seld voru á uppboði. Vantaði þá eptir reikningi aðaláfrýjanda mjög mikið upp á, að báturinn og kostnaðurinn við uppflutning hans væri borgaður, og taldi aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda það til skuldar. Útaf þessari skuld höfðaði Sigfús Eymundsson mál á móti Sigurði Jónssyni, og var því ráðið til lykta með bæjarþingsdómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 25. maí f. á., þannig, að gagnáfrýjandi var skyldaður til að greiða aðaláfrýjanda upp í hina umstefndu skuld 2536 kr. 47 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags; málskostnaður var látinn falla niður og málsfærslumaður gagnáfrýjanda Egill Egilsson dæmdur í 20 kr. sekt fyrir ósæmilegan ritháttr, er hálf renni í landssjóð og hálf í bæjarsjóð Reykjavíkur. Þessum bæjarþingsdómi hefur bóksali Sigfús Eymundsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 29. júlí f. á., og hefur hann krafizt þess, *principaliter*, að Sigurður Jónsson verði dæmdur til að greiða sjer 6693 kr. 19 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, *in subsidium*, 2108 kr. 59 a. auk upphæðar þeirrar, sem honum er tildæmd með bæjarþingsdóminum, samtals 4645 kr. 06 a. með sömu vöxtum, svo og allan málskostnað, en verði þessar kröfur eigi teknar til greina, krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi. Á hinn bóginn hefur kaupmaður Sigurður Jónsson gagnáfrýjað dóminum í máli þessu með stefnu 17. ágúst f. á., svo og tveimur úrskurðum, uppkveðnum 6. apríl og 13. apríl f. á., en með úrskurðum

þessum var honum neitað um frest í málinu, og hefur hann krafizt þess, að úrskurðirnir verði úr gildi felldir, og málið sett í það horf, er það var í 6. apríl f. á. og heim vísað til löglegri meðferðar og dómsáleggingar, allt á kostnað hjeraðsdómarans, sem gagnáfrýjandi hefur stefnt til ábyrgðar; *in subsidium* krefst hann þess, að hann verði alveg sýkn dæmdur í málinu, og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir báðum rjettum skaðlaust, eða eptir mati yfirdómsins; loks krefst hann þess, að sekt sú, er málsfærslumaður hans Egilsson var dæmdur til að greiða í undirrjettinum, verði alveg felld burtu. Þar sem umboðsmaður aðaláfrýjanda hefur mætt í málinu fyrir yfirdómi einnig fyrir hönd hins stefnda undirdómara og gjört þá rjettarkröfu, að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður af hálfu gagnáfrýjanda, hefur gagnáfrýjandi mótmælt þessari kröfu með þeim rökum, að umboðsmaðurinn hafi mætt fyrir undirdómarann án nægilegrar löggildingar frá landshöfðingja, og verði því að álíta hann sem hafandi ekki mætt.

Með úrskurðinum, er upp var kveðinn 6. apríl f. á., var gagnáfrýjanda neitað um frest til að leiða nafngreint vitni í málinu, er þá var tjáð að væri erlendis, en nú hefur því af hálfu mótpartsins verið lýst yfir, að tjeð vitni hafi verið komið hingað til lands þegar hinn 24. marz f. á., og hafi því verið nægur tími fyrir gagnáfrýjanda til að stefna vitninu án frekari frestveitingar. Þessu hefur eigi verið mótmælt af hálfu gagnáfrýjanda, og verður því nefndur úrskurður eigi felldur úr gildi. Úrskurðurinn 13. apríl lýtur að því, að eptir að umboðsmaður aðaláfrýjanda hafði látið bóka nokkra klausu, innihaldandi mótmæli gegn síðasta varnarskjali

gagnáfrýjanda, - bað umboðsmaður gagnáfrýjanda um frest til andsvara og útskript af hinu bókaða. Þessi úrskurður virðist og á rökum byggður, með því að ekkert nýtt kom fram í hinu bókaða af hálfu aðaláfrýjanda.

Þá er nú kemur til aðalefnis málsins, skal þess getið, að þegar báturinn »Evterpe« lagði á stað frá Skotlandi í fyrra sinnið, var eptir skýrslu aðaláfrýjanda allur kostnaður við bátinn orðinn 9784 kr. 46 a.; kostnaður, er leiddi af flutningi hans aptur frá Stornoway til Leith, viðgjörð á honum þar og flutningi hans þaðan til Íslands árið eptir, hefur numið einnig eptir reikningi aðaláfrýjanda 4145 kr. 92 a.; kostnaðurinn við útgjörð bátsins á Faxaflóa þá um sumarið varð, einnig eptir reikningi aðaláfrýjanda, 4461 kr. 30 a. Var þannig allur kostnaður við bátinn, að kaupverði hans meðtöldu, orðinn um haustið þegar hann fórst kr. 18391,68; upp í þetta hefur verið borgað:

af gagnáfrýjanda	kr. 4725,00	
tillag aðaláfrýjanda og annars manns	— 1500,00	
tekjur af ferðum bátsins .	— 2377,53	
tillag úr landssjóði . . .	— 3000,00	
uppboðsandvirði fyrir leifar bátsins	— 95,96	— 11698,49
	eptir óborgað	kr. 6693,19.

Þessa upphæð krefur aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda um, og ber fyrir sig í því efni, að hann hafi keypt bátinn eptir beiðni og gegn ábyrgð gagnáfrýjanda hvað borgun snerti, enda hafi hann verið aðaleigandi að bátnum, þótt hann, aðaláfrýjandi, og annar maður hafi átt 1500 kr. í honum. Í þessu efni skýrskotar aðaláfrýjandi sjer-

staklega til umboðs þess (þótt eigi væri skriflegt), sem gagnáfrýjandi gaf honum til þess, að kaupa gufubát, áður en hann fór frá Skotlandi, svo og til brjefa gagnáfrýjanda til aðaláfrýjanda frá 17. júlí 1890, 28. sept. s. á. og 12. des. s. á. Í hinu fyrsta brjefinu getur gagnáfrýjandi þess, að illa hafi reynzt með bátinn, nefnilega sem hann hafði augastað á. »en þessi bátur, sem þú talar um, er langtum betri eptir því sem þú skrifar, og er sjálfsagt að kaupa hann, fyrst þjer líkar hann«; »jeg skal sjá um borgunina, ef þú getur fengið hann ódýrari en 500 pund eða 50 pundum minna«; »en jeg skal borga, ef ekki fást nógar aktiur«, »bara kauptu bátinn, ef þjer sýnist um hann, og ef þú getur fengið hann upp fyrir það sem þú talar um«; og síðast í brjefinu stendur: »Jeg skrifa þjer ekki meira í þetta sinn, *en kauptu*«. Í brjefinu 28. sept. 1890 segir gagnáfrýjandi, eptir að aðaláfrýjandi hafði skýrt honum frá, að báturinn hefði á leiðinni hingað eigi komizt lengra en til Stornoway, og orðið að hverfa þar aptur, af því fólkið hafi gjört »uppistand« og brotnað eitthvað lítilsháttar í maskínunni: »það hefur farið vel með bátinn úr því sem gjöra var, og er gott að hann liggur í Leith í vetur«; í sama brjefi talar hann og um, að hann muni greiða 2000 kr. upp í bátinn, sem umtal var um. Samkvæmt þessu verður að álíta það fullsannað, að gagnáfrýjandi hafi beðið aðaláfrýjanda að kaupa bát fyrir sig og lofað að borga andvirði hans, að undanskildum þeim 500 kr., sem aðaláfrýjandi lagði til bátskaupanna. Samt sem áður hefur gagnáfrýjandi skorazt undan að greiða meira upp í andvirði bátsins, en hann þegar hefur borgað, og færir til þær 3 aðalástæður, *að* báturinn hafi verið dýrari en hann hafi

heimilað, *að* gufubáturinn Faxi hafi að öllu útliti og á-sigkomulagi verið miklu lakari en bátur sá, sem lýst var í brjefi aðaláfrýjanda 11. júlí 1890, svo að það hafi eigi getað verið sami báturinn, og 3. að aðaláfrýjandi hafi aldrei afhent sjer bátinn, en hafi sjálfur haft alla stjórn og umsjón yfir honum.

Að því er fyrsta atriðið snertir, skal þess getið, að orðin í brjefi gagnáfrýjanda 17. júlí 1890 eru svo víðtæk eða í öllu falli svo óákveðin, að það verður að álíta, að aðaláfrýjandi hafi mátt verja allt að 500 pd.st. til innkaupa á bátnum og auk þess 1000 kr. til heimflutnings á honum til Íslands, en til þessa hvorstveggja verður að teljast kostnaður við útvegun bátsins og útgjörð hans til Íslands, eða með öðrum orðum kostnaður sá, er á var fallinn áður bátur lagði fyrra skiptið á stað frá Skotlandi, en hann var svo sem fyr er áminnzt 9784 kr. 46 a. Það verður því eigi álitið, að aðaláfrýjandi hafi keypt skipið dýrara verði en honum var heimilt. Hinum einstöku útgjaldapóstum, sem fólgnir eru í upphæðinni 9784 kr. 46 a. jafnhliða skipsverðinu, hefur gagnáfrýjandi eigi mótmælt sjerstaklega og skorinort, þótt hann hafi látið í ljósi efa um eða vefengt skýrslu aðaláfrýjanda um, að þeir væru rjettir. Það verður því eigi álitið rjett, að hnekkja þeim sakir þessarar óákveðnu vefengingar gagnáfrýjanda. Þó er það rjett athugað af undirdómaranum, að þar sem stefnandi á undirrjettarskjali nr. 13 telur sjer borgun fyrir 12 daga dvöl á Skotlandi, þá mun það vera oftalið um einn dag, og ber því að draga frá upphæðinni $^1/_{12}$ eða 12 sh. = kr. 10,80 aur.

Þá kemur til hinnar annarar sýknunarástæðu gagnáfrýjanda, sem sje að báturinn »Faxi« hafi þegar hann

kom hingað, verið allt öðruvísi, reynzt miklu lakar og verið miklu ófullkomnari en aðaláfrýjandi lýsti honum í brjefi sínu til gagnáfrýjanda 11. júlí 1890. Aðaláfrýjandi hefur lýst því yfir, að hann í tjeðu brjefi hafi meðal annars skrifað, að hann mundi eigi láta sjer það nægja, að hann sjálfur skoðaði bátinn og að honum sjálfum líkaði hann, heldur mundi hann láta kunnuga menn skoða hann, áður en hann fullgerði kaupin; hann gat þá og um það, að báturinn hjeti »Evterpe«. Þetta stendur að vísu eigi í þeim hluta brjefsins frá 11. júlí 1890, er fram hefur verið lagður af gagnáfrýjanda hálfu, en það hefur verið skorað á gagnáfrýjanda, að leggja hinn hluta brjesins fram, ef hann eigi kannist við þessa frásögn aðaláfrýjanda. Með því að hann eigi hefur gegnt þessari áskorun aðaláfrýjanda, verður þessi skýrsla hans hjer að lútandi að takast til greina. Með skoðunargjörð, sem fram hefur verið lögð í málinu, virðist mega telja það sannað, að gufubáturinn hafi, þegar hann fór frá Skotlandi, í öllu verulegu verið eins og aðaláfrýjandi hafði lýst honum; á hinn bóginn er það eigi sannað, að gufubáutrinn hafi verið fúinn, eða að töluvert ólag hafi verið á maskínunni frá upphafi; aflögunin á maskínunni virðist hafa stafað af illri meðferð og vanhirðingu á henni, eptir að báturinn kom hingað upp. Það verður þannig eigi álitið sannað, að báturinn Faxi hafi verið annar bátur en sá bátur, sem aðaláfrýjandi lýsti í brjefi sínu 11. júlí 1890, og sem hann tjáist þá hafa nefnt »Evterpe«.

Hin 3. aðalvarnarástæða gagnáfrýjanda er, að honum hafi aldrei verið afhentur báturinn Faxi, er hann kom hingað; aðaláfrýjandi hafi að öllu leyti tekið hann undir sín umráð, og ráðstafað honum, svo sem

hann væri einn eigandi hans. Að vísu mun aðaláfrýjandi hafa haft aðalráðstöfun yfir bátnum, enda var það eðlilegt, þar sem hann var búsettur í Reykjavík, enda átti hann og annar maður, sem hafði falið honum umboð yfir bátnum að sínum hluta, nokkra peninga í honum (alls 1500 kr.), og auk þess hafði hann lagt út talsvert af andvirði hans, án þess að það væri endurgoldið af hálfu gagnáfrýjanda, og var því eðlilegt, að hann eigi vildi sleppa bátnum alveg undan umráðum sínum. Á hinn bóginn er það sannað í málinu, að gagnáfrýjandi hafi tekið þátt í að ráðstafa bátnum, og fleirsinnis komið fram sem eigandi eða umráðamaður yfir honum; hann notaði bátinn endurgjaldslaust í sínar þarfir, tók þátt í afgreiðslu hans, og skömmu áður en báturinn fórst, leitaðist hann við að selja aktíur í honum, eins og hann einnig gjörði hinar síðustu ráðstafanir með tilliti til bátsins, sem gjörðar voru áður en hann sökk, sem sje tók úr honum kol, sem í honum voru, og bar til í honum járnbarlestina. Það verður því að álíta að gagnáfrýjandi hafi de facto tekið á móti bátnum, kannazt við, að hann var keyptur sjer til handa samkvæmt beiðni sinni, enda verður eigi sjeð, að hann hafi látið í ljósi neina óánægju með gufubátinn »Faxa«, fyr en hann var sokkinn, og að því kom, að klára skyldi reikninga hans.

Af kostnaði þeim, sem getið hefur verið um hjer að framan, og sem leitt hefur af kaupum, útbúningi og útgerð Faxa samtals að upphæð . . . kr. 9784,46 er borgað:

peningatillög einstakra manna kr.	6225,00	
arður af ferðum bátsins . .	— 916,23	
Flyt:	— 7141,23	— 9784,46

Flutt:	kr. 7141,23	kr. 9784,46
andvirði af leifum sama . .	— 95,96	
ofreiknað samkvæmt framansögðu	— 10,80	— 7247,99
eptir		kr. 2536,47

Þessa upphæð virðist gagnáfrýjandi ekki geta komizt hjá að greiða aðaláfrýjanda með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags.

Þá kemur til álita sá hluti af kröfu aðaláfrýjanda, sem stafar af ferð bátsins til Stornoway, og skemmdum þeim, er hann þar varð fyrir, flutningi hans aptur til Leith og viðgjörð á honum þar, og loks flutningi hans til Íslands. Þessi kostnaður telst 4145 kr. 92 a., og eru af hálfu aðaláfrýjanda ógreiddar af honum 2037 kr. 33 a. Hitt hafði hann greitt, og með því að hann býst við, að gengið verði að sjer með borgun á allri upphæðinni, gjörir hann hjer kröfu til hennar allrar. Um þennan hluta kröfu aðaláfrýjanda (4145 kr. 92 a.) er öðru máli að gegna en um hinn hlutann, er stafaði af kaupum gufubátsins. Umboð gagnáfrýjanda til aðaláfrýjanda var á enda runnið, er aðaláfrýjandi fór til Íslands aptur sumarið 1890, eptir að hafa gjört ráðstafanir um kaup á bátnum og flutning hans til Íslands, og ekkert er framkomið um, að gagnáfrýjandi hafi falið honum á hendur þær frekari ráðstafanir viðvíkjandi bátnum í Skotlandi, sem hjer umræddur kostnaður stafaði frá, og því síður að hann hafi lofað að ábyrgjast honum endurgjald slíks kostnaðar. Og þar sem gagnáfrýjandi var eigi einn eigandi bátsins, en hann var eign fleiri manna í fjelagi, þar á meðal aðaláfrýjanda sjálfs að nokkrum hluta, þá verður að líta svo á, að aðaláfrýjandi hafi lagt út kostnað þennan fyrir fje-

lagsins hönd og í von um að fá hann endurgoldinn hjá því síðarmeir, og að hann því geti eigi krafizt hans hjá gagnáfrýjanda einum. Þegar af þessum ástæðum verður að fallast á, að undirdómarinn hefur vísað þessum kröfupósti á bug.

Samkvæmt hinu framanritaða ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, bæði í aðalefni hans og að því er snertir málskostnaðarákvæði hans og sektarákvæðið, sem þykir nægilega rökstutt af undirdómaranum. Undirdómaranum, sem stefnt hefur verið í gagnsóknarmálinu, verður eigi tildæmdur málskostnaður, með því að hann eigi hefur mætt í yfirdóminum, nje heldur látið málflutningsmann mæta þar fyrir sig með löggildingu til þess. Eptir atvikum á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 58/1893: Hið opinbera
gegn
Jóhannesi Sigurðssyni.

Dómur:

Með lögreglurjettardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 16. nóvember f. á., var hinn kærði Jóhannes Sigurðsson dæmdur fyrir brot gegn viðaukalögum 22.

marz 1890, 1. gr., til að greiða 15 kr. sekt og að auki samkvæmt tilskipun 20. júní 1849, 11. gr. til að greiða 1—einnar—krónu sekt, og skyldu sektirnar óskiptar renna í bæjarsjóð Reykjavíkur; auk þess var kærði dæmdur til að greiða allan málskostnað. Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins eptir ósk hins kærða.

Í máli þessu er hinn kærði sakaður fyrir að hafa drepið og hagnýtt sjer æðarfugl, og eru hin nánari atvik hjer að lútandi þessi. Eitt vitni Brynjólfur Eiríksson hefur borið það, að hann hafi laugardagsmorguninn 4. nóv. f. á., þá er eigi enn var orðið fullbjart, sjeð kærða skjóta fugl í vörinni, þar sem vitnið lendir, og virtist vitninu það vera æðarfugl, þó það eigi hafi þorað að staðhæfa það, með því að eigi var orðið bjart; vitnið tjáir að Jóhannes hafi hirt fuglinn. Þennan framburð hefur Brynjólfur staðfest með eiði. Vitnið Jóhann Guðmundsson hefur borið, að þegar hann nefndan laugardagsmorgun hafi komið úr fiskiróðri og lent í vörinni fyrir neðan Móakot, hafi hann heyrt skot þar rjett hjá og hafi skotið hitt æðarblika rjett fyrir framan vörina, og drapst æðarblikinn af skotinu. Jafnframt sá vitnið hinn kærða standa þar skammt frá með byssu, en hann sá hann ekki skjóta. Rjett á eptir lenti annar bátur þar í vörinni eða í vör rjett fyrir austan, og var Eyjólfur Ólafsson formaður á bátnum; einhver á þessum bát hirti fuglinn, sem þá flaut í vörinni. Alveg samhljóða skýrslu ber Guðmundur Jóhannesson, sem var formaður á bát þeim, sem áðurnefnt vitni Jóhann reri á, og kveðst hann eigi geta hugsað sjer, að skotið hafi komið frá öðrum en kærða, þó hann hafi eigi sjeð hann skjóta. Þá hafa og vitnin Jón Jónsson

og Sigurður Jónsson borið næstum og í öllu verulegu samhljóða skýrslu eins og 2 síðastnefnd vitni. Jón sá hinn kærða standa skammt frá vörinni með byssu, og Sigurður tekur það fram, að hann álíti að enginn annar hafi getað skotið þar og þá en hinn kærði, því að enginn annar hafi verðið þar nálægt með byssu. Síðastnefnd 4 vitni hafa staðfest framburð sinn með eiði. Vitnið Eyjólfur Ólafsson — sem að öðru leyti hefur orðið tvísaga — hefur skýrt frá, að þegar hann tjeðan laugardagsmorgun var að lenda í áðurnefndri vör, hafi hann sjeð fugl á floti fyrir framan Veghúsavörina, og tekið hann upp í bátinn, af því að honum sýndist það vera máfur, en eigi var orðið alljóst af degi. Rjett áður heyrði hann skot, án þess að vita, hvaðan það kom. Hann tók fuglinn með sjer í land, og kveðst hafa afhent hinum kærða fuglinn með því að hann hafi þótzt eiga með hann, en þá var hann kominn að raun um, að fuglinn var æðarfugl. Alveg samhljóða skýrslu hefur vitnið Þórarinn Þórarinsson, er var sjómaður hjá Eyjólfi, gefið um það, að þeir fundu æðarfuglinn fyrir framan vörina, tóku hann upp í skipið, fóru með hann í land og afhentu hann Jóhannesi. Vitnin Eyjólfur Ólafsson og Þórarinn Þórarinsson staðfestu framburð sinn með eiði.

Hinn kærði hefur aptur á móti staðfastlega og stöðuglega neitað því, að hann hafi skotið nokkurn æðarfugl, hvorki hinn umrædda laugardagsmorgun nje endranær; þennan laugardagsmorgun hafi hann að vísu hleypt af byssu að eins til að hreinsa hana, og hafi hann þá verið á klöppinni fyrir neðan Norðurklöpp. Vitnin hafi borið hitt ranglega á sig. Hann neitar því ennfremur, að hann hafi tekið fuglinn hjá Eyjólfi og

látið í ljósi, að hann ætti með hann; hann þykist að eins hafa tekið á fuglinum.

Þrátt fyrir framanritaða vitnisburði, og með tilliti til þess, að Brynjólfur Eiríksson eigi hefur getað staðhæft, að það hafi verið æðarfugl, sem hinn kærði skaut, og fyrir því eigi hefur getað fullyrt, að hann hafi hirt æðarfugl, og með því að vitnisburður Eyjólfs Ólafssonar er mjög á reiki, svo að hann enda hefur orðið tvísaga um þetta atriði, getur það þó eigi talizt alveg nægilega sannað, gegn ýtarlegri neitun hins kærða, að hann hafi *viljandi* skotið áminnztan æðarfugl, nje heldur að hann hafi hirt eða hagnýtt sjer hann. Ber því að sýkna hinn kærða fyrir ákæru hins opinbera í þessu máli. En eptir atvikum þykir rjett, að hann greiði allan kostnað af málinu bæði fyrir lögreglurjettardóminum og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors. Það vottast að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus, og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði Jóhannes Sigurðsson á að vera sýkn fyrir kæru sóknarans í þessu máli. Þó ber honum að greiða allan kostnað sakarinnar bæði fyrir undirrjetti og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til hinna skipuðu málsfærslumanna, cand. jur. Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 19. febrúarmánaðar.

Nr. 33/1893: Björn Hermannsson
gegn
Birni presti Þorlákssyni.

Dómur:

Litlu fyrir jól 1890 ljet presturinn Björn Þorláksson á Dvergasteini birta Birni bónda Hermannssyni útbyggingu af ábýli hans Selstöðum, tilheyrandi Dvergasteins prestakalli, til næstu fardaga þar eptir, en hinn 4. maí 1891 samdist svo með þeim skriflega, að Björn Hermannsson sagði lausum Selstöðum frá fardögum 1891, en áskildi sjer um leið, að vera þar næsta ár sem húsmaður, er meðal annars hefði öll landnot jarðarinnar gegn ákveðnu eptirgjaldi. Björn prestur Þorláksson þar á móti áskildi sjer, að fá í fardögum 1891 keypt öll þau hús, er Björn bóndi átti á jörðinni, fyrir hæfilegt verð eptir samkomulagi, eða eptir tveggja óvilhallra manna mati á þeim í fardögum 1891, en andvirðið átti þó eigi að greiða fyr en í fardögum 1892. Úttekt á jarðarhúsunum átti að gjöra í fardögum 1891. Var hún þá og gjörð og metið bæði álag á jörðina og hús hennar, og virt þau hús, er Björn bóndi átti þar sjálfur. Í fardögum 1892, er hann færi alfarinn, átti svo eptir samningnum að draga frá það, er húsin hefðu rýrnað í verði á árinu. Þar eptir sótti heilsulasleiki að Birni bónda, svo hann treystist eigi að sjá um hag

sinn, og fól hann því konu sinni hinn 28. marz 1892 að ráða í öllu fyrir búi sínu.

Nú liðu fardagar 1892 svo, að Björn bóndi eigi fór góðfúslega, eins og hann hafði undirgengizt, og var þá eptir beiðni Bjarnar prests byrjuð útburðargjörð á Birni Hermannssyni fyrir fógetarjetti 8. júní 1892, og mætti þar fyrir hönd hans kona hans Rannveig Stefánsdóttir ásamt ráðamanni, er sýslumaður skipaði henni.

Við sáttaumleitun fyrir rjettinum setti Björn prestur meðal annars þá kosti, að Björn bóndi mætti fardagaárið 1892—93 vera á Selstöðum, nota hálft heimatúnið gegn ákveðnu afgjaldi, en húsin skyldi Björn prestur eiga öll, og afhenti hann í rjettinum 1296 kr., sem var verð húsa þeirra, er leiguliði hafði átt eptir úttekt í fardögum 1891, að frádregnu álagi fyrir rýrnun húsanna síðasta árið og áskildum kostnaði. Hann áskildi sjer og, að sáttasamningur þessi skyldi gilda að eins til fardaga 1893, og ef eigi semdist öðruvísi, skyldu þau hjón þá fara góðviljuglega burtu af Selstöðum með allt sitt, en til tryggingar þessu afhenda rjettinum 1000 kr. Þessum samningi til staðfestu undirskrifaði Rannveig Stefánsdóttir ásamt ráðamanni sínum í fógetabókina.

Eptir beiðni Björns prests var fógetarjettur Norður-Múlasýslu settur að Selstöðum 1. júní 1893, til þess að borið væri úr húsum þeim, er Björn bóndi hafði átt og eigi voru jarðarhús (fiskihús og salthús), allt það, er hann ætti þar, og úrskurðaði fógetarjetturinn sama dag, að hús þessi skyldu þegar rýmd, og fengin í hendur gjörðarbeiðanda til fullrar eignar og umráða.

Hinn 5. sama mánaðar var eptir beiðni Björns prests af hlutaðeigandi hreppstjóra, er sýslumaður skip-

aði sem fógeta í forföllum sínum, Björn bóndi Hermannsson borinn út úr öðrum húsum á Selstöðum,

Fógetarjettarúrskurðinum 1. júní þ. á. og útburðargjörðinni 5. sama mánaðar hefur Björn Hermannsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 31. júlí f. á., og krafizt þess, að gjörðir þessar verði dæmdar ómerkar, hinn stefndi Björn prestur Þorlaksson dæmdur að greiða skaðabætur allt að 4000 kr. fyrir rof á byggingarbrjefsafnotum m. m., og að hann og hinn stefndi fógeti in solidum greiði 500 kr. í skaðabætur fyrir ólöglega aðför og útburð 1. júní f. á. Til vara hefur hann krafizt ómerkingardóms á hinum áfrýjaða úrskurði og útburðargjörð og skaðabóta frá stefnda og fógetanum eptir dómkvaddra manna mati. Loks hefur hann, hvernig sem fer, krafizt málskostnaðar af hendi stefnda og fógetans in solidum.

Hinn stefndi þar á móti hefur krafizt frávísunar á máli þessu og kosts og tæringar, en til vara að úrskurðurinn og útburðargjörðin verði staðfest og þá málskostnaðar fyrir yfirdómi, og af hálfu hins stefnda fógeta hefur og verið krafizt kosts og tæringar eða málskostnaðar.

Frávísunarkrafan er byggð á því, að í fógetarjettinum 1. júní f. á. var lögð fram til bókar beiðni stefnda, dags. 24. maí f. á., en þetta skjal hefur eigi verið tekið upp í þær rjettargjörðir, sem framlagðar eru hjer í rjettinum, og heldur eigi beiðni stefnda um útburðargjörðina 5. júní f. á., dags. 2. s. m. Þetta síðara skjal hefur þó verið lagt fram í eptirriti hjer í rjettinum undir rekstri málsins.

Að vísu er það aðfinningarvert, að fógetinn eigi hefur innfært skjöl þessi í rjettargjörðirnar og hefur

hann afsakað það með því, að hann hafi eigi fyrra skjalið, sem hafi verið látið til afnota í öðru máli. Þar eð gjörðarbeiðandi mætti sjálfur og ítrekaði beiðni sína í rjettinum, svo dæma má um kröfur hans, virðist þó eigi ástæða til að vísa málinu frá fyrir þá sök.

Að því er snertir aðalefni málsins, spurninguna um lögmæti fógetaúrskurðarins 1. júní f. á. og útburðargjörðanna 1. og 5. s. m., þá getur enginn vafi á því leikið, hvernig sem að öðru leyti viðskiptum þeirra málsaðilanna hefur verið varið, samkvæmt samningum þeirra á milli — en um það verður eigi dæmt í þessu máli — að áfrýjandinn var samkvæmt sáttasamningnum 8. júní 1892, sem samþykktur var af konu hans, er hann hafði falið öll umráð yfir búi sínu, skyldur að víkja af jörðinni Selstöðum í fardögum 1893 með allt sitt, kvikt og dautt, og þar sem hann samt sem áður sat kyr á jörðinni og vildi eigi flytja af henni í nefndum fardögum, átti landsdrottinn, hinn stefndi, heimting á, að hann væri borinn út af henni. Og að því sjerstaklega snertir útburðinn úr húsum þeim, er áfrýjandi hafði átt á jörðinni, þá virðist einnig með greindum samningi hafa samþykkt verið virðing þeirra og sala í hendur landsdrottni, svo að það getur eigi talizt gjörðinni til hnekkis, þó að einhverjir gallar kynnu að hafa verið á úttektargjörðum þeim, er verðið ákváðu upprunalega. Það getur heldur ekki orðið til ógildingar hinum áfrýjaða úrskurði eða útburðargjörð 1. júní f. á., að þá var úrskurðaður og framinn útburður úr 2 húsum á jörðinni (fiskihúsi og salthúsi), þótt eigi væri kominn nema 1. fardagur, því að bæði átti stefndi samkvæmt ábúðarlögunum sem viðtakandi rjett á, að komast að nokkru af húsunum þegar hinn 1. fardag-

sem hann eigi virðist hafa góðmótlega getað fengið, og auk þess hafði hann í samningnum 8. júní 1892 áskilið sjer rjett til að úthluta áfrýjanda af húsunum, því sem honum sýndist, og gat því skipað honum, að rýma til í húsunum eptir vild sinni. Á hinn bóginn bar það eigi undir fógetann, að úrskurða um eignarrjettinn að húsum þeim, er borið var út úr 1. júní (fiskihúsi og salthúsi), og ber því að ómerkja ákvæði úrskurðarins að því leyti.

Hinar áfrýjuðu útburðargjörðir 1. og 5. júní 1893 eiga því óraskaðar að standa, sem og úrskurður fógetarjettarins, 1. júní f. á., að því í honum er ákveðið að áfrýjandinn skuli rýma úr fiskihúsi og salthúsi, og stefndi taka við húsunum til umráða.

Eptir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður, einnig að því er snertir hinn stefnda fógeta, er hefur látið málsfærslumann stefnda mæta einnig fyrir sína hönd.

Því dæmist rjett að vera:

Hinar áfrýjuðu útburðargjörðir eiga óraskaðar að standa sem og úrskurður fógetarjettarins 1. júní f. á., að því í honum er ákveðið, að áfrýjandinn Björn Hermannsson skuli rýma úr fiskihúsi og salthúsi og stefndi Björn prestur Þorlákssón taka við húsum þessum til umráða, en vera úr gildi felldur, að því honum eru afhent tjeð hús til fullrar eignar. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 26. febrúarmánaðar.

Nr. 55/1893: Rjettvísin
gegn
Pjetri Níelssyni, Steinvöru Einarsdóttur o. fl.

Úrskurður:

Áður en fullnaðardómur verði kveðinn upp í máli þessu, þykir nauðsynlegt, að fengnar verði þær ýtarlegri skýrslur og skýringar í málinu, er nú skal greina:

1. Hvernig rekarjettindum er varið á fjörum þeim, er ræðir um í málinu, og um eigendur rekanna.
2. Hvort samið hefur verið beinlínis eða sjerstaklega milli rekaeigenda og leiguliða í byggingarbrjefum eða á annan hátt um afnot leiguliða af rekunum (leiguliðagagn), og hvernig þeim samningum þá hefur verið varið.
3. Hvernig rekaeigendur hafa framfylgt rekarjettindum sínum.
4. Hver venja hefur átt sjer stað að því umræddar og, ef til vill, nærliggjandi fjörur snertir, um hagnýting reka af leiguliða hálfu gagnvart rekaeigendum, og hvernig rekaeigendur hafa unað þeirri venju.
5. Hvort ákveðnum eða föstum reglum hefur verið fylgt á umræddum fjörum um hagnýting og skipting leiguliðagagnsins milli leiguliða innbyrðis, er fleiri hafa átt hlut í sömu fjöru.
6. Um sveitarvenju yfir höfuð, að því er snertir fjöruferðir á eigin og annara fjörur.
7. Þær frekari skýringar um hjergreind atriði, er framhaldsprófin kunna að gefa tilefni til, og skal það

jafnframt takið fram, að yfirheyra ber einnig rekaeigendur sjálfa um framangreind atriði, eptir því sem unnt er.

8. Hvað rjett er í meðfylgjandi kæru hins ákærða Sigurðar Ólafssonar, um varðhaldsvist föður hans Ólafs heitins Guðmundssonar, Natanaels Sigurðssonar og Kristínar Guðmundsdóttur og Sigurðar sjálfs, en varðhalda þessara er sumpart látið ógetið í prófsgjörðunum, sumpart koma kærurnar eigi heim við þær.
9. Hvað rjett er í meðfylgjandi kærum frá hinum ákærðu Árna Magnússyni og Guðmundi Guðmundssyni um varðhaldsvist þeirra og hins ákærða Jóns Einarssonar á Miðbælisbökkum, en þær koma eigi heim við það, er í prófsgjörðunum stendur.
10. Hvort hinum ákærðu Pjetri Níelssyni, Steinvöru Einarsdóttur og Jóhannesi Símonarsyni, sem sjást hafa verið úrskurðuð í gæzluvarðhald respective $^{15}/_{11}$ 1890, $^{11}/_{12}$ 1890 og $^{24}/_{1}$ 1891, hafi verið haldið í varðhaldi til respective $^{11}/_{2}$, $^{11}/_{2}$ og $^{2}/_{2}$ 1891, sem virðist helzt verða ráðið af prófsgjörðunum.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega skýrslur þær og skýringar, er að ofan greinir, svo fljótt sem auðið er.

Nr. 1/1894: Hið opinbera
gegn
Jóni Ásgeirssyni.

Dómur:

Með lögreglurjettardómi Húnavatnssýslu, uppkveðn-

um 25. júlí f. á., var hinn kærði, Jón bóndi Ásgeirsson á Þingeyrum, dæmdur fyrir ólöglega laxveiði til að greiða 100 kr. sekt, er að helmingi rynni í hlutaðeigandi sveitarsjóð, og að helmingi fjelli til uppljóstrarmanna; en greiði hinn kærði eigi sektina í ákveðinn tíma, segir í dóminum, að hann eigi að sæta einföldu fangelsi í 30 daga; svo var og kærði dæmdur til að greiða allan málskostnað. Dómi þessum hefur eptir ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er sannað með skýrslu manns þess, sem í vor er leið stundaði laxveiði fyrir hinn kærða í svokölluðum Bjargaós, — en skýrslu þessa hefur hinn kærði viðurkennt rjetta — að laxveiðinni hafi verið þannig háttað, að laxanet með 12 þumlunga riðli og 32 möskva dýpt hafi verið lagt þvers yfir áður nefndan Bjargaós, sem er afrennsli úr stöðuvatninu Hópinu yfir Þingeyrasand út til sjávar; hafi net þetta, sem kallað er fyrirstöðunet, verið fest niður á báðum endum, annar vestan við ósinn, en hinn austan við hann á sandeyri, sem skilur aðalósinn frá lóni einu, er skerst út úr honum til suðurs, en þrýtur um fjöru, þegar nokkuð dregur suður eptir. Nefnt fyrirstöðunet var látið liggja þannig fast allt að því 5 klukkustundir á dag, eptir skýrslu manns þess, er stundaði veiðina, en kærði hefur tjáð, að sjer hafi verið ókunnugt um, að það hafi nokkru sinni legið fast lengur í senn en 3 tíma á dag. Um fjöru var annarhvor endi netsins losaður og hann dreginn í bug að austur- eða vesturlandinu eptir því, hvernig á stóð. Að veiðinni í ósnum hafi verið þannig háttað hinn 30. júní f. á., er sjerstaklega upplýst með vitnisburðum 4 manna, er voru sjónarvottar að því. Þó að það sje upplýst, að sjór falli upp um sandana fyrir austan ós-

inn, þegar hásjávað er, verður að skoða Bjargaós sem á er fellur úr stöðuvatninu Hópinu, en í tjeð vatn fellur laxveiðiáin Víðidalsá. Með því að þvergirða ósinn á áðurgreindan hátt með fyrirstöðunetinu, hefur hinn kærði gjörzt brotlegur gegn 2. gr. í laxfriðunarlögunum 19. febr. 1886, þótt netið hafi eigi legið lengur fast í senn en 3—5 stundir. Að öðru leyti verður eigi álitið, að hinn kærði hafi beitt ólöglegri laxveiðiaðferð, þótt hann drægi á með lausu neti upp að fyrirstöðunetinu. Hinn kærði hefur tvívegis áður verið sektaður með amtsúrskurði fyrir ólöglega laxveiði, í fyrra skiptið um 20 kr. og í síðara skiptið um 40 kr., og þykir nú sekt sú, er hann befur til unnið með þessu broti sínu, hæfilega ákveðin, samkvæmt 8. gr. áðurnefndra laxfriðunarlaga 60 kr., er að hálfu renni í hlutaðeigandi sveitarsjóð, og að hálfu til uppljóstrarmanns, Odds F. Oddssonar á Síðu. Svo ber honum og að greiða allan kostnað af málinu, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði Jón Ásgeirsson greiði 60 kr. sekt, er að helmingi renni í hlutaðeigandi sveitarsjóð, og að helmingi til uppljóstrarmanns Odds F. Oddssonar. Svo ber honum og að greiða allan kostnað málsins bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, og

yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggert Briem, 10 kr. til hvors. Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 61/1893: Ísleifur Einarsson
gegn
bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni.

Dómur:

Haustið 1892 var uppgjafaprestur Ísleifur Einarsson, sem þá var nýfluttur til Reykjavíkur, settur á skattskrá kaupstaðarins, og voru tekjur hans fyrir árið 1891 taldar 1479 kr. Skattskráin lá til sýnis á venjulegum stað lögboðinn tíma, án þess að síra Ísleifur Einarsson kærði yfir ákvæði skattanefndarinnar á tekjum hans. Síðastliðið ár var hann því krafinn um manntalsbókargjöld, það er að segja tekjuskatt að upphæð 4 kr. 50 a., og er hann eigi greiddi gjald þetta, ljet bæjarfógetinn, hinn stefndi, innheimta það með lögtaksgjörð. Fyrir fógetarjettinum mótmælti síra Ísleifur Einarsson gjaldkröfunni, en fógetinn úrskurðaði, að lögtakið skyldi fram fara. Áfrýjandi greiddi þá að vísu skattinn 4 kr. 50 a., og vottagjöld 1 kr., en mótmælti jafnframt lögmæti úrskurðarins, sem upp var kveðinn 10. nóv. f. á., og hefur nú áfrýjað honum til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 11. des. f. á. Gjörir hann þær rjettarkröfur, að nefndur fógetaúrskurður verði úr gildi felldur, að hann fái tekjuskattinn endurgoldinn, og að hann verði gjörður skattfrí, svo og skaðlaus af þeim tilkostnaði, sem hann hefur haft af málinu. Loks hefur áfrýjandinn krafizt þess, að yfirdómari Jón Jensson

víki sæti úr rjettinum, þar sem hann sitji í skattanefnd Reykjavíkurkaupstaðar. En til þessa þykir eigi vera nægileg ástæða, með því að skattanefndinni hefur eigi verið stefnt í málinu, og hjer verður eigi um það dæmt, *hvernig* hún hafi leyst starf sitt af hendi.

Áfrýjandinn hefur í málinu stefnt bæjarfógetanum í Reykjavík, »sem einnig er formaður skattanefndarinnar samastaðar«, sem dómara í sökinni, en hann hefur af sinni hálfu krafizt þess, að hann verði sýknaður, fógetarjettarúrskurðurinn staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað.

Þó að áfrýjandi hafi í stefnunni komizt svo að orði, að hann stefni bæjarfógetanum sem dómara í málinu, þá verður það eigi skilið á annan veg, en að hann stefni honum sem fógeta, er upp hefur kveðið hinn umrædda úrskurð, og eptir málsfærslu áfrýjanda og stefnunni, eins og hún er að öðru leyti orðuð, verður einnig að álíta, að hann lögsæki hinn stefnda sem umboðsmann landssjóðsins og innheimtumann að gjöldum hans. Yfirdómurinn álítur því, að málinu sje, eptir atvikum þess, beint gegn rjettum hlutaðeiganda.

Þá kemur til álita, hvort nægileg heimild hafi verið fyrir fógetagjörðinni, en gildi hennar hefur eigi verið mótmælt af formlegum ástæðum. Í þessu efni skal það athugað, að skattanefndin hefur ákveðið tekjuupphæð áfrýjanda samkvæmt fyrirmælunum í lögum um tekjuskatt 14. des. 1877, 13.—15. gr., og er þessi ákvörðun skattanefndarinnar fullnaðarákvæði um tekjurnar, með því að áfrýjandi eigi hefur borið upp kæru fyrir nefndinni út af tekjuákvörðuninni samkvæmt 16. gr. í nýnefndum lögum. Það verður fyrir því eigi

tekið tillit til þess, þótt áfrýjandi nú fyrir dómstólunum vilji færa sönnur á, að hann hafi haft mikið minni tekjur, en skattanefndin ákvað. Skattgjaldskrafa hins stefnda á hendur áfrýjanda var því lögmæt og var rjett að hún væri innheimt með lögtaki. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða fógetarjettarúrskurð, og virðist áfrýjandi eigi geta komizt hjá því, að greiða hinum stefnda hæfilegan málskostnað, er ákveðst 10 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður á að vera óraskaður. Sem málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, Ísleifur Einarsson, hinum stefnda bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni 10 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 5. marzmánaðar.

Nr. 27 1893: Rjettvísin gegn Tómasi Tómassyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Rangárvallasýslu, uppkveðnum 27. septbr. 1892, var hinn ákærði Tómas bóndi Tómasson á Hrútafelli dæmdur samkvæmt 146. gr. almennra hegningarlaga og með hliðsjón til 58. gr. og 24. gr. sömu laga til að sæta fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði, svo og til að greiða allan

af málinu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns síns í hjeraði 5 kr. Dómi þessum hefur eptir ósk hins dómfellda og fyrir hönd rjettvísinnar verið áfrýjað til yfirdómsins.

Veturinn 1890—91 hjelt sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu rannsóknir miklar í Austur-Eyjafjallahreppi, þar sem ákærði á heima, um fjöruferðir manna, því að grunur ljek á um, að ýmsir menn þar tækju til sín af fjörum meira en þeim tilheyrði. Kom þá sýslumaður 4. febrúar á heimili ákærða, setti rjett yfir honum fyrirvaralaust og tók að spyrja hann um fjöruferðir hans og nágranna hans. Skýrði þá ákærði svo frá fyrir rjettinum, að eigi hefði fyrirfarandi verið farið optar frá sjer á fjöru, en 3 til 4 sinnum á ári, en að hann hefði enga hugmynd um, hvort menn frá Hrútafellskoti (hjáleigu frá Hrútafelli) hafi farið opt eða sjaldan á fjöru og gæti ekkert sagt, er gæti gefið upplýsingu um, hvernig menn frá kotinu hefðu stundað fjöruna. Hann kvaðst heldur eigi vita til eða hafa orðið var við á annan hátt eða heyrt, að menn í kotinu hafi tekið af Hrútafellsfjöru meira en hann áliti að þeim bæri með rjettu. Þennan framburð kvaðst ákærði eigi vilja leiðrjetta í neinu, en vera reiðubúinn að staðfesta með eiði, og ljet dómarinn hann þá þegar vinna eið að honum. Síðar um daginn hinn sama dag mætti ákærði fyrir lögreglurjetti að Þorvaldseyri, og skýrði hann þá frá, að hann hefði heyrt að fólk í Hrútafellskoti hefði farið mjög opt á Hrútafellsfjöru og að það hefði verið djarftækt á fjörum og hefði hann grunað það um að hafa tekið meira en það átti með rjettu, án þess þó að vita nein sjerstök atvik, eða hafa heyrt um sjerstök atvik, er gæfu grun um þetta, en gruninn hefði einna mest vakið það, að hann hefði

komizt að því, að menn frá Hrútafellskoti hefðu farið iðulega á fjöru á næturnar. Um eigin fjöruferðir sínar kannaðist hann þá og við, að hann hefði áður um daginn sagt þær færri, en þær hefðu verið í raun og veru, og hafi það orðið af athugaleysi og án þess hann hafi viljað segja vísvitandi ósatt. Orsökin til þess, að hann eigi skýrði áður rjett frá um fjöruferðir Hrútafellskotsfólksins kvað hann einnig heimsku sína og fákænsku, enda hafi hann aldrei fyr komið fyrir rjett. Dómarinn hefur vottað að ákærði, er hann gaf þessa síðari skýrslu sína, hafi virzt hiklaust vilja segja allt hið sannasta, er hann sýndist vita um málið, en daginn eptir, að afloknu nýju rjettarhaldi, þar sem ákærði staðfesti að öllu leyti hinn síðari framburð sinn, úrskurðaði hann, að ákærða skyldi setja í gæzluvarðhald, og var ákærði í því í 4 vikur.

Eins og saga málsins hjer að framan með sjer ber, hefur ákærði borið ranga skýrslu fyrir rjetti og staðfest hana með eiði. En með því að álíta verður að ákærði hafi haft ástæðu til þess eins og á stóð, og eptir framkomu dómarans og spurningum, að ætla, að málið varðaði sjálfan hann, þá virðist eiga að heimfæra brot hans undir 148. gr. hegningarlaganna, fyrri lið, en hegningu þá, er ákærði, sem er fæddur 1. apríl 1831 og aldrei áður hefur sætt hegningu fyrir nokkurt lagabrot, og sem að vottun dómarans er mjög fáfróður, og þótt hann hafi fulla skynsemi, er fremur skilningssljór og fákænn, hefur til unnið samkvæmt nefndri lagagrein, virðist, með skýrskotun til 58. og 59. gr. hegningarlaganna, mega álíta afplánaða með 4 vikna gæzluvarðhaldi því, er fyr er getið, og sem þykir hafa verið á hann lagt án þess næg ástæða væri til. Málskostnað-

arákvæði undirdómsins ber að staðfesta og ber hinum ákærða og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. Hvað rekstur málsins í hjeraði áhrærir, þá hefur hann orðið töluvert seinfara, en undirdómarinn hefur fært nokkurnveginn fullnægjandi ástæður fyrir þeim drætti, og virðist mega hlíta þeim. Á hinn bóginn verður yfirdómurinn að álíta það vítavert af undirdómaranum, *að* hann ljet ákærða þegar í stað eiðfesta hina fyrri skýrslu sína, sem þó enga þýðingu gat haft fyrir málið sjálft, og *að* hann hjelt ákærða í 4 vikur í gæzluvarðhaldi af því, eins og segir í varðhaldsúrskurðinum, að ákærði »hefur borið rangan vitnisburð fyrir rjetti og unnið eið að honum«, en þessi ástæða var eigi einhlít til að svipta ákærða frelsi, eptir að hann hafði að dómarans eigin vottun játað brot sitt afdráttarlaust. Málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Gæzluvarðhald ákærða, Tómasar bónda Tómassonar, sem getið er um hjer að ofan, á að koma í stað hegningar. Ákærði greiði allan af málinu gegn honum fyrir undir- og yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða verjanda í hjeraði, Sighvats Árnasonar, 5 kr., og til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og landritara Hannesar Hafstein, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 39/1893: Sigurður Jónsson
gegn
Oddi Sigurðssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði fyrir aukarjetti Norður-Múlasýslu af Sigurði kaupmanni Jónssyni á Vestdalseyri gegn Oddi Sigurðssyni í Vestdal út af verzlunarskuld, er Sigurður Jónsson telur til hjá Oddi Sigurðssyni, að upphæð kr. 88,20, og var dæmt þar 18. júlí f. á. með þeim úrslitum, að Oddur Sigurðsson var sýknaður af kærum og kröfum Sigurðar kaupmanns Jónssonar, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Sigurður kaupmaður Jónsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 30. ágúst f. á., og hefur hann auk hins stefnda málsaðila stefnt hjeraðsdómaranum, sýslumanni Einari Thorlacius, til ábyrgðar, og krafizt:

1. að stefndi, Oddur Sigurðsson, verði dæmdur til að greiða sjer kr. 88,20 með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags,
2. að gagnkröfum stefnda verði vísað frá rjettinum,
3. að nokkur ummæli stefnda í varnarskjali hans í hjeraði um sig — er hann telur óviðurkvæmileg — verði dæmd dauð og ómerk og hann sektaður fyrir ósæmilegan rithátt,
4. að nokkur orð dómarans, E. Thorlaciusar, í forsendum dómsins verði dæmd dauð og ómerk,
5. að undirdómarinn verði samkvæmt n. l. 1—5—8 sektaður um 200 lóð silfurs fyrir óleyfilegan drátt á málinu; og
6. að Oddur Sigurðsson og Einar sýslumaður Thorla-

cius verði dæmdir til einn fyrir báða og báðir fyrir einn að greiða áfrýjanda allan kostnað af málinu fyrir báðum dómum að skaðlausu með 100 kr. eða með einhverju eptir rjettarins mati nægilegu.

Hinsvegar hefur hinn stefndi Oddur Sigurðsson krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandinn, Sigurður Jónsson, verði dæmdar til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi.

Hinn stefndi hjeraðsdómari hefur ekki mætt eða látið mæta fyrir sig.

Skuld sú, sem áfrýjandi telur til hjá stefnda, er verzlunarskuld, og hefur stefndi kannazt við, að hann hafi fengið ýmislegt hjá áfrýjanda árin 1890—92 fyrir samtals 88 kr. 20 a., en jafnframt haldið því fram, að hann alls ekki skuldi áfrýjanda neitt, þar sem hann eigi meiri upphæð hjá áfrýjanda, sem sje 92 kr. 15 a. Þegar í fyrsta rjettarhaldi lagði stefndi fram gagnreikning, að upphæð 70 kr., en hann þótti ekki nægilega glöggur, eptir því sem hann hefur frá skýrt og áfrýjandi ekki mótmælt, og lagði hann því síðar fram annan gagnreikning, að upphæð 92 kr. 15 a. fyrir vinnu og fl., er hann hafði látið áfrýjanda í tje á árunum 1885—1892.

Að vísu mótmælti áfrýjandi þegar í stað hinum fyr framlagða gagnreikningi stefnda, »þar eð engin sönnun fylgdi með honum«, eins og hann líka mótmælti hinum síðari gagnreikningi hans, »með því hann sje alveg ósamhljóða hinum fyr framlagða reikningi«, en sjerstök og ákveðin mótmæli gegn einstökum póstum reikningsins eða reikninganna eru alls engin fram komin af hendi áfrýjanda. Hinn stefndi hefur skýrt svo

frá, að hann þegar á árunum 1885—86 hafi fyrir vinnu átt hjá áfrýjanda 62 kr. 15 a., er hann optsinnis hafi krafið hann um, en ekki fengið annað en góð loforð og fyrirheit, hafi hann því 1890 og seinna tekið út hjá áfrýjanda ýmislegt upp í þetta, svo og upp í það, er hann seinna vann í hans þarfir, alls að upphæð 88 kr. 20 a. Þessi skýrsla stefnda um vinnu sína fyrir áfrýjanda styrkist af eiðfestum framburði nokkurra vitna, og áfrýjandi hefur alls ekki vefengt, að stefndi hafi unnið þau verk fyrir hann, er hann heimtar borgun fyrir, nje mótmælt borgun þeirri, sem stefndi hefur reiknað sjer, en að eins nefnt gagnreiking stefnda »vitlausan«. Áfrýjandi hefur þannig ekki löglega mótmælt kröfum stefnda á hendur honum, og þar sem kröfur málsaðila stafa af verzlunarviðskiptum, hlýtur stefndi að hafa átt rjett á að koma fram með gagnkröfur sínar gegn reikningi áfrýjanda án þess að gagnkæra og gagnstefna áfrýjanda, og verður þeim því ekki vísað frá, heldur verður að sýkna stefnda af kærum og kröfum áfrýjanda í þessu máli.

Ekki er eptir atvikum ástæða til að dæma stefnda í sekt fyrir ósæmilegan ritháttr fyrir undirrjetti, nje heldur til að dæma þau orð ómerk, er áfrýjandi telur meiðandi fyrir sig. Þá er ekki heldur nein ástæða til að dæma ómerk nein orð hjeraðsdómarans í forsendum dóms hans.

Það ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Hjeraðsdómarinn hefur haft mál þetta undir dómi frá 2. maí til 18. júlí f. á. eða í 11 vikur, og hefur hann að vísu tekið það fram í dóminum sjer til afsökunar, að drátturinn hafi orsakazt af því, að hann hafi átt að gegna »áður dagsettum embættisverkum um alla

sýsluna, sem ekki mátti undir höfuð leggja«. En með því að hjeraðsdómarinn hefur ekki gjört neina grein fyrir því, hver þessi áður dagsettu embættisverk hafi verið, og yfirdómurinn því ekki getur dæmt um, hvort eða að hve miklu leyti afsökun hans er á rökum byggð, þá verður eigi hjá því komizt að dæma hann, eins og áfrýjandi hefur kafizt, í sekt fyrir dráttinn samkvæmt n. l. 1. 5. 8. sbr. tilsk. 15. ág. 1832 16. gr., 200 lóð silfurs, er renni í landssjóð.

Þess skal getið, að forsendur hjeruðsdómsins eru mjög ófullkomnar og lýsa fljótfærni og hirðuleysi, en þó þykir eigi alveg næg ástæða til fyrir þá sök að sekta hjeraðsdómarann.

Málskostnað fyrir yfirdómi virðist áfrýjandi eptir atvikum eiga að greiða hinum stefnda, og þykir hann hæfilega metinn 25 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi Sigurður Jónsson stefnda Oddi Sigurðssyni 25 kr. Undirdómarinn sýslumaður Einar Thorlacius greiði í sekt 200 lóð silfurs, er renni í landssjóð. Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 21/1893: Sigríður Guttormsdóttir
gegn
Arnljóti presti Ólafssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Þingeyjarsýslu 21. apríl f. á. var prófastsekkjan Sigríður Guttormsdóttir dæmd til að greiða prestinum Arnljóti Ólafssyni 1043 kr. 4 a. ásamt 5% vöxtum frá sáttakærudegi 4. marz 1892. Málskostnaður var látinn falla niður, og áttu málspartar að öðru leyti að vera lausir við kröfur hvor annars í aðalmáli og gagnsóknarmáli.

Dómi þessum hefur nú frú Sigríður Guttormsdóttir áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 31. maí f. á. og krafizt, að sjera Arnljótur Ólafsson verði samkvæmt gagnsóknarkröfum hennar fyrir undirrjetti skyldaður til að greiða sjer 1500 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 1. júlí 1892 til borgunardags sem andvirði þess dúns, er varpið á prestssetrinu Sauðanesi gaf af sjer vorið til fardaga 1890, en til vara, að hann greiði andvirði dúnsins eptir óvilhallra manna mati ásamt vöxtum, sem fyr segir, samt auk þessa málskostnað bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi eptir rjettarins mati.

Hinn stefndi þar á móti hefur gagnáfrýjað dómi þessum með stefnu dags. 21. okt. f. á. og krafizt, að aðaláfrýjandinn greiði sjer 1258 kr. 4 a. með vöxtum 5% frá sáttakærudegi og málskostnað fyrir báðum rjettum.

Aðdragandi máls þessa er sá, að Vigfús prófastur Sigurðsson að Sauðanesi andaðist þar 7. jan. 1889, og var svo Arnljóti presti Ólafssyni veitt brauðið 26. sept. s. á. frá fardögum næst þar á undan. Þar hann eigi

gat komið til brauðsins í fardögum 1889, byggði prófastur ekkju Vigfúsar prófasts, Sigríði Guttormsdóttur, Sauðanesið hálft með öllum hlunnindum fardagaárið 1889—90 gegn 1686 kr. 74 a. eptirgjaldi, en á hinum helmingi staðarins hafði hún ábúð eptirgjaldslaust, sem prestsekkja samkvæmt tilsk. 6. jan. 1847, 4. gr. Eigi var byggingarbrjef gefið út fyrir hálflendunni með hlunnindum, en prófastur hefur eptir á vottað, að hann hafi leigt varpið og að hann hafi heimilað ábúandanum venjuleg not varpsins til loka fardagaársins. Aðaláfrýjandi hefur nú álitið, að sjer hafi samkvæmt þessu borið dúntekja til síðasta fardags 1890. Gagnáfrýjandi þar á móti telur, að sjer samkvæmt 11. gr. laga 12. jan. 1884 hafi borið öll dúntekjan fardagaárið 1889—90. Ljet hann því og umboðsmann sinn banna aðaláfrýjanda að taka dún úr Sauðanesvarpi um vorið 1890, og gjörði umboðsmaður það, og bað hana jafnframt að hirða varpið vel og vandlega fyrir sjera Arnljót, til fardaga 1890. Aðaláfrýjandi tók bann þetta til greina að geymdum löglegum rjetti sínum, og lofaði að hirða varpið eptir fyrirsögn sjera Arnljóts og var ekki tekið nema köld egg og fokdúnn, er skilað var öllum. Þareð aðaláfrýjanda þykir að sjer hafi verið varnað dúntökunnar, krefst hann 1500 kr. skaðabóta eða eptir óvilhallra manna mati.

Það liggur nú að vísu næst að álíta samkvæmt yfirlýsingu prófasts, að aðaláfrýjanda hafi með byggingu hans, sem löglegs umráðanda prestssetursins Sauðaness með hlunnindum fardagaárið 1889—90, sbr. tilsk. $^{24}/_{7}$ 1789, 7. gr., verið heimiluð afnot af varphlunnindunum til fardagaloka 1890, þannig að hún mætti til þess tíma taka dún og egg úr varpinu, eins og viðgengizt hafði

þar (í Sauðanesi) fyrirfarandi ár, og að hún hafi með því að hlýðnast banni gagnáfrýjanda látið óhirt töluvert af dún, sem venja hafði verið á Sauðanesi að taka úr hreiðrunum fyrir fardagana, en samt sem áður virðist eigi unnt að byggja á utanrjettarbanni gagnáfrýjanda einu, sem aðaláfrýjandi eigi þurfti að hlýðnast fremur en hverri annari yfirlýsingu frá hans hendi, um skoðun hans á rjettindum sínum, neina skyldu fyrir hann til að bæta henni það tjón, er hún kann að hafa bakað sjer með því að fara að banni hans, nema því að eins að unnt væri að miða bæturnar eða uppbótina til hennar við áreiðanlega ákveðinn ábata, sem gagnáfrýjandi hefði haft af aðferð hennar, en kröfur aðaláfrýjanda stefna eigi í þessa átt, enda mundi það naumast mögulegt úr því sem komið er.

Samkvæmt þessu verða eigi teknar til greina kröfur aðaláfrýjandans um skaðabætur 1500 kr. eða þá eptir óvilhallra manna mati.

Gagnáfrýjandinn hefur krafizt, að sjer auk þeirra 1043 kr. 4 a., er undirrjettardómurinn hefur ákveðið, verði tildæmdar 215 kr. samtals 1258 kr. 4 a. Þessar 215 kr. koma þannig fram, að hann frá hinum náðarárskyldu tekjum brauðsins vill draga kostnað við þjónustu í brauðinu 120 kr., vexti og afborgun á láni prestakallsins 240 kr. og árgjald, er hvílir á því, 500 kr.

Eptir því hvernig ákvæðin um náðarárstekjur ekkjunnar í 5. gr. í tilsk. $^{6}/_{1}$ 1847 eru orðuð, virðist þó eigi verða fallizt á þessar kröfur gagnáfrýjanda. Að því er borgunina fyrir þjónustu brauðsins í fjærveru gagnáfrýjanda snertir, leiðir þetta þegar af því, að prestsþjónustan er ekkjunni alveg óviðkomandi, og að því hinar tvær upphæðirnar snertir, þá er engin lagaheimild

til, að þær komi þeim ákveðna hluta af tekjum brauðsins, er prestsekkjan fær náðarárshluta sinn reiknaðan af, til nokkurrar rýrnunar. Og þó að í lögum um skipun prestakalla, 27. febr. 1880, 3. gr., segi svo, að árgjöld af brauðum skuli sem mest greiða með fasteignum eða afgjaldi fasteigna, sem er einn af gjaldstofnum náðarársgjaldsins, þá er þarmeð að eins átt við, hvernig hagkvæmast verði fyrir komið árgjaldsgreiðslunni frá einu prestakalli til annars, en það virðist þar á móti allsendis heimildarlaust að skilja orðin svo, að árgjaldið ætti að liggja á þeim ákveðna gjaldstofni, fremur en á öðrum tekjum kallsins.

Í fyrsta sóknarskjali sínu fyrir undirrjetti taldi gagnáfrýjandi tekjur prestakallsins til útreiknings á náðarársgjaldinu:

1.	tekjur af sókn og kirkjujörðum . .	kr. 732,37
2.	eptirgjald af ½ Sauðanesi 1686 kr. 74 a. að frádregnum 240 kr., er ekkjan hafði borgað fyrir hann	— 1446,74
		— 2179,11
	og dró þar frá árgjaldið 1889–90 500 kr., fyrir þjónustu á brauðinu 120 kr., aukatekjur og offur 82 kr. 38 a.	702,38
	reiknaði svo ekkjunni ¼ af	— 1476,73

í náðarárshluta með 369 kr. 18 a., og með því ekkjan hafði tekið við 180 kr. 48 a., voru eptir í hennar hluta 188 kr. 70 a., sem dregnar frá ofantjeðum 1446 kr. 74 a. skilja eptir þær 1258 kr. 4 a., er hann heimti sjer dæmdar.

Við sókn og gagnsókn í hjeraði var alls eigi ágreiningur um, hvernig náðarárstekjurnar eru reiknaðar, en í gagnáfrýjun sinni hefur gagnáfrýjandi farið því fram,

að hann af misskilningi sínum á 5. gr. tilsk. 6. jan. 1847 hafi reiknað áfrýjandanum náðarárstekjur af meiri upphæð en lög standi til, þar hann með gjaldstofnunum hafi talið eptirgjaldið af hálfum staðnum með hlunnindum. Ekkjunni hafi því verið reiknað hærra náðarársgjald en henni beri, og svo verði að álíta, að hann því að eins hafi talið fram afgjaldið af staðnum, að þá væri einnig dregið frá það hann áskildi, sem sje árgjaldið, þjónusta brauðsins og vextir og afborgun af láninu. Sjer beri því þær umræddu 1258 kr. 4 a. einnig af þessari ástæðu.

I rjettarskjölunum kemur alls eigi fram, að gagnáfrýjandi hafi sett slíkt skilyrði þannig, að meðtalning afgjalds staðarins skyldi falla burtu svo framarlega sem hinn heimtaði frádráttur eigi væri talinn lögmætur. Þar þessu eigi hefur verið hreift sem málsástæðu fyrir undirrjetti, heldur matið sjálft á hinum náðarársskyldu tekjustofnum skoðað sem atriði, er báðir málspartar ekkert hefðu að athuga við, virðist eigi næg ástæða til, að taka til greina þær kröfur, er gagnáfrýjandi vill gjöra út af misskilningi sínum og sem fyrst nú við áfrýjun málsins koma fram.

Af hinum framantöldu ástæðum ber hinn áfrýjaði aukarjettardómur að vera óraskaður, en málskostnaður hjer við rjettinn falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna, frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.

Mánudaginn 2. aprílmánaðar.

Nr. 5/1894: Rjettvísin
[gegn
Elías Jónssyni.

Úrskurður:

Áður fullnaðardómur geti gengið í máli þessu þykir nauðsynlegt að undirdómarinn útvegi þær frekari skýrslur því til upplýsingar, er nú skal greina:

1. Skýrslu manna þeirra, er Kristín Gunnarsdóttir hefur verið hjá eða þekkja helzt til hennar, um það í hverju vitskerðing hennar hafi einkanlega lýst sjer, og yfir höfuð, hvernig dagleg framkoma hennar og hegðun hafi verið.
2. Skýrslu um aldur Kristínar og hvenær borið hafi fyrst á vitskerðing hjá henni, hvort hún hafi t. d. orðið fermd o. s. frv.
3. Skýrslu um, hvort Kristín hafi áður sýnt sig í lauslæti eða áleitni við karlmenn til samræðis, og hvað tilhæft muni vera í framburði ákærða í þá átt
4. Skýrslu alls heimilisfólksins á Ærlæk um það, hvernig andlegu ástandi Kristínar hafi verið varið þann tíma, sem hún dvaldi þar og sem kemur til athugunar í þessu máli; hvort það hafi orðið vart við samdrátt milli þeirra Kristínar og ákærða, og um það, hvenær og á hvern hátt það hafi vitað eða fengið grun um samfarir þeirra.
5. Skýrslu Kristínar sjálfrar um atvik málsins, ef unnt er að fá slíka skýrslu; að öðrum kosti skýrslu um árangurinn af tilraununum í þá átt.
6. Ýtarlega og rökstudda lýsing hjeraðslæknis á sálarástandi Kristínar og ákærða.

7. Þær frekari skýrslur, er hin nýju próf kunna að gjöra æskilegar.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega framangreindar skýrslur svo fljótt sem verða má.

Nr. 44/1893: kaupmaður V. Claessen
gegn
hreppsnefndinni í Skefilsstaðahreppi.

Dómur:

Haustið 1892 lagði hreppsnefndin í Skefilsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu 15 kr. aukaútsvar til tjeðs hrepps á kaupmann Valgarð Claessen á Sauðárkróki í Sauðárhreppi fyrir það að hann hafði salthús og fisktöku á Selnesi og Sævarlandi í fyrnefndum hreppi, eða, eins og komizt er að orði, hreppsnefndin lagði aukaútsvarið á »salthús og fisktöku« Claessens á Selnesi og Sævarlandi. Með því að hann eigi þóttist skyldur að greiða þetta útsvar til Skefilsstaðahrepps, neitaði hann að gjöra það, og var þá eptir kröfu hreppsnefndarinnar hinn 19. ágústmán. f. á. af sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu sem hlutaðeigandi fógeta gjört lögtak hjá kaupmanni V. Claessen fyrir útsvarinu ásamt kostnaði, og voru hinir lögteknu munir, sem voru ýmsar búðarvörur, virtar á kr. 34,50. Kaupmaður V. Claessen mætti við lögtaksgjörðina, mótmælti því, að hún væri látin fram fara, en mótmælunum var hrundið með úrskurði fógetans, og hefur hann síðan áfrýjað

tjeðum úrskurði og gjörðinni til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 29. september f. á., og hjer fyrir rjettinum gjört þær rjettarkröfur, að fógetaúrskurðurinn og lögtaksgjörðin verði úr gildi felld, að honum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu, og að honum verði dæmdar bætur fyrir gjaldtraustsspilling. Á hinn bóginn hefur hreppsnefndin, sem hefur fengið gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaðan málflutningsmann, látið gjöra þær rjettarkröfur, að fógetaúrskurðurinn og lögtaksgjörðin verði staðfest, að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða allan málskostnað, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, og að málsfærslumanni nefndarinnar fyrir yfirdómi verði tildæmd hæfileg málsvarnarlaun.

Áfrýjandinn, sem rekur verzlun á Sauðárkrók, byggði sumarið 1890 hús á Selnesi og á Sævarlandi (Sævarlandsvík), sitt á hvorum staðnum. Hefur hann haft salt í húsunum, er hann sumpart hefur haft til þess að salta með þann fisk, sem hann þar hefur veitt móttöku, og sumpart til að afhenda þar verzlunarmönnum sínum. Á Selnesi ljet hann verka fisk þann, er hann þar fjekk, og síðan flytja hann til Sauðárkróks, en frá Sævarlandi var fiskurinn fluttur óverkaður til Sauðárkróks. Hin stefnda hefur að vísu viljað halda því fram, að frá Selnesi hafi fiskurinn verið fluttur beina leið til útlanda, en hefur þó eigi sannað þetta gegn eindreginni neitun áfrýjanda. Þó að þessi fyrirtæki áfrýjanda ef til vill eigi verði talin verzlun í eiginlegum skilningi, þá verður þó að telja þau með »arðsömum fyrirtækjum«, því að það liggur í augum uppi, að áfrýjandi hefði eigi byrjað á þeim og haldið þeim áfram, ef hann hefði engan hag sjeð sjer við þau. En á slík fyrirtæki má eptir lögum nr. 12, 9. ágúst 1889,

leggja útsvar til þess sveitarfjelags, þar er þau eru rekin, ef þau eru rekin þar að minnsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, en í málinu er enginn árgeiningur um það, að þau hafi verið rekin nægilega langan tíma í Skefilsstaðahreppi hið umrædda ár. Samkvæmt þessu hafði hreppsnefndin í Skefilsstaðahreppi rjett til að leggja sveitarútsvar á greindan atvinnurekstur áfrýjanda, og með því að hinum áfrýjaða úrskurði og lögtaksgjörð eigi verður hrundið af öðrum ástæðum, ber að staðfesta úrskurðinn og gjörðina. Áfrýjandinn greiði hinni stefndu hreppsnefnd 15 kr. sem málsfærslulaun hins skipaða talsmanns hennar fyrir yfirdómi. Það vottast, að málsvörnin við yfirdóminn hefur verið vítalaus.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður og lögtaksgjörð á að vera óraskað. Áfrýjandinn, kaupmaður V. Claessen, greiði hinni stefndu, hreppsnefndinni í Skefilsstaðahreppi, 15 kr. sem málflutningslaun til hins skipaða málsfærslumanns hreppsnefndarinnar, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, og greiðist málflutningslaunin innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 43/1893: Sigríður Eggerz
gegn
skiptaráðandanum í dánarbúi manns hennar heitins P. F. Eggerz, bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni.

Dómur:

Á skiptafundi í dánarbúi fyrrum kaupmanns P. F.

Eggerz, sem haldinn var af skiptarjetti Reykjavíkur hinn 27. maímán. f. á., var meðal annars ákveðið, að bjóða skyldi upp á opinberu uppboði eign búsins $^3/_4$ hluta Akureyja í Dalasýslu »sem óbundna eign þess og án allra kvaða eða eignarbanda«. Samkvæmt þessari skiptafundarályktun krafðist skiptaráðandinn þess, að sýslumaðurinn í Dalasýslu, þar sem eignin liggur, seldi hana á opinberu uppboðsþingi. Voru síðan haldin 3 uppboð á eigninni, hinn 5., 12., og 19. júlímánaðar f. á., en á þriðja uppboðsþinginu hinn 19. júlímánaðar f. á. kom aðaláfrýjandinn, frú Sigríður Eggerz, ekkja eptir Pjetur heitinn Eggerz, auk annara fram með mótmæli gegn sölunni, nema með því móti að henni væri áskilinn lífstíðarábúðarrjettur á þessum parti Akureyjanna, er hún tjáði að rjettur umráðamaður þessa jarðarparts, sjera Friðrik Eggerz í Hvalgröfum, hefði heimilað sjer með byggingarbrjefi, útgefnu 16. desembermán. 1892. Um mótmæli þessi uppkvað uppboðsrjetturinn úrskurð hinn 20. júlí f. á. á þá leið, að krafa frú Sigríðar Guðmundsdóttur (Eggerz) yrði eigi til greina tekin, að því er snerti hin veðsettu $68^3/_4$ hndr. úr Akureyjum, en að því er snerti 2,905 hndr., þá skyldu þau seljast með því hapti, að hún hafi ábúðarrjett á þeim, meðan byggjandinn sjera Friðrik lifir, fyrir tiltölulegt afgjald við það, sem ákveðið er í byggingarbrjefinu 16. desembermán. 1892, en við dauða hans (sjera Friðriks) taki kaupandi þau til fullra umráða. Þessum úrskurði hefur frú Sigríður Eggerz áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 28. sept. f. á., og krafizt þess, að hann verði úr gildi felldur, að ábúðarrjettur hennar á hinum umræddu $^3/_4$ hlutum Akureyja verði samkvæmt byggingarbrjefinu 16. desember 1892

dæmdur góður og gildur og að henni verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi skaðlaust eða eptir mati dómsins. Loks hefur málsfærslumaður hennar krafizt þess, að umboðsmaður mótpartsins verði sektaður fyrir ósæmilegan rithátt. Á hinn bóginn hefur bæjarfógeti Halldór Daníelsson sem skiptaráðandi í dánarbúi P. F. Eggerz gagnáfrýjað hinum tilgreinda úrskurði uppboðsrjettarins frá 20. júlí f. á. og krafizt þess, *að* ábúðarrjettur aðaláfrýjanda verði dæmdur með öllu ógildur þegar í stað, að því er snertir eign búsins í Akureyjum, og *til vara*, að ábúðarrjettur hennar verði að eins dæmdur gildur til dauða sjera Friðriks Eggerz, *að* gagnáfrýjandi verði sýknaður af öllum kærum og kröfum aðaláfrýjanda, og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað með nægilegri upphæð.

Hinn 14. sept. 1866 afhenti sjera Friðrik Eggerz syni sínum, kaupmanni Pjetri Eggerz, allar Akureyjar í Dalasýslu í skiptum fyrir $^1/_8$ hluta í Staðarhólseign í sömu sýslu, og 1150 rdala milligjöf; um afsalið á Akureyjum inniheldur makaskiptabrjefið þau nánari ákvæði, »að presturinn sjera Friðrik Eggerz hafi öll byggingarumráð og allt afgjald og arð af fyrnefndri jörð Akureyjum meðan hann lifir, en nefndur kaupmaður Pjetur Friðriksson Eggerz þaðan í frá sem fullkominn eigandi þeirra«; sömuleiðis er áskilið, að nefndar eyjar falli til afkomenda kaupmanns Pjeturs að honum fráföllnum, og því má hann hvorki afsala sjer eða afhenda þær nje pantsetja til annara fjærskyldari, nema hann hafi áður þar til fengið leyfi föður síns» o. s. frv. Þetta makaskiptabrjef var þinglesið við forum rei sitæ hinn 28. maí 1868. Í framhalds- eða viðaukabrjefi, útgefnu 12. ágústmán. 1876 lýsir sjera Friðrik Eggerz því yfir, með

tilliti til þessara makaskipta, að hann hjermeð ítreki, »að makaskipti þessi og sala voru meðal annars, er jeg (sjera Friðrik) þá áskildi, af mjer gjörð með þeim útþrykkilega skilmála, að nefndar Akureyjar með þar standandi húsum, gögnum og gæðum, má Pjetur hvorki afsala sjer eða afhenda nje pantsetja, eða þær komast með nokkru móti á vald eða umráð skyldra eða vandalausra að mjer lifandi eða dauðum annara en einhverra af hans afkomendum, og tekur hann þá eyjarnar frá mínu dánardægri með öllum þeim gögnum og gæðum og húsum, er þá á þeim finnast, í sitt fullkomið eignarhald« o. s. frv. Þetta viðaukabrjef, er Pjetur Eggerz einnig sampykkti, var þinglesið við varnarþing jarðarinnar Akureyja, 28. maí 1878. Það er komið fram í málinu, að Pjetur heitinn Eggerz hafði með sampykki sjera Friðriks föður síns gefið konu sinni, aðaláfrýjandanum, áður en hann ljezt, einn fjórðung í Akureyjum, og voru því að eins $^3/_4$ hlutar eyjanna taldir eign dánarbús hans. Pjetur Eggerz bjó sjálfur á Akureyjum, þegar hann ljezt 5. apríl 1892, en þá var bú hans tekið til opinberrar skiptameðferðar. Ekkja hans, aðaláfrýjandinn, hjelt svo áfram ábúð á jörðinni næsta fardagaár eptir lát Pjeturs, en hinn 16. desembermán. 1892 byggir sjera Friðrik Eggerz henni $^3/_4$ hluta Akureyjanna æfilangt (»alla hennar lífstíð«) með ákveðnum leigumála, og eru það þessi byggingarráð, sem gagnáfrýjandi vill fá gerð ógild gagnvart dánarbúi Pjeturs heitins Eggerz.

Eins og mál þetta liggur fyrir yfirdóminum, er engin vefenging á því fram komin, að dánarbú Pjeturs heitins Eggerz sje rjettur eigandi að $^3/_4$ í Akureyjum samkvæmt fyrgreindum makaskiptagjörningi 14. sept. 1866 og viðbótarskjalinu 12. ágúst 1876, en spurningin,

sem undir dóm er lögð, er að eins um það, hvort aðaláfrýjandinn hafi með byggingarbrjefi tengdaföður síns, sjera Friðriks Eggerz, 16. desbr. 1892, öðlazt lífstíðarábúð á jarðarhlutanum, er taka bar tillit til við sölu þá á honum, er gagnáfrýjandi krafðist, en úrlausn þeirrar spurningar er komin undir því, hvernig skilja ber ákvæðið í makaskiptabrjefinu 14. sept. 1866 um byggingarumráð sjera Friðriks yfir jörðinni. Þetta ákvæði virðist nú óheimilt að skilja svo, að með því hafi sjera Friðriki verið áskilin byggingarumráð yfir jörðinni fyrir lengri tíma en lífstíð hans, eins og honum var að eins áskilið eptirgjald og arður af jörðinni meðan hann lifði, og þar sem hann hefur með áðurnefndu byggingarbrjefi 16. desbr. 1892 skilyrðislaust byggt aðaláfrýjanda jörðina um lífstíð hennar eða svo lengi sem hún vildi og gæti notað þá ábúð, og það enda, eptir því sem fram hefur komið í málinu, með svo vægum kjörum, að fjarri þykja öllum sanni, þá hefur hann þar með farið lengra en rjettur hans var til, og er byggingarbrjefið ógilt að því leyti. Það verður þannig að álíta, að byggingarbrjefið 16. desbr. 1892 heimili aðaláfrýjanda ábúð á $^3/_4$ Akureyja eigi lengur en sjera Friðrik Eggerz lifir, og þar sem aðalkrafa gagnáfrýjanda, sem er byggð á því, að hjer umrætt ákvæði í skjalinu 14. sept. 1866 sje fallið burtu við dauða Pjeturs heitins Eggerz, verður eigi álitin eiga við rök að styðjast, ber þá að fara eptir varakröfu hans, en samkvæmt henni ber að breyta hinum áfrýjaði úrskurði svo, að aðaláfrýjandi eigi rjett til að halda ábúðarrjetti á $^3/_4$ Akureyja samkvæmt byggingarbrjefinu 16. desbr. 1892 þrátt fyrir söluna, en eigi lengur en meðan sjera Friðrik Eggerz lifir. Málskostnaður þykir eptir atvikum eiga að falla niður, og eigi er

nein ástæða til að sekta málsfærslumann gagnáfrýjanda fyrir ósæmilegan ritháttt, eins og málsfærslumaður aðaláfrýjanda hefur heimtað.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði uppboðsrjettarúrskurður skal úr gildi felldur og uppboðsráðandi skyldur til samkvæmt kröfu gagnáfrýjanda að bjóða upp á ný $^{3}/_{4}$ hluta Akureyja, en þannig, að aðaláfrýjandi haldi ábúðarrjetti á jarðarpartinum öllum samkvæmt byggingarbrjefinu 16. desbr. 1892, þó eigi lengur en byggjandinn sjera Friðrik Eggerz lifir. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 9. aprílmánaðar.

Nr. 31/1893: Skapti Jósepsson
gegn
Einari Thorlacius sýslumanni.

Dómur:

Í 13. tölublaði af öðrum árgangi blaðsins »Austra«, sem kom út á Seyðisfirði 20. maímán. 1892, stóð meðal annars nafnlaus grein með yfirskript: »(Aðsent). Nýfundið brot úr dómarabókinni«, og með athugasemd aptan við greinina svo hljóðandi: »Fundið á hálfeyjunni Sínaí af Georg Ebers við rannsókn hans þar«. Með því að amtmanninum yfir Norður- og Austuramtinu þótti grein þessi innihalda meiðandi og vanvirðandi ummæli um hinn stefnda, sýslumann í Norðurmúla-

sýslu Einar Thorlacius, skipaði hann sýslumanninum að höfða mál gegn áfrýjandanum, ritstjóra og ábyrgðarmanni blaðsins »Austra«, Skapta Jósepssyni, til þess að hreinsa sig með dómi fyrir hinum meiðandi áburði, og veitti honum jafnframt gjafsókn í málinu fyrir undirrjetti. Samkvæmt þessari skipun höfðaði sýslumaður Einar Thorlacius mál fyrir meiðandi sakargiptir gegn ritstjóra Skapta Jósepssyni, og var það dæmt í aukarjetti Norðurmúlasýslu hinn 27. marzmán. f. á. af sýslumanni Benedikt Sveinssyni sem skipuðum setudómara, á þá leið, að ritstjóri Skapti Jósepsson var samkvæmt 218., sbr. 217. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, dæmdur til að greiða 200 kr. sekt í landssjóð, eða til að sæta 50 daga einföldu fangelsi, ef sektin yrði ekki greidd innan ákveðins tíma, ýms tilgreind ummæli í áminnztri blaðgrein voru dæmd ómerk og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað eptir reikningi staðfestum af háyfirvaldinu.

Þessum dómi hefur ritstjóri Skapti Jósepsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 28. júlí f. á., samkvæmt leyfisbrjefi lagt fram ýms skjöl, er eigi komu fram í hjeraði, og hjer fyrir rjettinum gjört þær rjettarkröfur *fyrst og fremst*, að hjeraðsdómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá undirrjettinum, *en til vara*, að vitnaleiðsla, er fram fór fyrir aukarjetti Norðurmúlasýslu 23. febr. f. á., verði gjörð ómerk, og að hann verði algjörlega sýknaður fyrir kröfum stefnda í máli þessu; svo hefur hann krafizt þess, að áfrýjandi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða honum allan málskostnað fyrir báðum rjettum með nægilegri upphæð, og megi hún eigi vera minni en 300 kr.

Hinn stefndi sýslumaður Einar Thorlacius hefur fengið gjafvörn í málinu fyrir yfirdómi og skipaðan málsfærslumann, og hefur málsfærslumaðurinn gjört þær rjettarkröfur, að undirrjettardómurinn verði staðfestur, að stefndi verði sýknaður af kærum og kröfum áfrýjanda og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins, eins og eigi væri veitt gjafvörn í því, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun til sín.

Áfrýjandi byggir ómerkingar- og frávísunarkröfu sína á því, að stefnan til hjeraðsrjettarins hafi eigi verið birt fyrir honum sjálfum nje fyrir neinum heimamanni hans, og eigi hafi manni þeim, er hún var birt fyrir, verið gefinn kostur á, að fá eptirrit af henni, enda mætti áfrýjandi ekki í aukarjettinum, þegar málið var tekið þar fyrir. Samkvæmt áteiknun stefnuvottanna á aukarjettarstefnuna, sem inniheldur venjulega skýrskotun til stefnuvottaeiðs þeirra og að öðru leyti er lögformleg, hafa þeir birt stefnuna fyrir prentara Sigurði Grímssyni á heimili hins stefnda Skapta Jósepssonar, sem var farinn að heiman. Það er þannig sannað, að stefnan hafi verið birt á heimili áfrýjanda, og að hún hafi verið birt fyrir einum af mönnum hans (sbr. N.—L. 1.—4.—3. og 4: »hans Folk«), þar sem hún var birt fyrir manni, sem er prentari við prentsmiðju þá, sem áfrýjandi hefur í húsi sínu til afnota við prentun blaðs síns og veitir forstöðu, eptir því sem stefndi ómótmælt hefur framborið. Með því að prentarinn, sem stefnan var birt fyrir, eigi bað um eptirrit af henni, verður það eigi álitið galli á birtingunni, er gjöri hana ómerka, að stefnuvottarnir eigi buðu fram eða skildu eptir eptirrit af stefnunni. Samkvæmt þessu verður

ómerkingar- og frávísunarkrafa áfrýjanda eigi tekin til greina.

Þá hefur áfrýjandi krafizt þess, að vitnaleiðsla sú, er fram fór fyrir aukarjetti Norður-Múlasýslu 23. febr. f. á., verði dæmd ógild, en það sjest af málsskjölunum, að vitnaleiðsla þessi var fyrir tekin og fram fór í öðru máli, sem lyktaði með frávísunardómi, uppkveðnum 25. febrúar f. á., áður en mál það, sem nú er undir dómi, var höfðað, og hefur áminnztum frávísunardómi ekki verið áfrýjað. Nefndri vitnaleiðslu getur eigi orðið áfrýjað ásamt máli þessu, sem rjetturinn nú hefur til meðferðar, og verður fyrir því að frávísa kröfu áfrýjanda að þessu leyti.

I blaðgrein þeirri í 13. tölublaði af 2. árgangi »Austra«, sem er sakarefni, er talað um dómara, sem er nefndur Rani Esui Calrot, og eru bornar á hann ýmsar sakir og honum lýst óvirðulega. Hinn stefndi heldur því fram, að með þessu nafni Rani Esui Calrot sje meint nafn sitt Einar Thorlacius, og sje því öllum hinum vanvirðandi og meiðandi ummælum í greininni, sem við höfð eru um Rani Esui Calrot, beint að sjer. Áfrýjandi hefur fastlega neitað, að þetta sje svo, en hefur þó eigi gefið neina sennilega skýrslu um það, hver meiningin sje með greininni, sem hann tjáist hafa fengið aðsenda frá einhverjum Jóni Jónssyni á Hóli, en hefur enga grein gert fyrir því, hvaða maður það er, eða hvort það er tilverandi persóna. Þrátt fyrir þessa neitun áfrýjanda verður þó að álíta, að hann annaðtveggja hafi átt við stefnda með hinu áminnzta nafni, eða þó að minnsta kosti mátt og átt að sjá, að lesendur blaðsins almennt mundu heimfæra nafnið til stefnda. Í þessu efni skal það tekið fram, að þegar nafnið Rani

Esui Calrot er lesið aptur á bak, kemur fram nafn stefnda, Einar Thorlacius, eins og það er borið fram. Þetta styrkist og beinlínis við það, að í 14. tölublaði af 2. árgangi »Austra«, sem kom út næst á eptir því tölublaði, sem hin átalda grein stóð í, hefur áfrýjandinn látið prenta »*forboð*« gegn því, að nöfnin í greininni »Nýfundið brot úr dómarabókinni« væru lesin „*öfugt*“ eða rangt, og með þessu einmitt gefið almenningi bendingu um að gjöra það. Hitt er þýðingarlaust, að hann í síðastnefndu blaði hefur komið með leiðrjettingu á nafninu Rani Esui Calrot, sem hann þykist hafa mislesið í handritinu og eigi að vera »Rani Esui Galrot«. Í hinni átöldu grein er »Rani Esui Calrot« nefndur dómari, sem hinn stefndi er, og er hann eptir embættisskyldu látinn hafa afskipti af fjársóknum einhverjum, sem Sonretap, er virðist vera öfugnefni fyrir Paterson, átti við landsbúa. En einmitt um það leyti, er greinin kom út, varð kaupmaður Paterson á Seyðisfirði gjaldþrota, og urðu margar greinir út af þrotabúinu, er hinn stefndi hafði til meðferðar sem skiptaráðandi. Loks hafa 7 vitni borið það fyrir rjetti og staðfest það með eiði, að þeim hafi, er þeir lásu greinina, eigi blandazt hugur um það, að með nafninu Rani Esui Calrot væri meintur hinn stefndi, enda bentu fleiri nöfn í greininni, lesin aptur á bak, og ýms þar greind atvik til þekktra manna og viðburða um það leyti á Seyðisfirði.

Með því að það nú verður að álítast sannað, að hinn stefndi sje meintur með nafninu Rani Esui Calrot, og að ummælunum um þessa persónu í hinni átöldu grein sje beint að honum, verður að athuga orð þau og ummæli í greininni, sem stefndi telur meiðandi fyrir sig. Tölul. 1. í greininni virðist eigi saknæmur.

Þar á móti er þessi klausa í tölulið 2. mjög meiðandi: »Og hann gekk ekki á vegum rjettlátra og hafði ekki krapt eða einurð nje sjálfstæði til að dæma mönnum lög og rjett og veita aðstoð til rjettra mála«. Í tölulið 5. er þessi klausa meiðandi og saknæm: »Og Rani Esui Calrot gekk í bandi Akitofels, og gjörði hvað er hann vildi. Og það sem Akitofel lagði til málanna, ekki opinberlega, heldur í eyru Rani Esui Calrots, á því byggði Rani Esui Calrot sína dóma og úrskurði. Svo að eiginlega dæmdi Akitofel lýðinn«. Í 9., 11., 14. og 15. tölulið virðast eigi vera saknæm meiðyrði. Í 16. tölulið er þetta saknæm meiðandi umsögn: »Og hafði Rani Esui Calrot leitað opt til kerlingar til að felast þar og fá sjer í staupinu, því að honum þótti sopinn góður«. 17. töluliður inniheldur saknæm móðgunarorð: »Og með aðstoð tveggja sveina sinna fjekk Rutiet (o: kerlingin) dregið Rani Esui Calrot heim í kofa sinn«. Sömuleiðis eru saknæm meiðyrði í 18. tölulið: »Og Rani Esui Calrot lifði þar hjá Rutiet í 40 daga mest á einiberjadreggjum og dó síðan af hugarstríði og sárum«. Í 19. og 20. tölulið virðast eigi vera saknæm meiðyrði.

Eins og eðlilegt er eptir málsfærslunni hefur áfrýjandi eigi leitazt við að sanna aðdróttanir þær og meiðandi ummæli, sem tilgreind eru hjer að framan, og verður hann því að bera fulla ábyrgð á þeim jafnframt og þau verða að dæmast dauð og ómerk. Sekt sú, sem áfrýjandi hefur til unnið, virðist hæfilega ákveðin samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga 150 kr., er renni í landssjóð; og komi í hennar stað 40 daga einfalt fangelsi, ef hún eigi verður öll greidd innan ákveðins tíma. Áfrýjanda ber að greiða allan af málinu í

hjeraði löglega leiddan kostnað, svo og málsfærslukaup til hins skipaða málflutningsmanns stefnda fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur, en að öðru leyti virðist málskostnaður fyrir yfirdómi eiga að falla niður.

Sókn og rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og vörn í því lögmæt fyrir yfirdóm.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, ritstjóri Skapti Jósepsson, á að greiða 150 kr. sekt til landssjóðs, en greiði hann eigi alla sektina innan ákveðins tíma, á hann að sæta einföldu fangelsi í 40 daga. Hin framan tilgreindu orð og ummæli í greininni: »Aðsent. Nýfundið brot úr dómarabókinni« í 13. tölublaði II. árgangi blaðsins »Austra« eiga að vera dauð og ómerk. Áfrýjandinn greiði allan af máli þessu fyrir undirrjettinum löglega leiddan kostnað, svo og 30—þrjátíu—krónur sem málflutningslaun til hins skipaða málsfærslumanns hins stefnda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Nr. 48/1893: Vilhjálmur Árnason
gegn
Birni presti Þorlákssyni.

Úrskurður:

Mál þetta höfðaði fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu

Skapti Jósepsson samkvæmt umboði frá stefnda, Birni presti Þorlákssyni á Dvergasteini, gegn áfrýjandanum út af meiðandi ummælum, er áfrýjandinn hafði haft um stefnda í kæruskjali nokkru til biskups yfir honum sem presti, er áfrýjandinn ásamt fleirum hafði undirskrifað. Málið var dæmt 1. ágústmánaðar f. á. þannig, að áfrýjandinn var dæmdur í 200 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 60 daga einfalt fangelsi, og til að greiða 50 kr. í málskostnað, en hin átöldu meiðyrði og öll kæran til biskups voru dæmd dauð og ómerk og skyldu ekki koma »stefnanda til skaða á nafni eða rykti«.

Dómi þessum hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 14. okt. f. á., og krafizt ógildingar á 2 úrskurðum, er uppkveðnir voru undir rekstri málsins og ómerkingar á málinu upp þaðan eða til vara sýknunar að öllu leyti eða niðurfærslu á hegningunni og málskostnaðar. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að málinu verði vísað frá yfirdómi, sökum þess honum sje málið óviðkomandi, þar sem hann hafi fengið það í hendur reglulegum mandatarius sínum, Skapta Jósepssyni, sem hafi flutt málið í hjeraði sem sitt eigið mál og í sínu eigin nafni og á eigin ábyrgð, enda hljóði dómurinn beinlínis um hann. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir yfirdómi hjá áfrýjanda með 50 kr. Til vara hefur hann krafizt, að sjer verði veittur hálfsmánaðar frestur til að svara í aðalefni málsins.

Í umboðsskjali því frá stefnda, er málshöfðandinn í hjeraði, Skapti Jósepsson, framlagði fyrir undirrjettinum sem heimild til málflutningsins, segir svo, að Björn prestur gefur Skapta »fullt og ótakmarkað umboð mitt til að höfða og sækja mál gegn nefndum Vilhjálmi Árnasyni út af umgetinni biskupskæru. Skal allt, sem

nefndur Skapti Jósepsson gjörir í þessu máli, vera eins gilt sem jeg hefði gert það sjálfur, enda er hann dominus litis og má með málið fara sem sitt eigið og eins og honum þykir bezt við eiga«. Þetta skjal verður ekki skilið svo, að áliti rjettarins, að umboð eða umráð Skapta Jósepssonar yfir málinu hafi átt að haldast lengur en meðan málið stæði yfir í hjeraði eða til þess dómur þar væri fallinn, sbr. sjerstaklega orðin: »höfða og sækja«, og það er því engin ástæða til að álíta málið óviðkomandi stefnda, eða að honum beri eigi að svara til sakar við áfrýjun dómsins, sem þó með ákvæðum sínum, sekt á áfrýjanda og ómerkingu meiðyrðanna, snertir engan mann annan, að frátöldum áfrýjanda, en stefnda og ærurjettindi hans. Krafa stefnda um frávísun málsins verður því eigi tekin til greina, en honum ber að veita hálfsmánaðarfrest til andsvara í aðalefni málsins samkvæmt varakröfu hans.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda verður eigi tekin til greina, en honum veitist hálfsmánaðar frestur til andsvara í aðalefni málsins.

Mánudaginn 30. aprílmánaðar.

Nr. 13/1894: Rjettvísin
gegn
Guðbjörgu Guðmundsdóttur og
Guðmundi Guðmundssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Rangárvallasýslu, uppkveðn-

um 4. maímán. 1893, voru hin ákærðu systkini Guðbjörg Guðmundsdóttir og Guðmundur Guðmundsson frá Rimhúsum dæmd fyrir þjónaðartilraun samkvæmt 230. gr. sbr. 46., 47. og 48. gr. hinna almennu hegningarlaga, hún í 8 daga einfalt fangelsi, en hann í 20 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara í 6 daga einfalt fangelsi; auk þess voru þau in solidum dæmd til að greiða iðgjöld til Einars Jónssonar á Yztaskála 40 kr., Guðbjörg 5 kr. í málsvarnarlaun til Einars Einarssonar á Efra-Hóli og Guðmundur 5 kr. í málsvarlarlaun til alþingismanns Sighvats Árnasonar, og loksins voru þau in solidum dæmd til að greiða allan annan málskostnað.

Þessum dómi hefur Guðbjörg fyrir sitt leyti látið skjóta til yfirdómsins, og af hálfu hins opinbera hefur honum verið áfrýjað fyrir bæði hin ákærðu.

Það er sannað með eigin játningu hinna ákærðu, sem styrkist við aðrar skýrslur, sem fram eru komnar í málinu, að þau hafi hinn 18. júlímánaðar 1892 höggvið gat á steinolíutunnu, sem skilin hafði verið eptir 2 dögum áður við skip á Holtsvarasandi fram undan Rimhúsum, í því skyni að stela úr henni brauði, sem þau hugðu að væri í tunnunni; ætluðu þau að borða af brauðinu og taka eitthvað af því heim með sjer í klút, er hin ákærða hafði með sjer. Þegar þau urðu þess vör að steinolía var í tunnunni, en ekki brauð, veltu þau henni á gatið til þess að dylja verknað sinn, og var olían nær því öll runnin úr tunnunni, þegar menn bar þar að rjett á eptir. Eigandi tunnunnar, Einar Jónsson á Yztaskála, hefur krafizt 40 kr. skaðabóta fyrir olíumissinn. Það er komið fram í málinu, að faðir hinna ákærðu systkina, Guðmundur bóndi Guðmunds-

son á Rimhúsum, hafi áður en þetta skeði sagt við dóttur sína »að hún skyldi setja gat á tunnuna«, en hann hefur eigi verið settur undir ákæru í málinu. Hin ákærðu hjálpuðust að við að setja gatið á tunnuna í því skyni að stela úr henni, en Guðbjörg, sem er 9 árum eldri en bróðir hennar, er þá var unglingur á 19. ári, var hvatamaðurinn.

Afbrot hinna ákærðu, sem eigi hafa áður sætt refsingu fyrir nokkurn glæp, hefur hjeraðsdómarinn rjettilega heimfært undir 230. gr. sbr. 46. og 48. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt 47. gr. nefndra laga þykir refsingin fyrir Guðbjörgu hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og fyrir Guðmund 8 daga einfalt fangelsi. Með því að það verður að samþykkja ákvæði aukarjettardómsins um iðgjöld og málskostnað, ber að staðfesta hann með áminnztri breytingu á refsingunni. Hinum ákærðu ber og in solidum að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rjettarpróf í málinu voru byrjuð 30. júlí 1892 og framhaldið til 12. ágústmán. s. á. Síðan var ekkert átt við málið fyr en 16. febrúar 1893, þá er lyktapróf var haldið í því, og hefur prófdómarinn viljað rjettlæta þennan drátt með margvíslegum embættisönnum, sem þó eru eigi nákvæmar tilgreindar. Stefna var gefin út í málinu í hjeraði 20. febr. f. á. og það síðan tekið fyrir og lagt í dóm 24. marz f. á., dómur uppkveðinn 4. maí og birtur 13. og 19. s. m., en dómsgjörðirnar komu eigi til amtsins fyr en 24. október næst á eptir. Það hefur þannig tvívegis orðið vítaverður dráttur á rekstri málsins í hjeraði, en eigi þykir þó nægileg á-

stæða til að sekta hjeraðsdómarann fyrir hann. Það vottast, að málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hin ákærða Guðbjörg Guðmundsdóttir sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og hinn ákærði Guðmundur Guðmundsson 8 daga einföldu fangelsi. Um iðgjöld og málskostnað í hjeraði á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Hin ákærðu greiði og in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirrjettarmálfærslumanns Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors.

Iðgjöldin greiðist innan 8 vikna eptir lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 7. maímánaðar.

Nr. 9/1894: Ólafur prestur Ólafsson á Lundi.
gegn
eigendum Gullberastaða, Jóni Jónssyni og Jóni Tómassyni.

Dómur:

Í máli þessu, sem höfðað var fyrir aukarjetti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu af Jóni Jónssyni, eiganda og ábúanda jarðarinnar Gullberastaða, gegn prestinum Ólafi

Ólafssyni sem staðarhaldara á Lundi út af ágreiningi um landamerki milli nefndra jarða Gullberastaða og Lundar, var landamerkjadómur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu uppkveðinn 8. október 1892 á þá leið, að landamerki milli Gullberastaða og Lundar skuli vera þessi: »Sjónhending ráði úr Grímsá upp í Hrafnagil eptir skurði á undirlendinu milli árinnar og gilsins, síðan ráði Hrafnagil upp undir Hrafnatjörn, en úr upptökum gilsins norður að Engjadalsá ráði lína, er dregin sje norður í Flókadalsá, þar sem hún beygist lengst til vesturs, áður en Engjadalsá fellur í hana«. Samkvæmt dóminum skyldu dagpeningar dómenda, 69 kr., greiðast að helmingi, eða 34 kr. 50 a. af Jóni bónda Jónssyni, en hinn helmingurinn 34 kr. 50 a. skyldi greiðast af almannafje, með því að verjandi í hjeraði hafði fengið beneficium processus gratuiti fyrir Lundar stað. Dómi þessum hefur prestur Ólafur Ólafsson, beneficiarius á Lundi, að fenginni gjafsókn og samkvæmt uppreistarleyfi, skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 2. febr. þessa árs, stefnt auk Jóns Jónssonar einnig Jóni Tómassyni, sem nú er orðinn meðeigandi að Gullberastöðum, og látið hinn skipaða málsfærslumann sinn gjöra þær rjettarkröfur, að dómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar, og að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða áfrýjanda allan málskostnað fyrir undirrjetti og yfirdómi að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða málflutningsmanns. Hinir stefndu hafa eigi mætt og enginn fyrir þeirra hönd, þótt þeim hafi verið löglega stefnt, og verður því að dæma málið eptir hinum framlögðu skýrslum af hálfu

áfrýjanda samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 15. ágústm. 1832, 8. gr.

Þó að Jóni Tómassyni hafi verið stefnt fyrir yfirdóminn sem meðeiganda að Gullberastöðum, var hann þó eigi aðili máls í hjeraði, þar sem hann eigi kærði það fyrir sáttanefnd, stefndi því ekki fyrir rjett, og eptir forsendum merkjadómsins er af undirdómaranum talinn standa fyrir utan málið, enda varð hann eigi meðeigandi að Gullberastöðum fyr en eptir að málið var löglega höfðað af rjettum aðila, sem var bær um einn út af fyrir sig að framhalda málinu til fullnaðardóms. Að því er snertir Jón Tómasson verður því að frávísa yfirdómsstefnunni.

Að því er landamerkin sjálf snertir, hefur áfrýjandi haldið því fram, að þar sem hinn áfrýjaði dómur hefur ákveðið, að þau skuli vera »úr upptökum Hrafnagils norður að Engjadalsá eptir línu, er dregin sje norður í Flókadalsá, þar sem hún beygist lengst til vesturs, áður en Engjadalsá fellur í hana«, — þá sjeu þetta eigi rjett merki nema upp á eða norður á háhálsinn, Lundarháls, en úr því eigi háhálsinn eða vatnahalli að ráða merkjum fram að Oddstaðalandi. Kemur þannig fram allstór landspilda, sem ágreiningur er um. Báðir málspartar hafa lagt fram nokkra vitnisburði málstað sínum til styrkingar og sína lögfestuna hvor frá 1879 og 1880, en þessi skjöl geta eigi álitizt að hafa neitt sönnunargildi, og eigi verður það heldur álitin nein sönnun, þó að þrætulandið í nýbýlingsbrjefi, útgefnu af stiptamtmanni Trampe árið 1856 — dagsetning þess er eigi tilgreind — sje útvísað til nýbýlis með þeirri athugasemd, að hið útvísaða land álítist eign Lundar-prestakalls, enda var Gullberastaðaeiganda í

brjefinu geymdur óskertur betri rjettur hans til landsins, ef sannaður yrði, eins og umráðarjetti Lundarprests yfir prætulandinu var þá og mótmælt af eiganda Gullberastaða, sem jafnvel gjörði tilraun til þess árið 1856, að láta fógeta bera nýbýlinginn út af landinu. Yfirhöfuð verður það eigi heldur sjeð af málskjölunum, að staðarhaldari að Lundi hafi nokkru sinni haft svo stöðug, yfirgripsmikil og langvarandi afnot af landinu, er hafi verið óátalin, að hann geti byggt tilkall sitt til prætulandsins á fyrirmælunum í Jónsb. L.l.bálks 26. kap. i. f. Hið eina skilríki í málinu, er virðist geta haft nokkra þýðingu fyrir úrslit þess, enda byggir merkjadómurinn verulega á því, er útdráttur úr landamerkjaregistri Steingríms biskups Jónssonar, sem lítur út fyrir að vera samið eptir máldagabókum og vizitazíubókum Skálholtsbiskupsdæmis. Samkvæmt útdrættí þessum gjörði síra Eyjúlfur Jónsson, prestur á Lundi, við visitazíu árið 1647 grein fyrir landamerkjum staðarins að framan (gagnvart Gullberastöðum), eins og þau eru ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, en 1664 lýsir hann því yfir, að ætla má einnig við visitazíu, að þó að hann hafi lýst landamerkjunum 1647, eins og hann þá gjörði, þá hafi hann þó »jafnlega haft og haldið fram undir 30 ár undir Lundar stað til beitar og brúkunar upp- og fram eptir hálsinum á móts við Oddstaðaland svo langt upp á hálsinn sem vötnum hallar suður af, og svo segist hann heyrt hafa, að sjera Teitur Pjetursson hafi brúkað fyrir sig«. Þessi yfirlýsing Eyjúlfs prests getur því eigi haft þá þýðingu, að Lundarstaður eptir henni geti nú haft tilkall til prætulandsins samkvæmt Jónsb. Llb. 26. kap. i. f., því að það verður að líta svo á, að Eyjúlfur prestur hafi notað landið, þótt

hann áliti, að það ekki heyrði undir Lund samkvæmt merkjalýsingu hans 1647.

Samkvæmt hinu framanritaða verður landamerkjadómurinn eigi ónýttur fyrir lögleysu að efni til, og með því að öðru leyti eigi er ástæða til að fella hann úr gildi, verður að staðfesta hann. Eptir úrslitum málsins verður málsfærslumanni áfrýjanda við yfirdóminn eigi dæmt málsfærslukaup, og eptir atvikum þykir rjett að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Það er vítavert, að í þessu gjafsóknarmáli, sem tekið var undir dóm í hjeraði hinn 29. júlí 1892, var dómur eigi kveðinn upp fyr en 8. október næst á eptir, og er þessi dráttur alls eigi nægilega rjettlættur af forseta merkjadómsins, þótt hann hafi gjört tilraun til þess. En þó þykir ekki alveg nægileg ástæða til þess, að láta þennan drátt varða sektum, sjerstaklega með tilliti til þess, að umboðsmaður áfrýjanda hefur ekki krafizt þess. Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjeraði verið viðunanlegur, og sókn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Yfirdómsstefnunni frávísast að því er Jón Tómasson snertir. Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera óraskaður. Málskostnaður falli niður.

Nr. 2/1894: Guðmundur Gíslason
gegn
Jóni Laxdal Gíslasyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í hjeraði stefndi Jón Laxdal

Gíslason gegn áfrýjandanum Guðmundi Gíslasyni fyrir það, að Guðmundur, sem var ráðinn vinnumaður Jóns frá 28. sept. 1892 til jafnlengdar 1893 og einnig vistráðinn hjá honum næsta ár frá 28. sept. f. á. til 20. sept. þ. á., stökk burtu úr vistinni hjá stefnda 6. sept. f. á., og var málið dæmt í lögreglurjetti Reykjavíkur 18. sept. f. á. þannig, að Guðmundur skyldi greiða Jóni 9 kr. 63 a., er hann hafði fengið upp í næsta árs kaup sitt, 5 kr. og 50 a. sem tiltölulegan hluta af umsömdu árskaupi hans frá 6. sept. f. á. til 28. s. m., og umsamið árskaup fyrir næsta vistarár, 110 kr., samtals 125 kr. 13 a.; svo skyldi hann og greiða Jóni í málskostnað 8 kr.

Dómi þessum hefur áfrýjandinn Guðmundur Gíslason skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 9. jan. þ. á., og til þess fengið gjafsókn og skipaðan málflutningsmann, og hefur þess verið krafizt af hans hálfu, að málinu verði ex officio vísað heim til nýrrar og löglegri meðferðar, en til vara, að áfrýjandinn verði algjörlega sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda, og hvernig sem fer, að stefndi verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir báðum dómum, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða málflutningsmanns, hvorttveggja eptir rjettarins mati. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og sjer dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum að skaðlausu eða eptir rjettarins mati.

Áfrýjandinn hefur byggt ómerkingar- og heimvísunarkröfu sína á því, að stefndi hafi mætt fyrir lögreglurjettinum með löglærðan mann sjer við hlið í fyrsta rjettarhaldi málsins, og síðar látið þennan mann einan

mæta fyrir sína hönd, og á því, að undirdómarinn hafi eigi yfirheyrt stefnda neitt eða gjört sjer far um að upplýsa málið nægilega. En eins og ekkert ólöglegt var í því, samkvæmt tilsk. 15. ágúst 1832, sem fara átti eptir í þessu efni, sbr. inngangsorð hennar, þótt stefndi ljeti löglærðan mann mæta með sjer og fyrir sig í málinu, þannig verður heldur eigi álitið, að undirdómarinn hafi í neinu vanrækt leiðbeiningarskyldu sína samkvæmt greindu lagaboði, og verður því eigi tekið tillit til kröfu áfrýjanda, þeirrar er hjer ræðir um.

Að því er aðalefni málsins snertir, þá er það viðurkennt í málinu, að áfrýjandi hljóp úr vist hjá stefnda 6. sept. f. á., og lýsti því jafnframt yfir, þótt hann væri vistráðinn hjá honum einnig næsta ár, að hann færi aldrei til hans aptur. Ber áfrýjandi það fyrir sem ástæðu til þess að hann hljóp úr vistinni, að hann hafi haft illt og ónógt fæði hjá stefnda þann tíma, er hann var hjá honum, og verið þjónustulaus síðustu dagana, sem hann var þar. En með því að stefndi hefur mótmælt þessum framburði áfrýjanda og hann eigi fært frekari sönnur á mál sitt, enda viðurkennt, að hann hafi aldrei kvartað við stefnda yfir fæðinu eða þjónustuleysi fyr en það kvöld, er hann hljóp úr vistinni, þá verður að álíta, að hann hafi eigi haft löglega ástæðu til að ganga úr vistinni hjá stefnda, og dæma hann til að greiða stefnda skaðabætur samkvæmt 28. gr. hjúalaganna 26. jan. 1866, og eru skaðabæturnar rjett ákveðnar í lögreglurjettardómnum. Með því að yfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann í heild sinni. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eptir atvikum mega falla niður. Hinum skipaða málflutningsmanni áfrýjanda verða eptir

þessum úrslitum málsins eigi greidd nein málflutningslaun, en málsfærslan af hans hendi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 21. maímánaðar.

Nr. 18/1894: Rjettvísin
gegn
Þorsteini Marías Pálssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 2. febr. þ. á., var hinn ákærði Þorsteinn Marías Pálsson dæmdur fyrir þjófnað samkvæmt 230. gr. í almennum hegningarlögum 25. júní 1869 til að sæta 2 sinnum 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal 4 kr. sem málsvarnarlaun í hjeraði til hreppstjóra Jóns Jónssonar á Hafsteinsstöðum. Þessum dómi hefur verið áfrýjað til yfirdómsins bæði af hálfu hins ákærða og fyrir hönd hins opinbera.

Það er sannað í málinu með eigin játningu ákærða sjálfs, sem er í samhljóðan við önnur upplýst atvik sakarinnar, að hann hafi hinn 24. nóvember f. á. tekið poka með ýmsum vörum í, sem hafði verið skilinn eptir við skipsenda skammt frá verzlunarbúðardyrum kaupmanns Popps á Sauðárkróki; gjörði hann þetta

til þess að stela pokanum, en eigi vissi hann hvað í pokanum var, þó hann sæi að einhverjar vörur væru í honum. Pokanum kastaði hann inn undir bát, til þess að fela hann þar. Um kvöldið sama daginn kl. um 10 fór hann svo til að sækja pokann, og var hann þá eigi alveg á sama stað, eins og hann hafði skilið við hann; en þegar hann nú tók pokann upp til þess að fara með hann burtu, komu menn þar að honum, og varð hann þá að sleppa pokanum, sem síðan hefur verið afhentur eigandanum. Í pokanum voru verzlunarvörur sem höfðu verið keyptar fyrir 12 kr. Þegar ákærði tók pokann, var hann nokkuð ölvaður, en eigi svo eptir því sem upplýst er í málinu og eptir annari framkomu hans, að það geti haft áhrif á sakhæfi hans.

Þetta athæfi hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður verið dæmdur fyrir neinn glæp, er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 230. gr. almennra hegningarlaga, en 5 daga fangelsi við vatn og brauð þykir nægileg refsing fyrir brotið. Með því að yfirdómurinn sampykkir ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað, ber að staðfesta tjeðan dóm með áminnztri breytingu á refsingunni. Hinn ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast að rekstur málsins í hjeraði hafi verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminu lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður, þó svo að refsingin sje 5 daga fangelsi við vatn og

brauð. Hinn ákærði, Þorsteinn Marías Pálsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumanns Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors. Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 14/1894: Rjettvísin gegn Ólafi Ólafssyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í hjeraði gegn hinum ákærða húsmanni á Ísafirði, Ólafi Ólafssyni, fyrir rangan vitnaframburð og meinsæri, og var það dæmt í aukarjetti Ísafjarðarkaupstaðar 3. jan. þ. á. þannig, að ákærði samkvæmt analogíu 149. gr. almennra hegningarlaga skyldi sæta fangelsi við vatn og brauð í 5 daga, svo og greiða allan kostnað rannsóknarinnar og sakarinnar gegn honum, þar með talin málsvarnarlaun til Jóns kandidats Þorvaldssonar 6 krónur. En dómi þessum hefur samkvæmt ósk hins dómfellda verið skotið til yfirdómsins.

Í lok rjettarprófanna lýsti ákærði því yfir, að gefnu tilefni frá prófdómarans hálfu, að hann óskaði að sjer yrði skipaður talsmaður í málinu, og kaus til þess sýslumann Skúla Thoroddsen. Dómarinn fór þó eigi að ósk ákærða í þessu efni, heldur skipaði honum talsmann, ofannefndan Jón kandidat Þorvaldsson, sem er náskyldur (systurson) aðal-mótvitnis ákærða, Gríms Jóns-

sonar, og þegar Skúli Thoroddsen mætti við fyrirtekt málsins með skriflegt umboð frá ákærða, vildi dómarinn eigi leyfa honum að mæta fyrir ákærða, eða taka við umboðsskjali hans til framlagningar í rjettinum. Sem ástæður fyrir því að dómarinn gjörði Skúla Thoroddsen ræka sem svaramann ákærða, hefur hann tilfært, *að* Skúli þrátt fyrir loforð upp á æru og trú um að fara ekki án leyfis rannsóknardómarans burt af Ísafirði í fyrra vor, meðan opinber rannsókn gegn honum fyrir embættisbrot stóð yfir, fór snöggva ferð til Reykjavíkur, án þess að leita áður leyfis til þess, *að* Skúli hafði með aukarjettardómi Ísafjarðarkaupstaðar 10. júlí f. á., sem þá stóð enn óhaggaður, verið dæmdur til að missa embætti sitt sem sýslumaður og bæjarfógeti í Ísafjarðarsýslu og kaupstað, og loks, *að* óheppilegt þætti að Skúli sem talsmaður ákærða fengi kost á að kynna sjer próf yfir Þorsteini nokkrum Stefánssyni, sem fram lögð voru í málinu, þar sem rannsókninni gegn Þorsteini væri eigi lokið enn og nokkur ástæða til að ætla, að Skúli væri eitthvað viðriðinn sök Þorsteins. Um fyrstu ástæðuna er það að segja, að hún er með öllu þýðingarlaus í þessu sambandi, og sömuleiðis gjörði það eigi, samkvæmt þar um gildandi lagaákvæðum, Skúla óhæfan til að vera talsmann ákærða, þótt hann væri dæmdur frá embætti, og hvað þriðju ástæðuna snertir, þá var búið á þeim tíma, er hjer ræðir um, að leggja umgetnar prófsgjörðir fram í yfirrjettinum sem sönnunargagn gegn Skúla í sakamálinu gegn honum, og því þegar af þeirri ástæðu óviðeigandi og enda óheimilt að halda þeim leyndum fyrir honum. Með því nú aptur á móti Skúli Thoroddsen sem löglærður maður verður að álítast hafa haft yfirburði yfir hinn setta talsmann, sem eigi er löglærð-

ur, til að flytja vörn fyrir ákærða, auk þess sem honum hlaut að vera málið sjerstaklega kunnugt, þar sem framburður ákærða, er málið er risið af, er gefinn í sakamálsrannsókn gegn honum sjálfum, þá verður að álíta, að aðferð dómarans í þessu efni hafi eigi að eins verið ólögleg, heldur einnig ef til vill skaðleg að því vörn af hendi ákærða snertir.

Þá er þess í öðru lagi að geta, að eptir að málið var tekið undir dóm í undirrjettinum, tók undirdómarinn það fyrir af nýju og lagði fram nokkur ný skjöl í því, án þess að boða ákærða eða talsmanni hans þessa nýju fyrirtekt málsins nema með 2 klukkustunda fyrirvara, enda mætti hvorugur þeirra eptir því fyrirkalli. og var málið þó tekið til dóms; en með þessari aðferð hefur ákærða eigi gefizt löglegt færi á, að gæta rjettar síns, að því er hin nýframlögðu skjöl áhrærir, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 29. gr.

Samkvæmt framanrituðu verða þeir gallar að álítast vera á meðferð máls þessa í hjeraði, að nauðsynlegt þykir að ómerkja undirrjettardóminn og vísa málinu heim aptur til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar, og virðist rjett að undirdómarinn greiði kostnaðinn af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra. Málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á ómerkur að vera, og vísast málinu heim aptur til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar. Undirdóm-

arinn, settur sýslumaður og bæjarfógeti Lárus Bjarnason, greiði allan af áfrýjun þessari leiðandi kostnað, það með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra, og greiðist málskostnaðurinn innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 51/1893: Rjettvísin
gegn
Þorvaldi Jónssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Skagafjarðarsýslu 25. júlí f. á. var hinn ákærði vinnumaður Þorvaldur Jónsson frá Bæ í Hofshreppi dæmdur samkvæmt 231. gr. 1. almennra hegningarlaga til að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu og til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með taldar 10 kr. til hins skipaða talsmanns hans í hjeraði, prestsins Hallgríms Thorlacíus á Ríp, en dómi þessum er eptir ósk hins dómfellda og fyrir hönd rjettvísinnar skotið til yfirdómsins.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann, er hann var á ferð frá heimili sínu Bæ haustið 1892 fram í sveit og á Sauðárkrók, hafi tekið hvítt gimbrarlamb, er varð fyrir honum milli bæjanna Lóns og Lækjar í Viðvíkurhreppi og afhent það í sömu ferðinni öðrum manni upp í skuld. Kveðst hann hafa haldið, að hann ætti lambið, án þess að aðgæta mark á því, af því að það fylgdi

á, sem hann áleit að hann ætti, og saug hana, en seinna var hans eigið lamb rekið heim til hans, og sá hann þá, að hann hafði eigi átt hitt lambið, sem hann fargaði, en hve löngu þetta var, eptir að hann fargaði lambinu, er eigi upplýst í prófum málsins. Hann ljet þó ekki á neinu bera og gerði enga leiðrjettingu á misgripum þessum, en ljet fyrst uppi framangreinda skýrslu, er rannsókn var höfðuð gegn honum út af grun um sauðaþjófnað, en hve löngum tíma það var eptir að hann vissi um misgripin, sjest eigi heldur af prófunum. Á umgetinni ferð sinni tók ákærði fleiri kindur, er hann hitti fyrir á leið sinni, og slátraði þeim og seldi afurðir þeirra eða fargaði þeim á annan veg, en þó að nokkur grunur liggi á um, að hann hafi ekki átt allar kindur þessar, eins og hann hefur staðhæft í málinu, þá er þó, eptir því sem fram komið er í málinu, ekki hægt að hrinda skýrslu hans í því efni.

Með því að ákærða eigi verður refsað fyrir framangreinda lambtöku, sem eigi er annað sannað um, en að orðið hafi í misgripum, er honum sjálfum eigi varð kunnugt um, fyr en eptir að hann var búinn að farga lambinu. ber að sýkna hann að því refsingu áhrærir, en með tilliti til framkomu hans eptir að hann hafði heimt sitt eigið lamb og þannig orðið vitandi um misgripin, þykir rjett að hann greiði málskostnað allan bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til talsmanns hans í hjeraði og til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvers þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Þorvaldur Jónsson á að vera sýkn af

ákæru sóknarans í máli þessu, en greiði allan af rannsókninni og málinu gegn honum í hjeraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða talsmanns í hjeraði, Hallgríms prests Thorlacius og hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvers þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 4/1894: Guðbjartur Þórðarson
gegn
H. Andersen.

Dómur:

Mál þetta hefur H. Andersen sótt fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Guðbjarti Þórðarsyni til skaðabóta fyrir samningsrof o. fl., og var það dæmt 4. janúar þ. á. með þeim úrslitum, að Guðbjartur skyldi greiða Andersen 2000 kr. í skaðabætur og í málskostnað 20 kr.

Með stefnu 20. janúar þ. á., hefur Guðbjartur áfrýjað máli þessi til landsyfirdómsins og þar krafizt, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að hann verði dæmdur sýkn af kröfum stefnda, Andersens, að stefndi verði sektaður fyrir óþarfa málsýfingu, og dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir undir- og yfirrjetti með einhverri eptir mati rjettarins nægilegri upphæð. Hins vegar hefur stefndi, Andersen, krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði algjörlega staðfestur, að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum á-

frýjanda, þar á meðal af kröfu hans um sekt fyrir óþarfa málsýfingu og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi að skaðlausu.

Hinn 12. ágúst 1890 gjörðu málspartar þann samning sín í milli, að stefndi skyldi kenna áfrýjanda skraddaraiðn, og meðal annara skilmála var, *að* áfrýjandi skyldi vera við námið í 6 ár frá samningsdegi, *að* hann skyldi ef hann hlypi burtu á námstímanum, greiða stefnda í skaðabætur 1000 kr. (4. gr. samningsins), og loks *að* hann, er námstíminn væri á enda, skyldi eigi mega ganga í vinnu eða þjónustu hjá neinum öðrum skraddara hjer í bæ, eða manni, sem ræki skraddaraiðn hjer í bænum og heldur eigi sjálfur setja sig niður sem skraddari, hvorki í sínu eigin nafni eða annara hjer í Reykjavík, meðan stefndi ræki hjer skraddaraiðn, ella greiða stefnda að skaðlausu í skaðabætur 2000 kr. (5. gr. samningsins). Er tæp 3 ár voru liðin af námstímanum, stökk áfrýjandi frá náminu og nokkru síðar tók hann sjálfur að stunda skraddaraiðn hjer í bænum. Þótti stefnda þá áfrýjandi hafa rofið samninginn við sig, sjerstaklega 5. gr. hans, og höfðaði því mál þetta gegn honum til 2000 kr. skaðabóta, og þar að auki til að bæta sjer fyrir atvinnutjón, er hann hafi bakað sjer með niðrandi ummælum í blaðgrein einni, en úrslit málsins urðu þau, er áður segir.

Eins og áður er um getið, stökk áfrýjandi burt frá náminu nokkru áður en hálfur námstíminn var liðinn; átti hann því eptir 4. gr. samningsins að greiða stefnda 1000 kr. í skaðabætur; en stefndi hefur ekki lögsótt hann til þeirra skaðabóta, heldur til 2000 kr. skaðabóta, samkvæmt 5. gr. samningsins, fyrir það, að hann tók að reka skraddaraiðn hjer í bænum. Eptir orðanna

hljóðan í 5. gr. samningsins virðist eðlilegast að skilja ákvæði greinarinnar um 2000 kr. skaðabæturnar sem bundin því skilyrði, að áfrýjandi hefði verið hjá stefnda allan námstímann, 6 ár, með öðrum orðum væri orðinn fullnuma í skraddaraiðn, og er ekki ætlandi, að stefnda, er hann gjörði samninginn við áfrýjanda, hafi komið til hugar, að hann gæti beðið tjón af, þótt ekki hálfnuma unglingur færi sjálfur að reka skraddaraiðn eða að vinna hjá öðrum skröddurum, enda kveður 4. gr. samningsins skýrt á um, hver afleiðingin skuli verða fyrir áfrýjanda, ef hann hlaupi burt frá náminu áður en hinn umsamdi námstími væri á enda, án þess að samningurinn að öðru leyti gefi nokkurt tilefni til að ætla, að stefndi ætti heimtingu á skaðabótum hjá áfrýjanda eptir 5. gr. samningsins, fyr en námstíminn væri á enda.

Það ber því að sýkna áfrýjanda af kærum og kröfum stefnda í þessu máli, og virðist málskostnaður eptir atvikum eiga að falla niður.

Ekki þykir nein ástæða til að sekta stefnda fyrir óþarfa málsýfingu.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, Guðbjartur Þórðarson, á að vera sýkn af kærum og kröfum stefnda, H. Andersens, í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Nr. 3/1894: Eyjólfur Jónsson og börn hans, Jón, Eyjólfur, Þórarinn, Bjarni, Katrín og Ingibjörg gegn sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu, Franz Siemsen, sem skiptaráðanda í dánar- og fjelagsbúi Ingibjargar Þórarinsdóttur og Eyjólfs Jónssonar.

Dómur:

Í máli þessu hafa áfrýjendurnir með stefnu, útgefinni 9. janúar þ. á., skotið til yfirdómsins skiptum á dánar- og fjelagsbúi Ingibjargar Þórarinsdóttur og eptirlifandi manns hennar, áfrýjandans Eyjólfs Jónssonar, er voru leidd til lykta af skiptarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 6. nóv. f. á., og jafnframt úrskurði skiptarjettarins í búinu, uppkveðnum 11. nóv. 1892, er kveður svo á, að samningur, gjörður 20. marz 1889, milli Eyjólfs Jónssonar og barna hans, en þau og hann eru áfrýjendur þessa máls, verði eigi tekinn til greina við skiptin, og hafa þeir krafizt þess, að þessi úrskurður verði felldur úr gildi, að skiptagjörðin, sem er byggð á úrskurðinum, verði dæmd ómerk, að skiptaráðandi verði skyldaður til að taka samninginn frá 20. marz 1889 til greina við skiptin, og að hann verði fyrir búsins hönd dæmdur til að greiða áfrýjendunum 50 kr. í málskostnað eða einhverja nægilega upphæð. Skiptaráðandinn, sýslumaður Franz Siemsen, sem stefnt hefur verið í málinu til andsvara fyrir búsins hönd, hefur krafizt þess, að yfirdómsstefnunni verði vísað frá rjetti, og að honum verði tildæmd hæfileg þóknun í kost og tæring,

en hefur að öðru leyti eigi veitt andsvör um aðalefni sakarinnar, en beiðzt til vara 2 vikna frests í því skyni.

Við skiptarjettarhaldið 11. nóv. 1892 mættu þrír skuldheimtumenn dánar- og fjelagsbús Ingibjargar Þórarinsdóttur, og mótmæltu því, að samningurinn 20. marz 1889 væri tekinn til greina, og með skýrskotun til þessara mótmæla úrskurðaði skiptarjetturinn sama dag, að samningurinn yrði eigi tekinn til greina við skipti á búinu. Þar sem þessum skuldheimtumönnum, sem eru rjettir málsaðilar, eigi hefur verið stefnt við áfrýjun úrskurðarins, en með honum standa og falla skiptin öll í heild sinni, verður að frávísa yfirdómsstefnunni eptir kröfu stefnda. Eptir þessum úrslitum málsins þykir rjett að áfrýjendurnir in solidum greiði stefnda hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 10 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Yfirdómsstefnunni vísast frá rjetti. Áfrýjendurnir Eyjólfur Jónsson, Jón Eyjólfsson, Eyjólfur Eyjólfsson, Þórarinn Eyjólfsson, Bjarni Eyjólfsson, Katrín Eyjólfsdóttir og Ingibjörg Eyjólfsdóttir greiði in solidum hinum stefnda skiptaráðanda, sýslumanni Franz Siemsen, sem málskostnað fyrir yfirdómi 10 —tíu—krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 4. júnímánaðar.

Nr. 47/1893: Björn prestur Þorláksson
gegn
Sigurði Eiríkssyni.

Dómur:

Í maímánuði 1892 kærðu allmargir eða rúmlega 40 af sóknarmönnum prestsins Björns Þorlákssonar á Dvergasteini hann fyrir biskupi, í því skyni að þeir gætu losazt við hann sem prest, og skoruðu jafnframt á biskup, að koma sjálfur austur og ráða máli þessu til lykta. Í kæruskjali sínu lýstu þeir fyrir biskupi þeirri megnu gremju og óánægju, er presturinn hefði vakið í söfnuði sínum, og tilfærðu ýms atvik máli sínu til stuðnings. Út af atriðum þeim, er fólgin voru í kærunni, höfðaði svo presturinn meiðyrðamál gegn Sigurði Eiríkssyni á Búðareyri sem einum af þeim mönnum, er höfðu ritað nafn sitt undir skjalið, og var tjeður Sigurður Eiríksson með dómi aukarjettar Norður-Múlasýslu, uppkveðnum 27. júlí 1893, sýknaður af kærum og kröfum prestsins og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefur nú Björn prestur Þorláksson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 13. okt. f. á., og krafizt þess, að hin átöldu orð og kæran öll í heild sinni verði dæmd dauð og ómerk, Sigurður Eiríksson látinn sæta þar fyrir hæstu sektum og dæmdur til 200 kr. málskostnaðarútláta fyrir báðum rjettum.

Hinn stefndi Sigurður Eiríksson hefur þar á móti krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sjer dæmdur málskostnaður.

Þau ummæli í kæruskjalinu, er áfrýjandinn hefur sjerstaklega talið saknæm, eru þessi:

1. »Þá lifðum vjer í þeirri tálvon, að hann mundi sjá að sjer og láta af öllum óeirðum«.

2. »Aldrei hefur sjera Björn gjört víðtækari tilraunir til að vekja gremju, óvild og óánægju safnaðar síns, heldur en einmitt síðan hann hjet því í áheyrn biskups síns, að lifa framvegis í sátt og friði við söfnuð sinn«.

3. »Presturinn ljet hann (ɔ: bóndann á Selstöðum) í fyrra vor skrifa undir samning, sem enginn með óveiktri sál mundi hafa skrifað undir«.

4. »Presturinn hefur í vetur gjört þær tilraunir, sem hann hefur sjeð sjer frekast fært, til að draga óbeinlínis allmikið fje úr höndum fjölda margra af sóknarbörnum sínum og þannig skerða eignarrjett þeirra að ekki litlu leyti«; en það telur Björn prestur sama sem sjer í kærunni sje gefið það að sök, að hann hafi gjört frekustu tilraunir til að stela eða ræna eða svíkja út fje sóknarbarna sinna.

Auk þessa fer hann því fram, að öll kæran sje rituð á saknæman hátt til að óvirða sig; því sje sveigt að honum, að hann sje óorðheldinn og rjúfi sættir, að hann hafi valdið því, að bóndinn á Selstöðum varð veikur, að hann sje óhæfur til að gegna prestsembætti í Seyðisfjarðarsöfnuði, að hann ekki sje betri leiðtogi á vegi andlegs lífs en svo, að ákjósanlegra og sæmilegra sje fyrir stefnda að nefnast heiðingi, en vera í söfnuði sjera Björns.

Stefndi þar á móti hefur haldið því fram, að hin átöldu ummæli í kærunni eigi sjeu ærumeiðandi í sjálfu sjer, nje rituð í þeim hug að óvirða áfrýjanda, heldur

til þess að ráða úr vandræðum safnaðarins, með því að biskup skerist í málið, og ráði því til lykta með því hann sjálfur komi austur.

Með 1. og 2. kæruatriðinu er sjera Birni gefið að sök, að hann veki ófrið og óeirðir manna á milli, og setji sig út til að vekja gremju, óvild og óánægju safnaðar síns, og er þetta hvorttveggja meiðandi fyrir hann, sjerstaklega sem prest. 3. kæruatriðið er einnig móðgandi fyrir hann, þar sem þar er að ræða um framkomu hans sem prests gagnvart sóknarbarni sínu. Um 4. atriðið er það að segja, að þó að orðin verði þar eigi skilin á þann veg, sem áfrýjandi vill halda fram, eða svo, að á hann sje borið með þeim, að hann hafi gjört tilraun til að stela, ræna eða svíkja út fje sóknarbarna sinna, þá er með þeim dróttað að prestinum ásælni við sóknarbörn sín, sem er meiðandi fyrir hann sjerstaklega í hans stöðu. Í kæruskjalinu til biskups er hvergi borið á áfrýjandann að hann sje óorðheldinn og rjúfi sættir, þó að þar sje kært yfir að hann hafi eigi haldið heit til biskups um að lifa framvegis í sátt og friði við söfnuð sinn, nje heldur er þar sagt um hann, að hann hafi valdið því að bóndinn á Selstöðum varð veikur. Það verður heldur eigi metið sjerstaklega meiðandi, að í kæruskjalinu er áfrýjandinn talinn óhæfur til að gegna prestsembætti í Seyðisfjarðarsöfnuði, því að það er að eins ljett ályktun kærendanna af atriðum þeim, ef sönn væru, er talin eru í kærunni og nefnd hafa verið hjer að framan sem meiðandi fyrir áfrýjandann. Loks er það meiðandi fyrir áfrýjandann sem prest, er kærendurnir segja í kæruskjalinu, að »ákjósanlegra sje og sæmilegra að nefnast heiðingi, en að vera meðlimur þeirrar kirkju, er ekki býður oss betri leiðtoga á vegi hins and-

lega lífs heldur en sjera Björn Þorláksson á Dvergasteini er«.

Hinn stefndi hefur með því að rita nafn sitt fyrirvaralaust undir framangreint kæruskjal til biskups tekið upp á sig sjálfstæða ábyrgð á öllu því, er í því stendur, og með því að eigi verður álitið, að hann hafi fært neinar sönnur fyrir áburði þeim á áfrýjandann og meiðandi aðdróttunum, er í kæruskjalinu eru, verður hann að sæta refsingu fyrir þær, er samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga þykir hæfilega metin 100 króna sekt, er renni í landssjóð, eða til vara 30 daga einfalt fangelsi. Ummæli þau í kæruskjalinu, er að framan hafa talin verið meiðandi eða móðgandi fyrir áfrýjandann, eiga dauð og ómerk að vera. Í málskostnað fyrir undir- og yfirdómi ber stefnda að greiða áfrýjanda 40 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi Sigurður Eiríksson greiði í sekt til landssjóðs 100 krónur, eða, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð, sæti 30 daga einföldu fangelsi. Framantalin meiðandi og móðgandi ummæli um áfrýjandann, Björn prest Þorláksson, eiga að vera dauð og ómerk. Í málskostnað fyrir undir- og yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda 40 krónur. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans; sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 25. júnímánaðar.

Nr. 54/1893: Rjettvísin
gegn
Magnúsi Ólafssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 4. sept. f. á., var hinn ákærði Magnús bóndi Ólafsson í Kvíhúsum í Grindavík dæmdur fyrir skjalafölsun samkvæmt 270. gr. almennra hegningarlaga í 8 mánaða betrunarhúsvinnu, svo og til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað og iðgjöld til Hermanns Jónssonar 59 kr. 89 a., en dómi þessum er af hálfu rjettvísinnar áfrýjað til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða og öðrum upplýstum atvikum löglega sannað, að hann, sem er óskrifandi sjálfur, ljet son sinn á 14. ári, sem eigi hefur verið ákærður í þessu máli, enda tjáist hafa verið grunlaus um, að nokkuð óleyfilegt væri í því, skrifa 4 skjöl eða seðla undir nafni Hermanns bónda Jónssonar á Hrauni, þar sem Hermann er látinn biðja faktor Knudtzons verzlunar í Keflavík að láta ákærða fá í reikning hans (ákærða) það er ákærði bæði um upp á ábyrgð Hermanns. Seðlarnir voru útgefnir 24. janúar, 16. marz, 9. apríl og 6. maí 1892, og notaði ákærði þá jafnharðan, og fjekk út á þá við nefnda verzlan ýmsar vörur, mestmegnis nauðsynjavörur, að upphæð samtals 59 kr. 88 a. Ákærði hefur fært sjer til afsökunar, að hann hafi verið bjargarlaus handa fjölskyldu sinni og treyst á góðmennsku Hermanns, enda hafi ætlað, að eigi kæmi til að hann (Hermann) þyrfti að borga úttektina

fyrir sig, þar sem hann hefði haft nægan fisk til að leggja inn fyrir skuldinni. Hann hefur og borið, að hann hafi boðið Hermanni að endurborga honum með fiski upphæð þá, er hann tók út á ábyrgðarbjefin, en Hermann hafi eigi viljað taka við fiskinum. Síðar hefur Hermann greitt upp í úttektina 50 kr. eptir krófu verzlunarinnar og af þeim hefur ákærði endurborgað honum 20 kr.

Afbrot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður verið ákærður eða dæmdur fyrir neitt lagabrot, er rjettilega heimfært af undirdómaranum undir 270. gr. almennra hegningarlaga og þykir hegningin fyrir það með skýrskotun til 63. gr. sömu laga og tilliti til þess, að taka verður trúanlegan framburð ákærða um framboð hans á fullri borgun skuldarinnar til Hermanns Jónssonar, svo að hann fyrir það álízt geta notið góðs af niðurfærslu þeirri á hegningunni, er leyfð er í enda 270. gr., hæfilega ákveðin 5 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Í iðgjöld til Hermanns Jónssonar ber ákærða að greiða 30 krónur. Svo ber ákærða að greiða allan af málinu gegn honum í hjeraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur orðið nokkuð seinfara, en dráttur sá þykir eptir atvikum nægilega rjettlættur af undirdómaranum. Málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Magnús Ólafsson sæti fangelsishegningu

við vatn og brauð í 5×5 daga. Í iðgjöld ber honum að greiða Hermanni Jónssyni á Hrauni 30 krónur. Svo greiði hann og allan af máli þessu í hjeraði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 krónur til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglirting dóms þessa og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 15/1894: Ritstjóri Hannes Þorsteinsson
gegn
bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni.

Dómur:

Með dómi, gengnum á bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar 18. jan. þ. á., var Hannes Þorsteinsson ritstjóri í máli, er bæjarfógetinn í Reykjavík, Halldór Daníelsson, að boði amtsins hafði höfðað gegn honum út af meiðyrðum, dæmdur í 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í einfalt fangelsi í 15 daga, hin átöldu meiðandi og móðgandi ummæli um bæjarfógetann dæmd dauð og marklaus, og ennfremur var hann dæmdur til þess að greiða kostnað málsins, þar á meðal dagpeninga og ferðakostnað til hins setta dómara, sýslumanns Franz Siemsens, 45 kr., og 15 kr. til hins skipaða talsmanns bæjarfógetans, Hannesar landritara Hafsteins.

Þessum dómi hefur ritstjóri Hannes Þorsteinsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 11. aprílmán. næstliðins, og þar krafizt, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að áfrýjandi verði sýkn dæmdur af öllum kærum og kröfum stefnda, eða að hin ídæmda sekt í öllu falli verði hæfilega færð niður, og að sjer verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum með einhverri eptir rjettarins mati nægilegri upphæð. Hins vegar hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað með einhverri að rjettarins mati nægilegri upphæð.

Mál þetta er upphaflega risið út af nafnlausri grein einni í blaðinu Þjóðólfi — en áfrýjandi er ritstjóri þess — 45. árg. 51. tölubl., sem ritað er yfir »Óaldarbragur«; segir meðal annars í grein þessari, að á hverju hausti hafi borið allmikið á þjófnaði hjer í bænum, og sjaldan eða aldrei komizt upp, því að engin gangskör hafi verið gjörð af hálfu lögreglunnar til að leita uppi hina seku, enda hefur afleiðingin af þessu afskiptaleysi orðið sú o. s. frv. Ennfremur segir þar: »mælt er að bæjarfógeti hafi færzt undan að rannsaka nokkuð þennan stuld í Landakoti, er þess var farið á leit við hann«, og loks: »Þá er lögreglan ekki lætur neitt á sjer bera, þá er eðlilegt, að alls konar óaldarháttur og óráðvendni færist í vöxt. Menn ganga upp í þeirri dulunni, að þjófnaði og strákapörum er ekki sinnt og verða æ djarfari og djarfari, einmitt undir handarjaðrinum á lögreglunni. Það verður að taka hjer eitthvað alvarlega í taumana til þess að láta menn komast að raun um, að hjer sje þó til einhver lögreglustjórn«. Þessi ummæli, sem áfrýjandi ekki hefur rökstutt, eru mjög meiðandi

fyrir hinn stefnda bæjarfógeta, og er áfrýjandi því rjettilega sektaður fyrir þau eptir 219. gr. almennra hegningarlaga. Að því kemur til málskostnaðar í hjeraði, hefur áfrýjandi haldið því fram, að undirdómarinn hafi reiknað kostnað sinn við 5 ferðir frá Hafnarfirði of hátt og vill því fá málskostnaðinn lækkaðan að því kostnaðarreikning setudómarans snertir úr 45 kr. niður í 20 kr.; en til slíkrar niðurfærslu virðist engin ástæða vera. Með því nú landsyfirdómurinn fellst á hjeraðsdóminn bæði að því snertir sektarupphæðina, ómerking hinna átöldu meiðyrða og ákvæði hans um málskostnað, — þar með talin laun hins skipaða talsmanns stefnda í hjeraði, þá ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi, Hannes Þorsteinsson, greiði stefnda, Halldóri bæjarfógeta Daníelssyni, málskostnað fyrir landsyfirdóminum með 15 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 62/1893: Eiríkur Jóhannsson
gegn
Ólafi Árnasyni.

Dómur:

Mál þetta er í hjeraði höfðaði af hinum stefnda

kaupmanni Ólafi Árnasyni á Eyrarbakka gegn áfrýjandanum Eiríki bónda Jóhannssyni á Helgastöðum út af verzlunarskuld að upphæð 98 kr. 51 e., og var það dæmt af gestarjetti Árnessýslu 9. nóv. f. á., á þá leið, að Eiríkur Jóhannsson skyldi greiða Ólafi Árnasyni hina umstefndu skuld 98 kr. 51 e, með 5% vöxtum frá stefnudegi 16. okt. f. á. til borgunardags og málskostnað allan að skaðlausu. Þessum dómi ásamt úrskurði dómarans, uppkveðnum 27. okt. f. á. svo og fjárnámsgjörð, er framkvæmd var eptir dómnum hjá hinum dómfellda af fógetarjetti Árnessýslu, 28. nóv. f. á., hefur Eiríkur Jóhannsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 13. desbr. f. á., og gjört þær rjettarkröfur fyrst og fremst, að nefndum úrskurði frá 27. október f. á. — en með honum var áfrýjanda neitað um mánaðar frest, sem hann þá bað um — verði hrundið og breytt þannig, að hinn umbeðni frestur verði veittur, og að dómurinn í málinu og öll meðferð á því eptir úrskurðinn sem og fjárnámsgjörðin, verði dæmd ómerk og málinu vísað heim aptur til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar, og ennfremur að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður hjá stefnda, en til vara krefst áfrýjandi þess, að dómurinn og fjárnámsgjörðin verði úr gildi felld og hann algjörlega sýknaður af kröfum stefnda, en stefndi dæmdur til að endurgjalda málskostnað fyrir báðum dómum með 100 kr. eða einhverju eptir rjettarins mati nægilegu. Hinn stefndi kaupmaður Ólafur Árnason hefur af sinni hálfu krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu.

Með hinum áfrýjaða gestarjettarúrskurði frá 27. okt.

f. á., sem nefndur er að framan, var áfrýjanda neitað um að fá mánaðarfrest til þess að sanna mál sitt, en með því að hann hvorki fyrir undirrjetti, þar sem honum þó beinlínis var gefið tilefni til þess af hálfu dómarans, nje heldur fyrir yfirdómi hefur gjört tilraun til þess að rökstyðja þessa frestbeiðni með því, að nefna sannanir þær, er hann ætlaði að útvega, eða yfir höfuð gjöra það sennilegt, að hann gæti útvegað sjer varnargögn, ef hann fengi frestinn, verður úrskurðinum eigi hrundið og ómerkingar- og heimvísunarkrafa áfrýjanda eigi tekin til greina.

Með skuldabrjefi, útgefnu 8. ágúst 1892, lofar áfrýjandi að greiða af skuld sinni við verzlun Guðmundar Ísleifssonar á Eyrarbakka — en það er skuld sú, sem hjer er fyrir dómi — 80 kr. fyrir 1. okt. það ár, og það sem þá er eptir af skuldinni fyrir 31. s. m.; ennfremur að mæta fyrir gestarjetti á Eyrarbakka, ef til málssóknar skyldi koma fyrir þá sök, að hann eigi stæði í skilum, og loksins til að borga allan málskostnað skaðlaust. Samkvæmt áteiknun stefnda á brjefið, dags. 14. okt. f. á., var skuld áfrýjanda þá 98 kr. 51 e. Gildi þessa skuldabrjefs hefur áfrýjandi alls eigi vefengt, nje heldur mótmælt ákvæði stefnda um skuldarupphæðina og eigi heldur því, að stefndi sje rjettur sóknaraðili. En hann þykist hafa borgað alla skuldina haustið 1892 með 9 sauðkindum, er hann þá hafi afhent skuldareigandanum Guðmundi Ísleifssyni eða umboðsmanni hans. Hinn stefndi hefur mótmælt þessu, og skýrt svo frá, að umræddar sauðkindur hafi Guðmundur Ísleifsson tekið til þess að flytja þær til Englands og selja þær þar fyrir reikning og á kostnað áfrýjanda, en alls eigi upp í hina umstefndu skuld, enda

hafi kindunum verið skilað aptur til áfrýjanda, þegar ekkert varð úr áminnztum sauðaflutningi til Englands, og hefur áfrýjandi kannazt við, að hann hafi fengið kindurnar aptur og tekið við þeim. Enn fremur hefur hann sjálfur fyrir rjetti látið bóka það, að hann hafi í haust, er leið, boðið 3 sauði til borgunar upp í skuldina, og hefur þannig fyllilega kannazt við hana ári eptir að sauðasalan til Englands átti fram að fara. Undanfærsla áfrýjanda að borga hina umstefndu skuld er því augljóslega ástæðulaus og verður að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í öllum greinum hans. Samkvæmt þessum úrslitum málsins og með því að ekkert er fundið að forminu á hinni áfrýjuðu fógetagjörð, verður hún að standa óhögguð. Svo verður áfrýjandi og að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 25 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Gestarjettardómurinn og hin áfrýjaða fógetagjörð á að vera óröskuð. Áfrýjandi, Eiríkur Jóhannsson, greiði hinum stefnda Ólafi Árnasyni kostnað máls þessa fyrir yfirdómi með 25 krónum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna, frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 2. júlímánaðar.

Nr. 48/1893: Vilhjálmur Árnason
gegn
Birni Þorlákssyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í hjeraði af ritstjóra Skapta

Jósepssyni fyrir hönd hins stefnda, Björns prests Þorlákssonar á Dvergasteini, gegn áfrýjandanum, Vilhjálmi bónda Árnasyni á Hofi, fyrir meiðandi ummæli um tjeðan prest í kæruskjali yfir prestinum til biskups, er áfrýjandinn ásamt rúmum 40 mönnum öðrum hafði ritað nafn sitt undir í maímán. 1892 og sent biskupi. Var málið dæmt í gestarjetti Suðurmúlasýslu 1. ágúst f. á. þannig, að áfrýjandinn var dæmdur í 200 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 60 daga einfalt fangelsi og ýms sjerstaklega tilgreind ummæli í kærunni og hún öll í heild sinni dæmd dauð og ómerk. Svo skyldi hann og greiða sækjanda í málskostnað 50 krónur.

Dómi þessum og 2 úrskurðum, er upp voru kveðnir meðan á málinu stóð 18. og 25. júlí f. á., hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 14. okt. f. á., og krafizt þess, sumpart, að dómurinn og meðferð málsins eptir að úrskurðirnir voru upp kveðnir verði ómerkt og málinu heim vísað til löglegri meðferðar, sumpart að dóminum verði breytt í þá átt, að áfrýjandi verði sýkn dæmdur eða sektin færð niður. Svo hefur hann og krafizt málskostnaðar fyrir báðum rjettum. Af hálfu stefnda hefur þess aptur á móti verið krafizt, að dómurinn verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi að skaðlausu.

Með fyrra úrskurðinum, er áfrýjað er, þeim er felldur var 18. júlí f. á., neitaði undirdómarinn að víkja úr sæti í rjettinum sakir tengda við stefnda, þar sem stefndi hefði »handsalað« sökina fyrnefndum umboðsmanni hans Skapta Jósepssyni og gjört hann að dominus litis, en við það hefði stefndi verið úr málinu og tengdir við hann því þýðingarlausar. Það verður þó eigi fallizt á þetta álit undirdómarans bæði vegna eðlis

málsins, þar sem það snertir ærurjettindi stefnda, og eins þegar litið er til umboðs þess frá stefnda til að höfða málið, er Skapti Jósepsson lagði fram í undirrjettinum og sem eigi verður skilið svo, að stefndi vilji með því vera úr málinu að öllu leyti, þó að Skapti sje nefndar þar dominus litis.

Með því að það nú er upplýst í málinu, að stefndi og kona undirdómarans eru bræðrabörn, bar undirdómaranum sakir tengda við stefnda að víkja úr sæti sem dómari í málinu samkvæmt kröfu áfrýjandans fyrir undirrjettinum, og verður því að fella úr gildi tjeðan úrskurð 18. júlí f. á. og ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins fyrir gestarjettinum frá því er úrskurðurinn var felldur, og vísa málinu heim aptur til löglegri meðferðar og dómsáleggingar samkvæmt kröfu áfrýjanda. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rjett að stefndi greiði áfrýjandanum 20 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Undirdómaranum, sýslumanni Jóni A. Johnsen, ber að víkja úr dómarasæti í máli þessu og á hinn áfrýjaði gestarjettardómur og meðferð málsins fyrir gestarjettinum frá því er úrskurðurinn 18. júlí f. á. var upp kveðinn, ómerkt að vera og er málinu heim vísað til löglegri meðferðar og dómsáleggingar. Stefndi, Björn prestur Þorláksson, greiði áfrýjandanum Vilhjálmi Árnasyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 9. júlímánaðar.

Nr. 21/1894: Rjettvísin
gegn
Sigurði Hallgrímssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Suður-múlasýslu, uppkveðnum 14. okt. 1893, var hinn ákærði, hreppstjóri Sigurður Hallgrímsson, dæmdur samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 145. og 142. gr. og lögum nr. 6, 12. júlí 1878, 7. gr., fyrir tíundarsvik, til að missa hreppstjóraembætti sitt, til að greiða sekt í landssjóð 50 kr., svo og borga tíund og önnur gjöld til landssjóðs, amtsjafnaðarsjóðs og hlutaðeigandi fátækrasjóðs af $6^1/_2$ hndr., er sannað þótti að hann hefði dregið undan tíund, og loks til að greiða allan málskostnað. Dómi þessum hefur amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu skotið til yfirrjettarins.

Þó að prófin í máli þessu sjeu mjög ófullkomin, óljós, ruglingsleg og alls ólík því, sem próf í sakamálum eiga að vera, og þó að sá, er kærði brotið fyrir sýslumanni, eigi hafi verið yfirheyrður, og þó að ákærði sjálfur í raun og veru aldrei hafi verið eiginlega prófaður af undirdómaranum, má þó telja það nægilega sannað, með skýrslum málsins, einkanlega játningu eða yfirlýsingu hins ákærða fyrir rjetti 12. sept. 1893, að hann, sem þá var hreppstjóri í Vallahreppi, hafi á vor- og hausthreppamóti árið 1892 svikið tíund með því móti, að hann taldi eigi fram 38 sauði fullorðna og taldi 40 ær lembdar með lambsgotum; telst svo til að hann hafi þannig dregið undan tíundarframtali $6^1/_2$ hndr., og er eigi ástæða til að ætla annað, en að hann

hafi gjört það af ásetningi, enda hefur ákærði eigi borið fyrir sig sjer til málsbóta vangæzlu eða ógát. Það verður því að refsa hinum ákærða samkvæmt 145., sbr. 142. gr. hegningarlaga 25. júní 1869, og 7. gr. laga nr. 6, 12. júlí 1878, og þykir eptir atvikum hæfilegt, að hann sje dæmdur frá hreppstjóra-sýslan, að hann sje dæmdur til að greiða 60 kr. í hlutaðeigandi fátækrasjóð, svo og greiða allar tíundir og önnur lögboðin gjöld af því, er hann hefur dregið undan, og loksins til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Eins og þegar er tekið fram með tilliti til prófanna, er allur rekstur málsins og meðferð á því mjög fljótfærnisleg, hirðulausleg og sljóleg. Í málinu var að eins haldið eitt rjettarpróf 8. júní f. á., og var þá viðstaddur hreppsnefndaroddvitinn í Vallahreppi, er kært hafði yfir tíundarsvikunum, en var þó eigi yfirheyrður; hinn ákærði er þá og í rjettinum, en eigi virðist sýslumaður hafa skoðað hann sem grunaðan eða ákærðan, enda yfirheyrir dómarinn hann þá eigi, en lætur hann að eins segja álit sitt eða eins og kveða dóm upp um framburð vitnanna. Eptirrit af tíundarskýrslu ákærða hefur eigi verið framlagt. Ákærða hefur eiginlega aldrei verið tilkynnt af sýslumanni, að sakamál yrði höfðað gegn honum, en það er ákærði sjálfur, sem kemur fram og óskar að málið sje tekið fyrir, og þannig knýr sýslumann til að gjöra enda á því. Hinum ákærða var eigi boðið að fá sjer talsmann skipaðan, og hann sjálfur leggur málið í dóm án þess sjeð verði, að dómarinn hafi í minnsta máta leiðbeint honum með vörn í málinu. Um aldur ákærða er ekkert upplýst. Eigi

var ákærði spurður um það, þegar dómurinn var birtur fyrir honum, hvort hann óskaði honum áfrýjað, og hefur amtið eigi heldur látið heimta yfirlýsingu hans þar að lútandi. Í dómnum er eigi neinn terminus executionis. Loks hefur rekstur málsins verið fremur seinfara. Samt sem áður þykir nægja að víta hjeraðsdómarann alvarlega fyrir þessa meðferð hans á málinu, án þess hann sje sektaður fyrir hana að þessu sinni.

Það vottast að málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði, Sigurður Hallgrímsson, skal missa hreppstjóra-sýslan sína og greiða 60 kr. sekt til fátækrasjóðs Vallnahrepps; enn fremur greiði hann allar tíundir og önnur lögboðin gjöld af $6^1/_2$ hndr. lausafjár. Svo borgi hann og allan kostnað sakar þessarar bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. ágústmánaðar.

Nr. 57/1893: Benedikt prestur Eyjólfsson
gegn
Þorsteini presti Þórarinssyni.

Dómur:

Hinn 13. júní, eða laust eptir fardaga, árið 1890 var af prófasti ásamt tveimur úttektarmönnum tekinn út staðurinn Berufjörður ásamt kirkju úr höndum fráfarandi prests Þorsteins Þórarinssonar í hendur Bergsveini bónda Skúlasyni, er tók að sjer ábúð og umsjón á jörðinni að öllu, sem og á kirkjunni og hennar munum, en nýr prestur var eigi þá kominn að brauðinu. Úttektin fór svo, að fráfarandi presti var gjört að svara á álag á prestssetrið 228 kr. 2 a. og 85 kr. á kirkjuna, hjá hverri prestur átti þess utan 668 kr., samtals 313 kr. 2 a.

Haustið 1890 kom nú nýr prestur, Benedikt Eyjólfsson, að brauðinu, og er hann eigi vildi una við úttekt þessa, hlutuðust stiptsyfirvöldin til, að yfirúttekt yrði gjörð og fór hún fram 11. júní 1891 eða ári síðar. Við hana voru staddir prófastur, sjera Benedikt Eyjólfsson og sjera Þorsteinn Þórarinsson, og mótmælti hann yfirúttektinni af því hann með úttektinni 13. júní 1890 væri búinn að skila af sjer stað og kirkju til prófasts og Bergsveins Skúlasonar, en þeir hefðu undirskrifað og samþykkt hana skilyrðislaust, svo væri og eptir ákvæðum laga 12. jan. 1884, 34. gr., of seint beðið um yfirúttekt.

Yfirúttektin fór svo, að álag á prestssetrið var gjört 842 kr. 77 a. og á kirkjuna 115 kr. 80 a., samtals 958 kr. 57 a., eða 645 kr. 55 aurum hærra en ári

áður. Upp í álagið var lagt út, án þess samþykki prestsins Þorsteins Þórarinssonar væri til þess fengið, 596 kr. 70 a., er hann átti á staðnum í húsum og fl., og auk þess tók Benedikt prestur upp í það undir sjálfum sjer 44 kr. 18 a., sem hann átti að greiða síra Þorsteini fyrir prestsþjónustu. Vantaði þannig á álagið eptir yfirmatinu 317 kr. 69 a. og til greiðslu á fjárhæð þessari höfðaði svo Benedikt prestur Eyjólfsson mál á hendur Þorsteini presti Þórarinssyni, er með dómi aukarjettar Suðurmúlasýslu, uppkveðnum 4. sept. 1893, var dæmdur sýkn af kærum og kröfum stefnanda, en málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefur nú presturinn Benedikt Eyjólfsson áfrýjað með stefnu dags. 29. nóv. f. á. og krafizt greiðslu á tjeðum 317 kr. 69 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi og 100 kr. í málskostnað eða eptir mati rjettarins.

Hinn stefndi Þorsteinn prestur Þórarinsson þar á móti hefur auk málskostnaðar krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Prestur sá sem ákveðinn er í lögum 12. jan. 1884, 34. gr., getur eigi beinlínis átt við prestssetur eða kirkjur, og þótt hinn nýi prestur hafi dregið mjög lengi að biðja um yfirmat, eru eigi nægileg rök til að álíta, að það sje svo fram úr hófi, að hinn aðkomandi prestur hafi fyrir þá sök fyrirgjört rjetti sínum að fá því framgengt.

Yfirúttektin ber með sjer að hún hefur verið gjörð sem úttekt á prestssetrinu og kirkjunni í því ástandi sem þau voru í fardögum 1891. Hún er eigi rökstudd með samanburði við og prófun á hinni áfrýjuðu úttekt frá 1890, og að eins gjört álag í krónutali í því ástandi,

sem kirkja og staðarhús þá komu fyrir, án nokkurs tillits til, að þau höfðu verið úr ábyrgð hins stefnda eitt ár, og breytingar á orðið, ekki til batnaðar eptir því sem bezt verður sjeð, en til óákveðinnar rýrnunar meiri eða minni.

Að svo hafi verið, að yfirmatið eða úttektin hafi verið miðuð við ástandið í fardögum 1891 kemur ennfremur ljóslega fram við það, að prófastur, er eptir embættisskyldu samkvæmt 1. gr. í tilsk. 24. júlí 1789 sá um úttektina ásamt 2 matsmönnum fyrra skiptið 1890 og 4 hið síðara 1891, í brjefi til málspartanna, dags, 5. jan. 1892, kveðst þann 17. sept. 1891 munnlega hafa beðið áfrýjanda að útvega yfirlýsingu þessara manna um, hve mikið prestssetur og kirkja hafi rýrnað fardagaárið 1890—91, því þá verði álagsupphæðin löguð eptir henni, og kemur það einnig heim við það, að stiptsyfirvöldin í brjefi til prófasts, dags. 24. nóv. 1891, geta um, að prófastur hafi skrifað þeim, að sjer hafi láðzt eptir að láta yfirúttektarmennina meta, hvað kirkja og staðarhús kunni að hafa gengið úr sjer fardagaárið 1890—91.

Þar sem nú slíkir gallar eru á yfirmatinu, og ekkert er komið fram, er geti leitt til fastra ákvæða um fjárupphæð þá, er stefnda beri að svara eptir yfirskoðun á úttektinni í fardögum 1890, þrátt fyrir áskorun prófasts, að matin væri rýrnun á hinu úttekna fardagaárið 1890—91, þá eru eigi tök til að dæma áfrýjandanum hinn umstefnda hluta álagsins 317 kr. 69 a. eða hluta af þeirri fjárhæð, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða aukarjettardóm, en málskostnað fyrir yfirrjetti greiði áfrýjandi hinum stefnda með 30 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á óraskaður að vera. Sem málskostnað fyir yfirdómi greiði áfrýjandinn, Benedikt prestur Eyjólfsson, hinum stefnda, Þorsteini presti Þórarinssyni, 30 kr.

Hið ídæmda að greiða innan 8 vikna frá löglegrí birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 56/1893: Skiptaráðandinn í Norður-Múlasýslu, Einar Thorlacius, og Þórarinn Guðmundsson, Kristján Hallgrímsson og J. M. Hansen fyrir hönd protabús konsúls W. G. Spence Paterson

gegn

Sveini Sigfússyni, Þorsteini Jónssyni, Magnúsi P. Joensen, Pálma Pálmasyni, Þorkeli Jónssyni, sjera Jóni Guðmundssyni, Erlendi Árnasyni og Friðriki Jóhannssyni.

Dómur:

Tildrög þessa máls eru þau, að konsúl W. G. Spence Paterson stofnaði verzlun á Seyðisfirði í Norður-Múlasýslu sumarið eða vorið 1890, og leysti hann þá borgarabrjef til þessa. Árið eptir, 1891, keypti hann töluverðan fisk af bændum og útvegsmönnum í Norðfirði í Suður-Múlasýslu, er átti að borgast með peningum og vörum jafnótt og hann væri afhentur. Þetta varð þó eigi, og var mikill hluti þessa fiskjar óborgað-

ur haustið 1891, þá er Paterson fór til útlanda. En áður en hann fór utan, gerði hann fyrir fógetarjetti Suður-Múlasýslu á Eskifirði 16. októbermán. nefnt ár samning við 2 umboðsmenn Norðfirðinga um greiðslu fyrir fiskinn, og eru ákvæði samningsins þau, að Paterson lofar að greiða helming skuldar sinnar fyrir fiskinn með janúarpóstskipi 1892, og átti hann þá að fá umráð yfir þeim fiski, c. 80 skpd., sem lægi verkaður á Norðfirði; hinn helming skuldarinnar lofaði Paterson að borga með póstskipi í júní 1892 eða um það bil; en hann áskildi sjer rjett til að verka þann fisk, sem hann þá átti óverkaðan á Norðfirði jafnframt og hann lofaði því, að taka fiskinn eigi fyr en skuldir hans þar væru að fullu borgaðar. Ef Paterson eigi uppfyllti þessa samningsskilmála, var það ákveðið, að selja mætti það, sem hann ætti eptir á Norðfirði, þar til nóg væri komið í skuldir og áfallinn kostnað og skaðabætur. Í upphafi þessa samnings, er inniheldur nokkur fleiri ákvæði, segir: »að samkvæmt kröfum (eigi tilgreint hverra) sje nú lagt lögbald á allar eigur Patersons á Norðfirði, hús, timbur, fisk og vöru«. Hinn 9. maímán. 1892 var Paterson gjörður gjaldþrota á Seyðisfirði, þar er heimili hans var og aðal-verzlunarstöð, og hafði hann þá eigi enn greitt borgun til Norðfirðinga fyrir ofan-umræddan fisk, en þeir ljetu síðar sama sumarið selja fisk hans og aðrar eigur á Norðfirði, og eru málspartar sammála um, að uppboðsandvirðið hafi verið 11142 kr. 91 e. Skiptaráðandinn í Norður-Múlasýslu, er hafði þrotabú Patersons til meðferðar, krafðizt þess, þá er búið var tekið til skipta, að skuldheimtumenn Patersons á Norðfirði, sem virðast þá enn hafa haft áðurgreindan fisk í sínum vörzlum, afhentu hann og aðra eign Patersons í Norð-

firði skiptarjetti Norður-Múlasýslu, og er þeir neituðu að sinna þeirri áskorun, höfðaði skiptaráðandinn ásamt 3 mönnum, er skuldheimtumenn í búi Patersons höfðu kosið til þess að gæta rjettar þeirra og aðstoða skiptaráðandann, mál gegn hinum stefndu fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu til þess, að þeir ljetu af hendi eignir þrotabúsins, sem væru í vörzlum þeirra, og afhentu þær skiptarjetti Norður-Múlasýslu, en með dómi gestarjettarins, uppkveðnum 2. ágústmán. f. á., voru hinir stefndu sýknaðar fyrir þessari kröfu skiptarjettarins. Í gagnsóknarmáli, sem hinir stefndu höfðu höfðað gegn umboðsmanni þrotabúsins Skapta Jósepssyni, var hann fyrir búsins hönd dæmdur til að borga hinum stefndu 1000 kr. í skaðabætur. Þessum gestarjettardómi hefur skiptaráðandinn í Norður-Múlasýslu og hinir kosnu umboðsmenn þrotabúsins áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 28. nóv. f. á., stefnt hingað varnaraðilunum fyrir gestarjettinum, Sveini Sigfússyni, Jóni Guðmundssyni, Þorsteini Jónssyni, Magnúsi P. Joensen, Pálma Pálmasyni, Þorkeli Jónssyni, Friðriki Jóhannssyni og Erlendi Árnasyni og gjört þær rjettarkröfur, *að* hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að brotabú Patersons verði sýknað af kærum og kröfum hinna stefndu, *að* hinir stefndu verði allir fyrir einn og einn fyrir alla dæmdir til að greiða þrotabúinu andvirði hinna seldu eigna Patersons á Norðfirði, að upphæð 11142 kr. 91 e. með 5% vöxtum frá stefnudegi 1. júlí f. á. til borgunardags, og *að* þeir verði in solidum dæmdir til að greiða búinu 1000 kr. í skaðabætur, svo og allan málskostnað bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi að skaðlausu eða eptir rjettarins mati. Hinir stefndu hafa aptur á móti krafizt þess, *að* gestarjettardómurinn verði staðfestur, *að*

þeir verði algjörlega sýknaðir fyrir kröfum áfrýjendanna og *að* áfrýjendurnir verði in solidum dæmdir til að endurgjalda hinum stefndu allan áfrýjunarkostnað málsins með nægilegri upphæð.

Um gagnsóknarmálið í hjeraði, sem stefnt var fyrir gestarjettinn með stefnu, dags. 11. júlí f. á., og áteiknaðri af dómaranum 13. s. m., er það að athuga, að það hefur eigi verið lagt til sátta af gagnsóknaraðilunum, og gestarjettardómarinn hefur eigi heldur gjört lögboðna tilraun til að sætta málsviðeigendur. Það verður því ex officio að ómerkja gestarjettardóminn að því leyti hann skyldar Skapta Jósepsson sem umboðsmann áfrýjendanna til að borga hinum stefndu skaðabætur að upphæð 1000 kr., og að vísa gagnsóknarmálinu frá gestarjettinum. Undir dóm yfirrjettarins koma nú því að eins kröfur áfrýjendanna gegn hinum stefndu um afhendingu á eigum Patersons í Norðfirði í hendur skiptarjetti Norður-Múlasýslu m. m., eins og kröfur þessar hafa verið stýlaðar fyrir gestarjettinum, og nú ítrekaðar og ýtarlegar útlistaðar fyrir yfirdóminum. Að því leyti varnaraðilar hafa vefengt það, að W. G. Spence Paterson hafi formlega verið lýstur gjaldþrota og að sækjendur máls þessa hafi haft nægilega heimild til að höfða það og reka fyrir hönd þrotabúsins, skal það tekið fram, að vefenging þessi, sem eigi hefur verið haldið skýlaust fram fyrir yfirdóminum, hefur eigi nægilega stoð í málsgögnunum, því að vottorð sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, dags. 3. júlí 1893 um að Paterson hafi verið lýstur gjaldþrota 9. maí 1892 eptir kröfu nokkurra skuldheimtumanna, verður að álítast nægileg sönnun um hið fyrnefnda málsatriðið, og

um hið síðarnefnda málsatriðið hefur gestarjettardómarinn uppkveðið úrskurð 13. júlí 1893, er staðfestir saksóknarheimild áfrýjendanna, og hefur þessum úrskurði ekki verið áfrýjað.

Þegar Paterson var lýstur gjaldþrota í Norður-Múlasýslu, þar er hann átti heimili, hinn 9. maímán. 1892, áleit skiptarjetturinn þar og skuldheimtumenn hans að hann ætti töluverðar eigur, sjer í lagi fisk, í Norðfirði í Suður-Múlasýslu, og var það því ákveðið að heimta þessa fjármuni af handhöfum þeirra, hinum stefndu, til handa þrotabúinu, til þess að þær kæmu til skipta milli skuldheimtumanna búsins, eins og aðrar eigur Patersons. Hinir stefndu vildu þó eigi sleppa þessum fjármunum Patersons, eins og áður er á vikið, og þóttust þeir hafa eignarrjett yfir þeim samkvæmt áður ámínnztum samningi eða sætt fyrir fógetarjetti, sem gjörðist 16. okt. 1891. Fyrir yfirdóminum hafa þeir nú að vísu eigi haldið því fram, að þeir hafi beint haft eignarrjett yfir fjármunum þessum samkvæmt samningnum, en þeir álíta, að þeir hafi haft þá sem handveð og fyrir því eigi vera skyldir að sleppa þeim, nema því að eins að andvirði þeirra óskert gangi til lúkningar skuldakröfum þeirra, sbr. 34. gr. skiptalaga 12. apríl 1878. Hjer skal það tekið fram, að þar sem áfrýjendurnir hafa neitað gildi fógetarjettarsamningsins eða sáttarinnar 16. okt. 1891, af þeim ástæðum, *að* Paterson hafi þá eigi verið bær um að gjöra svofelldan samning, og *að* semjendurnir á hina hliðina, Þorsteinn Jónsson og Sveinn Sigfússon, hafi eigi haft heimild frá hinum öðrum skuldheimtumönnum Patersons á Norðfirði, sem eru hinir stefndu, til þess að semja þann-

ig við Paterson, — þá er hin fyrri ástæðan um heimildarleysi Patersons, alveg átyllulaus og á engum rökum byggð, og hin síðari ástæðan er einnig þýðingarlaus, með því að samningurinn, er Þorsteinn og Sveinn gjörðu, er síðar marg-samþykktur og staðfestur af hinum öðrum hlutaðeigendum.

Í margnefndum samningi, gjörðum í fógetarjetti Suður-Múlasýslu 16. okt. 1891, segir fyrst, að löghald sje lagt á allar eigur Patersons á Norðfirði, en þar hafði hann kannazt við að skulda um 12000 kr. Þetta löghald (Arrest) hefur þó eigi verið staðfest með dómi, og eptir hinni áður tilvitnuðu 34. gr. skiptalaganna, 12. apríl 1878, hefur það algjörlega fallið úr gildi, þegar bú Patersons komst undir gjaldþrotaskipti vorið á eptir. Síðan segir í samningnum, að þegar Paterson í janúarmánuði 1892 hefur borgað hina umsömdu upphæð, skuli hann fá *umráð* yfir fiski þeim, c. 80 skpd., »sem nú liggur verkaður á Norðfirði«, og er með þessu að eins sagt, að þá skuli löghaldið falla úr gildi, að því er þennan fisk snertir. Þá áskilur Paterson sjer rjett til að verka þann fisk, sem hann »nú *á* óverkaðan á Norðfirði«, en tekur hann ekki eða annað, »sem hann *á* á Norðfirði«, fyr en skuldir hans þar eru að fullu borgaðar. Loksins segir í samningnum, að ef Paterson eigi uppfylli skilmálana, »*þá má selja það, sem hann á eptir á Norðfirði*, þar til nóg er komið í skuldir og áfallinn kostnað og skaðabætur«. Þessi ákvæði veita skuldheimtumönnum Patersons á Norðfirði hvorki eignarrjett nje handveðsrjett yfir eigum hans þar, en þeir hafa með fógetarjettargjörðinni að eins öðlazt löghaldsrjett yfir þeim, sem síðar hefur fallið úr gildi, eins og

áður er ávikið. Hinir stefndu höfðu því eigi löglega heimild til að halda fjármunum þessum fyrir skiptarjettinum í Norður-Múlasýslu, og verður eptir kröfu áfrýjendanna að dæma þá in solidum til þess að greiða tjeðum skiptarjetti andvirði þeirra 11,142 kr. 91 e. með 5% vöxtum frá 1. júlí f. á. til borgunardags. Það þykir eigi vera nægileg ástæða til þess, að dæma hina stefndu til að greiða skaðabætur fyrir hald á fjármununum, en eptir atvikum málsins geta þeir eigi komizt hjá að greiða in solidum til áfrýjendanna upp í málskostnað 100 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir stefndu, Sveinn Sigfússon, Þorsteinn Jónsson, Magnús P. Joensen, Pálmi Pálmason, Þorkell Jónsson, síra Jón Guðmundsson, Erlendur Árnason og Friðrik Jóhannesson, greiði áfrýjandanum, skiptarjettinum í Norður-Múlasýslu, vegna protabús konsúls W. G. Spence Patersons, 11,142 kr. 91 e. með 5% vöxtum frá 1. júlí 1893 til borgunardags og 100 kr. upp í málskostnað fyrir báðum rjettum, hvorttveggja in solidum. Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 12/1894: Halldór bæjarfógeti Daníelsson fyrir hönd dánarbús Magnúsar Jónssonar
gegn
Jóni Magnússyni og sýslumanni Frans Siemsen fyrir hönd dánarbús Kristins Ólafssonar.

Dómur:

Með skjali, útgefnu 27. apríl 1886, gaf Magnús heitinn Jónsson í Bráðræði börnum sínum 7, þar á meðal stefnda Jóni Magnússyni og konu Kristins heitins Ólafssonar, en dánarbúi hans er stefnt hjer fyrir rjettinn, til jafnra skipta allar jarðeignir sínar, 5 að tölu, er metnar voru í brjefinu á samtals 12,720 kr., og skyldi hvert barnanna verða rjettur eigandi að $^1/_7$ hluta hverrar fasteignar um sig og hafa full og óbundin eignarráð yfir jarðeignunum frá útgáfudegi gjafabrjefsins. Í sama brjefi afhenti hann og tengdasyni sínum, fyrnefndum Kristni Ólafssyni, íveruhús og hjall í Bráðræði, virt á 2900 kr., gegn því að hann tæki að sjer að greiða skuldir nokkrar, er á honum hvíldu, og loks afhenti hann og sama Kristni Ólafssyni heyhlöðu og fjós í Bráðræði, metið á 1100 kr., og 2 skuldabrjef, að upphæð samtals 539 kr., svo og allt lausafje sitt í lifandi og dauðum munum, hverju nafni sem nefndist, gegn því að Kristinn skuldbyndi sig til, að veita honum gott og heiðarlegt framfæri að öllu leyti, svo lengi sem hann kynni að þarfnast þess. Gjafabrjefi þessu virðist hafa verið þinglýst í Reykjavík, þar sem varnarþing gefandans var og nokkrar af eignunum liggja, en eigi þar sem hinar aðrar jarðirnar tjást vera, í Árnessýslu og Kjósarsýslu. Árið 1889 dó Magnús Jónsson og varð

bú hans þrotabú. Eptir kröfu eins af skuldheimtumönnum þess, B. Muus & Co. í Kaupmannahöfn, var nú mál þetta höfðað af dánarbúinu gegn tveimur af erfingjum Magnúsar, hinum stefndu, en B. Muus & Co. krafðizt úr búinu greiðslu á skuld að upphæð 30469 kr. 60 a. — auk 7% vaxta af allt að 40,000 kr., er Magnús Jónsson hafði með bæjarþingsdómi Reykjavíkur 3. nóv. 1887, staðfestum af hæstarjetti 2. júní 1891, verið dæmdur til að greiða B. Muus & Co. sökum þess, að Magús hafði gjörzt sjálfskuldarábyrgðarmaður Sigurðar sonar síns í verzlunarviðskiptum hans við Muus & Co., en Sigurður varð gjaldþrota vorið 1886, en þó eptir að gjafabrjefið 27. apríl 1886 var útgefið, og vantaði nefnda upphæð til að Muus & Co. fengi skuld sína borgaða úr búi hans. Því hefir nú verið haldið fram af dánarbúi Magnúsar Jónssonar í máli þessu, að Magnús Jónsson hafi með fyrtjeðu gjafabrjefi til barna sinna gjört sjer ómögulegt að fullnægja löglegum skuldum sínum, sjerstaklega nýnefndri skuld, er hvíldi á honum sem sjálfskuldarábyrgðarmanni sonar síns Sigurðar, sem var tilorðin þá er gjafabrjefið var útgefið, og geti gjöfin því eigi staðizt, hvorki eptir hlutarins eðli eða gildandi lögum, en eigi að dæmast ógild gagnvart búi Magnúsar, sem varð þrotabú samkvæmt N. L. 5—4—8 og 5—13—44; þá hafi og gjafabrjefið eigi verið þinglesið í Árnessýslu og Kjósarsýslu, og sje því afhending jarða þeirra, er þar sjeu, ógild gagnvart þrotabúinu, þegar af þeirri ástæðu; og yfir höfuð hafi gjafabrjefið verið pro forma að eins og aldrei komið til framkvæmdar, enda hljóti að hafa verið gjört í þeim tilgangi að svipta skuldheimtumenn löglegum rjetti og komi þannig í bága við lögin. — Krafðist dánarbúið þess fyrir undirrjettin-

um í máli þessu, að hinir stefndu, Jón Magnússon og Kristinn Ólafsson, væru skyldaðir til að skila inn í dánarbú Magnúsar fjármunum þeim, er þeir hefðu fengið samkvæmt gjafabrjefinu 27. apríl 1886 ásamt afurðum frá sáttakærudegi og málskostnaði, en með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkur 31. ágúst f. á. voru þeir dæmdir sýknir af kærum og kröfum búsins og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir skiptaráðandinn í dánarbúi Magnúsar Jónssonar áfrýjað til yfirdómsins fyrir búsins hönd og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og að hinir stefndu verði dæmdir til að skila inn í dánar- og þrotabú Magnúsar Jónssonar öllum þeim fjármunum, sem hver þeirra Jóns Magnússonar og Kristins Ólafssonar hafi fengið samkvæmt gjafabrjefinu 27. apríl 1886 með afurðum frá sáttakærudegi, og að þeir greiði málskostnað fyrir báðum rjettum með nægilegri upphæð. Hinir stefndu hafa aptur á móti krafizt þess, *að* málinu verði vísað frá yfirdómi, *að* því verði vísað frá undirrjettinum, og til vara, *að* hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Svo krefjast þeir og málskostnaðar, hvernig sem fer, með 100 kr. eða einhverju nægilegu.

Frávísunarkröfu sína byggir hinn stefndi skiptaráðandi á því, að gjöfin samkvæmt gjafabrjefinu 27. apríl 1886 hafi verið gefin dóttur Magnúsar Jónssonar, konu Kristins heitins Ólafssonar, til þess hún nyti hennar ein, og sje því máli þessu ranglega snúið á hendur búi Kristins heitins. Í öðru lagi sje engin heimild til þess í 33. gr. skiptalaganna, þar sem dánarbú Kristins Ólafssonar sje tekið til opinberra skipta, að stefna skipta-

ráðandanum hjer fyrir rjettinn. Hvað fyrri ástæðuna snertir, þá myndi hún, ef rjett væri, leiða til sýknunar að því bú Kristins Ólafssonar snertir, en eigi til frávísunar málsins. Hvað hina ástæðuna snertir, þá var það sjálfsagður rjettur áfrýjandans, að mega láta prófa dóm þann fyrir æðri rjetti, sem fallinn var í máli milli hans og Kristins heitins, og er slíkt í samhljóðun við 33. gr. skiptalaganna. Frávísunarkrafa stefnda verður því eigi tekin til greina.

Hvað aðalefni málsins snertir, þá er ekkert upplýst í málinu um, hvað hvor hinna stefndu Jóns Magnússonar og Kristins Ólafssonar hafi fengið samkvæmt optnefndu gjafabrjefi, annað en það, sem í brjefinu stendur, að þeir skuli eiga $^1/_7$ úr hverri af hinum 5 þar upp töldu jörðum og Kristinn auk þess eignast einn ýmsa tilgreinda muni til skuldagreiðslu og til framfæris Magnúsi; en á þessari skiptingu brjefsins verður þó eigi byggt neitt og báðir málsaðilar virðast í málinu vera sammála um það, að erfingjarnir og sjerstaklega hinir stefndu, hafi eigi tekið sinn hluta í gjöfinni á þann hátt, er gjafabrjefið ákveður, enda er það víst um eina af hinum 5 jarðeignunum, að hún var seld eptir að gjafabrjefið var komið til, til lúkningar skuld, er á Magnúsi Jónssyni hvíldi, og sem stefndi, Kristinn heitinn Ólafsson, einn átti samkvæmt brjefinu að greiða af sínum hluta. Krófur áfrýjanda eru nú einnig svo, að í þeim er eigi fólgin nein ákveðin fullyrðing um, hverjar jarðeignir eða aðrir fjármunir hafi runnið inn til hvors um sig af hinum stefndu, er þeir því verði skyldaðir til að skila inn í bú Magnúsar Jónssonar, en það virðist helzt tilgangur hans að fá dóm nú, er skyldi stefndu

til að skila því inn í búið, »er þeir hafi fengið samkvæmt gjafabrjefinu«, en hvað það hafi verið, megi fá upplýst síðar fyrir fógetarjetti eða í sjerstöku máli. En á svo óákveðnum grundvelli verður enginn dómur byggður. Annað veifið virðist einnig áfrýjandinn ganga út frá því, að jarðeignirnar og aðrir þeir fjármunir, er gjafabrjefið ræðir um, sjeu enn í sameign milli erfingja Magnúsar Jónssonar, svo að engum þeirra tilheyri sjerstakur eignarrjettur að neinum parti þeirra, en ef svo er álitið, átti að höfða málið til apturskilunar munanna gegn öllum erfingjunum í einu.

Af því sem nú hefir verið tekið fram leiðir, að krafa áfrýjanda um, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt í þá átt, að hinir stefndu verði skyldaðir til að skila því inn í búið, er þeir samkvæmt gjafabrjefinu 27. apríl 1886 hafi fengið, getur, þegar af þeirri ástæðu, hvernig krafa þessi er orðuð, eigi orðið tekin til greina, og þar sem eigi er að ræða um neina aðra kröfu, er samkvæmt málsfærslunni geti komizt að, verður því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á óraskaður að standa. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 19/1894: Stjórn hins íslenzka biflíufjelags gegn fyrrum háyfirdómara Jóni Pjeturssyni.

Dómur:

Mál þetta er upphaflega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af stjórn hins íslenzka biflíufjelags gegn fyrrum háyfirdómara Jóni Pjeturssyni til greiðslu á 600 kr. með vöxtum, er stjórn biflíufjelagsins taldi stefnda eiga að greiða fjelaginu; en með dómi gengnum 9. nóv. f. á, var stefndi, Jón Pjetursson, sýknaður af kröfum biflíufjelagsins og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir stjórn biflíufjelagsins áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 1. maímán. þ. á. og fengið gjafsókn og sjer skipaðan talsmann. Hefir áfrýjandi krafizt þess fyrir landsyfirdómi, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða hinu íslenzka biflíufjelagi 600 kr. með 4% vöxtum frá 16. apríl 1889 til borgunardags, og að hann verði dæmdur til að greiða fjelaginu allan kostnað málsins bæði fyrir undir- og yfirdómi með einhverri eptir mati rjettarins nægilegri upphæð, svo sem það ekki væri gjafsóknarmál. Hins vegar hefir hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir yfirdómi með einhverri að rjettarins mati nægilegri upphæð.

Málsatvik eru sem nú skal greina:

16. aprílmán. 1885 fjekk Kristján bóksali Þorgrímsson að láni úr sjóði hins íslenzka biflíufjelags 600 kr. gegn öðrum veðrjetti í húseign sinni nr. 2 á Arnarhólslóð;

áður hafði verið lánað gegn 1. veðrjetti í eigninni 2600 kr. hjá sparisjóði Reykjavíkur. Húsið (lóðarlaust) var virt til brunabóta 4650 kr. Fám dögum síðar tók ritstjóri Jón Ólafsson, er þá var orðinn eigandi húseignarinnar, að sjer nefnda 600 kr. skuld. 4 árum síðar fór Jón Ólafsson af landi burt, og voru frá þeim tíma ekki greiddir vextir af láninu. Sumarið 1891 ljet 1. veðhafi selja veðið á nauðungaruppboði, og er ekki bauðst í veðið svo að nægði til greiðslu skuldarinnar, 2600 kr., áfallinna vaxta og kostnaðar, var 1. veðhafa lagt út húsið.

Áfrýjandi heldur því fram, að stefndi sje skyldur til að greiða sjer umræddar 600 kr. með vöxtum frá 16. apríl 1889 fyrir þá sök, að hann hafi farið óhyggilega og óforsjállega að ráði sínu, er hann, sem þá var gjaldkeri hins íslenzka biflíufjelags, er ofannefnt 600 kr. lán var veitt úr sjóði fjelagsins, lánaði gegn 2. veðrjetti svo mikið fje, að meiru nam — að meðtaldri veðskuldinni með 1. veðrjetti — en helmingi virðingarverðs á eigninni, eins og líka að hann hafi veitt lánið án samþykkis eða útgjaldaskipunar frá hinum stjórnendum fjelagsins, forseta og skrifara. Loks telur áfrýjandi, að 14. gr. biflíufjelagslaganna gjöri stefnda að skyldu að greiða optnefndar 600 kr. (með vöxtum), þar sem eptir atvikum megi líta svo á, sem þetta fje, er hann lánaði úr fjelagssjóði ólöglega, sje í sjóði hjá honum, en fyrir því fje, sem í sjóði sje eða eigi að vera, hafi stefndi ásamt hinum stjórnendunum verið fjelaginu »solidarisk« ansvarlegur.

Samkvæmt lögum biflíufjelagsins er það á valdi fjelagsstjórnarinnar — því í þeim eru engar ákvarðanir eða reglur settar um lánveitingar úr sjóðnum — gegn

hverri ábyrgð eða tryggingu hún vill lána fje úr sjóðnum; verður það því í hvert skipti að vera álitsmál, hvort hún hafi veitt lán úr fjelagssjóði svo óforsjállega eða ráðdeildarlaust, að hún hljóti að bæta tjón það, er af hlýzt. Gegn neitun stefnda er það ekki sannað í málinu, að hann hafi veitt umgetið lán án samþykkis hinna annara stjórnenda eða án útgjaldaskipunar; verður því að líta svo á, að lánið hafi verið veitt af stjórninni í heild sinni, eða í öllu falli að hún hafi samþykkt lánveitinguna eptir á; en hvort hún í heild sinni hafi við lánveitingu þessa rasað svo fyrir ráð fram, að hún sje skaðabótaskyld, skal nú tekið til álita. Áfrýjandi heldur því fram, að það sje orðin föst venja að lána ekki meira fje úr almennum sjóðum gegn veði í húseignum en helming virðingarverðs; þetta hefir stefndi vefengt, en áfrýjandi ekki sannað, enda er að því þetta lán snertir, ekki einu sinni víst, hvort það, sem lánað var samtals út á húseignina, nam meiru en hálfu virðingarverði húseignarinnar, því virðingargjörð á henni hefir ekki komið fram í málinu, heldur að eins á húsinu lóðarlausu, og er hún 4650 kr. Það er nú óefað, að lóðin sem fylgdi húsinu var nokkurs virði, og með tilliti til þess og með hliðsjón af þeirri sögn stefnda, sem ekki hefir verið mótmælt, að verð á húseignum hjer hafi verið stígandi, er lánið var veitt, virðist ekki ástæða til að ætla, að lánið, þegar það var veitt, hafi verið svo illa tryggt, að stjórn fjelagsins eða stefndi hafi hlotið að sjá eða átt að sjá, að tjón mundi af hljótast, en það hlýtur að vera skilyrði fyrir, að af þeim verði heimtaðar skaðabætur. Að 14. gr. bifliutjelagslaganna gjöri stjórnendum þess að skyldu að ábyrjast einn fyrir alla og allir fyrir einn sjerhvert það tjón, er kann að rísa

af lánveitingum þeirra, er fjarstætt rjettri þýðingu þessarar greinar, sem að eins á við fje það, sem er í sjóði hjá fjehirði; en að líta svo á, að þessar 600 kr. hafi verið eins og í sjóði hjá fjehirði, af því hann hafi lánað þær út heimildarlaust, getur ekki verið rjett eptir því sem að framan segir.

Samkvæmt áður sögðu verður því að sýkna hinn stefnda af kærum og kröfum áfrýjanda í þessu máli. Eptir atvikum virðist málskostnaður fyrir báðum dómum eiga að falla niður og verða hinum skipaða talsmanni áfrýjandans samkvæmt þessum úrslitum málsins ekki dæmd nein málflutningslaun.

Að því leyti málið hefir verið sótt með gjafsókn, vottast að flutningur þess hefir verið forsvaranlegur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 23/1894. Sigurlaug Sveinsdóttir
gegn
dánar- og þrotabúi Jóns Einarssonar, Jóni Bjarnasyni o fl.

Dómur:

Eptir að dánar- og þrotabúi Jóns Einarssonar á Gamla-Hliði var skipt 23. ágústmán. 1893, fjekk áfrýjandi, ekkjan Sigurlaug Sveinsdóttir, sem hafði talið til skuldar í búinu, án þess kröfu hennar væri að neinu sinnt, gjafsókn til áfrýjunar á skiptunum 22. jan. þ. á.,

og 10. apríl næst á eptir var henni, með því áfrýjunarfresturinn var liðinn, veitt uppreistarleyfi. En stefna til áfrýjunar var ekki tekin út fyr en 30. maí þ. á., og með því þannig var liðinn sá tími, 4 vikur, er uppreistarleyfið samkvæmt op. br. 2. júní 1819, 2. gr., var í gildi, verður að vísa áfrýjunarstefnunni frá landsyfirdóminum. Með því að hinir stefndu hvorki hafa mætt nje látið mæta eptir stefnunni, sem var þeim löglega birt, er ekki um málskostnað að ræða.

Með því að hinn skipaði talsmaður áfrýjanda, yfirrjettarmálaflutningsmaður Eggert Briem, hefir látið stefnuúttekt í málinu dragast svo, að það hefir ónýzt fyrir áfrýjanda vegna þessa, þá verður ekki hjá því komizt að sekta hann samkvæmt 39. gr. sbr. 35. gr. tilskipunar 3. júní 1796, og þykir sektin hæfilega ákveðin 20. kr., er renni í fátækrasjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá landsyfirdóminum. Yfirrjettarmálaflutningsmaður Eggert Briem greiði sekt til fátækrasjóðs Reykjavíkur 20 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins undir aðför að lögum.

Nr. 16/1894: Landritari Hannes Hafstein fyrir hönd fjárhaldsmanns barna Páls heitins Eggerz
gegn
dánarbúi Pjeturs F. Eggerz.

Dómur:

Af skiptarjettargjörðum þeim, er lagðar hafa verið

fram í yfirdóminum í máli þessu, sjest, að fyrir skiptarjettinum hafa legið 2 skjöl, sem málsaðilar skilja eigi á einn veg báðir, en vitnað er til í ástæðum hins áfrýjaða skiptarjettarúrskurðar, enda snerta atriði í málinu, sem ágreiningur er um milli málsaðila, og á annað skjalið, sem auðkennt var fyrir skiptarjettinum I, 3, að því skiptadómarinn álítur, að innihalda samþykki amtsins til veðsetningar á skuldabrjefi tilheyrandi börnum Páls Eggerz fyrir 1000 kr. láni til að kosta sendiferð eptir börnunum til Chicago, en hitt erindisbrjef sendimannsins með áteiknun amtmanns á. Með því að skjöl þessi hafa eigi verið rituð í skiptarjettargjörðirnar eða á annan hátt komið fyrir yfirdóminn, verður samkvæmt N. l. 1—5—13 og 1—6—10 að vísa máli þessu ex officio frá yfirdóminum. Málskostnaður þykir mega falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 20. ágústmánaðar.

Nr. 6/1894: Sigfús G. Sveinbjarnarsson

gegn

Skapta Jósepssyni vegna Bjarnar Bjarnarsonar, Þórðar Ögmundssonar og Sigurðar Þorsteinssonar, bænda á Krossi.

Dómur:

Hinn stefndi, kandídat Skapti Jósepsson, höfðaði

mál þetta í hjeraði fyrir hönd nefndra 3ggja bænda á Krossi gegn áfrýjandanum Sigfúsi G. Sveinbjarnarsyni fyrir hótunar- og ógnunarorð um bændurna, og var málið dæmt í gestarjetti Suður-Múlasýslu 21. sept. f. á. á þá leið, að áfrýjandi skyldi greiða sekt til landssjóðs 100 kr. eða sæta einföldu fangelsi í 30 daga og sem málskostnað 420 kr. Dómi þessum hefir Sigfús G. Sveinbjarnarson áfrýjað til yfirrjettarins til ómerkingar eða algjörðrar breytingar með stefnu, útgefinni 30. jan. þ. á., og hefir hann stefnt Skapta Jósepssyni til að mæta í sökinni. Þar sem áðurnefndir 3 bændur á Krossi voru hinir eiginlegu sóknaraðilar í hjeraði, þótt þeir með skjali 18. júlí f. á. fengju Skapta fullt og ótakmarkað umboð til þess »sem dominus litis«, eins og þar er að orði komizt, að lögsækja áfrýjanda »til sátta eða dóms« átti að stefna þeim við áfrýjun málsins hingað, og úr því að það hefir eigi verið gjört, verður að frávísa stefnunni ex officio. Eptir þessum úrslitum þykir rjett, að áfrýjandinn greiði stefnda eptir kröfu hans sem málskostnað fyrir yfirdómi 10 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Stefnunni í máli þessu frávísast. Áfrýjandinn, Sigfús G. Sveinbjarnarson, greiði hinum stefnda, kandídat Skapta Jósepssyni, 10 kr. sem málskostnað innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 8/1894: Sigfús G. Sveinbjarnarson
gegn
Skapta Jósepssyni vegna Konráðs Hjálmarssonar.

Dómur:

Í hjeraði var mál þetta höfðað af Skapta Jósepssyni fyrir hönd Konráðs borgara Hjálmarssonar gegn áfrýjandanum Sigfúsi G. Sveinbjarnarsyni fyrir meiðyrði hans um Konráð og var það dæmt í gestarjetti Suður-Múlasýslu 19. sept. f. á. á þá leið, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða 50 kr. sekt til landssjóðs eða sæta einföldu fangelsi í 15 daga, hin átöldu meiðyrði voru dæmd dauð og marklaus og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað að upphæð 50 kr. Dómi þessum hefir Sigfús G. Sveinbjarnarson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 30. jan. þ. á., og hefir hann stefnt hingað í málinu kand. Skapta Jósepssyni, sem varnaraðila. Þar sem Konráð Hjálmarsson var hinn eiginlegi sóknaraðili í hjeraði, þótt hann með skjali, dags. 3. júlí 1893, fengi kand. Skapta Jósepssyni fullt og ótakmarkað umboð »til að sækja mál þetta« fyrir hans hönd »með sátt eða dómi« og Skapti sje kallaður »dominus litis« í umboðsskjalinu, þá átti að stefna Konráði við áfrýjun málsins hingað til rjettarins. Þar sem það hefir eigi verið gjört, verður ex officio að frávísa stefnunni í málinu, og eptir þessum úrslitum þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda 10 kr. sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rjett að vera:

Stefnunni í máli þessu frávísast. Áfrýjandinn,

Sigfús G. Sveinbjarnarson, greiði hinum stefnda, kand. Skapta Jósepssyni, 10 kr. sem málskostnað innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 7/1894: Sigfús G. Sveinbjarnarson
gegn
Skapta Jósepssyni vegna Bjarnar Bjarnarsonar.

Dómur:

Mál þetta höfðaði hinn stefndi Skapti kand. Jósepsson vegna Bjarnar bónda Bjarnarsonar í hjeraði, gegn áfrýjandanum Sigfúsi Sveinbjarnarsyni, fyrir meiðyrði hans um Björn bónda, og var það dæmt í gestarjetti Suður-Múlasýslu 20. sept. f. á., á þá leið, að áfrýjandi skyldi greiða 30 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara sæta 12 daga einföldu fangelsi og að auki greiða 50 kr. í málskostnað; svo voru og hin átöldu meiðyrði dæmd ómerk. Þessum dómi hefir Sigfús G. Sveinbjarnarson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 30. jan. þ. á., og hefir hann stefnt Skapta Jósepssyni til að mæta í sökinni. Þar sem Björn Bjarnarson var hinn eiginlegi sóknaraðili í hjeraði, þótt hann með umboðsskjali, dags. 18. júlí 1893, gæfi Skapta Jósepssyni sem »dominus litis«, eins og að orði er komizt, fullt og ótakmarkað umboð til að framfylgja meiðyrðamáli þessu til dóms og laga, þá átti að stefna Birni við áfrýjun málsins hingað til rjettarins. Þar sem það hefir eigi verið gjört, verður ex officio að frávísa stefnunni,

og eptir þessum úrslitum málsins þykir rjett, að áfrýjandi greiði hinum stefnda eptir kröfu hans sem málskostnað fyrir yfirdómi 10 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Stefnunni í máli þessu frávísast. Áfrýjandinn, Sigfús G. Sveinbjarnarson, greiði hinum stefnda, kandídat Skapta Jósepssyni 10 kr. sem málskostnað innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 17/1894:

Lárus Bjarnason
gegn
Guðmundi Sveinssyni, Páli Halldórssyni, Guðmundi Oddssyni og Birni sýslumanni Bjarnarsyni.

Úrskurður:

Við fyrirtekt máls þessa, hinn 30. júlímán. þ. á., fjekk umboðsmaður áfrýjandans 14 daga frest í því til andsvara, en að þeim fresti liðnum, hinn 13. þ. m., bað hann um mánaðar framhaldsfrest til þess að útvega eptirrit af vitnaleiðslu, sem átti að fylgja málsskjölunum og í hjeraði var framlögð og auðkennd nr. 18, en sem eigi hefir enn komið fram fyrir yfirrjettinn; ef honum eigi yrði veittur þessi mánaðarfrestur beiddist hann þess til vara, að hann fengi vikufrest til andsvara í málinu. Umboðsmaður hinna stefndu hefir mótmælt því, að mánaðarfrestur verði veittur, og hafa báðir málspartar lagt ágreiningsefnið undir úrskurð.

Þó að það kunni að vera á rökum byggt, sem áfrýjandi heldur fram, að það sje sök undirdómarans, hins meðstefnda sýslumanns Bjarnar Bjarnarsonar, að hin umrædda vitnaleiðsla hefir ekki verið lögð fram í yfirdóminum ásamt undirrjettardómsgjörðunum, þá er þó eigi heimild til þess eptir gildandi lögum, sbr. sjerstaklega tilsk. 3. júní 1796, 5. og 6. gr., að veita áfrýjanda gegn mótmælum hinna stefndu frest til þess að ráða bóta á þessum galla með tilliti til áfrýjunar málsins, og verður því hinn umbeðni mánaðarfrestur ekki veittur, en áfrýjanda veitist eptir beiðni hans vikufrestur til andsvara í málinu.

Fyrir því úrskurðast:

Hinn umbeðni mánaðarfrestur verður eigi veittur, en áfrýjanda veitist vikufrestur til andsvara í sökinni.

Mánudaginn 17. septembermánaðar.

Nr. 22/1894: Bóksalafjelagið í Reykjavík
gegn
sýslumanni Jóni Johnsen.

Dómur:

Í máli þessu, sem var lagt í rjett í yfirdómi 20. ágústmánaðar þ. á., mætti hinn stefndi, sýslumaður Jón Johnsen, ekki sjálfur og enginn fyrir hans hönd við þessa fyrstu fyrirtekt málsins, og var það þá eptir kröfu áfrýjanda tekið upp til dóms. Samkvæmt áteiknun á yfirdómsstefnuna hafa tveir menn, sem tjást vera

stefnuvottar í Hólmasókn, birt hana fyrir hinum stefnda sjálfum hinn 22. júnímán. þ. á., en áteiknunin ber það eigi greinilega með sjer, hvort það hefur verið á heimili hans, og auk þess er þetta birtingarvottorð eigi staðfest með innsiglum stefnuvottanna, eins og fyrir er skipað í tilskipun 3. júní 1796, 20. gr. i. f. Vottorðið er fyrir því eigi nægileg sönnun fyrir lögmætri stefnubirting og verður þar af leiðandi að vísa stefnunni frá ex officio. Um dóm fyrir málskostnaði getur eigi orðið að ræða eptir þessum úrslitum sakarinnar.

Því dæmist rjett að vera:

Stefnunni í máli þessu vísast frá rjettinum.

Mánudaginn 24. septembermánaðar.

Nr. 5/1894: Rjettvísin gegn Elías Jónssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 2. oktbr. f. á., var hinn ákærði Elías Jónsson vinnumaður frá Ærlæk, dæmdur samkvæmt 171. gr. sbr. 1. gr. hinna almennu hegningarlaga til að sæta eins mánaðar fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað, þar á meðal 4 kr. þóknun til hins skipaða talsmanns hans í hjeraði, Þorleifs prests Jónssonar á Skinnastöðum, en dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins fyrir hönd rjettvísinnar.

Það er með eigin játningu hins ákærða löglega sann-

að, að hann tvisvar sinnum á árinu 1892—93 hafði holdlegt samræði við stúlkuna Kristínu Gunnarsdóttur, sem var á sama bæ og hann, en nú er dáin, og sem að dómi læknis og þeirra, er hana þekktu, var vitfirringur, og atvikaðist þetta svo, eptir skýrslu ákærða, að Kristín, sem áður virtist hafa sýnt sig í lauslæti, leitaði á ákærða að fyrra bragði í bæði skiptin, og var komin um nótt í rúm hjá honum, er hann vaknaði. Þetta brot hins ákærða er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 171. gr. almennra hegningarlaga. En með því að ákærði samkvæmt vottorði læknis, er hefir rannsakað hann, meðan á málinu stóð, er eigi alveg heill á sálu, en læknirinn telur hann bjána (imbecil), þá þykir rjett, eins og undirdómarinn hefir gjört, að refsing hans sje ákveðin með hliðsjón til 40. gr. hegningarlaganna og þykir hún hæfilega sett í undirdóminum mánaðarfangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Með því að yfirdómurinn fellst á málskostnaðarákvæði undirdómsins, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í öllum greinum. Hinum ákærða ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi aukarjettardómur á að vera óraskaður. Hinn ákærði greiði allan af áfrýjun þessari löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verj-

anda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra. Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 1. októbermánaðar.

Nr. 32/1894: Rjettvísin gegn Kristni Sigurðssyni.

Dómur:

Með því að vottorð það, sem ritað er á yfirdómsstefnuna í þessu máli um birting stefnunnar fyrir hinum dómfellda, ekki er staðfest af þeim, sem birt hafa, með skírskotun til unnins stefnuvottaeiðs, eins og fyrir er mælt í tilsk. 3. júní 1796, 20. gr., ber að vísa stefnunni frá yfirdómi til nýrrar og löglegrar birtingar.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjunarstefnunni í máli þessu vísast frá yfirdóminum til nýrrar og löglegrar birtingar.

Nr. 33/1894: Rjettvísin gegn Pálma Björnssyni.

Dómur:

Með því vottorð það, sem ritað er á yfirdómsstefnuna í þessu máli um birting hennar fyrir hinum dóm-

fellda, ekki er staðfest af þeim, sem birt hafa, með skírskotun til unnins stefnuvottareiðs, eins og fyrir er mælt í tilsk. 3. júní 1796, 20. gr., ber að vísa stefnunni frá yfirdómi til nýrrar og löglegrar birtingar.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjunarstefnunni í máli þessu vísast frá yfirdóminum til nýrrar og löglegrar birtingar.

Mánudaginn 8. októbermánaðar.

Nr. 34/1894: Rjettvísin
gegn
Jóni Brandssyni og Steinunni Sigurðardóttur.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Rangárvallasýslu, uppkveðnum 15. jan. þ. á., voru hin ákærðu Jón Brandsson og Steinunn Sigurðardóttir dæmd fyrir barngetnað í meinum, til að sæta refsingu eptir 164. gr. sbr. við 163. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, hann í 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og hún í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo var hinum ákærðu og gjört að skyldu að greiða allan málskostnað in solidum, þar á meðal málsvarnarlaun til verjanda þeirra í hjeraði, að upphæð 6 kr. Máli þessu hefir verið áfrýjað til yfirdómsins bæði eptir ósk hinna ákærðu og af hálfu hins opinbera.

Það er sannað í málinu, að hin ákærða Steinunn Sigurðardóttir hafi utan hjónabands átt barn með syni

hins meðákærða Jóns Brandssonar, Brandi Jónssyni, og virðist það hafa verið árið 1879. En þrem árum síðar, eða 17. jan. 1882 ól hún barn með meðákærða, Jóni Brandssyni, sem þá var húsbóndi hennar, og var þeim fyrir það brot með aukaþingsdómi Rangárvallasýslu, uppkveðnum 24. nóv. 1882, ákveðin refsing, honum 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og henni mánaðar einfalt fangelsi, og hafa þau afplánað þessa refsingu. Síðan þetta skeði, hafa hin ákærðu átt 6 börn saman eptir því sem þau hafa viðurkennt og upplýst er í málinu, og eru börnin fædd 13. desbr. 1885, 14. júní 1887, 27. apríl 1889, 4. ágústm. 1890, 16. okt. 1891 og 23. nóv. 1892. Í janúarmánuði árið 1892 hóf hlutaðeigandi sýslumaður rannsókn út af samlífi hinna ákærðu, og eptir prófum þeim virðist hin ákærða Steinunn hafa verið vinnukona Jóns Brandssonar eða til heimilis hjá honum nær óslitið alla þá tíð, er hún átti börnin með honum og syni hans, eða síðan 1879. Hin ákærða Steinunn hefir eigi sætt refsingu frekar en að ofan segir, en hinn ákærði Jón Brandsson hefir sætt sektum fyrir mörg hórbrot, í síðasta sinn fyrir 5. hórbrot eptir yfirvaldsúrskurði 15. desemberm. 1869, eins og hann einnig árið 1862 var sektaður um 2 rd. í Kjósar- og Gullbringusýslu fyrir drykkjuskap og mótþróa.

Brot hinna ákærðu, sem bæði eru komin yfir lögaldur sakamanna, hefur undirdómarinn rjettilega heimfært undir 164. sbr. 163. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsingarákvæði hjeraðsdómsins hæfilegt með þeirri breytingu, að Jón Brandsson, sem er kominn á sjötugsaldur, sæti 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, sbr. 24. gr. hegningarlag-

anna. Ennfremur samþykkir yfirdómurinn ákvæði hjeraðsdómsins um málskostnað, og ber því að staðfesta hann með hinni tilgreindu breytingu á refsingunni. Hin ákærðu verða og að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar bæði fyrir eitt og eitt fyrir bæði, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Málsfærslan við yfirdóminn hefir verið lögmæt, en rekstur málsins af hálfu hjeraðsdómarans hefir orðið mjög seinfara. Eptir kæru hreppstjórans í Vestur-Landeyjahreppi, — en dagsetning á kæru þessari er eigi tilgreind í skjölunum —, var rannsókn út af athæfi hinna ákærðu byrjuð 15. jan. 1892, og var henni haldið áfram til 6. febr. s. á. Síðan var ekkert átt við málið fyr en 25. marz 1893, og stafaði það eptir skýrslu hjeraðsdómarans af því, að ákærða Steinunn var óljett, enda átti hún barn 23. nóv. 1892. Hinn 25. marz f. á. var haldið próf í málinu, en það var mjög þýðingarlítið, enda voru hin ákærðu áður búin að gefa nokkurn veginn ýtarlega játningu um brot þeirra. Síðan var ekkert við málið átt fyr en stefna var gefin út í því 16. nóv. f. á. og kom það fyrir rjett 29. s. m.; þenna dag var það tekið upp til dóms og dómur uppkveðinn í því 15. jan. þ. á. Dómurinn var birtur hinum ákærðu 28. febr., og hafa þau þá óskað þess, að dóminum yrði áfrýjað, en það hefur hjeraðsdómarinn eigi gjört, sem þó var hans skylda samkvæmt fyrirmælum tilsk. 24. jan. 1838. Síðan hefur hlutaðeigandi amtmaður áfrýjað málinu hinn 30. maí þ. á., en 13. ágústmán. kom áfrýjunarstefnan með birtingarvottorði aptur til amtsins frá hjeraðsdómaranum. Samkvæmt því sem hjer er tekið fram, hefir rekstur þessa máls staðið yfir í hjeraði frá

því í janúar 1892 og þangað til í vor, eða meira en 2 ár, og þar sem hjeraðsdómarinn hefir eigi afsakað þennan stórfellda drátt á einföldu og óbrotnu máli með nægilegum rökum, verður hann að sæta sekt fyrir hann samkvæmt 35. gr. í tilsk. 3. júní 1796, er ákveðst 50 kr. og renni í fátækrasjóð Vestur-Landeyjahrepps.

Því dæmist rjett að vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður, þó svo að refsing hins ákærða Jóns Brandssonar ákveðst 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði hin ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum cand. jur. Hannesar Thorsteinson og málaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Undirdómarinn, sýslumaður Páll Briem, greiði í sekt 50 kr., er renni í fátækrasjóð Vestur-Landeyjahrepps.

Ídæmd sekt lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum í heild sinni að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 17/1894: Lárus Bjarnason og landshöfðinginn yfir Íslandi fyrir hönd landssjóðsins
gegn
Guðmundi Sveinssyni, Páli Halldórssyni, Guðmundi Oddssyni og setudómaranum sýslumanni Birni Bjarnarsyni.

Dómur:

Mál þetta var samkvæmt skipun amtmannsins yfir Vesturamtinu og að fenginni gjafsókn höfðað af áfrýjandanum, settum sýslumanni í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeta á Ísafirði Lárusi Bjarnason fyrir gestarjetti Ísafjarðarsýslu gegn hinum stefndu, fyrir það, að þeir í kæruskjali til amtsins, er þeir ásamt fleirum öðrum höfðu undirskrifað, hefðu borið ranglega á hann ýmsar sakir, sem embættismann og prívatmann, og var það dæmt í nefndum rjetti hinn 23. desembermán. f. á. þannig, að málinu var vísað frá rjettinum og stefndu dæmdar 50 kr. í kost og tæring af almannafje.

Þessum dómi hefur af áfrýjendunum verið skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 21. apríl þ. á., og hefir þess verið krafizt af hálfu Lárusar Bjarnason, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og málinu vísað heim aptur til dómsáleggingar í aðalefninu og að hinir stefndu in solidum eða in solidum ásamt undirdómaranum, sýslumanni Birni Bjarnarsyni, verði dæmdir til að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað með nægilegri upphæð. En af hálfu landshöfðingjans yfir Íslandi hefir þess verið krafizt, að ákvæði dómsins um, að landssjóður skuli greiða hinum stefndu 50 kr., sjeu

felld úr gildi og að undirdómaranum sje veitt hæfileg ráðning fyrir slíka lögleysu. Hinir stefndu hafa aptur á móti gjört þær rjettarkröfur, fyrst og fremst að málinu verði vísað frá yfirdómi, en til vara að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjandinn Lárus Bjarnason verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað allan fyrir yfirdómi með nægilegri upphæð.

Að því er snertir frávísunarkröfu hinna stefndu, þá er hún byggð á því, að áfrýjendurnir lögðu eigi fram við fyrstu fyrirtekt málsins í yfirdóminum eptirrit af vitnaleiðslu, er fram hefði verið lagt fyrir undirrjetti og sem átti að vera fylgiskjal með undirdómsgjörðunum, en með því að vitnaleiðsla þessi snertir að engu leyti spurningu þá, um formhlið málsins, er málsaðilar lögðu undir úrskurð undirrjettarins og sem útkljáð er með hinum áfrýjaða dómi, og umrætt eptirrit af henni auk þess hefir verið framlagt af áfrýjendunum við síðari fyrirtekt málsins í yfirdóminum, þá er eigi ástæða til að vísa málinu frá yfirdóminum fyrir þessa sök.

Það sem tilfært er í hinum áfrýjaða dómi fyrir frávísun málsins eptir kröfu hinna stefndu, er það, að nokkúr hin síðari rjettarhöldin í málinu hafi verið haldin á Ísafirði eða utan varnarþinghár hinna stefndu, sem er í Eyrarhreppi, og hafi þó eigi samþykki þeirra verið fengið til þessara afbrigða frá varnarþingsreglunni í N. L. 1. 2. 3. En með því að hinir stefndu, sem höfðu veitt samþykki sitt til, að málið væri tekið fyrir á Ísafirði fyrstu 2 skiptin sem það var fyrir tekið þar, ljetu einnig mæta í málinu á Ísafirði eptir það mörgum sinnum og færa kröfur sínar í því til bókar í rjettinum, án þess nokkru sinni að hafa á móti því að málið væri rekið utan varnarþinghár þeirra, þá verður að líta svo

á, sem það hafi verið með þegjandi samþykki þeirra, að rjetturinn var haldinn á Ísafirði þessi síðari skipti, og gátu þeir því eigi löngu síðar krafizt þess, að málið væri ónýtt fyrir þá sök, að það hefði verið heimildarlaust rekið utan varnarþings þeirra. Það verður því eigi álitið rjett, að undirdómarinn frávísaði málinu og ber að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi að því þetta ákvæði hans snertir og skylda undirdómarann til að taka málið upp af nýju í því ástandi, er það var áður en hinn áfrýjaði dómur var uppkveðinn, og gefa málsaðilum, sem að eins lögðu þessa einu spurningu um formhlið málsins undir úrskurð eða dóm, kost á að halda málinu áfram fyrir undirrjettinum. Að því er kemur til ákvæðis dómsins um að hinum stefndu skuli greiddar 50 kr. í kost og tæring af almannafje, þá var engin heimild til þess, þó að málið væri gjafsóknarmál af hálfu áfrýjandans, Lárusar Bjarnason, að leggja á almannafje eða landssjóðinn málskostnaðargreiðslu til stefndu, og ber því eptir kröfu landshöfðingjans yfir Íslandi fyrir landssjóðsins hönd að fella dóminn úr gildi einnig að þessu leyti. Eptir úrslitum málsins virðist rjett, að hinir stefndu greiði áfrýjunarkostnaðinn, þannig, að Guðmundur Sveinsson, Páll Halldórsson og Guðmundur Oddsson greiði 40 kr., hver að $^1/_3$, til áfrýjanda Lárusar Bjarnarson, og hinn stefndi, sýslumaður Björn Bjarnarson, 20 kr. til landshöfðingjans yfir Íslandi fyrir hönd landssjóðsins.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal úr gildi felldur og málinu heim vísað til nýrrar og löglegri fyrirtektar

af nýju af undirdómaranum. Hinir stefndu Guðmundur Sveinsson, Páll Halldórsson og Guðmundur Oddsson greiði í málskostnað áfrýjanda Lárusi Bjarnason 40 kr., hver þeirra að $^1/_3$, og stefndi sýslumaður Björn Bjarnarson 20 kr. til landshöfðingjans yfir Íslandi, fyrir hönd landssjóðs, er lúkist hvorttveggja innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 24/1894: Árni prestur Jónsson á Skútustöðum gegn eigendum Geirastaða.

Dómur:

Í landamerkjamáli þessu milli kirkjujarðarinnar Vindbelgjar og bændaeignarinnar Geirastaða, sem dæmt var í hjeraði 30. júní 1893 og áfrýjað hefir verið til yfirdómsins af prestinum í Skútustaðaprestakalli sem umráðamannni Vindbelgjar, með stefnu, útgefinni 12. júní þ. á., hafa hinir stefndu, eigendur Geirastaða, eigi mætt nje látið mæta fyrir yfirdóminum. Þar sem nú vottorð stefnuvottanna um birting stefnunnar, að því er annan hinna stefndu, Sigurð Sigurjónsson, snertir, hljóðar svo, að stefnan sje birt á lögheimili hans, en getur eigi um það fyrir hverjum hún hafi verið birt, eins og fyrirskipað er í tilsk. 3. júní 1796, 20. gr., og þar sem vottorð stefnuvottanna um birting hennar fyrir báðum hinum stefndu eigi er staðfest með innsiglum þeirra, og stefnan auk þess hefir eigi verið formlega

birt fyrir tveim dómendum málsins, verður ex officio að vísa henni frá rjettinum, sbr. tilsk. 15. ágústm. 1832 8. gr. Eptir þessum úrslitum málsins verða eigi gefinn dómur fyrir málskostnaði, og hinum skipaða talsmanni áfrýjanda, sem hefir fengið gjafsókn, verða eigi dæmd málflutningslaun, en það vottast að málsfærslan af hans hendi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Stefnunni vísast frá rjettinum.

Nr. 26/1894: Eyjólfur Jónsson og 6 börn hans gegn skiptaráðandanum í dánar- og fjelagsbúi hans og Ingibjargar Þórarinsdóttur, sýslumanni Franz Siemsen, H. A. Linnet o. fl.

Úrskurður:

Með stefnu, dagsettri 26. júní þ. á., hefir Eyjólfur Jónsson og 6 börn hans, Jón, Eyjólfur, Þórarinn, Bjarni, Katrín og Ingibjörg áfrýjað til landsyfirdómsins skiptum á dánar- og fjelagsbúi Eyjólfs Jónssonar og konu hans Ingibjargar Þórarinsdóttur, sem leidd voru til lykta 6. nóv. 1893, og jafnframt úrskurði, sem kveðinn var upp í búi þessu 11. nóv. 1892, en áður hefir rjettargjörðum þessum verið áfrýjað til þessa rjettar með stefnu, dags. 9. jan. þ. á., en málinu var þá vísað frá yfirdóminum með dómi uppkveðnum 28. maí þ. á.

Hinir stefndu hafa gjört þá rjettarkröfu, að því er formhlið málsins snertir, og krafizt úrskurðar rjett-

arins sjerstaklega um það atriði, *að* máli þessu verði vísað frá dómi að því er tekur til hins áfrýjaða skiptarjettarúrskurðar 11. nóv. 1892, og *að* þeim síðan verði hvernig sem fer, veittur 14 daga frestur til andsvara um aðalefni málsins eins og það þá verður á sig komið. Áfrýjendurnir hafa mótmælt þessari kröfu um frávísun málsins, að því úrskurðinn 11. nóv. 1892 snertir, og lagt spurninguna einnig undir úrskurð.

Eins og máli þessu víkur við, verður að sinni ekki kveðið á um, hvort margnefndur úrskurður geti komizt að eða ekki, en það verður að bíða dóms í málinu í heild sinni. Hinum stefndu veitist því 14 daga frestur til andsvara í málinu í heild sinni.

Því úrskurðast:

Hinum stefndu veitist 14 daga frestur til andsvara í málinu í heild sinni.

Mánudaginn 15. októbermánaðar.

Nr. 28/1894: H. Th. A. Thomsen
gegn
sýslumanni Franz Siemsen, fyrir hönd þrotabús Ásmundar Sveinssonar, og bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni.

Dómur:

Við skiptalok í þrotabúi Ásmundar Sveinssonar í Reykjavík, er fram fóru fyrir skiptarjetti Reykjavíkur 30. apríl þ. á., var hinum stefnda bæjarfógeta í Reykjavík úthlutað úr búinu sem forgangsskuld samkvæmt 83.

gr. a, skiptalaganna og með fullri upphæð, skuld, er hann hafði lýst í búið, að upphæð 1662 kr. 80 a., og sem var svo til komin, að Asmundur Sveinsson hafði sem löggiltur umboðsmaður hans innheimt ýms landssjóðsgjöld, tolla, manntalsbókargjöld og skipagjöld, er námu þessari upphæð, án þess að standa honum skil á þeim. Áfrýjandinn, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, sem lýst hafði í búið verzlunarskuld að upphæð 361 kr. 87 a,, sem ekkert gat fengizt upp í, sökum þess að búið hrökk ekki til þess, hefir nú vefengt það, að rjett hafi verið að telja fyrgreinda skuld bæjarfógetans í Reykjavík forgangsskuld samkvæmt fyrnefndri grein skiptalaganna, þar sem Ásmundur hefði innheimt tjeð fje að eins sem umboðsmaður bæjarfógetans og á hans ábyrgð, en eigi í umboði af hálfu hins opinbera. Hefir nefndur kaupmaður áfrýjað skiptagjörðinni í þessu skyni til yfirdómsins með stefnu útgefinni 20. júlí þ. á. og krafizt þess hjer fyrir rjettinum, *að* skiptin verði ómerk gjör og úr gildi felld, *að* ályktun skiptaráðandans við skiptalokin um, að telja umrædda skuldakröfu sem forgangsskuld, verði hrundið, og honum gjört að skyldu, að taka búið til löglegra skipta á ný, þannig að áfrýjandi fái löglega tiltölulegan hluta af kröfu sinni, 361 kr. 87 a., og loks, *að* hinn stefndi bæjarfógeti verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunnarkostnað með nægilegri upphæð. Hinir stefndu, hinn setti skiptaráðandi í búinu, sýslumaður Franz Siemsen, og bæjarfógeti Halldór Daníelsson, hafa báðir látið mæta fyrir sig í yfirdóminum, og hafa þeir krafizt þess, hvor í sínu lagi, að skiptagjörðin verði með öllu staðfest og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður hjá áfrýjandanum.

Í búi því, sem hjer ræðir um, var innköllun til

skuldheimtumanna útgefin 31. okt. 1892 og birt bæði hjer og erlendis. Síðan er innköllunarfresturinn var liðinn, lagði skiptaráðandi fram á skiptafundi 26. jan. þ. á. skrá yfir skuldir búsins til ályktunar og úrskurðar, og hafði fundurinn verið boðaður í þessu skyni. Á skiptafundinum komu fram mótmæli nokkur gegn því að framangreind skuld væri talin forgangsskuld, en hlutaðeigandi andmælandi fjell aptur frá þeim mótmælum sínum að því er þann hluta kröfu bæjarfógetans í búið snertir, er hjer er umtalsefnið, og var því krafan, bæði upphæð hennar og sæti í skuldaröðinni, eins og hvorttveggja þetta er ákveðið í úthlutunargjörðinni, álitin samþykkt af öllum hlutaðeigendum, eins og einnig skuldaskráin í heild sinni. Áfrýjandinn hefir reyndar viljað halda því fram, að engin skuldaskrá hafi verið framlögð á tjeðum skiptafundi, slík sem 37. gr. skiptalaganna á við, heldur að eins yfirlit yfir fjárhag búsins, slíkt sem ræðir um síðast í skiptalagagrein þessari, og byggir hann þessa skoðun sína á því, að fyrirsögn skrárinnar er »yfirlit yfir tekjur og skuldir« búsins, og að skuldunum er ekki skipt niður í skránni í aðskilda flokka eptir gildi þeirra, heldur að eins taldar allar í einni áframhaldandi röð. Álítur hann því, að eigi hafi getað verið ályktað frekara um skuldirnar á skiptafundi þessum en um upphæð þeirra, en eigi hitt, hvert sæti þær ættu að eiga í skuldaröðinni. En þess ber að gæta, að eins og skiptafundurinn, svo sem fyr er frá skýrt, var boðaður sjerstaklega til þess að rannsaka og útkljá um skuldakröfur í búið, eins ber einnig skiptarjettarhaldið það með sjer, að mætendum þar hefir verið ljóst, að þetta var fundarefnið, og að þeir bæði yfir höfuð og sjerstaklega að því hjer um rædda skuldakröfu áhrærir, hafa

litið svo á, að hið framlagða »yfirlit«, þar sem skuldir með forgangsrjetti voru taldar fyrstar, innihjeldi uppástungur um niðurröðun á skuldunum, enda urðu eins og fyr er getið, sjerstaklega umræður um sæti það í röðinni, er skuld bæjarfógetans hefði fengið. Þar sem nú framangreind skuld samkvæmt þessu var sampykkt á nefndum skiptafundi sem forgangsskuld og þar sem eigi komu heldur síðar, innan þeirra 4 vikna, er 37. gr. skiptalaganna til tekur, mótmæli gegn því, að hún væri talin svo, þá verður ákvörðun þessi að skoðast sem fullnaðarákvörðun, sem eigi verður haggað, og er engin þörf á að rannsaka, hvort skuldin hafi í sjálfu sjer átt að lögum sæti það í skuldaröðinni, er hún fjekk. Samkvæmt þessu verður krafa áfrýjandans um ógildingu hinnar áfrýjuðu skiptagjörðar eigi tekin til greina, og ber að staðfesta skiptin í heild sinni. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rjett að áfrýjandi greiði hinum stefnda bæjarfógeta 15 krónur, en að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða skiptagjörð skal óröskuð standa. Áfrýjandinn, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, greiði hinum stefnda bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum; að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Ídæmdur málskostnaður greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvembermánaðar.

Nr. 27/1894: W. G. Spence Paterson fyrir hönd Eller & Co gegn Sturlu Jónssyni.

Dómur:

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur 7. júní þ. á. var hinn stefndi kaupmaður Sturla Jónsson í Reykjavík dæmdur til að greiða áfrýjandanum fyrir hönd verzlunarinnar Eller & Co í Manchester skuld út af verzlunarviðskiptum, að upphæð 608 kr. 33 a. með 7% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en málskostnaður skyldi falla niður. Sökum þess að ákvæði um fullnægingarfrest og aðfararheimild vantaði í bæjarþingsdóminn, skaut áfrýjandi honum til yfirdómsins með stefnu, dags. 17. júlí þ. á. og hefir hann krafizt þess að dómurinn verði staðfestur og stefndi skyldaður til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu, eða eptir mati rjettarins.

Stefndi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu, útgefinni 18. ágúst þ. á., og krafizt þess að hann verði algerlega sýkn dæmdur af öllum kærum og kröfum Eller & Co. í málinu, og til vara að vextir af skuldinni fyrir tímabilið frá 1. jan. 1893 til sáttakærudags, sem hann álítur ranglega tilfærða, verði dregnir frá skuldarupphæðinni, og að hún fyrir það verði færð niður í 572 kr. 61 e.

Málið ber með sjer, að stefndi hefir fengið ýmsar vörur til verzlunar sinnar hjá áfrýjandanum Eller & Co. árin 1891 og 1892, og samkvæmt reikningi Ellers, er

lagður hefir verið fram í málinu, ýtarlega sundurliðaður, skuldaði stefndi Eller & Co. í árslok 1891 pd st. 2—2—5
Á árinu 1892 fjekk stefndi síðan vörur
18. jan. fyrir . . . . . — 26—7—5
og 3. marz fyrir . . . . . — 14—7—1
og 2. júní eru honum taldar til skuldar vörur, er ætlaðar voru upprunalega öðrum kaupmanni, fyrir . . . . . — 14—1—6
loks eru vextir til 31. des. 1892 . . . — 0—18—8
pd st. 57- 17—1
Þar frá dregst andvirði rjúpna, er stefndi sendi áfrýjanda í febrúar 1892 . . — 26—0—10
Eptir verða pd st. 31—16—3
eða í dönskum peningum . . . . . kr. 572,63
sem með 6% vöxtum frá 1. jan. 1893 til sáttakærudags (23. jan. 1894), eða . . . — 35,70
gjörir hina dæmdu upphæð . . . . . kr. 608,33

Stefndi hefir haft það á móti reikningi áfrýjanda fyrst og fremst, að hann er þar talinn skulda í árslok 1891 pd st. 2—2—5, og kveðst hann vera viss um, að hann hafi þá verið skuldlaus við áfrýjanda, en með því að hann hefir ekki reynt til, gegn sundurliðuðum reikningi áfrýjanda, að sýna fram á, í hverju atriði reikningur áfrýjanda sje rangur í þessu tilliti, verður þessum mótmælum hans eigi gaumur gefinn. Þarnæst hefir stefndi talið sig »vissan um«, að hafa ekki fengið vörur frá Eller & Co. á árinu 1892 fyrir meira en pd st. 20, en þrátt fyrir áskorun áfrýjanda hefir hann eigi treyst sjer til að koma fram með ákveðnari mótmæli eða útásetningar gegn hinum ýtarlega sundurliðuðu reikningum frá Eller & Co, og verða mótmæli hans því eigi heldur að þessu leyti til greina tekin, og getur það

eigi orðið honum til málsbóta, að hann kveðst eigi geta skýrt nákvæmar frá, hvaða vörur hann hafi fengið frá áfrýjanda, sökum þess að hann sje ekki vanur að geyma reikninga yfir mótteknar vörur og eigi heldur færa slíkar vörur til bókar. Þá neitar stefndi því, að hann hafi fengið vörur þær, er taldar eru honum til skuldar 2. júní 1892 frá Eller & Co, en þegar áfrýjandi út af þeirri neitun skýrði nánar frá, hvernig vörur þessar hefðu komið í hendur stefnda, nefnilega fyrir milligöngu annars manns í umboði Eller & Co, þá mótmælti stefndi eigi þeirri frásögn áfrýjanda, þótt á hann væri skorað um það, og verður því sú skýrsla áfrýjanda að álítast rjett vera, og stefnda að álítast rjettilega færðar til skuldar tjeðar vörur.

Með því að stefndi hefir eigi haldið því fram, að hann hafi borgað meira upp í skuld sína en tilfært er í reikningi áfrýjanda, og með því að vaxtakrafa áfrýjanda álízt eiga við almenna venju milli kaupmanna að styðjast, verður þannig að fallast á niðurstöðu þá, er undirdómarinn hefir komizt að, og dæma stefnda skyldan til að greiða áfrýjanda kr. 608,33 ásamt 7% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Að því málskostnað snertir á undirrjettardómurinn að vera óraskaður, en stefnda ber að greiða áfrýjanda sem málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á óraskaður að vera. Stefndi, kaupmaður Sturla Jónsson, greiði áfrýjandanum konsúl W. G. Spence Paterson, fyrir hönd Eller & Co í málskostnað fyrir yfirdómi 20

kr. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 26. nóvembermánaðar.

Nr. 44/1894: Rjettvísin
gegn
Bjarna Siggeirssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Norður-Múlasýslu, gengnum 20. júlí þ. á., var hinn ákærði, Bjarni verzlunarmaður Siggeirsson á Seyðisfirði samkvæmt 143. sbr. 145. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 dæmdur til að greiða 30 kr. sekt í landssjóð eða sæta 9 daga einföldu fangelsi, ef sektin yrði eigi greidd í ákveðinn tíma. Svo skyldi hann og greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað. Dómi þessum hefir bæði eptir ósk hins ákærða og af hálfu hins opinbera verið áfrýjað til yfirdómsins.

Á safnaðarfundi fyrir Dvergasteinssókn 26. júní 1892 var ákærði kosinn í sóknarnefnd þar og tilkynnti sóknarprestur honum kosninguna brjeflega skömmu síðar. Hinn 7. júlí næst á eptir tjáði sóknarpresturinn honum munnlega, að hann sama dag mundi halda fund með sóknarnefndinni, til að ræða um kirkjugarðinn, sem verið var að koma upp, en ákærði sagðist þá ekki mundu koma á þann fund og ekki gegna neinum sóknarnefndarstörfum. Prestur kvaðst ekki taka slíka munnlega neitun ákærða gilda, og yrði hann að skrifa sjer um undanfærslu sína. Þetta gjörði og ákærði 14. s. m., og lýsti því yfir í brjefi sínu, að hann mundi

ekki gegna sóknarnefndarstörfum, þótt hann hefði verið kosinn í sóknarnefndina, og taldi ýmislegar ástæður fyrir undanfærslunni. Sóknarpresturinn kærði þá hinn ákærða fyrir sýslumanni fyrir þessa undanfærslu hans og tilkynnti jafnframt amtmanni kæruna. Amtmaður fyrirskipaði þá sakamálshöfðun gegn hinum ákærða eptir hinum tilvitnuðu greinum hegningarlaganna, og urðu úrslit málsins eins og áður segir.

Þar sem greinir hegningarlaganna, þær er hjer ræðir um, 143. og 145. gr., leggja refsingu við, ef embættismaður eða sýslunarmaður synjar eða af ásettu ráði lætur farast fyrir að gjöra það, sem honum er boðið á löglegan hátt, getur hin átalda athöfn hins ákærða, sem er í því fólgin að hann gegndi eigi kosningu safnaðar til að vera sóknarnefndarmaður, eigi talizt saknæm eptir þessum hegningarlagagreinum, nje heldur eptir analogíu þeirra, samkvæmt 1. gr. sömu laga, og þar sem málshöfðunin gegn ákærða var í skipun amtsins einskorðuð við nýnefndar greinir hegningarlaganna, verður að sýkna hann fyrir ákæru rjettvísinnar í máli þessu og leggja málskostnað allan á almannafje, þar með talin máflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Sókn og vörn í máli þessu fyrir yfirdómi hefir fram farið með hæfilegum hraða, en rekstur málsins í hjeraði hefir orðið töluvert seinfara. Þótt amtið skipaði sýslumanninum með brjefi 30. júlí 1892 að taka málið fyrir, þá gjörði hann það eigi fyr en eptir ítrekaða skipun þess hinn 9. marz 1893. Að fengnu því prófi, er þá var haldið í málinu, skipaði amtið sakamálshöfðun með brjefi 29. s. m. og ítrekaði þá skipun 5. júlí s. á.,

en sýslumaður gaf eigi út rjettarstefnu í málinu fyr en 13. marz 1894. Fjell málið síðan í rjett 28. s. m., var tekið upp til dóms 9. maí þ. á. og loks dæmt 20. júlí þ. á., en þá voru dómaraskipti orðin, og hafði sýslumanni þeim, er haft hafði málið til meðferðar, verið vikið frá embætti um stundarsakir fyrir sjóðþurð og embættisvanrækslu með landshöfðingjabrjefi 30. júní þ. á. Dráttur sá, er þannig hefir orðið á máli þessu, hefir eigi verið nægilega rjettlættur af sýslumanni þeim, er honum olli, en þar sem honum, eins og tekið hefir verið fram, hefir verið vikið frá embætti fyrir vanrækslu í embætti sínu, þykir rjett að geyma hinu opinbera að eins rjett til að koma ábyrgð fram á hendur honum fyrir dráttinn með sjerstakri lögsókn, ef ástæða þykir til.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Bjarni verzlunarmaður Siggeirsson, á að vera sýkn af ákæru rjettvísinnar í máli þessu. Málskostnaður, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Mánudaginn 3. desembermánaðar.

Nr. 20/1894: Benedikt prestur Kristjánsson fyrir hönd Grenjaðarstaðarkirkju gegn eigendum Mýlaugsstaða.

Dómur:

Í landamerkjamáli þessu milli bændaeignarinnar Mýlaugsstaða og Grenjaðarstaðar kirkjujarðarinnar Syðra-Fjalls var dómur uppkveðinn í landamerkjadómi Þingeyjarsýslu 31. maí f. á. á þá leið, að merki milli jarðanna skuli vera: »Bein stefna úr króknum á Eyvindarlæk yfir Vaðhól, þar sem hann er hæstur, og í vörðu þá sem stendur austan í Mýlaugsstaðahálsi, og enn sömu línu allt vestur að Skriðulandamerkjum«. — Dagpeningar dómsmanna, samtals 93 kr., ásamt ferðakostnaði oddvita merkjadómsins eptir reikningi skyldi að hálfu greiðast af sóknaraðilum, eigendum Mýlaugsstaða, en að hálfu úr landssjóði, með tilliti til þess, að umráðamaður Syðra-Fjalls hafði fengið gjafsókn í málinu. Með því að merkjadómendurnir í þessum dómi sínum höfðu tekið til greina merkjakröfu eigenda Mýlaugsstaða, hefur sóknarpresturinn á Grenjaðarstað, sjera Benedikt Kristjánsson, sem umráðamaður Syðra-Fjalls áfrýjað dóminum til yfirrjettarins með stefnu, útgefinni 12. maí þ. á., og hefur hann fengið gjafsókn til þess og skipaðan málflutningsmann. Hefur málflutningsmaðurinn hjer fyrir rjettinum gjört þá kröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur og málinu heimvísað til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar, og að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða allan málskostnað fyrir undirrjetti og yfirdómi, eins og málið væri

ekki gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málflutningslaun til hans. Á hinn bóginn hafa hinir stefndu, eigendur Mýlaugsstaða, krafizt þess, að merkjadómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir yfirdómi með einhverri nægilegri upphæð.

Áfrýjandinn hefur haldið því fram að landamerkin milli jarðanna eigi að vera: »Frá Eyvindarlækjarvaði eptir garði þeim, er þaðan liggur til Kerlingarkíls, þaðan beina stefnu upp í keldu þá, sem liggur utanundir Mýlaugsstaðaborg, og úr keldunni beina stefnu upp fjallið í sunnanverðan enda miðhjallans upp á há-háls«. Jafnframt hefur hann tekið það fram, að merkjadómurinn muni hafa farið út fyrir landamerkjakröfur hinna stefndu, þar sem hann kveði svo á: »og enn sömu línu allt vestur að Skriðu-landamerkjum«. En þetta verður þó eigi álitið, þegar nákvæmlega er athuguð merkjalýsing þeirra (rskj. nr. 3 í merkjadómsgjörðunum), þótt hún sje lítið eitt öðru vísi orðuð en dómurinn sjálfur, sbr. orðin: »þaðan ræður bein stefna vestur í garðinn, sem áður er getið, o: garðinn mikla, sem greinir merki Skriðu-lands og Mýlaugsstaða«. Við málsmeðferðina í hjeraði hefur áfrýjandi sjerstaklega athugað, að það sjáist eigi af dómsskjölunum, að málsaðilar hafi verið við merkjagönguna eða gengið á merkin með dómsmönnum samkv. landamerkjalögum 17. marz 1882, 10. gr., og að afstöðuuppdráttur hafi eigi verið framlagður í merkjadóminum. Í þessu efni skal þess getið, *að* þar sem málsaðilar mættu við þau 2 rjettarhöld, sem framfóru sama daginn og merkjagangan, annað á undan henni og hitt á eptir henni, verður að ætla að þeir hafi verið við hana eða að minnsta kosti átt kost á að vera við

hana, þótt eigi sje neitt bókað skýlaust um það: og að eigi þykir þörf á afstöðuuppdrætti í málinu, með því að merkjakröfur aðilanna eru glöggar og auðskiljanlegar og ágreiningsefnið sjálft ljóst, þótt uppdráttur af þrætulandinu sje eigi með skjölum málsins.

Að því er aðalefni málsins, sjálfa merkjasetninguna snertir, verður að fallast á þá ályktun merkjadómsins að hvorugur málsaðila hafi sannað eignarrjett sinn að þrætulandinu, eða lögmæti sinnar merkjalýsingar. Sjerstaklega skal það athugað, að undirrjettarskjalið nr. 15, sem fram hefur verið lagt af hálfu áfrýjanda, og á að vera útdráttur úr lögfestu Jóns Benediktssonar frá 21. júní 1746 og Jóns Jónssonar frá 18. maí 1759, er allsendis ómerkt, enda er það óstaðfest, óundirskrifað og ódagsett. Þá er og eigi heldur útdrátturinn úr máldögum Múlakirkju (undirrjettarskjal nr. 29) sönnun fyrir rjetti áfrýjanda til þrætulandsins, því að þó að þar standi, að kirkjan eigi »Fjallsland með öllum Valahrísum«, þá er eigi sannað að Valahrísar nái yfir eða inn á þrætulandið, en því hafa hinir stefndu mótmælt. Hin mörgu vottorð ýmsra manna, er fram hafa verið lögð í málinu, um það hver landamerki vottorðsgefendurnir hefðu heyrt talin milli jarðanna eða hver þeir álitu þau vera, eru eigi styrkari á aðra hliðina en hina, svo að eigi verður dómur byggður á þeim, og að því er notkun þrætulandsins snertir, sanna þau ekki annað en það, að það hafi verið notað til beitar frá báðum jörðunum sameiginlega, og að einnig hafi verið heyjað í því frá báðum jörðunum, en þó sjer í lagi frá Syðra-Fjalli, en svo löguð afnot beggja jarðanna geta eigi haft áhrif á úrslit málsins.

Samkvæmt hinu framanritaða verður hinum áfrýj-

aða merkjadómi eigi hrundið fyrir þá skuld, að hann hefur ákveðið landamerkin eptir álitum með tilliti til afstöðu, landslags og staðhátta prætulandsins og aðliggjandi jarða, og með því að eigi er annars ástæða til að fella hann úr gildi, verður að staðfesta hann. Málskostnaður fyrir yfirrjetti þykir rjett að falli niður, og verða hinum skipaða málflutningsmanni áfrýjanda eigi dæmd málsfærslulaun eptir þessum úrslitum, en það vottast að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn þess fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 29/1894: Stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum gegn prófasti Zóphoníasi Halldórssyni og hreppsnefnd Hólahrepps.

Dómur:

Eptir að hafa fengið uppreisnarleyfi, gjafsókn og skipaðan málaflutningsmann hefur áfrýjandinn, stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum, skotið til yfirdómsins fógetarjettarúrskurði Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 17. jan. þ. á., og lögtaksgjörð, er sama dag var framkvæmd samkvæmt úrskurðinum fyrir presttíund og fátækratíund af Hólum fardagaárið 1892/93, og hefur áfrýjandinn krafizt þess, að lögtaksgjörðin (og úrskurðurinn) verði dæmd ómerk ex officio, eða til vara að hún verði felld úr gildi, og að hinir stefndu verði í báðum tilfellunum

skyldaðir til einn fyrir alla og allir fyrir einn að skila stefnandanum hinum lögteknu munum eða svara verði þeirra með 135 kr., svo og til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum með 150 kr., þar á meðal málflutningslaun til hins skipaða málsfærslumanns áfrýjanda við yfirdóminn. Hinir stefndu hafa eigi mætt nje látið mæta fyrir yfirdóminum.

Af hinum framlögðu skjölum sjest það, að presturinn í Viðvík, prófastur Zófónias Halldórsson hefur skriflega beiðzt lögtaks á preststíund af Hólum fyrir fardagaárið 1892/93, að upphæð 12 kr. 69 a., og að hreppsnefndin í Hólahreppi hefur með öðru skjali beiðzt lögtaks fyrir fátækratíund af Hólum, sem einnig taldist 12 kr. 69 a. fyrir fardagaárið 1892/93, en lögtaksbeiðnin sjálf snerti fleiri ára tíund. Þegar fjárnámið var framkvæmt mættu þessir lögtaksbeiðendur ekki, en vegna búnaðarskólastofnunarinnar mótmælti skólastjóri lögtakinu sem ólögmætu. Fógeti úrskurðaði þá um báðar kröfurnar sameiginlega, að lögtaksgjörðirnar skyldu framfara, og gjörði síðan fjárnám fyrir báðum tíundaruppháðunum í einu, þannig að hann tók lögtaki upp í báðar tíundarkröfurnar sameiginlega ýmsa muni, er alls voru virtir á 135 kr. Svo löguð fjárnámsaðferð er lögum gagnstæð, sbr. grundvallarregluna í kgsbrjefi 3. jan. 1755, sbr. einnig lög um lögtak og fjárnám 16. desbr. 1885, 7. gr., og verður ex officio að fella úr gildi hina áfrýjuðu lögtaksgjörð og undanfarandi fógetarjettarúrskurð. Með því að eigi verður sjeð að hinir lögteknu munir hafi verið seldir, og lögtaksgjörðin ber það með sjer, að reqvisitus hefur verið látinn hafa þá í sínum vörzlum, verður krafa áfrýjanda um endurgjald fyrir þá eða um dóm fyrir því, að þeim verði aptur skilað, eigi

tekin til greina. Hinum skipaða málflutningsmanni áfrýjanda ákveðast 15 kr. í málflutningslaun, sem greiðist honum af almannafje, en að öðru leyti er ekki tilefni til að taka málskostnaðarkröfu hans til greina. Það vottast að sókn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður og lögtaksgjörð eiga ómerk að vera. Málflutningsmanni sækjanda, yfirrjettarmálsfærslumanni Eggert Briem greiðist 15—fimmtán - krónur sem málfærslukaup af almannafje.

Mánudaginn 10. desembermánaðar.

Nr. 50/1894: Rjettvísin
gegn
Þorsteini Stefánssyni.

Dómur:

Með því að dómara þeim, sýslumanni Lárusi Bjarnason, sem hefur rannsakað sakamál þetta í hjeraði og gefið út stefnu í því til aukarjettarins, eigi hefur verið stefnt við áfrýjun þess til yfirrjettarins, verður ex officio að frá vísa sökinni:

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá rjettinum.

Mánudaginn 17. desembermánaðar.

Nr. 25/1894: Prófastur Halldór Bjarnarson fyrir hönd Presthólakirkju
gegn
Þórarni Benjamínssyni.

Dómur:

Mál þetta er risið út af skuld, sem Presthólakirkja telur til hjá Þórarni Benjamínssyni á Efrihólum, sem var umsjónar- og fjárheimtumaður nefndrar kirkju 1870–1875, og er af sækjanda talin kr. 212,18. Málið var dæmt í aukarjetti Þingeyjarsýslu 6. okt. 1893 með þeim úrslitum, að hinn stefndi var dæmdur til að greiða prófasti Halldóri Bjarnarsyni fyrir hönd Presthólakirkju kr. 7,03 með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, 9. júní 1893, þangað til greitt verður. Orðin: »sem refstrýnið vilji gægjast undan sauðargærunni« í varnarskjali 26. ágúst 1893, voru dæmd dauð og ómerk. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefur prófastur Halldór Bjarnarson fyrir hönd Presthólakirkju áfrýjað með stefnu 13. júní þ. á. að fenginni uppreist og gjafsókn til yfirdómsins og krafizt, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að stefndi Þórarinn Benjamínsson verði dæmdur til að greiða Presthólakirkju 212 kr. 18 aura með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til þess greitt er, og að hann verði skyldaður til að greiða allan málskostnað fyrir báðum rjettum sem málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns sækjanda. Hins vegar hefur hinn stefndi krafizt að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða í málskostnað fyrir

yfirdómi 100 kr., en til vara, að hann (stefndi) verði að eins dæmdur til að greiða 139 kr., og málskostnaður látinn falla niður.

Eins og að ofan er um getið var hinn stefndi, Þórarinn bóndi Benjamínsson á Efrihólum, umsjónar- og fjárheimtumaður Presthólakirkju árin 1870—1875. Gjörði hann árlega reikning fyrir tekjum og gjöldum kirkjunnar, er voru samþykktir af hlutaðeigandi prófasti. Samkvæmt þessum reikningum hans hafði kirkjunni græðst meðan hann hafði fjárhald hennar á hendi kr. 253,88 (90?) og telur áfrýjandi þetta fje hafa verið í vörzlum stefnda, er hann ljet af fjárhaldinu, þó að frádregnu andvirði 4 rúða, kr. 2,32; verða þá eptir kr. 251,56.

Upp í þetta er greitt:

1. Vinnulaun stefnda við papplagningu á kirkjuna 1878 . . . . . kr. 18,00
2. Greitt Halldóri prófasti Bjarnarsyni 1884 . . . . . — 24,00 42,00

verða eptir kr. 209,56

sem sækjandi telur stefnda skulda sjer (kirkjunni) í fardögum 1884.

Hefur biskup landsins 16. jan. 1891 úrskurðað, að stefndi skuldaði þá kirkjunni þessa upphæð (eða þó rjettara 209 kr. 58 a., en sáttakæran hljóðar upp á 209 kr. 56 a.). Þessum úrskurði biskups hefur stefndi sagt sig samþykkan 5. október 1891, og 10. marz 1892 hefur stefndi skýrt og skorinort með brjefi lýst því yfir, að hann þá skuldi Presthólakirkju 209 kr., og skuldbundið sig til að greiða þá upphæð fyrir árslok 1892.

Upp í þessar 209 kr. hefur stefndi 18. júlí 1892 greitt 70 kr., verða þá eptir 139 kr.

En auk umgetins fjár hefur áfrýjandi krafizt vaxta 4% af 259 kr. 56 a. frá 6. júní 1884 til 6. júní 1892 . . . . . kr. 67,04
og 4% af 139 kr. 56 a. frá 6. júní 1892 til 6. júní 1893 . . . . . — 5,58
Samtals: kr. 72,62

en þessi krafa áfrýjanda á ekki við lög að styðjast og verður því ekki til greina tekin.

Þótt nú stefndi þannig 5. okt. 1891 og 10. marz 1892 hafi kannazt við að skulda Presthólakirkju þá 209 kr., hefur hann samt í máli þessu haldið því fram, að hann 13. ágúst 1874 að eins hafi skuldað Presthólakirkju kr. 64,68, og byggir hann það á kirkjuvitjunargjörð Vigfúsar prófasts Sigurðssonar, sem hann hefur lagt fram staðfest eptirrit af, og segir meðal annars í henni, að stefndi skuldi kirkjunni rúma 30 rd. (eða 60 kr.), og geti því skuld hans 1875 með engu móti hafa numið meiru en 121 kr. 35 a., það er að segja ofannefndar 64 kr. 68 a. og 56 kr. 67 a., sem kirkjan hafði grætt 1874—75, og er frá þessu væri dregið það, er hann síðar lagði út eða greiddi, 2 kr. 32 a. + kr. 18 + kr. 24, + kr. 70 eða 114 kr. 32 a., yrði skuld sín að eins kr. 7,03, eða sú upphæð, er hann í hjeraði var dæmdur til að greiða.

En hvernig sem því nú víkur við, að hlutaðeigandi prófastur í kirkjuvitjunargjörð sinni 1874 telur stefnda skulda kirkjunni rúma 30 rd., þá verður ekkert í þessu máli á því byggt, því bæði er það, að ýms atvik hafa getað legið til þess, að prófastur hafði þessi ummæli, sem nú eptir svo langan tíma er ekki hægt að upplýsa, og heldur ekki getur þessi sögn prófasts, sem ekki er gefin í neinu yfirlýsingar- eða kvittunarskyni, haft neina

þýðingu í þessu máli gagnvart skilmálalausri viðurkenningu stefnda mörgum árum seinna, og það því síður sem brjef prófasts til hans 1. júní, 31. júlí og 19. sept. 1891 um þetta mál gáfu honum fyllsta tilefni til að rannsaka nákvæmlega, hve mikið hann skuldaði kirkjunni, og hann samt sem áður 10. marz 1892, gaf viðurkenningu fyrir, að hann þá skuldaði kirkjunni 209 kr. Með því viðurkenning hans 10. marz 1892 að eins hljóðar upp á kr. 209 — en ekki kr. 209,56, — og prófastur hefur tekið þessa viðurkenningu, að því upphæðina snertir, gilda, verður að ganga út frá því, að stefndi 10. marz 1892 hafi að eins skuldað kirkjunni 209 kr., og með því að hann seinna hefur greitt upp í þessa upphæð kr. 70, þá verður skuld sú, sem hann nú á að lúka kirkjunni kr. 139,00

Samkvæmt því sem að framan segir ber því stefnda að greiða Presthólakirkju kr. 139,00 ásamt 5% vöxtum frá 9. júní 1893 þangað til skuldin er greidd. Svo virðist og eptir þessum úrslitum málsins rjett, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi eins og málið hefði ekki verið gjafsóknarmál með 25 kr., þar með talin málflutningslaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda 15 kr., en að því málskostnað í hjeraði snertir á hjeraðsdómurinn að vera óraskaður.

Að því leyti málið hefur verið gjafsóknarmál vottast, að rekstur þess hefur verið vítalaus.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, Þórarinn Benjamínsson, á að greiða prófasti Halldóri Bjarnarsyni fyrir hönd Presthólakirkju 139 kr. og 5% vexti af þessari upphæð frá

9. júní 1893 til borgunardags; að öðru leyti skal hjeraðsdóminum óraskað. Stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað fyrir yfirdómi, eins og málið hefði eigi verið gjafsóknarmál, 25 kr., þar á meðal málflutningslaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda fyrir yfirdómi cand. juris Hannesar Thorsteinson 15 kr. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 26/1894: Eyjólfur Jónsson og 6 börn hans gegn skiptaráðandanum í fjelags og dánarbúi hans og Ingibjargar Þórarinsdóttur, sýslumanni Franz Siemsen, H. Linnet o. fl.

Dómur:

Með stefnu, dags. 26. júní þ. á., hefur Eyjólfur Jónsson í Katrínarkoti á Álptanesi og börn hans, Jón, Eyjólfur, Þórarinn, Bjarni, Katrín og Ingibjörg áfrýjað til yfirdómsins skiptum á fjelags- og dánarbúi nefnds Eyjólfs Jónssonar og látinnar konu hans, Ingibjargar Þórarinsdóttur, er leidd voru til lykta fyrir skiptarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 6. nóv. f. á., og jafnframt úrskurði, er kveðinn var upp í búi þessu 11. nóv. 1892. Hefur hvorum tveggju rjettargjörðum þessum verið áfrýjað áður til þessa rjettar með stefnu dags. 9. jan. þ. á., en málinu var þá vísað frá yfirdóminum með dómi uppkveðnum 28. maí þ. á.

Af hálfu áfrýjendanna hefur þess verið krafizt, *að*

hin áfrýjaða skiptagjörð verði úr gildi felld, *að* úrskurð urinn 11. nóv. 1892 verði úr gildi felldur og breytt þannig, að skiptaráðandi sje skyldur til að taka til greina kaupkröfu í búið af hendi ofanneíndra barna Eyjólfs Jónssonar samkvæmt samningi, dags. 20. marz 1889, sem hinn áfrýjaði úrskurður hljóðaði um, og *að* hinir stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða áfrýjendunum 50 kr. í málskostnað. Hinir stefndu hafa krafizt þess, *að* stefnunni verði frá vísað, að því er hinn áfrýjaða úrskurð 11. nóv. 1892 snertir, eða að hann verði staðfestur, *að* hin áfrýjuðu skipti verði staðfest og *að* áfrýjendurnir verði in solidum dæmdir til að greiða þeim hæfilegan málskostnað.

Samkvæmt skiptalögum 12. apríl 1878, 96. gr., skal áfrýja úrskurðum, er upp eru kveðnir meðan á skiptum stendur, innan 12 vikna frá því, er þeir eru kveðnir upp, og er engin heimild fyrir lengri áfrýjunarfresti, þó að úrskurðunum sje áfrýjað ásamt skiptagjörðinni sjálfri, sbr. einnig 39. gr. skiptalaganna. Að því ofangreindan úrskurð 11. nóv. 1892 snertir, var því áfrýjunarfrestur löngu liðinn, er honum var áfrýjað fyrra skiptið 9. jan. þ. á., og með því að uppreist hefur þó eigi verið fengin til að áfrýja honum, verður, eins og hinir stefndu hafa krafizt, að vísa stefnunni í máli þessu frá að því til hans kemur.

Það verður þannig eigi á annað að líta í máli þessu, eins og það liggur fyrir yfirdóminum, en skiptagjörðina 6. nóv. f. á. sjálfa, en yfir henni hafa áfrýjendur eigi annað að kæra en það, að í henni sje lagður til grundvallar fyrir skiptalokunum optnefndur úrskurður 11. nóv. 1892, er neitaði að taka til greina fyrnefnda kaup- eða samningskröfu barna Eyjólfs Jóns-

sonar, en þar sem eigi verður haggað við úrskurði þessum í þessu máli, eins og áður er tekið fram, hlýtur niðurstaðan að verða sú, að skiptagjörðina 6. nóv. f. á. ber að staðfesta að öllu leyti. Eptir atvikum virðist málskostnaður mega falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða skiptagjörð 6. nóv. 1893 á óröskuð að vera. Málskostnaður fellur niður.

Nr. 39/1894: Olafur Halldórsson og Páll Hafliðason gegn Einari Magnússyni.

Dómur:

Hinn 18. dag maímánaðar 1894 fór Ásmundur Sveinsson í umboði Páls Hafliðasonar þess á leit við sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu sem fógeta, að hann bæri stefnda Einar Magnússon út af ábýlisjörð sinni, en eignarjörð Páls Hafliðasonar Skrauthólum. Með úrskurði 13. júní 1894 neitaði fógetinn að framkvæma umbeðna útburðargjörð. Hefur nú Ásmundur Sveinsson fyrir hönd Olafs Halldórssonar og Páls Hafliðasonar áfrýjað þessum úrskurði til landsyfirdómsins, og hefur hann mætt hjer við rjettinn við fyrstu fyrirtekt sakarinnar, án þess að hafa fengið löggildingu til þess samkvæmt fyrirmælum í 22. gr. tilsk. 11. júlí 1800. Það verður því að frávísa málinu, eins og stefndi einnig hefur krafizt, þótt sækjandi Páll Hafliðason hafi mætt sjálfur í rjettinum við seinni fyrirtekt þess. Eptir þess-

um úrslitum verða Páll Hafliðason og Olafur Halldórsson að greiða stefnda samkvæmt kröfu hans kost og tæring, er skal ákveðið 12 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Páll Hafliðason frá Skrauthólum og Ólafur Halldórsson á Tindstöðum greiði stefnda, Einari Magnússyni, í kost og tæring 12 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Hæstarjettardómar hæstarjettar-árið 1894-95.

Miðvikudaginn 28 nóvember 1894.

Nr. 141. Hindenburg málaflutningsmaður
gegn
Þiðriki Þorsteinssyni og Guðrúnu Sigurðardóttur (verjandi Jensen),

sem ákærð eru fyrir sifjaspell og Guðrún auk þess einnig fyrir ranga barnsfaðernislýsingu.

Aukarjettardómur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 25. marz 1893:

Hin ákærðu Þiðrik Þorsteinsson og Guðrún Sigurðardóttir eiga að sæta, hann betrunarhúsvinnu í 2 ár, en hún fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði. Allan af málinu löglega leiðandi kostnað greiði hinn ákærði, þannig að hin meðákærða greiði in solidum með honum helminginn, þó á hvort um sig að greiða málsvarnarlaun sínum talsmanni, þeim Jóhanni presti Þorseinssyni og præp. hon. Magnúsi Andrjessyni, 6 kr. hvorum. — Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirrjettar 10. júlí 1893:

Hinn ákærði Þiðrik Þorsteinsson á að vera sýkn í þessu máli að því til hegningar kemur. Að öðru leyti

á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði hin ákærðu, Þiðrik Þorsteinsson og Guðrún Sigurðardóttir, eitt fyrir bæði og bæði fyrir eitt, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra. — Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Með tilliti til þess er hin ákærðu hafa skýrt frá í aukarjettinum hinn 21. febrúar og 8. marz 1893 viðvíkjandi því, að byrjað hafi verið ásta- eða trúlofunarsamband milli þeirra þegar áður en ákærði Þiðrik giptist móður Guðrúnar, verður að leita nánari upplýsinga um það, hvort samræði hafi átt sjer stað milli hinna ákærðu áður en þessi gipting fór fram. Um giptinguna ber auk þess að útvega giptingarvottorð, svo og skírnarvottorð fyrir 3 börn Guðrúnar, þau er ræðir um í málinu.

Því dæmist rjett að vera:

Þessu máli ber að stefna af nýju fyrir hæstarjett, þá er útvegaðar hafa verið nægar upplýsingar í framangreindum atriðum.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í þessu bindi Dómasafnsins á bls. 368—371.

Föstudaginn 4. janúar 1895.

Nr. 59. E. Egilsson (Hansen)
gegn
Jóni J. Breiðfjörð (Enginn).

Gestarjettardómur Reykjavíkurkaupstaðar 20. desember 1892:

Stefndi E. Egilsson greiði stefnanda Jóni Breiðfjörð hreppstjóra 410 kr. 70 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 20 kr. í málskostnað. — Dóminum að fullnægja innan 3. sólarhringa frá löglegri birtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirrjettar 5. júlí 1893:

Áfrýjandi E. Egilsson á að greiða stefnda Jóni Breiðfjörð 410 kr. 70 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður. — Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Með því að gestarjettarmáli þessu, sem dæmt hefur verið í hinum íslenzka yfirdómi, hefur með stefnu 12. júlí 1893 verið skotið til hæstarjettar til að fyrirtakast, eins og það er í stefnunni orðað, »í hæstarjetti þeim er haldinn verður fyrir yfirstandandi ár«, eða, með öðrum orðum, á hæstarjettarárinu 1893, en slíkt var eigi auðið að gjöra svo gilt væri, þar sem stefndi, sem á heima á Íslandi, hlaut, samkvæmt ákvæðinu um áfrýjun íslenzkra mála til hæstarjettar í tilskipun 3. júní 1796, 16. gr. 1. málslið, sbr. 10. gr. í lögum 11. apríl 1890, um breyting á nokkrum frestákvæðum í málaferlum m. m., að eiga heimting á 1 árs fyrirvara eptir Laganna 1—4—12, og með því að ennfremur eigi var

liðið 1 ár frábirtingu stefnunnar fyrir stefnda hinn 28. nóvember 1893, þá er málið samkvæmt tilkynning áfrýjanda um lok fyrirvarans til stefnda var tekið fyrir í hæstarjetti, en stefndi mætti þar eigi, þá ber ex officio að vísa stefnunni frá.

Því dæmist rjett að vera:

Hæstarjettarstefnunni vísast frá rjetti.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í þessu bindi Dómasafnsins á bls. 354—356.

Föstudaginn 15. febrúar 1895.

Nr. 240 Hæstarjettarmálaflutningsmaður Lunn
gegn
Skúla Thoroddsen (verjandi; Rée, ráðinn af ákærða sjálfum),

sem ákærður er fyrir brot gegn 124., 125., 127., 132., 135., 142. og 144. gr. almennra hegningarlaga fyrir Ísland.

Dómur aukarjettar Ísafjarðarkaupstaðar 10. júlí 1893:

Ákærði Skúli Thoroddsen, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti í Ísafjarðarkaupstað skal missa embætti sitt. Svo greiði hann og allan af rannsókninni og málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað. Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hins íslenska landsyfirrjettar 18. desember 1893:

Hinn ákærði sýslumaður og bæjarfógeti Skúli Thoroddsen greiði 600 kr. sekt í landssjóð eða sæti einföldu

fangelsi í 60 daga, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð. Svo greiði hann og allan af máli þessu bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi löglega leiddan og leiðandi kostnað, þarmeð talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda fyrir yfirdóminum cand. jur. Hannesar, Thorsteinson 40 krónur og til hinna skipuðu verjenda hans þar, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Páls Einarssonar, og Eggerts Briem, respective 30 og 10 krónur. — Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Með því að leggja verður framburð ákærða að öllu verulegu til grundvallar fyrir dómi í málinu, eptir því, hvernig prófin hafa verið tekin og einkum vitnin hafa verið yfirheyrð, er eigi nægileg ástæða til að hafna því, sem hann ber fyrir sig um, að skilyrðin fyrir að beita konungsbrjefi 23. okt. 1795 í því tilfelli, er ræðir um í kaflanum I í dómnum hafi verið fyrir hendi, en það er aðfinnsluvert, að slíkt sjest ekki á því sem bókað hefir verið. En til þess að dæma ákærða til hegningar fyrir þá vanrækslu samkvæmt 144. gr. hinna íslenzku hegningarlaga finnst eptir atvikum ekki vera nægilega ástæða. Þar sem ákærði er ennfremur með dóminum sakfelldur samkvæmt tjeðri grein fyrir nokkrar vanrækslur, sem um ræðir í köflunum IV, V og VII, þá álítast heldur eigi skilyrðin fyrir hegningardómi eptir tjeðri grein vera fyrir hendi að því er þessar vanrækslur snertir. — Fyrir því og með skírskotun til ástæðna þeirra, er til færðar eru í dómnum í málinu að öðru leyti og ekkert verulegt er að athuga við, ber að öllu

leyti að sýkna ákærða, þó svo, að hann sje skyldaður til að greiða 1/8 hluta af sakarkostnaðinum.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði sýslumaður og bæjarfógeti Skúli Thoroddsen á að vera sýkn af ákæru sóknarans í máli þessu. Sakarkostnaðurinn, þar með talin málfærslulaun þau, sem ákveðin eru í landsyfirrjettardóminum, og málfærslulaun til Lunns hæstarjettarmálfærslumanns fyrir hæstarjetti 200 kr., greiðist af ákærða að einum áttunda hluta og að sjö áttundu hlutum af almannafje.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í þessu bindi Dómasafnsins á bls. 432—454.

Lbs - Hbs / Benediktssafn
100728285-4 4.